

Vefrit
fjármálaráðuneytisins
2001–2009

I

Ábm:

Baldur Guðlaugsson, 22. mars 2001 – 5. febrúar 2009
Indriði H. Þorláksson, 12 febrúar 2009 – 11. júní 2009
Guðmundur Árnason, 18. júní 2009 – 3. september 2009

Umsjón:

Bolli Þór Bollason, 22. mars 2001 – 28. október 2004
Sigurður Guðmundsson, 4. nóvember 2004 – 3. mars 2005
Þorsteinn Þorgeirsson, 10. mars 2005 – 3. september 2009

Fjármálaráðuneytið
október 2009

Höfundar efnis árin 2001-2004 eru m.a.:

Andri Ottesen
Angantýr Einarsson
Arna Sigurðardóttir
Arnar Þór Másson
Ásta Björk Sigurðardóttir
Baldur Guðlaugsson
Benedikt Valsson
Bergþóra Bergsdóttir
Björn Matthíasson
Björn Rúnar Guðmundsson
Bolli Þór Bollson
Dóróthea Jóhannsdóttir
Elva Ósk Wíium
Erna Hjaltsted
Eyþór Benediktsson
Fjóla Agnarsdóttir
Guðmundur Guðmundsson
Guðmundur Ólafsson
Guðmundur Thorlasius
Guðrún Ögmundsdóttir
Gunnar Björnsson
Hafsteinn Hafsteinsson
Hallgrímur Guðmundsson
Haraldur Sverrisson
Helga Jónsdóttir
Hlín Magnúsdóttir
Hrönn Pálsdóttir

Ingibjörg Sverrisdóttir
Ingimar Bjarnason
Ingvi Már Pálsson
Jóhann Gunnarsson
Jón Guðmundsson
Jón Magnússon
Jón Örn Brynjarsson
Jóna Björg Guðnadóttir
Kjartan Bendtsen
Kristrún Þóra Hallgrímsdóttir
Leifur Eysteinnsson
Lilja Sturludóttir
María S. Tómasdóttir
Maríanna Jónasdóttir
Nökkvi Bragason
Ólafur Ágústsson
Ólafur Hjálmarsson
Ólafur Páll Gunnarsson
Ragnheiður Snorradóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Sólveig Jóhannsdóttir
Stefán Jón Friðriksson
Telma Halldórsdóttir
Tómas Möller
Þórhallur Vilhjálmsson

Efnisyfirlit

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
22.03.01	Útgáfa vefrits Afkoma ríkissjóðs jan.-febr.01 Áfram hægir á innlendri eftirspurn Staða lífeyrismála í Evrópu	13
29.03.01	Verðbólguþróun - Stefnan í ríkisfjármálum Kjarnaverðbólga	14
05.04.01	Ný útgáfa ríkissjóðs á evrumarkaði Er efnahagsstefnan nógu aðalhaldssöm	15
10.04.01	Almennur innflutningur dregst saman að raungildi Skattbyrði í alþjóðlegu samhengi Skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál	16
18.04.01	Veðlagsþróun einstakra þátta Verulega dregur úr innflutningi bifreiða	17
26.04.01	Er að draga úr spennu á vinnumarkaði Ný skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið Hagstæð skuldastaða ríkissjóðs	18
03.05.01	Afkoma ríkissjóðs jan.mars 01 Mat erlendra aðila á íslenskum efnahagsmálum Færsla bókhalds og samning ársreiknings í erlendri mynt	19
10.05.01	Innflutningur í apríl dregst verulega saman Ný spá OECD birt í dag Krafa fjármálaráðuneytis vegna þjóðlendna Staða og horfur í gengismálum	20
17.05.01	Opnun vefsíðunnar bods.is Hlutdeild ríkisins í bensínverði minnkar Fyrirtækjaskattar á Írlandi Hækkun neysluverðsvísitölu í maí	21
23.05.01	Staðan í samningamálum við ríkisstafsmenn Skadleg skattasamkeppni - Staðan hjá OECD Afkoma ríkissjóðs jan.-apr.01	22
31.05.01	Heildarlög um opinber innkaup samþykkt á Alþingi Aðalmiðlarakerfi ríkisvixla Viðskiptavakt með ríkisverðbréf Próun innlestrar eftirspurnar Hvar er nýja hagkerfið	23
07.06.01	Árangurstengd fjárlagagerð Gerð tvísköttunarsamninga Efnahagsleg áhrif tillagna Hafrannsóknastofnunar Áframhaldandi samdráttur innflutnings í maí	24
14.06.01	Langtímahorfur í finnskum efnahagsmálum Tekjur ríkisins af ökutækjum og eldsneyti minnka Tillaga ESB um starfstengda lífeyrissjóði	25
21.06.01	Hækkun neysluverðsvísitölu í júní Ný þjóðhagsspá	26
28.06.01	Greiðsluafkoma ríkissjóðs Verðbólguþróun og skattalækkanir Verðbólguþróun Þjónustugjöld	27
26.07.01	Greiðsluafkoma ríkissjóðs til júníloka Kynslóðareikningar fyrir Ísland	28
02.08.01	Vöruskiptahallinn minnkar ört	29
09.08.01	Eignir og skuldir einstaklinga Fjármagnstekjur	30

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
16.08.01	Aukið jafnvægi í þjóðarbúskapnum Fjárlagaferlið í Hollandi Er verðbólgan á uppleið eða niðurleið Undirbúningur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002 Skipting tekna eftir skattumdæmum	31
23.08.01	Skipan opinberra framkvæmda Þróun ríkisfjármála að undanfögnu Endurskoðun á starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins Rannsókn ESB á skaðlegum skattareglum	32
30.08.01	Er vaxtalækkun tímabær Staðan í gerð tvísköttunarsamninga Námstyrkur fjármálaráðuneytisins	33
06.09.01	Er efnahagslífið enn í uppsveiflu Niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 2000 Bindandi álit varðandi túlkun tvísköttunarsamninga	34
13.09.01	Hagkerfið heldur áfram að kólna Launaþróun ríkisins og almenna markaðarins Árangursstjórnun í ríkisrekstri	35
20.09.01	Er botni hagsveiflunnar náð Greiðsluafkoma ríkissjóðs Efnahagsleg áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum	36
27.09.01	Eru efnahagsleg rök fyrir skattalækkunum Reglugerð um skipan opinberra framkvæmda	37
04.10.01	Víðtækar umbætur í skattamálum Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarps 2002	38
11.10.01	Gagnrýni ASÍ á fyrirhugaðar skattabreytingar Hafa skattar verið að hækka undanfarin ár Verkefnavísar	39
18.10.01	Óvissuþættir í efnahagsspám Flugvallaskattar á evrópska efnahagssvæðinu Stjórnsýslusamstarf Norðurlandanna	40
25.10.01	Athugasemdir við skýrslu Standard&Poor's Afkoma ríkissjóðs til septemberloka Ríkissjóður framlengir váttryggingarvernd	41
01.11.01	Staða Íslands utan Efnahags- og Myntbandalags Evrópu Ört minnkandi vöruskiptahalli Fríverslunarsamningur við Mexíkó	42
08.11.01	Er Keynes gamli kominn á kreik á ný Reiknilíkan fyrir háskóla Ný samningur ríkissjóðs um útgáfu víxla á Bandaríkjamarkaði	43
15.11.01	Vaxtalækkun Sedlabankans Skaðleg skattasamkeppni - staðan hjá OECD Verðbólguþáttur og væntingar Námstyrkur fjármálaráðuneytisins	44
22.11.01	Athugasemdir við nýja spá OECD um Ísland Hafa ríkisútgjöld verið að vaxa undanfarin ár Endurskoðun tollalaga	45
29.11.01	Eru skattkerfisbreytingarnar þensluhvetjandi Skýrsla um þróun lífeyrismála Tvísköttunarsamningur við Möltu	46
06.12.01	Efnahagsforsendur fjárlaga 2002 Færsla bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli	47
13.12.01	Bjartari horfur í efnahagsmálum Fjárlög samþykkt á Alþingi Verðbólguleiðréttingar í reikningsskilum	48

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
20.12.01	Verðlagshorfur á næstu mánuðum Afkoma ríkissjóðs til nóvemberloka Samkomulag um verkaskiptingu vegna lífeyrismála	49
10.01.02	Bjartari horfur í efnahagsmálum og minni viðskiptahalli Aukin fylgni hagsveiflna á alþjóðavettvangi Formennska Íslands innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	50
17.01.02	Er aðhald í ríkisfjármálum of lítið Verðlagsþróun og gjaldskrárhækkanir ríkisins	51
24.01.02	Samhengi verðlags, launa og gengis Staðan í tvísköttunarmálum	52
31.01.02	Verðlagsáhrif gjaldskrárhækkana ríkisins Er launaþróun ríkisins ógnun við stöðugleikann Stuðlar alþjóðavæðing að aukinni fátækt	53
07.02.02	Um efnahagsgreiningu Seðlabankans Eru ríkisstofnanir of litlar og vanmáttugar?	54
14.02.02	Heldur rauða strikið í maí Afkoma ríkissjóðs 2001 Vátryggingarvernd veitt til marsloka Tvísköttunarsamningur við Grænland	55
21.02.02	Áframhaldandi samdráttur þjóðarútgjalda Kynslóðareikningar Hagfræðistofnunar fyrir árið 1999 Sameining verkefna ríkisbókhalds og ríkisfjárhirslu	56
28.02.02	Vöruskiptahallinn minnkar enn Lausn frá embætti um stundarsakir Ríkisstofnun til fyrirmyndar 2002	57
07.03.02	Áframhaldandi samdráttur í innflutningi Árangurstenging fjárveitinga	58
14.03.02	Áhrif virkjunar- og álversframkvæmda Eignarhlutur ríkissjóðs í ýmsum félögum	59
21.03.02	Ný þjóðhagsspá Greiðsluafkoma ríkissjóðs Eru ríkisstofnanir of litlar og vanmáttugar?	60
04.04.02	Álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins Skattlagning fyrirtækja í ESB	61
11.04.02	Um "pólítískar" efnahagsspár o.fl. Verkefni ríkisins og uppbygging stofnana Ný lög bókfærslu og ársreikninga í erlendu gjaldmiðli Vátryggingarvernd flugfélaga enn fyrirmynd	62
18.04.02	Skýrsla OECD um skattbyrði heimilanna Lánshæfiseinkunn óbreytt Ráðherrafundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	63
24.04.02	Greiðsluafkoma ríkissjóðs Ný spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins Viðræður um gerð tvísköttunarsamnings við Grikkland	64
02.005.02	Jákvæð staða efnahagsmála Frumvarp um olfugjald og kílómetragjald Málstofa ESB um lífeyrismál	65
08.05.02	Breytt verkaskipting efnahagsstofnana Reglur EES um ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarvinnu 32 félög óska heimildar til bókhalds í erlendri mynt	66
16.05.02	Fjársýsla ríkisins Innri markaður án skattalegra hindrana Upptaka IAS reikningsskilastaðla innan ESB	67
23.05.02	Aukið jafnvægi í efnahagsmálum Minnkandi samdráttur í efnahagslífinu	68

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
30.05.02	Gerð tvísköttunarsamnings við Suður-Kóreu Vátryggingarvernd flugfélaga framlengd til júniflota Kaupmáttur bóta almannatrygginga	69
06.06.02	Umfang kjarasamninga ríkisins Er botni hagsveiflunnar náð?	70
13.06.02	Skaðleg skattasamkeppni - staðan hjá OECD Samstarf Norðurlanda á sviði umhverfismála	71
20.06.02	Framtíð íslenskra velferðakerfisins Er ástæða til að auka eftirlit með fjármálum fyrirtækja	72
27.06.02	Greiðsluafkoma ríkissjóðs Skilvirkari ríkisrekstur	73
01.08.02	Er samdráttarskeiðinu að ljúka Breytt verkaskipting á sviði efnahagsmála	74
08.08.02	Staða efnahagsmála á miðju ári Álagning skatta 2002	75
15.08.02	Hefur skattbyrði einstaklinga verið að þyngjast? Ástandið á vinnumarkaði	76
22.08.02	Tekjuskattar einstaklinga Ríkissjóður hættir flugvélatryggingum Leiðrétting	77
29.08.02	Þróun skatttekna ríkissjóðs o.fl. Útflutningur í nýjum iðngreinum vex ört Greiðsluafkoma ríkissjóðs	78
05.09.02	Verðlagsþróun og verðlagsspár Atvinnuleysi eftir landshlutum o.fl. Opinber framlög til heilbrigðismála hæst á Íslandi Staða og horfur í efnahagsmálum	79
12.09.02	Innflutningur bíla Af vettvangi tvísköttunarmála Fyrirvarar við gerð og endurskoðun kjarasamninga opinberra starfsmanna	80
19.09.02	Endurnýjunarþörf bílaflotans Ólögmat innkaup opinberra aðila Greiðsluafkoma ríkissjóðs	81
26.09.02	Úttekt á kaupréttarsamningum í ESB og USA Ný þjóðhagsspá	82
03.10.02	Um mælikvarða á opinberum heilbrigðisútgjöldum Ríkisreikningur 2001 Fyrirtækjaskattar innan ESB	83
10.10.02	Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins Helstu óvissuþættir þjóðhagsspár Hægfara aukning innflutnings	84
17.10.02	Þjóðhagsspá næstu ára Af dómum EB dómstólsins - Opinber innkaup og jafnræðisreglan	85
24.10.02	Heildarskattgreiðslur í OECD löndunum Opinberar skuldir í alþjóðlegum samanburði Greiðsluafkoma ríkissjóðs	86
31.10.02	Brottflytningur íslenskra ríkisborgara er að aukast Nýja hagkerfið og Norðurlöndin	87
07.11.02	Skattlagning fyrirtækja Könnun á afkomu fyrirtækja o.fl.	88
14.11.02	Innflutningur Þjóðhagsspár	89
21.11.02	Hlutabréfaafsláttur ekki framlengdur Aukið verðmæti fiskafla Greiðsluafkoma ríkissjóðs	90


Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
28.11.02	Skattlagning áfengis innan ESB Ný spá OECD um Ísland Endurskoðun þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins Reglugerðir Evrópusambandsins um ríkisaðstoð Kynslóðareikningar	91
05.12.02	Innflutningur í nóvember Fjárlög fyrir árið 2003 Verðbólga og skuldir heimilanna Stiglækkandi fyrningar	92
12.12.02	Áherslumunur í þjóðhagsspám Afgangur á viðskiptajöfnuði 2002 Milliverðlagning	93
19.12.02	Greiðsluafkoma ríkissjóðs til nóvemberloka Hlutur kvenna á vinnumarkaði fer vaxandi Verðlagning upplýsinga	94
02.01.03	Verðbólga á Íslandi undir meðaltali EES Samþykkt lagafrumvörp fjármálaráðherra Heildarendurskoðun tollalaga Útgjöld til rannsókna fara vaxandi	95
09.01.03	Þjóðhagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda	96
16.01.03	Heildarinnflutningur árið 2002 Bókhald og ársreikningar í erlendum gjaldmiðli Útgjöld ríkissjóðs til vegagerðar	97
23.01.03	Norrænn starfshópur um samþættingu fjárlaga og jafnréttis Enn um efnahagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda Framreikningur vinnuafls	98
30.01.03	Skaðleg skattasamkeppni - staðan hjá OECD Útflutningsverðmæti sjávarafurða eykst Rafræn skilríki	99
06.02.03	Skýrsla norrænu efnahagsnefndarinnar Afkoma ríkissjóðs árið 2002 Innflutningur í janúar 2003	100
13.02.03	Íbúðapróun 2002 Ísland framarlega í þekkingarstjórnun Aðild Íslands að fríværslunarsamningum	101
20.02.03	Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2003 Framtíð norræna velferðakerfisins	102
27.02.03	Er byggðapróunin að komast í jafnvægi Af vettvangi tvísköttunarmála Ungverjaland S-K og Austurríki	103
06.03.03	Innflutningur í febrúar 2003 Almennar efnahagshorfur	104
13.03.03	Afnám verðbólgaureikningsskila - reikningsskil ríkissjóðs Aukin útgjöld til menntamála Könnun á stöðu og framtíðarhorfum fyrirtækja	105
20.03.03	Endurútgáfa tekju- og eignarskattslaga Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febr. 2003 Könnun á stöðu og framtíðarhorfum fyrirtækja Landsframleiðslan 2002	106
27.03.03	Persónuafsláttur og skattleysismörk Notkun hagrænna stjórnækja í umhverfismálum CFC- reglur	107
03.04.03	Vöruinnflutningur í mars Skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál	108
10.04.03	Gerð tvísköttunarsamnings við Suður-Kóreu Ný spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	109

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
16.04.03	Um kosti og galla fjölþrepatækjuskatts Efnahagshorfur fram til 2010	110
23.04.03	Gerð tvísköttunarsamninga á undanförunum árum Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2003	111
30.04.03	Skatthlutföll í felum? Ástæður mismunandi hagvaxtar í OECD-ríkjunum	112
08.05.03	Konum í stjórnunarstöðum fjölgar hjá ríkinu Innkaupastefna fjármálaráðuneytisins og stofnana þess	113
15.05.03	Innflutningur í apríl Milliverðlagning Endurskoðun skatta á orku innan ESB	114
22.05.03	Atvinnuleysi er farið að minnka Endurútgáfa laga um tekjuskatt og eignarskatt Námsviðurkenning fjármálaráðuneytisins	115
28.05.03	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apr. 2003 Skattlagning rafrænna viðskipta	116
05.06.03	Búferlaflutningar milli landa í jafnvægi Spá um afkomu sjávarútvegs 2003 Ríkisfang og réttindi í lífeyrissjóðum	117
12.06.03	Innflutningur í maí Reglur um reikningsskil Heimsókn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	118
19.06.03	Efnahagsleg áhrif tillagna Hafrannsóknastofnunar Hvaða þættir skýra afkomu opinberra aðila Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan.-maí 2003	119
26.06.03	Afkoma fyrirtækja á fyrsta ársfjórðungi Ástand á vinnumarkaði OECD dregur lærdóm af nýskipan í ríkisrekstri	120
07.08.03	Reglur í ríkisfjármálum Skattbyrði og tekjuþróun	121
14.08.03	Skattlagning arðs á Norðurlöndunum Tekjubil kynjanna minnkar en bilið milli landshluta stendur í stað	122
21.08.03	Mikill innflutningur í júlí Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí	123
28.08.03	Ríkisreikningur 2002 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga í húsnæðismálum	124
04.09.03	Einöldun opinbers eftirlits í OECD ríkjunum Skattlagning arðs á Norðurlöndum	125
11.09.03	Áætlaður vöruinnflutningur í ágúst Skýrsla IMF um íslensk efnahagsmál er komin út Hversu margir borga skattana	126
18.09.03	Af vettvangi tvísköttunarmála Reglugerðir um opinber innkaup Ný spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	127
25.09.03	Uptaka olíugjalds Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan.-ág. Stefnumótandi dómur á sviði ríkisaðstoðar	128
09.10.03	Fjárlagafrumvarp 2004 og haustskýrsla 2003 Áætlun um innflutning í september Fiskafli til septemberloka	129
16.10.03	Ný Gallup-könnun um væntingar stjórnenda fyrirtækja Er nægilegt aðhald í ríkisfjármálum Flugvallagjöld fyrir EFTA-dómstólnum Bjartari horfur á vinnumarkaði Breytt framsetning helstu hagtalna	130

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
23.10.03	Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan.-sept. 2003 Nokkrar staðreyndir um útgjaldaþróun ríkisins	131
30.10.03	Skatttekjur í OECD-ríkjunum Áform og væntingar stjórnenda íslenskra fyrirtækja Viðbótarlífeyrissparnaður	132
06.11.03	Launaþróun á almennum markaði Innflutningur í október 2003	133
13.11.03	Námsviðurkenning fjármálaráðuneytisins Aukið svigrúm við stjórnun ríkisstofnana Launaþróun undanfarin ár	134
20.11.03	Verðlagspróun í takt við spár en húsnæðisverð lækkar Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan.-okt.2003 Launaþróun hjá ríki og sveitarf.	135
27.11.03	Langtímaatvinnulausum fækkar Rammafjárlagagerð og Ríkisendurskoðun Ný efnahagsspá OECD Ný spá OECD fyrir Ísland	136
04.12.03	Skattskylda kaupréttar Innflutningur í nóv. og vöruskiptajöfnuðurinn Horfur um afkomu sjávarútvegs 2003 og 2004 Hert eftirlit með vöruflutningum til og frá ESB	137
11.12.03	Sjómannaafláttur felldur niður í áföngum Hræringar á vinnumarkaði Framfarir við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi Aukin tekjuafgangur ríkissjóðs 2004	138
18.12.03	Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan.-nóv. 2003 Nýjar aflatölur og þróun fiskverðs	139
08.01.04	Stofnanasamningar Samþykkt lög á haustþingi Alþingis 2003 Af vettvangi tvísköttunarmála	140
15.01.04	Fjármálaráðuneytið flytur alla starfsemi sína í Arnarhvol Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins Birting nýs efnis á vefsíðu ráðuneytisins	141
22.01.04	Bifreiðahlunnindi Fjölگون opinberra starfsmanna Afnám skilyrðis um starfsstöð fjárvörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar Ástandið á vinnumarkaði er ennþá óljóst	142
29.01.04	Samanburður þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins Hvaða þættir hafa áhrif á sparnað heimilanna Útflutningsverðmæti sjávarafurða	143
05.02.04	Greiðsluafkoma ríkissjóðs 2003 Greiðsluafkoma ríkissjóðs 2003 Innflutningur í janúar 2004	144
12.02.04	Aðild Eystrasaltsríkjanna að NIB Skattaleg staða launþega erlendra starfsmannaleiga Tvenns konar mælingar á atvinnuleysi Áætlun um framboð vinnuafis 2004	145
19.02.04	Flutningur milli landa í jafnvægi Atvinnuleysi heldur minna en fyrir ári Fyrirtækjaskattar innan ESB - skattasamkeppni og innri markaðurinn	146
26.02.04	Þjóðlendukröfur ríkisins Nýtt fjárhagskerfi ríkissjóðs Um sameiningu sveitarfélaga	147
04.03.04	Málþing um mannauð innflytjenda Innflutningur í febrúar 2004	148

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
11.03.04	Mælikvarðar á vinnumarkaði Áhrif kjarasamninga á þjóðhagsspá FJR	149
18.03.04	Afkoma hins opinbera í ríkjum OECD Velta atvinnugreina Hvert stefnir fasteignamarkaðurinn Fækkun tollumdæma	150
25.03.04	Samanburður á þjóðhagsspám	151
01.04.04	Skaðlegar skattareglur - skýrsla OECD Ný Gallupkönnun um væntingar fyrirtækja Tilraunaverkefni um rafræn skilríki Sjávarútvegur	152
07.04.04	Innflutningur í mars 2004 Könnun á stöðu og framtíðahorfum fyrirtækja Mismunandi aldursamsetning	153
15.04.04	Reglur um ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna Fyrirtæki hyggjast auka fjárfestingu Jákvæðar breytingar á íbúáþróun	154
21.04.04	Íslendingar eru vinnusöm þjóð Árangursmiðuð fjárlagagerð Handbók um árangursstjórnun	155
29.04.04	Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2004 Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla Ný hagvaxtaspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	156
06.05.04	Helstu niðurstöður nýrrar þjóðhagsspár Innflutningur í apríl Frumvarp til nýrra tollalaga	157
13.05.04	Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins Neysluverðsvisitala í maí hækkar umfram spár Gerð tvísköttunarsamnings við Austurríki	158
19.05.04	Horfur um afkomu sjávarútvegs Samanburður á hagvexti á Íslandi og öðrum OECD ríkjum Góðar hagvaxtarhorfur á Norðurlöndunum	159
27.05.04	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til mars 2004 Ríkiskassinn.is Skattskylda orkufyrirtækja Kaupmáttur launa gæti rýrnað	160
03.06.04	Innflutningur í maí Lög um oliugjald og kílómetragjald o.fl. Þjóðhagslegt mat á rafskautaverksmiðju á Katanesi	161
10.06.04	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til apríl 2004 Verðlagshækkunar umfram spár Ábendingar vegna frumvarpa til kynningar Efnahagsleg áhrif tillagna Hafró	162
16.06.04	Hagvöxtur á 1. ársfjórðungi í takt við spá ráðuneytisins Staðan í kjaraviðræðum ríkisins	163
24.06.04	Samþykkt lög á vorþingi 2004 Verðhækkunar á húsnæði og olíu valda víða verðbólgu Greinargerð um oliumarkaðinn	164
05.08.04	Afkoma ríkissjóðs janúar -maí 2004 Fjármagnstekjur vaxa hratt Innflutningur í júlí 2004	165
12.08.04	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til júní 2004	166
19.08.04	Um samræmingu skattlagningar launa og fjármagns Mismunandi hagvaxtarþróun í Evrópu og Bandar. Tekjumunur milli landshluta hefur fest sig í sessi	167

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
26.08.04	Áhrif lækkunar tekjuskattshlutfalls fyrirtækja	168
02.09.04	Störfum getur fjölgað þótt atvinnuleysi haldist óbreytt	
02.09.04	Innflutningur í ágúst 2004	169
	Stimpilgjöld vegna fasteignakaupa	
09.09.04	Reynsla af árangurstengdum fjárveitingum	
09.09.04	Efnahagsleg áhrif íbúðalána bankanna	170
	Útgjöld almannatrygginga	
16.09.04	Endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins	
16.09.04	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til júlí 2004	171
	Endurskoðun á stofnanakerfi og rekstri verkefna ríkisins	
23.09.04	Samræmd tekjuskattlagning fyrirtækja innan ESB	
23.09.04	Samband milli eftirlaunaaldurs og atvinnuþátttöku	172
	Útboð á ráðgjöf vegna sölu Símans	
	Stjórnir ríkisstofnana	
30.09.04	Ríkisreikningur 2003	173
	Hlutdeild erlends vinnuafls við stóriðjuframkvæmdir	
	Vanmetur OECD útgjöld Íslendinga til menntamála?	
07.10.04	Helstu niðurstöður nýrrar þjóðhagsspár	174
	Innflutningur í september 2004	
	Mismunandi mælikvarðar á afkomu ríkissjóðs	
14.10.04	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - ágúst	175
	Samskráning félaga á virðisaukaskattsskrá	
	Atvinnuleysi minnkar hratt	
21.10.04	Þróun skatttekna í OECD-ríkjunum	176
	Batnandi afkoma sveitarfélaga	
	Horfur um afkomu sjávarútvegs	
28.10.04	Búferlaflutningar fara vaxandi	177
	Mikill hagvöxtur 2004 - minni 2005	
04.11.04	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til september 2004	178
	Innflutningur í október	
11.11.04	Stjórnendur fyrirtækja eru mjög bjartsýnir - ný könnun	179
	Endurgreiðsla ríkisaðstoðar kærð til EFTA dómstólsins	
	Af vettvangi tvísköttunarmála	
18.11.04	Efnahagshorfur á Norðurlöndum	180
	Hækkandi framfærsluhlutfall í Evrópu krefst aðgerða	
25.11.04	Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja	181
	Lækkun tekjuskatts og hækkun barnabóta	
02.12.04	Niðurfelling eignarskatts kemur eldra fólki sérstaklega vel	
02.12.04	Skatthlutfallið hækkar með hækkandi tekjum	182
	Mikill innflutningur í nóvember	
	Stuðningur við landbúnaðarframleiðslu hefur aukist	
09.12.04	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til október 2004	183
	Fjárlög fyrir árið 2005 afgreidd á Alþingi	
	Efnahagsspá OECD	
16.12.04	Opinber útgjöld til þróunarmála	184
	Elsti skatturinn afnumin	
	Frumvörp flutt af fjármálaráðherra og lögfest á haustþingi	
23.12.04	Verðbólga og vaxtahækkun	185
	Um afkomu ríkissjóðs 2004	
	Alþjóðlegir reikningsski lastaðlar	
	Margt smátt gerir eitt stórt	



22. mars 2001

Útgáfa vefrits

Fjármálaráðuneytið hefur með þessu blaði útgáfu vikulegs upplýsingarits undir nafninu: **fjr.is - Vefrit fjármálaráðuneytisins**. Vefritið mun, eins og nafnið gefur til kynna, birtast á vef ráðuneytisins, www.stjr.is/fjr, en einnig verður hægt að nálgast ritið beint á vefsíðunni, www.fjr.is.

Í ritinu verður einkum fjallað um þau málefni sem snúa að þróun efnahags- og ríkisfjármála, svo sem verðlags- og launamál, innflutning, innlenda veltu og önnur þau atriði sem hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs, þróun tekna, gjalda og lánamála. Ennfremur um breytingar í skattamálum, stöðu og undirbúning fjárlagagæðar, eftirlit með framkvæmd fjárlaga, stöðu kjarasamninga, langtímaáætlun í ríkisfjármálum o.fl. Einnig verður þar fjallað um stöðu þessara mála á alþjóðavettvangi.

Markmiðið með þessari útgáfu er að stuðla að betra upplýsingastreymi og auknum skoðanaskiptum á almennum vettvangi um þau margvíslegu málefni sem snúa að starfssviði fjármálaráðuneytisins og um leið koma sjónarmiðum þess á framfæri.

Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2001

Samkvæmt tölum um afkomu ríkissjóðs fyrstu tvo mánuði ársins 2001 nam handbært fé frá rekstri 2,2 milljörðum króna, eða 2,4 milljörðum umfram áætlun. Þessi stærð sýnir í reynd hverju reglubundinn rekstur skilar til niðurgreiðslu skulda eða annarrar ráðstöfunar. Þessi útkoma er 3,7 milljörðum króna lakari en í fyrra sem stafar fyrst og fremst af hækkun gjalda milli ára. Sú hækkun er þó að mestu tímabundin og skýrist af tilfærslu milli mánaða sem væntanlega gengur til baka á næstu mánuðum.

Hreinn lánsfjárfangur nam tæplega 600 milljónum króna sem er talsvert hagstæðara en gert var ráð fyrir í áætlunum, en rúmlega 9 milljörðum minna en í fyrra. Skýringin á minni afgangi en í fyrra er, auk þess sem áður en nefnt, að þá voru tekjufærðir 5,5 milljarðar króna vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum á árinu 1999.

Á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs voru auk þess greiddir 2,5 milljarðar króna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að grynna á framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs, en samkvæmt fjárlögum 2001 er áformað að greiða 15 milljarða í LSR.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2001 reyndist jákvæð um tæplega 900 milljónir króna, samanborið við 1,7 milljarða króna á sama tímabili árið áður.

[Sjá afkomugreiningarferð...](#)

Áfram hægir á innlendri eftirspurn

Þróun skatttekna ríkissjóðs er mikilvæg vísbending um almenna innlenda eftirspurn. Eins og sést á meðfylgjandi línuriti hefur verulega dregið úr aukningu skatttekna ríkissjóðs frá árinu 1999. Þetta kemur hvað gleggst fram í virðisaukaskatti, en einnig í tryggingagjaldi. Hins vegar er ekki eins auðvelt að lesa út úr þróun tekjuskatts einstaklinga þar sem þar hafa bæði verið á ferðinni lækkan tekjuskatthlutfalls ríkisins og tilflutningur verkefna (t.d. grunnskólans á árinu 1997) frá ríki til sveitarfélaga sem raskar slíkum samanburði.


Þannig fór tólf mánaða breyting skatttekna ríkissjóðs fyrstu tvo mánuði ársins úr 24% 1999 í 17% í fyrra og 9% í ár. Þróun tekna af almennum veltusköttum gefur enn skýrari mynd af minnkandi innlendri eftirspurn þar sem tólf mánaða breytingin fór úr 34% árið 1999 í tæplega 5% í ár. Hér gætit meðal annars áhrifa yfir 30% samdráttar í bilainnflutningi á þessum tíma.

Verði framhald á þessari þróun, sem allt bendir til, er við því að búast að talsvert dragi úr innflutningi á árinu 2001. Þar sem jafnframt má gera ráð fyrir nokkurri aukningu útflutnings gæti hallinn á vöruskiptajöfnuði orðið mun minni á þessu ári en í fyrra. Þessi þróun mun endurspeglast í minni viðskiptahalla þótt þar vegi á móti auknar vaxtagreiðslur af erlendum

lánnum. Að öllu samanlögðu má því gera ráð fyrir að viðskiptahalli gagnvart útlöndum geti orðið nokkru minni á árinu 2001 en í fyrra.

Skatttekjur

12 mánaða breytingar m.v. 6 mánaða meðaltöl



Staða lífeyrismála í Evrópu

Undanfarin misseri hefur mikil umræða átt sér stað innan Evrópusambandsins um lífeyrismál. Hún lýtur meðal annars að því með hvaða hætti ESB-ríkin geti sem best fjármagnað greiðslur til ellilífeyrisþega í framtíðinni. Að þessu leyti stendur Ísland mun betur en mörg ESB-ríki þar sem verulegur hluti íslenska lífeyriskerfisins byggir á sjóðmynduðum lífeyrissjóðum. Þá er atvinnuþáttaka á Íslandi mun meiri en í mörgum aðildarríkja ESB. Þar vegur þyngst meiri atvinnuþáttaka kvenna og háir ellilífeyrisaldur.

Einnig er mikið rætt um með hvaða hætti lífeyrissjóðir innan ESB geti nýtt sér betur ávinning af hinum sameiginlega markaði. Evrópusambandið á enn langt í land með að ná markmiðinu um innri markað fyrir lífeyrissparnað. Þar vegur þyngst sú hindrun sem felst í mismunandi skatta-, félags- og vinnuréttarlöggjöf. Til að auðvelda lausn á þessu máli er nú unnið að tilskipun um félög sem annast vörslu starfstengds lífeyrissparnaðar.

Gert er ráð fyrir því að með tilskipuninni verði settar reglur um fjárfestingu lífeyrissjóða, hæfi stjórnenda þeirra, upplýsingar til sjóðfélaga, tryggingafræðilegt mat og gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á eftirlitsaðilum í hverju ríki, sem er forsenda fyrir heimild lífeyrissjóðs í einu aðildarríki til að taka við lífeyrissparnaði frá starfsmönnum/vinnuveitendum í öðru aðildarríki.

Samhliða þessu er unnið að því að samræma reglur um ávinningu og varðveislu lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna sem vinna í fleiri en einu ESB-ríki, reglum um mat á áunnum réttindum og heimild til að flytja þau á milli lífeyrissjóða í aðildarríkjunum svo og auknum heimildum til að greiða í lífeyrissjóð í öðru ríki en starfað er í.

Með aðild Íslands að EES-samningnum má gera ráð fyrir að þróun þessara mála muni hafa nokkur áhrif á lög og reglur um íslenska lífeyrissjóði og innlenda lífeyrissparnað í framtíðinni.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	17,1	8,9
Tekjuskattar	26,3	15,9
Tryggingagjöld	9,8	3,5
Eignarskattar	33,0	11,3
Veltuskattar	11,5	4,7
Tekjur alls	15,8	9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	30,3	-9,4
Félagsmál	1,8	19,4
Atvinnumál	13,9	38,1
Vaxtagjöld	14,9	40,7
Önnur útgjöld	8,1	38,2
Gjöld alls	8,5	23,2

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	5.938	2.218
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9.870	583
Alborgnir lána	-10.648	-5.041
Br. lánsfjárfjöfnuður	-1.777	-6.958
Lántökur	3.437	7.837
Greiðsluafkoma	1.660	879

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-mars 2000/01	5,9	3,9
Kjarnaverðbólga-mars2000/01	3,4	3,4
Launavísitala-feb. 2000/01	4,6	8,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smásöluvelta jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi - feb. 2000/01	1,7	1,5

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



29. mars 2001

Verðbólguþróun – Stefnan í ríkisfjármálum

Ákvörðun ríkisstjórnar og Seðlabanka um að hverfa frá gengisviðmiðun og taka þess í stað upp formleg verðbólguþróun mun án efa verða til þess að styrkja almenna hagstjórn í landinu og stuðla að auknum efnahagslegum stöðugleika. Þessi ákvörðun er rökrétt framhald af þróuninni að undanförmu í átt til sveigjanlegri gengisstefnu með vöðum vikmarkanna enda augljósir gallar á fyrri tilhögun eins og margoft hefur komið fram, meðal annars á ritum Seðlabankans og greinargerðum ýmissa alþjóðastofnana og mats-fyrirtækja. Ennfremur var skynsamlegt að láta þessar breytingar taka gildi strax þar sem frestun hefði getað valdið óvissu og áframhaldandi óróa á gjaldeyrismarkaði. Þróun gengismála á fyrsta degi nýrrar tilhögunar, þar sem krónan styrktist lítillega þrátt fyrir nokkurn óróa fyrir sinn, gefur tilefni til bjartsýni um að efnahagslegar forsendur muni hér eftir ráða meiru um gengisþróun en hingað til.

Að mati ráðuneytisins er ákvörðun Seðlabankans um lækkan vaxta tímabær enda hafa að undanförmu komið fram ýmsar vísbendingar um að verulega sé tekið að draga úr innlendra eftirspurn. Verulega hefur dregið úr aukningu skatttekna ríkissjóðs að undanförmu og almennur innflutningur hefur minnkað fimm mánuði í röð. Veltutölur sýna sömu þróun og velta í smásöluverslun hefur beinlínis dregist saman. Þá hefur talsvert dregið úr vexti útlána þótt hann sé enn nokkuð mikill. Loks er margt sem bendir til þess að heldur sé að slakna á spennunni á vinnumarkaði og að fjárfestingar fyrirtækja dragist saman.

En hvaða áhrif hafa þessar breytingar á stefnuna í ríkisfjármálum og hagstjórn almennt? Í fyrsta lagi virðist einsýnt að þessi stefnubreyting verði til þess að auka trúverðugleika peningamálastefnunnar og þar með efnahagsstefnunnar í heild. Ennfremur skerpir hún skilin á milli þessara tveggja mikilvægu hagstjórnartækja þar sem stefnan í peningamálum mun í ríkara mæli horfa til skamms tíma, en stefnan í ríkisfjármálum tekur í eðli sínu fremur til lengri tíma. Þá mun vaxtalækkunin og fráhrarf frá gengisviðmiðun gera enn meiri kröfur til ábyrgðar stefnu í ríkisfjármálum en áður til þess að hamla gegn viðskiptahalla. Að öllu samanlögðu verður því að telja að áframhaldandi sterk staða ríkisfjármála sé lykllinn að trúverðugri efnahagsstefnu og stöðugleika í efnahagsmálum. Mikilvægt er að þessi sjónarmið verði höfð að leiðarljósi við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2002.

[Sjá ræðu forsætisráðherra á ársfundi Seðlabanka...](#)


Kjarnaverðbólga

Breytt fyrirkomulag við stjórnun peningamála með verðstöðugleika að leiðarljósi gefur tilefni til að huga að mismunandi verðmælikvörðum. Við mat á verðlagsþróun og -horfum er afar mikilvægt að gera greinarmun á undirliggjandi verðlagsþróun og tímabundnum eða tilviljanakenndum þáttum. Af þessum sökum er gjarnan leitað við að greina á milli svokallaðrar kjarnaverðbólgu (*e. core inflation*) og þeirrar verðbólgu sem heildarbreyting neysluverðsvisitölunnar sýnir (*e. headline inflation*).

Skilgreining á kjarnaverðbólgu er þó ekki einhlít. Algengt er að fjarlægja úr visitölnni þætti sem ekki lúta beint að markaðsákvörðunum eða koma erlendis frá. Þannig er eðlilegt að líta framhjá verðbreytingum á búvöru og grænmeti þar sem þær eru að verulegu leyti háðar verðákvörðunum, breytilegum innflutningsgjöldum og árstíðabundnum sveiflum. Sama má segja um verð á eldsneyti sem sveiflast með heimsmarkaðsverði. Við mat á verðlagsþróuninni hér á landi hefur fjármálaráðuneytið um nokkurt skeið horft á verðmælikvarða þar sem lítið er framhjá fyrrgreindum þáttum auk þess sem áhrifum fasteignaverðs á visitölna hefur verið sleppt líkt og gert er við útreikning á samræmdum verðvisitöllum innan Evrópusambandsins.

Þróun þessarar visitölu, kjarnaverðbólgunnar, hefur verið nokkuð frábrugðin þróun heildarvisitölunnar að undanförmu. Mestur varð munurinn á fyrri hluta árs 2000, en þá fór tólf mánaða hækkun almenns neysluverðs upp undir 6% á sama tíma og kjarnaverðbólgan mældist 3½-4%.

Verðbólga – 12 mánaða breytingar



Síðustu mánuðina hefur dregið saman með þessum tveimur mælikvörðum og kjarnaverðbólgan verið um 3%, einu prósentustigi lægri en heildarvisitölin.

Síðustu tvo mánuðina hefur kjarnaverðbólgan aðeins hækkað og gætir þar meðal annars áhrifa gengislækkunar krónunnar á síðustu mánuðum. Á mælikvarða kjarnaverðbólgunnar hefur því verðbólgan hér á landi verið á bilinu 3-3½% frá því í byrjun síðasta árs.

Ný útgáfa ríkissjóðs á evrumarkaði

Í byrjun þessarar viku gaf ríkissjóður út skuldabréf á erlendum lánamörkuðum að fjárhæð 250 milljónir evra, eða 20 milljarðar króna. Andvirðið fer að mestum hluta til endurfjármögnunar á erlendum lánum ríkissjóðs. Er þessi skuldabréfaútgáfa hin fyrsta samkvæmt svonefndum MTN-samningi fyrir skuldabréf ríkissjóðs til lengri tíma. Kjör útgáfunnar þykja sérlega hagstæð en vextir útgáfunnar, sem er til 5 ára, eru 5 punktum undir euribor vöxtum og seldust öll skuldabréfin strax. Er þetta í annað sinn sem ríkissjóður gefur út skuldabréf á evrumarkaði til endurfjármögnunar erlendra lána. Hafa fjárfestar tekið útgáfunum opnum örmum sem sýnir trausta stöðu ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum.

Þessi samningur, sem gefur ríkissjóði möguleika á skuldabréfaútgáfu fyrir allt að 1.000 milljónir USD, er þó ekki eini samningurinn sem ríkissjóður er aðili að. Fyrir er svonefndur ECP-samningur um stuttar útgáfur ríkissjóðs þar sem hámarksfjárhæð til útgáfu víxla á Evrópumarkaði er 500 milljónir USD, eða 44 milljarðar króna. Þessi samningur er mikilvægur fyrir lausafjárstyringu ríkissjóðs þar sem hægt er að gefa út víxla með aðeins tveggja daga fyrirvara, frá viku og til allt að tólf mánaða í senn allt eftir hagkvæmni útgáfunnar. Þá hafa framvirkir samningar verið gerðir til að auka öryggi og tryggja sem best kjör fyrir ríkissjóð á hverjum tíma.

Um þessar mundir er unnið að útgáfusamningi fyrir víxla á Bandaríkjamarkaði, svonefndum USCP-samningi. Þá hefur ríkissjóður gert samning við nokkra erlenda banka, undir forystu Citibank, um alþjóðlegt bankalán sem felur í sér heimild til lántöku, án allrar skuldbindinga um að nýta sér hana, fyrir um 250 milljónir USD, eða 22 milljarða króna. Í tengslum við ýmsar verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins hefur ríkissjóður ennfremur lánsheimild við Norræna fjárfestingarbankann fyrir um 2,2 milljarða króna.

Ekki er að efa að ofangreindir samningar treysta stöðu ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum og eiga þátt í að ríkissjóður nái sem hagkvæmstu samningum á hverjum tíma.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	17,1	8,9
Tekjuskattar	26,3	15,9
Tryggingagjöld	9,8	3,5
Eignarskattar	33,0	11,3
Veltuskattar	11,5	4,7
Tekjur alls	15,8	9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	30,3	-9,4
Félagsmál	1,8	19,4
Atvinnumál	13,9	38,1
Vaxtagjöld	14,9	40,7
Önnur útgjöld	8,1	38,2
Gjöld alls	8,5	23,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	5.938	2.218
Hr. lánsfjárfögnuður	9.870	583
Alþorganir lána	-10.648	-5.041
Br. lánsfjárfögnuður	-1.777	-6.958
Lántökur	3.437	7.837
Greiddsluafkoma	1.660	879

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-mars 2000/01	5,9	3,9
Kjarnaverðbólga-mars 2000/01	3,4	3,4
Launavísitala-feb. 2000/01	4,6	8,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smásöluvelta jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi - feb. 2000/01	1,7	1,5

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



5. apríl 2001

Er efnahagsstefnan nógu aðhaldssöm?

Að undanfögnu hefur nokkuð verið fjallað um það hvort efnahagsstefna stjórnvalda hafi verið nægilega aðhaldssöm. Annars vegar hefur því verið haldið fram að Seðlabankinn hafi gripið of seint til hækkunar vaxta þegar uppsveiflan í efnahagslífinu hófst. Hins vegar hefur ríkisfjármálastefnan verið gagnrýnd fyrir að hafa verið of slök og að meira aðhald hefði þurft til þess að halda aftur af uppsveiflunni og koma í veg fyrir að viðskiptahallinn ykist. Er þessi gagnrýni réttmæt? Hefði mátt koma í veg fyrir aukinn viðskiptahalla einfaldlega með því að hækka vexti nokkrum mánuðum fyrr eða bæta nokkrum milljörðum króna við afganginn á ríkissjóði?

Að mati fjármálaráðuneytisins er svarið við þessum spurningum neikvætt. Aðstæður uppsveiflunnar voru flóknari en svo og fölust meðal annars í uppsafnaðri neyslu- og fjárfestingarþörf hjá einstaklingum og fyrirtækjum á erfðleikaárunum 1988-1995. Ennfremur hafði hið almenna efnahagsumhverfi gjörbreytt þar sem lögð var áhersla á auknið frelsi á sem flestum sviðum, meðal annars á fjármagnsmarkaði. Þá hafði hlutabréfamarkaðurinn styrkt verulega, ekki síst í kjölfar upptöku samræmðs fjármagnstekjuskatts sem gerði mönnum mögulegt að stunda eðlileg viðskipti á markaðnum. Jafnframt jókst kaupmáttur heimilanna mjög mikið eftir langt tímabil stöðunar og kaupmáttarrýrnunar. Þá voru á þessum árum miklar stóriðjuframkvæmdir í gangi sem kölluðu á miklar fjárfestingar.

Hvers vegna hefur viðskiptahallinn aukist? Frá árinu 1998 hefur viðskiptahallinn aukist um 60 milljarða króna. Hvað olli þessum miklu umskiptum? Árið 1998 jukust fjárfestingar í atvinnulífinu gífurlega, ekki aðeins í stóriðju heldur einnig í öðrum atvinnugreinum, svo sem í fiskveiðum og samgöngum. Mikil uppbygging í stóriðju leiddi einnig til aukins innflutnings rekstrarvöru, einkum til álframleiðslu. Loks tók innflutningur neyslervöru kipp, einkum bílannflutningur. Árið 1999 dró úr innflutningi fjárfestingarvara til stóriðju á sama tíma og innflutningur neyslvara, einkum bíla, hélt áfram að aukast. Árið 2000 verða hins vegar kaflaskipti þar sem innflutningur neyslervöru stendur nánast í stað og bílannflutningur dregst saman um meira en 10%. Innflutningur fjárfestingar- og rekstrarvara hélt hins vegar áfram að vaxa. Mestu munaði þó um áhrif hækkunar olíuverðs sem skýrir nær helming innflutningsaukningar á síðasta ári.

Hefði aukinn afgangur á ríkissjóði skipt sköpum? Sem kunnugt er var af hálfu stjórnvalda brugðist við uppsveiflunni með stóru auknu aðhaldi í peninga- og ríkisfjármálum. Þannig snerist afkoma ríkissjóðs úr halla árið 1997 í umtalsverðan afgang sem nam yfir 20 milljörðum króna bæði árið 1999 og 2000. Þessar tölur sýna glögg hve aðhaldið í ríkisfjármálum hefur verið mikið. Nokkrir milljarðar til eða frá í afgangi á ríkissjóði hefðu ekki skipt sköpum um þróun viðskiptahalla að undanfögnu. Raunar bendir margt til þess að marktækur viðsnúningur hafi orðið í þróun innlestrar eftirspurnar á síðasta ári sem muni endurspeglast í minni viðskiptahalla, jafnvel þegar á þessu ári.

Almennur innflutningur dregst saman að raungildi

Fjármálaráðuneytið hefur um árabil haft beinan aðgang að nýjustu upplýsingum um vöruinnflutning til landsins úr tollakerfinu. Þetta gefur færi á að fylgjast með þróun innflutnings nánast samtímis sem er mjög mikilvægt þar sem þetta er einhver besti mælikvarði á þróun innlestrar eftirspurnar sem völ er á. Þótt þessar tölur séu bráðabirgðatölur sýnir reynslan að frávikidd frá endanlegum tölum Hagstofunnar er mjög lítið. Samkvæmt nýjustu tölum jókst heildarinnflutningur í mars verulega, eða sem nam rúmlega 7 milljörðum króna frá sama mánuði í fyrra. Þessi aukning stafar hins vegar nær alfarið af flugvélakaupum Flugleiða. Innflutningur án skipa- og flugvélakaupa er eðlilegr mælikvarði á þróun innlestrar eftirspurnar auk þess sem taka verður tillit til gengisbreytinga. Þessi mælikvarði sýnir allt aðra mynd eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Þar sést að verulega hefur dregið úr innflutningi á undanfögnu mánuðum. Samkvæmt þessum tölum lækkar innflutningur að raungildi í mars frá sama tíma í fyrra, annan mánuð-

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	17,1	8,9
Tekjuskattar	26,3	15,9
Tryggingagjöld	9,8	3,5
Eignarskattar	33,0	11,3
Veltuskattar	11,5	4,7
Tekjur alls	15,8	9,2


Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	30,3	-9,4
Félagsmál	1,8	19,4
Atvinnumál	13,9	38,1
Vaxtagjöld	14,9	40,7
Önnur útgjöld	8,1	38,2
Gjöld alls	8,5	23,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	5.938	2.218
Hr. lánsfjárföfnuður	9.870	583
Alþorganir lána	-10.648	-5.041
Br. lánsfjárföfnuður	-1.777	-6.958
Lántökur	3.437	7.837
Greiddsluafkoma	1.660	879

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-mars 2000/01	5,9	3,9
Kjarnaverðbólga-mars 2000/01	3,4	3,4
Launavísitala-feb. 2000/01	4,6	8,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smásöluvelta jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi - feb. 2000/01	1,7	1,5

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veflang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr

Innflutningur á föstu gengi



inn í röð, og raunar hefur dregið jafnt og þétt úr aukningu innflutnings á þennan mælikvarða allt frá miðju síðasta ári. Þriggja mánaða meðaltöl sýna enn gleggri mynd af þessari þróun þar sem innflutningsaukningin fer úr 18% um mitt síðasta ár í tæplega 2% fyrstu mánuði ársins 2001.

Þessar tölur gefa ótvíðvæða vísbendingu um að áfram dragi úr innlendri eftirspurn. Ennfremur virðist stór hluti aukins innflutnings fjárfestingarvöru bundinn við nokkur tiltölulega fá en umfangsmikil verkefni sem mun ljúka á þessu ári, svo sem við Vatnsfellsvirkiun, flugstöðina í Keflavík og Smáran í Kópavogi. Þegar á heildina er lítið má hins vegar gera ráð fyrir að nokkuð dragi úr fjárfestingum atvinnulífsins á þessu ári eins og meðal annars kemur fram í nýlegri könnun Samtaka atvinnulífsins.

Þannig bendir margt til þess að þessi hluti innflutnings muni dragast talsvert saman þegar líða tekur á árið og að vöru- og viðskiptaskiptajöfnuður verði hagstæðari árið 2001 en í fyrra.

Skattbyrði í alþjóðlegu samhengi

Skattbyrði landa, þ.e. skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu, er nokkuð mismunandi þótt heldur hafi dregið saman á undanfögnu árum. Þegar horft er til OECD-ríkjanna hafa þrjú Norðurlandanna, Svíþjóð, Danmörk og Finnland, skorið sig úr og verið með hæstu skattana, á bilinu 45-55% af landsframleiðslu. Á hinum endanum eru Kórea, Japan og Bandaríkin, öll með skatthlutfall undir 30%. Ísland er nokkurn veginn í miðjum höpnum, með skatthlutfall í kringum 36%. Athyglisvert er einnig að skoða samsetningu skatta á Íslandi miðað við önnur OECD-lönd. Þar erum við með hæstu neysluskattana. Tekjuskattar einstaklinga eru heldur yfir meðaltali OECD-ríkjanna, en langt fyrir neðan hin Norðurlöndin. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að launaskattar og tryggingagjöld eru hér með lægsta móti þannig að samanlagt er skattlagning launa talsvert undir meðaltali OECD-ríkjanna. Skattlagning fyrirtækja sýnist fremur hagstæð miðað við önnur lönd þegar höldartölur eru skoðaðar. Þetta stafar þó sumpart af því að uppbygging atvinnulífsins er enn nokkuð frábrugðin því sem gengur og gerist í flestum OECD-ríkjanna og hlutur ríkisins, t.d. á fjármálamarkaði, í orkumálum og fjarskiptum, vegur hér tiltölulega þungt, en flest þessara fyrirtækja greiða ekki skatta í ríkissjóð heldur arð. Þegar grannet er skoðað kemur hins vegar í ljós að tekjuskattshlutfallið er rétt um meðallag OECD-ríkjanna auk þess sem hér er lagður eignarskattur á fyrirtæki sem er tiltölulega óalgennt annars staðar.

[Sjá nánar...](#)



10. apríl 2001

Skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál

Í dag kom út ný skýrsla OECD um stöðu og horfur í íslenskum efnahagsmálum. Í grundvallaratriðum er þessi skýrsla jákvæð. Þannig er staða efnahagsmála hér á landi að mati OECD talin afar traust, bæði til skemmri og lengri tíma. Jafnframt er lokið lofsorði á þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á undanföllum árum, bæði hvað varðar almenna hagstjórn og þær skipulagsbreytingar sem hefur verið gripið til í átt til aukinnar markaðsvæðingar o.fl.

Sérstaklega er bent á mikil umskipti í ríkisfjármálum sem OECD telur hafa skipt sköpum í hagstjórn og verið mikilvægt framlag til aukins stöðugleika í efnahagsmálum. Ennfremur er bent á mikilvægi þess að stjórnvöld fylgi áfram aðhaldssamri efnahagsstefnu til að draga úr viðskiptahalla og halda aftur af verðbólgu. Þetta á einkum við um stefnuna í ríkisfjármálum sem OECD telur að ekki megi slaka á. Jafnframt er af hálfu OECD lýst stuðningi við þær breytingar sem nýlega voru gerðar á peningamálastefnunni þar sem horft verður til verðbólguþrönguðs fremur en til gengis. Loks er þeim skattkerfisbreytingum sem hafa verið gerðar á undanföllum árum fagnað og þær taldar tvímælaust skref í rétta átt. Í skýrslunni er bent á að með aðgerðum stjórnvalda hafi tekist að draga úr þeirri þenslu sem einkennt hafi efnahagslífið undanfarin misseri. Þessi þróun muni endurspeglast í minni neyslu og fjárfestingum heimila og fyrirtækja. Að mati OECD er þó talið líklegt að viðskiptahallinn verði áfram nokkuð mikill næstu tvö ár, m.a. vegna veikleika á útlutningshlíð, og það kunnir að leiða til sveiflna í gengi. Verðbólgan mun hins vegar halda áfram að minnka og nálgast 4% í ár og verða enn lægri á næsta ári.

Fjármálaráðuneytið getur tekið undir flest þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu OECD. Ráðuneytið er sammála því mati OECD að tímabært sé að huga að lækkingu fyrirtækjaskatta með það að meginmarkmiði að styrkja stöðu atvinnulífsins og þannig stuðla að auknum hagvexti. Jafnframt bendir OECD á að endurskoða þurfi álagningu eignarskatta, stimpilgjalds o.fl. Þessi atriði eru nú þegar til skoðunar í ráðuneytinu. Í þessu samhengi er þó mikilvægt að horfa til almennrar stöðu efnahagsmála og þá sérstaklega ríkisfjármála. Þá er ráðuneytið sammála því mati OECD að sala á Landssímanum og bönkunum tveimur muni hafa jákvæð áhrif á fjármálamarkaðnum, m.a. með því að laða að erlent fjármagn og þannig hamla gegn útstreymi fjár og neikvæðum áhrifum þess á gjaldeyrisstöðuna. Hins vegar er ráðuneytið ósammála þeirri skoðun OECD að hætta sé á að gengi íslensku krónunnar kunnir að lækka enn frekar og telur engar efnahagslegar forsendur fyrir þeirri þróun. Undir þessa skoðun ráðuneytisins hafa reyndar flestir innlendir markaðsaðilar, auk Seðlabankans, tekið.

[Sjá skýrslu OECD...](#)

Verðlagsþróun einstakra þátta

Hækkun vísitölu neysluverðs í apríl um 1,2% frá síðasta mánuði var töluvert yfir væntingum sem voru á bilinu 0,5-0,8%. Hækkun vísitölnunnar síðustu 12 mánuði er 4,5%, en á mælikvarða kjarnavísitölnunnar er verðbólgan síðustu 12 mánuði 4,1%. Þessi mikla hækkun skýrist að hluta af gengislækkun síðustu mánaða, en þó virðist hækkunin meiri en breytingar á gengi krónunnar gefa tilefni til. Tímabundnar breytingar á grænmetistollum hafa einnig áhrif til hækkunar, en verð á grænmeti og ávöxtum hækkaði um 10-15% í þessum mánuði og í einstökum tilvikum nam hækkunin upp undir 70%. Til viðbótar við þessa þætti er hugsanlegt að verslunarálagning fari hækkandi, sérstaklega í þeim greinum þar sem samkeppni er af skornum skammti. Í þessu sambandi er athyglisvert að innfluttar matvörur hafa hækkað um 9,5% síðstu 12 mánuði á sama tíma og aðrar innfluttar neysluvörur, án bensíns, hafa hækkað um minna en 2%.


Þegar rætt er um verðbólgu er yfirleitt átt við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs. Sú vísitala mælir heildarþróun verðlags á ákveðnum forsendum

Mikilvægt er að gera greinarmun á þróun verðlags í heild annars vegar og þróun hlutfallslegs verðlags hins vegar. Miklar breytingar á verðlagi eldsneytis að undanföllum eru gott dæmi um þetta. Slíkar sértækar verðbreytingar geta ekki talist vera verðbólga í hefðbundinni merkingu heldur endurspeglar þær breytingar á hlutfallslegu verðlagi frá einum tíma til annars.

Sé litið á verðþróun á Íslandi frá árinu 1997 kemur í ljós að vísitala neysluverðs hefur hækkað um 15,7% sem samsvarar 3,6% verðbólgu á ári. Einstakir undirliðir vísitölnunnar hafa hins vegar þróast með mjög mismundi hætti. Þannig hefur matvara hækkað um 18,9% sem þýðir að hlutfallslegt verðlag matvæla hefur hækkað um 2,8% á tímabilinu miðað við verðlagið í heild. Aftur á móti hefur fáttaður lækkað hlutfallslega um 14,3% á þessu tímabili. Af einstökum undirliðum hefur mest hækking orðið á tryggingum, eða um 32%, en mest lækking hefur orðið á tölum sem á þessum fjórum árum hafa lækkað hlutfallslega í verði um hvorki meira né minna en 68%.

Af þessu sést greinilega að sveiflur í hlutfallslegu verði geta skipt verulegu máli þegar verðlagsþróunin er skoðuð yfir lengri tímabil. Það er meðal annars af þessum orsökum sem mikilvægt er að horfa frekar til kjarnaverðbólgunnar fremur en þróunar heildarvísitölnunnar þegar lagt er mat á verðbólguþróunina.

Nýskráning ökutækja og tekjur af vörugjöldum



Verulega dregur úr innflutningi bifreiða

Bifreiðainnflutningur er mikilvægur mælikvarði á þróun innlestrar eftirspurnar og þar með á almenna stöðu efnahagsmála. Jafnframt gefur þessi mælikvarði mikilvægar vísbendingar um tekjuþróun ríkissjóðs og þar með stöðu ríkisfjármála. Á tímum mikils hagvaxtar og uppsveiflu í efnahagslífinu hefur innflutningur bifreiða tilhneigingu til að vaxa mjög hratt, hraðar en almenn neysla. Þetta snýst síðan við á tímum samdráttar; þá dregst innflutningur bifreiða hraðar saman en almenn neyslútgjöld.

Á meðfylgjandi línuriti sést glögg hve sterk fylgni er á milli tekna ríkissjóðs af vörugjaldi af bilum annars vegar og nýskráningar bifreiða hins vegar. Einnig kemur þar fram að nýskráning hefur vaxið jafnt og þétt á undanföllum árum eftir nokkra lægð á árunum 1993-1994. Um og eftir mitt síðasta ár tók hins vegar að draga úr bifreiðainnflutningi og tölur fyrir árið í heild sýna meira en 10% samdrátt frá árinu áður. Þessi þróun endurspeglast í samsvarandi samdrætti í vörugjaldstekjum ríkissjóðs af bifreiðum. Svo virðist sem framhald hafi orðið á þessari þróun á fyrsta fjórðungi þessa árs, en þá lækkuðu tekjur af vörugjaldi á innfluttar bifreiðar um 30% frá síðasta ári og fjöldi innfluttra bifreiða um svipað hlutfall.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	17,1	8,9
Tekjuskattar	26,3	15,9
Tryggingagjöld	9,8	3,5
Eignarskattar	33,0	11,3
Veltuskattar	11,5	4,7
Tekjur alls	15,8	9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	30,3	-9,4
Félagsmál	1,8	19,4
Atvinnumál	13,9	38,1
Vaxtagjöld	14,9	40,7
Önnur útgjöld	8,1	38,2
Gjöld alls	8,5	23,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	5.938	2.218
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9.870	583
Afborganir lána	-10.648	-5.041
Br. lánsfjárfjöfnuður	-1.777	-6.958
Lántökur	3.437	7.837
Greiddsluafkoma	1.660	879

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-apríl 2000/01	5,9	4,5
Kjarnaverðbólga-apríl 2000/01	3,6	4,1
Launavísitala-feb. 2000/01	4,6	8,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smáásvæling jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi-feb. 2000/01	1,7	1,5

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaussón. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/ir



18. apríl 2001

Er að draga úr spennu á vinnumarkaði?

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar mældist atvinnuleysi í aprílmánuði 2,1%, samanborið við 1,9% á sama tíma árið áður. Almennt sýna kannanir Hagstofunnar töluvert hærri atvinnuleysistölur en kemur fram hjá Vinnumálastofnun. Þannig sýndu mælingar Hagstofu á atvinnuleysi í nóvember s.l. 2,7% atvinnuleysi á sama tíma og skráð atvinnuleysi samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var 1,1%. Hugsanleg skýring á þessum mismun er að þeir sem eru í atvinnuleit skrái sig ekki atvinnulausa þegar atvinnuástandið er tiltölulega gott. Einnig ber að hafa í huga að atvinnuleysi er ekki skilgreint með sama hætti í könnun Hagstofunnar og hjá Vinnumálastofnun, en skilgreining Hagstofunnar er nær því sem tíðkast í alþjóðasamburði.

Það er athyglisvert að könnunin sýni talsverða fækkun vinnustunda milli ára, eða sem nemur einni klukkustund á viku, úr 42½ í 41½ stund. Þessi fækkun stafar alfarið af fækkun vinnustunda hjá körlum, úr 49½ stund í 47½ stund á viku. Þetta eru umtalsverðar breytingar á einu ári. Þessarar þróunar gæti hins vegar ekki hjá konum, þar sem fjöldi vinnustunda helst óbreyttur milli ára, í 34½ stund á viku.

Hvað segja þessar niðurstöður um stöðuna á vinnumarkaði? Sú staðreynd að á sama tíma og atvinnuleysi breytist tiltölulega lítið milli ára verður veruleg fækkun vinnustunda bendir til þess að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði frá því sem var í fyrra, en að minnkandi umsvifum hafi verið mætt með minni yfirvinnu fremur en uppsögnum starfsfólks.

Þessi niðurstaða styrkir þá greiningu sem fjármálaráðuneytið hefur sett fram á stöðu efnahagsmála að verulega hafi hægt á almennum umsvifum í efnahagslífinu að undanförmu, sem birst hefur meðal annars í minni innflutningi og veltu sem aftur endurspeglast í þróun skatttekna ríkissjóðs. Þessi þróun gefur jafnframt vísbendingu um að framundan sé tímabil frekari aðlögunar útgjalda og tekna í þjóðarþúskapnum og minnkandi viðskiptahalla.

[Sjá vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar...](#)

Ný skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið


Ríkisendurskoðun hefur gert stjórnsýsluendurskoðun á fjárlagaferlinu hér á landi og m.a. borið það saman við það sem gerist í öðrum ríkjum. Áhugi á fjárlagaferlinu hefur aukist á síðustu árum og hafa mörg ríki gert breytingar á því í ljósi mikilvægis þess fyrir þróun og ástand ríkisfjármála.

Fjárlagaferlið á Íslandi hefur einnig verið endurskoðað á undanförmu árum og nokkrar breytingar gerðar. Þar má helst nefna rammafjárlög, löggjöf um fjárreiður ríkisins, endurskoðun verklagsreglna um fjárlagagerðina og nú síðast reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar staðfesta að breytingarnar hafa verið til að styrkja ferlið og efla stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Hins vegar bendir stofnunin á að skipulagið nái ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum, að auka megi vægi langtíma stefnumótunar, verkefnavisa og árangursmælinga. Loks bendir stofnunin á að forstöðumenn ríkisstofnana þurfi að axla ábyrgð í samræmi við aukin áhrif þeirra á rekstur.

Fjármálaráðuneytið getur tekið undir helstu ábendingar Ríkisendurskoðunar og telur að skýrslan sýni hvar styrkleikar og veikleikar í núverandi fjárlagaferli liggja. Ráðuneytið áformar að beita sér fyrir því að styrkja fjárlagaferlið enn frekar og mun í þeirri vinnu m.a. hafa ábendingar Ríkisendurskoðunar til hliðsjónar. Ljóst er að fjárlagaferlið er umfangsmikið og breytingar á því þarf að gera í áföngum í samræði við þá aðila sem að því koma.

Skuldir ríkissjóðs

% af vergri landsframleiðslu



Hagstæð skuldastaða ríkissjóðs

Ört lækkandi skuldir ríkissjóðs eru mikilvægur mælikvarði á árangursríka stefnu í ríkisfjármálum hér á landi undanfarin ár. Allt frá miðjum níunda áratugnum og fram undir miðjan síðasta áratug fóru skuldir ríkissjóðs jafnt og þétt vaxandi enda samfelldur halli á ríkissjóði allt þetta tímabil. Stöðnun og samdráttur í efnahagslífinu síðari hluta tímabilsins átti einnig sinn þátt í þessari þróun. Frá og með árinu 1995 snýst þessi þróun hins vegar við og frá þeim tíma hafa skuldir ríkissjóðs stöðugt farið lækkandi.

Meginskýringin á þessum kaflaskilum er að tekist hefur að snúa hallarekstri ríkissjóðs í umtalsverðan afgang sem nemur á bilinu 20-25 milljörðum króna á ári frá árinu 1998. Þessi afgangur hefur fyrst og fremst verið nýttur til þess að lækka skuldir ríkissjóðs, bæði hinar hefðbundnu skuldir og eins hefur hluta þessa afgangar verið varið til þess að grynna á lífeyrisskuldbindingum ríkisins með greiðslum í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Þetta hefur leitt til stórfelldrar lækkunar skulda ríkissjóðs. Frá árinu 1997 hafa hreinar skuldir ríkissjóðs lækkað úr 172 milljörðum króna í 119 milljarða í lok síðasta árs, eða um 53 milljarða króna. Þetta svarar til um 750 þúsund króna lækkunar á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Lækkunin er enn meiri þegar skuldir eru mældar sem hlutfall af landsframleiðslu, eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Skuldahlutfallið lækkar úr nálægt 35% árið 1995 í tæplega 18% í lok ársins 2000, eða um nær helming.

Þessi árangur er þeim mun athyglisverðari þegar horft er til þess að ríkissjóður hefur lítið sem ekkert lækkað erlenda skuldastaðu sína að undanförmu til þess að hamla gegn útstreymi fjár og treysta þannig gjaldyrisstöðuna. Þess í stað hefur afgangi á ríkissjóði í auknum mæli verið varið til þess að treysta stöðuna gagnvart Seðlabanka auk þess að styrkja fjáhagsstöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem áður sagði.

Skuldastaða ríkissjóðs er einnig hagstæð í alþjóðlegum samanburði. Þar tíðkast reyndar að horfa til skuldastaðu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga samanlagt. Á þann mælikvarða nema hreinar skuldir hér á landi 22% af landsframleiðslu í árslok 2000. Sambærileg tala fyrir OECD-ríkin í heild er helmingi hærri, eða 44%. Ennfremur er athyglisvert að einungis 5 af 30 OECD-ríkjum hafa hagstæðari skuldastaðu en Ísland.

[Sjá töfluset um fjármál hins opinbera...](#)

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
	1999-2000	2000-2001
12 mánaða breytingar, %	17,1	8,9
Skatttekjur alls	26,3	15,9
Tekjuskattar	9,8	3,5
Tryggingagjöld	33,0	11,3
Eignarskattar	11,5	4,7
Veltuskattar	15,8	9,2
Tekjur alls		

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
	1999-2000	2000-2001
12 mánaða breytingar %	30,3	-9,4
Almenn mál	1,8	19,4
Félagsmál	13,9	38,1
Atvinnumál	14,9	40,7
Vaxtagjöld	8,1	38,2
Önnur útgjöld	8,5	23,2
Gjöld alls		

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	5.938	2.218
Hr. lánsfjárfönuður	9.870	583
Afborganir lána	-10.648	-5.041
Br. lánsfjárfönuður	-1.777	-6.958
Lántökur	3.437	7.837
Greiðsluafkoma	1.660	879

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-apríl 2000/01	5,9	4,5
Kjarnaverðbólga-apríl 2000/01	3,6	4,1
Launavísitala-feb. 2000/01	4,6	8,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smásluvelta jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi - feb. 2000/01	1,7	1,5

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson; Veflang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



26. apríl 2001

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars 2001

Samkvæmt tölum um afkomu ríkissjóðs á fyrsta fjórðungi yfirstandandi árs var handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpan 1½ milljarð króna, samanborið við 4½ milljarðs króna jákvæða stöðu í fyrra. Þessi niðurstaða er 800 m.kr. innan ramma fjárlaga.

Hreinn lánsfjárfjöldur var neikvæður um 3,8 milljarða króna sem er um hálfum milljarði hagstæðari útkoma en áætlað var, en rúmlega 10 milljörðum lakara en í fyrra. Skýringin á lakari útkomu en í fyrra er, auk þess sem áður er nefnt, að þá komu til greiðslu 5,5 milljarðar króna vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum á árinu 1999.

Á fyrstu þremur mánuðum þessa árs voru auk þess greiddir 3,8 milljarðar króna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að grynna á framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs, en samkvæmt fjárlögum 2001 er áformað að greiða 15 milljarða í LSR.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrstu þremur mánuðum ársins 2001 reyndist neikvæð um tæplega 800 m.kr., samanborið við 500 milljarða neikvæða stöðu á sama tímabili árið áður.

Tekjur hækka um 4,3 milljarða króna á milli ára, sem einkum má rekja til skatta á tekjur og hagnað. Þróun almennra veltuskatta, og þá sérstaklega virðisaukaskattsins, gefur góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu. Mikið hefur hægt á veltunni í efnahagslífinu undanfarin misseri og á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hækkuðu veltuskattar einungis um ½% frá sama tíma í fyrra. Í þessu sambandi er vert að benda á að verðlag hefur á sama tímabili hækkað um tæplega 4% og endurspeglar þessi þróun því nokkurn samdrátt að raungildi. Þessa þróun má meðal annars rekja til verulegs samdráttar í vörgjöldum af ókutækjum og bensíni, en innflutningur af ókutækjum hefur dregist saman um 30% milli ára. Stærsti tekjulíður ríkissjóðs, virðisaukaskatturinn, hefur einungis aukist um 2,3% á milli ára sem gefur ótvírætt til kynna að verulega sé farið að draga úr veltuaukningu í hagkerfinu.

Útgjöld ríkissjóðs hækka hins vegar um 10,3 milljarða milli ára. Mest var aukningin í útgjöldum til félagsmála eða rúmir 5 milljarðar. Hér munar mestu um afurvirka greiðslu til öryrkja vegna dóms Hæstaréttar upp á 1.300 m.kr.

Útgjöld til atvinnamála hækka um tæpa 2 milljarða króna sem rekja má að mestu til uppkaupa ríkisins á fullvirðisrétti bændu, og aukinna framlaga til samgöngumála og Byggðastofnunar.

Vaxtagreiðslur hækka um 38% eða 2½ milljarð króna. Þar af hækka greiðslur vegna spariskírteina um 1,8 milljarða sem skýrist af því að stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í febrúar.

[Sjá afkomugreinargerð...](#)

Mat erlendra aðila á íslenskum efnahagsmálum

Það er ekki eingöngu á Íslandi sem sífellt er rætt um landsins gagn og nauðsynjar. Fjöldi erlendra aðila fylgist grannt með þróun efnahagsmála hér á landi og birtir reglubundið skýrslur um stöðu og horfur í íslenskum efnahagsmálum.

Á undanförunum mánuðum hafa allir þeir aðilar, sem verða að teljast þungavigtaraðilar á þessu sviði, átt viðræður við íslensk stjórnvöld og ýmsa aðra hér innanlands um þessi mál. Niðurstöður flestra hafa reyndar þegar birst. Þannig voru fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á ferð í janúar og birtu fyrstu niðurstöður sínar að heimsókn lokinni. Í maí mun síðan fara fram umræða um þessa skýrslu í framkvæmdastjórn sjóðsins. Að undanförunu hafa stóru matsfyrirtækin þrjú Moody's, Standard & Poor's og Fitch-IBCA birt sínar skýrslur og fyrr í þessum mánuði birti OECD skýrslu um íslensk efnahagsmál, sem fjallað var um í vefriti ráðuneytisins 10. apríl síðastliðinn. Allir þessir erlendu aðilar leggja metnað sinn í að leggja sjálfstætt mat á stöðuna hér heima enda eru skýrslur þeirra mikilvæg gögn fyrir ýmsa erlenda aðila á fjármagnsmarkaði og víðar sem eiga eða hyggja á viðskipti við innlenda aðila.

Samantekið álit þessara aðila er á þann veg að þeir hafa fagnað þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á undanförunum árum, bæði hvað varðar almenna hagstjórn og þær skipulagsbreytingar sem hefur verið gripið til í átt til aukinnar markaðsvæðingar. Sérstaklega benda þeir á mikil umskipti í ríkisfjármálum sem hafi skipt sköpum í hagstjórninni að undanförunu. Þeir benda einnig á mikilvægi þess að stjórnvöld fylgi áfram aðhaldssamri efnahagsstefnu til að draga úr viðskiptahalla og halda aftur af verðbólgu. Þetta á bæði við um stefnuna í ríkisfjármálum sem þeir telja að megi ekki slaka á miðað við það sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 2001. Hér benda þeir sérstaklega á sveifluleiðir, eða kerfislægan, afgang. Jafnframt fagna þeir þeim breytingum sem hafa nýlega verið gerðar á peningamálastefnunni þar sem horft verður til verðbólgu markmiðs fremur en til gengis.

Í greinargerðum þessara aðila kemur einnig fram að minnkandi útlánaþensla og viðskiptahalli myndi hafa jákvæð áhrif á markaðnum, enda yrði þeim kerfisafgangi viðhaldið sem hefur verið á ríkissjóði að undanförunu. Ennfremur mun sala á bönkunum tveimur hafa sömu áhrif auk þess sem frekari sala ríkisfyrirtækja gæti leidd til aukinnar fjármagns og þannig hamlað gegn útstreymi fjár og neikvæðum áhrifum þess á gjaldreyrissjóðuna.

Sjá skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál...

Færsla bókhalds og samning ársreiknings í erlendri mynt

Nú er til athugunar í fjármálaráðuneytinu hvort heimila eigi íslenskum fyrirtækjum sem hafa umfangsmikil viðskipti erlendis að færa bókhald og gera ársreikninga í erlendri mynt. Þetta er eðlilegt í ljósi stöðugt aukinnar alþjóðavæðingar og aukinna samskipta og samruna íslenskra og erlendra fyrirtækja.

Meginreglan um færslu bókhalds hefur verið sú að bókhaldið sé fært í íslenskum krónum enda hafa viðskiptin farið fram í íslenskum krónum. Hins vegar er full ástæða til að kanna vel hvort ekki sé rétt að koma til móts við þau fyrirtæki sem telja sér hag í því vegna viðskipta sinna erlendis að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli. Ýmsar nágrannalönd okkar hafa opnað fyrir slíkar heimildir. Skoða þarf mjög vel hvaða skilyrði þarf að setja áður en heimildin yrði veitt. Væntanlega þarf að setja skilyrði um umsvif viðskipta og starfsemi erlendis, hvort viðkomandi fyrirtæki er með dótturfyrirtæki erlendis eða er dótturfyrirtæki erlends aðila. Fleiri skilyrði þarf hugsanlega að setja.

Verði fyrirtækjum veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli þarf einnig að taka afstöðu til þess hvernig skuli ákvarða skattstofna, álagningu og greiðslu skatta og aðrar skyldubundnar upplýsingar til skattfyrvalda. Ef skattauppgjör á sér stað í erlendum gjaldmiðli þarf jafnframt að taka afstöðu til þess hvort heimila eigi að greiðsla skatta og opinberra gjalda fari fram í sömu mynt. Er ljóst að gengisáhætta verður til við slíkt fyrirkomulag. Þá kallar uppgjör í erlendum gjaldmiðli væntanlega á brottfall verðbreytingarfærslu og endurmats eigna.

Þetta mál er til skoðunar í nefnd sem fjármálaráðherra skipaði til að endurskoða lög um ársreikninga. Gera má ráð fyrir að endanlegar tillögur frá henni liggi fyrir í haust.


Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	13,3	8,8
Tekjuskattar	20,7	19,7
Tryggingagjöld	7,2	6,8
Eignarskattar	10,6	21,5
Veltuskattar	10,3	0,5
Tekjur alls	12,3	8,7

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	17,2	-1,8
Félagsmál	5,1	20,7
Atvinnumál	7,4	30,8
Vaxtagjöld	27,5	37,8
Önnur útgjöld	31,6	40,8
Gjöld alls	10,5	22,7

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	4494	-1475
Hr. lánsfjárfjöldur	6775	-3752
Afborganir lána	-18356	-6400
Br. lánsfjárfjöldur	-13080	-13902
Lántökur	12604	13113
Greiðsluafkoma	-476	-789


Ýmsar helstu hagtilur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-apríl 2000/01	5,9	4,5
Kjarnaverðbólga-apríl 2000/01	3,6	4,1
Launavísitala-mars. 2000/01	4,6	9,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smásöluvelta jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi - mars. 2000/01	1,9	1,5

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veflang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



3. maí 2001

Innflutningur staðvirtur mv. gengi



Innflutningur í apríl dregst verulega saman

Vöruskiptajöfnuðurinn á fyrsta ársfjórðungi var neikvæður um 7,3 milljarða samanborið við 5,6 milljarða halla á sama tíma í fyrra. Þessi niðurstaða segir þó ekki alla söguna þar sem án skipa og flugvéla var vöruskiptajöfnuðurinn einungis neikvæður um rúmar 800 milljónir samanborið við 4,7 milljarða halla á síðasta ári. Á þennan mælikvarða hefur því vöruskiptajöfnuðurinn batnað um tæpa 4 milljarða fyrstu þrjá mánuði ársins samanborið við síðastliðið ár.

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem fjármálaráðuneytið hefur látið vinna dróst almennur vöruinnflutningur í apríl, þ.e. án skipa og flugvéla, saman um líðlega 6% að raungildi miðað við apríl á síðasta ári eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Þar sést einnig að verulega hefur dregið úr innflutningi frá því í fyrra. Þriggja mánaða meðaltöl gefa enn gleggri mynd af þessari þróun, en þau sýna umtalsverðan viðsnúning frá 18% aukningu um mitt síðasta ár í 4% samdrátt fyrstu fjóra mánuði ársins 2001.

Þessar tölur gefa ótvíræða vísbendingu um að verulega sé að draga úr innlendri eftirspurn og þar með innflutningi sem væntanlega mun hafa jákvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar.

Ný spá OECD birt í dag

Í dag er birt ný spá frá OECD fyrir öll aðildarríkin. Þegar á heildina er lítið er spáin fremur bjartsýn og nokkru bjartsýnni en spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem var birt í síðustu viku. Þannig er gert ráð fyrir að sú niðursveifla sem gætt hefur í bandarísku efnahagslífi verði skammvinn og að hagvöxtur fari að aukast á ný síðar á þessu ári. Þegar á næsta ári er hagvöxtur talinn geta orðið um 3%, samanborið við 1¼% í ár. Ekki er reiknað með að áhrifa þessarar niðursveiflu gæti að marki í Evrópu og eru efnahagshorfur þar því taldar nokkuð bjartar og hagvöxtur talinn verða áfram viðunandi, eða um 2½-2¾% í ár og næsta ár. Eini neikvæði þátturinn í spánni snýr að japönsku efnahagslífi og eru frekar taldir líkur á að stöðan versni enn frekar og að hagvöxtur verði aðeins um 1% í ár og næsta ár.


Af hálfu OECD er hins vegar bent á ýmsa óvissuþætti sem geta breytt stöðunni til hins verra. Þannig er sérstaklega tiltekið að talsverð óvissa ríkir enn um horfur á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum; haldi hann áfram að lækka mun það að öllum líkindum leiða til svipaðrar þróunar annars staðar. Slík þróun mun hafa neikvæð áhrif á væntingar og veikja almenna stöðu efnahagslífs í aðildarríkjum OECD og víðar. Sömuleiðis er bent á að ekki sé hægt að útiloka alvarlega fjármálakreppu í Japan og jafnvel í sumum ríkjum Austur- og Mið-Evrópu. Af þessum ástæðum er talin fyllsta þörf á að stjórnmönd haldi vöku sinni og fylgi áfram aðhaldssamri ríkisfjármálastefnu. Þó er bent á að í sumum ríkjum kunní að vera svigrúm til hóflegar lækunnar

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars			
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001	
Skatttekjur alls	13.3	8.8	
Tekjuskattar	20.7	19.7	
Tryggingagjöld	7.2	6.8	
Eignarskattar	10.6	21.5	
Veltuskattar	10.3	0.5	
Tekjur alls	12.3	8.7	

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars			
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001	
Almenn mál	17.2	-1.8	
Félagsmál	5.1	20.7	
Atvinnumál	7.4	30.8	
Vaxtagjöld	27.5	37.8	
Önnur útgjöld	31.6	40.8	
Gjöld alls	10.5	22.7	

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr

Hagvaxtarspá OECD



skatta, ekki síst til þess að treysta stöðu atvinnulífsins og lagfæra ýmsar kerfislegar veitur.

Krafa fjármálaráðuneytis vegna þjóðlendna

Fjármálaráðherra hefur nýlega lokið við kröfulýsingu til óbyggðanefndar fyrir sveitarfélögin milli Hornafjarðar og Þjórsár. Samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta fer fjármálaráðherra með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna. Í því felst að hann setur fram kröfur vegna þjóðlendna fyrir óbyggðanefnd. Á sama hátt setja viðkomandi landeigendur eða aðrir hagsmunaaðilar fram kröfur fyrir sína hönd. Úrskurðarvald um mörk eignarlanda og þjóðlendna er í höndum óbyggðanefndar sem er óháð nefnd. Ein helsta ástæða fyrir setningu laganna var án efa sú að ryðja í burt þeirri óvissu sem ríkt hefur um langt skeið í íslenskum rétti varðandi mörk eignarlanda að einkarétti gagnvart lendum sem ekki eru slíkom rétti undirorpin. Óvissa um eignarheimildir og eignarmörk skapar óvissu í viðskiptum með umræddar lendum og getur dregið langan dilk málaferla, óþæginda og tafa á eftir sér. Grunnhugsunin með lögnum var því sú að ganga í það verk í eitt skipti fyrir öll á nokkrum árum að skera úr um mörk eignarlanda gagnvart þjóðlendum til að eyða þessari óvissu og skapa öryggi í viðskiptum.

Engin fyriræli eru um það í lögnum hvernig haga skuli kröfugerð enda ekki von því að þau fjalla hvorki um efnisrétt né sönnunarreglur varðandi eignarréttinn. Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til breytinga á lögnum sem m.a. sneri að breytti málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd. Við meðferð málsins hjá allsherjarnefnd kom fram ósk um það frá hagsmunaaðilum að sönnunarreglur yrðu settar um í hvaða tilvikum land teldist eignarland. Í áliti nefndarinnar er þess sérstaklega getið að þegar lögin voru sett hafi verið byggt á því að ekki yrðu settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teldist eignarland í merkingu laganna heldur réðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar væru fram í hverju einstöku tilviki. Var það niðurstaða nefndarinnar að áfram yrði byggt á því.

Til viðbótar við þá kröfugerð sem nú hefur verið lögð fram hefur kröfum einnig verið lýst vegna þjóðlendna í Arnessýslu og í Austur-Skaftafellssýslu. Er kröfugerðum á öllum þeim svæðum sem kröfum hefur verið lýst hagað þannig að sem best samrýmist þeim dómafordæmum og fræðikenningum sem þekkt eru varðandi eignarhald á þeim landsvæðum sem eru til meðferðar hverju sinni. Ekki liggja enn fyrir úrskurðir frá óbyggðanefnd, en búast má við að úrskurður um þjóðlendumörk í Arnessýslu verði kveðinn upp innan tíðar.


Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	4494	-1475
Hr. lánsfjárfjófnuður	6775	-3752
Afborganir lána	-18356	-6400
Br. lánsfjárfjófnuður	-13080	-13902
Lántökur	12604	13113
Greiðsluafkoma	-476	-789

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-apríl 2000/01	5,9	4,5
Kjarnaverðbólga-apríl 2000/01	3,6	4,1
Launavísitala-mars 2000/01	4,6	9,2
Heildarvelta jan-des. 99/00	9,3	8,4
Smásöluvelta jan-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi-mars. 2000/01	1,9	1,5



10. maí 2001

Vísitala gengisskráningar



Staða og horfur í gengismálum

Þróun gengismála að undanförmu hefur orðið tilefni umræðu um almenna stöðu efnahagsmála. Það er eðlilegt. Hins vegar eru kröfur um sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda tímasekkja við ríkjandi aðstæður og endurhlómur frá liðinni tíð þar sem forsjárhyggja og afskiptasemi stjórnvalda réðu ríkjum og þóttu allra meina bót. Þeir tímar eru sem betur fer liðnir.

Ákvörðun um að taka upp verðbólumarkmið sem meginviðmiðun við stjórn peningamála í stað gengis er enn eitt dæmi um auknið vægi markaðsaflanna í íslensku efnahagslífi. Almennt var búist við að hún myndi leiða til tímabundinnar lækkunar gengis meðan ýmsir aðilar væru að losa sig út úr framvirkum samningum sem byggðu á fyrri tilhögun. Til lengri tíma lítið voru flestir sammála um að ekki væru forsendur fyrir lækkun krónunnar umfram það sem þegar hafði orðið. Þessi sjónarmið voru sett fram af hálfu flestra markaðsaðila auk Seðlabanka og fjármálaráðuneytis.

Enginn spáði þeirri miklu lækkun krónunnar sem varð í síðustu viku enda almennt talið að hér hafi verið skotið yfir markið. Gengisþróunin síðustu daga virðist renna stoðum undir þessa skoðun þar sem þessi lækkun hefur nær öll gengið til baka. Þessi þróun sýnir hins vegar að nokkuð skortir á að fjármagnsmarkaðurinn sé orðinn nægilega öflugur til þess að koma í veg fyrir slíkar sveiflur. Hann virðist enn mjög viðkvæmur fyrir minnsta utanaðkomandi áreiti og hafa tilhneigingu til að bregðast of harkalega við. Þetta gerðist í fyrra þegar Hafrannsóknastofnun lagði til samdrátt í þorskafla og aftur núna vegna væntinga um svipaðar tillögur. Þessi viðbrögð eru enn athyglisverðari fyrir þá sök að forráðamenn helstu fiskvinnslufyrirtækja hafa bent á að það verði brugðist við þessum samdrætti með aukinni sókn í aðra fiskstofna.

Að öllu samanlögðu virðast flestar almennar efnahagslegar forsendur styðja þá skoðun að gengið eigi eftir að styrkjast enn frekar. Verulega hefur dregið úr innlendra eftirspurn að undanförmu og það hefur þegar birst í minni vöruskiptahalla. Ennfremur má gera ráð fyrir því að ákvarðanir um sölu Landssímans og ríkisbankanna sem nú eru til meðferðar á Alþingi leiði til aukins innstreymis erlends fjármagns og verði þannig til að styrkja gengið. Sömu sögu er að segja um áform um frekari uppbyggingu stóriðju á næstu árum. Loks má reikna með að lækkun fyrirtækjaskatta, jafnt tekju- sem eignarskatta, geti skapað skilyrði fyrir frekari hækkun gengisins og auknum hagvexti.

Opnun vefsíðunnar bonds.is

Á undanförmum misserum hefur orðið mikil breyting til batnaðar í upplýsingagjöf til fjárfesta, bæði af hálfu stofnana ríkisins og einkaaðila. Á dögnum opnaði fjármálaráðherra nýja vefsíðu, bonds.is, og er opnun síðunnar liður í því að markaðssetja íslensk verðbréf erlendis. Nauðsynlegt er, til að veða upp á móti aukinni fjárfestingu innlendra fjárfesta í útlöndum, að erlendir fjárfestar auki kaup sín á innlendum verðbréfum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	13.3	8.8
Tekjuskattar	20.7	19.7
Tryggingagjöld	7.2	6.8
Eignarskattar	10.6	21.5
Veltuskattar	10.3	0.5
Tekjur alls	12.3	8.7

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	17.2	-1.8
Félagsmál	5.1	20.7
Atvinnumál	7.4	30.8
Vaxtagjöld	27.5	37.8
Önnur útgjöld	31.6	40.8
Gjöld alls	10.5	22.7

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	4494	-1475
Hr. lánsfjárföfnuður	6775	-3752
Afborganir lána	-18356	-6400
Br. lánsfjárföfnuður	-13080	-13902
Lántökur	12604	13113
Greiðsluafkoma	-476	-789

Ýmsar helstu hagtvölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-apríl 2000/01	5,9	4,5
Kjarnaverðbólga-apríl 2000/01	3,6	4,1
Launavísitala-mars. 2000/01	4,6	9,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smásöluvelta jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi - mars. 2000/01	1,9	1,5

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr


Nú geta þeir og aðrir, sem áhuga hafa á, haft á einum stað aðgang að upplýsingum um íslenska skuldabréfamarkaðinn á ensku þar sem m.a. er að finna upplýsingar um hagstæðasta kaupgengi ríkisverðbréfa á hverjum tíma, upplýsingar um þróun gjaldmiðla og það nýjasta sem er að gerast á markaði og umfjöllun þar um. Einnig er að finna allar þær fréttir sem birtar eru á ensku á Verðbréfaþingi Íslands. Þá er boðið upp á reglulega pistla, skrifaða af sérfræðingum á íslenskum fjármálamarkaði auk tenginga við hinar ýmsu stofnanir. Vefsíðan er samvinnuverkefni Lánasýslu ríkisins, Íbúðalánasjóðs, Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands, Íslandsbanka FBA, Kaupþings, Sparisjóðabankans og Verðbréfaþings Íslands.

www.bonds.is

Hlutdeild ríkisins í bensínverði minnkar

Bensínverð hefur undanfarin misseri verið mikið í umræðunni vegna mikilla verðhækkana á heimsmarkaðsverði og gengislækkunar íslensku krónunnar, sem skilar sér inn í smásöluverðlag hér innanlands. Í þessu samhengi er vert að benda á að í október 1999 var vörugjaldi á bensíni breytt á þann veg að í stað 97% gjalds af innflutningsverði bensíns var tekin upp föst krónutala 10,50 krónur á lítra. Markmið þessarar breytingar var að draga úr áhrifum verðsveiflna á heimsmarkaði á smásöluverð innanlands og er kostnaður ríkissjóðs vegna þessa áætlaður 1,4 milljarðar sem hefur skilað sér í lægra bensínverði til neytanda. Þessi ákvörðun hefur stuðlað að lægra bensínverði hér á landi sem m.a. hefur birst í því að vægi opinberra gjalda í bensínverði hefur lækkað verulega, eða úr tæplega 70% í ársbyrjun 1999 í 60%.

Hlutdeild ríkisins í bensínverði



Fyrirtækjaskattar á Írlandi

Í umræðum um fyrirtækjaskatta er oft til þess vísað að ákvörðun liggja fyrir um það á Írlandi að tekjuskattur fyrirtækja verði 12,5% frá og með árinu 2003. Þetta er rétt svo langt sem það nær. En málið er eilítið flóknara.

Samkvæmt írskum skattalögum eru tekjur fyrirtækja flokkaðar í þrennt, þ.e. viðskiptatekjur (trading income), tekjur sem ekki eru viðskiptatekjur (non-trading eða passive income) og söluhagnað. Tekjuskattshlutfall hjá einstökum fyrirtækjum er síðan mismunandi eftir því hvers konar tekjur um ræðir. Þannig er skattur á viðskiptatekjur fyrirtækja nú 20%, mun lækka í 16% á næsta ári og verður síðan 12,5% frá og með árinu 2003. Á söluhagnað fyrirtækja er og verður áfram lagður 20% tekjuskattur. Á tekjur fyrirtækja sem ekki eru viðskiptatekjur, en til þeirra teljast vaxtatekjur, þóknarir, arðstekjur, leiga af lausafé og tekjur af erlendra starfsemi, er hins vegar og verður áfram lagður 25% tekjuskattur.


Eiginlegt tekjuskattshlutfall írskra fyrirtækja ræðst því þegar upp er staðið af uppruna hagnaðar einstakra fyrirtækja hverju sinni og er því breytilegt frá ári til árs.



17. maí 2001

Þróun gengis og Innflutningsverðlags

Vísitölur – April 2000=100



Hækkun neysluverðs vísitölu í maí

Vísitala neysluverðs m.v. verðlag í maíbyrjun hækkaði um 1,4% frá síðasta mánuði. Þetta er nokkuð meiri hækkun en flestir höfðu spáð. Um það bil helming þessarar hækkunar má rekja til hækkingar á bensín- og bilverði og tvo þriðju hluta hækkingarinnar má rekja til innfluttra liða. Þar gæti auðvitað fyrst og fremst áhrifa gengislækkunar krónunnar.

Tölf mánaða hækkun vísitölnunnar er nú komin í 5,5%, eða svipað og var á fyrri hluta síðasta árs og hefur hækkað ört síðustu mánuði. Kjarnavísitalan er núna í líðlega 5% og hefur einnig hækkað nokkuð hratt upp á síðkastið, en hún var undir 3% um áramótin.

Þótt áhrif gengislækkunar séu að koma fram í þessum tölum þá fer því fjarri að öll áhrifin hafi farið út í verðlagið. Þannig hefur gengi krónunnar lækkað um 19% síðustu tólf mánuði og verð á erlendum gjaldmiðlum því hækkað um 23-24%. Verð á dollar hefur hækkað um 28% og evran um 25%. Hækkun innfluttra liða í vísitölnni þetta sama tímabil er hins vegar aðeins 6% og innflutningsverð án bensíns hefur hækkað um innan við 4%.

Þótt gengisáhrifin skili sér almennt með einhverri töf inn í verðlagið virðist ljóst af þessum tölum að sambengi gengis og verðlags hefur breyst frá því sem áður var og að aukin samkeppni í mörgum greinum verslunar vegur hér á móti. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að núverandi stefna í peningamálu getur valdið meiri sveiflum í gengi til skamms tíma en áður. Þetta kallar óhjákvæmilega á nýja hugsun og breyttar aðferðir við ákvörðun verðs á vöru og jafnvel þjónustu þar sem horft verði fremur til lengri tíma en skemmri og hver einasta gengissveifla verði ekki elt uppi.

Á næstu mánuðum má búast við að heldur fari að hægja á verðhækkunum að því gefnu að gengið lækki ekki frekar og fari frekar hækkanði. Þó er viðbúð að hækkun vísitölnunnar um næstu mánaðarmót geti orðið nokkuð mikil, en væntanlega nokkuð innan við 1%. Á þessum forsendum má ætla að verðbólgan innan ársins geti orðið á bilinu 5-5,5%.

Staðan í samningamálum við ríkisstarfsmenn

Samninganefnd ríkisins hefur nú skrifað undir 47 kjarasamninga sem taka til 75 samningsaðila. Ólokið er 28 kjarasamningum við jafnmörg félög. Þeir kjarasamningar sem búið er að skrifa undir taka til um 2/3 hluta starfsmanna, en hjá ríkinu starfa rúmlega 18.000 manns. Alls hafa verið haldnir nálægt 650 formlegir fundir auk fjölda óformlegra funda.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars			
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001	
Skatttekjur alls	13,3	8,8	
Tekjuskattar	20,7	19,7	
Tryggingagjöld	7,2	6,8	
Eignarskattar	10,6	21,5	
Veltuskattar	10,3	0,5	
Tekjur alls	12,3	8,7	

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars			
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001	
Almenn mál	17,2	-1,8	
Félagsmál	5,1	20,7	
Atvinnumál	7,4	30,8	
Vaxtagjöld	27,5	37,8	
Önnur útgjöld	31,6	40,8	
Gjöld alls	10,5	22,7	

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	4494	-1475
Hr. lánsfjárfniðing	6775	-3752
Atborganir lána	-18356	-6400
Br. lánsfjárfniðing	-13080	-13902
Lántökur	12604	13113
Greiddsluafkoma	-476	-789

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-maí 2000/01	5,9	5,7
Kjarnaverðbólga-maí 2000/01	3,3	5,2
Launavísitala-mars. 2000/01	4,6	9,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smásöluvelta jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi-mars. 2000/01	1,9	1,5

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson; Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr

Búið er að semja við öll félög innan ASÍ og FFSÍ auk Vélstjórafélags Íslands. Í BSRB á aðeins eftir að semja við lögreglumenn, sjúkraliða og tollverði, en innan BHM er aðeins búið að semja við dýralækna, háskólakennara, háskólamenntaða starfsmenn Stjórnarráðsins, kennara við Kennaraháskólann, lögfræðinga, félagsvísindamenn og þá sem eru innan vébanda Útgarðs. Af þeim sem eru í öðrum bandalögum eða utan bandalaga er búið að semja við flugumferðarstjóra, framhaldsskólakennara og tæknifræðinga, en eftir er að semja við verkfræðinga og lækna sem starfa annars staðar en á heilsugæslustöðvum. Heilsugæslulækna taka hins vegar laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar.

Af hálfu samninganefndar ríkisins hefur einkum verið áhersla á þrjú atriði: Í fyrsta lagi að framfylgja þeirri launastefnu sem mörkuð var á hinum almenna vinnumarkaði á síðasta ári. Í hnotskurn þýðir það samninga til nóvemberloka 2004 með upphafshækkun upp á 6,9% og síðan 3% á ári næstu þrjú ár.

Í öðru lagi að formfesta aðlögunarsamningana og gera þá að varanlegum þætti kjarasamningsins. Þeir heita nú stofnanasamningar og í tillögu samninganefndar ríkisins er gert ráð fyrir að þeir verði endurskoðaðir með reglubundnum hætti.

Í þriðja lagi að breyta vinnutímakafla samninganna. Tillögur samninganefndar ríkisins ganga út á meiri sveigjanleika innan hvaða tímamarka vinnuskyldunnar er skilað og að skerpa á þeim ákvæðum er varða frávik frá lágmarkshvöld og útreikning frítökuréttar.

Skaðleg skattasamkeppni - Staðan hjá OECD

Dagana 9.-11. maí sl. var haldinn fundur í sérstökum vinnuhópi OECD (Forum on Harmful Tax Practices) sem leita á leiða til að stemma stigu við skaðlegri skattasamkeppni. Þessi vinna byggir á tveimur skýrslum samþykktum af ráðherraráði OECD, sú fyrri í apríl 1998 undir yfirskriftinni "Tax Competition - An Emerging Global Issue", en sú síðari í júní í fyrra og ber hún heitið "Towards Global Tax Co-Operation". Verkefni vinnuhópsins er að móta samræmdar aðgerðir gegn skattareglum sem geta haft skaðleg áhrif á samkeppni undir formerkjum aðildarríkja OECD. Þessar aðgerðir beinast ekki aðeins að aðildarríkjunum sjálfum heldur líka ýmsum þekktum skattavinjum (tax havens). Jafnframt hafa farið fram viðræður við ríki utan OECD um að taka þátt í þessu starfi.

Fyrir liggur listi yfir 47 skattaákvæði í ríkjun OECD sem talin eru "hugsanlega skaðleg", en samkvæmt samþykkt ráðherraráðs OECD skulu þau lagfærð eða afnumin fyrir lok apríl 2003. Þar á meðal eru íslensku lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin. Ennfremur er til listi yfir 35 skattavinjar. Nokkrar þeirra hafa þegar samþykkt að gera breytingar á skattaumhverfi sínu í takt við tilmæli OECD, þar á meðal Andorra, Gibraltur, Guernsey og Jersey.

Í fundinum flutti bandaríska sendinefndin öðrum fulltrúum þau óvæntu tíðindi að ríkisstjórnin vildi draga úr þeirri áherslu sem lögð hefði verið á að fá einstakar skattavinjar til að breyta eigin skattakerfi. Rökin fyrir þessum sinnaskiptum eru þau að Bandaríkin styðji ekki aðgerðir sem feli í sér fyrirmæli um það hvernig sjálfstæð ríki byggi upp eigið skattkerfi.

Ljóst er að sinnaskipti bandarísku ríkisstjórnarinnar skapa miklu óvissu um framhald þessa starfs, ekki síst í ljósi þess að enn liggur ekki fyrir hvort þau nái einnig til "skaðlegra" skattaákvæða í aðildarríkjunum OECD. Á fundinum lögðu sérfræðingar OECD fram málemiðlunartillögu sem verður til skoðunar í einstökum aðildarríkjunum fram að næsta fundi nefndarinnar um miðjan júní. Fyrstu viðbrögð við henni virtust að hún gengi of skammt fyrir Bandaríkjamenn en of langt fyrir velflest önnur aðildarríki OECD. Framvinda þessa máls er því í nokkurri óvissu.



23. maí 2001

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2001

Fyrstu fjóra mánuði ársins var handbært fé frá rekstri neikvætt um rúmar 200 m.kr., samanborið við 8,6 milljarða jákvæða stöðu í fyrra. Þessi niðurstaða er 2,4 milljónum króna lakari en gert var ráð fyrir í áætlunum. Tekjur eru því sem næst í samræmi við áætlanir, en gjöldin eru 2,4 milljörðum króna umfram heimildir og þar vegur þyngst 1,3 milljarða króna greiðslur vegna hæstaréttardóms um málefni öryrkja.

Heinn lánsfjárfjórðunur var neikvæður um 1,9 milljarða króna sem er um 3 milljörðum lakari útkoma en áætlað var og 13½ milljarði króna lakara en í fyrra. Skýringin á lakari útkomu en í fyrra er, auk þess sem áður er nefnt, að þá komu til greiðslu 5,5 milljarðar króna vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum á árinu 1999.

Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs voru auk þess greiddir 5 milljarðar króna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að grynna á framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs, en samkvæmt fjárlögum 2001 er áformað að greiða 15 milljarða í LSR.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2001 reyndist jákvæð um rúmlega einn milljarð króna, samanborið við 5 milljarða á sama tímabili árið áður.

Tekjur hækka um 4,3 milljarða frá fyrra ári sem einkum má rekja til skatta á tekjur og hagnað. Veltuskattar lækka hins vegar um tæplega 1 milljarð frá sama tíma í fyrra sem meðal annars endurspeglar hve mjög hefur hægt á innlendra eftirspurn.

Gjöldin hækka hins vegar um 13,1 milljarð króna. Um helmingur þessarar hækkunar stafar af sérstökum tilefnum sem ástæða er til að nefna. Þannig nemur hækkun vaxtagreiðslna um 2,6 milljörðum, fyrst og fremst vegna sérstakrar innlausnar spariskirteina í febrúar; sérstakar greiðslur til öryrkja nema 1,3 milljörðum króna; 1,1 milljarður skýrist af bættri greiðslustöðu Tryggingastofnunar ríkisins vegna sjúkratrygginga; uppkaua á fullvirðisrétti bændna nema 0,8 milljörðum og sérstök hækkun framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 0,9 milljörðum.

[Sjá afkomugreinargerð...](#)

Heildarlög um opinber innkaup samþykkt á Alþingi

Í síðastliðinni viku voru samþykkt á Alþingi ný lög um opinber innkaup. Opinber innkaup eru mikilvægur málaflokkur enda er áætlað að verðmæti þeirra nemi um 14% af þjóðarframleiðslu. Í lögnum er að finna alla efnisreglur er snúa að samskiptum opinberra aðila og einkamarkaðar þegar kemur að útbodum og innkaupum yfir tilteknum viðmiðunarfjárhæðum. Meðal breytinga í kjölfar lagasetningarinnar má nefna að gildissvið reglna um opinber innkaup er nú hið sama hvort sem um er að ræða innkaup yfir eða undir viðmiðunarfjárhæðum EES, sömu leikreglur gilda í meginatriðum um útbod hvort sem um er að ræða EES útbod eða ekki og viðmiðunarmörk vegna útbodsskyldu innanlands eru hækkuð í 5 milljónir króna vegna vörukaupa og 10 milljónir vegna þjónustu og verkfræmkaðnaðs. Kærufélag útbodsmála sem hefur á undanföllum árum starfað sem ráðgefandi nefnd á vegum fjármálaráðherra verður samkvæmt lögnum sjálfstæð úrskurðarnefnd og hafa úrræði hennar verið styrkt.

Megintilgangur laganna er að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri. Ákvæði laganna miða því að því að tryggja réttarstöðu bjóðenda, skapa betri aðstæður fyrir virka samkeppni og stuðla þannig að skynsamlegri meðferð almannaþjóf.

Undirbúningur lagasetningarinnar hefur staðið yfir undanfarin ár á vegum fjármálaráðuneytisins og hafa hagsmunaaðilar verið kallaðir til samráðs og

umsagnar um áherslur og einstök atriði. Gert er ráð fyrir því að fjármálaráðherra muni á næstu mánuðum birta nýja útbodsstefnu ríkisins sem hvílir á lögum um opinber innkaup en kveður á um sérstakar áherslur hvað varðar innkaup og innkaupaáferðir ríkisstofnana og annarra ríkisaðila.

Lögin öðlast þegar gildi og við gildistöku þeirra falla á brott lög nr. 52/1987 um opinber innkaup, með síðari breytingum og reglugerð nr. 302/1996 um innkaup ríkisins.

Aðalmiðlarakerfi ríkisvixla

Á dögnum var boðið út aðalmiðlarakerfi ríkisvixla sem er samningur um útgáfu ríkisvixla og viðskiptavakt með þá á eftirmarkaði. Markmið kerfisins er að tryggja samkeppnishæf tilboð í útbodum, auka seljanleika ríkisvixla á eftirmarkaði og tryggja ríkissjóði öruggan aðgang að lánsfé til skemmri tíma.

Fjögur gild tilboð bárust og var samningur til eins árs undirritaður við þrjá aðila; Íslandsbanka FBA hf., Landsbanka Íslands hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. Þeir eru því Aðalmiðlarar ríkisvixla.

Skv. samningnum munu útbod fara fram á tveggja mánaðar fresti með ríkisvixlaflokk til u.þ.b. 7 mánuða og hafa aðalmiðlarar einir aðgang að útbodunum. Samningurinn felur í sér kaupskyldu í útbodum og skyldur um framsetningu tilboða á Verðbréfaþingi Íslands auk þess sem hámarksmunur er settur á kaup- og sölutilboð.

Viðskiptavakt með ríkisverðbréf

Þá var einnig boðinn út samningur um viðskiptavakt á eftirmarkaði með 3 flokka spariskirteina og 2 flokka ríkisbréfa. Markmið samningsins er að treysta verðmyndun á ríkisverðbréfum og stuðla að auknum seljanleika þeirra á eftirmarkaði.

Sex gild tilboð bárust og var samningur til eins árs undirritaður við fjóra aðila; Búnaðarbanka Íslands hf., Kaupþing hf., Landsbanka Íslands hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. Þessir aðilar eru því Viðurkenndir viðskiptavakar ríkisverðbréfa.

Viðskiptavaki skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð á Verðbréfaþingi Íslands að tilteknu lámarki á hverjum tíma og hefur auk þess skyldur til að endurnýja tilboð sitt innan 10 mínútna sé tilboði hans tekið. Þá eru einnig gerðar kröfur um ákveðinn hámarksmun kaup- og sölutilboða. Sjá nánar á www.bonds.is

Þróun innleन्द्र eftirspurnar

Heildartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hafa dregist saman um 2,4% á milli ára. Minni tekjur af virðisaukaskatti má að verulegu leyti rekja til breyttar samsetningar innflutnings þar sem vægi fjárfestingar og rekstrarvara hefur stóruávik á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs frá sama tíma í fyrra. Virðisaukaskattstekjur af innflutningi jukust því um 9,4% frá sama tíma í fyrra. Slík breyting leiðir til þess að innheimtuhlutfall virðisaukaskattsins lækkar tímabundið þar sem sá skattur sem innheimtist við innflutning myndar jafnframt innskatt sem dregst frá útskatti við næstu skil. Það getur því valdið tímabundum sveiflum í innheimtu líkt og nú og reyndar á árunum 1997-1999.

Til samanburðar má nefna að almenn velta í þeim atvinnugreinum er tengjast einkaneyslu jókst um tæplega 1% á sama tíma, samanborið við 11% veltuaukningu árið áður. Því er ljóst að verulega er farið að hægja á innlendra eftirspurn.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	12.4	5.7
Tekjuskattar	21.6	17.0
Tryggingagjöld	6.9	8.9
Eignarskattar	11.9	15.5
Veltuskattar	8.5	-2.5
Tekjur alls	11.2	6.2

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13.1	4.1
Félagsmál	3.8	20.1
Atvinnumál	8.5	24.0
Vaxtagjöld	28.3	37.1
Önnur útgjöld	30.2	50.7
Gjöld alls	8.9	22.1

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8596	-235
Hr. lánsfjárfjórðunur	11857	-1934
Afborganir lána	-18904	-21440
Br. lánsfjárfjórðunur	-9045	-28375
Lántökur	14080	29417
Greiðsluafkoma	5034	1042

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-maí 2000/01	5,9	5,7
Kjarnaverðbólga-maí 2000/01	3,3	5,2
Launavísitala-mars. 2000/01	4,6	9,2
Heildarvelta jan.-des. 99/00	9,3	8,4
Smáðöluvelta jan.-des. 99/00	7,3	1,7
Atvinnuleysi - mars. 2000/01	1,9	1,5

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson; Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



31. maí 2001


Hvar er nýja hagkerfið?

Miklar sviptingar á hlutabréfamörkuðum í flestum iðnríkjum heims undanfarnin misseri og stórfelld lækkun frá því fyrir um það bil einu ári, ekki síst hjá ýmsum hátæknigreinum í upplýsinga- og fjarskiptagreinum, hefur valdið mikilli umræðu og efasemdum um stöðu hins svokallaða nýja hagkerfis. Margir ganga svo langt að halda því fram að nýja hagkerfið sé búið að vera og aðrir telja að það hafi í rauninni aldrei verið til. Þessi umræða er mikilvæg, ekki síst vegna þess að margir vilja skýra mikla uppsveflu í Bandaríkjunum og víðar að verulegu leyti með tilkomu og miklum vexti í þessum atvinnugreinum og eins, þegar um hægist í efnahagslífinu, að það stafi af erfðleikum í þessum sömu greinum.

En er nýja hagkerfið virkilega týnt og tröllum gefið? Eða var það aldrei til? Til að svara þessum spurningum þarf fyrst að reyna að átta sig á í hverju hið svokallaða nýja hagkerfi fólst og kannski ekki síður í hverju það fólst ekki. Það er nefnilega útbreiddur misskilningur að nýja hagkerfið sé einungis bundið við þau fyrirtæki sem starfa innan fyrrnefndra hátæknigreina, þ.e. í upplýsinga- og fjarskiptageiranum og öðrum hátæknigreinum, svo sem líftækniánaði, og að lækkun hlutabréfaferðs í þessum fyrirtækjum að undanförmu sýni að nýja hagkerfið hafi einungis verið skammvinn bóla. Um þetta var meðal annars fjallað á nýlegum fundi fjármálaráðherra OECD-ríkjana. [Sjá nánari umfjöllun á heimasíðu OECD: www.oecd.org](http://www.oecd.org).

Það er vissulega rétt að mikill vöxtur hefur verið í þessum hátæknigreinum á undanförmu árum og að hann hefur stuðlað að auknum hagvexti. Það sem hins vegar skiptir mestu máli er hröð útbreiðsla og notkun þessarar tækni, jafnt í atvinnulífinu sem í skólum og á heimilum og áhrifin á framleiðsluhætti ýmissa hefðbundinna atvinnugreina, ekki síst þegar fram í sækir, sem getur stuðlað að varanlegri framleiðni aukningu og þar með auknum hagvexti.

Þróun rafrænna viðskipta í nokkrum löndum



Það er athyglisvert að Ísland stendur að mörgu leyti framarlega á þessu sviði og beinlínis í fremstu röð hvað varðar farsímanotkun og útbreiðslu veraldarvefsins. Þá er rafvæn vinnsla opinberra gagna, rafræn viðskipti og skil á skattframtölum mjög þróuð og hefur óvída náð hliðstæðri útbreiðslu. Mikilvægast er þó að undirstöður efnahagslífsins eru traustar, að efnahagsstefnan stuðlar að stöðugleika, að ríkisfjármálin séu í góðu lagi og að unnt verið að halda verðbólgu í skefjum. Þetta er forsenda áframhaldandi hagvaxtar og batnandi lífskjara. Nýja hagkerfið mun hvorki koma í staðinn fyrir ýmsar hefðbundnar atvinnugreinarnar né leysa gömlu efnahagsvandamálin. Þess vegna er áfram mikilvægt fyrir stjórnvöld að hafa góða gætur á verðbólgu, viðskiptahalla, atvinnuleysi o.fl.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	12.4	5.7
Tekjuskattar	21.6	17.0
Tryggingagjöld	6.9	8.9
Eignarskattar	11.9	15.5
Veltuskattar	8.5	-2.5
Tekjur alls	11.2	6.2

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13.1	4.1
Félagsmál	3.8	20.1
Atvinnumál	8.5	24.0
Vaxtagjöld	28.3	37.1
Önnur útgjöld	30.2	50.7
Gjöld alls	8.9	22.1

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8596	-235
Hr. lánsfjárföfnuður	11857	-1934
Afborganir lána	-18904	-21440
Br. lánsfjárföfnuður	-9045	-28375
Lántökur	14080	29417
Greiddsluafkoma	5034	1042

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-maí 2000/01	5,9	5,6
Kjarnaverðbólga-maí 2000/01	3,3	5,2
Launavísitala-Apr. 2000/01	5,3	9,2
Heildarvelta jan.-feb. 00/01	11,2	9,9
Smáskólaúvelta jan.-feb. 00/01	11,2	2,1
Atvinnuleysi-apr. 2000/01	1,5	1,6

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr

Árangurstengd fjárlagagerð

Á síðustu tveimur áratugum hafa ráðuneyti og þjóðþing fjölmargra OECD-ríkja lagt vaxandi áherslu á að skilgreina vandlega hvaða árangurs er vænst af opinberri starfsemi. Til þess að stuðla að árangursríkara starfi er dregið úr miðstýringu aðfanga og stjórnendum veitt svigrúm til að taka ákvarðanir um rekstrarleg atriði, svo sem fjölda starfsmanna og launakjör þeirra.

Þessi áherslubreyting hefur bætt opinbera stjórnun og aukið framleiðni og skilvirkni. Mörgum þykir eðlilegt að stofnanir sem ná góðum árangri njóti þessi í fjárveitingum. Nokkur reynsla hefur fengist af því að tengja saman fjárveitingar og árangur opinberrar starfsemi hjá þeim ríkjum sem farið hafa inn á þessa braut. Þótt slík tenging sé langt frá því að vera einföld er verulegur áhugi á að halda áfram að þróa aðferðir á þessu sviði.

Í nýlegri úttekt OECD kemur fram að 54% OECD ríkjana birta einhvers konar árangursupplýsingar um flest verkefni í tengslum við fjárlagagerð og 21% til viðbótar birta upplýsingar um sum verkefni. Um það bil 73% birta upplýsingar um fjárlagafrumvarpinu, en önnur í sérstökum ritum. Hér á landi gefur fjármálaráðuneytið út ritið, Verkefnavísar, samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ástralir standa framarlega á þessu sviði og hefur fjárlagagerð þeirra verið árangurstengd sl. þrjú ár. Þar er ætlast til að ráðuneyti og stofnanir skilgreini í sameiningu nákvæmlega hvaða árangri hvert og eitt verkefni eða þjónusta á að skila. Ráðuneytin eru ábyrgð fyrir því að skilgreina að hvaða árangri er stefnt, en stofnanir bera ábyrgð á að vera með starfsemi og veita þjónustu sem stuðlar að þeim árangri sem ætlunin er að ná. Í framhaldinu þarf að ákveða það verð sem ríkið greiðir fyrir hina ýmsu þjónustu og finna mælikvarða til að fylgjast með árangrinum sem af henni leiðir. Með samanburði er fundið út hvort stofnanir séu samkeppnisfærar í verði.

Mikil áhersla er lögð á gagnsæi í rekstri. Þannig birta allar stofnanir upplýsingar meðal annars um markmið sín og frammistöðu á veraldarvefnum auk þess að gefa út ársskýrslur. Ríkisendurskoðunin kannar hvort upplýsingarnar séu réttar. Líður í framangreindum breytingum er markviss úttekt á því hvernig þjónustan er veitt, þ.e. vinnuferlunum, í þeim tilgangi að þekkja sem best sambandi milli aðfanga, aðgerða, afurða og útkomu og gera í framhaldinu breytingar sem stuðla að árangursríkara starfi. Ætlunin er að yfirfara vinnuferli hverrar stofnunar þrjú á hvert ár.

Gerð tvísköttunarsamninga

Vel hefur miðað á sviði samningagerðar um tvísköttunarmál á undanförmu mánuðum. Í lok mars hóf íslenska samninganefndin um gerð tvísköttunarsamninga (SUT) viðræður við Ítalíu og verður annar fundur aðila í byrjun júlí nk. Í byrjun maí sóttu Írar okkur heim til fyrsta fundar um gerð tvísköttunarsamnings milli landanna, en næsti fundur er fyrirhugaður í Dublin um miðjan september á þessu ári. Fram til þessa hafa ekki verið í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og þessara landa, þ.e. Ítalíu og Írlands.

Dagana 21. til 25. maí sl. átti íslenskan samninganefndin sinn fyrsta fund með samninganefnd bandarískra stjórnvalda um endurskoðun á nágildandi tvísköttunarsamninga landanna, sem hefur verið í gildi frá ársbyrjun 1976. Aðilum tókst að ljúka fyrstu yfirferð yfir fyrirbyggjandi samningsdrög, en ýmsir mikilvægir þættir eru þó enn óafgreiddir. Stefnt er að því að halda annan fund í Washington um miðjan mars 2002.

Auk þessa eru framundan viðræður við Grænland um gerð tvísköttunarsamnings en sem stendur er enginn samningur í gildi milli þessara grannþjóða. Áætlað er að hefja viðræður í ágúst nk. Þá hefur um allnokkurt skeið verið í undirbúningi að hefja viðræður við Mexíkó á fyrri hluta næsta árs. Svipuðu máli gegnir um gerð tvísköttunarsamning við Japan og er það mál nú í skoðun hjá japönskum stjórnvöldum.



7. Júní 2001

Efnahagsleg áhrif tillagna Hafrannsóknastofnunar

Hafrannsóknastofnun hefur nú birt tillögur sínar um hámarksaflla á næsta fiskveiðiári. Alvarlegustu tíðindin lúta að ástandi þorsstofnsins sem talinn er mun minni en áður hafði komið fram og jafnvel útlit fyrir frekari skerðingu aflaheimilda á þar næsta fiskveiðiári. Þetta eru vissulega vonbrigði, sérstaklega í ljósi væntinga um hægfara aukningu þorskafla á næstu árum.

Því fer hins vegar fjarri að hér sé um efnahagslegt áfall að ræða fyrir þjóðarbúskapinn. Þær tölur sem hafa verið nefndar í þessu samhengi gera ráð fyrir að hámarksáhrif á þjóðarbúskapinn svari til tæplega 1/2% minni hagvaxtar en ella hefði orðið, eða sem nemur 3 milljarða króna tekjutapi fyrir þjóðarþíð. Þessar spár gera hins vegar ráð fyrir að áhrif aflasamdráttarins gangi að fullu eftir og að sjávarútvegsfyrirtækin gripi ekki til sérstakra ráðstafana til að bregðast við honum. Þetta er vafasöm forsenda. Í þessu samhengi er fróðlegt að horfa til þess sem spáð var á síðasta ári þegar Hafrannsóknastofnun gerði tillögur sem fölu í sér mun meiri aflasamdrátt en nú. Þá var því spáð að útlutningsverðmæti sjávarafurða myndi dragast saman um 7-8% á árinu 2001. Í þessu tölum var heldur ekki gert ráð fyrir að fyrirtækin brygðust við versnandi aflahorfum með sérstökum aðgerðum. Síðustu spár benda hins vegar til þess að útlutningsframleiðsla kunni að dragast saman um 3% á milli ára, eða innan við helming þess sem áður var spáð.

Engin ástæða er til að ætla að sjávarútvegsfyrirtæki muni fremur sitja með hendur í skauti nú en í fyrra. Þess vegna má ætla að hin neikvæðu efnahagslegu áhrif verði jafnvel enn minni en nú er spáð. Fyrirtækin hafa ýmsa möguleika til að bregðast við samdrætti eða erfiðleikum í framleiðslu einnar tiltekinnar fisktegundar, til dæmis með því að sækja á önnur mið utan kvóta eða kaupa afla til vinnslu frá erlendum fiskiskipum. Loks má nefna að mismunandi verðþróun á fiskmörkuðum býður upp á ýmsa möguleika til að draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðs aflasamdráttar.

Framvindan það sem af er ári sýnir þetta glögg. Þannig jókst útlutningsverðmæti sjávarafurða fyrstu fjóra mánuði þessa árs um tæplega 22% frá sama tíma í fyrra. Þar af nam magnaukningin um 6 1/2%. Ennfremur er rétt að hafa í huga að vægi sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi hefur farið minnkandi á undanföllum árum þótt hann sé áfram mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar. Eins hefur fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða aukist og áhrif sveiflna í einstökum aflategundum hafa um leið dvináð.

Að öllu samanlögðu verður því að telja að tillögur um samdrátt í þorskafla á næsta ári gefi ekki tilefni til ótta um efnahagslegt áfall og kollsiglingu þjóðarskútunnar.

Áframhaldandi samdráttur innflutnings í maí


Samkvæmt bráðabirgðatölum sem fjármálaráðuneytið hefur látið vinna dróst heildarvöruinnflutningur í maí saman um 13% frá sama mánuði í fyrra. Að teknu tilliti til þess að gengi krónunnar hefur á sama tíma lækkað um 21% svarar þetta til tæplega þriðjungs samdráttar að raungildi. Almennur innflutningur, þ.e. án skipa og flugvéla, dregst einnig verulega saman að raungildi í maí, eða um tæplega 16%.

Fyrstu fimm mánuði ársins jókst heildarvöruinnflutningur um 13 1/2% í krónum talið miðað við sama tíma í fyrra, en að teknu tilliti til nálægt 13% lækunar gengis krónunnar svarar þetta til 1 1/2% samdráttar að raungildi. Innflutningur án skipa og flugvéla minnkaði enn meira, eða um 3% að raungildi.

Nánari greining á þessu tölum sýnir að innflutningur neysluvöru heldur áfram að dragast saman. Sérstaka athygli vekur að bilainnflutningur hefur dregist saman um hartnær 40% að raungildi fyrstu fimm mánuði ársins, en annar neysluvöruinnflutningur, svo sem ýmissa heimilstækja, hefur einnig dregist nokkuð saman. Ennfremur er verulegur samdráttur í innflutningi almennrar fjárfestingarvöru, einkum flutningatækja. Hins vegar hefur innflutningur rekstrarvöru til atvinnulífsins aukist töluvert. Þessar tölur gefa ótvíræða

Vöruskiptajöfnuður – án skipa og flugvéla

3 mánaða meðaltöl



visbendingu um að áfram dragi úr innlendi eftirspurn. Ennfremur benda þær til þess að vöruskiptajöfnuður kunni að verða hagstæðari árið 2001 en áður hefur verið talið. Meðfylgjandi línurit sýnir að hallinn á vöruskiptajöfnuði hefur smám saman farið minnkandi á undanföllum mánuðum og í apríl var í fyrsta skipti í nær fjögur ár lítils háttar afgangur á vöruskiptajöfnuði, þegar horft er framhjá inn- og útlutningi skipa og flugvéla. Þessi þróun endurspeglar minnkandi eftirspurn í efnahagslífinu sem aftur mun birtast í minni vöru- og viðskiptahalla þegar fram í sækir.

Langtímahorfur í finnskum efnahagsmálum

Finnska ríkisstjórnin hefur látið taka saman skýrslu um horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar til ársins 2050 í þeim tilgangi að örva umræðu um langtímastefnumörkun. Skýrslan verður kynnt í þinginu í tengslum við fjárlagagæðna og notuð við stefnumörkun í ríkisfjármálum. Finnska fjármálaráðuneytið hélt utan um vinnuna sem fjölmargir aðrir komu að.

Í aðalatriðum er um að ræða framreikning á ýmsum þjóðhagsstærðum miðað við mismunandi forsendur. Séð er fram á að þjóðinni fjölgi ekki mikið á næstu árum og að aldursamsetning breytist þannig að miðað við að fólk fari almennt á eftirlaun tæplega sextugt verði aðeins 1,1 vinnandi einstaklingur að baki hverjum bótáþega frá árinu 2030 og að útgjöld til lífeyrismála aukist um 6,5% af landsframleiðslu.

Í skýrslunni eru dregnar upp nokkrar mögulegar myndir af framtíðinni. Sé t.d. gengið út frá góðum ytri aðstæðum, 1 1/2-2% framleiðniaukningu á ári sem skilar jafnmikilli raunlaunahækkun og 1/2% raunhækkun ríkisútgjalda á næstu árum, virðist útlitið gott á næstu árum. Eftir því sem fjær dregur verður myndin hins vegar dekkri. Í forsendunum er m.a. gert ráð fyrir að aðrir skattar en á tekjur einstaklinga lækki um 2% af VLF vegna aukinnar skattasamkeppni. Frá árinu 2030 sýna útreikningarnir 5% viðvarandi halla á ríkisfjármálum og sýnt þykir að ekki verður mögulegt að auka skattlagningu á einstaklinga til að mæta þeim vanda þar sem slíkt muni draga úr vinnuframboði og fólk flýttist annað.

Skýrsluhöfundar telja að framreikningarnir sýni að taka þurfi ákvarðanir um að greiða niður skuldir hins opinbera nú, hækka lífeyrissaldur og auka atvinnuþátttöku og hreyfanleika vinnuaflls.

Framreikningar sem gerðir hafa verið fyrir Ísland sýna að við stöndum betur að vígi en flest ríki Evrópu vegna sparnaðar lífeyrissjóða, meiri atvinnuþátttöku og lengri vinnuævi. Þetta kemur meðal annars fram í athugun á vegum OECD sem gerð var fyrir nokkrum árum. Sömu niðurstöður koma fram í svokölluðum kynslóðareikningum sem gerðir hafa verið í samvinnu fjármálaráðuneytis og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og birst hafa í fjárlagafrumvarpinu. Loks má nefna að þessi mál eru til sérstakrar athugunar á nefnd á vegum fjármálaráðherra Norðurlanda og er þar um sambærileg verkefni að ræða.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
	1999-2000	2000-2001
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	12.4	5.7
Tekjuskattar	21.6	17.0
Tryggingagjöld	6.9	8.9
Eignarskattar	11.9	15.5
Veltuskattar	8.5	-2.5
Tekjur alls	11.2	6.2

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
	1999-2000	2000-2001
12 mánaða breytingar %		
Almenn mál	13.1	4.1
Félagsmál	3.8	20.1
Atvinnumál	8.5	24.0
Vaxtagjöld	28.3	37.1
Önnur útgjöld	30.2	50.7
Gjöld alls	8.9	22.1

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8596	-235
Hr. lánsfjárfjöfnuður	11857	-1934
Afborganir lána	-18904	-21440
Br. lánsfjárfjöfnuður	-9045	-28375
Lántökur	14080	29417
Greiðsluafkoma	5034	1042


Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-maí 2000/01	5,9	5,6
Kjarnaverðbólga-maí 2000/01	3,3	5,2
Launavísitala-Apr. 2000/01	5,3	9,2
Heildarvelta jan.-feb. 00/01	11,2	9,9
Smáðöluvelta jan.-feb. 00/01	11,2	2,1
Atvinnuleysi - apr. 2000/01	1,5	1,6

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



14. Júní 2001

Tekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti



Tekjur ríkisins af ökutækjum og eldsneyti minnka

Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti lækki um tæplega 2,5 milljarða á árinu 2001 og nemi 25 milljörðum króna. Þetta samsvarar um 3,5% af áætlaðri landsframleiðslu og hefur hlutfallið ekki verið lægra síðan 1994.

Bífréiðakaup landsmanna eru að jafnaði mjög háð hagsveiflum og á árunum 1994-2000 fjölgaði ökutækjum úr 151.339 í 210.324, eða um tæp 39%. Samfara þessari þróun hafa tekjur ríkisins af ökutækjum aukist á milli ára og náðu hámarki á síðasta ári.

Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs hafa bílannflutningur og vörugjöld hins vegar dregist saman um 41-42% frá sama tímabili 1999 og tekjur ríkisins vegna bífréiðarkaupna hafa lækkað úr 10,7 milljörðum 1999 í 6,5 milljarða samkvæmt áætlun 2001. Á móti kemur að tekjur ríkisins vegna notkunar ökutækja hafa verið að aukast.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að töluvert hefur dregið úr vægi vörugjalda á bensín, fyrst og fremst vegna breytinga á almennu vörugjaldi úr 97% af innflutningsverði í 10,50 krónur á hvern lítra haustið 1999. Vægi þungakatts hefur á sama tíma aukist, þrátt fyrir umtalsverðar lækkanir á gjaldskrá, en það má alfarið rekja til mikillar aukningar í jeppaeign landsmanna, en fjöldi díselbíla á fastagjaldi hefur rúmlega tvöfaldast síðan 1997.

Tillaga ESB um starfstengda lífeyrissjóði

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gert tillögu til Evrópuþingsins og Ráðherraráðsins að tilskipun fyrir starfstengda lífeyrissjóði. Meginmarkmiðið er að setja samræmdar reglur til að tryggja hagsmuni réttihafa í lífeyrissjóðunum, auka hreyfanleika vinnuafis innan sambandsins og skapa þeim lífeyrissjóðum sem koma til með að falla undir tilskipunina betri möguleika á því að nýta sér sameiginlegan fjármálamarkað ESB, með það að markmiði að bæta ávöxtun sjóðanna, auka áhættudreifingu og styrkja samkeppnishæfni evrópsks atvinnulífs. Eignir starfstengdra lífeyrissjóða nema nú um fjórðungi af landsframleiðslu ESB-rikkjanna.

Í tillögunum er m.a. gert ráð fyrir að fjárfestingareglur verði að meginstefnu grundvallaðar á almennri reglu um varfærnis- og skynsemissjónarmið í stað kvótatakmarkana, með það að markmiði að tryggja öryggi, greiðsluhæfni og arðsemi eignasafnsins. Aðildarríkjum er veitt ákveðið svigrúm til að setja reglur um fjárfestingar með þeim takmörkunum að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta fyrir allt að 70% af eignum sínum í hlutabréfum, framseljanlegum skuldabréfum og fyrirtækjaskuldabréfum sem og allt að 30% í erlendum gjaldmiðlum. Jafnframt verði lífeyrissjóðum heimilt að bjóða þjónustu sína yfir landamæri. Þannig verði lífeyrissjóði í einu aðildarríki heimilað að taka á móti iðgjöldum frá fyrirtækjum og launþegum í öðrum aðildarríkjum og ávaxta þau þar til að greiðslu lífeyris kemur. Viðkomandi lífeyrissjóði ber þó að virða félags- og vinnurettarlöggjöf þess ríkis þar sem iðgjaldanna er aflað.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	12.4	5.7
Tekjuskattar	21.6	17.0
Tryggingagjöld	6.9	8.9
Eignarskattar	11.9	15.5
Veltuskattar	8.5	-2.5
Tekjur alls	11.2	6.2

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13.1	4.1
Félagsmál	3.8	20.1
Atvinnumál	8.5	24.0
Vaxtagjöld	28.3	37.1
Önnur útgjöld	30.2	50.7
Gjöld alls	8.9	22.1

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8596	-235
Hr. lánsfjárföfnuður	11857	-1934
Atborganir lána	-18904	-21440
Br. lánsfjárföfnuður	-9045	-28375
Lántökur	14080	29417
Greiðsluafkoma	5034	1042


Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-júní 2000/01	5,5	6,8
Kjarnaverðbólga-júní 2000/01	3,2	6,8
Launavísitala-mai 2000/01	5,3	9,2
Heildarvelta jan-feb. 00/01	11,2	9,9
Smáðlúvelta jan-feb. 00/01	11,2	2,1
Atvinnuleysi-apr. 2000/01	1,5	1,6

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr

Í tillögunum er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir sem falla undir reglugerð EBE/1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkjanna, falli ekki undir tilskipunina. Samkvæmt EES-samningnum og viðaukum við hann falla íslensku lífeyrissjóðir undir þessa reglugerð og þar með utan gildissviðs tilskipunarinnar að því er varðar skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þ.e. þau iðgjöld sem skylt er að greiða til sjóðanna á grundvelli laga eða kjarasamninga. Tilskipunin gæti hins vegar haft áhrif á þann hluta af starfsemi sjóðanna sem lýtur að iðgjöldum sem eru umfram skyldutryggingu.

Lagt er til að tilskipunin verði innleidd í landsrétt aðildarríkjanna fyrir 1. janúar 2004. Unnt er að nálgast tillöguna, ásamt greinargerð, á heimasíðu ESB: http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/finances/pensions/proposal.htm

12 mánaða breytingar verðbólgu



Hækkun neysluverðsvísitölu í júní

Eins og fram hefur komið hækkaði neysluverðsvísitalan í júníbyrjun um 1,5% frá síðasta mánuði. Þetta er heldur meiri hækkun en almennt var spáð. Tæplega tvo þriðju hluta þessarar hækkunar má, annan mánuðinn í röð, rekja til innfluttra vara og þar með beint til gengislækkunarinnar að undanförmu. Í maímánuði einum hækkaði t.d. verð á erlendum gjaldreyri um 6,3%, hækkunin frá áramótum til loka maí nam 17% og síðustu tólf mánuði hefur verð á erlendum gjaldreyri hækkað um 30%.

Hækkun vísitölnnar síðustu tólf mánuði nemur 6,8%. Innfluttar vörur hafa hækkað heldur meira, eða um 8½%, sem skýrir nálægt 3% af heildarhækkuninni. Húsnæðisliðurinn skýrir tæplega 0,9% og hækkun á verði ýmissa þjónustulíða 1½%. Einungis 0,2% af þessari hækkun má rekja til hækkunar á verði opinberra þjónustu.

Það er athyglisvert að skoða þróun undirliggjandi verðbólgu, eða svokallaðrar kjarnaverðbólgu, en hún er hér skilgreind sem hækkun vísitölnnar að frátöldum áhrifum búvöru-, grænmetis-, húsnæðis- og bensínverðs. Á meðfylgjandi línuriti sést að verulega hefur dregið saman með þessum tveimur mælikvörðum að undanförmu og síðasta mæling sýnir nánast sömu tólf mánaða breytingu. Mestu munaði hins vegar um mitt síðasta ár, þegar kjarnaverðbólgan var í kringum 3½% á sama tíma og heildarvísitalan var rétt undir 6%. Það er fyrst og fremst gengislækkunin sem skýrir þessa þróun.

Erfitt er að segja fyrir um horfurnar á næstunni. Þar skiptir gengisþróunin auðvitað miklu sem og almenn efnahagsþróun. Frekari vísbendingar um minnkandi innlenda eftirspurn og áftamhaldandi bata á vöru- og viðskiptajöfnuði munu treysta gengið. Eins virðist verðþróun á fasteignamarkaði hafa snúist við, amk. um sinn. Loks hefur samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina styrkst með gengislækkun krónunnar. Allt þetta gefur vonir um að mesta verðhækkunarhrinin sé nú að baki og að framundan sé tímabil minni verðhækkana.

Fjármálaráðuneytið er sammála því mati Seðlabanka að horfur séu á að verðbólgan lækki tiltölulega hratt á næstu mánuðum og misserum og að markmið bankans um 2½% verðbólgu árið 2003 munu nást.



21. Júní 2001

Ný þjóðhagsspá


Í umfjöllun undanfarinna daga um niðurstöður nýbirtrar þjóðhagsspár hefur verið full mikil tilhneiging til að horfa á neikvæða þætti, en minna lítið til þess að í spánni eru einnig margir jákvæðir þættir. Spáin endurspeglar þá þróun sem gætt hefur að undanförmu að hagkerfið er að leita jafnvægis eftir einhverja kröftugustu efnahagsuppsveiflu sem hér hefur orðið. Þetta birtist einna gleggst í því að nú er því spáð að neyslu- og fjárfestingarútgjöld standi í stað á árinu 2001, en í mars var spáð 1½% aukningu. Hér munar mestu að spá um þróun einkuneysluútgjalda er lækkuð um 2%, úr 2½% í ½%, sem aftur má rekja til mun minni innflutnings en áður var spáð enda hefur almennur neysluvörinnflutningur farið ört minnkandi allt frá miðju síðasta ári.

Þessi þróun ætti að leiða til minni viðskiptahalla þegar á þessu ári en áður var spáð. Á móti vegur hins vegar gengislækkun krónunnar að undanförmu. Á þessari stundu er erfitt að meta horfumur framundan. Engu að síður er það mat fjármálaráðuneytisins að viðskiptahallaspáin, einkum fyrir þetta ár, sé í efri kantinum og að aðlögun hagkerfisins að breyttum aðstæðum geti gengið hraðar yfir en gert er ráð fyrir í spánni. Í þessu sambandi má benda á að gengislækkun undanfarinna mánaða hefur óneitanlega styrkt rekstrarstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina hér á landi sem ætti að skila sér í minni innflutningi og meiri útflutningi og þar með minni halla á vöruskiptajöfnuði við útlönd þegar á þessu ári.

Vöruskiptajöfnuður 1994-2001

Mánaðargögn m.v. 3 mánaða meðaltöl

M.kr.



Línuritíð sýnir að hallinn á vöruskiptajöfnuði hefur smám saman farið minnkandi á undanförmum mánuðum og í apríl var í fyrsta skipti í nær fjögur ár lítills háttar áfangur, þegar horft er framhjá inn- og útflutningi skipa og flugvéla.

Spáin fyrir árið 2002 hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Jákvæða hliðin er að spáð er hratt minnkandi verðbólgu og viðskiptahalla. Þetta er í samræmi við það mat fjármálaráðuneytisins að við séum að ganga í gegnum tímabundið verðbóluskot í kjölfar mikillar gengislækkunar krónunnar að undanförmu, auk þess sem áður var nefnt um hugsanlegt ofmat á viðskiptahalla í spánni. Neikvæða hliðin er hins vegar að spáð er áframhaldandi minni hagvexti, meðal annars vegna samdráttar í innlendri eftirspurn. Auk þess er útflutningur talinn dragast saman, einkum vegna áhrifa tillagna um minni aflakvóta á næsta ári. Rökin fyrir þessu eru ekki augljós, sérstaklega í ljósi þess að reynsla þessa árs sýnir að áhrif kvótaskerðingar hafa orðið minni en gert var ráð fyrir í upphafi.


Að mati fjármálaráðuneytisins virðist því ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að viðskiptahalli geti orðið minni en spá þjóðhagsstofnunar felur í sér og hagvöxtur að sama skapi meiri, bæði á þessu og næsta ári.

Hins vegar er ljóst að framvinda gengismála skiptir hér miklu. Flestar almennar efnahagslegar forsendur styðja þá skoðun að gengið eigi eftir að styrkjast frá því sem nú er.

Verulega hefur dregið úr innlendri eftirspurn að undanförmu og það hefur þegar birst í minni vöru- og viðskiptahalla þegar leiðrétt er fyrir áhrifum gengislækkunar krónunnar. Ennfremur má gera ráð fyrir því að sala Landssímans og ríkisbankanna fyrir lok þessa kjörtímabils muni leiða til aukins innstreymis erlends fjármagns og þannig verða til þess að styrkja gengið. Loks má fastlega reikna með að þær skattalækkunartillögur sem nú er unnið að á vegum ríkisstjórnarflokkanna muni skapa skilyrði fyrir frekari hækkun gengisins og meiri hagvexti.

Skatttekjur

12 mánaða breytingar m.v. 6 mánaða meðaltöl



Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Afkoma ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins endurspeglar annars vegar að hjól efnahagslífsins eru farin að snúast hægar og hins vegar að nokkur tilefni til sérstakra útgjalda hafa komið fram sem valda því að afkoma ríkissjóðs er nokkuð lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um rúma 5 milljarða króna borið saman við 6,5 milljarða jákvæða stöðu í fyrra. Þessi niðurstaða er 4½ milljarði króna lakari en gert var ráð fyrir í áætlunum.

Tekjumar hækka um 5 milljarða frá fyrra ári, en gjöldin um 16½ milljarð króna. Innheimta tekna er í samræmi við áætlanir, en gjöldin eru 4½ milljarði umfram áætlanir. Hækkun útgjalda umfram áætlanir stafar hins vegar að mestu leyti af sérstökum tilefnum og ákvörðunum og endurspeglar því ekki sérstök vandamál á útgjaldahlíð. Auk þess er rétt að vekja athygli á því að hluti af þessari hækkun útgjalda er ekki færður til gjalda á rekstrargrunni heldur einungis á greiðslugrunni.

Beinir skattar eru umfram áætlun, en á móti eru tekjur af óbeinum sköttum undir áætlun og vega þessi tveir þættir hvorn annan upp. Enn er drjúgur vöxtur í tekjusköttum og tryggingagjaldi, en það skýrist fyrst og fremst af því að á þessu tímabili falla til launahækkunar tveggja tímabila, þ.e. bæði hækkun samkvæmt kjarasamningnum vorið 2000 og viðbótarhækkun vorið 2001. Veltuskattar eru hins vegar 3½% lægri en í fyrra og jafnframt 3½ milljarði undir áætlun. Þar af skrifast 2½ milljarðir á virðisaukaskattinn einan saman. Þróun skatttekna síðustu tvö ár sýnir hve mikið hefur hægt á innlendri eftirspurn eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti.

Það sem af er árinu hafa fallið til ýmis sérstök gjaldatílefni sem ráða mestu um hækkun útgjalda, bæði frá fyrra ári og eins umfram áætlanir. Þar má nefna 3,3 milljarða í auknum vaxtagreiðslum, 1,3 milljarða í greiðslum til öryrkja í kjölfar hæstaréttardóms, 1,1 milljarð til Tryggingastofnunar til að rétta af halla hennar vegna útgjalda til sjúkratrygginga, 800 milljónir til uppkaupa á fullvirðisrétti bændu og 900 milljónir í sérstakt framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 7,2 milljarða. Hreinar erlendar lántökur nema tæpum 10 milljörðum og innanlands tæpum 3 milljörðum. Þá hefur ríkissjóður greitt 6,3 milljarða upp í framtíðarskuldbindingar sínar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en áformað er að greiða honum 15 milljarða á þessu ári.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mái			
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001	
Skatttekjur alls	12.9	4.9	
Tekjuskattar	21.7	16.4	
Tryggingagjöld	7.3	8.1	
Eignarskattar	13.0	14.7	
Veltuskattar	9.1	-3.6	
Tekjur alls	11.3	6.1	

Gjöld ríkissjóðs janúar-mái			
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001	
Almenn mál	17.0	2.7	
Félagsmál	5.1	19.9	
Atvinnumál	1.2	27.4	
Vaxtagjöld	25.0	39.3	
Önnur útgjöld	31.2	52.7	
Gjöld alls	8.6	22.4	

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mái		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	6521	-5112
Hr. lánsfjárfjöfnuður	8146	-7222
Afborganir lána	-19319	-21545
Br. lánsfjárfjöfnuður	-13671	-35018
Lántökur	12704	34047
Greiðsluafkoma	-968	-971

Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-júní 2000/01	5,5	6,8
Kjarnaverðbólga-júní 2000/01	3,2	6,8
Launavísitala-mái 2000/01	7,1	8,0
Heildarvelta jan.-feb. 00/01	11,2	9,9
Smásöluvelta jan.-feb. 00/01	11,2	2,1
Atvinnuleysi - maí. 2000/01	1,5	1,6

Umöskun: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



28. Júní 2001

Verðbólguþróun og skattalækkunar


Í nýlegri greinargerð Seðlabanka til ríkisstjórnarinnar er m.a. fjallað um helstu ástæður þess að verðbólgan er farin yfir þolmörk peningamálastefunnar. Fjármálaráðuneytið er sammála því mati bankans að meginskýringin á þessari þróun felist í gengislækkun krónunnar á undanföllum mánuðum.

Hins vegar er ráðuneytið ósammála því að gengislækkunina megi rekja til þeirrar skattalækkunar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á árinu 1997 og fólst einkum í því að tekjuskattur einstaklinga var lækkaður um 4 prósentustig og að þetta hafi orðið til þess að stóruka viðskiptahallann. Það sem skiptir máli hvað varðar áhrif skattbreytinga á eftirspurn í efnahagslífinu – og þar með á viðskiptahallann – er ekki hvernig einstök skatthlutföll hafa þróast heldur hvernig heildarskattbyrðin hefur breyst.

Skoðun á þróun heildarskatttekna ríkissjóðs síðustu ár leiðir í ljós að hlutfall þeirra af landsframleiðslu hefur ekki lækkað heldur hækkað úr 27% árið 1997 í 30,6% árið 2000 (sbr. línurit). Jafnframt hefur sveifluleiðréttur afgangur ríkissjóðs farið vaxandi á þessu tímabili eins og meðal annars hefur komið fram í skýrslum Seðlabankans. Þessi þróun er til vitnis um það aðhald sem falist hefur í stjórn ríkisfjármála á undanföllum árum. Sömu sögu er að segja af þróun tekjuskatts einstaklinga eins og margoft hefur verið rakið. Á tímum uppsveiflu í efnahagslífinu er það eðli tekjuskattkerfisins að skattbyrðin þyngist á sama hátt og skattbyrðin létist þegar um hægist. Það er því ekki hægt að rekja aukinn viðskiptahalla til þeirra skattalækkana sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á þessum árum. Þar koma aðrir þættir til sögunnar eins og miklar launahlækkunar, uppbygging stóriðju o.fl.

Að mati fjármálaráðuneytisins eru veigamikil rök fyrir frekari skattkerfisbreytingum. Í þessu sambandi hafa sjónir manna einkum beinst að tekjuskatti fyrirtækja, eignarsköttum og stimpilgjöldum. Skattalækkun af þessu tagi myndi hafa jákvæð áhrif á framboðshlið hagkerfisins og stuðla að hækkingu gengis krónunnar fremur en aukinni eftirspurn eins og lesa má út úr greinargerð Seðlabankans.

Skatttekjur ríkissjóðs % af landsframleiðslu



Verðbólguþrá

Í ljósi mikillar umræðu um verðbólgu upp á síðkastið er fróðlegt að bera saman nýjustu spár ýmissa aðila, en greinilegur munur er á milli þeirra. Munurinn stafar að miklu leyti af því að spámar eru frá mismunandi tímum sem þýðir að gengisforsendur aðila eru mismunandi. Þetta sést glöggst með því að bera saman elstu spána sem er frá Seðlabankanum og nýjustu spána sem kemur frá Þjóðhagsstofnun. Þær spár sem liggja næst hvor annari í tíma eru spár Íslandsbanka og Landsbankans, en þær eru nokkuð áþekkar. Í öllum spánum er gert ráð fyrir óbreyttu gengi, en það segir sig auðvitað sjálfst að hæpið er að sú forsenda haldi til skemmi tíma enda eykst gengisflökt oft tímabundið í kjölfar þess að mynt er sett á flöt.

Í síðustu spá Þjóðhagsstofnunar er tekið fram að gera megi ráð fyrir að verðbólga yfir árið 2001 verði 8,4%, ef gengisvísitalan lækki fljótlega í 135 og haldist þar út spátímabilið. Þessi spá er þó töluvert hærri en Landsbankinn og Íslandsbanki gera ráð fyrir jafnvel þótt tekið sé tillit til þeirrar verðbólgu sem var í síðasta mánuði.

Það vekur hins vegar athygli að allir þessir aðilar virðast sammála um að verðbólga muni minnka stórlega á næsta ári og verða nálægt 3 ½ %. Fjármálaráðuneytið er sammála þessu og telur að hér sé um verðbólguþróun sé að ræða sem gangi hratt yfir.

	2001		2002	
	Milli ára	Innan árs	Milli ára	Innan árs
Seðlabanki	5,2%	5,7%	4,0%	3,4%
Íslandsbanki	5,8%	6,3%	4,3%	3,6%
Landsbanki	5,6%	6,1%	-	-
Þjóðhagsstofnun	6,5%	9,1%	6,2%	3,5%

Þjónustugjöld

Um fjöllun um þjónustugjöld ríkisins er oft neikvæð og spurt hvort eðlilegt sé að ríkissjóður, sem að stórum hluta er fjármagnaður með skattfé, innheimti einnig gjöld af þeim sem nota opinbera þjónustu. Því er til að svara að þjónustugjöld eru oft hagkvæmari kostur en almenn skattlagning. Þau geta haft áhrif á umfang veittrar þjónustu og eru því til þess fallin að beina notkuninni inn á ódýrari úrlausnir. Í sumum tilfellum er það beinlínis markmið í sjálfu sér að sá sem veldur kostnaði greiði sjálfur fyrir hann, en velti honum ekki yfir á skattgreiðendur, svo sem kostnaði við umhverfismat, mengunareftirlit og ýmsa vottun. Þjónustugjöld gera einnig kleift að aðrir en ríkið sinni þjónustunni og stuðla að því að nýir valkostir verði til. Loks má nefna að almenn skattheimta dregur úr velferð og framtaki ef hún fer yfir viss mörk. Þjónustugjöld hafa einkum verið gagnrýnd í þeim tilfellum að valkostir eru fáir eða þjónustan er talin vera hluti af mennta- og velferðarkerfinu. Þessi gagnrýni á hins vegar oft ekki við full rök að stöðjast.

Í opinberum fjármálafræðum er gjarnan miðað við svonefnda ábatareglu. Samkvæmt henni er hagkvæmt að leggja kostnað við opinbera þjónustu á þann sem nýtur ábatans og þeir sem nota meiri þjónustu greiði meira en aðrir. Helsta frávik frá reglunni er þegar talin er veruleg ástæða til að greiða þjónustuna að hluta eða öllu leyti af almannafé af tekjuskiptingar- og jafnræðisástæðum. Eðlilega takmarkast þjónustugjöld einnig við að mögulegt sé að skilgreina hver notar þjónustuna eða nýtur ábatans af henni. Loks kunna þjónustugjöld að vera of dýr í innheimtu miðað við ábatann af innheimtu þeirra eða ástæða talin til að hvetja til meiri notkunar á þjónustunni vegna áhrifa á heildarvelferð.

Ekki má vanmeta áhrif þjónustugjalda á hegðun þeirra sem veita og nota þjónustuna. Hóflæg gjaldtaka getur dregið úr soun vegna ofnotkunar eða rangrar notkunar. Reynslan sýnir að þar, sem þjónusta er veitt á vægu verði eða ókeypis og sá sem veitir þjónustuna fær greitt frá þriðja aðila, myndast hvati hjá seljanda þjónustunnar til að veita of mikla og oft á tíðum ónaúðsynlega þjónustu. Slíkt er ekki notandanum í hag og getur beinlínis valdið skaða þar sem fé og mannaúði væri betur varið í önnur nauðsynlegri verkefni. Spurningin er hvernig best er að nota þjónustugjöld til að koma í veg fyrir soun án þess að það hafi þau áhrif að notendur neiti sér um nauðsynlega þjónustu vegna lágra tekna.

Undanfarin ár hafa ýmsar breytingar verið gerðar á gjaldtöku fyrir þjónustu sem ríkið veitir ýmist sjálf, í samkeppni við einstaklinga eða kaupir af einkafyrirtækjum. Reynslan sýnir að hlutfallsleg gjöld sem taka mið af umfangi þjónustu henta best enda séu gerðar ráðstafanir sem tryggja að úrlausnir séu til fyrir þá sem hafa mikinn kostnað, t.d. barmargar fjölskyldur, sem veiti rétt til meiri niðurgreiðslna. Slíkt þjónustugjöld gefa færi á að veita fleirum þjónustu en ella, stytta biðtíma og geta komið í veg fyrir ofnotkun. Gjöldin þurfa að vera hóflæg en samt það há að hafa áhrif á notendur og veitendur, þannig að notandinn veiti fullt aðhald og geri auknar kröfur til þjónustusalans, en verði ekki eingöngu hlutlaus þiggjandi. Þjónustugjöld færa þannig eftirlit og aðhald í hendur notandans og draga úr skriffræði. Lög eða samningar um réttindi notenda eru þó oft á tíðum nauðsynleg til að tryggja að réttur hans sé virtur og þjónustan veitt tímanlega, með fullum gæðum og tryggingum, ekki síst þar sem þjónusta er kostuð að fullu af skattfé.

Sumarfrí!

Athygli er vakin á því að næsta tölublað *fjr.is* kemur út 26. júlí. Gleðilegt sumar!

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	12,9	4,9
Tekjuskattar	21,7	16,4
Tryggingagjöld	7,3	8,1
Eignarskattar	13,0	14,7
Veltuskattar	9,1	-3,6
Tekjur alls	11,3	6,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	17,0	2,7
Félagsmál	5,1	19,9
Atvinnumál	1,2	27,4
Vaxtagjöld	25,0	39,3
Önnur útgjöld	31,2	52,7
Gjöld alls	8,6	22,4

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	6521	-5112
Hr. lánsfjárfönuður	8146	-7222
Afborganir lána	-19319	-21545
Br. lánsfjárfönuður	-13671	-35018
Lántökur	12704	34047
Greiðsluafkoma	-968	-971

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-júní 2000/01	5,5	6,8
Kjarnaverðbólga-júní 2000/01	3,2	6,8
Launavísitala-maí 2000/01	7,1	8,0
Heildarvelta jan.-feb. 00/01	11,2	9,9
Smásöluvelta jan.-feb. 00/01	11,2	2,1
Atvinnuleysi - maí. 2000/01	1,5	1,6

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr




26. Júlí 2001

Greiðsluafkoma ríkissjóðs til júniloka

Tölur um afkomu ríkissjóðs á fyrri helmingi þessa árs lýsa um margt svipaðri þróun og gætt hefur að undanförmu, þ.e. að verulega hefur hægt á innlendra eftirspurn frá því í fyrra og hitteðfyrja sem einkum birtist í minni hækkun skatttekna og jafnvel beinlínis lækkun, t.d. ýmissa veltuskatta. Jafnframt gættir í tölunum áhrifa ýmissa ákvarðana sem teknar hafa verið eftir samþykkt fjárlaga í lok síðasta árs, bæði með lagasetningu á Alþingi, m.a. í kjölfar hæstaréttardóms, gerð kjarasamninga o.fl., sem óhjákvæmilega hafa leitt til aukinna útgjalda umfram fyrri áætlanir.

Skatttekjur

12 mánaða breytingar m.v. 6 mánaða meðaltöl



Þessi atriði valda því að afkoma ríkissjóðs á fyrri helmingi þessa árs er nokkru lakari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Þannig var handbært fé frá rekstri fyrstu sex mánuði ársins neikvætt um 1,7 milljarða króna, en það er 5,8 milljörðum króna lakara en gert var ráð fyrir í áætlunum.

Þessa niðurstöðu má alfarið rekja til aukinna útgjalda þar sem tekjur eru heldur yfir áætlun, eða sem nemur rúmlega 1 milljarði. Gjöldin eru hins vegar 6,8 milljörðum umfram það sem áætlað var. Þegar nánar er rýnt í útgjaldatölurnar kemur í ljós að þessi viðbótarútgjöld virðist að mestu mega rekja til ákvarðana sem teknar voru eftir afgreiðslu fjárlaga. Hér má nefna hæri vaxtagreiðslur vegna forinnlausnar spariskirteina, auknar bótagreiðslur til öryrkja í kjölfar hæstaréttardóms, sérstaka hækkun tryggingabóta samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, aukinn launakostnað í kjölfar kjarasamninga o.fl.

Hluti af þessum viðbótarútgjöldum kemur einungis fram á greiðslugrunni og hefur því ekki áhrif á niðurstöðu fjárlaga þessa árs. Þetta á við um aukin vaxtaútgjöld vegna forinnlausnar spariskirteina sem breyta engu um niðurstöðu þessa árs, en leiða til lækkunar vaxtaútgjalda á næstu árum. Sama á við um auknar bótagreiðslur til öryrkja sem verða gjaldfærðar í ríkisreikningi síðasta árs. Á móti vegur að áhrif kjarasamninga munu koma fram í ríkari mæli á síðari árhelmingi. Þegar upp er staðið má því gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árinu öllu verði meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Þróun tekna hefur, þegar á heildina er lítið, verið nokkurn veginn í samræmi við áætlun fjárlaga það sem af er árinu. Hér skiptir hins vegar í tvö horn. Þannig er innheimta tekjuskatta og tryggingagjalds rúmlega 5 milljörðum króna umfram áætlanir. Innheimta tekjuskatts einstaklinga og tryggingagjalds er í takt við hækkun launa eins og hún mælist í launavísitölu Hagstofunnar. Samkvæmt henni hafa laun hækkað að meðaltali um 8% á fyrri helmingi ársins frá sama tímabili í fyrra. Innheimta tekjuskatts hækkar reyndar meira, en það stafar af því að persónuafsláttur hækkar í takt við almennar umsamar taxtahækkanir sem eru alla jafna lægri en nemur heildarhækkun launa.

Önnur mynd blasir við þegar horft er á þróun veltuskatta, en þeir eru rúmlega milljarði lægri í krónutölu á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra og 4 milljörðum króna undir áætlun.

Þannig er innheimta virðisaukaskatts 2½ milljarði undir áætlun og er nánast óbreyttur í krónum talið frá því í fyrra eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Þessi þróun endurspeglar umtalsverðan samdrátt í neysluvör-útgjöldum milli ára, ekki síst í bifreiðakaupum, enda lækka vörugjöld af bifreiðum um nálægt 40% milli ára og eru um 800 m.kr. undir áætlun.

Kynslóðareikningar fyrir Ísland

Hagfræðistofnun hefur um nokkurt árabíl unnið svokallaða kynslóðareikninga fyrir Ísland og hafa niðurstöður þeirra jafnan verið birtar í fjárlagafrumvarpinu. Þessir reikningar sýna hvernig skattgreiðslur og framlög frá hinu opinbera dreifast á einstaklinga og gefa vísbendingu um hvort efnahagsstefna stjórnvalda ívilnar núlifandi kynslóðum eða kynslóðum framtíðarinnar.

Nú liggur fyrir endurskoðun reikninga fyrir tímabilið 1994-1998 sem byggir á nýrri aðferðafræði í samræmi við það sem tíðkast í Evrópusambandslöndunum. Nýjungin felst í því að nota auðskiljanlegri mælikvarða á jafnvægi milli núlifandi kynslóða og framtíðarkynslóða en áður. Annars vegar er stuðst við beinar skuldir hins opinbera sem birtast í opinberum hagtölum og hins vegar við óbeinar skuldir/eignir (eða öllu heldur kerfisskuldir/eignir) sem geta myndast í framtíðinni vegna skatta- og útgjaldatefnu hins opinbera.

Kynslóðaleiðréttar skuldir/eignir hins opinbera eru samtala beinna og óbeinna skulda og segja til um hve langt hið opinbera er frá því að ná jafnvægi milli kynslóða. Ef skuldir/eignir eru fyrir hendi er núverandi efnahagsstefna stjórnvalda ekki í jafnvægi og grípa þarf til aðgerða til þess að jafna aðstöðu kynslóðanna. Ef um skuldir er að ræða þarf að hækka skatta (eða lækka útgjöld), en ef eignir eru til staðar gefur það svigrúm til að lækka skatta (eða auka útgjöld).

	1994	1995	1996	1997	1998
Beinar skuldir *	42	44	43	40	39
Óbeinar skuldir/eignir*	78	28	-6	-40	-55
Kynslóðaleiðréttar skuldir*	120	72	38	0	-16

* Hlutfall af landsframleiðslu

Eins og sjá má af töflu 1 hafa kynslóðaleiðréttar skuldir minnkað jafnt og þétt á tímabilinu og jafnvægi náðist árið 1997. Þetta gefur til kynna að jafnvægið hafi þróast komandi kynslóðum í hag undanfarin ár. Þetta má fyrst og fremst rekja til lækkunar á óbeinum skuldum þar sem eignastaðan varð jákvæð árið 1996 og til minnkandi beinna skulda hins opinbera.

Hagsveiflan skiptir hér miklu, en einnig stafar þetta af aðhaldssamri stefnu stjórnvalda sem m.a. birtist í vaxandi kerfislægum afgangi á ríkissjóði. Á þessu tímabili voru efnahagsaðstæður mjög hagstæðar og tekjur hins opinbera jukust úr um 35% í rúmlega 37% af landsframleiðslu. Á sama tíma lækkuðu útgjöld hins opinbera úr 40% í tæp 37% af landsframleiðslu. Því má segja að stefna hins opinbera hafi verið í þágu framtíðarkynslóða á árunum 1994 til 1998.

	Belgía	Noregur	Danmörk	Ísland	Þýskaland	England	Svíþjóð	Finnland
Kynslóðaleiðréttar skuldir*	19	22	71	72	136	184	237	253

* Hlutfall af landsframleiðslu

Ekki liggja fyrir samanburðarhæfar tölur frá öðrum löndum nema fyrir árið 1995. Þær sýna hins vegar að Ísland kemur ágætlega út og er með mun betri stöðu en Þýskaland, Bretland o.fl., svipaða stöðu og Danir, en lakari en Noregur og Belgía. Þróunin í flestum löndum hefur verið í áttina til aukins kynslóðajafnvægis og náðu Norðmenn að standa á sléttu árið 1999. Nú er unnið að því á Hagfræðistofnun að gera kynslóðareikninga fyrir árið 1999 og verða þær niðurstöður kynntar á hausti komanda og í fjárlagafrumvarpinu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	12.2	6.4
Tekjuskattar	20.2	19.5
Tryggingagjöld	11.4	8.8
Eignarskattar	8.7	17.0
Veltuskattar	8.4	-2.4
Tekjur alls	11.2	7.2

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	19.3	1.7
Félagsmál	5.5	20.5
Atvinnumál	5.0	23.5
Vaxtagjöld	30.4	37.7
Önnur útgjöld	33.7	53.1
Gjöld alls	9.9	21.6

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	10.641	-1.651
Hr. lánsfjárfönuður	13.663	-3.669
Afborganir lána	-20.555	-21.982
Br. lánsfjárfönuður	-9.892	-33.151
Lántökur	9.473	31.359
Greiðsluafkoma	-413	-1.793

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga-júlí 2000/01	5.6	7.0
Kjarnaverðbólga-júlí 2000/01	3.3	7.6
Launavísitala-júní 2000/01	7.6	8.2
Heildarvelta jan.-apríl 00/01	6.5	10.8
Smásöluvelta jan.-apríl 00/01	4.6	2.8
Atvinnuleysi - júní 2000/01	1.3	1.2


Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



2. Ágúst 2001

Vöruskiptajöfnuður

Án skipa og flugvéla - 6 mánaða meðaltöl



Vöruskiptahallinn minnkar ört

Tölur um vöruskiptajöfnuðinn á fyrri helmingi ársins sýna að efnahagslífið er að leita jafnvægis á nýjan leik eftir þá kröftugu uppsveiflu sem hér hefur verið undanfarið ár. Innflutningur heldur áfram að dragast saman og útflutningur að aukast. Hallinn á vöruskiptajöfnuði fer því ört minnkandi með hverjum mánuðinum sem líður.

Þannig var vöruskiptahallinn á fyrri helmingi þessa árs um 9,8 milljarðar króna, samanborið við 17,3 milljarða á sama tíma í fyrra. Sé hins vegar leiðrétt fyrir gengisbreytingum, en verð á erlendum gjaldeyri var 17,1% hærra í ár en í fyrra á þessu tímabili, fæst enn hagstæðari niðurstaða, eða lækkun úr 20,3 milljörðum í fyrra, þ.e. um meira en helming.

Vegna mikilla sveiflna í viðskiptum með skip og flugvélar er eðlilegra að skoða vöruskiptajöfnuðinn án þeirra. Á þann mælikvarða nam vöruskiptahallinn á fyrri helmingi yfirstandandi árs 4,3 milljörðum króna, samanborið við 14 milljarða í fyrra m.v. fast gengi. Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur hallinn á vöruskiptajöfnuði minnkað jafnt og þétt að undanförmu og gildir þá einu hvort reiknað er með eða án skipa og flugvéla.

Stóraukinn bata á vöruskiptajöfnuði það sem af er þessu ári má annars vegar rekja til aukins útflutnings, en heildarútflutningsverðmæti var um 19 milljörðum hærra en í fyrra. Þetta svarar til um 6% hækkunar að raungildi. Tæplega helming aukningarinnar má rekja til sjávarútvegs og um þriðjung til aukins álútflutnings.

Heildarinnflutningsverðmæti hækkaði einnig, en mun minna, eða um 11% milljarð króna að nafnvirði. Hins vegar dróst innflutningur í heild saman um 3% að raungildi og um tæplega 7% að frátöldum skipum og flugvélum. Mestu munar um að innflutningur neysluvara minnkaði um tæplega 17% að raungildi á fyrri helmingi ársins frá sama tíma í fyrra; þar af minnkaði innflutningur ökutækja um 46% og innflutningur varanlegra neysluvara (heimilistækja o.fl.) dróst saman um 13%. Innflutningur almennra fjárfestingarvara dróst líka saman, eða sem nam rúmlega 10% á milli ára. Hins vegar jókst innflutningur á ýmsum rekstrarvörum um 8%, jafnt til stóriðju sem annarra atvinnugreina.

Bráðabirgðatölur um innflutning í júlímánuði sýna reyndar nokkru minni samdrátt en næstu tvo til þrjá mánuði á undan, en það stafar fyrst og fremst af óvenju miklum innflutningi bensín- og olíuvara. Að honum frátöldum er þróunin svipuð og mánuðina á undan. (www.stjr.is/interpro/fjr/fjr.nsf/pages/rikisfjarmal).

Hvað segja þessar tölur okkur um líklega þróun fyrir árið í heild? Í síðustu spá Þjóðhagsstofnunar sem birt var um miðjan júnimánuð var gert ráð fyrir að vöruskiptahallinn á árinu öllu yrði 38,6 milljarðar króna og héldist nær óbreyttur frá síðasta ári. Það verður að teljast afar ólíklegt að þessi spá rætist. Mun sennilegra er að hallinn verði umtalsvert minni og nær 20 en 40 milljörðum króna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	12,2	6,4
Tekjuskattar	20,2	19,5
Tryggingagjöld	11,4	8,8
Eignarskattar	8,7	17,0
Veltuskattar	8,4	-2,4
Tekjur alls	11,2	7,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	19,3	1,7
Félagsmál	5,5	20,5
Atvinnumál	5,0	23,5
Vaxtagjöld	30,4	37,7
Önnur útgjöld	33,7	53,1
Gjöld alls	9,9	21,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	10.641	-1.651
Hr. lánsfjárföfnuður	13.663	-3.669
Afborganir lána	-20.555	-21.982
Br. lánsfjárföfnuður	-9.892	-33.151
Lántokur	9.473	31.359
Greiddsluafkoma	-413	-1.793

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-júlí	5,6	7,0
Kjarnaverðbólga-júlí	3,3	7,6
Launavísitala-júní	7,6	8,2
Heildarvelta jan.-apríl	6,5	10,8
Smásöluvelta jan.-apríl	4,6	2,8
Atvinnuleysi - júní	1,3	1,2

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Vefang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr

Slík þróun myndi endurspeglast í mun minni viðskiptahalla en Þjóðhagsstofnun spáði í júní. Sé jafnframt horft til þess að gengi krónunnar hefur verið að styrkjast að undanförmu kæmi ekki á óvart þótt viðskiptahallinn á árinu 2001 yrði nær 50 milljörðum króna en þeim rúmlega 70 milljörðum sem spáð var í júní og enn lægri næsta ár.

Eignir og skuldir einstaklinga


Samkvæmt skattframtölum jukust eignir einstaklinga á síðasta ári um 12,7% samanborið við 14,5% hækkun árið þar á undan. Hækkun fasteigna um 15,3% í fyrra og 17% árið þar á undan skýrir að verulegu leyti þessa eignaukningu enda hefur markaðsverð á fasteignum farið hækkanði auk þess sem mikið hefur verið byggt á allra síðustu árum. Aðrar eignir hafa einnig farið vaxandi, sérstaklega peningalegar eignir, s.s. verðbréf, innistæður í bönkum og hlutabréf. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að á skattframtölum er hlutabréfaeign einstaklinga skráð á nafnvirði sem hefur í för með sér umtalsvert vanmat miðað við markaðsvirði þessara eigna. Í heild jukust eignir aðrar en fasteignir um 8,3% á síðasta ári. Í krónum talið námu heildareignir einstaklinga samkvæmt skattframtölum 1.238 milljörðum króna, þar af voru fasteignir metnar á 819 milljarða.

Framtaldar skuldir einstaklinga í lok síðasta árs námu samtals 477 milljörðum króna og höfðu þá vaxið um 14,8% miðað við fyrra ár. Þetta er heldur meiri skuldaaukning en árið þar á undan, en þá jukust skuldimar um 13,7%. Hrein eign, þ.e. eignir umfram skuldir, jókst um 11,5% milli ára, en samtals áttu einstaklingar rétt rúmlega 760 milljarða samkvæmt skattframtölum. Þetta samsvarar því að hrein eign hvers einstaklings í landinu hafi að meðaltali verið um 2,7 milljónir króna um síðustu áramót.

Hafa ber í huga að skattframtöl gefa ekki alls kostar rétta mynd af eigna- og skuldastöðu einstaklinga og þar með heimilanna í landinu. Eins og áður segir er verðmæti hlutabréfa vantalið, auk þess sem aðrar eignir af ýmsum toga koma ýmist ekki eða með ófullkomnum hætti fram á skattframtölum. Á móti þessu kemur að skuldir eru væntanlega vantaldar, sérstaklega kann að vera brestur á að skammtímaskuldir í bankakerfinu komi fram með réttum hætti á framtölum. Í uppgjöri Seðlabankans á skuldum heimilanna við banka og lánastofnanir eru heimilin talin skulda 599 milljarða í árslok 2000.

Eigna- og skuldaaukning síðustu ára á rætur að rekja til efnahagsuppsveiflunnar og þeirra breytinga sem orðið hafa á íslensku viðskipta- og fjármálaumhverfi. Aukið frambod á lánsfé og vaxandi kaupmáttur hefur leitt til aukinnar eftirspurnar á neyslu- og fjárfestingarvörum. Af tölum um þróun kaupmáttar og einkaneyslu má ráða að einkaneysluaukning síðustu ára sé í samræmi við aukinn kaupmátt og að þrátt fyrir allt hafi ekki átt sér stað grundvallarbreyting á sparnaðarhneigið heimilanna. Það má því leiða að því líkur að aukin skuldsetning heimilanna sé að verulegu leyti tilkomin vegna aukinnar fjárfestingar fremur en neysluútgjalda.


Eignir og skuldir einstaklinga





9. Ágúst 2001

Fjármagnstekjur á föstu verðlagi



Fjármagnstekjur

Frá því að lög um fjármagnstekjuskatt voru sett árið 1996 hafa framtaldar fjármagnstekjur einstaklinga vaxið hröðum skrefum. Samkvæmt álagningu vegna tekna á síðasta ári námu fjármagnstekjur samtals 32,8 milljörðum króna og hækkuðu um 33% milli ára. Mest aukning á síðasta ári var vegna aukins hagnaðar af sölu hlutabréfa sem hækkaði samkvæmt skattframtölum úr 6,7 milljörðum á árinu 1999 í 11,6 milljarða. Hér gætur væntanlega áhrifa af þróun hlutabréfamarkaðar, en lækkandi hlutabréfaverð hefur væntanlega leitt til þess að hagnaður hafi verið leystur út í ríkið mæli. Vaxtatekjur hækkuðu einnig töluvert á síðasta ári, eða um 19,3% í takt við vöxt innlána og hækkun nafnvaxta.

Myndin sýnir þróun fjármagnstekna á föstu verði frá árinu 1990 fram til 2000. Áberandi er hversu hratt framtaldar fjármagnstekjur hafa aukist frá því að lög um samræmdan fjármagnstekjuskatt tóku gildi. Fram til ársins 1997 voru vaxtatekjur skattfjálsar en arður af hlutabréfum, leigutekjur og söluhagnaður voru skattlagðar með sama hætti og aðrar tekjur einstaklinga. Auknar fjármagnstekjur á síðustu árum má að nokkru leyti rekja til góðæris í efnahagsmálum og vaxandi viðskipta á verðbréfamarkaði, en lækkun á skattlagningu á stórum hluta fjármagnstekna hefur án efa orðið til þess að umsvif og viðskipti á þessu sviði hafa stóruaukist. Hvað varðar leigutekjur sérstaklega hefur breytt skattlagning væntanlega einnig orðið til þess að skil á skatttekjum hafa batnað.

Aukið jafnvægi í þjódarbúskapnum

Að undanfögnu hafa komið fram æ skýrari vísbendingar um að efnahagslífið sé að leita jafnvægis eftir hina kröftugu uppsveiflu síðustu ára. Þetta kemur einna gleggst fram í þróun utanríkisviðskipta þar sem innflutningur heldur áfram að dragast saman á sama tíma og útflutningur fer vaxandi. Ef svo fer fram sem horfir má gera ráð fyrir að viðskiptahallinn á árinu 2001 geti orðið allt að 20 milljörðum króna minni en gert var ráð fyrir í spá þjóðhagsstofnunar frá því í júní, eða á bilinu 50-55 milljarðar króna og enn lægri á næsta ári.

Minnkandi innflutningur endurspeglar fyrst og fremst samdrátt í innflutningi neyslu- og fjárfestingarvaxa á meðan innflutningur á ýmsum rekstrarvörum, jafnt til stóriðju sem annarra atvinnugreina, heldur áfram að aukast. Helstu skýringar á þessari þróun eru annars vegar minni kaupmáttur heimilanna, m.a. vegna vaxandi verðbólgu og aukinnar skuldsetningar, ekki síst vegna húsnæðisbætur og annarra fjárfestinga; hins vegar sýnist mega rekja minnkandi almenna fjárfestingu fyrirtækja til versnandi afkomu þeirra, m.a. vegna mikilla launahækkana og sviptinga á gjaldeyris- og hlutabréfamarkaði.

Þróun almennra veltutalna staðfestir enn frekar þá skoðun að verulega hafi hægt á aukningu innlendrar eftirspurnar á undanfögnu mánuðum og misserum. Þannig dróst velta í smásöluverslun innanlands saman að raungildi á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Velta í helstu útflutningsgreinum, svo sem í sjávarútvegi og stóriðju, hefur hins vegar aukist umtalsvert á sama tíma.

Sömu sögu er að segja af veltu í byggingariðnaði, en búast má við að nokkuð taki að hægja á umsvifum í þeirri grein þegar líða tekur á árið og ýmsum stórförum verður lokið. Þróun skatttekna ríkissjóðs það sem af er árinu gefur sömu niðurstöðu.

Að mati fjármálaráðuneytisins bendir flest til þess að sú aukna verðbólga sem gætt hefur á síðustu þremur til fjórum mánuðum hafi verið tímabundið verðbólguþrot sem fyrst og fremst má rekja til gengislækkunar krónunnar fremur en innlends eftirspurnarþrýstings og að frumundan sé tímabil minnkandi verðbólgu. Nýlegar greiningar Kaupþings og Íslandsbanka benda til svipaðrar niðurstöðu þar sem m.a. er bent á að verðbólguvæntingar hafi lækkað verulega upp á síðkastið. Því má gera ráð fyrir að verðbólga geti farið ört lækkandi á næstu mánuðum og að mánaðarlegar hækkningar geti jafnvel legið á bilinu 0,2-0,4%, eða sem svarar til 3-5% verðbólgu á ársgrundvelli. Tölf mánaða breytingar vísitölunnar yrðu þó áfram á bilinu 7-7½% fram á fyrsta fjórðung næsta árs. Þessi skoðun byggir á þeirri forsendu að gengi íslensku krónunnar fari fremur lækkandi en lækkandi og að ekki verði breytingar til hins verra í ytri skilyrðum þjóðarbúsins, svo sem þróun oliuverðs o.fl.

Helsta óvissuatriðið hvað varðar þróun efnahagsmála á næstunni lýtur að því að hve miklu leyti atvinnulífið lagar sig að breyttum efnahagshorfum, m.a. vegna mikilla launa- og verðlagshækkana og minnkandi innlendrar eftirspurnar. Heimilin virðast hafa lagað sig tiltölulega hratt að versnandi efnahagshorfum eins og fram kemur í minnkandi neyslu og fjárfestingu. Að sumu leyti gæti sömu þróunar hjá atvinnulífnum sem m.a. birtist í minni fjárfestingu og auknu aðhaldi í rekstri, sbr. nýlegar fregnir af uppsögnum starfsmanna o.fl. Ekki er útilokað að framhald geti orðið á þessari þróun á næstu mánuðum.

Að öllu samanlögðu hljóta megináherslur í hagstjórn á næstunni að beinast að aðgerðum til þess að treysta undirstöður atvinnulífisins svo sem frekast er unnt og stuðla þannig að auknum hagvexti og traustu efnahagsumhverfi. Mikilvægt er að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum og skapa þannig svigrúm til lækkunar fyrirtækjaskatta. Jafnframt sýnist þróun og horfur í efnahagsmálum gefa tilefni til að huga að lækkun vaxta og það jafnvel fyrir en síðar.

Fjárlagaferlið í Hollandi

Á nýlegum fundi forstöðumanna fjárlagaskrifstofa OECD-ríkjana var gerð grein fyrir fjárlagaferlinu í Hollandi sem er um margt áhugavert. Í kjölfar verulegs hallareksturs á ríkisfjármálum í Hollandi fyrir nokkrum árum var m.a. ráðist í breytingar á fjárlagaferlinu. Markmið breytinganna voru að tryggja aukinn stöðugleika í ríkisútgjöldum og jafnframt að halda aukafjárveitingum á fjárlagalegum í skefjum.

Athyglisvert er að í ferlinu er reistur "eldveggur" milli tekna og útgjalda. Þannig eru útgjöldin ákveðin miðað við tiltekna og varlega áætlaðar forsendur um tekjuhorfur. Jafnframt er fyrirfram ákveðið í samningi milli stjórnarflokkanna að verði tekjurnar meiri en áætlað er gangi helmingur tekjuaukans til lækkunar skulda og hinn helmingurinn til lækkunar skatta.

Styrkur fjárlagaferlisins er fyrst og fremst fölginn í því að um hann ríkir full samstaða og að stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að fylgja eftir ákveðinni stefnumörkun. Hornsteinn fjárlagagerðarinnar er stjórnsáttmáli sem gerður er í upphafi stjórnsamstarfs. Þar er tekið á því hvernig tekjuafgangi skuli ráðstafað. Jafnframt eru fjárlagarammar ákveðnar út kjörtímabilið á föstu verðlagi o.fl. Eftir þessum samningum er síðan farið í einu og öllu. Annar styrkleiki kerfisins er að haft er viðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins og fleiri samtök um þær aðgerðir í ríkisfjármálum sem teljast erfiðar, svo sem um að lækka bætur almannatrygginga og þröngja bótarétt.

Að öllu samanlögðu hafa þessar breytingar tekist vel og átt sinn þátt í að tryggja í senn vaxandi hagvöxt og aukinn stöðugleika í efnahagslífinu almennt.


Tekjur ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	12,2	6,4
Tekjuskattar	20,2	19,5
Tryggingagjöld	11,4	8,8
Eignarskattar	8,7	17,0
Veltuskattar	8,4	-2,4
Tekjur alls	11,2	7,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	19,3	1,7
Félagsmál	5,5	20,5
Atvinnumál	5,0	23,5
Vaxtagjöld	30,4	37,7
Önnur útgjöld	33,7	53,1
Gjöld alls	9,9	21,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	10.641	-1.651
Hr. lánsfjárfjöfnuður	13.663	-3.669
Afborganir lána	-20.555	-21.982
Br. lánsfjárfjöfnuður	-9.892	-33.151
Lántökur	9.473	31.359
Greiddsluafkoma	-413	-1.793

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-júli	5,6	7,0
Kjarnaverðbólga-júli	3,3	7,6
Launavísitala-júní	7,6	8,2
Heildarvelta jan.-apríl	6,5	10,8
Smásöluvelta jan.-apríl	4,6	2,8
Atvinnuleysi - júní	1,3	1,2


Um sjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Vefang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



23. ágúst 2001

Skatttekjur ríkissjóðs

12 mánaða breytingar m.v. 6 mánaða meðaltöl



Þróun ríkisfjármála að undanförmun

Tölur um afkomu ríkissjóðs það sem af er árinu endurspeglar þrennt. Í fyrsta lagi ört minnkandi vöxt innlendirar eftirspumar sem birtist í minni tekjuauka milli ára. Í öðru lagi áhrif aukinnar verðbólgu, m.a. vegna lækkunar á gengi krónunnar, og kostnaðarhækkana í kjölfar nýrra kjarasamninga við ríkisstarfsmenn. Í þriðja lagi má nefna áhrif nokkurra sérstakra útgjaldatílefna, svo sem aukinna vaxtagreiðslna vegna forinnlausnar spariskirteina og aukinna greiðslna tryggingabóta, m.a. vegna hæstaréttardóms í málefnum öryrkja og sérstakrar hækkunar á tryggingabótum.

Fyrstu sjö mánuði ársins var handbært fé frá rekstri neikvætt um 5,2 milljarða króna, sem er svipuð staða og á árinu 1998, en 12½ milljarði lakara en í fyrra. Hér er hins vegar rétt að hafa í huga að þegar við afgreiðslu fjárlaga var fyrirsjáanlegt að greiðsluafkoma ríkissjóðs á þessum tíma yrði lakari en í fyrra, m.a. vegna minni aukningar innlendirar eftirspumar auk þess sem ekki var gert ráð fyrir að tekjur af sölu eigna skiluðu sér fyrr en á síðari hluta ársins. Afkoman varð reyndar 5 milljörðum króna lakari en reiknað var með í fjárlagaáætlun, en það má mestu leyti rekja til þeirra sérstöku útgjaldatílefna sem áður voru nefnd.

Það er mikilvægt að greina einstaka þætti í vexti útgjalda til þess að meta að hve miklu leyti vöxturinn stafar af meðvítuðum ákvörðunum stjórnvalda og löggjafarvalds um að auka útgjöld til tiltekinna þátta, svo sem til tryggingabóta, barnabóta, vegagerðar, sveitarfélaga, kjarasamninga o.fl.

Heildarútgjöld ríkissjóðs hækka um 21½ milljarð króna frá síðasta ári. Meira en helminginn má hins vegar rekja til aukinna útgjalda lífeyris- og sjúkratrygginga, sérstakrar hækkunar barnabóta og aukinna framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Auk þess hækka fjárfestingarútgjöld um 2½ milljarð og vextir um svipaða fjárhæð sem annars vegar má rekja til forinnlausnarinnar sem áður var getið og hins vegar til verðlags- og gengisbreytinga. Að þessum þáttum frátöldum eru útgjöldin nánast óbreytt að raungildi milli ára.

Áhrif minnkandi eftirspumar í efnahagslífinu koma fram á tekjuhlíð ríkisfjármálanna, ekki síst í þróun skatttekna. Á meðfylgjandi línuriti sést hvernig skatttekjur ríkissjóðs hafa þróast undanfarin ár. Tekjumar jukust hratt samhliða efnahagsuppsveiflunni frá árinu 1997, en frá árinu 1999 hefur jafnt og þétt dregið úr aukningunni og síðustu tölur sýna að skatttekjur ríkissjóðs eru nánast óbreyttar að raungildi frá sama tíma í fyrra.

Þróunin að undanförmun staðfestir mikilvægi aðhaldssamar stefnu í ríkisfjármálum þegar efnahagslífið er í uppsveifu. Með því að skila ríkissjóði með umtalsverðum afgangi á undanförmun árum hefur verið búið í haginn fyrir tímabil hægari hagvaxtar og minni eftirspumar.

Árangur þessarar stefnu er nú að koma í ljós. Á sama tíma og minnkandi innlend eftirspum rýrir skatttekjur ríkissjóðs halda ýmis útgjöld áfram að aukast, ekki síst á sviði almannatrygginga enda lúta þau öðrum lögmálum. Þessi þróun hefur neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs eins og komið hefur fram að undanförmun.

Hins vegar mun hin sterka staða ríkissjóðs sem hefur verið byggð upp á undanförmun árum, ásamt auknu aðhaldi á öðrum sviðum, t.d. í rekstri og fjárfestingum, verða t þess að ríkissjóður mun halda áfram að skila afgangi þótt hann verði ekki eins mikill og verið hefur.

Endurskoðun á starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans verður haldinn í Washington dagana 29.-30. september nk. Fundinum var flýtt um tvo daga til að draga úr margvíslegum truflunum á umferð o.fl. vegna fyrirhugaðra mótmæla ýmissa samtaka sem einkennit hefur alþjóðlega fundi að undanförmun.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var stofnaður skömmu eftir lok seinni heims-styrjaldar og var Ísland eitt stofnriðjanna. Meginmarkmið sjóðsins er að efla alþjóðlegt peningamálasamstarf og treysta fjármálegan stöðugleika, m.a. með tímabundinni fjárhagsaðstoð, og stuðla þannig að traustum hagvexti og betri lífskjörum.

Í fyrstu beindist starfsemi sjóðsins einkum að iðnríkjunum, en síðan hefur hún í æ ríkari mæli færst yfir á önnur ríki, fyrst þróunarríkin í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku, en síðan einnig ríki Austur- og Mið-Evrópu. Óhætt er að fullyrða að sjóðurinn hafi gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu efnahagslífs margra þessara landa og eru Eyrstrasaltsríkin þrjú þar líklega gleggsta dæmið.

Að undanförmun hefur starfsemi sjóðsins – og reyndar einnig bankans – sætt vaxandi gagnrýni sem einkum má rekja til ýmissa efnahagslegra áfalla og erfiðleika, m.a. í Mexíkó, Suðaustur-Asíu, Rússlandi og nú síðast í Tyrklandi og Argentínu, en öll þessi lönd hafa notið aðstoðar sjóðsins í meira eða minna mæli. Gagnrýnin beinist einkum að því að illa hafi verið staðið að skipulagi fjárhagsaðstoðar sjóðsins og fjármunum hans hafi verið illa varið og jafnvel lent í höndum fjárglæfaramanna í viðkomandi löndum. Gagnrýni ýmissa mótmælenda er hins vegar af öðrum toga þar sem hún beinist fyrst og fremst að meintum neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingar á afkomu þróunarriktja.

Þessi atíði ásamt augljóstri þörf fyrir ýmsar áherslubreytingar í starfi sjóðsins urðu til þess að ákveðið var að styrkja samstarf og samráð Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Meginbreytingin er sú að efnahags- og fjármálaráðuneyti landanna koma nú með ákveðnar og markvissari hætti inn í samstarfið en verið hefur.

Áhersla er lögð á að skoða hvernig megi efla og styrkja starf norræna-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Ennfremur hefur framtíðarhlutverk sjóðsins og hugsanlegar breytingar á atkvæðavægi einstakra kjördæma innan sjóðsins komið til umræðu, meðal annars í ljósi vaxandi óánægju Bandaríkjanna með það hve Evrópuríkin vega þungt í ákvarðanatöku, m.a. á kostnað þróunarriktja.

Ísland tekur við formennsku í norræna-baltneska kjördæminu um næstu áramót og mun jafnframt stýra skrifstofunni í Washington næstu tvö ár.

Rannsókn ESB á skaðlegum skattareglum

Frankvæmdastjórn ESB tilkynnti nýverið að hún hygðist hefja rannsókn á 11 tilvikum um skaðlegar skattareglur á sviði fyrirtækjaskattlagningar í 8 aðildarríkjum á þeim forsendum að þær kunni að fela í sér ólögmæta ríkisaðstoð og brjóti þar með í bága við viðeigandi ákvæði Rómarsamningsins um ríkisaðstoð. Á sama tíma beindi frankvæmdastjórnin þeim tilmælum til 4 aðildarríkja að afturkalla tilteknar skattaívilnanir sem samræmdust ekki reglum ESB.

Mario Monti, yfirmaður samkeppnismála, lýsti því yfir við þetta tækifæri að frankvæmdastjórnin fagnaði viðleitni aðildarríkjanna til að koma í veg fyrir skattaívilnanir sem hafa skaðleg áhrif á innri markað ESB. Viðleitni þessa má rekja aftur til desember 1997 þegar efnahags- og fjármálaráðherrar aðildarríkja ESB samþykktu eins konar siðareglur varðandi skattlagningu fyrirtækja ("Code of Conduct").

Frankvæmdastjórnin mun, að sögn Monti, fylgja rannsókninni eftir af fullum þunga og tryggja þannig að reglur um ríkisaðstoð nái jafnt til allra athafna aðildarríkjanna, hvort sem er í formi beinna styrkja eða skattaívilnana. Hann tók fram að með þessu væri frankvæmdastjórnin ekki að ganga á sjálfsákvörðunarrétt aðildarríkjanna á sviði skattamála, en henni bæri að hafa eftirlit með ríkisaðstoð án tillits til þess í hvaða mynd hún birtist (lán, ríkisábyrgðir eða skattaívilnanir).

Rannsókn frankvæmdastjórnarinnar beinist til að byrja með aðallega að ívilnandi skattareglum vegna fjölbjóðlegra fyrirtækja eða fyrirtækja sem starfa á trygginga- eða fjármálamarkaði, t.d. á Írlandi, í Bretlandi og í Hollandi.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,7	6,9
Tekjuskattar	26,1	18,6
Tryggingagjöld	8,1	9,6
Eignarskattar	7,3	12,9
Veltuskattar	5,8	-0,6
Tekjur alls	11,2	7,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	15,3	9,5
Félagsmál	-1,8	19,1
Atvinnumál	4,8	23,0
Vaxtagjöld	38,6	22,5
Önnur útgjöld	34,0	53,2
Gjöld alls	5,3	20,2

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7478	-5246
Hr. lánsfjárfönuður	9302	-7612
Afborganir lána	-26399	-22045
Br. lánsfjárfönuður	-20594	-38408
Lántökur	18855	31859
Greiðsluafkoma	-1742	-6547

Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-ágúst	4,7	7,9
Kjarnaverðbólga-ágúst	3,0	8,8
Launavísitala-júlí	7,9	8,1
Heildarvelta jan.-apríl	6,5	10,8
Smásöluvelta jan.-apríl	4,6	2,8
Atvinnuleysi - júlí	1,1	1,1

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



30. ágúst 2001

Er vaxtalækkun tímabær?

Nokkrar umræður hafa orðið að undanförmum um það hvort staða og horfur í efnahagsmálum gefi tilefni til þess að Seðlabankinn lækki vexti. Í þessari umræðu vekur sérstaka athygli hve skoðanir og túlkun á ýmsum talnalegum vísbendingum virðist mismunandi. Þannig eru innlendar veltutölur ýmist taldar sýna minnkandi eftirspurn eða áframhaldandi þenslu; verðbólgan er ýmist talin stafa af viðvarandi umframeftirspurn í hagkerfinu eða tímabundnum áhrifum gengislækkunar; útlán bankakerfisins eru ýmist talin vera að dragast saman eða áfram í örum vexti; erlendu vinnuafli er ýmist talið fjölga eða fækka o.s.frv. Þegar nánar er að gáð felst þessi skoðanamunur þó oftar en ekki í mismunandi tímabilum sem lögð eru til grundvallar og mismunandi viðmiðunum og skilgreiningum á einstökum hagstæðum. Engu að síður er ástæða til að skoða þetta nánar.

Eins og áður hefur komið fram er fjármálaráðuneytið þeirrar skoðunar að ýmsar þær vísbendingar sem birst hafa upp á síðkastið sýni að verulega sé farið að hægja á í efnahagslífinu og að jafnvel sé farið að gæta samdráttar í einstökum greinum. Þetta kemur glöggt fram í þróun skatttekna það sem af er árinu, en þær eru nánast óbreyttar að raungildi frá því í fyrra. Þessi þróun birtist enn skýrar í veltutengdum sköttum, en þar er beinlínis farið að gæta samdráttar frá síðasta ári. Innflutningstölur gefa um margt sömu niðurstöðu, einkum hvað varðar almennar neyslu- og fjárfestingarvörur á meðan innflutningur á ýmsum rekstrarvörum, jafnt til stóriðju sem annarra atvinnugreina, heldur áfram að aukast. Helstu skýringar á þessari þróun eru minni kaupmáttur heimila, m.a. vegna vaxandi verðbólgu og aukinnar skuldsættningar, ekki síst vegna húsnæðiskaupa og annarra fjárfestinga, og versnandi afkoma fyrirtækja, m.a. vegna aukins launakostnaðar.

Tölur um heildarvæltu í atvinnugreinum sem tengjast einkaneyslu fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins virðast staðfesta þessa skoðun, en þær sýna aðeins um 1% aukningu að raungildi frá sama tíma á síðasta ári. Ef lítið er framhjá tölum sem sýna umtalsverða aukningu í flugsamgöngum sýna tölurnar rúmlega 2% samdrátt á milli ára. Þessar tölur eru í samræmi við fyrirnefndar vísbendingar sem lesa má úr þróun skatttekna og nýjustu tölur fyrir maí, júní og júlí styðja enn frekar þessa skoðun. Þannig má segja að allar helstu vísbendingar um þróun efnahagsmála styðji þá skoðun að verulega hafi dregið úr umsvifum í efnahagslífinu að undanförmum og að fremur séu horfur á samdrætti en þenslu á næstunni.

Tölur um vinnurmarkaðinn eru hins vegar misvísandi. Þannig virðist enn ekki bera á auknu atvinnuleysi þrátt fyrir greinilega minni umsvif í efnahagslífinu. Jafnframt heldur erlendu vinnuafli áfram að fjölga þrátt fyrir að marktækt hafi dregið úr eftirspurn eftir vinnuafli samkvæmt síðustu könnunum. Erfitt er að henda reiður á þessum tölum. Þannig má nefna að fjöldataölur um starfsleyfi útlendinga taka einungis til fólks utan evrópska efnahagssvæðisins og einu vísbendingarnar um heildarfjölda erlends starfsfólks hér á landi er að finna í tölum um útlendinga sem flyst til landsins að frádregnum þeim sem flytjast af landi brott. Síðustu tölur gefa til kynna að ekki hafi dregið úr fjölda erlendra starfsmanna undanfarin misseri.

Þessar tölur segja þó ekki alla sögu um breytingar á heildarvinnuálagi og almennu eftirspurnarstigi í efnahagslífinu. Þannig eru uppsagnir starfsfólks alla jafna síðasta úrræði sem fyrirtæki gripa til þegar umsvifin minnka. Fyrst er dregið úr yfirvinnu og heilisdagsstörfum breytt í hlutastörf. Óformlegar kannanir sem gerðar hafa verið benda til þess að verulega hafi dregið úr vinnustundafjölda að undanförmum, jafnvel sem nemur allt að 2 stundum á viku. Þess vegna gefa tölur um skráð atvinnuleysi ekki endilega rétta mynd af stöðunni í dag og kunna að líða nokkrir mánuðir þar til minnkandi umsvif í efnahagslífinu koma fram í atvinnuleysistöllum.

Enn eitt óvissuatriðið snýr að mati á verðbólguþróun að undanförmum og ekki síður horfunum framundan. Er verðbólgan á niðurleið eða uppleið? Flest

bendir til þess að framundan sé tímabil hratt minnkandi verðbólgu og að sú aukna verðbólga sem gætt hefur á síðustu mánuðum hafi verið tímabundið verðbólgukskot sem fyrst og fremst hafi mátt rekja til gengislækkunar krónunnar fremur en innlands eftirspurnarþrýstings.

Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytisins að fremur sé ástæða til að óttast samdrátt í efnahagslífinu en ofþenslu. Þannig bendir flest til þess að hagvöxtur á yfirstandandi ári verði minni en síðustu spár gerðu ráð fyrir og fari niður fyrir 1% og á næsta ári gæti landsframleiðsla jafnvel, að öðru óbreyttu, dregist saman. Við þessar aðstæður hljóta megináherslur í hagstjórn að miða að því að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins og stuðla þannig að auknum hagvexti og traustu efnahagsumhverfi. Annars vegar með lækkun vaxta. Hins vegar með lækkun skatta. Sú staðreynd að áhrif slíkra aðgerða skila sér alla jafna með nokkurri töf út í efnahagslífið gerir ákvarðanatöku í þessum efnunum enn brýnni en ella.

Staðan í gerð tvísköttunarsamninga

Í júlímánuði sl. luku samninganefndir Íslands og Ítalíu við gerð tvísköttunarsamnings milli þjóðanna sem biður nú samþykki og undirritunar íslenskra og ítalskra stjórnvalda. Þessi samningur er sá 22. í röðinni af þeim sem þegar af verið gerðir við 26 þjóðir, en í gildi er sameiginlegur samningur milli Norðurlandanna. Af þessum 22 samningum eru 13 þegar í gildi, þ.e. við Bandaríkin, Bretland, Eistland, Frakkland, Holland, Kanada, Kína, Lettland, Lítáen, Pólland, Sviss, Þýskaland og Norðurlöndin fimm, þ.m.t. Færeyjar. Fjórir samningar bíða undirritunar stjórnvalda, þ.e. við Víetnam, Slóvakíu, Spán og Ítalíu, auk þess sem fimm hafa enn ekki tekið gildi (við Belgíu, Tékkland, Lúxemborg, Portúgal og Rússland).

Nú eru í gangi viðræður við Íra um gerð tvísköttunarsamnings, en annar fundur samninganefndanna verður haldinn í Dublin um miðjan september. Vonast er til að hægt verði að ljúka samningum á þeim fundi. Ennfremur standa yfir viðræður um endurskoðun á bandaríska samningnum, en gildandi samningur er frá árinu 1975. Ekki er ljóst á þessari stundu hvenær þeim viðræðum lýkur, en næsti fundur samninganefndanna er fyrirhugaður í mars 2002. Þýski samningurinn er einnig í endurskoðun, en hann er frá árinu 1971. Lítið stendur út af í þeim viðræðum og er þess að vænta að endurskoðun hans ljúki fyrir lok ársins.

Framundan eru viðræður við Grænland og Möltu og hefur fyrsti fundur þegar verið ákveðinn síðar á þessu ári. Bedið er svara frá Austur-Ítalíu, Japan og Mexíkó um væntanlega samningagerð, en gera má ráð fyrir að viðræður við þau ríki hefjist á næsta ári. Að lokum má nefna, að Suður-Kórea hefur óskað eftir viðræðum við Ísland um gerð tvísköttunarsamnings og er það mál í frekari skoðun í fjármálaráðuneytinu.

Stefnt er að því að ljúka samningum við flest aðildarríki OECD innan þriggja ára, en fyrir utan þau sem þegar hafa verið talin hér að framan standa eftir Austurríki, Grikkland, Nýja Sjáland, Tyrkland og Ungverjaland.

Námsstyrkur fjármálaráðuneytisins

Fjármálaráðuneytið veitir árlega sérstakan styrk vegna lokaverkefnis á meistarastigi í hagfræði eða viðskiptafræði við innlendar eða erlendar menntastofnanir. Styrkfjárhæðin nemur 500.000 krónum og var í fyrsta skipti úthlutað í fyrra. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að viðfangsefnið sé á sviði efnahags- og ríkisfjármála enda markmiðið að efla sérstaklega fræðilegar athuganir á þessu sviði.

Frekari upplýsingar um þennan styrk, auk umsóknareyðublaða, er að finna á [vefsíðu ráðuneytisins](#). Umsóknum skal skilað til efnahagskrifstofu ráðuneytisins fyrir 19. október nk.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,7	6,9
Tekjuskattar	26,1	18,6
Tryggingagjöld	8,1	9,6
Eignarskattar	7,3	12,9
Veltuskattar	5,8	-0,6
Tekjur alls	11,2	7,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	15,3	9,5
Félagsmál	-1,8	19,1
Atvinnumál	4,8	23,0
Vaxtagjöld	38,6	22,5
Önnur útgjöld	34,0	53,2
Gjöld alls	5,3	20,2

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7478	-5246
Hr. lánsfjárfjönuður	9302	-7612
Afborganir lána	-26399	-22045
Br. lánsfjárfjönuður	-20594	-38408
Lántökur	18855	31859
Greiðsluafkoma	-1742	-6547

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-ágúst	4,7	7,9
Kjamaverðbólga-ágúst	3,0	8,8
Launavísitala-júlí	7,9	8,1
Heildarvelta jan.-apríl	6,5	10,8
Smásöluvelta jan.-apríl	4,6	2,8
Atvinnuleysi-júlí	1,1	1,1

Samþjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veflang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



6. september 2001


Er efnahagslífið enn í uppsveiflu?

Efnahagsmæðan að undanförmu hefur einkum snúist um það hvort efnahagslífið sé enn í uppsveiflu, hvort tekið sé að hægja á og jafnvel hvort farið sé að gæta samdráttar. Í þessu samhengi hefur m.a. verið nefnt að hagvöxtur á fyrsta fjórðungi yfirstandandi árs hafi verið umtalsverður og að ekkert bendi til viðsnúnings í þessum efnum eða sjáanlegs slaka í efnahagslífinu upp á síðkastið.

Af þessu tilefni er fróðlegt að skoða ýmsar nærtækar efnahagsvísendingar. Skoðum fyrst tölur um útflutning. Framan af árinu jókst útflutningur umtalsvert og er reyndar helsta ástæða mikils hagvaxtar á fyrsta ársfjórðungi. Frá þeim tíma hefur hins vegar verulega dregið úr vexti útflutnings og tölur til loka júlí sýna tæplega 5% magnaukningu samanborið við 15% aukningu til aprílloka. Þar skiptir miklu að útflutningur sjávarafurða hefur dregist saman að raungildi og verulega hefur hægt á vexti stóriðjuútflutnings. Þessi þróun er ótvíræð vísbending um kælingu hagkerfisins og áhrifa hennar mun gæta í hagvaxtartölum fyrir annan ársfjórðung.

Vöruskiptajöfnuður—Án skipa og flugvéla 6 mánaða meðaltöl á hlaupandi verðlagi

M.kr.



Þróun innflutnings gefur svipaða niðurstöðu. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins dróst almennur innflutningur, þ.e. án skipa og flugvéla, saman um 2½% að raungildi. Samdrátturinn nam hins vegar 6½% á fyrstu sjö mánuðunum. Þennan aukna samdrátt má einkum rekja til innflutnings almennra fjárfestingarvara, en hann dróst saman um 15%, eða 10% meira en á fyrstu fjórum mánuðunum. Einnig jókst samdráttur neysluvöru, úr 12% í tæplega 16% á sama tíma. Hins vegar jókst innflutningur á ýmsum rekstrarvörum um tæplega 8%, jafnt til stóriðju sem annarra atvinnugreina. Bráðabirgðatölur fyrir ágúst (sem birtar eru á [vefsíðu ráðuneytisins](#)) sýna að áfram dregur úr innflutningi.

Tölur um vöruskiptajöfnuðinn á fyrstu sjö mánuðum ársins segja svipaða sögu, þ.e. að efnahagslífið sé að leita jafnvægis eftir kröftuga uppsveiflu undanfarin misseri. Þannig minnkaði hallinn á vöruskiptajöfnuði um meira en helming frá síðasta ári, m.v. fast gengi, eða úr 24½ milljarði króna í 11½ milljarð. Umskiptin að frátöldum skipum og flugvéllum eru ennþá meiri, eða úr 16½ milljarðs króna halla í fyrri á 5½ milljarðs halla á fyrstu sjö mánuðum þessa árs. Þessi þróun kemur glögg fram í meðfylgjandi línuriti sem sýnir að vöruskiptahallinn síðustu sex mánuði (án skipa og flugvéla) nemur að meðaltali 1 milljarði króna á mánuði, eða sem svarar til 12 milljarða á ársgrundvelli.

Þessar tölur benda þannig eindregið til þess að síðustu spár (frá því í júní) sem gerðu ráð fyrir tæplega 40 milljarða króna vöruskiptahalla á árinu 2001, eða svipuðum halla og árið 2000, hafi verið allt of háar. Mun sennilegra er að hallinn verði á bilinu 20-25 milljarðar króna, eða nær helmingi minni.

Niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 2000

Ríkisreikningur fyrir árið 2000 hefur nú verið lagður fram. Ekki er alveg einfalt að túlka niðurstöðutölur reikningsins þar sem hann endurspeglar annars vegar útkomu úr hefðbundnum rekstri ríkisins á árinu 2000 og hins vegar afkomuna að viðbættum áhrifum ýmissa svokallaðra óreglulegra liða sem ekki snúa beinlínis að rekstri ársins heldur taka jafnvel til áætlaðra útgjalda ríkissjóðs, t.d. vegna lífeyrisgreiðslna, á næstu árum og áratugum. Skoðum þetta aðeins nánar.

Niðurstöðutölur ríkisreiknings sýna 4,3 milljarða króna halla, samanborið við 16,7 milljarða króna afgang samkvæmt fjárlögum. Hér munar sem sé ríflega 20 milljörðum króna. Hver er skýringin á þessum mun? Hefur rekstur ríkisins farið gjörsamlega úr böndunum? Síður en svo. Mismunurinn stafar alfarið af bókfærslu ýmissa óreglulegra liða á meðan hefðbundinn rekstur ríkissjóðs skilar, ef eitthvað er, betri útkomu en áætlað var.

Auknar skuldbindingar vegna áætlaðra lífeyrisgreiðslna ríkisstarfsmanna á næstu árum og áratugum vega hér þýngst, en þær nema tæplega 25 milljörðum króna og hækka um 12 milljarða milli ára og 17 milljarða frá áætlun fjárlaga. Það vekur athygli að áhrif kjarasamninga grunnskólakennara við sveitarfélög, ekki ríkið, leiða til 11½ milljarðs króna hækkingu á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum í ríkisreikningi á meðan kjarasamningar ríkisins við framhaldsskólakennara skýra einungis 2½ milljarðs króna hækkingu.

Hin meginskýringin á fráviki ríkisreiknings frá fjárlögum felst í verulegri hækkingu á afskriftum skattkrafna, eða sem nemur um 7 milljörðum króna bæði frá árinu 1999 og frá áætlun fjárlaga. Þessi niðurstaða endurspeglar gagngera endurskoðun á útistandandi skattkröfum sem reyndust hafa verið verulega ofmetnar í reikningum fyrri ára.

Í þessu samhengi er rétt að nefna að reikningsskilavenjur ríkissjóðs eru að ýmsu leyti frábrugðnar því sem gengur og gerist víða erlendis og reyndar því sem gert er ráð fyrir í ýmsum alþjóðastöðlum, t.d. hjá OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þar er m.a. áföllnum lífeyrisskuldbindingum dreift á mörg ár, en hér eru þær gjaldfærðar á einu ári. Sama gildir um afskriftir skattkrafna. Það má því með nokkurri réttu halda því fram að við séum að þessu leyti kaþólskari en páfinn.

Sú stærð sem gefur hins vegar besta mynd af afkomu ríkisins er lánsfjárafgangurinn, en hann sýnir þá fjárhæð sem er til ráðstöfunar til greiðslu skulda ríkissjóðs eða til að bæta stöðu hans með öðrum hætti. Niðurstöður ríkisreiknings sýna að ríkissjóður skilaði lánsfjárafgangi árið 2000, fjórða árið í röð, sem nam 9½ milljarði króna, og hafði þá tæplega 9 milljörðum króna þegar verið varið til að lækka skuldbindingar ríkissjóðs hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Langstærsta hluta lánsfjárafgangsins, eða 8 milljörðum króna, var varið til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og afgangurinn gekk til að bæta stöðuna gagnvart Seðlabanka o.fl.

Að öllu samanlögðu má því telja afkomu ríkissjóðs á árinu 2000 fyllilega ásætlanlega og í samræmi við áætlanir og jafnvel gott betur.

Bindandi álit varðandi túlkun tvísköttunarsamninga.

Samkvæmt 117. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981, skal fjármálaráðherra gefa út bindandi álit um túlkun og framkvæmd tvísköttunarsamninga. Embætti ríkisskattstjóra hefur hins vegar það hlutverk að gefa bindandi álit í skattamálum þegar um er að ræða innlanda skattaloggjöf. Frá því að ráðuneytið tók við þessu verkefni um mitt síðasta ár hefur ráðuneytið gefið út 8 bindandi álit þar af 6 á þessu ári. Á heimasíðu ráðuneytisins eru birt þau bindandi álit sem þykja hafa almenna þýðingu.

Á þessum tíma hefur verklag ráðuneytisins við útgáfu bindandi álita verið í nokkurri þróun en afgreiðslutími er nú oftast um 3 mánuðir. Flestar beiðnanna fjalla um skattlagningu fjárstreymis milli alþjóðlegra fyrirtækja, sem stofnað hafa félög hér á landi, og hafa fasta starfsstöð í Sviss. Þeir tvísköttunarsamningar Íslands sem oftast hefur reynt á í bindandi álitum ráðuneytisins eru við Sviss, Kanada, Bandaríkin og Lúxemborg, en þess má geta að sá síðastnefndi kemur til framkvæmda um næstu áramót.


Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,7	6,9
Tekjuskattar	26,1	18,6
Tryggingagjöld	8,1	9,6
Eignarskattar	7,3	12,9
Veltuskattar	5,8	-0,6
Tekjur alls	11,2	7,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	15,3	9,5
Félagsmál	-1,8	19,1
Atvinnumál	4,8	23,0
Vaxtagjöld	38,6	22,5
Önnur útgjöld	34,0	53,2
Gjöld alls	5,3	20,2

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7478	-5246
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9302	-7612
Alborganir lána	-26399	-22045
Br. lánsfjárfjöfnuður	-20594	-38408
Lántökur	18855	31859
Greiðsluafkoma	-1742	-6547

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-ágúst	4,7	7,9
Kjamaferðbólg-ágúst	3,0	8,8
Launavísitala-júlí	7,9	8,1
Heildarvelta jan.-apríl	6,5	10,8
Smasóluelva jan.-apríl	4,6	2,8
Atvinnuleysi - júlí	1,1	1,1

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



13. september 2001

Hagkerfið heldur áfram að kólna

Allra síðustu vísbendingar um framvindu efnahagsmála staðfesta að áfram dregur úr innlendri eftirspurn og að markvisst virðist vera að hægja á hagvexti. Tölur um viðskiptajöfnuð á fyrri helmingi ársins sýna mikil umskipti frá síðasta ári. Sérstaka athygli vekur að hallinn á almennum þjónustujöfnuði minnkar umtalsvert og er að nálgast jafnvægi á öðrum ársfjórðungi, samanborið við rúmlega 4 milljarða króna halla á sama tíma í fyrra. Hér gæti einkum áhrifa minnkandi útgjalda vegna ferðalaga Íslendinga erlendis. Á sama tíma aukast tekjur af erlendum ferðamönnum hér á landi.

Sömu sögu er að segja af vöruskiptajöfnuði, en hallinn á fyrri helmingi ársins hefur ekki verið minni síðan 1997. Hins vegar eykst halli á svokölluðum þáttatekjum talsvert milli ára, en það stafar fyrst og fremst af áhrifum gengislækkunar krónunnar á erlendar skuldir og þar með á vaxtagjöld.

Þessar tölur styrkja enn frekar þá skoðun að viðskiptahallinn á þessu ári verði mun minni en spáð hefur verið til þessa, eða nálægt 55 milljörðum króna, en í júní spáði Þjóðhagsstofnun meira en 70 milljarða króna halla. Þessi þróun er ótvíræð vísbending um að áfram hægi á gangvirki efnahagslífsins og að frekar sé ástæða til að óttast samdrátt en þenslu á komandi mánuðum.

Launaþróun ríkisins og almenna markaðarins

Í opinberri umræðu um launaþróun á íslenskum vinnumarkaði er algengt að launaþróun hjá ríkinu sé gagnrýnd. Því er iðulega haldið fram að samningar ríkisins feli í sér meiri launahækkningar en samningar á almenna vinnumarkaðnum án þess að það sé sett í frekara samhengi. Til dæmis er í þessum samanburði ekki greint á milli þess hvort verið er að bera saman taxtalaun samkvæmt kjarasamningi eða greidd laun né heldur að lítið sé til þess hvort um sambærileg störf sé að ræða. Þessi atriði geta þó skipt verulegu máli við samanburð á launaþróun á vinnumarkaði.

Taxtalaun og greidd laun. „Að færa taxtalaun nær greiddum launum“ er orðalag sem mikið heyrir í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Með þessu er verið að vísa til þess að greidd laun á almennum vinnumarkaði séu jafnan umfram lágmarkstaxta. Kostnaðaráhrif kjarasamninga verða þar af leiðandi minni en hækkun lágmarkstaxta, sökum þess að laun sem greidd eru umfram lágmarkstaxta hækka minna en lágmarksalaunin. Veruleikinn er því sá að á almenna vinnumarkaðnum er jafnan samið um lágmarksviðmið, þ.e. lágmarkstaxta. Fyrirtækin nota þessi viðmið þannig að þau greiða ekki lægri laun en þau segja til um. Það segir á hinn bóginn ekkert til um hver greidd launin eru. Hjá ríkinu er hins vegar samið við stéttarfélag um launatöflur sem undantekningalæsta eru notaðar til að greiða laun eftir. Beinn samanburður á kjarasamningsbundnum taxtahækkunum milli ríkisins og almenna markaðarins er því varhugaverður.

Eru störf hjá ríkinu frábrugðin störfum á almenna markaðnum? Sérhæfing er mikil í störfum hjá ríkinu og hlutfallslega eru sértækar menntunarkröfur mun meiri en gerist á almenna vinnumarkaðnum. Sem dæmi um slíkt eru störf innan heilbrigðisgeirans, menntageirans, hjá dómstólum o.fl. Einnig eru háskólamenntaðir starfsmenn í meirihluta hjá ríkinu (51%). Hlutdeild háskólamenntaðra starfsmanna á vinnumarkaðnum í heild er hins vegar rétt tæplega fimmtungur að ríkinu meðtöldu, en hefur þó vaxið hratt á síðasta áratug. Mikilvægt er að horfa til mismunandi samsetningar vinnuafns hjá ríki annars vegar og á almenna vinnumarkaðnum hins vegar við samanburð á launaþróun.

Ríkið vegur tiltölulega lítið á heildarvinnumarkaði. Að lokum má einnig geta þess að samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands í apríl 2001 nemur heildarvinnuafli í landinu tæplega 161 þúsund manns. Starfsmenn ríkisins telja um 19 þúsund, eða sem einungis svarar til ríflega tíunda hluta alls

launafólks í landinu. Ennfremur er hugtökunum "ríki" og "hinu opinbera" gjarnan blandað saman og "ríki" iðulega notað sem samheiti yfir allan opinbera geirann, þ.e. ríkið, sveitarfélög, Alþingi og tengdar stofnanir. Þetta er afar villandi þar sem ríkisstarfsmenn eru aðeins rúmlega helmingur opinbera geirans. Í ljósi þess hve ríkið tekur til litils hluta vinnumarkaðarins má því velta fyrir sér hvort þáttur þess í almennri launaþróun sé ofmetinn í opinberri umræðu.

Árangursstjórnun í ríkisrekstri

Á síðustu árum hafa verið gerðir á annað hundrað svonefndra árangursstjórnarsamninga milli ráðuneyta og ríkisstofnana. Fjármálaráðuneytið hefur haft förgöngu um þetta verkefni og haldið tugi námskeiða víða um land fyrir forstöðumenn stofnana jafnt sem almenna starfsmenn. Árangursstjórnun er ekki stjórnunarkenning, þótt hún eigi rætur sína að rekja til kenninga sem studdar eru rannsóknum. Aðferðin byggir á heildarhugsun, sem felst í því að stjórnendur hugi að samhengi og gæti samræmis, auk þess sem lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð.

Helstu markmið. Árangursstjórnun er fyrst og fremst sett fram til þess að stuðla að langtímahugsun og framsýni með því að skilgreina vandlega markmið rekstrarins og þann árangur sem hann á að skila í framtíðinni. Jafnframt er þannig verið að beina umræðu að árangri og einföldun, en athygli stjórnenda hefur oft á tíðum beinst um of að umfangi verka og aðföngum reksturs, t.d. fjölda afgreiddra mála, fjárveitingum o.fl. en ekki að árangri, þ.e. er sú vinna sem innt er af hendi að skila árangri fyrir stofnunina, viðskiptavinum, starfsfólki o.s.f.v.? Einnig er árangursstjórnun ætlað að auðvelda valddreifingu og bæta ábyrgðarskil og stuðla þannig að eðlilegu aðhaldi frá viðskiptavinum og tryggja samkeppni. Síðast en ekki síst er það eitt af markmiðum árangursstjórnunar að virkja starfsmenn til hámarksárangurs í starfi.

Samningar ráðuneyta og stofnana um árangursstjórnun. Áfangar árangursstjórnunar eru fimm. Fyrsta skrefið er *frumstefnumótun* þar sem leitað er svara við grundvallarspurningum um tilgang og hlutverk stofnunar. Þegar þessari vinnu hefur verið lokið (en hún er unnin í samræmi við viðkomandi fagráðuneyti) er komið að sjálfum samningunum. *Árangursstjórnarsamningur* beinist einkum að því að auðvelda stefnumótun og langtímahugsun stofnunar. Samningurinn kveður á um gagnkvæmar skyldur stofnana og ráðuneyta. Samningstíminn er 3 til 5 ár og á grundvelli samningsins þarf stofnunin að setja fram langtímaáætlun, ársáætlun og skila ársskýrslu. Í *langtímaáætlun* er m.a. leitað svara við spurningum varðandi markmið, stöðu verkefna, mælikvarða, viðhorf og þróun umhverfis stofnunarinnar á næstu árum. Í *ársáætlun* eru tiltekin verkefni og áherslulíma ársins framundan, þar er átt við mælanleg markmið, rekstraáætlun og hagræðingar og umbótamál. *Ársskýrsla* er síðan stutt greinargerð sem látin er fylgja efnahags- og rekstrarreikningi stofnunar. Þar kemur fram samanburður á þeim mælingum og markmiðum sem koma fram í ársáætlun og frávik skýrð.

Reynslan til þessa. Reynslan af árangursstjórnarsamningum hefur verið misjöfn og stofnunum og ráðuneytum hefur misvel tekist að tileinka sér þessi nýju vinnubrögð. Sums staðar hefur árangurinn verið lítill, aðallega hjá minni stofnunum, á meðan aðrar hafa algjörlega breytt um aðferðir og náð miklum árangri í kjölfar innleiðingar árangursstjórnunar. Niðurstaðan er þó ótvírætt sú að þetta sé mikilvægt skref í átt til aukinnar skilvirkni í ríkisrekstri.

Útdráttur vefrits á ensku

Athygli er vakin á því að fjármálaráðuneytið hefur nú hafið útgáfu útdráttis á ensku úr vefritinu sem verður birtur á vefsíðu ráðuneytisins á föstudögum.


Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,7	6,9
Tekjuskattar	26,1	18,6
Tryggingagjöld	8,1	9,6
Eignarskattar	7,3	12,9
Veltuskattar	5,8	-0,6
Tekjur alls	11,2	7,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	15,3	9,5
Félagsmál	-1,8	19,1
Atvinnumál	4,8	23,0
Vaxtagjöld	38,6	22,5
Önnur útgjöld	34,0	53,2
Gjöld alls	5,3	20,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7478	-5246
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9302	-7612
Afborganir lána	-26399	-22045
Br. lánsfjárfjöfnuður	-20594	-38408
Lántökur	18855	31859
Greiddsluafkoma	-1742	-6547


Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-september	4,7	8,4
Kjarnaverðbólga-sept.	3,0	9,4
Launavísitala-júlí	7,9	8,1
Heildarvelta jan.-apríl	6,5	10,8
Smásöluvelta jan.-apríl	4,6	2,8
Atvinnuleysi-júlí	1,1	1,1

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



20. september 2001

Skatttekjur ríkissjóðs 12 mánaða breytingar m.v. 6 mánaða meðaltöl



Er botni hagsveiflunnar náð?

Þróun skatttekna ríkisins gefur mikilvægar vísbendingar um stöðu efnahagsmála, ekki síst um innlenda eftirspurn. Þegar horft er á nýjustu tölur, sem sýna greiðsluafkomu ríkissjóðs til ágústloka, sést að mjög skiptir í tvö horn hvað varðar þróun ríkissjóðstekna. Annars vegar eykst innheimta skatta á launa- og fjármagnstekjum umtalsvert, eða um tæplega 20%. Þetta skýrir reyndar að langmestu leyti tekjuauka ríkissjóðs frá fyrra ári. Að hluta til endurspeglar þessi þróun almenna hækkun launa, en launavísitalan hefur á sama tíma hækkað um 8½%. Þessar tölur gefa þó ekki alls kostar rétta mynd af tekjuþróun innan ársins heldur koma hér einnig við sögu áhrif mismunandi tímasetningar kjarasamninga á árunum 2000 og 2001 og önnur atriði eins og áhrif álagningar skatta og endurgreiðslur vegna fyrri ára sem skekkja samanburð milli ára. Ennfremur endurspeglar innheimta tekjuskatts lögaðila og fjármagnstekjuskatts á þessu ári fyrst og fremst þróun síðasta árs. Til samanburðar má nefna að þessir tekjulíðir hækka um 8-9% á árinu öllu, miðað við rekstrargrunn, eða helmingi minna en fram kemur í greiðslutölum til ágústloka.

Þróun veltuskatta sýnir allt aðra mynd, en þeir reyndust tæplega 1½ milljarði króna lægri í krónutölu en á sama tíma í fyrra og 5½ milljarði króna undir áætlun fjárlaga. Þessi þróun endurspeglar með óyggjandi hætti umtalsverðan samdrátt að raungildi milli ára, eða sem nemur rúmlega 7%. Þessa þróun má einkum rekja til verulegs samdráttar í neyslutöglögum milli ára, ekki síst kaupum á bílum og ýmsum varanlegum neysluvörum, svo sem heimilistækjum. Sem dæmi má nefna að vörugjöld af innflutningi bifreiða hafa lækkað um meira en 40% milli ára, eða sem nemur 1½ milljarði króna. Vörugjöld af bensíni lækka einnig milli ára. Samanlögð áhrif þessara þátta koma fram í virðisaukaskatti, en hann er að skila minni tekjum í krónum talið en á sama tíma í fyrra. Sú niðurstaða jafngildir um það bil 6% samdrætti að raungildi milli ára.

Að öllu samanlögðu má því gera ráð fyrir að skatttekjur á árinu 2001 muni lækka nokkuð að raungildi frá síðasta ári, jafnvel um 1-2%. Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða almennar veltubreytingar innan ársins. Sé fyrst litið á þær greinar sem hafa hvað mest áhrif á þróun einkaneyslu virðast hafa orðið umtalsvert umskipti. Á fyrstu mánuðum ársins gætti enn lítillhátar aukningar í veltu miðað við fyrra ár. Þessi þróun hefur síðan snúist við og á tímabilinu maí-júní nam samdrátturinn meira en 4% að raungildi. Sömu þróunar gætir í öðrum greinum þar sem mikil umskipti hafa átt sér stað og verulega hefur hægt á almennum veltubreytingum að undanförmu. Sú spurning gerist því áleitinn hvort botni hagsveiflunnar hafi verið náð eða hvort framundan sé tímabil samdráttar í íslensku efnahagslífi.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Tölur um afkomu ríkissjóðs fyrstu átta mánuði ársins sýna enn og aftur að áfram dregur úr innlendra eftirspurn og þar með hagvexti. Eftir langvarandi hagvaxtarskeið og efnahagslega uppsveflu sem á sér vart hliðstæðu hér á landi og birtist meðal annars í 4-5% árlegum hagvexti og samsvarandi kaupmáttaraukningu hefur verulega hægt á í íslensku efnahagslífi upp á síðkastið. Jákvæða hliðin á þessari þróun er að umtalsvert hefur dregið úr viðskiptahalla og þar með erlendra skuldasöfnun. Á hinn bóginn kemur þetta óhjákvæmilega fram í lægri tekjum ríkissjóðs og þar með lakari afkomu en verið hefur á síðustu 2-3 árum.

Fyrstu átta mánuði ársins var handbært fé frá rekstri neikvætt um 6,9 milljarða króna, samanborið við 7,1 milljarðs jákvæða stöðu í fyrra. Þessi niðurstaða er rúmlega 4,7 milljörðum króna lakari en gert var ráð fyrir í áætlunum. Tekjur eru reyndar heldur yfir áætlun þegar á heildina er litið, eða sem nemur 800 m. kr. Gjöldin eru hins vegar 5,5 milljörðum umfram áætlun, sem að verulegu leyti má rekja til sérstakra útgjaldatílefna, svo sem vaxtagreiðslna vegna forinlausnar spariskirteina, áhrifa nýrra kjarasamninga, hæstaréttardóms vegna málefna öryrkja o.fl.

Heildartekjur ríkissjóðs hækka um 8,7 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, einkum vegna aukinnar innheimtu tekjuskatta. Útgjöld hækka hins vegar mun meira, eða um 22½ milljarð króna. Þessa hækkan má að talsverðu leyti rekja til verðlags-, gengis- og launabreytinga, en einnig koma hér til ýmis sérstök útgjaldatílefi, einkum á sviði félags- og tryggingamála.

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 8,2 milljarða króna sem er 5,3 milljörðum lakari útkoma en áætlað var og 17,2 milljörðum lakara en í fyrra. Skýringin á lakari útkomu en í fyrra er, auk þess sem áður er nefnt, að á árinu 2000 komu til greiðslu 5,5 milljarðar króna vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbörðunum á árinu 1999. Auk þess voru greiddir 10 milljarðar króna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að grynka á framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum ársins 2001 reyndist þannig neikvæð um rúma 4 milljarða króna, sem er 5½ milljarði lakara en sama tímabili árið áður.

Efnahagsleg áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum

Fyrir hryðjuverkaárásina á Bandaríkin þann 11. september síðastliðinn var þegar farið að gæta minnkandi hagvaxtar í flestum ríkjum heims og spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hagvöxt fyrir árin 2001 og 2002, sem gerð var fyrir þessa vofveiflegu atburði, benti til þess að hagvöxtur myndi minnka töluvert. Sama spá gerði þó ráð fyrir að hagvöxtur myndi víðast hvar haldast jákvæður á þessu ári og að hagvöxtur myndi almennt aukast á næsta ári.

Nú er talið líklegt að hryðjuverkaárásin á Bandaríkin muni draga enn frekar úr hagvexti, bæði í Bandaríkjunum og í öðrum ríkjum heims. Að sjálfsöguð er erfitt á þessum tímabili að spá fyrir um hvaða áhrif þessi árs mynd hafa á almenna efnahagsþróun. Annars vegar munu þessir atburðir ótvírætt hafa neikvæð áhrif á almennar væntingar fyrirtekja og einstaklinga og ekki síður á afkomu ýmissa atvinnugreina, sérstaklega flugfélaga og tryggingarfélaga eins og þegar hefur komið fram. Þá eru áhrif á olíuverð enn óviss. Á hinn bóginn hafa fyrstu viðbrögð stjórnvalda, með lækkun vaxta og auknu fjármagn út í fjármálakerfið, án efa stuðlað að aukinni tiltrú manna á að áhrif þessara atburða á heimsbúskapinn verði minni en ella. Að öllu samanlögðu er þó líklegt að hagvaxtarspár verði fremur endurskoðaðar til lækkunar en hækkunar.

Áhrif á íslenskt efnahagslífi eru ekki síður óviss. Líklegt verður þó að teljast að áhrifin muni helst koma fram í minnkandi umsvifum í ferðaþjónustu og flugsamgöngum. Hvað aðrar útlutningsgreinar varðar er enn of snemmt að segja til um hver áhrifin gætu orðið.


Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,0	6,1
Tekjuskattar	18,6	19,9
Tryggingagjöld	8,4	10,5
Eignarskattar	12,4	11,8
Veltuskattar	8,0	-2,0
Tekjur alls	10,8	6,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	14,9	3,3
Félagsmál	6,2	18,0
Atvinnumál	5,4	21,7
Vaxtagjöld	50,2	14,1
Önnur útgjöld	34,3	54,1
Gjöld alls	11,2	17,8

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7064	-6897
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9019	-8168
Alborganir lána	-28471	-22159
Br. lánsfjárfjöfnuður	-23448	-40328
Lántökur	24973	36233
Greiðsluafkoma	1522	-4092


Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-september	4,7	8,4
Kjarnaverðbólga-sept.	3,0	9,4
Launavísitala-ágúst	7,9	8,8
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásöluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi - ágúst	1,1	1,1

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Vefvang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



27. september 2001

Tekjuskattur fyrirtækja



Eru efnahagsleg rök fyrir skattalækkunum?

Verulegar breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi fyrirtækja á alþjóðavettvangi á síðustu árum. Vegna breyttra aðstæðna á alþjóðamarkaði og aukinnar samkeppni hafa augu stjórnvalda víða um lönd í vaxandi mæli beinst að því að treysta samkeppnistöðu fyrirtækja, meðal annars með lækkun fyrirtækjaskatta. Þessar breytingar hafa verið taldar nauðsynlegar til þess að fyrirtæki geti mætt aukinni samkeppni erlendra keppinauta, þar sem landamæri skipta sífellt minna máli og fjármagn og fyrirtæki leita einfaldlega til þeirra landa sem bjóða hagstæustu aðstæðurnar. Írland er sjálfsagt það land sem oftast er nefnt í þessu samhengi, en þar hafa stjórnvöld gripið til þess ráðs að lækka tekjuskatt fyrirtækja verulega, eða niður í 12,5% frá og með árinu 2003. Fjöldmörg önnur ríki hafa einnig lækkað tekjuskatt fyrirtækja á undanförmum árum.

Margt bendir því til þess að íslenskt atvinnulíf búi ekki lengur við það forskot sem hér ríkti í skattalegu tilliti á síðasta áratug. Þetta á sérstaklega við um tekjuskattshlutfallið, sem í dag er rétt undir meðallagi OECD-ríkjana, en var langt fyrir neðan það fyrir tæplega áratug. Eins má halda því fram að álagning eignarskatta á fyrirtæki sé að verða einsdæmi meðal vestrænna ríkja, enda hafa flest ríki sem enn lögðu eignarskatta á fyrirtæki í upphafi síðasta áratugar felld þá niður. Sömu sögu má segja um álagningu stimpilgjalds sem yfir samkeppnistöðu innlendra fyrirtækja. Tillögur OECD í nýlegri úttekt á íslenska skattkerfinu ganga í sömu átt.

Auk þessara skattalegu atriða má nefna að íslensk fyrirtæki búa að mörgu leyti við erfiðari aðstæður en erlend fyrirtæki, meðal annars vegna smæðar markaðarinnar, fjarlægðar frá erlendum mörkuðum og þar með meiri flutningskostnaðar o.fl. Þess vegna skiptir jafnvel enn meira máli hér á landi en annars staðar að skapa atvinnulífni starfsskilyrði sem eru ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri.

En hvað með stöðu ríkissjóðs? Er svigrúm til slíkra skattalækkana? Þetta er auðvitað grundvallarspurning, reyndar ein af mörgum. Það er hins vegar ekki auðvelt að meta áhrif svo víðtækrar skattalækkunar á afkomu ríkissjóðs. Slíkur spurningum verður ekki svarað með einföldum þrívörðum, þ.e. með því að reikna út hvað hvert prósentustig kostar miðað við stöðuna í dag. Með því væri litið fram hjá ýmsum veigamiklum efnahagslegum áhrifum þessara aðgerða sem munu meðal annars birtast í auknum fjárfestingum fyrirtækja, aukinni framleiðslu og atvinnu, meiri tekjumyndun í þjóðfélaginu og almennt auknum umsvifum í þjóðarþúskapnum. Meðal annars má ætla að skattalækkun af þessu tagi muni leiða til bæði aukinna fjárfestinga erlendra aðila hér á landi og koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína til útlanda. Jafnframt má ætla að lækkun eignarskatta skili sér að hluta í auknum

þjóðhagslegum sparnaði og að hluta í aukinni veltu. Öll þessi atriði eru í reynd grundvallarforsenda þess að grípa til slíkra aðgerða. Niðurstöður útreikninga fjármálaráðuneytisins benda til þess að veltuáhrif skattalækkana af þessu tagi séu umtalsverð.

Niðurstaðan af þessum vangaveltum er eindregið sú að öll efnahagsleg rök mæli með myndarlegri lækkun fyrirtækjaskatta, bæði tekju- og eignarskatta. Slík aðgerð myndi virka sem vítamínssprautu inn í íslenskt efnahagslíf og verða til þess að skapa jafnt fyrirtækjum sem einstaklingum starfsskilyrði sem jöfnuðust á við það besta sem gerist annars staðar. Aðgerðir af þessu tagi geta því fyllilega samrýmst áframhaldandi traustri og aðhaldssamri hagstjórn þar sem þær munu, þegar upp er staðið, stuðla að breikun skattstofna sem vegur upp á móti hugsanlegri tekjulækkun. [Nánar...](#)

Reglugerð um skipan opinberra framkvæmda

Fjármálaráðherra hefur gefið út sérstaka reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda. Markmið hennar er að skýra hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem vinna að opinberum framkvæmdum, skýra áfangaskiptingu opinberra framkvæmda og formfesta ákvarðanatöku í tengslum við þær.

Ítarlegri undirbúningur. Með reglugerðinni er lögð áhersla á ítarlegri undirbúning opinberra framkvæmda en verið hefur og styrkja þar með undirstöður framkvæmdarinnar. Lögð er áhersla á að frumathugunarþátturinn við opinbera framkvæmd verði eflur verulega en frumathugun er könnun á þeim þörfum sem til úrlausnar eru ásamt mati á þeim kostum sem til greina koma við lausn þeirra. Slík könnun getur beint sjónum manna að öðrum möguleikum en byggingu mannvirkis eins og t.d. leigu eða endurskipulagningu starfseminnar. Með frumathuguninni er umfang framkvæmdarinnar sjálfrar einnig mótað og því mikilvægt að við gerð hennar fari fram vönduð greining á þeim kröfum sem gerðar eru til flestra þátta verkefnisins. Þetta leiðir til þess að strax í upphafi liggur fyrir afstaða hlutadagandi ráðuneytis til verkefnisins og umfangs þess áður en ráðist er í hönnun mannvirkisins. Í reglugerðinni er einnig að finna það nýmæli að fjalla þarf formlega um frumathugun áður en heimilt er að hefja áætlunargerð og fyrirmæli um að hönnun mannvirkis skuli fara fram á grundvelli frumathugunarinnar. Fjármálaráðuneytið hyggst í framhaldi af setningu reglugerðarinnar setja nánari reglur um verklag við gerð og innihald frumathugunar og áætlunargerðar.

Skýrari áfangaskipting og formleg ákvarðanatöku. Reglugerðin mælir einnig fyrir um mun skýrari áfangaskiptingu á hinum fjórum áföngum opinberra framkvæmdar, þ.e. frumathugun, áætlunargerð, verklag framkvæmd og skilamati en verið hefur. Þetta leiðir til betri yfirsýnar yfir framkvæmdina og afmörkun hennar, þar sem við lok hvers áfanga fer fram formleg afgreiðsla og endurmat áfangans ásamt því að samanburður er gerður við fyrri áfanga.

Skýrara hlutverk og ábyrgð. Jafnhiðla skýrri áfangaskiptingu við opinberar framkvæmdir skýrir reglugerðin hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem koma að gerð einstakra áfanga. Eðli máls samkvæmt koma margir aðilar að mótun og gerð mannvirkja bæði stjórnunaraðilar og ráðgjafar. Það er því mikilvægt að ábyrgðarskil þessara aðila séu skýr þannig að saman fari bæði fagleg og stjórnunarleg ábyrgð.

Starfsreglur samstarfsnefndar og skilamat. Ennfremur hafa verið auglýstar starfsreglur samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, en hlutverk hennar er að vera fjármálaráðuneytinu til ráðgjafar um fjármálalega framkvæmd laga um skipan opinberra framkvæmda og rannsaka frumathugun og áætlunargerð. Þá eru einnig auglýstar reglur um gerð skilamats að lokinni framkvæmd en tilgangur þess er að safna upplýsingum og reynslutölum um framkvæmdir í því skyni að styrkja verklag við opinberar framkvæmdir.


Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,0	6,1
Tekjuskattar	18,6	19,9
Fryggjagjöld	8,4	10,5
Eignarskattar	12,4	11,8
Veltuskattar	8,0	-2,0
Tekjur alls	10,8	6,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	14,9	3,3
Félagsmál	6,2	18,0
Atvinnumál	5,4	21,7
Vaxtagjöld	50,2	14,1
Önnur útgjöld	34,3	54,1
Gjöld alls	11,2	17,8

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7064	-6897
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9019	-8168
Afborganir lána	-28471	-22159
Br. lánsfjárfjöfnuður	-23448	-40328
Lántökur	24973	36233
Greiddsluafkoma	1522	-4092

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br. %	2000	2001
Verðbólga-september	4,7	8,4
Kjarnaverðbólga-sept.	3,0	9,4
Launavísitala-ágúst	7,9	8,8
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi - ágúst	1,1	1,1

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



4. október 2001

Viðtækar umbætur í skattamálum

Ríkisstjórnin kynnti í gær einhverjar umfangsmestu aðgerðir í skattamálum sem um getur hér á landi. Megininntak aðgerðanna er eftirfarandi:

Einstaklingar:

- ? Eignarskattur einstaklinga lækka um helming, eða úr 1,2% í 0,6%.
- ? Sérstakur eignarskattur einstaklinga fellur niður.
- ? Skattlagning húsaleigubóta er afnumin.
- ? Tekjuskattur einstaklinga lækkar um 0,33%.
- ? Fritekjumörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga (hátekjuskatti) hækka um 15%.
- ? Frieignarmörk í eignarskatti og sérstökum eignarskatti einstaklinga hækka um 20% til að koma í veg fyrir að hækkan fasteignamats leiði til hækunar eignarskatta á næsta ári.

Atvinnulífð:

- ? Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18%.
- ? Eignarskattur fyrirtækja lækkar um helming, eða úr 1,2% í 0,6%.
- ? Sérstakur eignarskattur fyrirtækja fellur niður.
- ? Verðbólguveikingskil verða afnumin.
- ? Fyrirtækjum verður heimilt að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt.
- ? Tryggingagjald hækkar um 0,77%.

Að auki verður stimpilgjald lækkað verulega.

Það er ekki auðvelt að meta áhrif svo viðtækra skattalækkana, sérstaklega ekki hvað varðar tekjur ríkissjóðs. Þar nægir ekki að horfa á stöðuna eins og hún er áður en aðgerðirnar koma til framkvæmda enda er þeim beinlínis ætlað að hafa áhrif á efnahagslífið sem aftur skilar sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Þetta mun m.a. birtast í aukinni arðsemi fyrirtækja sem aftur leiðir til aukinna fjárfestinga, meiri framleiðslu og tekjumyndunar í þjóðfélaginu og þar með aukinna umsvifa. Þannig má ætla að svo viðtæk skattalækkun muni leiða til bæði aukinna fjárfestinga erlendra aðila hér á landi og koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína til útlanda. Jafnframt má ætla að lækkan eignarskatta skili sér í auknum þjóðhagslegum sparnaði og aukinni veltu. Auk þessara atriða má nefna þau viðbótarrök að núverandi staða efnahagsmála þar sem farið er að gæta samdráttareinkenna á ýmsum sviðum gerir slíkar skattkerfisbreytingar meira aðkallandi en ella þar sem þær verða til þess að örva atvinnulífð og þar með glæða hagvöxt á nýjan leik.

Niðurstöður útreikninga fjármálaráðuneytisins benda til þess að veltuáhrif skattalækkana af þessu tagi séu umtalsverð sem muni að verulegu leyti veita upp á móti hugsanlegri tekjulækkun. Í þessu samhengi má benda á tvær hliðstæður. Annars vegar þegar tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður umtalsvert á fyrri hluta síðasta áratugar. Sú lækkan hafði mikil áhrif á efnahagslífið og átti verulegan þátt í efnahagsuppsveiflunni sem fylgdi í kjölfarið með þeim afleiðingum að tekjuskattur tvöfölduðust að raungildi. Sama á við um lækkan fjármagnstekjuskatts á arð og söluhagnað sem hafði svipuð áhrif á efnahagslífið og skilar engu að síður margfalt meiri tekjum í ríkissjóð en áður.

Að öllu samanlögðu er ætlað að þessar breytingar geti lækkað tekjur ríkissjóðs um 3½ milljarð króna þegar tekið hefur verið tillit til veltuáhrifa og annarra þátta. Hér er um varlega áætlun að ræða og líklegt að tekjulækkunin verði enn minni og snúist jafnvel í tekjuauka þegar fram í sækir.

Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarps 2002

Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarps og frávik frá forsendum þjóðhagsáætlunar hafa mikið verið til umræðu síðustu daga og því hefur jafnvel verið haldið fram að fjármálaráðuneytið hafi búið til sína eigin þjóðhagsspá til þess að fegra afkomutölur ársins 2002. Óhjákvæmilegt er að mótmæla slíkum málalíbúnaði.

Fyrst er rétt að ítreka að við gerð og lokafrágang tekju- og gjaldaáætlana fjárlagafrumvarps er alla jafna höfð sem mest hliðsjón af nýjustu spám Þjóðhagsstofnunar. Það er meginreglan. Þó getur verið óhjákvæmilegt að

vikja frá spánni í tilteknum atriðum, meðal annars vegna þess að oft liggur endanleg þjóðhagsspá ekki fyrir þegar lokafrágangur fjárlagafrumvarpsins fer fram, en það er alla jafna í fyrri hluta septembermánaðar ár hvert. Eins getur komið fram skoðanamunur á mati ráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar á efnahagsþróun líðandi árs sem hefur síðan áhrif á niðurstöður fjárlagaársins. Þetta er reyndar önnur meginskýringin á mismunandi mati fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar á stöðu og horfum í efnahagsmálum. Hin meginskýringin liggur í mismunandi mati á verðbólguhorfum á næstunni.

Við gerð tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps er horft til þriggja atriða öðrum fremur. Í fyrsta lagi til þróunar skatttekna á yfirstandandi ári. Í öðru lagi til skattbreytinga sem hafa áhrif á tekjuþróun ársins 2002. Í þriðja lagi til almennra efnahagshorfa. Öll þessi atriði skipta máli og stýra niðurstöðutölum tekjuáætlunar. Mat ráðuneytisins á þróun skatttekna það sem af er þessu ári gefur til kynna meiri samdrátt í neysluútgjöldum heimilanna en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Upplýsingar um þróun innflutnings styðja þessa skoðun. Ráðuneytið gerir því ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði lægri en forsendur þjóðhagsáætlunar gefa til kynna.

Þá telur ráðuneytið að verðbólguþáttur Þjóðhagsstofnunar sé í hærri kantinum, sérstaklega hvað varðar þróunina allra næstu mánuði. Ráðuneytið gerir ráð fyrir 5% meðalverðbólgu milli árunna 2001 og 2002, sem er svipað og síðasta spá Seðlabankans gerði ráð fyrir að teknu tilliti til þeirra breytinga sem síðan hafa orðið, en tæplega 1% lægri en í þjóðhagsáætlun. Hins vegar er spá um verðbólgu frá upphafi til loka 2002 svipuð, eða nálægt 3%. Þetta frávik hreyfir ýmsar aðrar stærðir, m.a. kaupmátt ráðstöfunartekna, einkaneyslu og innflutning. Ennfremur telur ráðuneytið að útflutningur verði minni á þessu ári en þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir en aftur meiri á næsta ári. Hér er að einhverju leyti um tilflutning á milli árunna 2001 og 2002 að ræða auk þess sem reiknað er með að samdráttur í aflaheimildum komi ekki af fullum þunga fram í útflutningsframleiðslu heldur muni aðilar bregðast við með aukinni sókn í aðra fiskistofna líkt og hefur gerst á þessu ári. Síðast en ekki síst er ráðuneytið hjartsýna hvað varðar almennar fjárfestingarhorfur, m.a. með hliðsjón af þeim viðtæku skattalækkunum sem nú hafa verið kynntar. Ráðuneytið telur að þessar aðgerðir hafi jákvæð áhrif á efnahagslífið sem muni skila sér í auknum umsvifum þegar á næsta ári.

Af þessu sést að frávik milli forsendna fjárlagafrumvarps og þjóðhagsáætlunar felst að nokkru leyti í hliðrun milli árunna 2001 og 2002, þ.e. minni hagvöxtur árið 2001 en meiri 2002. Munurinn er hins vegar minni þegar horft er á árin tvö saman. Þetta birtist meðal annars í því að fjárhæð landsframleiðslunnar árið 2002 sem af þessum forsendum leiðir er tæplega 1 milljarði króna lægri en í þjóðhagsáætlun, ekki 10 milljörðum króna hærri eins og haldið hefur fram. Þessi niðurstaða skilar ríkissjóði þess vegna lægri tekjum og þar með lakari afkomu en verið hefði á forsendum þjóðhagsáætlunar. Það er kjarni málsins.

Fjárlagafrumvarp 2002
Áætlun 2001 Frumvarp 2002
Þjóðhagsáætlun 2002
Þjóðhags-
áætlun 2002

	Áætlun 2001	Frumvarp 2002	Þjóðhags- áætlun 2002	Þjóðhags- áætlun 2002
<i>I Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %</i>				
Einkaneysla	-2,0	0,0	-1,0	-0,5
Samneysla	3,5	2,5	3,4	2,9
Fjárfesting	-5,0	-10,0	-5,1	-13,3
Þjóðarútgjöld án birgðabr.	-2,2	-1,6	-1,1	-2,8
Útfl. vöru og þjónustu	4,0	2,9	6,1	0,7
Innfl. vöru og þjónustu	-6,0	-3,6	-3,6	-4,8
Landsframleiðsla	1,5	1,0	1,9	-0,3
<i>II Tekju- og verðlagsbreytingar, meðalbreytingar - %</i>				
Ráðstöfunartekjur á mann	6,5	5,0	6,5	4,8
Kaupmáttur ráðst.tek. á mann	0,0	0,0	0,0	-1,0
Vísitala neysluverðs	6,5	5,0	6,5	5,9
Atv.leysi, hlutf. af mannafla	1,4	2,0	1,4	2,0


Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,0	6,1
Tekjuskattar	18,6	19,9
Tryggingagjöld	8,4	10,5
Eignarskattar	12,4	11,8
Veltuskattar	8,0	-2,0
Tekjur alls	10,8	6,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	14,9	3,3
Félagsmál	6,2	18,0
Atvinnumál	5,4	21,7
Vaxtagjöld	50,2	14,1
Önnur útgjöld	34,3	54,1
Gjöld alls	11,2	17,8

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7064	-6897
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9019	-8168
Afborganir lána	-28471	-22159
Br. lánsfjárfjöfnuður	-23448	-40328
Lántökur	24973	36233
Greiddsluafkoma	1522	-4092

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br. %	2000	2001
Verðbólga-september	4,7	8,4
Kjarnaverðbólga-sept.	3,0	9,4
Launavísitala-ágúst	7,9	8,8
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásöluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi - ágúst	1,1	1,1

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



11. október 2001

Gagnrýni ASÍ á fyrirhugaðar skattabreytingar

Þær skattabreytingar sem voru kynntar í síðustu viku og eru nú til meðferðar á Alþingi hafa almennt hlotið góðar viðtökur, jafnt hjá einstaklingum sem í atvinnulífnum, enda óumdeilt að þær fela í sér umtalsverðar skattalækkunarir sem munu bæði efla atvinnulífið og treysta hag heimilanna. Neikvæð viðbrögð Alþýðusambands Íslands vekja hins vegar athygli og gefa tilefni til nánari umfjöllunar um þau markmið sem hafa verið höfð að leiðarljósi við undirbúning breytinganna.

Meginmarkmið þessara breytinga er annars vegar að styrkja stöðu atvinnulífsins og stuðla þannig að auknum hagvexti og hins vegar að treysta hag heimilanna með umtalsverðri lækkun eignarskatta, lækkun tekjuskatta og skattfrelsi húsaleigubóta. Það er til marks um umfang þessara aðgerða að þær fela í sér skattalækkunarir sem nema á heildina lítið nálægt 1% af landsframleiðslu og munu því hafa veruleg áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna og verðmætasköpun í efnahagslífinu.

Skattalækkunarirnar munu hins vegar ekki leiða til samsvarandi lækkunar tekna ríkissjóðs. Arðsemi fyrirtækja mun aukast - eins og þegar hefur komið fram á hlutabréfamarkaði - sem aftur leiðir til aukinna fjárfestinga, meiri framleiðslu og tekjumyndunar í þjóðfélaginu og þar með aukinna umsvifa. Jafnframt má ætla að svo viðtæk skattalækkun muni bæði leiða til aukinna fjárfestinga erlendra aðila hér á landi og koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína til útlanda. Loks mun lækkun tekju- og eignarskatta einstaklinga án efa skila sér að hluta í auknum þjóðhagslegum sparnaði og að hluta í aukinni veltu. Öll þessi atriði skila sér í auknum skatttekjum ríkissjóðs og vege þannig að verulegu leyti á móti upphaflegum áhrifum skattalækkana.

Það er hins vegar nauðsynlegt að horfa á þessar aðgerðir í heildarsamhengi, en ekki taka út einstaka þætti þeirra eins og ASÍ virðist gera. Þannig er til dæmis ekki hægt að horfa á lækkun tryggingagjalds í einangrun og alhæfa um heildaráhrif aðgerðanna á efnahagslífið út frá því. Ástæða þess að lækkun tryggingagjalds er hluti af þessum aðgerðum er einfaldlega sú að hún var talin nauðsynleg til að geta gengið enn lengra í skattalækkun en ella hefði verið mögulegt, bæði hvað varðar lækkun tekjuskatta og eignarskatta. Við þessa ákvörðun var ennfremur horft til þess að tryggingagjald er hlutfallslega lágt hér á landi í samanburði við önnur lönd, jafnvel þótt tekið sé tillit til lífeysisdregjalds og annarra launategdra gjalda.


Það er einnig athyglisvert að af hálfu ASÍ er talið æskilegra að lækka veltuskatta til þess að slá á verðbólguna auk þess sem bent er á að lækkun tryggingagjalds muni minnka svigrúm fyrirtækja til að greiða hærra laun. Í þessu felst grundvallarmisskilningur á eðli þeirra skattkerfisbreytinga sem hér eru á ferðinni. Það gefur auga leið að aðgerðir sem fela í sér svo miklar skattalækkunarir hljóta að styrkja stöðu fyrirtækja og þar með auka svigrúm þeirra til þess meðal annars að greiða hærra laun. Jafnframt má ætla að bætt staða fyrirtækja hamli gegn verðbólgu. Af hálfu fjármálaráðuneytisins er hins vegar verulega dregið í efa að 1% lækkun virðisaukaskatts, en það svarar nokkurn veginn til þeirrar skattalækkunar sem hér um ræðir, skili sér að fullu út í verðlagið við ríkjandi aðstæður. Og það sem meira er, slík aðgerð myndi engan veginn ná fram þeim markmiðum sem skattkerfisbreytingarnar stefna að, þ.e. að treysta stöðu atvinnulífs og heimila og auka hagvöxt. Að mati fjármálaráðuneytisins er gagnrýni Alþýðusambandsins á boðaðar skattkerfisbreytingar því ekki á rökum reist.

Hafa skattar verið að hækka undanfarin ár?

Umræða um þróun útgjalda og tekna hins opinbera er allra góðra gjalda verð. Hins vegar er mikilvægt að hún sé byggð á bestu fánlegum upplýsingum. Ennfremur er grundvallaratriði að greint sé á milli þess hvort um sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda er að ræða, til dæmis breytingar á skatthlutföllum sem auðvitað hafa bein áhrif á skattgreiðslur, eða hvort hér séu á ferðinni áhrif

ýmissa efnahagslegra þátta, svo sem uppsveiflu í efnahagslífinu sem eykur skatttekjur ríkissjóðs í heild án þess að skattar hafi hækkað. Þessu tvennu er því miður gjarnan ruglað saman í umræðunni.

Skattkerfi flestra landa eru þannig uppbyggð að þróun skatttekna fylgir hagsveiflunni. Þannig aukast skatttekjur hlutfallslega þegar vel árar en lækka þegar kreppir að. Þetta þýðir jafnframt að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar í uppsveiflu en lækkar í niðursveiflu. Það er ekki að ástæðulausu að skattkerfin eru þannig uppbyggð heldur er hér beinlínis verið að ná fram ákveðinni sveiflujöfnun í efnahagslífinu, þ.e. að halda aftur af uppsveiflunni og að draga úr niðursveiflunni. Slík sveiflujöfnun er nauðsynleg í nútímahagkerfi, stuðlar að auknum stöðugleika og kemur því öllum til góða þegar upp er staðið.



Þetta kemur glögt í ljós þegar horft er á tölur fyrir Ísland og önnur OECD-ríki síðastliðinn áratug. Á árunum 1991-1997 var hlutfall heildartekna hins opinbera af landsframleiðslu nokkuð stöðugt hér á landi, eða í kringum 37%. Frá þeim tíma hefur hlutfallið hækkað nokkuð og er talið hafa numið tæplega 41% árið 2000. Þessa hækkingu má hins vegar nær alfarið rekja til efnahagsuppsveiflunnar á síðustu árum. Sömu tilhneigingar gættir í flestum hinna OECD-ríkjana á sama tíma. Eini munurinn er sá að uppsveiflan hér á landi var miklu kröftugri en í öðrum ríkjum sem skýrir heldur meiri hækkingu hlutfallsins hér.

Það er því rangt sem haldið hefur verið fram að umsvif hins opinbera, á mælikvarða heildartekna, hafi aukist hér á landi á sama tíma og þau hafi verið að minnka í öðrum OECD-ríkjum. Þvert á móti sýnir meðfylgjandi línur að þetta hlutfall hefur farið hækkanandi upp á síðkastið í flestum ríkjum OECD samhliða þeirri efnahagsuppsveiflu sem þar hefur gætt. Ennfremur mun niðursveiflan í efnahagslífinu hér á landi leiða til umtalsverðrar lækkunar þessa hlutfalls, eða í 40% árið 2001 og enn lægri tölu samkvæmt áætlunum fyrir árið 2002.

Einnig er rétt að undirstrika að staða Íslands í alþjóðasamanburði hvað þetta varðar er svipuð og hún var fyrir réttum áratug. Umsvif hins opinbera voru þá og eru enn með því lægsta sem þekkist meðal Evrópuríkja OECD.

Verkefnavísar

Fjármálaráðuneytið hefur gefið út Verkefnavísa 2002. Þetta er í sjötta skiptið sem ritið er gefið út samhliða fjárlagafrumvarpinu. Það geymir ýmsar upplýsingar um hlutverk og verkefni 300 stofnana af um 380 sem talið er að gætu skilað upplýsingum í heftið. Verkefnavísam er ætlað að upplýsa um umfang og árangur þjónustu og verkefna sem ríkið stendur fyrir og ekki er tækifæri til að fjalla um í greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Gerð er grein fyrir rúmlega 1.000 verkefnum og tæplega 2.500 mælikvörðum á þau. Hvergi á einum stað er að finna jafn miklar upplýsingar um hvað ríkisstofnanir fást við og til hvaða þarfa skattfé er varið.


Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,0	6,1
Tekjuskattar	18,6	19,9
Tryggingagjöld	8,4	10,5
Eignarskattar	12,4	11,8
Veltuskattar	8,0	-2,0
Tekjur alls	10,8	6,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	14,9	3,3
Félagsmál	6,2	18,0
Atvinnumál	5,4	21,7
Vaxtagjöld	50,2	14,1
Önnur útgjöld	34,3	54,1
Gjöld alls	11,2	17,8

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7064	-6897
Hr. lánsfjárföfnuður	9019	-8168
Afborganir lána	-28471	-22159
Br. lánsfjárföfnuður	-23448	-40328
Lántökur	24973	36233
Greiddsluafkoma	1522	-4092

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-október	4,2	8,0
Kjarnaverðbólga-okt.	3,2	9,2
Launavísitala-ágúst	7,9	8,8
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásöluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi - ágúst	1,1	1,1


Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



18. október 2001

Óvissupættir í efnahagsspám

“Það er alltaf erfitt að spá og sérstaklega um framtíðina.” Þessi fleygu orð eiga vel við um áætlanagerð á sviði efnahagsmála sem er eðli máls samkvæmt töluverðri óvissu háð. Óvissan snýr reyndar ekki einungis að framtíðinni heldur einnig að mati á nýliðinni tíð. Þetta er nauðsynlegt að rifja upp í tilefni umræðna um efnahagsforsendur fjárlagafrumvarps 2002 og frávik frá spá Þjóðhagsstofnunar. Þessi óvissa sést glögt þegar efnahagsspár síðustu ára eru skoðaðar.



Lítum fyrst á spár Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2000. Í spá, sem sett var fram í október 1999, var t.d. gert ráð fyrir 2½% hagvexti, 2½% aukningu þjóðarútgjalda og 30 milljarða króna viðskiptahalla, eða sem nam 4% af landsframleiðslu. Nú, réttum tveimur árum síðar, sýna sambærilegar tölur 5% hagvöxt, 6% aukningu þjóðarútgjalda og 67 milljarða króna viðskiptahalla, eða sem nemur 10% af landsframleiðslu. Hér skeikar meira en helmingi.

Með þessu er á engan hátt varpað rýrd á spár Þjóðhagsstofnunar heldur vakin athygli á því að slíkar spár eru óvissu háðar. Þær hvíla á ákveðnum forsendum um framvindu efnahagsmála en ekki óhrekjanlegum staðreyndum. Því er nauðsynlegt að taka þeim með ákveðnum fyrirvara en ekki sem heilögum sannleika.

Breytingar á einstökum spám fyrir árið 2001 sýna ennfrum að hagvöxtur getur haldist meira eða minna óbreyttur þótt einstakir þættir efnahagsmála breytist mjög mikið frá upphaflegum spám. Í spá Þjóðhagsstofnunar frá október 2000 var t.d. spáð 2½% aukningu neysluútgjalda heimila, en nú er spáð 1% samdrætti, sem að mati fjármálaráðuneytis gæti jafnvel orðið meiri. Þetta hefur auðvitað veruleg áhrif á þróun skatttekna til lækkunar frá því sem áður var gert ráð fyrir.

Þrátt fyrir þetta er hagvaxtarspáin lítið breytt og jafnvel örlítið hærri, eða tæplega 2%, í stað 1½% áður. Skýringin er m.a. sú að framleiðsla sjávarafurða á árinu 2001er nú talin minnka mun minna en áður var gert ráð fyrir, eða um 1% í stað 7% áður. Þetta frávik má einkum rekja til samsetningarbreytinga í sjávarafurðaframleiðslu sem hafa að mestu vegið upp áhrif skertra aflheimilda. Jafnframt er nú talið að almennur innflutningur dragist saman um 8½%, en hann var talinn myndu aukast um tæplega 1% í upphaflegri spá. Hvort tveggja hefur jákvæð áhrif á hagvöxt.

Þessi dæmi sýna að það verður að taka öllum spám með hæfilegum fyrirvara. Jafnframt er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim skekkjumörkum sem ávallt eru fyrir hendi í slíkum spám, en þau geta verið veruleg eins og reynslan sýnir. Líklega mætti gera meira af því að undirstrika þessi óvissuatriði og jafnframt auka gagnsæi í áætlanagerðinni.

Flugvallaskattar á evrópska efnahagssvæðinu

Þann 26. júní s.l. kvað Evrópuþingstjórnin upp dóm í hinu svokallaða "portúgalska flugvallaskattmáli". Mál þetta hefur haft töluverð áhrif og í kjölfarið hafa aðildarríki EES mörg hver þurft að endurskoða löggjöf sína á sviði flugvallaskatta. Samkvæmt dómnum er óheimilt að leggja á flugvallaskatta sem gera það erfiðara að veita flugþjónustu milli ESB-rikja en innanlands, þ.e. leggja meiri álagur á millilandaflug en innanlandsflug.

Lagt er bann við hvers konar reglum sem, án réttmætra ástæðna, takmarka frelsi aðila til að veita þjónustu og beitingu reglna sem hafa þau áhrif að erfiðara verður að veita þjónustu milli ESB-rikja en innanlands. Með dómnum er í raun allt flug innan EES skilgreint sem innanlandsflug. Þar sem flugvallaskattur í innanlandsflugi í Portúgal var lægri en í millilandaflugi var talið að þessi mismunandi gjaldtaka bryti gegn 49. gr. Rómarsamningsins og væri ekki réttlætunleg.

Ekki ber þó að skilja dóminn sem svo að flugvallaskattur verði að vera sama krónutölufjárhæð óháð flugleið innan EES heldur má lesa dóminn þannig að hlutlægar ástæður kunni að réttlæta mismunandi fjárhæð skattsins, svo framarlega sem hann er lagður á flugleiðir á hlutlausan hátt og án mismununar. Í kjölfar dómsins hefur starfshópur á vegum samgönguráðuneytis, utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis farið yfir innlenda löggjöf og rætt við fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna mismunandi flugvallarskatta sem eru hér á innanlandsflugi og millilandaflugi.

Stjórnsýslusamstarf Norðurlandanna

Ísland hefur nýlega gerst aðili að formlegu stjórnsýslusamstarfi Norðurlandanna, skammstafað RAKO. Aðild að því eiga ýmist fjármálaráðuneyti eða stjórnsýsluráðuneyti viðkomandi lands. Tilgangur samstarfsins er að kynna nýjungar í opinberri stjórnun, auk þess að skiptast á skoðunum um kosti og galla ýmissa stjórnumarkenninga og aðferða. Samstarfið er áratuga gamalt en Ísland hefur ekki átt aðild að því fyrr en á síðustu misserum.

Tvö meginefni voru tekin fyrir á fundi sem haldinn var í Danmörku í lok ágúst sl. Það var annars vegar stefnumarkandi stjórnun og hins vegar stjórnun breytinga. Mörg fróðleg erindi voru haldin og ýmislegt kom fram sem getur nýst fjármálaráðuneytinu við frekari þróun stjórnsýslunnar hérlendis.

Meðal annars var leitað svara við spurningunni um hvað einkennir rekstur þeirra stofnana sem þykja skara fram úr. Þar þóttu þrjú lykilstær koma fram. Í fyrsta lagi var hlutverk og helstu markmið mjög skýr og starfsfólk upplýst um þau. Í öðru lagi var starfsandi mjög jákvæður og endurspegladi traust milli yfirmanna og undirmanna. Loks var fjölbreytni ríkjandi við framkvæmd viðfangsefna; ekki var alltaf stuðst við fyrri reynslu heldur voru menn óhræddir við að prófa sig áfram og fylgjast með nýjungum. Þær sem stóðust prófaunina voru síðan teknar upp í videigandi tilfellum.

Ennfrum var kynnt reynsla finnska fjármálaráðuneytisins af því að taka upp vinnubrögð stefnumótandi stjórnunar sem verkfæri til að samþætta pólitíska stefnumörkun við hin hefðbundnu verkefni ráðuneytisins. Vinnuhópur skipaður fulltrúum allra skrifstofa auk pólitískra fulltrúa vann að undirbúningi málsins og lagði heildstæða tillögu um stefnumörkun og verkefni til næstu fjögurra ára fyrir ráðherra. Tillögurnar voru samþykktar og hefur nú verið unnið eftir þeim í þrjú ár. Að mati starfsmanna ráðuneytisins hafa þessi vinnubrögð skilað verulegum árangri og þá fyrst og fremst í því að tengja saman sýn stjórnmalamanna á það hvað þeir vilja og hins vegar hvað þarf til að ná því fram. Þessi vinnubrögð hafa einnig leitt til skýrari forgangsröðunar verkefna.


Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	11,0	6,1
Tekjuskattar	18,6	19,9
Tryggingagjöld	8,4	10,5
Eignarskattar	12,4	11,8
Veltuskattar	8,0	-2,0
Tekjur alls	10,8	6,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	14,9	3,3
Félagsmál	6,2	18,0
Atvinnumál	5,4	21,7
Vaxtagjöld	50,2	14,1
Önnur útgjöld	34,3	54,1
Gjöld alls	11,2	17,8

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	7064	-6897
Hr. lánsfjárfjönuður	9019	-8168
Afborganir lána	-28471	-22159
Br. lánsfjárfjönuður	-23448	-40328
Lántökur	24973	36233
Greiddsluafkoma	1522	-4092

Ýmsar helstu hagtolur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-október	4,2	8,0
Kjarnaverðbólga-okt.	3,2	9,2
Launavísitala-ágúst	7,9	8,8
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásöluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi - sept.	0,9	1,0

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



1. nóvember 2001

Staða Íslands utan Efnahags- og Myntbandalags Evrópu

Um næstu áramót munu 12 af 15 aðildarríkjum Evrópusambandsins formlega leggja niður gjaldmiðil sinn og taka upp sameiginlegan gjaldmiðil, evruna. Evrusæðlar og evrumynt verða tekin í notkun og núverandi gjaldmiðlar hverfa úr umferð. Með þessu er rekið smíðshöggvið á ferli sem hófst í ársbyrjun 1999 þegar Efnahags- og myntbandalag Evrópu varð að veruleika. Aðild að myntbandalaginu er bundin við aðild að Evrópusambandinu og hvorki ríkisstjórnin né nokkur íslenskur stjórnmalaflokkur hefur á sinni stefnuskrá að leita eftir aðild að Evrópusambandinu. Ísland getur því eðli málsins samkvæmt að óbreyttu ekki gerst aðili að myntbandalaginu. Þótt aðild að myntbandalaginu sé ekki á dagskrá hér og nú hljóta stjórnvöld að fylgjast grannt með því hver staða Íslands utan myntbandalagsins er og verður og hvort hún þróist með þeim hætti að ekki verði við unað.

Fróðlegt er í þessu sambandi að skoða hlutdeild evrusvæðisins í utanríkisviðskiptum Íslands, bæði miðað við myntbandalagið eins og það verður um áramótin og miðað við stækkun þess ef Bretland, Danmörk og Svíþjóð gerast aðilar. Hlutfall evrusvæðisins í utanríkisviðskiptum Íslands nemur nú nálægt þriðjung. Ef Bretar, Danir og Svíar gerast aðilar að myntbandalaginu má að óbreyttu gera ráð fyrir að meiri hluti utanríkisviðskipta Íslands verði í einni og sömu mynt, eða tæplega 60%. Slík stækkun evrusvæðisins gæti haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif og eykur á vissan hátt áhættuna í okkar efnahagsmálum og gengismálum.

Hver eru helstu rök með og á móti upptöku evru, ekki síst ef evrusvæðið stækkar? Hinn efnahagslegi ávinningur Íslands af upptöku evru yrði væntanlega fyrst og fremst tvíþættur: Í fyrsta lagi líkur á lægri vaxtamun gagnvart útlöndum þar sem með aðild að myntbandalaginu hyrfi vaxtamunur sem tengist gengisáættu. Í öðru lagi lægri viðskiptakostnaður í viðskiptum við aðila á evrusvæðinu.

Hvaða rök mæla á móti upptöku evru? Aðildarríki myntbandalagsins hafa ekki lengur peningalegt sjálfstæði til að mæta sérstökum efnahagslegum áföllum eða ávinningi, heldur mótast einn seðlabanki, Seðlabanki Evrópu, og framfylgir peningastefnu bandalagsins. Á móti ávinningi Íslands af myntbandalagsaðild vegna lægri viðskiptakostnaðar og vaxtamunar verður að meta efnahagslegar afleiðingar þess að ekki yrði lengur mögulegt að laga hagkerfið með tiltölulega skjóttum hætti að ytri áföllum.

Þótt hvorki sé á þessari stundu efnahagsleg nauðsyn, pólitískar forsendur né tæknilega mögulegt að Ísland gerist aðili að myntbandalaginu, er óhjákvæmilegt að af hálfu íslenskra stjórnvalda verði áfram fylgst grannt með því hvaða áhrif evran hefur á Ísland. Þetta gildir enn frekar ef aðildarríkjum myntbandalagsins fjölga og veruleg aukning verður á hlutfallslegu vægi evrusvæðisins í utanríkisviðskiptum Íslands. Vega þarf og meta á hverjum tíma kosti þess og galla að standa utan myntbandalagsins, hvað vinnist við það og hvað tapist, sem og þær leiðir sem okkur kunna þá að standa til boða til þess að bregðast við neikvæðum áhrifum.

Ef einhvers konar tenging við evruna á eftir að þykja æskileg þarf að skoða hvort tenging í einhverju formi sem ekki felur í sér fulla aðild að myntbandalaginu er möguleg eða nægjanleg, hvort heldur þar um ræðir einhliða eða tvíhliða tengingu við evru, myntráð eða notkun evru sem lögeyris. Ef svo reynist ekki mun valið standa á milli þess að leita eftir aðild að Evrópusambandinu til þess að geta síðan gerst aðili að myntbandalaginu og hins að standa áfram utan þess með þeim kostum og göllum sem því væru samfara. Val á milli þessara tveggja kosta gæti þá orðið einhver stærsta pólitíska ákvörðun Íslandssögunnar. [\(Sjá nánar\).](#)

Ört minnkandi vöruskiptahalli


Tölur Hagstofunnar um vöruskiptajöfnuðinn á fyrstu níu mánuðum ársins

staðfesta þá þróun sem gætt hefur meira og minna allt þetta ár þar sem hallinn á vöruskiptajöfnuði hefur minnkað jafnt og þétt, einkum vegna mikils samdráttar í innflutningi. Hér skiptir mestu máli samdráttur í innflutningi neysluvara. Þannig hefur bílannflutningur dregist saman um tæplega helming og innflutningur ýmissa varanlegra neysluvara svo sem heimilistækja o.fl. hefur einnig minnkað verulega. Þessi þróun endurspeglar þröngri fjárhagsstöðu heimilanna, m.a. vegna aukinnar skuldsetningar og lakari kaupmáttar en verið hefur að undanförmu.

Vöruskiptahallinn fyrstu níu mánuðina minnkar um hartnær helming frá síðasta ári, úr 27 milljörðum króna í 15 milljarða. Breytingin á föstu gengi gefur enn gleggri mynd af þeim umskiptum sem orðið hafa, eða úr 32 milljörðum króna í 15 milljarða.

Að öllu samanlögðu virðast þessar tölur staðfesta spár um að vöruskiptahallinn verði mun minni á árinu 2001 en fyrri spár gerðu ráð fyrir, eða rétt rúmlega 20 milljarðar króna.

Vöruskiptajöfnuður í heild 6 mánaða meðaltöl á hlaupandi verðlagi



Fríverslunarsamningur við Mexíkó

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna við Mexíkó tók gildi þann 1. október síðastliðinn. Samningurinn veitir íslenskum útflytjendum greiðari aðgang að mörkuðum í Mexíkó og vörum frá Mexíkó greiðari aðgang að íslenskum markaði. Samningurinn veitir tollfríðindi fyrir tilteknan iðnaðarvörur, fisk og aðrar sjávarafurðir. Auk þessara tollfríðinda fjallar samningurinn um ýmis atriði sem eru til þess fallin að auðvelda viðskipti milli aðildarríkja hans svo sem samkeppnisreglur, hugverkarétt og ríkisstyrki. Jafnframt er gert ráð fyrir að samningsaðilar geti þróað ný viðskiptatækifæri milli landanna svo sem í þjónustuviðskiptum.

Þann 1. október tók einnig gildi tvíhliða samningur Íslands og Mexíkó um landbúnaðarafurðir sem er til þess fallinn að greiða fyrir viðskiptum milli landanna með landbúnaðarvörur.

EFTA-ríkin hafa lokið við gerð þriggja annarra fríverslunarsamninga sem biða fullgildingar hér á landi á næstu mánuðum. Er það samningar við Króatíu, Jórdaníu og Makedóníu. Samningaviðræður EFTA um gerð fríverslunarsamninga eru hafnar við Kanada, Kýpur, Chile og Singapúr.

Tollstjórnin í Reykjavík veitir upplýsingar um efni fríverslunarsamningsins við Mexíkó og aðra samninga sem tekið hafa gildi.


Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,7	6,5
Tekjuskattar	17,9	21,2
Tryggingagjöld	8,5	11,5
Eignarskattar	17,0	9,9
Veltuskattar	7,2	-2,2
Tekjur alls	9,5	6,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,7	4,2
Félagsmál	9,1	14,6
Atvinnumál	6,0	18,8
Vaxtagjöld	54,3	10,3
Önnur útgjöld	33,8	52,0
Gjöld alls	13,0	15,0

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	4830	-6906
Hr. lánsfjárfjöfnuður	6076	-8731
Afborganir lána	-28766	-22214
Br. lánsfjárfjöfnuður	-27186	-41571
Lántökur	21441	36668
Greiðsluafkoma	-5747	-4900

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-október	4,2	8,0
Kjarnaverðbólga-okt.	3,2	9,2
Launavísitala-ágúst	7,8	9,1
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásöluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi - sept.	0,9	1,0

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



8. nóvember 2001

Er Keynes gamli kominn á kreik á ný ?

Staða alþjóðæfnahagsmála er nú venju fremur óviss. Þetta stafar ekki hvað síst af áhrifum hryðjuverkanna í Bandaríkjunum, en þau hafa haft neikvæð áhrif á væntingar heimila og fyrirtækja. Í kjölfarið hafa efnahagsspár flestra landa nær undantekningalaust verið endurskoðaðar til lækkunar. Það á sérstaklega við um Bandaríkin en áhrif niðursveiflu þar ná til vel flestra landa í Evrópu, Asíu og víðar, þar á meðal til Íslands.

Flestar spár benda til nokkuð kröftugrar efnahagsniðursveiflu á næstu mánuðum víða um lönd. Þótt óvissa ríki um hversu langvinn áhrif hryðjuverkanna verða á almennar væntingar í efnahagslífinu er almennt búist við að efnahagslífið rétti úr kútnum um mitt næsta ár og að hagvöxtur á árinu 2003 verði aftur viðunandi í flestum ríkjum, þar á meðal hér á landi.

Þessi staða hefur orðið til þess að vekja upp umræður um að stjórnvöld þurfi að grípa til sérstakra aðgerða til að koma hjólum atvinnulífsins af stað á nýjan leik. Hér hafa bæði verið nefndar til sögunnar aðgerðir um aukin ríkisútgjöld og sértækar, og jafnvel tímabundnar, skattalækkningar til að örva hagvöxt. Með öðrum orðum, að tími sé kominn til að endurlífga gamla Keynes, eða alla vega kenningar hans sem hafa legið í láginni um alllangt skeið.

Að mati fjármálaráðuneytisins er ástæða til að vara við slíkum hugmyndum. Þvert á móti er mikilvægt að stjórnvöld haldi ró sinni og forðist aðgerðir sem hafa neikvæð áhrif á framvindu efnahagsmála til lengri tíma lítið. Slíkar aðgerðir geta stofnað í hættu þeim efnahagslega ávinningi sem orðið hefur á undanförmum árum og birst, m.a. í auknum stöðugleika og breytingum á skipulagi efnahagslífsins.

Hér skiptir sköpum að öll umgjörð efnahagslífsins hefur gjörbreytt á undanförmum árum, ekki aðeins hér á landi heldur víðast hvar erlendis. Í stað miðstýrðs hagkerfis, hafta og forsjáryggju er komið frjálst markaðshagkerfi. Jafnframt hefur aukin alþjóðavæðing grafið undan tollamúrnum og hringamyndunum í alþjóðaviðskiptum.

Það er því tímaskekki að horfa til ríkisins sem allsherjar bjargvættar og styrktaraðila í efnahagslegu tilliti þótt hagkerfið standi andspænis tímabundinni niðursveiflu. Dagar fjármálaþega stuðningsaðgerða af hálfu ríkisins eru einfaldlega liðnir.

Reiknilíkan fyrir háskóla

Með lögum um háskóla á árinu 1998 var sjálfstæði háskóla aukið verulega og í framhaldinu hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á rekstrarumhverfi skólanna. Við gerð fjárlaga 2000 var fjárveitingu til kennslu í háskólum úthlutað í fyrsta sinn á grundvelli reiknilíkans sem menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands og fjármálaráðuneytið höfðu þróað saman í nokkur ár. Reiknilíkanið byggir að verulegu leyti á frumgerð líkans sem hafði verið notað frá árinu 1994 til að skipta kennslufjárveitingum milli sánskra háskóla þótt einnig hafi verið tekið tillit til aðstæðna sem valda skólum hér á landi meiri kostnaði. Með þessu vildu stjórnvöld gera rekstrarundvöll íslenskra háskóla sambærilegan því sem er hjá sánskum og dönskum ríkisháskólum.


Framlög til háskóla hér á landi tóku fram til ársins 1999 ekki mið af nemendafjölda og hafði til dæmis fjárveiting Háskóla Íslands ekki hækkad í mörg ár þrátt fyrir nemendafjölgun. Ástæðan var meðal annars sú að nemendabreytingar eru ekki góður mælikvarði á kostnað skóla enda eru nemendur í mismiklu og misdýru námi.

Helsti tilgangur líkansins er að skipta heildarfjárveitingu til háskólakennslu á milli skólanna samkvæmt almennum og skýrum reglum þannig að þeir sitji allir við sama borð. Heildarframlag hvers skóla ræðst af fjölda nemenda sem þreyta próf óháð því hvort þeir ná prófinu. Það er síðan hlutverk hvers skóla að skipta framlaginu sem hann fær milli deilda og brauta og aðlaga námsframboð og rekstur sinn að fjárveitingunni. Það er því alls ekki tilgangur

líkansins að mæla eða áætla kostnað skólanna enda stendur kostnaðurinn aðeins að hluta til í beinu sambandi við nemendabreytingar.

Sá háttur er hafður á að gera formlegan samning við sérhvern skóla um verkefni og fjárveitingar. Samkvæmt þeim er ætlast til að skólarnir setji sér skýr markmið og endurskoði innra skipulag, starf og reglur eftir því sem þarf. Breytt aðferð við úthlutun fjárveitinga til háskólanna á að auðvelda skólunum að skipuleggja rekstur sinn og námsframboð. Í ár voru svo gerðar verulegar breytingar á kjarasamningnum til að bæta kjör starfsmanna og auka sveigjanleika í starfsmannahaldi. Þessar breyttu aðstæður gera kröfur til stjórnenda og stjórnkerfa skólanna um leysa úr málum sem áður var fjallað um utan veggja þeirra. Framlög til háskólanna hafa hækkad um 50% milli fjárlaga 1999 og fjárlagafrumvarps 2002 úr 4,2 milljörðum í 6,3 milljarða króna.

Framlög ríkisins til háskóla



Nýr samningur ríkissjóðs um útgáfu víxla á Bandaríkjamarkaði

Á dögunum var undirritaður samningur um útgáfu víxla á markaði í Bandaríkjunum, svonefndur USCP-samningur (US Commercial Paper Programme). Þessi samningur er sambærilegur við ECP-samning ríkissjóðs um útgáfu víxla á Evrópumarkaði. Sá samningur hefur verið notaður frá árinu 1986 og var síðast endurnýjaður 1995. Hann veitir heimild til útgáfu víxla að andvirði 500 milljóna bandaríkjadala eða um 51,5 milljarða króna. Með útgáfu á Bandaríkjamarkaði er ríkissjóði nú kleift að ná til mun fleiri fjárfesta en áður. Hámarksfjárhæð útgáfu víxla undir USCP-samningnum er einn milljarður bandaríkjadala (um 103 milljarðar króna). Hægt er að gefa út víxla með tveggja daga fyrirvara, frá viku til 9 mánaða. Schröder Salomon Smith Barney (SSSB)/Citibank hafði veg og vanda af gerð samningsins og er ásamt JP Morgan/Chase miðlari í samningnum. USCP- og ECP-samningarnir tengjast þannig að samanlögð heildarútgáfa þeirra má nema allt að einum milljarði bandaríkjadala.

Ekki er að efa að hinn nýi samningur eykur möguleika ríkissjóðs á hagkvæmri víxlaútgáfu þar sem markaðurinn stækkar og hægt er að velja um hagstæðustu lánskjör hverju sinni austan hafs og vestan. Matsfyrirtækin Moody's, Standard & Poor's og Fitch hafa öll gefið erlendum skammtímaskuldbindingum ríkissjóðs hæstu lánsþæfiseinkunn sem skýtur enn frekari stöðum undir víxlaútgáfu ríkissjóðs.

Fyrir á þessu ári var undirritaður útgáfusamningur um lántökur ríkissjóðs til langs tíma. Um er að ræða svonefndan MTN-samning (Medium Term Notes) sem gefur ríkissjóði möguleika á útgáfu skuldabréfa á Evrópumarkaði fyrir allt að einum milljarði bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum helstu gjaldmiðlum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,7	6,5
Tekjuskattar	17,9	21,2
Tryggingagjöld	8,5	11,5
Eignarskattar	17,0	9,9
Veltuskattar	7,2	-2,2
Tekjur alls	9,5	6,6


Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,7	4,2
Félagsmál	9,1	14,6
Atvinnumál	6,0	18,8
Vaxtagjöld	54,3	10,3
Önnur útgjöld	33,8	52,0
Gjöld alls	13,0	15,0

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	4830	-6906
Hr. lánsfjárfjöfnuður	6076	-8731
Afborganir lána	-28766	-22214
Br. lánsfjárfjöfnuður	-27186	-41571
Lántökur	21441	36668
Greiðsluafkoma	-5747	-4900

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-október	4,2	8,0
Kjarnaverðbólga-okt.	3,2	9,2
Launavísitala-september	7,8	9,1
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásöluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi-sept.	0,9	1,0

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr




15. nóvember 2001

Vaxtalækkun Seðlabankans

Lækkun Seðlabankans á stýrivöxtum um 80 punkta úr 10,9 í 10,1 hefur almennt verið vel tekið. Í umfjöllun um efnahagsmál hér á síðum vefritsins hefur verið lögð á það áhersla hversu hratt hefur dregið úr innlendri eftirspurn og sömuleiðis hversu hraðar breytingar hafa orðið á vinnumarkaði á síðustu mánuðum. Þessi þróun hefur birst hvað skýrast í þróun veltuskatta sem dregist hafa saman að raungildi á síðustu mánuðum. Áætlanir um þróun þjóðarútgjalda á þessu ári benda til þess að raunsamdráttur á árinu gæti orðið um 2-2½%.

Áhyggjur Seðlabankans af verðbólguþróuninni koma að sjálfsögðu ekki á óvart auk þess sem mikil óvissa ríkir um framvinduna á gjaldeyrismarkaðinum. Með því að lækka vexti við þessar aðstæður er Seðlabankinn því í raun að taka undir þá skoðun sem almennt virðist ríkja að verðbólguáhrifin sé tímabundin vandi og að ekki sé efnahagsleg innistæða fyrir þeirri miklu gengislækkun sem þegar hefur orðið.

Mikilvægasta viðfangsefni hagstjórnarinnar er því að tryggja að sú aðlögun sem þegar er hafin gangi snurðulaust fyrir sig og að fyrirtækin og heimilin í landinu geti lagað sig að þessum nýju aðstæðum með sem minnstum tilkostnaði. Vaxtalækkun Seðlabankans er gott innlegg til að ná árangri á þessum vettvangi.



Skaðleg skattasamkeppni – staðan hjá OECD

Í vefriti fjármálaráðuneytisins 17. maí sl. var fjallað um skaðlega skattasamkeppni og stöðu mála í starfi OECD á þessu sviði. Í þeirri umfjöllun kom fram að svo virtist sem Bandaríkjamenn væru að hoga í samstarfinu sem skapaði mikla óvissu um framhald verkefnisins á þessum tíma.

Nokkuð vatn hefur runnið til sjávar frá því í maí sl. Um miðjan júní var haldinn sérstakur fundur í vinnuhópi OECD um stöðuna þar sem farið var yfir málamiðlunartillögu frá sérfræðingum OECD um tilteknar tilslakanir gagnvart þeim skattavinjum (tax havens) sem vilja taka þátt í verkefninu. Tillagan var samþykkt ásamt stöðuskýrslu um málið, en fjögur ríki, þ.e. Belgía, Lúxemborg, Portúgal og Sviss, voru með fyrirvara við skýrsluna.

Á fundi hjá OECD í lok júní kom hins vegar upp sú óvænta staða að Spánverjar tóku skýrsluna og málið allt í gislingu vegna milliríkjadeilu milli þeirra og Breta um Gíbraltar. Nú hefur hins vegar náðst samkomulag milli þessara þjóða um lausn deilunnar. Í framhaldi af því samþykkti ráðherraáætlun OECD að heimila dreifingu skýrslunnar, en í henni er fyrst og fremst fjallað um hvað hefur áunnist í starfi OECD frá miðju ári 2000.

Þar kemur fram að fátt hefur gerst varðandi sjálf aðildarríkin annað en að áfram er unnið að gerð “leiðbeininga” (Application Notes) varðandi mat á því

hvaða skattareglur teljist “skaðlegar”. Ríki utan OECD (non-member countries) koma að þessari vinnu með þátttöku í sérstökum ráðstefnum þar sem málin er reifuð með æskilega samvinnu í huga. Slík ráðstefna var meðal annars haldin í september sl. í París með þátttöku 30 ríkja utan OECD auk aðildarríkjanna sem og fulltrúum frá ýmsum alþjóðastofnunum.

Um mitt síðasta ár voru 35 svæði á sérstökum athugasemdir OECD yfir skattavinjar en í dag stendur þessi tala í 29. Eftirtalin fimm svæði, þ.e. Arúba, Bahrein, eyjan Mön, Hollensku Antillur og Seychelleseyjar, hafa samþykkt með formlegum hætti að hlíta leikreglum OECD með viðeigandi breytingum á eigin skattaumhverfi. Auk þess hefur eyjan Tonga þegar gert nauðsynlegar breytingar á sínum skattareglum. Jafnframt hafa ýmis þekkt svæði lýst yfir áhuga á samstarfi við OECD en telja sig þurfa lengri umþóttunartíma. Í ljósi þessarar þróunar hefur verið ákveðið að framlengja þann tímastofn sem umræddum svæðum var gefin til þátttöku í þessu starfi fram til 28. febrúar 2002, en fyrri frestur rann út hinn 31. júlí sl. Jafnframt hefur verið slakað á klónni varðandi mat á því hvað telst afgirt svæði (ring-fencing) þegar um er að ræða skattavinjar, sem meðal annars er skýring þess að Belgía og Portúgal kusu að sitja hjá.

Í stuttu máli er því staðan sú að aðildarríki OECD hafa ákveðið að halda fast við fyrri verkáætlun varðandi skaðlega skattasamkeppni, þó svo að tímasetningar hafi raskast. Nánari upplýsingar um innihald skýrslunnar er að finna á vefsíðu OECD (www.oecd.org/daf/ctpa).

Verðbólguþróun og væntingar

Hækkun neysluverðsvisítölunnar í nóvember um 0,4% var heldur meiri en spár markaðsaðila höfðu sagt fyrir um, en þeir sem birt höfðu spár um hækkun visítölunnar reiknuðu með um helmingi minni hækkun. Sú venja sem skapast hefur á undanförmum árum meðal helstu fjármálafræðingja að spá fyrir um mánaðarlegar hækkunir neysluverðsvisítölunnar virðist ætla að festast í sessi þrátt fyrir að margoft hafi komið fram að lítið raunverulegt forsagnargildi felist í ágiskunum af þessu tagi. Það sem er jákvætt við þessa þróun er að sú umfjöllun um verðbólgu og verðlagsþróun sem af þessu leiðir er til þess fallin að auka meðvitund markaðsaðila og almennings um þróun verðbólgunnar og mikilvægi þess að halda henni í skefjum. Hins vegar kann að vera að spár af þessu tagi valdi því að óstöðugleiki á mörkuðum aukist. Slíkt gæti gerst með þeim hætti að skammtímaspár um verðbreytingar valda því að almennigur og markaðsaðilar vænta ákveðinnar niðurstöðu, sem er ýmist talin æskileg eða óæskileg eftir atvikum. Frávik frá þessari “væntu” niðurstöðu valda síðan viðbrögðum markaðsaðila allt eftir því hver niðurstaðan verður. Það er einmitt við slíkar aðstæður sem gera verður þá kröfu að spár um skammtímaþróunir, þ.e. breytingar milli einstakra mánaða, byggji á traustum tölfræðilegum grunni.

Námsstyrkur fjármálaráðuneytisins

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að veita árlega námsstyrk vegna lokaverkefnis á meistarástigi í hagfræði eða viðskiptafræði. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fjallað sé um efni á sviði efnahags- og ríkisfjármála. Styrkurinn nemur alls 500.000 krónum og er nú veittur í annað skipti.

Ráðuneytið hefur, að tillögu dómnefndar, ákveðið að í ár hljóti styrkinn Helga Óskarsdóttir sem nú stundar meistaranám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Verkefni hennar fjallar um uppgjör ríkisreiknings og verðmætamat ríkiseigna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,7	6,5
Tekjuskattar	17,9	21,2
Tryggingagjöld	8,5	11,5
Eignarskattar	17,0	9,9
Veltuskattar	7,2	-2,2
Tekjur alls	9,5	6,6


Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,7	4,2
Félagsmál	9,1	14,6
Atvinnumál	6,0	18,8
Vaxtagjöld	54,3	10,3
Önnur útgjöld	33,8	52,0
Gjöld alls	13,0	15,0

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	4830	-6906
Hr. lánsfjárfönuður	6076	-8731
Afborganir lána	-28766	-22214
Br. lánsfjárfönuður	-27186	-41571
Lántökur	21441	36668
Greiðsluafkoma	-5747	-4900

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-nóvember	4,5	8,1
Kjarnaverðbólga-nóv.	3,0	9,7
Launavísitala-september	7,8	9,1
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásöluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi-sept.	0,9	1,0

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



22. nóvember 2001

Athugasemdir við nýja spá OECD um Ísland

Í nýbirtri spá OECD er talið að efnahagshorfur í flestum, ef ekki öllum, aðildarríkjum séu mun lakari en áður var búist við og að jafnvel muni gæta samdráttar á síðari hluta þessa árs og á fyrri hluta þess næsta. Ísland fer ekki varhluta af þessari þróun. Spáin fyrir 2001 er reyndar óbreytt frá fyrri spá og eins og sú spá sem lögð var til grundvallar fjárlagafrumvarpinu hvað varðar hagvöxt, eða um 1,5%. Á næsta ári er hins vegar spáð 0,6% samdrætti í landsframleiðslu, samanborið við 2,4% hagvöxt í fyrri spá OECD og spá um 1% hagvöxt í fjárlagafrumvarpinu.

Það er ljóst að efnahagshorfur hafa versnað umtalsvert á alþjóðavettvangi frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram. Það sama gildir um verðbólguhorfur innanlands í kjölfar lækkandi gengis. Hvort tveggja dregur úr hagvexti hér á landi til skamms tíma lítið. Á móti vega hins vegar áhrif skattkerfisbreytinganna sem nú eru til meðferðar á Alþingi, en þær munu án nokkurs vafa verða til þess að glæða hagvöxt þegar á næsta ári. Sömuleiðis mun gengislækkunin örva starfsemi útflutningsfyrirtækja og auka útflutningstekjur.

Að mati fjármálaráðuneytisins er hagvaxtarspá OECD því í svartsýnna lagi. Það stafar m.a. af því að ekki er tekið nægilegt tillit til jákvæðra áhrifa skattkerfisbreytinganna á efnahagslífið þegar á næsta ári. Þetta á sérstaklega við um áhrif breytinganna á afstöðu innlendra fyrirtækja til þess hvort þau starfa hér á landi eða í útlöndum. Þetta atriði vegur hins vegar mjög þungt í ákvarðanatöku stjórnvalda um skattkerfisbreytingarnar. Nýlegar fréttir af afstöðu stjórnenda Bakkavarar h.f. styrkja þessa skoðun, en þeir telja að framkomnar tillögur í skattamálum hafi úrslitaáhrif á staðsetningu möðurfyrirtækisins hér á landi fremur en í útlöndum. Svipuð sjónarmið hafa enn fremur komið fram hjá stjórnendum ýmissa annarra útflutningsfyrirtækja. Sömuleiðis er rétt að benda á að í spá OECD er ekki gert ráð fyrir jafnmikilli vaxtalækkun og Seðlabankinn hefur nýlega ákveðið, hvað þá frekari lækkunum á næstunni. Þessi atriði geta skipt sköpum um þróun efnahagsmála hér á landi á næsta ári og stuðla að meiri hagvexti en ella.

Enn fremur er ástæða er til að gera athugasemdir við það mat OECD að ríkissjóður verði rekinn með halla á næsta ári að gefnum þessum forsendum. Hér virðist OECD falla í þá gryfju að gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni fara jafnmikið fram úr áætlunum fjárlaga og á þessu ári.

Þessi forsenda er að mati fjármálaráðuneytisins ekki á rökum reist. Árið 2001 er sérstakt að því leyti að gerðir hafa verið nýir kjarasamningar við nær alla ríkisstarfsmenn en það skýrir verulegan hluta umframútgjalda ársins sem birtist bæði í auknum launakostnaði og lífeyrisskuldbindingum. Auk þess hefur gengislækkun íslensku krónunnar leitt til mikillar hækkunar vaxtagjalda og meiri verðlagsbreytinga en reiknað var með í fjárlögum. Það eru hins vegar ekki forsendur fyrir slíkum breytingum á næsta ári.

Hins vegar er spá OECD fyrir árið 2003 mjög jákvæð þar sem gert er ráð fyrir að íslenskt efnahagslíf taki hressilega við sér á nýjan leik. Meðal annars er spáð 3% hagvexti, minnkandi verðbólgu og viðskiptahalla. Þessi spá er fyllilega í takt við hugmyndir fjármálaráðuneytisins og reyndar annarra aðilda, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðsins o.fl.

Hafa ríkisútgjöld verið að vaxa undanfarin ár?

Því hefur verið haldið nokkuð stíft fram í efnahagsmæðunni að undanförunu að ríkið hafi verið að þenjast út hér á landi, öfugt við það sem gerst hafi í helstu nágrannarríkjum okkar. Þessar fullyrðingar standast ekki nánari skoðun.


Samkvæmt skýrslum OECD hafa heildarútgjöld hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, verið nokkuð stöðug hér á landi í hlutfalli við landsframleiðslu

síðasta áratug, eða nálægt 40%. Útgjaldahlutfallið hefur þó fremur farið lækkandi upp á síðkastið. Sömu þróunar hefur gætt í aðildarríkjum Evrópusambandsins en umsvifin eru hins vegar mun meiri að umfangi þar en hér á landi.

Það er hins vegar mikilvægt að átta sig á því að ein skýring þess að útgjaldahlutfallið hefur ekki lækkað enn meira en raun ber vitni hér á landi felst í gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga hins opinbera. Að þeim frátöldum væri hlutfall ríkisútgjalda ½-1% lægra en ella. Lífeyrisskuldbindingar skýra einnig talsverðan hluta aukinnar samneyslu.

Einnig er rétt að benda á að sala ríkisfyrirtækja undanfarinna ára kemur aðeins að litlu leyti fram í lækkun beinna ríkisútgjalda samkvæmt ríkisreikningi þar sem þessi fyrirtæki eru almennt flokkuð sem atvinnufyrirtæki í þjóðhagsreikningum. Þetta atriði er þó eitt gleggsta dæmið um minnkandi umsvif ríkisins síðastliðinn áratug auk þess sem hagnaður af sölu ríkisfyrirtækja hefur gengið til þess að lækka skuldir ríkisins.

Niðurstaðan er því sú að umsvif ríkisins hér á landi hafi síður en svo aukist að undanförunu. Þvert á móti má færa að því gild rök að talsvert hafi úr þeim dregið auk þess sem búið hefur verið í haginn fyrir kynslóðir framtíðarinnar með uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins og niðurgreiðslu skulda.



Endurskoðun tollalaga

Í ráðuneytinu er nú unnið að heildarendurskoðun tollalaga. Gildandi lög eru frá 1987 en frá þeim tíma hefur íslenskt viðskiptaumhverfi tekið miklum breytingum. Aukinn hraði í viðskiptum í kjölfar örva framfara á sviði tölvutækni og bættar samgangna hefur leitt til þess að talið er nauðsynlegt að taka lög in til endurskoðunar.

Lögð er áhersla á að endurskoða lagareglur sem gilda um geymslur fyrir ótollafgreiddar vörur svo sem tollvörugeymslur, geymslur farmflytjenda og tollfrjálsar forðageymslur þannig að lagaumhverfið henti þörfum viðskiptalífisins en jafnframt verði lögð áhersla á virkt efirlit. Við endurskoðun laganna er leitast við að eiga góða samvinnu við fulltrúa atvinnulífisins.

Sérstaklega verður skoðað hvort ástæða sé til að fækka tollumdæmum og gera þau stærri í þeim tilgangi að auka sérhæfingu hjá tollayfirtöldum á landsbyggðinni og gera umflutning á ótollafgreiddum vörum greiðari. Þróunin hefur verið í þessa átt á Norðurlöndunum. Nú eru tollumdæmi hér á landi 27 talsins en til samanburðar má geta þess að í Noregi eru tollumdæmi 10 og í Finnlandi eru þau 5.

Refsiákvæði laganna verða einnig endurskoðuð en í sumum tilvikum eru þau ekki nægilega skýr. Þá hafa núverandi tollalög að geyma hlutlægar ábyrgðarreglur sem hafa verið á undanhaldi í réttarframkvæmd síðustu ára og nýlegir dómur hæstaréttar geta gefa tilefni til endurskoðunar á.


Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,9	7,3
Tekjuskattar	20,9	21,2
Tryggingagjöld	8,7	12,3
Eignarskattar	22,3	9,8
Veltuskattar	6,0	-0,5
Tekjur alls	10,6	7,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,6	4,6
Félagsmál	8,6	15,9
Atvinnumál	5,5	16,9
Vaxtagjöld	54,1	8,4
Önnur útgjöld	8,9	46,3
Gjöld alls	11,7	15,2

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	10379	-1231
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9883	-2114
Afborganir lána	-34117	-22294
Br. lánsfjárfjöfnuður	-29230	-35660
Lántökur	28710	64105
Greiðsluafkoma	-522	28448

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-nóvember	4,5	8,1
Kjarnaverðbólga-nóv.	3,0	9,7
Launavísitala-október	7,8	9,1
Heildarvelta jan.-júní	8,1	10,3
Smásöluvelta jan.-júní	4,6	4,1
Atvinnuleysi-október	0,9	1,2

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



29. nóvember 2001

Er skattkerfisbreytingarnar þensluhvetjandi?

Þessa dagana eru til meðferðar á Alþingi einhverjar umfangsmestu aðgerðir í skattamálum sem um getur hér á landi. Aðgerðirnar miða að því að gera skattalegt umhverfi íslensks atvinnulífs með því hagstæðasta sem gerist, stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði og renna traustari stöðum undir hagvöxt og batnandi lífskjör í framtíðinni.

Þessum tillögum hefur almennt verið mjög vel tekið m.a. af samtökum atvinnulífsins þrátt fyrir að í þeim felist einnig nokkur hækkun tryggjagjalds. Hins vegar virðist gæta nokkurs misskilnings hvað varðar hagrænt eðli og áhrif aðgerðanna sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Í fyrsta lagi er því haldið fram að hér sé um eftirspurnarhvetjandi aðgerðir að ræða sem orki tvímælis við núverandi aðstæður þar sem enn séu ekki komin fram ótvíræð merki um minnkandi eftirspurn í hagkerfinu. Þetta kemur m.a. fram í umsögn frá Seðlabanka Íslands. Ráðuneytið er ekki sammála þessari skoðun. Megininntak skattkerfisbreytinganna er að bregðast við ákveðnum brestum í innra skipulagi hagkerfisins, ekki sist hvað varðar skattlagningu atvinnulífsins. Undirbúningur aðgerðanna hefur staðið yfir um allan langt skeið og megináherslan hefur verið lögð á að styrkja frambodshlið hagkerfisins, ekki eftirspurnarhliðina. Á lokastigi undirbúningsins var hins vegar ákveðið að flyta gildistöku breytinganna og láta þær koma til framkvæmda í einum áfanga í stað 2-3ja m.a. í því skyni að vinna gegn fyrirsjáanlegri niðursveiflu í efnahagslífinu. Þessi ákvörðun breytir engu um eðli aðgerðanna sem áfram miða að því að styrkja frambodshlið hagkerfisins.

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram að breytingarnar geti veikt stöðu ríkissjóðs og stuðlað að auknum viðskiptahalla sem aftur muni setja aukinn þrýsting á stjórn peningamála og jafnvel leiða til vaxtahækkunar. Þessi gagnrýni er heldur ekki réttmæt. Að mati fjármálaráðuneytisins er ekki vafi á því að aðgerðirnar munu verða til þess að styrkja stöðu atvinnulífsins og auka verðmætasköpun í hagkerfinu. Þetta mun aftur leiða til aukinna umsvifa í efnahagslífinu og skila sér í auknum skatttekjum ríkissjóðs þegar upp er staðið. Auk þess er rétt að hafa í huga að megináhrif aðgerðanna á afkomu ríkissjóðs munu fyrst koma fram á árinu 2003. Þar sem undirbúningur fjárlagagæðar fyrir árið 2003 er enn ekki hafinn er varla tímabært að fella dóm um stöðu ríkissjóðs á því ári.

Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram að ekki sé ástæða til að lækka skatta af íslenskum fyrirtækjum þar sem skattlagning þeirra sé þegar með því lægsta sem þekkist. Þetta er grundvallarmisskilningur. Hér nægir ekki að horfa til tekjuskattshlutfallsins eins og sér heldur þarf að taka tillit til annarra atriða, svo sem afskrifta o.fl. Ennfremur þarf að horfa til þess að Ísland er eitt þriggja OECD-ríkja þar sem lagðir eru eignarskattar á fyrirtæki. Sama gildir um stimpilgjald. Ennfremur er einkavæðing ríkisfyrirtækja komin skemur á veg hér en víða annars staðar sem veldur því að mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins greiða ekki tekjuskatt heldur arð í ríkissjóð. Loks má nefna að afkoma í atvinnurekstri og hagnaður íslenskra fyrirtækja hefur verið mun lakari en gengur og gerist víða erlendis. Þegar öll þessi atriði eru tekin saman fæst sú niðurstaða að skattlagning fyrirtækja hér á landi sé fjárfri því að vera eins hagstæð og ætla mætti með því að horfa eingöngu á tekjuskattshlutfallið.

Skýrsla um þróun lífeyrismála

Dreift hefur verið á Alþingi skýrsla fjármálaráðherra um [þróun lífeyrismála](#) frá 1998 til 2001 sem tekin er saman í samræmi við bráðabirgðaákvæði [nr. II við lífeyrisslögin, nr. 129/1997](#). Þar er gerð almenn grein fyrir þróun lífeyrismála frá gildistöku laganna með megináherslu á mismunandi réttindakerfi lífeyrissjóðanna og möguleika sjóðfélaga á að samþætta lífeyrisséttindi sín í samtryggingu og séreign. Í niðurlagi skýrslunnar kemur fram að það markmið laganna að auka möguleika sjóðfélaga á að mynda

lágmarkstryggingarvernd sína með samþættingu séreignar og samtryggingar hafi ekki náðst með þeim hætti sem að var stefnt. Hins vegar sýna eftirfarandi tölur að hlutur lífeyrissparnaðar í heildarsamsetningu lífeyriréttinda hefur vaxið hraðan en lífeyrisséttindi í samtryggingu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir þróun lífeyrissparnaðar frá gildistöku laganna. Alls buðu 60 aðilar upp á samninga um lífeyrissparnað í árslok 2000, 26 lífeyrissjóðir, 3 bankar, 24 sparissjóðir, 5 verðbréfafyrirtæki og 2 líftryggingafélög. Innstæða á reikningum fyrir lífeyrissparnað var um 3,9 milljarðar kr. í árslok 2000 á móti 1,6 milljörðum kr. í lok árs 1999 og hafði því vaxið um 144% á milli ára. Á sama tíma óx hrein eign lífeyrissjóða og annarra vörsluáðila lífeyrissparnaðar um u.þ.b. 10% eða úr 518 milljörðum í 568 milljarða. Hrein eign til greiðslu lífeyrissparnaðar var 0,30% af hreinni eign lífeyrisséttindis í árslok 1999 en hafði vaxið í um 0,68% í árslok 2000. Þegar lífeyrisséttindi í formi lífeyrissparnaðar eru metin sem hlutfall af eignum almenna lífeyrisséttindis ber að hafa í huga að eignir almenna lífeyrisséttindis hafa byggst upp á rúmum þremur áratugum en samningar um lífeyrissparnað hafa einungis verið í boði frá ársbyrjun 1999.

Alls töldu um 32.500 framteljendur fram greiðslur til lífeyrissparnaðar árið 1999, samtals um kr. 1,4 milljarðar, en heildarföldi framteljanda var þá um 217 þúsund einstaklingar. Árið 2000 töldu hins vegar um 46.800 einstaklingar fram greiðslur til lífeyrissparnaðar, samtals um kr. 2,5 milljarða, en þá varð heildarföldi framteljanda um 221 þúsund einstaklingar. Fjöldi þeirra sem töldu fram greiðslur í lífeyrissparnað óx þannig um tæp 45% á milli ára og fjárhæð greidd til lífeyrissparnaðar hækkaði um tæp 79%. Iðgjöld til lífeyrissparnaðar sem hlutfall af heildariðgjöldum til lífeyrissjóða var um 3,2% árið 1999 en hækkaði í 5,1% árið 2000.

Það er því niðurstaða fjármálaráðherra að mikil og stöðugt vaxandi þátttaka í lífeyrissparnaði stuðli með virkum hætti að því að almenningur myndi nú hluta af lífeyrisséttindum sínum í séreign þrátt fyrir að lágmarkstryggingin sé almennt í formi samtryggingar.

Tvísköttunarsamningur við Möltu

Dagana 21.-23. nóvember sl. hittust samninganeindir Íslands og Möltu til að ljúka gerð tvísköttunarsamnings milli landanna. Samningurinn biður nú undirritunar og fullgildingar íslenskra og maltneskra stjórnvalda. Á Möltu eru ekki lagðir á eignarskattar og því nær samningurinn eingöngu til tekjuskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru að afdráttarskattur af arði greiddum frá íslensku félagi til Möltu er 5% ef móttakandi arðsins á 10% af hlutfélagans en 15% í öllum öðrum tilvikum. Afdráttarskattur af arði greiddum af félagi á Möltu til Íslands verður aldrei meiri en sem nemur tekjuskattinum á hagnað félagsins sem er 35% en Malta hefur ekki sérstakan afdráttarskatt af arði sem greiddur er úr landi. Þá er samningsríkjunum heimilt að halda eftir 5% afdráttarskatti af þóknunum greiddum til móttakanda í hinu samningsríkinu.

Stefna Íslands varðandi skattlagningu lífeyris er sú að lífeyri skuli skattleggja í heimilisfestisríki. Á Möltu koma allar eftirlaunagreiðslur úr almannatryggingakerfinu en þar eru engir lífeyrissjóðir starfandi. Möltubúar vildu halda skattlagningarrétti á þessum greiðslum til þess að tryggja skattfrelsi þeirra við útgreiðslu. Því var samið um upprunaskattlagningu á öllum lífeyrisgreiðslum hvort sem þær koma úr almannatryggingakerfinu eða lífeyrissjóðum.

Í 23. gr. samningsins er ákvæði sem útilokar ákveðin félög frá gildissviði hans. Þar sem nú eru fyrirhugaðar töluverðar breytingar á skattalöggjöf landanna beggia var ákveðið að tilgreina ekki umræddar tegundir félaga í samningnum sjálfum, heldur skiptast á skjölum þar sem umrædd félög verða tilgreind áður en samningurinn tekur gildi.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,9	7,3
Tekjuskattar	20,9	21,2
Tryggingagjöld	8,7	12,3
Eignarskattar	22,3	9,8
Veltuskattar	6,0	-0,5
Tekjur alls	10,6	7,4


Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,6	4,6
Félagsmál	8,6	15,9
Atvinnumál	5,5	16,9
Vaxtagjöld	54,1	8,4
Önnur útgjöld	8,9	46,3
Gjöld alls	11,7	15,2

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	10379	-1231
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9883	-2114
Afborganir lána	-34117	-22294
Br. lánsfjárfjöfnuður	-29230	-35660
Lántökur	28710	64105
Greiðsluafkoma	-522	28448

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-nóvember	4,5	8,1
Kjarnaverðbólga-nóv.	3,0	9,7
Launavísitala-október	7,8	9,1
Heildarvelta jan.-ágúst	8,6	12,3
Smásöluvelta jan.-ágúst	4,3	6,0
Atvinnuleysi - október	0,9	1,2

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



6. desember 2001

Efnahagsforsendur fjárlaga 2002

Minni hagvöxtur. Fjármálaráðuneytið hefur nú endurmetið almennar efnahagshorfur fyrir árin 2001 og 2002 sem lagðar eru til grundvallar við afgreiðslu fjárlaga ársins 2002. (Sjá nánar). Helstu frávik frá fyrra mati sem birt var sl. haust eru að hagvöxtur verði minni en áður var gert ráð fyrir og að á næsta ári megi búast við litiðhættar samdrætti í landsframleiðslu. Hins vegar er gert ráð fyrir að þetta verði skammvinn lægð og að efnahagslífið taki við sér þegar líða tekur á árið. Árið 2003 er því spáð hagvexti á nýjan leik sem gæti numið 2-3% eftir því hvort ráðist verður í stóriðjuframkvæmdir eða ekki.

Helstu skýringar. Veigamestu skýringar á minni hagvexti en áður var spáð er annars vegar versnandi efnahagshorfur á alþjóðavettvangi, m.a. í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum, enda hafa hagvaxtarspár í flestum ríkjum heims verið lækkaðar mjög mikið frá því í haust. Auk þess hafa verðlagshorfur heldur versnað í kjölfar gengislækkunar krónunnar að undanförmu sem hefur í för með sér meiri samdrátt í þjóðarútgjöldum á næsta ári en áður var spáð. Á móti veiga hins vegar örvandi áhrif gengislækkunar krónunnar á útflutnings- og samkeppnisgreinar sem mun, þegar fram í sækir, skila sér í auknum þjóðartekjum.


Efnahagshorfur 2001. Þróun ríkissjóðstekna á árinu 2001 staðfestir í meginatriðum þá skoðun fjármálaráðuneytisins frá því í haust að verulegs samdráttar gæti í þjóðarútgjöldum á árinu. Í endurskoðaðri spá ráðuneytisins er gert ráð fyrir heldur meiri samdrætti þjóðarútgjalda á yfirstandandi ári en sl. haust. Í utanríkisviðskiptum togast ýmsir þættir á. Annars vegar gætit þar áhrifa almenns efnahagssamdráttar í heiminum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum, einkum í ferðaþjónustu. Þetta hefur reyndar bæði áhrif á innflutnings- og útflutningshlíð. Á móti veiga sem fyrr segir áhrif gengislækkunar sem birtast í auknum útflutningstekjum og minnkandi innflutningi.

Í endurskoðaðri spá ráðuneytisins er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði umtalsvert lægri en í fyrri spám og nemi rétt rúmlega 50 milljörðum króna, eða tæplega 7% af landsframleiðslu. Verðbólga er talin verða um 6½% á sama tíma og ráðstöfunartekjur heimilanna aukast um 7%. Kaupmáttur heimilanna mun því aukast lítillega á árinu. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði nálægt 1%, samanborið við 1½% í fyrri spá ráðuneytisins.

Spá fyrir árið 2002. Meiri breytingar verða á spánni fyrir næsta ár. Þannig er gert ráð fyrir 1% meiri samdrætti þjóðarútgjalda, bæði vegna minni einkaneyslu og fjárfestingar. Sömuleiðis er gert ráð fyrir minni aukningu útflutnings en áður. Á móti vegur aukinn samdráttur í innflutningi. Viðskiptahallinn er talinn lækka verulega og verða um 38 milljarðar króna, eða sem nemur 4,9% af landsframleiðslu. Gangi þessi spá eftir hefur viðskiptahallinn minnkað um helming á tveimur árum. Enn mikilvægara er þó að hallinn á almennum vör- og þjónustuviðskiptum, þ.e. að frátöldum vaxtagreiðslum, minnkar mjög hratt og stefnir í jöfnuð, eða því sem næst, á árinu 2002 og afgang á næstu árum þar á eftir. Þetta eru mikilsverð umskipti.

Nú er spáð um 1% meiri verðbólgu á árinu 2002 en áður sem alfarið má rekja til lægra gengis. Þannig er í forsendum fjárlaga gert ráð fyrir 6% verðbólgu að meðaltali á næsta ári og um 4% hækkun innan ársins. Ráðstöfunartekjur heimilanna eru taldar hækka um 5½% og kaupmáttur gæti því minnkað lítillega. Að öllu samanlögðu er því gert ráð fyrir að landsframleiðsla geti dregist lítillega saman á næsta ári, eða um ½%.

Horfur 2003. Sem fyrr segir bendir flest til þess að sá samdráttur sem þjóðarþúið er nú að ganga í gegnum verði skammvinnur og að það fari að rofa til þegar líða tekur á næsta ári. Nefna má þrennt sem styður þessa skoðun. Í fyrsta lagi sterka stöðu útflutningsgreina sem mun skila sér í auknum þjóðartekjum. Í öðru lagi gera flestar spár ráð fyrir að staða efnahagsmála á alþjóðavettvangi muni styrkjast þegar líða fer á árið og það mun hafa jákvæð



áhrif hér á landi. Í þriðja lagi munu skattkerfisbreytingarnar styrkja stöðu atvinnulífsins þegar á næsta ári og enn frekar árið 2003. Á þessum forsendum er raunhæft að reikna með 2-3% hagvexti árið 2003.

Færsla bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli

Lagt hefur verið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp þar sem lagt er til að félögum sem kveðið er á um í l. mgr. 1. gr., laga um ársreikninga og uppfylla tiltekin skilyrði um vægi viðkomandi gjaldmiðils í starfsemi þeirra verði heimilað að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Noregur, Svíþjóð og Danmörk hafa sett reglur um þetta en misjafnlega langt hefur verið gengið. Óskir um að þetta verði heimilað hér á landi hafa sífellt orðið háværari, einkum frá stærri fyrirtækjum sem eru í samkeppni á alþjóðamarkaði. Helstu rök fyrir því að veita félögum þessa heimild eru eftirfarandi:

- ? Fjárhagslegur samburður við erlenda samkeppnisaðila verður auðveldari.
- ? Sveiflur í afkomu félagsins vegna gengisbreytinga verða minni.
- ? Aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar til muna.
- ? Auðveldara verður fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að stofna og reka dótturfélög á Íslandi.
- ? Auðveldara verður fyrir íslensk móðurfélög að stofna og reka dótturfélög erlendis.

Við undirbúning frumvarpsins var tekið til sérstakrar skoðunar hvort heimila ætti félögum, sem gengið hafa heimild til færslu bókhalds og samantektar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, skattskil í þeim gjaldmiðli. Við könnun hjá hinum Norðurlöndunum kom í ljós að ekkert þeirra hefur heimilað skattskil í erlendum gjaldmiðli. Við skoðun kom í ljós að verulegur munur getur orðið á tekjuskattsstofni eftir því hvort hann byggist á reikningsskilum sem gerð eru í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldmiðli. Gengisbreyting milli gjaldmiðla hefur áhrif sem verður til þess að ýmsar fjárhæðir í rekstrarreikningi geta orðið allt aðrar í skattframtali sem byggt er á bókhaldi og reikningsskilum í erlendum gjaldmiðlum en ef þær væru byggðar á reikningsskilum í íslenskum krónum. Skattstofnar verða því með öðrum hætti og gildir það um stofn til tekjuskatts, eignarskatts, virðisaukaskatts, tryggingagjalds og fleiri skatta og gjalda. Því er í frumvarpinu lagt til að félögum sem eru með skattskylda starfsemi hér á landi verði, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli en skattstofnar verði áfram tilteknir í íslenskum krónum.


Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,9	7,3
Tekjuskattar	20,9	21,2
Tryggingagjöld	8,7	12,3
Eignarskattar	22,3	9,8
Veltuskattar	6,0	-0,5
Tekjur alls	10,6	7,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,6	4,6
Félagsmál	8,6	15,9
Atvinnumál	5,5	16,9
Vaxtagjöld	54,1	8,4
Önnur útgjöld	8,9	46,3
Gjöld alls	11,7	15,2

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	10379	-1231
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9883	-2114
Alþorganir lána	-34117	-22294
Br. lánsfjárfjöfnuður	-29230	-35660
Lántökur	28710	64105
Greiðsluafkoma	-522	28448

Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-nóvember	4,5	8,1
Kjarnaverðbólga-nóv.	3,0	9,7
Launavísitala-október	7,8	9,1
Heildarvelta jan.-ágúst	8,6	12,3
Smásöluvelta jan.-ágúst	4,3	6,0
Atvinnuleysi-október	0,9	1,2

Samþjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.stjr.is/fjr



13. desember 2001

Bjartari horfur í efnahagsmálum

Efnahagsþróunin síðustu mánuði hefur verið fremur neikvæð og einkennst af mikilli óvissu bæði hér á landi og erlendis. Almenn niðursveifla á alþjóðavettvangi og hryðjuverkin í Bandaríkjunum eiga hér stærstan hlut að máli. Upp á síðkastið hefur þó heldur rofað til, ekki sist hér á landi.

Samkomulag aðila vinnuamarkaðarins sem nú virðist í burðarliðnum mun eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur að undanfögnu og birtist m.a. í lækkandi gengi krónunnar. Það yrði því mikilvægt framlag til aukins stöðugleika í efnahagsmálum á næsta ári. En það eru önnur atriði sem einnig skipta máli og munu stuðla að sömu markmiðum.

Fyrst má nefna samþykkt fjárlaga ársins 2002 þar sem í reynd er gert ráð fyrir meira aðhaldi en fölst í fjárlagafrumvarpinu. Þótt afgangur samkvæmt fjárlögum sé sá sami í krónum talið og var í frumvarpinu er gengið út frá lakari efnahagsaðstæðum en sl. haust sem jafngildir auknu aðhaldi ríkisfjármálanna.

Þá munu nýsamþykktar skattkerfisbreytingar styrkja atvinnulífið verulega og bæta samkeppnisstöðu þess á allan hátt. Á sama hátt munu breytingar á skattlagningu einstaklinga, m.a. lækkun eignarskatta, stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði og/eða aukinni veltu.

Upplýsingar úr reikningum fyrirtækja á þriðja fjórðungi ársins benda enn fremur til þess að afkoman sé betri en áður var talið. Þetta er vitaskuld mest áberandi í útflutnings- og samkeppnisgreinum sem njóta göðs af gengislækkuninni, en einnig í ýmsum öðrum greinum sem þeim tengjast.

Aðkoma erlendra fjárfesta að Landssímanum og jafnvel Landsbanka mun einnig verða til þess að renna enn frekari stoðum undir sterkara gengi og þar með minni verðbólgu.

Öll þessi atriði gefa væntingar um að efnahagsþróunin á næsta ári geti orðið hagstæðari en áður hefur verið talið og að efnahagssamdrátturinn hér á landi verði skammvinnur. Þróunin á gjaldeyrismarkaði og styrking gengisins undanfarna daga rennir frekari stoðum undir þessa skoðun. Horfur um hjöðnun verðbólgu á næsta ári hafa því verulega glæðst að undanfögnu sem aftur eykur líkur á frekari vaxtalækun þegar fram í sækir. Margt bendir því til að framundan sé tímabil minnkandi verðbólgu, aukins stöðugleika og almennrar uppsveiflu í efnahagslífinu á næstu árum.

Fjárlög samþykkt á Alþingi

Fjárlög fyrir árið 2002 voru samþykkt á Alþingi 8. desember sl. Við þriðju umræðu fjárlaga voru lagðar fram tillögur ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda og frestun verkefna með það að markmiði að afkoma ríkissjóðs yrði óbreytt frá því sem áætlað var í fjárlögum. Nokkur umræða hefur verið um þær breytingar og hafa mismunandi sjónarmið verið uppi.

Venjan er að við aðra umræðu fjárlaga séu gerðar þær breytingar á útgjöldum sem taldar eru nauðsynlegar vegna nýrra ákvarðana eða breyttra forsendna frá því að frumvarpið var lagt fram. Þannig hækkuðu útgjöld um rúmlega 2,1 milljarð m.a. vegna áhrifa af hryðjuverkunum 11. september sem ekki voru ljós við frágang frumvarpsins, endurskoðunar á útgjöldum almannatrygginga og endurskoðun á launa- og verðlagsforsendum í ljósi nýrrar verðbólguáspár svo dæmi séu nefnd.

Við þriðju umræðu er vaninn að endurmeta tekjuáætlun ríkissjóðs og breyta mörkuðum útgjöldum sem ráðast af tekjum auk þess sem ýmsar hagrænar forsendur frumvarpsins eru endurskoðaðar. Þannig hækkuðu útgjöld um tæplega 1,4 milljarða við endurmat á forsendum. Mestu munaði um rúmlega 400 m.kr. til heilbrigðismála, 300 m.kr. vegna kjarasamninga og 330 m.kr.

vegna tekna sem skilað er til aðila um gjaldahlíð frumvarpsins. Endurmatið leiddi einnig til rúmlega eins milljarðs króna lækkunar á útgjöldum. Þar af er endurmat lífeyrisskuldbindinga 800 m.kr. og skýrist af endurmati á stöðu skuldbindinga í árslok 2001 og að forsendur um launaskrið hjá ríkinu voru endurskoðaðar í ljósi spár um meiri samdrátt á næsta ári og minna svigrúms stofnana til launahækkana vegna aukinnar hagræðingarköfu á rekstur þeirra. Samtals leiddi hefðbundin endurskoðun á forsendum við þriðju umræðu til rúmlega 300 m.kr. lækkunar útgjalda.

Til að mæta auknum útgjöldum við aðra umræðu og endurskoðun útgjalda við þriðju umræðu lagði ríkisstjórnin fram tillögur um rúmlega 2,4 milljarða króna lækkun útgjalda á ýmsum sviðum rekstrar og stofnkostnaðar. Þeim tillögum má ekki blanda saman við endurmat á öðrum forsendum frumvarpsins. Af 2,4 milljarða sérstakri lækkun útgjalda eru 220 m.kr. hækkan þjónustutekna, 310 m.kr. lækkun lyfjakostnaðar, 1,3 milljarður viðhald og stofnkostnaður og 500-600 m.kr. í rekstri og öðrum verkefnum. Áhrif hækkanar á þjónustutekjum er talin hafa óveruleg áhrif á verðlag og innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir að opinberar gjaldskrár hækki um í forsendum um verðlagsspár fyrir næsta ár. Stofnkostnaður og viðhald í fjárlögum fyrir árið 2002 verður samtals 22,3 milljarðar eftir aðgerðirnar en er 20,1 milljarður samkvæmt reikningi ársins 2000. Gagnrýni um að lækkun stofnkostnaðar auki vanda verktaka á því ekki að fullu við rök að stöðjast.

Lækkun rekstrarverkefna er jafnan erfiðasta aðgerðin í ríkisfjármálum og taka verður tillit til þess að ríkisstjórnin ákvað í fjárlagafrumvarpinu að lækka útgjöld um 3 milljarða frá því sem samþykkt hafði verið í römmum fyrir árið 2002. Þar á meðal var gerð 2% framleiðnikrafa til stofnana sem ráðuneytin útfærðu á mismunandi vegu, allt frá því að lækka útgjöld til allra eða flestra verkefna um 2%, en önnur ákvæðu að lækka tiltekin rekstrarverkefni og hætta við áform um aukna þjónustu. Við þriðju umræðu frumvarpsins var bætt við 1% framleiðnikröfu til allrar opinberrar stjórnarsýslu ríkisins þannig að í sumum tilfellum er framleiðnikrafa til stjórnarsýslustofnana allt að 3% á næsta ári. Er það liður í að ríkissjóður beiti aðhaldi að rekstri sínum og skili aukinni framleiðni eins og önnur atvinnustarfsemi.

Ljóst er að ráðuneyti og stjórnendur stofnana verða þegar að grípa til viðeigandi breytinga í rekstri og draga úr rekstrarkostnaði með því m.a. að bjóða út verkefni, endurskipuleggja og sameina starfsemi eftir því sem kostur er á. Mikilvægt er að aðhaldsaðgerðunum verði fylgt fast eftir á næsta ári og nýjum útgjaldateilum verði mætt með lækkun útgjalda á öðrum sviðum.

Verðbólguleiðréttingar í reikningssskilum

Alþingi samþykkti í gær frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt o.fl. Samkvæmt þeim verða verðbólguleiðréttingar afnumdar í skattskilum og reikningssskilum, en Ísland er eina OECD-ríkið þar sem þær tíðkast. Öll ákvæði laganna sem varða leiðréttingar fyrir áhrifum verðlagsbreytinga eru þannig felld niður. Jafnframt eru gerðar breytingar á lögum um ársreikninga og bókhald þar sem fallið er frá verðleiðréttingum reikningssskilum.

Við þriðju umræðu frumvarpsins var þó samþykkt breytingartillaga þess efnis að við frumvarpið skyldi bætt ákvæði til bráðabirgða er heimilar félögum skv. 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, þ.e. hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð o.fl., að viðhalda verðbólguleiðréttingum í reikningssskilum vegna reikningsáranna 2002 og 2003. Tildrögin eru þau að rétt þykir að gefa félögum kost á aðlögunartíma til að breyta reikningssskilum sínum. Fyrir því geta verið bæði reikningshaldslegar og rekstrarlegar ástæður. Þessi aðlögunartími á þó aðeins við um gerð ársreikninga samkvæmt lögum um ársreikninga en ekki um skattskil félaganna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,9	7,3
Tekjuskattar	20,9	21,2
Tryggingagjöld	8,7	12,3
Eignarskattar	22,3	9,8
Veltuskattar	6,0	-0,5
Tekjur alls	10,6	7,4


Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,6	4,6
Félagsmál	8,6	15,9
Atvinnumál	5,5	16,9
Vaxtagjöld	54,1	8,4
Önnur útgjöld	8,9	46,3
Gjöld alls	11,7	15,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-október		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	10379	-1231
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9883	-2114
Alborganir lána	-34117	-22294
Br. lánsfjárfjöfnuður	-29230	-35660
Lántökur	28710	64105
Greiddsluafkoma	-522	28448

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga–desember	4,2	8,6
Kjarnaverðbólga–des.	3,0	10,3
Launavísitala–október	7,8	9,1
Heildarvelta jan.–ágúst	8,6	12,3
Smásöluvelta jan.–ágúst	4,3	6,0
Atvinnuleysi – október	0,9	1,2

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Ábn.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is



20. desember 2001

Verðlagshorfur á næstu mánuðum

Ákvörðun um frestun á uppsögn launaliðar gildandi kjarasamninga byggir að verulegu leyti á því að straumhvörf verði í verðlagsmálum á næstu mánuðum. Miðað er við að í maí á næsta ári verði gildi neysluverðsvisítölunnar ekki yfir 222,5 sem felur í sér að mánaðarleg meðalhækkun má ekki fara yfir 0,27% næstu fimm mánuði. Lykilatriði til að þetta markmið náist er að gengi krónunnar styrkist. Strax og samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisins lá fyrir styrktist gengi krónunnar og hefur nú styrkst um rúm 4% frá því það var undirritað. Þetta lofar góðu um framhaldið og styrkir þá skoðun fjármálaráðuneytisins sem margoft hefur komið fram hér á síðum vefritsins að ekki hafi verið efnahagslegar forsendur fyrir jafn mikilli gengislækkun og orðin var.

Í þessu samhengi er hins vegar fróðlegt að skoða þróun einstakra liða neysluverðsvisítölunnar að undanförmu og þá sérstaklega á því tímabili sem gengi krónunnar hefur verið að veikjast. Frá því um mitt síðastliðið ár þegar gengisvisítalan var í lágmarki þar til um miðjan þennan mánuð hefur gengisvisítalan hækkað um rúm 34% sem samsvarar um 25% gengislækkun. Á þessum tíma hefur neysluverðsvisítalan hækkað um tæp 11% og launavísitalan um svipað hlutfall. Gengislækkunin hefur því ekki að öllu leyti komið fram í verðlagsþróuninni. Þetta sést skýrt þegar undirlíðir vísítölunnar eru kannaðir nánar.

Þeir liðir sem hækkað hafa hvað mest eru innfluttar matar- og drykkjarvörur sem hækkuðu um rúm 21% frá því í maí á síðasta ári þar til nú í desember, auk bíla og varahluta sem hækkuðu um 17% á þessu tímabili. Athygli vekur að innfluttar vörur, aðrar en matar- og drykkjarvörur, bílar, áfengi og tóbak, hækkuðu einungis um rúm 8% á sama tímabili. Skýringar á þessum mismun er ef til vill að leita í mismunandi samkeppnisáðstæðum á matvælamarkaði annars vegar og markaði fyrir annan innflutning hins vegar. Hér þarf þó að hafa í huga að verðlag á ýmis konar varningi s.s. tölvum og rafeyðingum af ýmsu tagi fer almennt séð lækkandi vegna órrar tæknipróunar í þessu sviði. Einnig verður að hafa í huga að almennt séð er auðveldara að velja kostnaðarhækkunum yfir í verðlag nauðsynjavara þar sem eftirspurnin er ónæmari fyrir verðbreytingum en almennt gildir.

Þeir liðir vísítölunnar sem tengjast viðskiptum með innlendar vörur og þjónustu fylgja fremur innlendi kostnaðarþróun en breytingum á gengi krónunnar. Innlendar matar- og drykkjarvörur og þjónusta í einkageiranum hafa að mestu fylgt þróun launavísítölunnar og hækkað heldur meira en vísitalan í heild. Aftur á móti hafa innlendar vörur aðrar en matvörur og opinber þjónusta hækkað minna en heildarvísitalan frá því um mitt síðastliðið ár.

Að því gefnu að framvindan í gengismálum verði í samræmi við væntingar eru góðar horfur á að sett verðbólguþrögn miðist. Óvissu á vinnumarkaði hefur verið eytt, jöfnuður í vöruvéðskiptum við útlönd er í augsýn, horfur á innflæði fjármagns vegna einkavæðingar eru góðar, auk þess sem áherslu ríkissjórnarinnar í lánamálum og skuldastýringu verða til þess að styrkja gengi krónunnar á næsta ári. Þessu til viðbótar má síðan nefna að verðþróunin fram að þessu gefur fullt tilefni til bjartsýni um hagstæða verðþróun á innfluttum vörum, sérstaklega matar- og drykkjarvörum, haldi gengi krónunnar áfram að styrkjast.

Afkoma ríkissjóðs til nóvemberloka

Lakari afkoma ríkissjóðs (http://fjarmalaraduneyti.is/interpro/fjr/fjr.nsf/pages/afkoma_122001) á yfirstandandi ári en í fyrra endurspeglar þrennt. Í fyrsta lagi áhrif minnkandi umsvifa í efnahagsmálum sem birtast í lægri tekjum af veltusköttum. Í öðru lagi áhrif kjarasamninga og gengislækkunar krónunnar á gjaldahlíð ríkissjóðs. Í þriðja lagi sérstakar ákvarðanir um aukin ríkisútgjöld,

m.a. greiðslur til fæðingarorlofssjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, lífeyrstrygginga o.fl.

Miklar breytingar eru á lánahlíð ríkissjóðs sem einkum má rekja til áherslu stjórnvalda á að treysta gjaldeyrisstöðuna með erlendum lántökum og stuðla þannig að hærri gengi íslensku krónunnar og minni verðbólgu. Í þessu skyni tók ríkissjóður 27 milljarða króna lán í október sem auk þess að styrkja gjaldeyrisstöðuna var nýtt til þess að bæta eiginfjárstöðu Seðlabankans í samræmi við ný lög um bankann. Jafnframt hefur verið haldið áfram að greiða inn í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til að mæta framtíðarskuldbindingum þeirra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu rúmlega 196 milljörðum króna á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Hækkunin milli ára nemur 12 milljörðum króna, eða um 6,5%. Aukin innheimta skatta á launatekjur einstaklinga skýrir að langmestu leyti tekjuauka ríkissjóðs frá fyrra ári. Hækkun launa milli ára skiptir hér mestu máli, en launavísitalan hækkaði um tæplega 9% á þessu tímabili. Eignarskattar hækka einnig nokkuð frá fyrra ári sem endurspeglar fyrst og fremst hækkun fasteignaverðs á árinu 2000. Skattar á vörur og þjónustu skila hins vegar nánast sömu tekjum í krónum talið og á sama tíma í fyrra. Þetta er sama þróun og gætt hefur allt þetta ár og endurspeglar umtalsverðan samdrátt að raungildi milli ára, eða sem nemur um 6,5%. Sem fyrr má einkum rekja þessa þróun til verulegs samdráttar í neysluútgjöldum milli ára, ekki síst í kaupum á bilum og ýmsum varanlegum neysluvörum, svo sem heimilistækjum. Virðisaukaskattur hefur þó heldur tekið við sér upp á síðkastið og skilar nú rúmlega 1 milljarði króna meiri tekjum en í fyrra. Á móti vegur að vörugjöld af innflutningi bifreiða hafa lækkað um 40% milli ára, eða sem nemur tæplega 2 milljörðum króna.

Heildargreiðslur ríkissjóðs námu um 200 milljörðum króna fyrstu ellefu mánuði ársins. Gjöldin hækka um tæplega 25 milljarða frá fyrra ári. Þar af má rekja tvo-þriðju hluta, eða 16 milljarða, til aukinna útgjalda til heilbrigðis- og tryggingamála auk fræðslumála. Afganginn má fyrst og fremst rekja til sérstakra útgjalda til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, aukinna útgjalda til framkvæmda og aukinna vaxtagreiðslna vegna gengislækkunar krónunnar.

Niðurstaðan er því sú að handbært fé frá rekstri var neikvætt um tæplega 4 milljarða króna á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var hins vegar jákvæð um rúmlega 8 milljarða króna sem alfarið má rekja til aukinnar erlendar lántöku.

Samkomulag um verkaskiptingu vegna lífeyrismála.

Í gær var undirritað samkomulag fjármálaráðherra og Fjármálaeftirlitsins um verkaskiptingu vegna lífeyrismála. Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða og vörsluáðilum lífeyrissparnaðar. Í samkomulaginu er kveðið nánari á um verkaskiptingu og samskipti fjármálaráðherra og Fjármálaeftirlitsins á sviði lífeyrismála og fjallað um hlutverk hvors aðila. Báðir aðilar skulu halda hvor öðrum upplýstum um fúnd og mótn laga og reglna er varða lífeyrissjóði og halda sameiginlega fundi þar sem fjallað er um atriði er varða starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrismál. Jafnframt er í samkomulaginu kveðið á um að settur verði á stofn vinnuhópur sem hafi það verkefni að fylgjast með reynslunni af lífeyrisslögum og halda til haga þeim atriðum sem huga þarf að þegar lögin koma til endurskoðunar. Vinnuhópurinn skal vera undir stjórn fjármálaráðuneytisins. Samkomulagið í heild er hægt að nálgast á slóðinni http://www.fjarmalaraduneyti.is/interpro/fjr/fjr.nsf/pages/samkl_fjr_fmr2001.

Jólafrí fjr.is

Vefritið kemur næst út fimmtudaginn 10. janúar 2002.

Gleðileg jól!

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,8	6,0
Tekjuskattar	18,9	14,6
Tryggingagjöld	9,1	12,0
Eignarskattar	17,5	12,8
Veltuskattar	6,7	0,0
Tekjur alls	6,7	6,4


Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,3	4,4
Félagsmál	9,9	14,7
Atvinnumál	4,4	17,0
Vaxtagjöld	37,8	9,7
Önnur útgjöld	8,9	45,3
Gjöld alls	11,7	14,1

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8972	-3974
Hr. lánsfjárfjöldur	9172	-22710
Afborganir lána	-34443	-22310
Br. lánsfjárfjöldur	-30769	-56895
Lántökur	27793	65227
Greiðsluafkoma	-2978	8332

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2000	2001
Verðbólga-desember	4,2	8,6
Kjarnaverðbólga-des.	3,0	10,3
Launavísitala-nóvember	7,6	9,4
Heildarvelta jan.-ágúst	8,6	12,3
Smásöluvelta jan.-ágúst	4,3	6,0
Atvinnuleysi - október	1,1	1,5

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is



7. febrúar 2002

Um efnahagsgreiningu Seðlabankans

Fjármálaráðuneytið er í meginatriðum sammála þeirri efnahagsgreiningu sem fram kemur í nýrri skýrslu Seðlabankans. Þetta á sérstaklega við um mat bankans á verðlags- og gengishorfum á næstunni og ört minnkandi vöru- og viðskiptahalla.

Líkur á styrkingu gengisins. Bankinn telur líkur á að gengi krónunnar geti haldið áfram að styrkjast frá því sem nú er bæði vegna minni viðskiptahalla og aukins gjaldeyrisinnstreymis á árinu. Engin töluleg gildi eru nefnd en gengisvísitalan var rétt tæplega 140 þegar skýrslan var skrifuð. Af þessu má ráða að bankinn telji líklegt að gengisvísitalan muni fara niður undir 135 eða jafnvel enn neðar. Fjármálaráðuneytið er sammála þessu mati. Hér skiptir þróun viðskiptahallans miklu máli.

Horfur á minni viðskiptahalla. Seðlabankinn er sammála því mati ráðuneytisins sem fram kom á þessum vettvangi í janúarbyrjun að verulegar líkur séu á að viðskiptahallinn 2001 og 2002 verði umtalsvert minni en fyrri spár hafa gefið til kynna. Bankinn telur að viðskiptahallinn hafi orðið um 43 milljarðar í fyrra, í stað 50 milljarða samkvæmt spám, og að hann muni minnka um 10 milljarða króna í ár. Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts í desember og janúar benda til þess að innflutningur hafi haldið áfram að dragast saman eins og fram kemur á meðfylgjandi línuríti. Þessar tölur styrkja þá skoðun að viðskiptahalli fari nú hratt minnkandi.

Aukið innstreymi erlendis fjármagns. Einnig skiptir miklu máli hvernig til tekst með fjármögnun viðskiptahallans. Seðlabankinn telur góðar horfur á því að innstreymi gjaldeyris verði vel umfram útstreymi, m.a. vegna áforna ýmissa stórra aðila á markaðnum um erlendar lántökur umfram afborganir. Þetta mun að mati bankans stuðla að styrkingu gengisins frá því sem nú er óháð því hvort kemur til erlendra lántöku ríkisins eða sölu ríkiseigna til útlanda. Ráðuneytið er sammála þessu mati en bendir þó á að líklegt sé að sala ríkiseigna til erlendra aðila muni styrkja gengið enn frekar. Auk þess koma önnur mikilvæg sjónarmið við sögu, bæði samkeppnisleg og rekstrarleg, sem mæla með því að sölu ríkiseigna verði fylgt fast eftir.


Betri verðlagshorfur. Verðbólguhorfur fyrir árið 2002 hafa batnað upp á síðkastið að mati bankans, einkum vegna herra gengis. Nú er spáð 3% hækkun innan ársins samanborið við 4% í fyrri spá. Hins vegar hafa horfur fyrir 2003 heldur versnað þar sem spáð er meiri verðhækkunum erlendis og auknu launaskriði innanlands. Þannig er nú gert ráð fyrir 3% verðbólgu út árið 2003 í stað 2½% áður. Hér er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að í þessari spá bankans er miðað við óbreytt gengi frá því sem nú er þrátt fyrir að bankinn geri, sem fyrr segir, ráð fyrir að gengið styrkst. Enda telur bankinn líkur á að verðlagsþróunin geti orðið hagstæðari. Ráðuneytið er sammála þessari skoðun.

Meiri hagvöxtur í fyrra? Í skýrslu Seðlabankans er nokkuð fjallað um þróun veltu að undanförmu. Þar er bent á að á sama tíma og velta hafi aukist verulega í útflutnings- og samkeppnisgreinum, ekki síst vegna áhrifa gengislækkunar, hafi gætt stöðunar og jafnvel samdráttar í flestum innanlandsgreinum, svo sem verslun, þjónusta o.fl. Samanlagt telur bankinn þó að veltutölur bendi til þess að hagvöxtur á síðasta ári hafi orðið meiri en þau 2,2% sem gert var ráð fyrir í spá Þjóðhagsstofnunar.

Túlkun veltutalna vandasöm. Að mati ráðuneytisins er rétt að fara varlega í alla túlkun á veltutölum, sérstaklega þegar um er að ræða tímabil mikilla verð- og gengisbreytinga eins og hér hefur verið að undanförmu. Einnig þarf að hafa í huga að veltutölur gefa misgóðar vísbendingar um verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Þannig nam heildarvelta í útflutningsgreinum fyrstu tíu mánuðina í fyrra 24%, en tæplega 4% ef gengisáhrif eru undanskilin. Velta í helstu greinum einkaneyslu dróst hins vegar saman um tæplega 5% að raungildi á sama tíma. Þessar tölur benda til að samdráttur í þjóðarútgjöldum á

síðasta ári hafi orðið jafnvel enn meiri en fyrri spár gerðu ráð fyrir, einkum hvað varðar neysluútgjöld heimilanna. Fyrnefndar bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts styðja þessa niðurstöðu.

Minni samdráttur í ár. Ráðuneytið er hins vegar sammála því mati bankans að samdráttur á þessu ári verði minni en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Þetta má m. a. rekja til nýlegra ákvarðana stjórnvalda um aukinn aflakvóta ýmissa fisktegunda auk þess verðlagshorfu hafa heldur batnað og afkoma fyrirtækja styrkst.



Eru ríkisstofnanir of litlar og vanmátugar?

Samkvæmt greiningu fjármálaráðuneytisins eru rúmlega fimmtungu ríkisstofnana með færri en 10 ársverk (þar af sú minnsta með 1,2 ársverk) og tæplega helmingur með færri en 20 ársverk. Þessi fjöldi smarra stofnana setur mark sitt á rekstur ríkisins þar sem formfesta í skipulagi þeirra er minni og starfslýsingar fátíðari en hjá þeim stærri. Einnig má ætla að í minni stofnunum hafi krafa um fag- og sérþekkingu við val á forstöðumönnum risið hærra en krafa um stjórnunar- og rekstrarkunnáttu. Því eiga fámennar stofnanir erfitt með að tileinka sér stefnumótun, áætlanagerð, þær breytingar sem orðið hafa í starfsmannamálum ríkisins á síðustu árum, sem og aðrar skuldbindingar sem m.a. koma fram í samningum um árangursstjórnun og öðrum starfskyldum sjálfstæðra stofnana.

Með tilkomu breyttra starfshátta hjá ríkinu, nýjum stjórnunaraðferðum, áherslu á ábyrgð forstöðumanna og aukinni skilvirkni í rekstri hefur krafan um breytta stofnanaupbyggingu orðið háværari. Margar stofnanir voru settar á fót við ólíkar aðstæður þeim sem við búum við í dag. Verkefni hafa breyst og einnig má nefna að samgöngur og samskipti hverskonar hafa tekið gífurlegum breytingum. Við breytingar á stofnanaupbyggingu er rétt að líta til þeirra verkefna sem eru á hendi ríkisins og hafa upbyggingu stofnana í samræmi við þau. Þannig er t.a.m. nauðsynlegt að skoða löggjöf með tilliti til þess hvort hægt sé að auka sveigjanleika stofnana til þess að taka við og sameinast um verkefni.

Til ríkisstofnana teljast stofnanir þar sem skipaður hefur verið sérstakur forstöðumaður. Samkvæmt greiningunni eru 229 ríkisstofnanir og ráðuneyti í A-hluta ríkisjós. Í þessari tölu eru ekki sendiráð sem talin eru hluti af aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Litlar breytingar hafa átt sér stað á fjölda stofnana á síðustu árum. Þannig voru ríkisstofnanir og ráðuneyti 236 talsins árið 1999 og hefur því fækkað um 7 á síðastliðnum 3 árum, aðallega vegna sameininga heilbrigðisstofnana. Nokkrar stofnanir hafa verið lagðar niður en á sama tíma hafa verið settar á laggimar nýjar stofnanir.


Verðugt verkefni er framundan við að skoða upbyggingu stofnana og ráðuneyta í samhengi við breytingar í ríkisrekstri og almennar breytingar í þjóðfélaginu.

Tekjur ríkisjós janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,8	6,0
Tekjuskattar	18,9	14,6
Tryggingagjöld	9,1	12,0
Eignarskattar	17,5	12,8
Veltuskattar	6,7	0,0
Tekjur alls	6,7	6,4

Gjöld ríkisjós janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,3	4,4
Félagsmál	9,9	14,7
Atvinnuáhrif	4,4	17,0
Vaxtagjöld	37,8	9,7
Önnur útgjöld	8,9	45,3
Gjöld alls	11,7	14,1

Greiddsluafkoma ríkisjós janúar-nóvember		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8972	-3974
Hr. lánsfjárfönuður	9172	-22710
Afborganir lána	-34443	-22310
Br. lánsfjárfönuður	-30769	-56895
Lántökur	27793	65227
Greiddsluafkoma	-2978	8332

Ýmsar helstu hagbölgur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga-jan-2001/02	3,5	9,4
Kjarnaverðb.-jan 2001/02	2,6	10,9
Launavísitala-des 2000/01	7,6	9,6
Heildarvelta jan-okt 00/01	8,8	13,1
Smás. velta jan-okt 00/01	4,2	6,5
Atvinnuleysi-des 2000/01	1,3	1,9



21. febrúar 2002


Aframhaldandi samdráttur þjóðarútgjalda

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs í janúar 2002. (Sjá nánar). Samkvæmt þeim nam handbært fé frá rekstri rúmum 700 m.kr., samanborið við 1,8 milljarða í janúar 2001. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var hins vegar svipaður bæði árin, eða nánast í jafnvægi. Staðan gagnvart Seðlabanka batnaði talsvert milli ára og nam rúmlega 3 milljörðum króna, samanborið við 1,8 milljarða á sama tíma í fyrra. Heildartekjur ríkissjóðs námu 18,6 milljörðum króna og hækkuðu um 1 milljarð frá fyrra ári, eða um 6%. Heildarskatttekjur hækkuðu um svipað hlutfall, en það jafngildir 3% samdrætti að raungildi. Útgjöld ríkissjóðs námu 17,9 milljörðum króna og hækkuðu um 2,1 milljarð frá fyrra ári, eða um 13%. Þessi hækkan skýrist einkum af hærri framlögum til ýmissa félagsmála. Þannig nam hækkan til skólamála og heilbrigðismála um 1 milljarði og til almannatrygginga um 300 m.kr.

Þessar niðurstöður eru nokkru lakari en gert var ráð fyrir í áætlunum. Heildarútgjöld voru þannig um 1,9 milljarði króna hærri og heildartekjur um 1,2 milljörðum lægri. Það er hins vegar rétt að hafa nokkra fyrirvara við slíkan samanburð þar sem uppgjörið nær aðeins til eins mánaðar og bæði tekjur og gjöld geta færst til milli mánaða.

Innheimta tekna í janúar bendir til þess að ekkert lát sé á samdrætti innlestrar eftirspurnar. Það verður að telja athyglisverðustu niðurstöðu þessa uppgjörs. Þannig dróguust tekjur af virðisaukaskatti umtalsvert saman milli ára, eða um 16%. Það jafngildir tæplega fjórðungs samdrætti að raungildi. Ennfremur vekur athygli að bilainnflutningur heldur áfram að dragast saman, þriðja árið í röð. Vörugjald af bifreiðum í janúar sl. skilaði þannig um þriðjungni minni tekjum en á sama tíma í fyrra, en það svarar til rúmlega 40% samdráttar að raungildi. Tekjuskattar einstaklinga skila hins vegar umtalsverðum tekjuauka miðað við fyrra ár sem endurspeglar fyrst og fremst áframhaldandi tekjuaukningu heimilanna enda hefur árshækkun launavísitölu á þessum ári um og yfir 9% allt síðasta ár. Loks skilar fjármagnstekjuskattur riflega þriðjungni meiri tekjum en í fyrra.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur verulega hægt á innheimtu skatttekna ríkissjóðs undanfarin misseri sem endurspeglar minnkandi innlenda eftirspurn og síðan samdrátt á seinni hluta ársins 2001, einkum í neysluútgjöldum heimilanna. Þessi þróun er eftirtektarverð þar sem hún stafar ekki af minnkandi kaupmætti. Þvert á móti hefur kaupmættur heimilanna heldur aukist. Hér gæti því fyrst og fremst áhrifa aukinnar skuldsetningar heimilanna síðustu ár.



Kynslóðareikningar Hagfræðisstofnunar fyrir árið 1999

Nú liggja fyrir niðurstöður kynslóðareikninga Hagfræðisstofnunar fyrir grunnárið 1999 en niðurstöður ársins 1998 voru birtar í vefriti fjármálaráðuneytisins 26. júlí sl. Hér er annars vegar stuðst við beinar skuldir hins opinbera sem birtast í opinberum hagtölum og hins vegar óbeinar

skuldir, eða kerfislægar skuldbindingar sem myndast í framtíðinni við óbreytta skatta- og útgjaldastefnu hins opinbera og falla misþungt á komandi kynslóðir. Kynslóðaleiðréttaðar skuldir/eignir hins opinbera eru summa beinna og óbeinna skulda og eru í raun mælikvarði á það hvernig tekjur og gjöld ríkisins standast á þegar núverandi skuldbindingar (sem munu þó ekki færast til gjalda fyrr en í framtíðinni) eru einnig teknar með í reikninginn. Ef skuldir/eignir eru fyrir hendi stuðlar efnahagsstefna stjórnvalda ekki að því að jafna aðstöðu kynslóðanna. Ef skuldir eru umfram eignir þarf að hækka skatta eða lækka útgjöld en ef eignir eru umfram skuldir gefur það svigrúm til að lækka skatta eða auka útgjöld í framtíðinni.

Árið 1999 námu beinar skuldir hins opinbera 33% af landsframleiðslu en óbeinar skuldir voru neikvæðar sem nam 89% af landsframleiðslu og kynslóðaleiðréttaðar skuldir í heild voru því neikvæðar um sem svarar 56% af landsframleiðslu. Hrein skattbyrði framtíðarkynslóða yrði samkvæmt þessu mun minni en skattbyrði núlfandi kynslóða.

Meðfylgjandi tafla sýnir niðurstöður kynslóðareikninga fyrir árin 1994-1999. Eins og þar kemur fram hafa kynslóðaleiðréttaðar skuldir minnkað jafnt og þétt allt tímabilið og síðustu tvö árin eru eignir umfram skuldir. Þróunin hefur því verið framtíðarkynslóðum í hag allt tímabilið.

(% af VLF)	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Beinar skuldir	42	44	43	40	39	33
Óbeinar skuldir	78	28	-6	-40	-55	-89
Kynslóðaleiðréttaðar skuldir	120	72	38	0	-16	-56

Ein af meginforsendum kynslóðareikninga er sú að gert er ráð fyrir að sú stefna stjórnvalda sem er ríkjandi á grunnárinu haldist óbreytt um alla framtíð. Nú, á árinu 2002, er ljóst að þetta ástand efnahagsmála var ekki viðvarandi. Þótt breyttar efnahagsaðstæður hafi einhver áhrif á niðurstöður kynslóðareikninga er tæplega að vænta algjörs viðsnúnings þar sem áfram hefur dregið úr skuldbindingum hins opinbera skuldir hafa haldið áfram að ríkið greiddi niður lán á þessum tíma eins og áður segir. Með þeirri stefnu hafa stjórnvöld létt á skuldbindingum komandi kynslóða. Reikningar ársins 2000 verða birtir síðar á þessu ári.

Sameining verkefna ríkisbókhalds og ríkisfjárhirslu

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið breyta tilhögum ríkisfjéhirslu frá 1. mars nk. og verða ríkisbókhaldið falið þau verkefni sem ríkisfjárhirsland hefur haft með höndum. Þetta er gert í framhaldi af úttekt ráðuneytisins á starfsemi ríkisfjárhirsllunnar og ríkisbókhalds sem framkvæmd var á síðasta ári. Athuginin leiddi í ljós að með sameiningu mætti ná fram auknu hagræði á mörgum sviðum sem m.a. fælist í einfaldara greiðsluferli, bættu skjalaflæði og auðveldara uppgjöri bókhalds. Á það ekki síst við eftir að ný fjárhags- og mannaúðskerfi verða tekin í notkun hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum á næsta ári. Eftir 1. mars verður ríkisfjárhirslan því svið innan ríkisbókhalds vel aðgreint frá öðrum sviðum til þess að tryggja áfram að skýr skil séu milli bókunar og greiðslu. Hlutverk og verkefni ríkisbókhalds hafa á undanförnum árum tekið miklum breytingum. Þannig var afgreiðsla launa flutt frá fjármálaráðuneytinu til ríkisbókhalds á árinu 1998 og nú verkefni ríkisfjárhirsllu. Í ljósi nefndra breytinga þykir rétta að skýra betur hlutverk stofnunarinnar og jafnframt stendur til að nafni stofnunarinnar verði breytt þar sem nafnið ríkisbókhald þykir hafa of þrönga skírskotun miðað við fjölbreytt verkefni stofnunarinnar.

Þessi sameining verkefna er skref á þeirri vegferð að fækka ríkisstofnunum en gera þær jafnframt öflugri til þess að takast á við það megin hlutverk sitt að leysa verkefni sín á sem skilvirkastan hátt en tryggja um leið bætta nýtingu fjármuna.


Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	-0,8	5,9
Tekjuskattar	9,2	20,5
Tryggingagjöld	-0,3	2,4
Eignarskattar	11,7	-37,4
Veltuskattar	-14,8	-11,5
Tekjur alls	1,0	5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-7,5	25,3
Félagsmál	21,3	19,6
Atvinnumál	56,6	-6,4
Vaxtagjöld	26,2	5,4
Önnur útgjöld	40,3	15,5
Gjöld alls	24,5	13,5

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	1831	732
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1693	-886
Afborganir lána	-447	-389
Br. lánsfjárfjöfnuður	-1559	-1293
Lántökur	3369	4400
Greiðsluafkoma	1810	3107

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga-feb 2001/02	4,1	8,9
Kjarnaverðb.-feb 2001/02	3,1	10,4
Launavísitala-jan 2001/02	9,3	10,0
Heildarvelta jan-okt 00/01	8,8	13,1
Smás.velta jan-okt 00/01	4,2	6,5
Atvinnuleysi - jan 2001/02	1,6	2,4

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Vefvang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is



28. febrúar 2002


Vöruskiptahallinn minnkar enn

Samkvæmt nýbirtum tölum frá Hagstofu Íslands nam vöruskiptahallinn í fyrria 6,7 milljörðum króna, samanborið við 45,5 milljarða halla árið áður reiknað á sama gengi. Hallinn í fyrria reyndist einnig mun minni en almennt hafði verið spáð.

Meðfylgjandi línurit sýnir þróun vöruskiptajöfnuðar frá árinu 1994. Tölurnar sýna uppsafnaðan vöruskiptajöfnuð m.v. tólf mánaða tímabil. Þannig sýna tölur fyrir janúarmánuð 2002 vöruskiptajöfnuðinn frá febrúar 2001-janúar 2002 o.s.frv. Þar kemur skýrt fram hvernig vöruskiptaafgangur frá samdráttarárunum 1993-1995 snýst smám saman í halla í uppsveiflunni frá 1996 sem náði hámarki í upphafi síðasta árs. Frá þeim tíma dregur hratt úr hallanum og nýjustu tölur fyrir janúar sýna að hallinn er nánast horflinn.

Meginskýringin á þessari hagstæðu þróun er að á sama tíma og innflutningur hefur dregist mikið saman, eða um tæplega 10% miðað við fast gengi milli árnanna 2000 og 2001, eykst útlutningur um nánast sama hlutfall miðað við fast gengi og tæplega þriðjung að nafnvirði. Samdráttur á innflutningshlið kemur einkum fram í neytluvörum en þar vekur sérstaka athygli tæplega helmings samdráttur í bifreiðainnflutningi. Auk þess dregst innflutningur almennra fjárfestingarvara saman um 15%. Tölur fyrir janúarmánuð staðfesta enn frekar þessa þróun en þá varð rúmlega 5 milljarða króna afgangur á viðskiptajöfnuði. Innflutningur heldur áfram að minnka og útlutningur að aukast.

Samkvæmt þessum tölum má reikna með að viðskiptahallinn á árinu 2001 hafi orðið allt að 10 milljörðum króna minni en gert var ráð fyrir í síðustu spám, eða nálægt 40 milljörðum króna. Til samanburðar má nefna að viðskiptahallinn nam 67 milljörðum króna árið 2000. Ennfremur má ætla að viðskiptahallinn á árinu 2002 geti orðið nálægt 25 milljörðum króna, eða 15 milljörðum lægri en síðustu spár gerðu ráð fyrir. Þessi niðurstaða endurspeglar þau miklu umskipti sem orðið hafa í efnahagsmálum á tiltölulega skömmum tíma og sýnir að hagkerfið siglir nú hraðbyri í átt til aukins jafnvægis.



Lausn frá embætti um stundarsakir

Í opinberri umræðu að undanförunum hafa vaknað spurningar um það hvað í því felist að forstöðumanni ríkisstofnunar eða öðrum embættismanni sé veitt lausn frá störfum um stundarsakir og þykir því ástæða til að skýra í stuttu máli þær reglur sem um það gilda.

Forstöðumenn ríkisstofnana bera sérstaka ábyrgð á starfsemi þeirra stofnana er þeir stýra, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Sú ábyrgð lýtur annars vegar að faglegri starfsemi stofnunar og hins vegar rekstrarlegri, svo sem fjárreiðum og bókhaldi.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	-0,8	5,9
Tekjuskattar	9,2	20,5
Tryggingagjöld	-0,3	2,4
Eignarskattar	11,7	-37,4
Veltuskattar	-14,8	-11,5
Tekjur alls	1,0	5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-7,5	25,3
Félagsmál	21,3	19,6
Atvinnumál	56,6	-6,4
Vaxtagjöld	26,2	5,4
Önnur útgjöld	40,3	15,5
Gjöld alls	24,5	13,5

Þegar upp koma ávirðingar á hendur forstöðumanni (t.d. með skýrslu frá Ríkisendurskoðun) er lúta t.d. að rekstri stofnunar þarf veitingarvaldshafi að huga að því hvort ástæða sé til að áminna hann með formlegum hætti, leysa hann frá embætti um stundarsakir eða jafnvel víkja honum þegar í stað frá embætti að fullu. Síðastnefnda úrræðið á eingöngu við hafi embættismaður játað refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Veitingarvaldið er jafnan í höndum ráðherra. Það kemur því í hans hlut og ráðuneytis hans að kanna málavexti og eftir atvikum gefa viðkomandi kost á að tjá sig um tilgreindar ávirðingar. Að því búnu ákveður ráðherra hvort og þá hvaða úrræði skuli beita.

Með formlegri áminningu er forstöðumaður áminntur fyrir tilteknar ávirðingar. Bæti hann ekki ráð sitt í kjölfar slíkrar áminningar er rétt að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir.

Hægt er að veita forstöðumanni lausn frá embætti um stundarsakir þó að hann hafi ekki verið áminntur áður, þ.e. ef vist þykir eða ætla má að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum stofnunar. Það sama á við ef hann er grunaður um refsiverða háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Sé forstöðumanni veitt lausn frá embætti um stundarsakir skal mál hans tafarlaust sent nefnd sérfróðra manna til meðferðar. Nefndin rannsakar málið og metur hvort þær ávirðingar sem uppi eru séu réttmætar. Hún lýkur störfum sínum með rökstuddu álitni á því hvort rétt hafi verið að víkja viðkomandi frá embætti um stundarsakir eða ekki.

Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að veita forstöðumanni lausn frá embætti um stundarsakir skal víkja honum frá að fullu, nema þær ávirðingar sem honum voru gefnar að sök, hafi ekki reynst vera fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 29. gr. stml.

Meðan á lausn um stundarsakir stendur nýtur viðkomandi helmings af föstum launum sem embætti hans fylgja. Ef honum er falið að taka aftur við embætti sínu ber að líta svo á að hann hafi gegnt því óslitið og greiða þau laun sem hann var sviptur.

Ákærvaldið kann að taka til opinberrar rannsóknar þær ávirðingar sem eru bornar á embættismann með tilliti til þess hvort sækja skuli hann til saka fyrir refsiverða háttsemi eða ekki og skiptir í því sambandi ekki máli hvort honum hefur verið víkið frá eða ekki. Í slíkum tilvikum hefur fyrrgreind nefnd eftir sem áður talið rétt að ljúka málum af sinni hálfu enda er markmiðið með starfi nefndarinnar annað, þ.e. að meta hvort rétt hafi verið að veita viðkomandi lausn frá embætti um stundarsakir eða ekki.


Ríkisstofnun til fyrirmyndar 2002

Fjármálaráðuneytið mun í maí nk. útnefna ríkisstofnun til fyrirmyndar í fjórða sinn. Þetta er liður í því að bæta rekstur ríkisstofnana og þjónustu þeirra við fólk og fyrirtæki í landinu. Í fyrsta skipti sem verðlaunin voru veitt, árið 1996, varð Kvennaskólinn í Reykjavík hlutskarpastur. Árið 1998 varð Svæðisskrifstofa um málefni fataðra á suðurnesjum fyrir valinu og Landgræðsla ríkisins var útnefnd árið 2000. Við valið er litið til stefnumótunar, fjármálastjórnunar, gæða þjónustu, starfsmannahalds og innra skipulags. Sérstök dómnefnd sér um valið sem í sitja Hörður Arnarson, forstjóri Marel hf., formaður, Guðný Káradóttir, framkvæmdastjóri Gagarin og Runólfur Smári Steinþórsson, dósent við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Með nefndinni starfa Arnar Þór Músson stjórnmaðlafræðingur og Leifur Eysteinnsson viðskiptafræðingur. Fjármálaráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningum frá ráðuneytum og gefið stofnunum kost á því að gefa sig fram með rökstuðningi. Jafnframt er almenningi gefin kostur á að tilnefna ríkisstofnanir á netinu til 8. mars. Slóðin er <http://www.raduneyti.is>.

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	1831	732
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1693	-886
Afborganir lána	-447	-389
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1559	-1293
Lántökur	3369	4400
Greiddsluafkoma	1810	3107

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga-feb 2001/02	4,1	8,9
Kjarnaverðb.-feb 2001/02	3,1	10,4
Launavísitala-jan 2001/02	9,3	10,0
Heildarvelta jan-okt 00/01	8,8	13,1
Smás.velta jan-okt 00/01	4,2	6,5
Atvinnuleysi-jan 2001/02	1,6	2,4

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is




7. mars 2002

Áframhaldandi samdráttur í innflutningi

Nær allar hagtölur sem birst hafa að undanförmu benda til þess að íslenskt efnahagslíf sé að leita jafnvægis eftir einhverja mestu uppsveiflu sem hér hefur orðið. Fyrstu vísibendingar um viðsnúning komu reyndar þegar fram á síðari hluta ársins 2000, en þá tók að draga úr innflutningi.

Lítið lát virðist á þessari þróun eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti sem sýnir að innflutningur í febrúar sl. heldur áfram að minnka ef marka má bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts. Miðað við fast gengi hefur innflutningur síðustu þrjá mánuði, án skipa og flugvéla, þannig dregist saman um 20% á einu ári.

Innflutningur án skipa og flugvéla Staðvirtur m.v. gengi



Þetta eru ánægjuleg tíðindi sem gefa vonir um að viðskiptahallinn á þessu ári verði jafnvel enn minni en síðustu spár gerðu ráð fyrir. Þannig taldi Seðlabankinn í nýjustu ársfjórðungsskýrslu sinni sem birtist í febrúar sl. að viðskiptahallinn á árinu 2002 gæti orðið 33 milljarðar króna. Þessi spá tók meðal annars mið af ákvörðunum um auknar aflaheimildir auk þess sem áfram var gert ráð fyrir samdrætti í þjóðarútgjöldum á árinu.

Frá því að þessi spá var birt hefur Hagstofan birt tölur um vöruskiptajöfnuðinn á síðasta ári og í janúar á þessu ári sem eru hagstæðari en almennt var búist við. Vísibendingar um áframhaldandi samdrátt í innflutningi í febrúar auka enn frekar líkurnar á minnkandi viðskiptahalla.

Að öllu samanlögðu sýnist því ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að viðskiptahallinn á árinu 2002 geti orðið um eða jafnvel innan við 20 milljarðar króna, eða sem nemur um 2½% af landsframleiðslu. Jafnframt má reikna með að vöru- og þjónustujöfnuður, að vöxtum frátöldum, skili umtalsverðum afgangi, í fyrsta sinn síðan 1997. Þetta endurspeglar þau miklu umskipti sem orðið hafa í efnahagsmálum á örfáum misserum enda eru einungis tvö ár síðan viðskiptahallinn var fjórfalt meiri, eða sem nam 10% af landsframleiðslu.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	-0,8	5,9
Tekjuskattar	9,2	20,5
Tryggingagjöld	-0,3	2,4
Eignarskattar	11,7	-37,4
Veltuskattar	-14,8	-11,5
Tekjur alls	1,0	5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-7,5	25,3
Félagsmál	21,3	19,6
Atvinnumál	56,6	-6,4
Vaxtagjöld	26,2	5,4
Önnur útgjöld	40,3	15,5
Gjöld alls	24,5	13,5

Árangurstenging fjárveitinga

Stjórnvöld í vestrænum ríkjum telja að umfang og skilvirkni í opinberum rekstri hafi áhrif á efnahagslegar framfarir. Af þessum sökum hefur verið unnið skipulega að því að aðildarríkjum OECD að innleiða breytingar á skipulagi og stjórnun opinbers rekstrar.

Breytingarnar eiga það sammerkt að áhersla er lögð á að bæta opinbera þjónustu og skilgreina þann þjóðfélagslega árangur sem vænst er af starfi hins opinbera. Þetta er einukom gert með því að fjölga valkostum notenda, taka upp faglega stjórnunarhætti og auka gagnsæi, sveigjanleika og ábyrgð stjórnenda stofnana. Dregið er úr miðstýringu ráðuneyta en ætlast til þess að þau vinni að langtíma stefnumörkun og geri skilgreindar kröfur til stofnana um árangur ásamt því að fylgjast með því að kröfurnar séu uppfylltar. Það er meðal annars talið bæta árangur að tengja fjárveitingar ákveðnum markmiðum og verkefnum fremur en stofnunum. Sama er að segja ef ráðuneytin lita á sig sem kaupendur opinberra þjónustu af ríkisstofnunum og einkaaðilum fyrir hönd almennings, en ekki framleiðendur hennar.

Í flestum ríkjum gera ráðuneyti og stofnanir með sér einhverskonar samninga um árangursmarkmið og þjónustu. Í Hollandi, Ástralíu og víðar fá þjónustustofnanir framlög eftir þjónustumagni. Einnig eru til dæmi um að greitt sé fyrir það að ná skilgreindum markmiðum. Þannig grundvallarbreytingar við ákvörðun fjárveitinga hafa bætt árangur, en jafnframt búið til ný úrlausnarefni og álitamál fyrir forráðamenn opinbers rekstrar.

Á nýlegum fundi OECD var farið yfir reynsluna af því að árangursmiða stjórnun og fjárveitingar. Fram kom að áhugi stjórnmalamanna á þannig stjórnunarháttum er mismikill eftir ríkjum og sums staðar mjög takmarkaður. Þar sem breytingarnar njóta sterkrar pólitískrar leiðsagnar ríkisstjórnar eru þær hins vegar teknar alvarlega. Reynsla flestra er sú að breytingar gangi greiðar séu myndaðar um þær formlegt kerfi og reglufesta.

Þetta er í samræmi við reynsluna af að innleiða árangursstjórnun í rekstur ríkisins hér á landi. Ríkisstjórnin samþykkti fyrir fimm árum að ráðuneyti geri árangurstjórnunarsamninga við stofnanir sínar sem þeim er ætlað fylgja eftir með gerð markmiðsáætlna bæði til langs og skamms tíma og með því að útbúa ársskýrslu. Í upphafi yfirstandandi árs var þetta fyrirkomulag formfest í reglugerð.


Í flestum hinna OECD ríkjanna eru einnig notaðir samningar, áætlanir og ársskýrslur til að bæta stjórnun. Fram kom á fundinum að þar sem fjárveitingar ráðast af þjónustumagni þurfi að vera hægt að treysta því fullkomlega að mælingar séu réttar. Varð var við því að greiða framlög eingöngu í samræmi við þjónustumagn nema það sem greitt sé fyrir sé vandlega skilgreint og auðvelt að sannprófa að mælingarnar séu fullkomlega réttar. Menn vöktu athygli á því að það er ekki alltaf hægt að setja samasem merki milli aukins þjónustumagns og þjóðfélagslegs ávinnings, málið væri flóknara en það. Þótt það takist að ná góðum árangri á einhverju sviði er alls ekki víst að auka eigi framlög til þeirra verkefna heldur eigi þvert á móti að auka framlög á öðrum sviðum til að bæta árangur þar.

Í nýlegri könnun Gallup fyrir fjármálaráðuneytið meðal forstöðumanna ríkisstofnana kom í ljós að 89% svarenda vilja að árangurstjórnunarsamningar sem ráðuneytin gera fjalli um fjárveitingar og fjármál, 77% vilja að langtímaáætlanir stofnana verði lagðar til grundvallar ákvörðunum um fjárveitingar og litlu færri vildu að fjárveitingar yrðu ákveðnar 3-4 ár fram í tímann. Tæpur helmingur styðst við mælingar á starfsemi við stjórnun stofnana og rökstyður fjárlagatillögur á grundvelli mælanlegs árangurs. 60% telur hins vegar að þróa mætti mælikvarða fyrir þeirra stofnanir til að leggja til grundvallar fjárveitingum.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	1831	732
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1693	-886
Alborganir lána	-447	-389
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1559	-1293
Lántökur	3369	4400
Greiðsluafkoma	1810	3107

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga-feb 2001/02	4,1	8,9
Kjarnaverðb.-feb 2001/02	3,1	10,4
Launavísitala-jan 2001/02	9,3	10,0
Heildarvelta jan-okt 00/01	8,8	13,1
Smás.velta jan-okt 00/01	4,2	6,5
Atvinnuleysi-jan 2001/02	1,6	2,4

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is



14. mars 2002

Áhrif virkjunar- og álversframkvæmda

Nokkur umræða hefur orðið um efnahagsleg áhrif fyrirhugaðra álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi og hugsanleg viðbrögð af hálfu stjórnvalda, bæði í peninga- og ríkisfjármálum. Fyrir liggur greinargerð frá Þjóðhagsstofnun þar sem fjallað er um þjóðhagsleg áhrif þessara framkvæmda. Þar kemur fram að landsframleiðsla gæti orðið að meðaltali rúmlega 2% hærrí og þjóðarframleiðsla 1½% hærrí á framkvæmdatíma og að til lengdar verði landsframleiðslan 1¼-1½% hærrí en ella.

Seðlabankinn hefur lýst því yfir að á tímabilinu 2002-2005 sé ekki ósennilegt að stýrivextir bankans þurfi að vera að jafnaði 1-2½ prósentustigi hærrí en ella vegna verkefnisins og um 2% prósentustigi hærrí við upphaf tímabilsins, miðað við að ekki verði gripið til sérstakra aðgerða af hálfu opinberra aðila.

Í október árið 2000 var lögð fram skýrsla vinnuhóps um þjóðhagsleg áhrif Noral verkefnisins og hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Að þessari vinnu komu m.a. fulltrúar fjármálaráðuneytis, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Í kaflanum um áhrif framkvæmdanna á fjármál hins opinbera var lögð áhersla á tvennt. Annars vegar mikilvægi þess að vel sé búið í haginn fyrir framkvæmdina og efnahagslegt svigrúm verði skapað til að lágmarka líkur á ofpenslu í hagkerfinu vegna verkefnis. Hins vegar var bent á að svigrúm ríkisins til þess að grípa til róttækra mótvægisáðgerða sé takmarkað þótt samdráttur eða frestun opinberra framkvæmda komi vissulega til greina.

Frá því að þessi skýrsla var lögð fram hefur ástandið í efnahagsmálum breyst umtalsvert. Gengi krónunnar hefur fallið um 15%, mjög hefur dregið úr innflutningi og horfur eru á að hagvöxtur á yfirstandandi ári verði jafnvel neikvæður. Þetta hefur leitt til þess að sú framleiðsluspenna í hagkerfinu sem myndaðist á árunum 2000-2001 er nú óðum að hverfa. Jafnframt hefur meira jafnvægi skapast í viðskiptum við útlönd og góðar horfur eru á að viðskiptahallinn á þessu ári verði á bilinu 2-3% af landsframleiðslu samanborið við 10% halla árið 2000.

Þessi umskipti gera það að verkum að hætta á ofpenslu vegna framkvæmda við Kárahnjúka og byggingu álvers í Reyðarfirði er mun minni en áður. Samkvæmt þeim gögnum sem nú liggja fyrir er það fyrst árið 2004 sem vænta má verulegra áhrifa á heildarstöðir í hagkerfinu en framkvæmdirnar ná hámarki á árunum 2005-2006. Það er því fyrst frá og með árinu 2004 sem huga þarf að mótvægisáðgerðum af hálfu hins opinbera.

Þegar grannt er skoðað eru það einkum aðstæður á vinnumarkaði sem eru líklegastar til þess að valda röskun á efnahagsstöðugleikanum verði ráðist í þessar stórfamkvæmdir. Áhrif á gengi krónunnar geta vissulega einnig skipt máli en áhrifin á vinnumarkaðinn skipta líklega mestu máli. Mikil eftirspurn eftir vinnuafli gæti leitt til launaskriðs og þar með valdið verðbólguþrýstingi ef vinnuafnsframboðið er ekki nægjanlegt. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar er vinnuafnsnotkunin í framkvæmdunum áætluð um 1¼% af heildarvinnuafnsframboði þegar hún er mest árið 2005. Frestun á opinberum framkvæmdum er sennilega heppilegasta aðferðin til þess að veða upp á móti áhrifum af þessu tagi. Í fyrsta lagi vegna minni heildareftirspurnar í hagkerfinu en ekki síður þar sem framkvæmdir hins opinbera eru sá útgjaldaþáttur sem hefur mest áhrif í þeim greinum atvinnulífsins þar sem áhrifa stóriðjufamkvæmdanna gæti hvað mest.

Önnur leið til þess að draga úr neikvæðum áhrifum þessara framkvæmda á innlenda vinnumarkað er tímabundinn innflutningur á erlendu vinnuafli. Aukinn hreyfanleiki vinnuafns í kjölfar alþjóðavæðingar og viðskiptasamninga gerir það að verkum að aðgangur að erlendu vinnuafli er nú mun auðveldari en áður var. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar er reiknað

með að um 20% af vinnuafli í framkvæmdunum komi erlendis frá og sé því hrein viðbót við innlent vinnuafli. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu stór hluti erlends vinnuafns hefur verið við fyrri stórfamkvæmdir en vissulega er það ekki nýtt af nálinni að vinnuafli sé flutt inn tímabundið þegar um stórfamkvæmdir er að ræða. Eftir því sem þetta hlutfall er hærra dregur úr neikvæðum áhrifum á vinnumarkað vegna of lítills framboðs og þar með verður minni hætta á launa- og verðlagsþróun fari úr böndum.

Það er því skoðun fjármálaráðuneytisins að heppilegasta leiðin til að veða á móti þensluáhrifum vegna hugsanlegrar byggingar álvers í Reyðarfirði og tengdra virkjanafamkvæmda sé sú að draga úr eða fresta vinnuafnsfrekum verklegum framkvæmdum jafnframt því sem hugað verði að aðgerðum til að auðvelda aðflutning vinnuafns í því skyni að draga úr þeim þrýstingi sem framkvæmdirnar valda á vinnumarkaði. Ögerningur er hins vegar að nefna einhverjar heildarfráhræðir í þessu samhengi. Hér þarf að hafa í huga að mat á efnahagslegum áhrifum þessara virkjunar- og álversframkvæmda er talsverðri óvissu háð. Það sama gildir um hugsanleg viðbrögð eða mótvægisáðgerðir enda spila þar inn í þættir eins og almenn staða efnahagsmála á framkvæmdatímanum, ytri aðstæður o.fl.

Eignarhlutur ríkissjóðs í ýmsum félögum

Í ljósi umræðu undanfarna daga um eignarhlut ríkissjóðs í félögum og forræði ráðherra yfir viðkomandi hlutabréfum er rétt að fram komi að almenna reglan er sú að fjármálaráðherra fer með hlut ríkissjóðs nema kveðið sé á um annað í lögum. Í sérlægum sem sett hafa verið um ýmis félög í eigu ríkisins hefur öðrum ráðherrum iðulega verið falið að fara með eignarhlut ríkisins í viðkomandi félagi. Til upplýsingar er birt eftirfarandi tafla um eignarhlut ríkisins í hlutafélögum og sameignarfélögum ásamt upplýsingum um hvaða ráðherra fer með eignarhlutinn.

	Eignarhlutur í %	Ráðherra sem fer með eignarhlutinn
Búnaðarbanki Íslands hf.	55	Viðskiptaráðherra
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	100	Útanríkisráðherra
Hitaveita Hjaltadal hf.	94	Fjármálaráðherra
Íslandspóstur hf.	100	Samgönguráðherra
Landsbanki Íslands hf.	68	Viðskiptaráðherra
Landssími Íslands hf.	98	Samgönguráðherra
Landsvirkjun	50	Iðnaðarráðherra
Sementsverksmiðjan hf.	100	Iðnaðarráðherra
Skráningarstofan hf.	98	Dómsmálaráðherra
Orkubú Vestfjarða hf.	97	Fjármála/Iðnaðarráðherra
Neyðarflinn hf.	63	Fjármála/Samg./Dómsmálar.
Flugskóli Íslands hf.	42	Samgönguráðherra
Barri hf.	20	Landbúnaðarráðherra
Verðbrefaskráning Íslands hf.	14	Fjármálaráðherra
Steinullarverksmiðjan hf.	30	Fjármála/Iðnaðarráðherra
Endurvinnslan hf.	18	Umhverfisráðherra
Íslenska jámblendifélagið hf.	11	Iðnaðarráðherra
Íslenskir aðalvertakar hf.	38	Útanríkisráðherra
Hitaveita Suðurnesja hf.	17	Fjármála/Iðnaðarráðherra
Hitaveita Akraness og Borgarfj. sf.	20	Fjármála/Iðnaðarráðherra


Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	-0,8	5,9
Tekjuskattar	9,2	20,5
Tryggingagjöld	-0,3	2,4
Eignarskattar	11,7	-37,4
Veltuskattar	-14,8	-11,5
Tekjur alls	1,0	5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-7,5	25,3
Félagsmál	21,3	19,6
Atvinnumál	56,6	-6,4
Vaxtagjöld	26,2	5,4
Önnur útgjöld	40,3	15,5
Gjöld alls	24,5	13,5

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	1831	732
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1693	-886
Afborganir lána	-447	-389
Br. lánsfjárfjöfnuður	-1559	-1293
Lántökur	3369	4400
Greiddsluafkoma	1810	3107

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga- mars 2001/02	3,9	8,7
Kjarnaverðb.- mars 2001/02	3,4	10,4
Launavísitala-jan 2001/02	9,3	10,0
Heildarvelta jan-okt 00/01	8,8	13,1
Smás.velta jan-okt 00/01	4,2	6,5
Atvinnuleysi - jan 2001/02	1,6	2,4

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is



21. mars 2002

Ný þjóðhagsspá

Meginniðurstaða nýrrar [spár Þjóðhagsstofnunar](#) er að sú efnahagslægd sem gengið hefur yfir landið sé nú á hröðu undanhaldi og að framundan sé tímabil aukins hagvaxtar. Fjármálaráðuneytið er í grundvallaratriðum sammála þessu mati. Aðlögun íslensks efnahagslífs að breyttum aðstæðum hefur gerst mjög hratt og hraðar en flestar efnahagsspár gerðu ráð fyrir. Umskiptin eru hvað greinilegust í utanríkisviðskiptum þar sem halli á viðskiptum við útlönd hefur minnkað um meira en helming á einu ári, eða úr 10% af landsframleiðslu árið 2000 í 4½% á árinu 2001.

Flestum spám ber saman um að viðskiptahallinn á árinu 2002 muni halda áfram að minnka og verða helmingi minni en í fyrra, eða nálægt 15 milljörðum króna. Það svarar til um það bil 2% af landsframleiðslu, eða einungis um fimmtungi þess sem var árið 2000. Þetta eru ótrúlega mikil umskipti á ekki lengri tíma. Jafnframt endurspeglar þessar breytingar sveigjanleika hins íslenska hagkerfis í samanagerð við önnur lönd, ekki einungis á vinnumarkaði heldur ekki síður í framleiðslugreinunum.

Sú stærð sem skiptir mestu máli fyrir afkomu ríkissjóðs er þó ekki sjálf landsframleiðslutalan heldur breyting þjóðarútgjalda hverju sinni. Þetta er lykilstærð hvað varðar samskipti þjóðarútgjalda og þjóðartekna og fróðlegt að skoða samhengi þessara tveggja þátta. Hvað tekjuhliðina varðar er þróunin í samræmi við það sem lesa hefur mátt út úr þróun þjóðarútgjalda á síðasta ári. Þannig hafa tekjur af veltusköttum farið lækandi eftir því sem á árið hefur líðið. Þessi þróun hefur verið eftir bókinni ef svo má segja þar sem mest hefur dregið úr útgjöldum heimila til kaupa á bifreiðum og öðrum svokölluðum varanlegum heimilistækjum. Auk þess hefur verulega dregið úr fjárfestingarútgjöldum fyrirtækja.

Útflutningshliðin hefur verið mun öflugri en spáð var þrátt fyrir niðurskurð aflaheimilda. Þetta má ekki hvað síst rekja til gengislaekunnar krónunnar frá því um mitt síðasta ár sem birtist m.a. í auknum tekjum af útflutningi o.fl. Jafnframt hefur dregið verulega úr útgjöldum Íslendinga í útlöndum sem aftur skilar sér í jákvæðari niðurstöðu á vöru- og þjónustujöfnuði.

Verðbólguþraspað þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2002 gerir ráð fyrir 2,6% hækkun frá upphafi til loka ársins. Þessi spá hefur nokkuð verið gagnrýnd og talin vera óhóflega bjartsýn. Fjármálaráðuneytið er ósammála þessari gagnrýni og bendir á að spá þjóðhagsstofnunar sé ekki úr takt við síðustu spár Seðlabanka og ýmissa fjármálastofnana sem almennt gera ráð fyrir 2½-3% verðbólgu innan ársins.

Að öllu samanlögðu er fjármálaráðuneytið sammála þeirri spá þjóðhagsstofnunar um að framundan sé tímabil aukins hagvaxtar, minnkandi verðbólgu og viðskiptahalla og þar með aukins jafnvægis í íslensku efnahagslífi.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Nú ligga fyrir tölur um [greiðsluafkomu ríkissjóðs](#) fyrstu tvo mánuði ársins. Handbætt fé frá rekstri, en sú stærð gefur góða mynd af eiginlegri rekstrarstöðu ríkissjóðs án tillits til áhrifa sérstakra liða eins og tekna af sölu eigna o.fl., nam 3,3 milljörðum króna samanborið við 2,2 milljarða á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfundur var einnig jákvæður, eða sem nam 3,2 milljörðum króna, samanborið við tæplega 600 m.kr. afgang í fyrra. Þetta er jákvæð þróun.

Heildartekjur námu 41½ milljarði króna og hækka um tæplega 1½ milljarð frá fyrra ári, eða um 3,5%. Til samanburðar má nefna að almennar

verðbreytingar námu um 9% á þessu tímabili. Þessar tölur endurspeglar því áframhaldandi samdrátt innlestrar eftirspurnar, eða sem nemur um 5%. Tekjur af virðisaukaskatti eru nánast óbreyttar að krónutölu frá því í fyrra en vörugjald af bifreiðum lækkar um þriðjung. Tekjuskattar einstaklinga og fjármagnstekjuskattur skila hins vegar umtalsverðum tekjuauka miðað við fyrra ár. Samanlagt aukast skatttekjur um 3½% milli ára sem jafngildir 5% samdrætti að raungildi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við áætlanir fjármálaráðuneytisins.

Heildarútgjöld ríkissjóðs fyrstu tvo mánuði ársins námu 38,2 milljörðum króna og hækka um 0,3 milljarða frá fyrra ári, eða aðeins um 0,8%. Greiðslur til almennra mála og félagsmála hækka samtals um 4,2 milljarða, en á móti veiga 3,6 milljarða lægri greiðslur vaxta auk ½ milljarðs króna lækunar á greiðslum til landbúnaðarmála. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár og áætlun háður nokkurri óvissu vegna þess að greiðslur geta færst til milli mánaða.

Lántökur innanlands námu 1,1 milljarði króna en afborganir voru tæpar 400 m.kr. Gjaldlagði erlendur langtímaláns var fjármagnaður með lánþöku á erlendum skammtímamarkaði. Þá var 1,5 milljarður greiddur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 2,2 milljarða króna, samanborið við 0,9 milljarða á sama tíma í fyrra.

Eru ríkisstofnanir of litlar og vanmáttugar?

Fyrir nokkru birtist á þessum vettvangi grein sem bar sama heiti. Þar var sett fram sú skoðun að litlar og fámennar stofnanir ættu erfitt með að tileinka sér ýmsa þætti er snúa að stjórnun ríkisstofnana s.s. stefnumótun og áætlanagerð og annað sem tengist venjubundnum starfskyldum sjálfstæðra stofnana. Nýleg könnun fjármálaráðuneytisins á framkvæmd árangurstjórnunar sem gerð var meðal forstöðumanna ríkisstofnana stýður þessa skoðun. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafa einungis í kringum 40% stofnana með 1-19 starfsmenn unnið að stefnumótun á síðustu 5 árum á meðan meðaltal stofnana er ríflega 55%. Einungis 23% þeirra eru að vinna við endurskoðun á stefnumótun stofnunar á meðan sambærileg tala miðað við heild er 40%.

Þess má geta að stærstur hluti þeirra sem svörðu könnuninni voru í þessum flokki þ.e. með 1-19 starfsmenn (36%) þannig að draga má þá ályktun að eftir því sem starfsmannafjöldinn eykst séu meiri líkur á því að stefnumótun fyrir stofnunina hafi farið fram. Í flokki þessara fámennu stofnana höfðu aðeins um 15% þeirra sem unnið höfðu að stefnumótun kynnt hana fyrir starfsmönnum. Samkvæmt könnuninni kemur einnig fram að stofnanir af þessari stærðargráðu vinna sjaldnar langtímaáætlanir, árskýrslur og ársáætlanir o.fl. sem inniheldur upplýsingar um mælanleg markmið í rekstri stofnunarinnar.

Augljóst er að til að stofnanir geti sinnt þeim skyldum sem á þær eru lagðar m.a. með tilliti til almennrar stjórnsýslu, upplýsingagjafar og fjárhagslegs eftirlits, verður að líta svo á að ákveðin lágmarksstærð sé nauðsynleg. Stofnanir þar sem starfsmenn eru færri en 10 og jafnvel á bilinu 3-5 geta varla uppfyllt þessar kröfur. Markmið við uppbyggingu ríkisstofnana ætti því að vera að tryggja ákveðna lágmarkshæfni stofnana til að fylgja eftir skyldum sem þeim eru lagðar á herðar.

Þáskafri fjr.is

Vefritið kemur næst út fimmtudaginn 4. apríl.

Gleðilega páska!



Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	8,9	3,6
Tekjuskattar	15,9	12,4
Tryggingagjöld	2,7	11,1
Eignarskattar	11,3	-28,2
Veltuskattar	4,7	-1,3
Tekjur alls	9,2	3,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-9,4	23,0
Félagsmál	19,4	18,0
Atvinnumál	38,1	-9,1
Vaxtagjöld	40,7	-48,8
Önnur útgjöld	38,2	12,3
Gjöld alls	23,2	0,8

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	2180	3281
Hr. lánsfjárfundur	583	3155
Afborganir lána	-5041	-10687
Br. lánsfjárfundur	-6958	-9033
Lántökur	7837	11185
Greiðsluafkoma	879	2152

Ýmsar helstu hágtölur			
12 mánaða br., %			
Verðbólga - mars 2001/02	3,9	8,7	
Kjarnaverðb. - mars 2001/02	3,4	10,4	
Launavísitala - feb 2001/02	9,3	10,0	
Heildarvelta jan-des 00/01	8,4	12,7	
Smás. velta jan-des 00/01	1,7	6,2	
Atvinnuleysi - feb 2001/02	1,5	2,6	

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Abn.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is



18. apríl 2002


Skýrsla OECD um skattbyrði heimilanna

Samkvæmt nýrri skýrslu OECD er skattbyrði tekjuskatta einstaklinga óviða lægri en á Íslandi. Þetta á sérstaklega við um fjölskyldur með börn, en skattbyrði einstaklinga er einnig vel undir meðallagi OECD-ríkjanna.

Í skýrslunni er skattbyrðin reiknuð fyrir átta mismunandi fjölskyldugerðir, eða barnlausa einstaklinga, einhleypa foreldra og hjón með og án barna. Sömuleiðis eru tekin dæmi af mismunandi tekjum, bæði undir og yfir meðallagi. Miðað er við álagningu tekjuskatta að teknu tilliti til framlags einstaklinga í lífeyrissjóði og greiðslu barnabóta.

Útreikningarnir sýna að Ísland er í 26.-30. sæti af 30 aðildarríkjum OECD í fimm tilvikum af átta og í 18.-20. sæti í hinum þremur tilvikunum ([sjá töflu](#)). Þar kemur m.a. fram að skattbyrðin eykst í takt við hækkandi tekjur sem eðlilegt er miðað við uppbyggingu tekjuskattkerfisins hér á landi. Jafnframt greiða barnafjölskyldur almennt lægri skatta vegna áhrifa barnabóta. Einstæðir foreldrar eru einnig í mörgum tilvikum með neikvæðar greiðslur á þennan mælikvarða, ekki einungis hér á landi heldur einnig í mörgum öðrum OECD-ríkjum.

Ísland kemur einnig mjög vel út í samanburði á skattlagningu vinnuafis í OECD-ríkjunum, þ.e. samtölu tekjuskatta einstaklinga og framlags atvinnurekenda og launafólks til lífeyrissjóða. Samkvæmt skýrslunni var Ísland í 23. sæti af 30 árið 2000 þar sem þessar greiðslur námu 25% af heildarvinnuafiskostnaði, eða sem svarar tveimur-þriðju af meðaltali OECD-ríkjanna. Af þessu er ljóst að Ísland stendur vel að vígi hvað varðar skattlagningu vinnuafis. Þær skattkerfisbreytingar sem tóku gildi á þessu ári með lækkun tekjuskatts fyrirtækja, eignarskatta o.fl. styrkja samkeppnisstöðu Íslands á þessu sviði enn frekar.



Lánshæfiseinkunn óbreytt

Bandaríska lánshæfisfyrirtækið Moody's Investors Service hefur nýlega lokið mati sínu á lánshæfi ríkissjóðs og komist að þeirri niðurstöðu að lánshæfiseinkunn skuli teljast óbreytt frá sl. ári. Aa3 á erlendum skuldum og Aaa á skuldum ríkissjóðs í íslenskum krónum. Í áliti Moody's er bent á að á Íslandi sé efnahagslíf mjög þróað, tekjur á mann séu háar og jafnar og stöðugleiki ríki á vettvangi stjórnmála. Skipulagsumbætur á sl. áratug hafa leitt til aukins fjölbreytileika efnahagslífsins, mikils hagvaxtar, jafnvægis á fjármálamarkaði og lækkunar á ríkisskuld.

Áhyggjur af misvægi í efnahagslífinu hafa hjaðnað og ástæða til að ætla að framundan sé jafnvægiskeið. Hallinn á viðskiptajöfnuði hefur minnkað um meira en helming og líkur á að hlutfall hreinna erlendra skulda landsins fari lækkandi strax á næsta ári. Aðlögun efnahagslífsins hefur gengið mjög vel til þessa. Hagvöxtur á sl. ári var 3% þótt verðbólga og atvinnuleysi hafi farið vaxandi. Skuldir ríkissjóðs og afborganir af þeim eru víðráðanlegar þótt gengislækkunin hafi hækkað erlenda skuldahlutann. Fyrirtækið telur að afgangur á almennum rekstri ríkissjóðs verði lítill sem enginn á þessu ári þar sem hagvöxtur gæti orðið neikvæður.

Þrátt fyrir þessar hagstæðu horfur bendir Moody's á nokkra óvissuþætti, sérstaklega á horfur um verðbólgu þar sem samningur geta orðið uppsegjanlegir í maí. Miklar erlendar skuldir landsins undirstrika mikilvægi þess að beitt verði efnahagsstefnu við hæfi til að hægt verði að ná fram varanlegum hagvexti til lengri tíma lítið.

Þegar á allt er lítið telur Moody's að Ísland hafi sannað að sveigjanleiki í efnahagsstjórnun hafi reynst landinu vel á erfðum tíma. Sterk staða ríkisfjármála og góð erlend lausafjárstaða veita áframhaldandi svigrúm í stöðunni.

Ráðherrafundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Á laugardag heldur fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary and Financial Committee) reglubundinn vordund í Washington um ástand og horfur í alþjóðæfnahagsmálum. Í nefndinni sitja 24 ráðherrar eða seðlabankastjórar þeirra ríkja sem gegna formennsku í einstökum kjördæmum sjóðsins. Ísland fer með formennsku í norræna-baltneska kjördæminu næstu tvö árin og mun fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, sitja fundinn fyrir hönd kjördæmisins. Formaður nefndarinnar er Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, en meðal fundarmanna verða fjármálaráðherrar ýmissa stærstu ríkja heims.

Meginefni fundarins er staða alþjóðæfnahagsmála, m.a. á grundvelli nýrrar spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hér verður ekki síst horft til hugsanlegra óvissuþátta og mögulegra efnahagsaðgerða stjórnvalda. Ennfremur verður rætt um hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að mæta eða fyrirbyggja staðbundið kreppuástand eins og nýleg dæmi eru um frá Argentínu og Tyrklandi. Þá verður rætt um hlutverk sjóðsins í þróunarrikjunum, sem einkum beinist að því að treysta efnahagslegar undirstöður viðkomandi ríkja, en einnig að því að framfylgja þeirri ályktun um fjármögnun þróunaraðstoðar sem samþykkt var í Monterrey í Mexíkó í síðasta mánuði. Einnig verður fjallað um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka og loks ýmis önnur mál stofnunarinnar.

Á fundinum mun fjármálaráðherra tala fyrir hönd Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna og gera grein fyrir sameiginlegri afstöðu þeirra til þessara mála. Ræða ráðherra verður birt í heild á vefsíðu fjármálaráðuneytisins að fundi loknum ásamt sameiginlegri fréttatilkynningu allra aðildarríkja frá fundinum. Nánari upplýsingar koma fram á [vef Alþjóðagjaldeyrissjóðsins](#).

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	8,9	3,6
Tekjuskattar	15,9	12,4
Tryggingagjöld	2,7	11,1
Eignarskattar	11,3	-28,2
Veltuskattar	4,7	-1,3
Tekjur alls	9,2	3,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-9,4	23,0
Félagsmál	19,4	18,0
Atvinnumál	38,1	-9,1
Vaxtagjöld	40,7	-48,8
Önnur útgjöld	38,2	12,3
Gjöld alls	23,2	0,8

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	2180	3281
Hr. lánsfjárföfnuður	583	3155
Afborganir lána	-5041	-10687
Br. lánsfjárföfnuður	-6958	-9033
Lántökur	7837	11185
Greiðsluafkoma	879	2152

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga- apríl 2001/02	4,5	7,5
Kjarnaverðb.- apríl 2001/02	4,1	9,3
Launavísitala- feb 2001/02	9,3	10,0
Heildarvelta jan-des 00/01	8,4	12,7
Smás.velta jan-des 00/01	1,7	6,2
Atvinnuleysi - mars 2001/02	1,5	2,7

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is
 Aðm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is



24. apríl 2002

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Nú liggja fyrir tölur um [greiðsluafkomu ríkissjóðs](#) fyrstu þrjú mánuði ársins 2002. Samkvæmt þeim var handbært fé frá rekstri neikvætt um ½ milljarð króna samanborið við 1½ milljarð á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfunduður var hins vegar í jafnvægi, samanborið við tæplega 4 milljarða króna neikvæða stöðu í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 55½ milljarði króna og hækka um 1½ milljarð frá fyrra ári, eða um tæplega 3%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka um svipað hlutfall. Til samanburðar má nefna að almennar verðbreytingar námu rétt um 9% á þessu tímabili. Líkt og í fyrra skiptir mjög í tvö horn hvað varðar þróun skatttekna. Tekjuskattar og tryggingagjöld hækka umtalsvert frá því í fyrra, eða um 9% sem er nokkum veginn í takt við hækkingu launa. Skattar á vöru og þjónustu lækka hins vegar um tæplega 1% sem svarar til 9% samdráttar að raungildi milli ára. Síðustu tvö ár hafa veltuskattar nánast staðið í stað í krónutölu sem jafngildir 12% samdrætti að raungildi. Þessi þróun endurspeglar glögglega þann mikla samdrátt sem verið hefur í efnahagslífinu síðustu misseri. Samdrátturinn birtist hvergi skýrar en í bílakaupum en innheimtar tekjur af vörugjöldum á bifreiðar hafa lækkað um tæplega 60% að raungildi á síðustu tveimur árum.

Greidd gjöld nema 55,9 milljörðum króna og hækka um tæpan ½ milljarð frá fyrra ári, eða aðeins 0,8%. Greiðslur til almennra mála og félagsmála hækka samtals um 5,1 milljarð, en á móti veiga 4,6 milljarða lægri greiðslur vaxta auk 0,4 milljarða króna lækunar á greiðslum til landbúnaðarmála. Þar sem uppjörð nær aðeins til þriggja mánaða er samanburður við fyrra ár og áætlun háður nokkurri óvissu vegna þess að greiðslur geta færst til milli mánaða.

Lántökur innanlands námu 5,5 milljörðum króna. Gjaldþagi erlendis langtímaláns var fjármagnaður með lántöku á erlendum skammtíamarkaði. Þá voru 2,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 2,7 milljarða króna, samanborið við neikvæða 0,8 milljarða á sama tíma í fyrra.


Ný spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Nýjasta spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem birt var í tengslum við vorfund hans um síðustu helgi, er um margt athyglisverð. Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að botninum sé nú náð í þeirri efnahagslægd sem gengið hefur yfir heimsbúskapinn að undanförmu og að framundan sé tímabil aukins hagvaxtar. Ef þessi spá gengur eftir hefur þetta verið mildara niðursveifluskeið en flest önnur og telst varla raunverulegt samdráttarskeið.

Menn velja nú vöngum yfir hverju það er að þakka að niðursveiflan virðist ætla að verða þetta skammvinn. Tvennt ber hæst. Annars vegar að stjórnmöld hafi brugðist mjög ákveðið við niðursveiflunni með vaxta- og skattalækkingum. Þetta hefur haft mikið að segja. Önnur skýring sem hefur verið nefnd snýr að áhrifum aukins upplýsingastreymis og betri vitneskju aðila um framvindu efnahagsmála. Upplýsingar berast nú hraðar á milli og í meira magni en áður sem gerir það að verkum að fyrirtæki og einstaklingar fá mjög snemma nákvæmar upplýsingar um birgðastöðu, eftirspurn, afkomu o.s.frv. og geta því brugðist við og lagað sig að breyttum aðstæðum fyrr en ella. Þetta atriði hefur fengið síaukið vægi að undanförmu m.a. í ræðu Alan Greenspan, seðlabankastjóra Bandaríkjanna, á nýafstöðnum fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Meðal annarra skýringa á skammvinnri niðursveiflu eru að væntingar fyrirtækja og einstaklinga og tiltrú þeirra á efnahagslífið hafi aukist og að

niðursveiflu í framleiðslugreinum virðist vera að ljúka, þar með talið í upplýsingatæknigeiranum. Samdrætti í millirikjaviðskiptum virðist einnig vera lokið. Þessar vísbendingar eru mest áberandi í Bandaríkjunum en þær eru einnig til staðar, þótt í minna mæli sé, í Evrópu og sumum Asíulöndum, en þar hefur bætt staða í upplýsingatækniðnaði mikið að segja.



Ennfremur eru einnig auknar væntingar um batnandi stöðu á fjármálamörkuðum, en staðan á hlutabréfamörkuðum hefur batnað víðast hvar nema í Japan. Akoma fyrirtækja er betri og dregið hefur úr áhættufærni fjárfesta. Dollarinn hefur styrkst frekar á meðan evran hefur veikt aðeins og jenið sigið. Þá hefur verðbólguþrýstingur minnkað, bæði vegna efnahagslægdarinnar og þess hve vöruverð hefur lækkað, einkum á olíu og upplýsingatæknivörum.

Þrátt fyrir að dregið hafi töluvert úr óvissu eru enn nokkrir áhættuþættir til staðar. Þeirra á meðal er óvissa með þróunina í Japan og hvaða áhrif áframhaldandi niðursveifla þar getur haft á önnur lönd. Einnig er spurning hvort það ríkir of mikil bjartsýni á fjármálamörkuðum. Þá er enn fyrir hendi ákveðið misvægi sem ógnar efnahagslegum stöðugleika. Þetta kemur helst fram í eftirfarandi þáttum:

- > Viðskiptahalla í Bandaríkjunum á móti afgangi annars staðar
- > Lágu hlutfalli sparnaðar heimila – sérstaklega í Bandaríkjunum
- > Mikilli skuldasöfnun heimila – sérstaklega í Bandaríkjunum
- > Hugsanlegu ofmati á gengi dollarans á móti vanmati á gengi evrunnar

Að öllu samanlögðu er það mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að heimsbúskapurinn hafi rétt ótrúlega fljótt úr kútnum og að það megi ekki hvað sist þakka auknum sveigjanleika í hagkerfinu, einkum hinu bandaríska, og snörum viðbrögðum stjórnmála, t.d. með stórfelldum vaxtalækkingum á mjög skömmum tíma.

Viðræður um gerð tvísköttunarsamnings við Grikkland

Dagana 15.-18. apríl sl. var fyrsti fundur samninganefnda Íslands og Grikklands um gerð tvísköttunarsamnings á milli landanna haldinn í Reykjavík. Samningaviðræðum miðaði vel á fundinum og stefna samninganefndir landanna á að ljúka gerð samningsins síðar á árinu.

GLEÐILEGT SUMAR!

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	8,8	2,9
Tekjuskattar	19,7	8,3
Tryggingagjöld	6,9	11,7
Eignarskattar	20,7	-17,5
Veltuskattar	0,5	-0,9
Tekjur alls	8,7	2,7

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-1,8	22,1
Félagsmál	20,7	13,1
Atvinnumál	30,8	-4,0
Vaxtagjöld	37,8	-51,7
Önnur útgjöld	40,8	9,2
Gjöld alls	22,7	0,8

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1548	-522
Hr. lánsfjárfunduður	-3751	66
Afborganir lána	-6400	-10753
Br. lánsfjárfunduður	-13902	-12938
Lántökur	13113	15634
Greiðsluafkoma	-789	2696

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga- apríl 2001/02	4,5	7,5
Kjarnaverðb.- apríl 2001/02	4,1	9,3
Launavísitala- mars 2001/02	9,2	8,7
Heildarvelta jan-des 00/01	8,4	12,7
Smás.velta jan-des 00/01	1,7	6,2
Atvinnuleysi- mars 2001/02	1,5	2,7

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is

Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Vefang fjármálaráðuneytis: www.fjarmalaraduneyti.is



6. júní 2002


Er botni hagsveiflunnar náð?

Nýjustu tölur Hagstofunnar um utanríkisviðskipti staðfesta þau miklu og jákvæðu umskipti sem orðið hafa í efnahagsmálum á síðustu misserum. Þannig nam afgangur á vöruskiptajöfnuði fyrstu fjóra mánuði ársins rúmlega 8 milljörðum króna samanborið við rúmlega 5½ milljarðs króna halla á sama tíma í fyrra, miðað við sama gengi. Þessi þróun bendir ótvírátt til þess að þjóðarþúskapurinn sé að færast í átt til aukins jafnvægis. Síðustu spár benda til þess að afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu 2002 geti numið allt að 3-4% af landsframleiðslu. Samkvæmt því yrði lítill sem enginn viðskiptahalli á árinu sem yrðu að teljast ótrúlega snörp umskipti á tveimur árum, en árið 2000 nam viðskiptahallinn 10% af landsframleiðslu sem svarar til tæplega 80 milljarða króna á núgildandi verðlagi.

Skýringin á þessum viðsnúningi er tvíþætt; annars vegar mikill samdráttur í innflutningi, hins vegar umtalsverð aukning í útflutningi. Það er þó eftirtektarvert að frá því í febrúar sl. sýnist þessi þróun hafa snúist við hvað innflutningur varðar. Þannig hefur almennur innflutningur, þ.e. án skipa og flugvéla, smám saman farið vaxandi.

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts af innflutningi í maí benda til að þessi þróun hafi haldið áfram. Annan mánuðinn í röð eykst almennur innflutningur að raungildi eftir fjórtán mánaða samfelld samdráttarskeið. Þótt vissulega sé of snemmt að draga þá ályktun af þessum tölum að botni hagsveiflunnar sé náð gefa þær óneitanlega vísbendingu um að samdrátturinn sé í renun, ef ekki beinlínis að baki. Þessi þróun sést skýrt á meðfylgjandi mynd.

Innflutningur án skipa og flugvéla - Staðvirtur m.v. gengi -



Í þessu felst þó ekki að framundan sé tímabil óhóflęgrar uppsveiflu og vaxandi misvægis í efnahagslífinu. Þvert á móti. Fátt bendir til þess að vöxtur útflutnings sé á undanhaldi og nýlegar ákvarðanir um aflakvóta á næsta ári gera ráð fyrir að sjávarvöruframleiðsla á næsta ári muni standa sem næst í stað frá því í ár. Heildarverðmæti framleiðslunnar mun þó væntanlega aukast vegna hagstæðrar verðþróunar o.fl. Ennfremur má búast við að mikil skuldsetning heimila og fyrirtækja undanfarin ár haldi aftur af innlendri eftirspurn amk. enn um sinn.

Að öllu samanlögðu virðist því mega gera ráð fyrir hægfaru bata og auknum hagvexti í efnahagslífinu á næstu árum eftir kyrrstöðu á þessu ári. Gangi þetta eftir mun hagkerfið lenda svokallaðri mjúkri snertilendingu áður en það hefur sig til lofts á nýjan leik. Það verður að teljast viðunandi árangur.

Skaðleg skattasamkeppni – staðan hjá OECD

Í vefriti fjármálaráðuneytisins hefur áður verið fjallað um skaðlega skattasamkeppni og stöðu mála í starfi OECD á því sviði (17. maí 2001, 15. nóvember 2001), en það starf hefur staðið linnulítið frá árinu 1996. Á því ári ákvað ráðherraráð OECD að leita leiða til að stemma stigu við skaðlegri skattasamkeppni, bæði innan aðildarríkja samtakanna sem og utan þeirra.

Ýmislegt hefur áunnist í þessum efnum frá því að starfið hófst, ekki síst gagnvart ýmsum þekktum skattavinjum (tax havens) sem OECD hefur beint spjótum sínum að. Á árinu 2000 voru 35 svæði á sérstökum athugunarlista OECD yfir skattavinjar, en sá listi telur aðeins 7 slík svæði í dag. Þau eru Andorra, Líbería, Liechtenstein, Marshall eyjar, Mónakó og karabísku eyjarnar Nauru og Vanuatu. Þetta þýðir að alþekktar skattavinjar eins og Bahamaeyjar, Bermuda, Caymaneyjar, Jersey, Guernsey, Gibraltar, Jómfrúreyjar, Kýpur og Malta, sem allar voru á upprunalega listanum, hafa samþykkt með formlegum hætti að hlíta leikreglum OECD með viðeigandi breytingum á eigin skattaumhverfi, þar á meðal varðandi upplýsingagjöf á sviði skattamála til annarra ríkja. Fresturinn sem þessi svæði hafa til að gera nauðsynlegar breytingar er til loka árs 2005.

Þá er enn unnið að gerð “leiðbeininga” (Application Notes) á vettvangi OECD varðandi mat á því hvaða skattareglur teljast “skaðlegar” í sjálfum aðildarríkjunum. Þar hafa spjót sérfræðinga OECD gagnvart Íslandi beinst að lögnum um alþjóðlegu viðskiptafélögin. Fresturinn sem upprunalega var gefinn til nauðsynlegra breytinga rennur út í apríl á næsta ári, en ekki er talið ósennilegt að þær tímasetningar kunni að raskast.

Samstarf Norðurlanda á sviði umhverfismála

Norðurlöndin hafa með sér viðtækt samstarf á sviði umhverfismála á vegum Norræna ráðherraráðsins. Fjármálaráðuneytið kemur þar sérstaklega, ásamt umhverfisráðuneyti, að nefnd sem fjallar um beitingu markaðslægra lausna til að stýra umhverfisvernd.

Meðal nýlegra verkefna sem unnin hafa verið á vegum nefndarinnar er rannsókn á efnahagslegu virði umhverfisins sem unnin var hér á landi og fjallar m.a. um mat á þeim aðferðum sem notaðar eru í þessu skyni. Annað verkefni fjallar um svokallaða græna skatta sem lagðir eru á á Norðurlöndum og mat á áhrifum þeirra.

Þá má nefna verkefni sem fjallar um val á þeim stefnumiðum sem Norðurlandþjóðirnar ættu að leggja áherslu á til að geta haldið uppi hagvexti annars vegar en sinna um leið umhverfisvernd. Þetta er þriggja ára verkefni sem unnið verður af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í samvinnu við danska vísindamenn og OECD.

Ennfremur er reglulega gefin út skýrsla um notkun markaðslægra hagstjórnartækja í umhverfisskyni á Norðurlöndunum, svo sem skatta, niðurgreiðslur, ívilnanir o.fl. sem miða beint eða óbeint að því að hafa áhrif á umhverfið. Má þar helst nefna skatta á orku, svo sem á bensín og olíur, skatt á koltvísýringisútbástur, afgjöld af úrgangi o.s.frv. Þessi athugun ber með sér að Ísland er skemma á veg komið í þessu efni en aðrar Norðurlandþjóðir en á móti vegur að Ísland hefur komið sér upp umhverfissvænni orkugjöfum, s.s. jarðvarma og vatnsorku en hinar Norðurlandþjóðirnar.

Loks má nefna verkefni sem miðar að því að koma á markaðsvirku innsöfnunarkerfi fyrir notaðar rafhlöður. Þar sem rafhlöður hafa að geyma þrávirk eiturefni sem haldast lengi á urðurnarstað er talið mikilvægt að koma á kerfi sem hirðir upp allar notaðar rafhlöður, allt frá bílgeymum til smæstu rafhlöðu. Flest lönd hafa þegar komið sér upp kerfi fyrir söfnun á rafhlöðum en þau eru misjafnlega virk. Stefnt er að því að gera þau virkari með markaðslægam aðferðum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	5,7	5,2
Tekjuskattar	17,0	8,1
Tryggingagjöld	8,9	10,1
Eignarskattar	14,9	-9,9
Veltuskattar	-2,4	3,9
Tekjur alls	6,3	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,1	21,0
Félagsmál	20,1	13,9
Atvinnumál	24,0	0,2
Vaxtagjöld	37,1	2,0
Önnur útgjöld	50,7	3,5
Gjöld alls	22,1	10,5

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-327	-2905
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1934	-2366
Afborganir lána	-21441	-16696
Br. lánsfjárfjöfnuður	-28374	-22062
Lántökur	29417	26343
Greiðsluafkoma	1042	4281

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga – maí 2001/02	5,5	5,9
Kjarnaverðb. – maí 2001/02	5,2	8,1
Launavísitala – apríl 2001/02	9,2	8,0
Heildarvelta jan-des 00/01	9,9	14,1
Smás. velta jan-des 00/01	1,7	6,2
Atvinnuleysi – apríl 2001/02	1,6	2,6




20. júní 2002

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins 2002. Uppgjörð hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 8,9 milljarða króna samanborið við 5,1 milljarð á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 8,2 milljarða, samanborið við 7,2 milljarða króna á sama tíma í fyrra. Helstu skýringar á heldur lakari greiðsluafkomu ríkissjóðs en í fyrra eru umtalsverð útgjaldaaukning til heilbrigðis-, félags og tryggingamála auk vaxtagreiðslna.

Þróun skatttekna á föstu verði
- 12 mánaða breytingar m.v. 6 mán. meðaltal -



Af einstökum liðum á tekjuhlíð má nefna að heildartekjur ríkissjóðs námu 92 milljörðum króna og hækka um 6 milljarða frá fyrra ári, eða um rúmlega 6½%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka minna, eða um 5½%. Til samanburðar má nefna að almennar verðbreytingar námu um 8% fyrstu fimm mánuði ársins. Þetta sýnir að áfram gætir samdráttar í efnahagslífinu. Hins vegar benda þessar tölur til þess að samdrátturinn sé í réttun. Til marks um þetta má nefna að tekjur af virðisaukaskatti fyrstu fimm mánuði ársins hækka um tæpa 2 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, eða sem nemur tæplega 7½%. Það svarar til um ½% lækkunar að raungildi samanborið við 7% raungildislækkun á sama tíma í fyrra.

Meðfylgjandi línurit sýnir þróun helstu skatttekna ríkissjóðs frá árinu 1997, reiknað á föstu verðlagi. Þar koma áhrif uppsveiflunnar á árunum 1999-2000 skýrt fram enda jukust skatttekjur þá mjög mikið, bæði hvað varðar veltuskatta sem og aðra skatta. Frá þeim tíma hefur jafnt og þétt dregið úr aukningunni og á síðasta ári snerist þróunin við og tóku skatttekjur þá að dragast saman. Samdrátturinn kom einkum fram í veltusköttum og munaði mestu um virðisaukaskatt, en hann er langstærsti tekjustofn ríkissjóðs. Minni umsvif í efnahagslífinu komu einnig fram í tekjum ríkissjóðs af launasköttum, þ.e. tekjusköttum einstaklinga og tryggingagjaldi, en með meiri töf en í veltusköttum eins og fram kemur á línuritinu. Á allra síðustu mánuðum hefur hægt á samdrætti í veltusköttum. Enn er þó of snemmt að fullyrða að samdráttarskeiðið sé að baki þótt margt bendi til þess að svo sé.

Greidd gjöld nema 100% milljarði króna og hækka um rúma 9½ milljarð frá

fyrra ári, eða 10,5%. Útgjöld til félagsmála eru 58,7 milljarðar og vega tæp 60% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um heilbrigðismál, eða 24,4 milljarða sem hækka um 3,1 milljarð króna frá fyrra ári. Þá hækka greiðslur til almennrar stjórnsýslu um 1,8 milljarða og til fræðslumála um 1,2 milljarða. Almannatryggingar hækka einnig um 1,2 milljarða, eða sem nemur 7%, en það er hlutfallega lægra en hjá öðrum málaflokkum. Greiðslur til atvinnumála í heild hækka aðeins um 2% þar sem 400 m.kr. lækkun til landbúnaðarmála vegur upp á móti hækkuðum samgöngumála. Vaxtagreiðslur hækka um tæpar 800 m.kr., eða sem nemur 6,7% milli ára.

Á árinu var tekið erlent langtímalán að fjárhæð 21,6 milljarðar króna. Ætlunin er að auka vægi langtímalána og því er gert ráð fyrir að erlend skammtímalán fari lækkanði á næstu mánuðum. Lántökur innanlands námu 9 milljörðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 18,3 milljarðar og munar mestu um rúmlega 10 milljarða króna gjalddaga erlends langtímaláns. Þá voru 3,8 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var neikvæð um 1,9 milljarða króna, samanborið við 1 milljarð á sama tíma í fyrra.

Skilvirkari ríkisrekstur

Undanfarin ár hefur verið unnið að stefnumörkun innan opinbera geirans í þeim tilgangi að nýta takmarkaða fjármuni ríkissjóðs betur, gera ríkisreksturinn skilvirkari og veita neytendum betri þjónustu. Af því tilefni var meðal annars skipaður starfshópur sem fékk það verkefni að vinna að úrbótum í árangursmælingum ríkisfyrirtækja. Markmiðið var að útbúa samræmdan mælikvarða sem auðveldi samanburð á milli stofnana og sýni hvar ráðuneyti og stofnanir eru stöð gagnvart því að ná skilgreindum markmiðum sínum, m.a. á grundvelli árangursstjórnunarsamninga.

Tillögur starfshópsins eru eftirfarandi: Að hvert ráðuneyti sýni langtíma stefnumótun helstu málaflokka sinna, setji stofnunum markmið, sýni samanburð við þau og greini kostnað við verkefni. Lagt er til að greinargerð um verkefni ráðuneyta og stofnana sem þar falla undir skiptist á fjögur ár og að þeim tíma liðnum verði lokið við að fjalla um öll helstu verkefni hvers ráðuneytis. Í umfjölluninni verði leitast við að draga sem skýrasta mynd af þróun málefnaflokksins í heild til nokkurra ára í senn. Ráðuneyti birti mælikvarða sem gefi mynd af framleiðni í umfangsmestu verkefnum sínum og birti þá í myndrænu formi svo sem í línuriti, súluriti o.fl. Birt verði í fyrsta lagi hlutverk og markmið hvers málaflokks sem og kostnaður við hann (á föstu verðlagi). Í öðru lagi verði sett fram hlutverk stofnana innan málaflokks og árangur síðustu ár samkvæmt skilgreindum aðalmarkmiði málaflokksins. Í þriðja lagi verði framleiðni mæld þannig að heildarkostnaði verði skipt á skilgreindar mælieiningar hvers verkefnis og fundin einingarverð.

Það sem ávinnt er að dregin er fram árangur og þróun málaflokks yfir lengra tímabil til hliðsjónar við forgangsröðun í fjárlagaramma ráðuneytis. Ráðuneyti geta ráðið út frá framleiðniupplýsingum hvaða aðilar veita umfangsmesta þjónustu fyrir sem hagstæðasta verð að gefnum ákveðnum gæðum og ættu því að beina viðskiptum sínum þangað.

Meðal kosta við þessa aðferð er sá einfaldleiki að nota fáa mælikvarða (heildarframlög til verkefnisins, einn mælikvarða á árangur, eingaverð þjónustu stofnunar). Aðferðin ætti að veita þjónustuveitendur (stofnunum ríkisins) aðhald og auðvelda samanburð á milli aðila. Einnig eru vonir bundnar við að útfærslan leiði til þess að stofnanir skilgreini í ríkara mæli á grundvelli árangurs fjárlagabeidnir sínar í stað kostnaðar eins og oft er raunin. Litið er á verkefnið sem þróunarverkefni sem taki nokkurn tíma að innleiða þar til það nær með samræmdum hætti yfir alla helstu málaflokka ríkisins.

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	5,0	5,6
Tekjuskattar	16,4	7,4
Tryggingagjöld	8,1	10,4
Eignarskattar	14,3	-1,9
Veltuskattar	-3,5	4,0
Tekjur alls	6,2	6,7

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	2,8	19,2
Félagsmál	19,9	12,4
Atvinnumál	27,4	2,0
Vaxtagjöld	39,3	6,7
Önnur útgjöld	52,5	6,0
Gjöld alls	22,4	10,5


Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-5.107	-8.878
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-7.222	-8.167
Afborganir lána	-21.545	-18.348
Br. lánsfjárfjöfnuður	-35.017	-30.265
Lántökur	34.047	28.324
Greiðsluafkoma	-971	-1.941

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - júní	6,8	4,8
Kjarnaverðb. - júní	6,8	6,8
Launavísitala - maí	8,0	7,5
Heildarvelta jan-feb	10,3	14,1
Smás. velta jan-feb	4,1	8,1
Atvinnuleysi - maí	1,6	2,5



1. ágúst 2002

Innflutningur án skipa og flugvéla Staðvirtur m.v. gengi



Staða efnahagsmála á miðju ári

Að undanförmu hafa komið fram ýmsar vísbendingar um að efnahagslífið sé óðum að færa sig í átt til aukins jafnvægis. Þetta birtist m.a. í nýjustu tölum Hagstofunnar um vöruviðskipti við útlönd sem sýna umtalsverðan afgang samanborið við verulegan halla á sama tíma í fyrra. Þannig nam afgangur á vöruskiptajöfnuði rúmlega 10 milljörðum króna á fyrri helmingi yfirstandandi árs samanborið við 10 milljarða halla á sama tíma í fyrra. Til samanburðar má nefna að samkvæmt síðustu spá Þjóðhagsstofnunar í júní sl. var gert ráð fyrir að afgangur á vöruskiptajöfnuði fyrir árið í heild gæti numið 10½ milljarði króna, en sú spá fól í sér viðsnúning upp á 16-17 milljarða króna frá árinu 2001. Jafnframt var spáð afgangi á þjónustuviðskiptum en vegna mikilla vaxtagreiðslna til útlanda var reiknað með að viðskiptahallinn í heild gæti numið um 8 milljörðum króna í árslok. Spurningin er hvort þessar tölur gefi ástæðu til að ætla að viðskiptahallinn á árinu öllu verði jafnvel enn minni en Þjóðhagsstofnun spáði?

Við fyrstu sýn má ætla að svo kunnir að verða. Til dæmis er afgangur á vöruskiptajöfnuði þegar á fyrri hluta ársins orðinn jafnmikill og spáð er fyrir árið í heild. Nánari greining á tölum undanfarinna mánaða bendir hins vegar til þess að samdráttur innflutnings sé í rénun og að framundan kunnir að vera tímabil hægfare aukningar, einkum í neysluútgjöldum heimila. Þannig virðist bílannflutningur vera að taka við sér eftir langvarandi lægð og tölur fyrir júnimánuð sýna umtalsverða aukningu frá fyrra ári. Innflutningur ýmissa varanlegra neysluvara er einnig að taka við sér eftir langvarandi lægð. Af þessum tölum sýnist því mega draga þá ályktun að samdráttarskeiðið í íslensku efnahagslífi sé brátt á enda.

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts af innflutningi í júlí benda til að þessi þróun hafi haldið áfram. Þannig eykst almennur innflutningur, án skipa og flugvéla, um tæplega 16% að raungildi frá júlí í fyrra eftir nær samfelldan samdrátt frá ársbyrjun 2001. Þótt enn kunnir að vera of snemmt að draga þá ályktun af þessum tölum að botni hagsveiflunnar sé náð gefa þær óeitanlega vísbendingu um að samdrátturinn sé í rénun, ef ekki beinlínis að baki.

Í þessu felst þó ekki að nú sé að hefjast kröftug uppsveifla sem leiði til aukins misvægis í efnahagslífinu og vaxandi viðskiptahalla. Mikil skuldsetning heimila og fyrirtækja á undanförmum árum mun án efa hamla gegn slíkrri þróun. Ennfremur hefur útlutningur aukist verulega og fátt sem bendir til þess

að lát verði á þeirri þróun. Að öllu samanlögðu virðist því mega gera ráð fyrir hægfare bata og auknum hagvexti í efnahagslífinu á næstunni eftir kyrrstöðu á þessu ári.

Álagning skatta 2002

Álagning opinberra gjalda á einstaklinga vegna ársins 2001 liggur nú fyrir. Samkvæmt henni nemur samanlögð álagning tekjuskatta og útsvars 113,7 milljörðum króna og hækkar um 16% milli ára. Athyglisvert er að skoða þann mun sem er á hækkun útsvars til sveitarfélaga annars vegar og hækkun almenns tekjuskatts sem rennur í ríkissjóð hins vegar. Þannig hækkar útsvar á hvern framteljanda um 15,8% á milli ára en almennur tekjuskattur, þ.e. án sérstaks tekjuskatts og fjármagnstekjuskatts, hækkar einungis um 9,3%. Þessi munur skýrist af því að tekjuskattshlutfallið var lækkað um 0,33%, úr 26,41% í 26,08%, á sama tíma og útsvarshlutfallið hækkaði um 0,72%, úr 11,96% í 12,68%.

Álagning tekjuskatts og útsvars skiptist nokkurn veginn til helminga milli ríkis og sveitarfélaga þar sem útsvar skilar sveitarfélögum rétt um 56 milljarða króna, en tekjuskattar í heild, þ.e. almennur tekjuskattur að viðbættum sérstökum tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti, skila um 57½ milljarði í ríkissjóð. Þetta er eftirtektarvert í ljósi þess að útsvarshlutfallið er einungis tæplega helmingur almenna tekjuskattshlutfallsins. Skýringin á þessu er sú að útsvarið er brúttóskattur, þ.e. sveitarfélögin fá til sín sem svarar til 12,68% af skattskyldum tekjum. Tekjuskatturinn er hins vegar nettóskattur, þ.e. áður en hann rennur í ríkissjóð dregst frá honum persónuafsláttur sem og ýmsir aðrir afsláttarliðir svo sem sjómannaafsláttur og hlutabréfaafsláttur. Í reynd kemur þetta þannig út að persónuafsláttur til greiðslu útsvars er greiddur beint úr ríkissjóði, en ekki af sveitarfélögum.

Hækkan tekjuskatts og útsvars endurspeglar fyrst og fremst hækkan tekna heimilanna á árinu 2001. Þannig hækkaði tekjuskatts- og útsvarsstofn einstaklinga um 40,8 milljarða króna milli ára, úr 393,7 milljörðum tekjuárið 2000 í 434,5 milljarða árið 2001, eða um 10,4%. Hækkan launa var enn meiri eða um 12,6% í heild. Það svarar til 11,8% hækkanar á hvern framteljanda. Til samanburðar má nefna að hækkan launavísitölu á sama tíma var 8,9% og hækkan neysluverðsvisitölu nam 6,7%. Út úr þessum tölum má lesa að launahækkanin á árinu 2001 hafi orðið nokkru meiri en launavísitalan gefur til kynna, sem m.a. getur stafað af samsetningarbreytingum á vinnumarkaði o.fl. Vinnutími var nær óbreyttur milli 2000 og 2001 og atvinnuþátttaka breyttist mjög lítið þannig að þeir þættir skýra ekki þennan mun. Þessar tölur gefa þannig ótvíræða vísbendingu um að kaupmáttur launa hafi aukist allt að 2% meira á síðasta ári en áður var talið, eða sem nemur um 4%.

Fröðlegt er að skoða þróun fjármagnstekna og greiðslu fjármagnstekjuskatts frá því að hann var tekinn upp á árunum 1996-1997. Samkvæmt síðustu tölum nam álagður fjármagnstekjuskattur einstaklinga 4,1 milljarði króna árið 2001 samanborið við 3,3 milljarða á síðasta ári. Framtaldar fjármagnstekjur námu samkvæmt þessu 41,3 milljörðum króna í fyrra. Til samanburðar má nefna að árið 1995, þ.e. árið áður en samræmdur fjármagnstekjuskattur var tekinn upp, námu framtaldar fjármagnstekjur 6,8 milljörðum króna á sambærilegu verðlagi. Fjármagnstekjur hafa því sexfaldað að raungildi á undanförmum sex árum og voru árið 2001 8,7% af framtöldum tekjum. Þessi þróun endurspeglar annars vegar stóraukin umsvif á fjármagnsmarkaði sem m.a. má rekja til aukins frelsis í fjármálaviðskiptum. Hins vegar er enginn vafi á að upptaka samræmds fjármagnstekjuskatts, sem m.a. fól í sér lækkan á skattlagningu söluhagnaðar, arðgreiðslna o.fl., losaði um ýmsar viðskiptahömlur og leiddi þannig til stóraukinna viðskipta á fjármagnsmarkaði sem aftur skilaði sér í auknum tekjum í ríkissjóð. Þetta birtist einna skýrast í arðstekjum og söluhagnaði af hlutabréfum sem námu tæplega 2 milljörðum króna árið 1995 (verðlag 2001) en 23 milljörðum króna í fyrra.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní			
12 mánaða breytingar,	2000-		2001-
%	2001	2002	
Skatttekjur alls	6,4	4,5	
Tekjuskattar	19,5	4,2	
Tryggingagjöld	8,8	11,2	
Eignarskattar	17,0	-2,3	
Veltuskattar	-2,4	4,1	
Tekjur alls	7,2	4,9	

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní			
12 mánaða breytingar	2000-		2001-
%	2001		2002
Almenn mál	1,7		16,3
Félagsmál	20,5		12,1
Atvinnumál	23,5		3,6
Vaxtagjöld	37,7		7,7
Önnur útgjöld	53,0		4,6
Gjöld alls	21,6		10,4

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1.650	-7.739
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-3.669	-4.343
Alborganir lána	-21.982	-19.484
Br. lánsfjárfjöfnuður	-33.152	-28.327
Lántökur	31.359	24.892
Greiðsluafkoma	-1.792	-3.435

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - júlí	7,0	4,1
Kjarnaverðb. - júlí	7,6	5,6
Launavísitala - júní	8,2	6,9
Heildarvelta jan-apríl	10,8	10,8
Smás. velta jan-apríl	2,8	7,7
Atvinnuleysi - júní	1,2	2,3



15. ágúst 2002

Tekjuskattar einstaklinga


Eins og áður hefur komið fram eru tekjuskattar einstaklinga óviða lægri en á Íslandi. Þetta á sérstaklega við um fjölskyldur með börn, en skattbyrði einstaklinga er einnig vel undir meðallagi OECD-rikkjanna. Meðfylgjandi línurit (úr nýlegri skýrslu OECD) sýnir samanburð á tekjuskatti útvinnaðri hjóna með tvö börn að teknu tilliti til barnabóta og framlagi í lífeyrissjóði. Ísland er þar í 20. sæti af 30 aðildarríkjum þar sem skattbyrðin nemur um 14% af tekjum, m.a. langt fyrir neðan Norðurlöndin.

Enn um skattamál...

Í framhaldi af grein um skattamál í síðasta vefriti er ástæða til að fjalla sérstaklega um persónuafslátt einstaklinga. Að undanförnu hefur verið bent á að persónuafsláttur hafi dregist aftur úr hækkuð launa og að það hafi leitt til aukinnar skattbyrði heimilanna. Þessi umræða er ekki ný af nálinni og er frjólegt að skoða hvernig viðhorf manna hafa breyst í tímans rás.

Þegar staðgreiðslukerfi tekjuskatts og útsvars var tekið upp árið 1988 var lögfest að persónuafsláttur skyldi fylgja verðlagi. Rökin fyrir þessu voru að þannig mætti koma í veg fyrir of miklar sveiflur í skattbyrði. Þegar efnahagslífið væri í niðursveiflu drægi úr skattgreiðslum og þannig væri ákveðið kaupmáttarstig tryggt. Á sama hátt myndi skattbyrðin þyngjast í uppsveiflu sem ynni m.a. gegn tveimur óæskilegum fylgifiskum uppsveiflu, þ.e. auknum viðskiptahalla og vaxandi verðbólgu. Hér voru því tvenns konar sjónarmið uppi. Annars vegar að staðgreiðslukerfið væri sveiflujafnandi og hins vegar að tryggt væri ákveðið kaupmáttarstig með verðtryggingu persónuafsláttarins. Verðtryggingin varð hins vegar skammvinn og má heita að nánast frá byrjun hafi stjórnvöld gripið inn í og skert verðtrygginguna uns lögfesting hennar var formlega afnumin árið 1996.

Frá og með árinu 1997 var hins vegar ákveðið, í tengslum við gerð kjarasamninga, að skattleysismörk skyldu fylgja verðlagi út



samningstímabilið, eða fram til ársins 2000, og var þá miðað við spár samningaðila á þeim tíma. Árið 2000 var síðan ákveðið í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga að persónuafsláttur skyldi hækka í takt við umsamar launahækkanir út samningstímabilið, þ.e. til ársloka 2003. Um þessa ákvörðun var viðtækt samkomulag milli stjórnvalda og Alþýðusambands Íslands.

Þegar rætt er um ástæður þess að stjórnvöld grípa til skerðingar á verðtryggingu persónuafsláttar er nauðsynlegt að hafa í huga að skattleysismörk ráðast ekki einungis af þróun persónuafsláttar heldur einnig af skatthlutfallinu. Skattleysismörk geta því haldist óbreytt og jafnvel hækkað þótt persónuafsláttur sé óbreyttur ef skatthlutfallið er lækkað á sama tíma. Á árunum 1989-1990 lækkuðu skattleysismörk verulega að raungildi sem fyrst og fremst mátti rekja til hækunar á tekjuskattshlutfallinu. Frá ársbyrjun 1997 til yfirstandandi árs hafa skattleysismörk hins vegar hækkað um 15,4% á sama tíma og persónuafsláttur hefur hækkað um 5,9%. Skýringin á meiri hækkuð skattleysismarkanna er að tekjuskattshlutfall ríkissjóðs var lækkað um tæplega 4,7%, úr 30,4% í 25,75%.

Þessi þróun endurspeglar einnig á vissan hátt hvernig viðhorf manna til uppfærslu á persónuafslátt hafa breyst í gegnum tíðina. Framan af var af hálfu verkalýðshreyfingar lögð megináhersla á að persónuafsláttur fylgdi verðlagi, en nú hin síðari ár hefur launaviðmiðun orðið ofan á. Af hálfu stjórnvalda hefur það megin sjónarmið ríkt að tekjuskattkerfið megi ekki magna hagsveifluna, hvorki upp á við né niður á við. Samkomulag stjórnvalda og verkalýðshreyfingar, fyrst við gerð kjarasamninga árið 1997 og aftur árið 2000, markar því að vissu leyti tímamót þar sem ákvörðun persónuafsláttar tekur jöfnum höndum mið af almennum hagstjórnarsjónarmiðum og sjónarmiðum verkalýðshreyfingar hvað varðar ákveðin viðmið við laun.

Ríkissjóður hættir flugvéltryggingum

Ákveðið hefur verið að váttryggingarvernd sú sem ríkissjóður hefur veitt íslenskum flugrekendum eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum í september á sl. ári verði ekki framlengd eftir að nógildandi samkomulag þar um rennur út um næstu mánaðamót. Lagaheimild ríkissjóðs til þess að takast á hendur slíka váttryggingarvernd hefur allt þetta ár verið nýtt til gerðar samkomulags um váttryggingarvernd til eins og tveggja mánaða í senn og þá verið höfð hlidsjón af þróun á váttryggingamörkuðum og ákvörðunum annarra ríkja varðandi váttryggingarvernd til flugfélaga.

Þótt enn sé ekki að fullu ljóst hvernig fyrirkomulag hryðjuverktrygginga flugfélaga muni þróast til frambúðar - og m.a. hafi verið lagðar fram tillögur um að komið verði á sérstöku alheims- eða svæðiskerfi trygginga á þessu sviði sem ríkissjóðir styðji, a.m.k. fyrst í stað - þá liggur fyrir að váttryggingafélög eru nú tekin á ný að bjóða flugvéltryggingar sem ekki stóðu til boða fyrst eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum. Þykja því ekki lengur standa rök til þess að ríkissjóður annist váttryggingarvernd íslenskra flugfélaga. Má og benda á í því sambandi að Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa nú nýverið hætt veitingu váttryggingarverndar til þarlendrar flugfélaga.

Það er síðan síðari tíma úrlausnarefni hvort og þá með hvaða hætti íslenska ríkið kann að gerast þátttakandi í milliríkjasamstarfi á sviði flugvéltrygginga, ef slíkt samstarf kemst á.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði vefritsins var villa í lýsingu á ákvörðun um veitingu atvinnuleyfa til ríkisborgara utan EES-svæðisins. Sagt var að verkalýðsfélög gætu sýnað atvinnurekendum um slík leyfi. Hið rétta er að verkalýðsfélög gefa umsögn um umsókn atvinnurekanda um atvinnuleyfi fyrir útlending. Vinnuálastofnun, sem veitir leyfið tekur sjálfstæða ákvörðun um veitingu eða sýnjun atvinnuleyfis og tekur þar tillit til fleiri atriða en umsagnar viðkomandi verkalýðsfélags. Beðist er velvirðingar á þessari villu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,4	4,5
Tekjuskattar	19,5	4,2
Tryggingagjöld	8,8	11,2
Eignarskattar	17,0	-2,3
Veltuskattar	-2,4	4,1
Tekjur alls	7,2	4,9

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	1,7	16,3
Félagsmál	20,5	12,1
Atvinnuálag	23,5	3,6
Vaxtagjöld	37,7	7,7
Önnur útgjöld	53,0	4,6
Gjöld alls	21,6	10,4

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1.650	-7.739
Hr. lánsfjárférfuð	-3.669	-4.343
Alþingisráðgjöld	-21.982	-19.484
Hr. lánsfjárférfuð	-33.152	-28.327
Lántökur	31.359	24.892
Greiddsluafkoma	-1.792	-3.435

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - ágúst	7,9	3,2
Kjamaferð - ágúst	8,8	4,2
Launavísitala - júní	8,2	6,9
Heildarvelta jan-apríl	10,8	10,8
Smás.velta jan-apríl	2,8	7,7
Atvinnuleysi - júní	1,2	2,3



22. ágúst 2002

Þróun skatttekna ríkissjóðs o.fl.


Eins og sést á meðfylgjandi línuriti hefur þróun skatttekna ríkissjóðs smám saman verið að snúast við síðustu mánuði. Eftir nær samfelldan samdrátt (að raungildi) frá miðju síðasta ári hefur þróunin legið upp á við á nýjan leik. Áfram gætir þó samdráttur á mælikvarða heildarskatttekna en hann fer minnkandi.

Sömu sögu er að segja af þróun tekna af veltusköttum en þar vegur virðisaukaskattur langþýngst. Allt þetta ár hefur þróunin verið upp á við og undanfarna tvo-þrjú mánuði hafa tólf mánaða breytingar virðisaukaskatts að raungildi verið nálægt núllinu. Þessi stærð er mikilvægur mælikvarði á almenn umsvif í efnahagslífinu, ekki síst á útgjöld heimilanna. Ennfremur er fróðlegt að skoða þróun vörugjalda af bifreiðum sem hafa dregist saman um 60% að raungildi frá árinu 1999. Samdrátturinn á þessu ári er þó mun minni en í fyrra, eða sem nemur tæplega 20% að raungildi samanborið við yfir 40% samdrátt á sama tíma í fyrra.

Margt bendir því til þess að neysluútgjöld heimilanna séu smám saman að taka við sér og að jafnvel megi vænta aukningar á síðustu mánuðum ársins. Áfram mun þó gæta áhrifa mikillar skuldsetningar heimila undanfarin ár. Hins vegar mun kaupmáttur launa aukast á árinu enda er áætlað að launavísitalan muni hækka um allt að 7% að meðaltali á árinu á sama tíma og verðlag hækkar um eða jafnvel innan við 5%. Samkvæmt þessu mun kaupmáttur launa því aukast um allt að 2%. Þróunin innan ársins gefur svipaða niðurstöðu þar sem laun munu hækka um tæplega 5% en verðlag einungis um 2%, en það jafngildir um 2½% kaupmáttaraukningu.

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6 mán. meðaltal á föstu verðlagi



Útflutningur í nýjum iðngreinum vex ört

Á fyrri hluta þessa árs nam vöruútflutningur samtals 107 milljörðum króna. Hann hefur vaxið að verðmæti um 18% frá sama tímabili í fyrra, magnið hefur aukist um 10% og verð hækkað um rúmlega 7%. Það vekur athygli við skoðun á tölum um útflutning einstakra vöruflokka að mikill vöxtur hefur verið á undanförunum árum í nýjum greinum vöruútflutnings.

Þetta á sérstaklega við um útflutningur iðnaðarvöru, annarrar en stóriðjuafurða, ullar- og skinnaafurða og niðursuðuvara, en hann hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum. Á fyrri hluta yfirstandandi árs nam þessi útflutningur samtals 10 milljörðum sem er álika mikil og flutt var út af afurðum sildar- og fiskimjólsværsmiðja og helmingur af útflutningi áls.


Þrjár vöruflokkar standa hér upp úr og eru þeir sýndir á meðfylgjandi mynd. Útflutningur á rafeindavogum stendur á gömlum merg og hann hefur numið milli 1-1½ milljarði króna á ári. Í fyrra nam útflutningur rafeindavoga 2,8 milljörðum króna og á fyrri hluta þessa árs er hann 12% meiri en á sama tímabili í fyrra, þrátt fyrir 5% verðlækkun.

Hástökkvararnir eru þó lyf og lækningavörur. Útflutningur lækningatækja hefur vaxið stöðugt á undanförunum árum. Árið 1997 nam hann rúmlega 300 m.kr. en í fyrra voru flutt út lækningatæki fyrir meira en 2,3 milljarða. Í ár hefur

útflutningur í þessum vöruflokki meira en tvöfaldast að verðmæti miðað við sama tímabil í fyrra. Bæði hefur verð hækkað um 20% og eins og ekki síður hefur magnið stóraukist.

Fram til ársins 2000 voru flutt út lyf fyrir innan við hálfan milljarð á ári. Árið 2000 meira en tvöfaldaðist útflutningurinn og nam þá tæplega 1,3 milljörðum króna. Þessi þróun hélt áfram árið 2001 en það ár nær þrefaldaðist útflutningurinn og varð um 3½ milljarður. Ekkert lát virðist á vexti útflutnings lyfja og í ár er nú þegar búið að flytja út lyf fyrir tæpa 3 milljarða króna sem er meira en þreföldun frá því á fyrri helmingi 2001 auk þess sem verð hefur hækkað um 20%.

Af þessu má ráða að hátæknigreinar eru sífellt að skjóta fleiri stöðum undir þjóðarþúskað og skapa bæði störf og verðmæti. Ennfremur virðast möguleikar til áftamhaldandi vaxtar í mörgum tilvikum mjög miklir.



Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins. Samkvæmt því var handbært fé frá rekstri neikvætt um 13,7 milljarða króna, samanborið við 5,2 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 6,2 milljarða króna í stað 2,4 milljarða neikvæðrar stöðu í fyrra. Þar munar mestu um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands, en innstreymi vegna hlutafjársoðu nam um 4,8 milljörðum króna. Auk þess hækkað innheimta afborgana um 3 milljarða frá sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu tæplega 131½ milljarði króna og hækka um 8½ milljarð frá fyrra ári, eða um tæplega 7%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka mun minna, eða um 4%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu eigna.

Greidd gjöld nema 142 milljörðum króna og hækka um 13,8 milljarða frá fyrra ári, eða um 10,8%. Útgjöld til félagsmála eru um 84 milljarðar, en þau vega tæplega 60% af heildartekjögjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála, sem nema 35,5 milljörðum króna og hækka um 4,9 milljarða króna frá fyrra ári. Ennfremur hækka greiðslur til almennrar stjórnsýslu og löggæslu um 1,8 milljarða og til fræðslumála um 1,4 milljarða. Almennatryggingar hækka um rúmlega 2 milljarða króna. Greiðslur til atvinnumála í heild hækka um tæpa 1,2 milljarða, eða innan við 6%. Vaxtagreiðslur hækka um tæpan 1,1 milljarð, eða sem nemur 7,8% milli ára.

Á árinu var tekið erlent langtímalán að fjárhæð 21,6 milljarðar króna. Ætlunin er að auka vægi langtímalána og því er gert ráð fyrir að erlend skammtímalán fari lækandi á næstu mánuðum og hefur verið greitt niður af erlendum skammtímalánum fyrir um 3,7 milljarða króna það sem af er árinu. Lántökur innanlands námu rúmum 12 milljörðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 19,9 milljarðar þar sem rúmlega 10 milljarðar króna fóru til greiðslu erlends langtímaláns og 9,7 milljarðar króna voru vegna spariskírteina og ríkisvixla. Þá voru 5,3 milljarðar greiddir til Lifeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs batnar milli ára, er nú neikvæð um 2,3 milljarða króna, samanborið við 6,5 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	7,0	4,0
Tekjuskattar	18,6	5,4
Tryggingagjöld	9,6	9,5
Eignarskattar	12,5	-2,2
Veltuskattar	-0,6	2,5
Tekjur alls	7,7	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	9,6	12,9
Félagsmál	19,1	12,7
Atvinnumál	23,0	5,9
Vaxtagjöld	22,5	7,8
Önnur útgjöld	53,2	4,0
Gjöld alls	20,2	10,7

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-5.241	-13.734
Hr. lánsfjárfönuður	-7.611	-7.520
Afborganir lána	-22.045	-19.876
Hr. lánsfjárfönuður	-38.406	-32.646
Lántökur	31.859	30.323
Greiðsluafkoma	-6.547	-2.323

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - ágúst	7,9	3,2
Kjarnaverðb. - ágúst	8,8	4,2
Launavísitala - júlí	8,1	6,6
Heildarvelta jan-apríl	10,8	10,8
Smás.velta jan-apríl	2,8	7,7
Atvinnuleysi - júlí	1,1	2,3



29. ágúst 2002

Verðlagspróun og verðlagsspár

Verðlagspróunin frá síðustu áramótum sýnir ótrúleg umskipti. Þannig hefur árshraði verðbólgunnar lækkað úr 9½% í janúar sl. í 3¼% í ágúst og flestar spár gera nú ráð fyrir að árshraðinn verði kominn niður í eða undir 2% í árslok. Þessi próun endurspeglar í þeim verðlagsspám sem fram hafa komið á þessu ári. Þannig gerðu spár sem settar voru fram í ársbyrjun ráð fyrir 3½% hækkun frá upphafi til loka árs en síðustu spár hljóða upp á 1½-2% hækkun.

Meginskýringin á hagstæðri verðlagspróun felst í styrkingu gengisins. Verðlagsspár eru hins vegar eðli máls samkvæmt óvissar. Þetta á sérstaklega við um þegar efnahagsaðstæður eru að breytast eins og nú er, þ.e. þegar samdráttarskeiðið virðist vera að enda en óvissa ríkir um hversu öflug uppsveiflan verður. Eins getur verið erfitt að segja fyrir um hversu hratt og jafnvel að hve miklu leyti ýmis kostnaðartilefni, hvort sem er vegna launa- eða gengisbreytinga, skila sér út í verðlagið.

Próunin á síðustu tveimur árum er lýsandi dæmi um hversu erfitt getur verið að spá verðbólgunni. Um mitt ár 2000 náði gengi íslensku krónunnar hámarki. Síðan fór að halla undan fæti og undir lok ársins 2001 hafði gengið lækkað um tæplega 30% frá því sem það fór hæst. Þá tók við tímabil hægfara styrkingar krónunnar og á þessari stundu lætur nærri að helmingur veikingarinnar hafi gengið til baka.

Hvaða áhrif höfðu þessar miklu gengissveiflur á verðbólguna? Vissulega höfðu þær talsverð áhrif eins og verðbólgutölur síðasta árs vitna um. Hins vegar er ljóst að hvorki gengishækkun né gengislækkun íslensku krónunnar hafa skilað sér að fullu í verðlagi innanlands. Að einhverju leyti kann skýringin að vera sú að gengissveiflurnar hafi einfaldlega verið svo snarpar að menn hafi ekki haft ráðrúm til að endurskoða reksturinn og meta þörfina fyrir verðlækkun eða verðhækkun. Hitt skiptir þó vafalaust meira máli að ýmsar ytri aðstæður kunna að hafa spilað hér inn í, svo sem breytt samkeppnisstaða, áhrif erlendra verðbreytinga, t.d. olíuverðs o.fl. Loks má nefna ákvarðanir stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, um breytingar á gjaldskrá, skatthlutföllum o.fl.

Atvinnuleysi eftir landshlutum o.fl.

Um miðjan þennan mánuð birti Vinnuálastofnun að venju skýrslu um atvinnuástand á landinu í júlí. Þar kemur fram að atvinnuleysi nam 2,3% af áætluðum mannafla. Þetta er meira en tvöfalt meira atvinnuleysi en var fyrir ári síðan. Skráð atvinnuleysi hóf að vaxa undir lok síðasta árs og hefur verið 2,3-2,7% af áætluðum mannafla síðan.

Atvinnuleysinu er misskipt milli landsvæða. Þannig hefur atvinnuleysi á landsbyggðinni stöðugt farið minnkandi frá því í janúar í ár á meðan atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu hefur verið stöðugt og umtalsvert meira en á landbyggðinni.

Atvinnuleysi er einnig misskipt milli kynja. Atvinnuleysi í júlí var 1,8% hjá körlum en 3,0% hjá konum. Hjá konum á höfuðborgarsvæðinu var það 3,5%. Segja má að megintilhneigingin í skráðu atvinnuleysi á yfirstandandi ári sé að eftir topp í janúar hafi atvinnuleysi farið minnkandi hjá báðum kynjum á landsbyggðinni og einnig hjá körlum á höfuðborgarsvæðinu meðan það hefur farið stöðugt vaxandi hjá konum á höfuðborgarsvæðinu.


Í samanburði milli landa er miðað við mælingu á atvinnuleysi í vinnumarkaðs-könnunum þar sem hægt er að beita stöðluðum mælingum enda gilda afar mismunandi reglur um rétt á atvinnuleysisbótum og þær ráða miklu um það hvort fólk skráir sig atvinnulaust. Hagstofan mælir atvinnuleysi samkvæmt slíkum stöðlum, nú síðast í apríl. Þá reyndust rúmlega 4.000 manns skráðir

atvinnulausir. Til viðbótar voru 2.400 manns atvinnulausir en ekki á skrá. Af skráðum atvinnulausum reyndist allstór hópur vera í vinnu (t.d. er hægt að vera á atvinnuleysisbótum að hluta og að hluta í vinnu) og annar hópur hafði ekki áhuga á starfi. Þessir hópar teljast ekki með samkvæmt hinum alþjóðlegu viðmiðunum. Hagstofan taldi því 5.300 manns atvinnulausa í apríl í ár eða 3,2% af mannafla en þá nam skráð atvinnuleysi 2,6% af mannafla.

Á undanförmum árum hefur atvinnuleysi verið mjög lítið hér á landi. Raunar er ekki hægt að tala um skort á atvinnu þegar þarf að sækja mörg þúsund manns frá útlöndum til að sinna þeim störfum sem í boði eru. Miklu frekar er um að ræða misvægi milli framboðs og eftirspurnar á tilteknum sviðum.

Opinber framlög til heilbrigðismála hæst á Íslandi

Samkvæmt tölum OECD frá árinu 2000 voru opinber framlög til heilbrigðismála hærrí á Íslandi en í öðrum OECD-ríkjum. Samanlögð útgjöld opinberra aðila og einkaaðila voru reyndar meiri í Bandaríkjunum, Sviss og Þýskalandi en þar þurfa sjúklingar að greiða mun hærra hlutfall heilbrigðiskostnaðar sjálfir en hér á landi. Hvergi er hins vegar greitt meira til heilbrigðismála úr opinberum sjóðum en hér, eða sem nemur 2.200 bandaríkjadöllum á mann.



Þetta er áhugavert vegna aldurssamsetningar þjóðarinnar en hér á landi eru yngri aldurshóparnir hlutfallslega fjölmennari en hjá flestum nágrannaþjóðum sem ætti að öllu jöfnu að leiða til lægri heilbrigðisútgjalda. Lúxemborg, Svíþjóð og Tyrkland eru ekki inni í þessum samanburði þar sem gögn frá þeim löndum eru ekki tiltæk.

Ef lítið er á próun útgjalda hins opinbera þá sést að gríðarlegur vöxtur hefur verið í heilbrigðisútgjöldum síðustu áratugi. Árið 1970 námu útgjöldin 3,2% af vergri landsframleiðslu. Árið 1980 var hlutfallið komið í 5,5% sem jókst síðan í 6,8% árið 1990. Undir lok síðustu aldar var síðan áætlað að hlutfallið væri komið yfir 7,5%. Hagfræðistofnun hefur áætlað að vöxtur heilbrigðisútgjalda á tímabilinu 1994-1998 hafi verið um 6% á ári að meðaltali, þar af tæp 4,9% vegna annarra þátta en lýðfræðilegra breytinga.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	7,0	4,0
Tekjuskattar	18,6	5,4
Tryggingagjöld	9,6	9,5
Eignarskattar	12,5	-2,2
Veltuskattar	-0,6	2,5
Tekjur alls	7,7	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	9,6	12,9
Félagsmál	19,1	12,7
Atvinnumál	23,0	5,9
Vaxtagjöld	22,5	7,8
Önnur útgjöld	53,2	4,0
Gjöld alls	20,2	10,7

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-5.241	-13.734
Hr. lánsfjárföfnuður	-7.611	-7.520
Afborganir lána	-22.045	-19.876
Br. lánsfjárföfnuður	-38.406	-32.646
Lántökur	31.859	30.323
Greiddsluafkoma	-6.547	-2.323


Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - ágúst	7,9	3,2
Kjarnaverðb. - ágúst	8,8	4,2
Launavísitala - júlí	8,1	6,6
Heildarvelta jan-apríl	10,8	10,8
Smás.velta jan-apríl	2,8	7,7
Atvinnuleysi - júlí	1,1	2,3



19. september 2002

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6 mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu átta mánuði ársins. Samkvæmt þeim var handbært fé frá rekstri neikvætt um 16,3 milljarða króna samanborið við 6,9 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Breyting frá fyrra ári skýrist af 9,4 milljarða króna hækkun gjalda umfram hækkun tekna milli ára. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 7,1 milljarð króna í stað 1,3 milljarða neikvæðrar stöðu í fyrra. Þar munar mestu um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands, en innstreymi vegna hlutafjárstölu nam um 4,8 milljarðum króna. Auk þess hækka innheimtar afborganir um 3 milljarða frá sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu tæplega 152½ milljarði króna og hækka um 9,7 milljarða frá fyrra ári, eða tæplega 7%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka mun minna, eða um 6 milljarða króna, 4½%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu eigna. Til samanburðar má nefna að verðlag hækkaði um 6½% á þessu tímabili og launavísitalan um tæplega 8%. Áfram gætir því samdráttar að raungildi þegar þróun skatttekna á fyrstu átta mánuðunum er skoðuð. Nánari skoðun á þróuninni innan ársins sýnir hins vegar að samdrátturinn fer ört minnkandi og að ýmsir helstu tekjulíðir ríkissjóðs, eins og virðisaukaskattur, tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjald, hafa aukist að raungildi síðustu mánuði. Þessi þróun bendir til þess að ákveðin veðrabrigði séu að verða í efnahagslífinu og að samdrátturinn, sem tók að gæta á fyrstu mánuðum ársins 2001, sé að baki.

Greidd gjöld námu 165,8 milljarðum króna og hækkuðu um tæpa 16 milljarða frá fyrra ári, eða um 10,6%. Útgjöld til félagsmála voru rétt rúmlega 100 milljarðar, en þau vega rúmlega 60% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála sem námu tæplega 41 milljarði króna og hækkuðu um 5 milljarða króna frá fyrra ári. Greiðslur til almannatrygginga námu 33 milljarðum og hækkuðu um 3,2 milljarða króna. Greiðslur til atvinnumála voru 24 milljarðar sem er nær óbreytt frá fyrra ári, þar sem lækkuð greiðsla til orku- og sjávarútvegsmála vegur að hluta til upp á móti hækkun til samgöngumála. Vaxtagreiðslur hækka um tæplega 0,8 milljarða króna, eða sem nemur 5% milli ára.

Lántökur ríkissjóðs námu 32,2 milljarðum króna á fyrstu átta mánuðum ársins. Þar á meðal var tekið erlent langtímalán að andvirði 21,6 milljarðar

króna. Tilgangurinn er að auka vægi langtímalána sem hlutfall af heildarfjármögnun ríkissjóðs á kostnað erlendra skammtímalána. Lántökur innanlands námu 9,3 milljarðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 22,1 milljarður króna þar sem rúmlega 12 milljarðar fóru til greiðslu erlendra langtímalána og 10 milljarðar króna til niðurgreiðslu spariskirteina. Þá voru 6 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka skuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs er nú neikvæð um 5,2 milljarða króna, samanborið við 4,1 milljarðs neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra.

Úttekt á kaupréttarsamningum í ESB og Bandaríkjunum

Kaupréttarsamningar starfsmanna (KS) hafa verið talsvert í umræðunni undanfarnin misseri. Nýlega var birt, á heimasíðu ESB, [úttekt](#) PricewaterhouseCoopers í London þar sem farið er yfir stöðu þessara mála í aðildarríkjum ESB og Bandaríkjunum. Úttektin var unnin fyrir framkvæmdastjórn ESB og undir eftirliti hennar en tekið er fram að niðurstöðurnar endurspeglar ekki endilega afstöðu ESB. Í framhaldi af úttektinni er ætlunin að stofna til umræðu innan bandalagsins og meðal aðildarríkjanna um það með hvaða hætti unnt er að nýta KS til að hlúa að og styðja við starf frumkvöðla í atvinnulífinu. Reiknað er með fyrstu niðurstöðu af þeirri vinnu fyrir árslok 2002.

Með kaupréttarsamningi getur fyrirtæki veitt starfsmönnum sínum rétt til að kaupa hlut í fyrirtækinu á tilteknu gengi (t.d. því sem gildir þegar samningurinn er gerður) sem þeir geta svo nýtt sér í framtíðinni (t.d. innan 10 ára) og þannig hagnast ef gengi hlutabréfanna hækkar. Almenn er ekki unnt að eiga viðskipti með slíka kaupréttarsamninga og þeir verða oft ekki virkir fyrr en að liðnum tilteknum tíma. Þá er stundum gerður áskilnaður um að tiltekinn árangur náist í rekstri fyrirtækisins eða ákvæði um tiltekna frammistöðu viðkomandi starfsmanns.

Þrátt fyrir niðursveiflu á verðbréfamörkuðum undanfarnin misseri telur framkvæmdastjórnin að KS geti gegnt mikilvægu hlutverki við að styðja við frumkvöðla í fyrirtækjum innan ESB. Slíkir samningar séu því mikilvægir til að ná því markmiði sem sett var af leiðtoga ESB í Lissabon 2000, þ.e. að gera ESB að samkeppnishæfasta efnahagssvæði í heimi. ESB telur að KS gagnist ekki einungis stórum fyrirtækjum heldur einnig litlum og meðalstórum og þá ekki hvað síst í tæknigeiranum. Fram kemur að KS séu mikið notaðir í Bandaríkjunum. Slíkir samningar séu einnig talsvert notaðir í Bretlandi og Frakklandi og gera megri ráð fyrir því að notkun þeirra muni aukast í öðrum aðildarríkjum ESB á næstu árum. Í nokkrum ríkjum hafa verið sett ákvæði til ivilunar fyrir KS, en þá gjarnan með því skilyrði að viðkomandi starfsmenn starfi í tiltekinn tíma hjá því fyrirtæki sem veitir þeim kaupréttinn.

Framkvæmdastjórnin segir að algengast sé að KS séu skattlagðir eins og launatekjur og því lagður á þá almennur tekjuskattur og tryggingagjald en nokkuð sé misjafnt við hvaða tímamark skattlagning sé miðuð. Til að mynda sé sums staðar miðað við það þegar starfsmaður nýtir sér kaupréttinn en annars staðar þegar rétturinn er veittur. Mismunandi tímaviðmið geti skapað hætta á tvískattlagningu ef starfsmenn flytja á milli landa og gildandi alþjóðasamningar um skattamál leysi ekki vandann. Bent er á að tekjuskattar einstaklinga og tryggingagjöld séu fremur há í aðildarríkjum ESB samanborið við önnur aðildarríki OECD. Það gildi einnig um kaupréttarsamninga starfsmanna og geti því gert ríkjum ESB örðugara um vik við að laða til sín vinnuaf erlendis frá. Ólíkar reglur um skattlagningu kaupréttarsamninga í einstökum aðildarríkjum valda líka þeim fyrirtækjum sem eru með starfsemi í fleiri en einu aðildarríki vandræðum þar sem þau þurfa að laga sig að ólíkum reglum. Þá bæti það ekki úr skák að sums staðar séu gildandi reglur í þessum efnum óljósar.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst			
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-	
%	2001	2002	2002
Skatttekjur alls	6,1	4,4	
Tekjuskattar	19,9	4,5	
Tryggingagjöld	10,5	10,1	
Eignarskattar	11,7	-2,8	
Veltuskattar	-2,0	4,1	
Tekjur alls	6,5	6,8	

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst			
12 mánaða breytingar	2000-	2001-	
%	2001	2002	2002
Almenn mál	3,4	20,0	
Félagsmál	18,0	12,6	
Atvinnumál	21,7	2,6	
Vaxtagjöld	14,1	5,2	
Önnur útgjöld	54,1	3,6	
Gjöld alls	17,8	10,6	

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.893	-16.315
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-8.168	-9.221
Afborganir lána	-22.158	-22.122
Br. lánsfjárfjöfnuður	-40.326	-37.343
Lántökur	36.234	32.171
Greiðsluafkoma	-4.093	-5.172

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- september	8,4	3,1
Kjarnaverðb.- september	9,4	3,6
Launavísitala- ágúst	8,8	6,0
Heildarvelta jan-apríl	10,8	10,8
Smás.velta jan-apríl	2,8	7,7
Atvinnuleysi- ágúst	1,1	2,2



26. september 2002

Ný þjóðhagsspá

Næstkomandi þriðjudag verður fjárlagafrumvarp fyrir árið 2003 lagt fram á Alþingi. Frumvarpið er byggt á forsendum nýrrar þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins sem tók við verkefnum Þjóðhagsstofnunar á þessu sviði 1. júlí sl. en þessi spá er meðal annars gerð á grundvelli efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Eins og áður hefur komið fram á þessum vettvangi hefur umfjöllun um efnahagsmál tekið miklum stakkaskiptum á undanförunum árum, ekki síst með tilkomu greiningardeilda banka og fjármálafyrirtækja auk aðila vinnu-markaðarins. Þetta er kærkomin og nauðsynleg viðbót við hina hefðbundnu umfjöllun opinberra aðila sem stuðlar að opnari skoðanaskiptum og auknum skilningi á gangi efnahagslífsins. Því er sérstök ástæða til að fagna nýrri hagspá Búnaðarbankans sem kynnt var í gær. Með henni bætist enn við flóru þeirrar faglegu efnahagsumfjöllunar sem sprottíð hefur fram á síðustu árum.

Um mælikvarða á opinberum heilbrigðisútgjöldum

Nokkur umræða hefur skapast í kjölfar þeirra upplýsinga sem birtust í vefritinu 29. ágúst sl. um opinber útgjöld til heilbrigðismála. Þar kom fram að skv. tölum frá árinu 2000 voru opinber framlög til heilbrigðismála hæst á Íslandi og þau þriðju hæstu miðað við heildarútgjöld á mann. Þessar tölur eru úr heilbrigðisgagnagrunni OECD en þær tölur eru almennt talin vönduð og samanburðarhæf tölfraðagögn og ekki ástæða til að vefengja þau.

Vandasamt er að bera saman tölur á milli landa og mikilvægt að mælikvarðar séu valdir af kostgæfni. Í samanburði fjármálaráðuneytisins var stuðst við upplýsingar um meðalútgjöld á íbúa reiknuð í bandaríkjadöllum á svonefndu jafnvirðisgengi (PPP). Það þýðir að tekið er tillit til verðlags og því eiga sveiflur í gengi gjaldmiðla ekki að hafa teljandi áhrif.

Samkvæmt tölum OECD voru opinber útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu (VLF) næst hæst á Íslandi árið 2000, eða 7,5%, en í Þýskalandi er samsvarandi tala 8%. Sé lítið til heildarútgjalda af VLF er Ísland í 6. sæti. Það þarf hins vegar að hafa nokkra fyrirvara þegar notast er við þennan mælikvarða. Ástæðan er sú að sveiflur í VLF geta verið miklar og þótt aukning landsframleiðslu, t.d. vegna stóriðjuframkvæmda, geti haft í för með sér lækkun á umræddu viðmiði þýðir það ekki að útgjöld til heilbrigðismála hafi minnkað. Að sama skapi má benda á að ef landframleiðsla lækkar myndi hlutfall opinberra heilbrigðisútgjalda á Íslandi hækka án þess að staða heilbrigðismála hefði batnað. Þetta þýðir þó ekki að mælikvarðinn sé ónothæfur, síður en svo, heldur að betra sé að skoða þróunina yfir lengra tímabil og að jafnframt séu skoðaðir aðrir mælikvarðar.

Margt mælir með því að samanburður á heilbrigðisútgjöldum á mann mældum á jafnvirðisgengi sé heppilegri mælikvarði á stöðu þessara mála í alþjóðlegum samanburði. Ber þá að líta til þess að um er að ræða þjónustu við einstaklinga í viðkomandi ríkjum.

Ríkisreikningur 2001

Ríkisreikningur fyrir árið 2001 hefur nú verið birtur. Samkvæmt [honum](#) nam rekstrarafgangur ríkissjóðs 8,6 milljörðum króna. Það er 12,9 milljörðum króna hagstæðari niðurstaða en árið 2000. Betri afkoma á árinu 2001 skýrist einkum af tveimur þáttum, lægri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og minni afskriftum skattkrafna. Rekstrarafgangur ríkissjóðs á árinu 2001 svarar til 1,2% af landsframleiðslu ársins. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir 33,9 milljarða króna afgangi. Munurinn skýrist aðallega af mun minni söluhagnaði af hlutabréfum en áætlað var þar sem sala Landssímans og ríkisbankanna gekk ekki eftir á árinu 2001.

Tekjur ríkissjóðs námu 237,4 milljörðum króna á árinu 2001, eða um 31,6% af landsframleiðslu ársins. Árið áður námu tekjurnar 224,7 milljörðum króna eða 33,7% af landsframleiðslunni. Umskipti í efnahagsmálum á árinu 2001 höfðu veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs. Í stað mikillar uppsveiflu undangenginn 3-4 ár gætti samdráttar, einkum í innlendi eftirspurn sem aftur leiddi til minnkandi tekna hjá ríkissjóði.

Útgjöld ríkissjóðs námu 228,7 milljörðum króna á árinu 2001, eða um 30,5% af landsframleiðslu ársins. Árið 2000 voru gjöldin 229 milljarðar króna eða 34,3% af landsframleiðslu. Gjöldin standa því sem næst í stað í krónutölu milli ára sem er samdráttur um 8,4% að raungildi miðað við vísitölu landsframleiðslu. Fimm ár eru síðan gjöld ríkissjóðs lækkuðu síðast í krónutölu milli ára.

Fyrirtækjaskattar innan ESB

Eins og greint var frá hér í [fjr.is 4 apríl](#) sl. hefur framkvæmdastjórn ESB sent frá sér [skýrslu](#) til ráðherraráðs bandalagsins um fyrirtækjaskatta innan bandalagsins. Þar er fjallað um leiðir til að draga úr þeirri hindrun sem ólík skattkerfi aðildarríkjanna eru fyrir starfsemi fyrirtækja á innri markaði bandalagsins.

Í nýlegri skýrslu Efnahags og félagsmálanefndar bandalagsins (European Economic and Social Committee - EESC) „[Opinion on direct company taxation](#)“ lýsir nefndin stuðningi við tillögur framkvæmdastjórnarinnar sem lúta að því að draga úr tvískattlagningu fyrirtækja og áform um að vinna að því að leysa vandamál sem tengjast mati á viðskiptum skyldra aðila. Það sé hins vegar ekki nóg til þess að eyða þeirri hindrun sem ólíkar skattareglur séu fyrir fyrirtæki á innri markaðinum. Því sé mikilvægt að fundin verið hentug lausn sem fyrst. Í því sambandi styður nefndin eindregið tillögu framkvæmdastjórnar ESB um sameiginlegan skattgrunn fyrir fyrirtæki innan ESB, en varað er við því að takmarkað hann við fyrirtæki sem hafa starfsemi í fleiri en einu aðildarríki. Slíkt gæti leitt til óeðlilegrar mismununar á skattalegri aðstöðu fyrirtækja.

EESC telur að til reynslu ætti að heimila hlutafélögum með heimild til að starfa á EES-svæðinu að framkvæma skattuppgjör samkvæmt sameiginlegum skattgrunni, þó þannig að það raski ekki samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja gagnvart þeim. Gulrótin væri þá það hagræði sem slíkt hefði í för með sér fyrir fyrirtæki sem starfa í fleiri en einu aðildarríki.

Skattamál eru almennt mjög viðkvæmur málaflokkur innan ESB og aðildarríkin leggja yfirleitt ríka áherslu á að hafa sem mest sjálfsforræði í þeim málum. EESC telur það ekki útiloka hugmyndina um sameiginlegan skattgrunn þar sem tillögur framkvæmdastjórnarinnar gera ráð fyrir því að aðildarríkin ákveði sjálf skattþrosentuna. Það muni hins vegar geta gert hagsmunaaðilum hægara um vik að veita yfirvöldum í sínum ríkjum aðhald þar sem reglurnar muni verða mun gegnsærri.

Þrátt fyrir afdráttarlausan stuðning EESC er ljóst að langur vegur er að því að teknar verði upp reglur um sameiginlegan skattgrunn fyrir fyrirtæki innan ESB. Bæði eru skoðanir mjög skiptar meðal aðildarríkjanna og sumir andstæðingar slíkra hugmynda telja það einungis vera fyrsta skref bandalagsins í átt að sameiginlegri skattþrosentu fyrir fyrirtæki. Þá eru reglur um sameiginlegan skattgrunn háðar samþykki allra aðildarríkjanna ESB. Ekki verður séð að slíkar reglur myndu falla undir gildissvið EES-samningsins. Hér er hins vegar um að ræða mál sem haft getur áhrif á rekstrarforsendur fyrirtækja og því eðlilegt að fylgjast vel með framvindu málsins.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,1	4,4
Tekjuskattar	19,9	4,5
Tryggingagjöld	10,5	10,1
Eignarskattar	11,7	-2,8
Veltuskattar	-2,0	4,1
Tekjur alls	6,5	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	3,4	20,0
Félagsmál	18,0	12,6
Atvinnumál	21,7	2,6
Vaxtagjöld	14,1	5,2
Önnur útgjöld	54,1	3,6
Gjöld alls	17,8	10,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.893	-16.315
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-8.168	-9.221
Afborganir lána	-22.158	-22.122
Br. lánsfjárfjöfnuður	-40.326	-37.343
Lántökur	36.234	32.171
Greiðsluafkoma	-4.093	-5.172

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - september	8,4	3,1
Kjarnaverðb. - september	9,4	3,6
Launavísitala - ágúst	8,8	6,0
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás. velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi - ágúst	1,1	2,2



3. október 2002

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Síðastliðinn þriðjudag birtist ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem jafnframt liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003. Ein meginniðurstaða spárinnar er að íslenskur þjóðarþúskapur hafi lagað sig mjög hratt að breyttum efnahagsaðstæðum í kjölfar mikillar uppsveiflu undanfarinna ára. Verulega hefur dregið úr verðbólgu á þessu ári og horfur fyrir næsta ár benda til að hún verði innan við 2½%. Atvinnuleysi hefur aukist tímabundið en flest bendir til að það fari fremur lækkandi á næstunni. Þá sýnir kröftugur viðsnúningur í utanríkisviðskiptum á örfáum misserum sveigjanleika íslenska hagkerfisins. Þessi skjóta aðlögun sýnir einnig að þjóðarþúð virðist tilbúið til þess að hefja nýja sókn til aukins hagvaxtar sem flestar líkur benda til að gangi eftir á næstu árum.

Helstu niðurstöður spárinnar eru eftirfarandi:

- < Gert er ráð fyrir að landsframleiðsla standi í stað árið 2002 í stað samdráttar í fyrri spám. Árið 2003 er spáð 1½% hagvexti og um 3% hagvexti að jafnaði á árunum 2004-2007.
- < Þjóðarútgjöld eru talin dragast saman um 3% á árinu 2002. Það má einkum rekja til samdráttar í fjárfestingu, m.a. er reiknað með að fjárfesting atvinnuveganna verði fimmtungi minni en árið 2001. Árið 2003 eru þjóðarútgjöld hins vegar talin aukast um 1½%.
- < Ein meginniðurstaða þjóðhagsspár er að viðskiptahallinn sem hér hefur mælst samfelld frá árinu 1995 hverfi á þessu ári. Það stafar einkum af mikilli aukningu útflutnings. Horfur eru á að áfram verði jafnvægi í utanríkisviðskiptum árið 2003.
- < Spáð er ört lækkandi verðbólgu bæði í ár og næsta ár. Hækkun neysluverðsvisítölu er talin verða nálægt 4¼% milli árunna 2001 og 2002 og um 2¼% milli árunna 2002 og 2003.
- < Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur aukist samfelld frá árinu 1994. Árið 2002 er talið að kaupmátturinn aukist um 1½% og spáð er 2% aukningu árið 2003.
- < Þjóðhagslegur sparnaður hefur aukist verulega að undanförmu í kjölfar minnkandi þjóðarútgjalda og er talinn verða 19% af landsframleiðslu samanborið við 14% árið 2000. Hagstæð þróun í utanríkisviðskiptum hefur skilað sér í batnandi skuldastöðu þjóðarþúsins. Hreinar erlendar skuldir þjóðarinnar hafa lækkað á þessu ári og spáð er áframhaldandi lækkun á næsta ári.

Fróðlegt er að bera saman niðurstöðu þessarar spár við fyrri spár, sérstaklega hvað varðar árið 2002. Miklar umræður urðu um þær efnahagsforsendur sem fjármálaráðuneytið lagði til grundvallar fjárlögum 2002 og töldu ýmsir þær óhóflega bjartsýnar. Endurskoðuð áætlun sýnir að svo var ekki.

Hvað þjóðarútgjöld varðar er nýja spáin nær samhljóða forsendum fjárlaga. Frávikin koma hins vegar fram í utanríkisviðskiptum, einkum því að nú er spáð meiri útflutningi en áður. Þótt jafnframt sé spáð meiri innflutningi er niðurstaðan sú að viðskiptajöfnuður verði í jafnvægi, í stað umtalsverðs halla samkvæmt fyrri spá. Nú er einnig spáð minni verðbólgu en áður og meiri kaupmætti. Þetta skýrist meðal annars af hagstæðari gengisþróun en spáð var. Niðurstaða spárinnar er að hagvöxtur verði í kringum núllíð í stað ½% samdráttar samkvæmt fyrri spá ráðuneytisins. Aðrar spár gerðu jafnvel ráð fyrir enn meiri samdrætti.

Helstu óvissuþættir þjóðhagsspár

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þjóðhagsspár byggja á margvíslegum forsendum sem margar hverjar, jafnvel flestar, eru óvissu háðar. Ennfremur eru þær settar fram með mismunandi markmið í huga. Almennt má þó segja að þeim sé ætlað að lýsa líklegri framvindu efnahagsmála miðað við að tilteknar efnahagsforsendur gangi eftir.

Íslenskt efnahagslíf stendur nú að mörgu leyti á krossgötum. Eftir kröfuga uppsveiflu og mikinn hagvöxt mörg undanfarin ár hefur snögglega hægt á með þeim afleiðingum að ekki er gert ráð fyrir hagvexti á þessu ári. Hins vegar bendir flest til að þessi kyrrstaða verði skammvinn og að framundan sé nýtt hagvaxtarskeið, þó ekki eins kröftugt og fyrr nema til komi nýjar stóriðjuframkvæmdir. Ekki er gert ráð fyrir þeim í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Eitt helsta óvissuatriði nýrrar þjóðhagsspár snýr að fjárfestingaráformum á næsta ári. Það á við um einstaklinga en einkum þó fyrirtæki. Sé horft á ýmis ytri skilyrði má segja að fjárfestingarhorfur hljóti að teljast bjartar. Þar vegur þyngst lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 30% í 18% frá og með þessu ári. Sömuleiðis meira en helmingis lækkun eignarskatts, reyndar bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Þá má nefna öra lækkun vaxta upp á síðkastið. Ennfremur hefur fjárfesting fyrirtækja nánast hrapað undanfarin tvö ár sem, að öðru óbreyttu, gefur tilefni til að ætla að framundan sé tímabil aukinnar fjárfestingar á nýjan leik. Á móti vegur mikil skuldasöfnun undanfarin ár sem takmarkar svigrúm til nýrra fjárfestinga, auk almennrar óvissu um efnahagsumhverfið, sérstaklega á alþjóðavettvangi. Í þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir að fjárfesting fyrirtækja taki lítill háttar við sér en að fjárfesting heimilanna í íbúðum dragist heldur saman.

Annað óvissuatriði snýr að útflutningsspánni. Þar hefur verið mjög kröftugur vöxtur það sem af er árinu. Það á bæði við um útflutning sjávarafurða en ekki síður um útflutning ýmissa afurða hátækni greina, svo sem lyfja, lækningarækja o.fl. Í spánni er reiknað með að verulega dragi úr útflutningi á síðustu mánuðum ársins miðað við þróunina það sem af er árinu. Á móti vegur hins vegar að spáin gerir ráð fyrir að innflutningur dragist minna saman á síðustu mánuðum ársins en gerst hefur að undanförmu.

Þriðja óvissuatriðið snýr að stöðunni á alþjóðamarkaði. Þetta á einkum við um olíuverð vegna óvissunnar í Mið-Austurlöndum. En þessi óvissa hefur einnig birst á alþjóðafjármagnsmörkuðum að undanförmu þar sem hlutabréfavisítölu hafa almennt lækkað. Þjóðhagsspáin tekur reyndar mið af nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem þegar hafði tekið tillit til veikari stöðu á fjármagnsmörkuðum.

Hægfara aukning innflutnings

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að það samdráttarskeið sem gætt hefur í íslensku efnahagslífi undanfarin misseri sé senn á enda. Endurskoðuð spá gerir því ráð fyrir minni samdrætti í innflutningi á þessu ári en í fyrri spá og á næsta ári er spáð aukningu, í fyrsta sinn síðan á árinu 2000. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir kröftugri uppsveiflu á næsta ári.

Gleggstu merkin um þessi umskipti hefur mátt lesa úr tölum um þróun skatttekna ríkissjóðs og almenns vöruinnflutnings undanfarna mánuði. Nýbirtar þjóðhagsreikningatölur Hagstofunnar um annan ársfjórðung þessa árs benda í sömu átt. Nýjustu tölur um innheimtu virðisaukaskatts af innflutningi í september virðast staðfesta þá skoðun að samdráttarskeiðið sé senn á enda. Jafnframt benda tölurnar til þess að framundan sé tímabil hægfara aukningar innflutnings en engra stökkbreytinga.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,1	4,4
Tekjuskattar	19,9	4,5
Tryggingagjöld	10,5	10,1
Eignarskattar	11,7	-2,8
Veltuskattar	-2,0	4,1
Tekjur alls	6,5	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	3,4	20,0
Félagsmál	18,0	12,6
Atvinnumál	21,7	2,6
Vaxtagjöld	14,1	5,2
Önnur útgjöld	54,1	3,6
Gjöld alls	17,8	10,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.893	-16.315
Hr. lánsfjárföfnuður	-8.168	-9.221
Alborganir lána	-22.158	-22.122
Br. lánsfjárföfnuður	-40.326	-37.343
Lántökur	36.234	32.171
Greiddsluafkoma	-4.093	-5.172

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- september	8,4	3,1
Kjarnaverðb.- september	9,4	3,6
Launavísitala- ágúst	8,8	6,0
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás.velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi- ágúst	1,1	2,2



10. október 2002

Þjóðhagsspá næstu ára

Að undanförmu hefur talsvert verið fjallað um þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins fyrir árin 2002 og 2003. Það sem hefur gert þessa umfjöllun litríkari en oft áður er að fjármálastofnanir hafa birt eigin spár um framvindu efnahagsmála á þessu og næsta ári. Í meginatriðum er ekki mikill munur á spám þessara aðila sem allar gera ráð fyrir nánast kyrrstöðu í hagvexti í ár og hægum efnahagsbata árið 2003. Sárálitið hefur hinsvegar verið fjallað um efnahagshorfur næstu ára.

Í Þjóðarbúskap fjármálaráðuneytisins er gerð grein fyrir framreikningi fyrir tímabilið 2004-2007, án þess að reiknað sé með sérstökum stóriðju- og virkjunarframkvæmdum. Helstu forsendur eru að gert er ráð fyrir að samneysla vaxi um 2½% á ári, framleiðsla sjávarafurða aukist árlega um 2% og er þá reiknað með aukningu þorskafla ásamt auknu vinnsluvirði sjávarafans. Gengi íslensku krónunnar er látið vera fast allt framreiknis-tímabilið. Varðandi ytri skilyrði eru spár OECD notaðar sem forsendur fyrir framreikninga. Þessar spár gera m.a. ráð fyrir að hagvöxtur ríkja Evrópu-sambandsins verði um 2½% og verðbólga aðildarríkja OECD tæplega 2% á tímabilinu 2004-2007.

Helstu niðurstöður framreikninga 2004-2007

Árleg magnbreyting í % nema annað sé tekið fram.

	Grunn-dæmi	Frávíks-dæmi
Breytilegar forsendur		
Samneysla	2½	1½
Gengisvísitala, stig	130	135
Niðurstöður		
Hagvöxtur	3	3
Þjóðarútgjöld	3¼	2¾
Fjármunamyndun % af VLF.....	20¾	20½
Þjóðhagslegur sparnaður % af VLF.....	20½	21¼
Verðbólga milli ára, %	2¼	2¾
Atvinnuleysi % af vinnuafli	2	2
Kaupmáttur tímakaups	2	1½
Viðskiptajöfnuður % af VLF	-¼	½

Niðurstaðan er að árlegur hagvöxtur verði liðlega 3% að meðaltali á tímabilinu. Verðbólga er talin verða 2¼% að meðaltali. Atvinnuleysi helst nokkuð stöðugt nálægt 2% af vinnuafli.

Eðli máls samkvæmt fylgir óvissa slíkum framreikningum og val á forsendum skiptir þar miklu máli. Með hliðsjón af þessari óvissu var reiknað frávíksdæmi þar sem tveimur forsendum er breytt. Sú fyrri felur í sér að árlegur vöxtur samneyslunnar er lækkaður úr 2½% í 1½%. Hin forsendan felur í sér að gengisvísitala íslensku krónunnar verði 135 stig í stað 130. Niðurstaða þessa frávíksdæmis er að hagvöxtur verði hinn sami, en að þjóðarútgjöld verði ½% lægri. Þjóðhagslegur sparnaður stendur því undir fjárfestingu þjóðarbusins. Verðbólga verður hins vegar um ½ prósentustigi hærri í frávíksdæminu. Atvinnuleysi helst óbreytt og kaupmáttur tímakaups lækkar lítillega.

Í utanríkisviðskiptum myndast afgangur sem er mikilvæg niðurstaða með það fyrir augum að grynna á skuldum þjóðarbusins gagnvart útlöndum. Þessir framreikningar gefa visbendingu um jákvæð áhrif aðhaldssamrar stefnu í fjármálum hins opinbera, í þessu tilviki með því að halda aftur af samneysluútgjöldum. Reikna má með að svipuð niðurstaða fái ef dregið er úr fjárfestingarútgjöldum. Þótt slíkir framreikningar séu verulegri óvissu háðir eru þeir mikilvægir við að meta áhrif ýmissa utanaðkomandi þátta, svo sem stóriðjuframkvæmda, á stöðu efnahagsmála.

Af dómum EB dómstólsins– Opinber innkaup og jafnræðisreglan

Í nýlegum dómi EB dómstólsins (ECJ) reyndi á lögmæti skilyrða sem sveitarfélag setti í útboði á þjónustu, m.a. út frá jafnræðisreglu EB-réttar. Dómurinn kann að hafa fordæmisgildi fyrir túlkun laga og regla sem leiða af EES-samningnum.

Málsatvik. Sveitarfélag í Finnlandi (Helsinki) bauð út allan rekstur strætisvagnasamgangna í sveitarfélaginu. Samkvæmt útboðinu skyldi velja vertaka á grundvelli þriggja atriða, þ.e. verðs, gæða vagnanna og hæfni rekstraraðila m.a. með tilliti til umhverfissjónarmiða. Tilboði eins þjóðanda var tekið þar sem það hlaut flest stig. Sá aðili sem kom næstur taldi á sér brotið þar sem það stæðist ekki að veita þeim er verkið fékk auka stig fyrir að bjóða vagna sem gáfu frá sér loft- og hljóðmengun fyrir neðan tiltekin mörk, enda hefði sá aðili er flest stig hlaut einn möguleika á að bjóða slíka vagna. Í því tilviki sem hér um ræðir var það fyrirtæki sem hreppti verkið í eigu sveitarfélagsins.

Finnska samkeppnisráðið taldi að sveitarfélaginu væri heimilt að skilgreina þá vagna sem það kysi að fá auk þess sem allir samkeppnisáðilar hefðu möguleika á að útvega sér þá vagna sem óskað væri eftir. Því hefði aðilum ekki verið mismunað með ólögmætum hætti. Þessum úrskurði varð áfrýjað til áfrýjunarréttar sem óskaði eftir forúrskurði ECJ.

Meginálitaefnið var hvort sveitarfélagi væri heimilt, samkvæmt Evrópurétti, að byggja mat á tilboðum m.a. á tilteknum vistfræðilegum sjónarmiðum. Niðurstaða ECJ var sú að við mat á því hvaða tilboð væri efnahagslega hagkvæmast væri heimilt að taka mið af vistfræðilegum sjónarmiðum, eins og útblæstri mengandi efna og hljóðmengunar, að því uppfylltu að

- það væri tengt efnisatriðum útboðsins,
- það gæfi sveitarfélaginu ekki frjálssar hendur við val á tilboði,
- skilyrðin kæmu skýrt fram í útboðsgögnum og
- þau væru í samræmi við meginreglur ESB-réttar, einkum jafnræðis-regluna.

Í dómnum kom einnig fram að jafnræðisreglan hindraði ekki að umhverfissjónarmið væru meðal þess sem lagt væri til grundvallar þrátt fyrir að það leiddi til þess að einungis fá fyrirtæki gætu uppfyllt þau viðmið sem stuðst væri við.

Nánari upplýsingar er unnt að nálgast í [fréttatilkynning frá ECJ](#) og texta dómsins, málnúmerið er [C-513/99](#).

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,1	4,4
Tekjuskattar	19,9	4,5
Tryggingagjöld	10,5	10,1
Eignarskattar	11,7	-2,8
Veltuskattar	-2,0	4,1
Tekjur alls	6,5	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	3,4	20,0
Félagsmál	18,0	12,6
Atvinnumál	21,7	2,6
Vaxtagjöld	14,1	5,2
Önnur útgjöld	54,1	3,6
Gjöld alls	17,8	10,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.893	-16.315
Hr. lánsfjárföfnuður	-8.168	-9.221
Afborganir lána	-22.158	-22.122
Br. lánsfjárföfnuður	-40.326	-37.343
Lántökur	36.234	32.171
Greiddsluafkoma	-4.093	-5.172

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga – október	8,0	2,9
Kjarnaverb. – október	9,2	3,5
Launavísitala – ágúst	8,8	6,0
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás.velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi – ágúst	1,1	2,2



17. október 2002

Heildarskattgreiðslur í OECD löndunum

Í nýlegri skýrslu OECD eru meðal annars skoðaðar heildarskattgreiðslur einstaklinga og fyrirtækja í hlutfalli af vergri landsframleiðslu. Skattthlutföllin eru nokkuð breytileg eftir löndum og eins þróun þeirra yfir tíma. Á árinu 2000 voru 5 Evrópuríki með skattthlutfall yfir 45% af VLF, en það voru Svíþjóð, Danmörk, Finnland, Belgía og Frakkland. Hins vegar eru Kórea, Japan og Bandaríkin með skattthlutfall á bilinu 25-30%. Neðst í meðfylgjandi töflu eru sýnd óvegin meðaltöl fyrir OECD löndin í heild sinni, Evrópusambandslöndin og OECD löndin í Evrópu. Þar sést að hæstu skattthlutföllin eru í Evrópusambandslöndunum og fyrir árið 2000 var hlutfallið 41,6%. OECD löndin í Evrópu fylgja fast á eftir með 39,9% og OECD löndin í heild voru með 37,4%.

Heildarskattgreiðslur í hlutfalli af VLF

	1990	1995	2000	2001 brb.
Mexíkó	17,3	16,6	18,5	18,3
Kórea	19,1	20,5	26,1	27,5
Japan	30,1	27,7	27,1	...
BNA	26,7	27,6	29,6	...
Írland	33,5	32,7	31,1	29,2
Ástralía	29,3	29,7	31,5	...
Tyrkland	20,0	22,6	33,4	35,8
Pólland	...	39,6	34,1	...
Portúgal	29,2	32,5	34,5	...
Nýja Sjáland	37,6	37,5	35,1	34,8
Spánn	33,2	32,8	35,2	35,2
Swiss	30,6	33,1	35,7	34,5
Kanada	35,9	35,6	35,8	35,2
Slóvenía	35,8	33,1
Ísland	31,2	31,5	37,3	34,8
Bretland	36,8	34,8	37,4	37,4
Grikkland	29,3	31,7	37,8	40,8
Þýskaland	35,7	38,2	37,9	36,4
Ungverjaland	...	42,4	39,1	38,6
Tékkland	...	40,1	39,4	39,0
Noregur	41,8	41,5	40,3	44,9
Holland	43,0	41,9	41,4	39,9
Lúxemborg	40,8	42,0	41,7	42,4
Ítalía	38,9	41,2	42,0	41,8
Austurríki	40,4	41,6	43,7	45,7
Frakkland	43,0	44,0	45,3	45,4
Belgía	43,2	44,6	45,6	45,3
Finnland	44,8	45,0	46,9	46,3
Danmörk	47,1	49,4	48,8	49,0
Svíþjóð	53,6	47,6	54,2	53,2
OECD Samtals	35,1	36,1	37,4	...
OECD Evrópa	37,7	38,7	39,9	...
ESB 15	39,5	40,0	41,6	...

Á Íslandi sést að skattthlutfallið hefur verið fyrir neðan meðaltal OECD landanna. Af löndum í nágrenni við okkur er það einungis Írland þar sem skattthlutfallið er lægra en hér á landi á árinu 2000. Bráðabirgðatölur fyrir 2001 eru til fyrir 25 af 30 OECD löndum. Þessar tölur gefa til kynna að dragi úr þeirri samfelldu aukningu á hlutfalli heildarskatttekna sem verið hefur. Í samanburði við árið 2000 lækkaði skattthlutfallið í 15 löndum, hækkaði í 8 og stóð í stað í 2. Þróun skattthlutfalls yfir tíma getur gefið nokkuð góða vísbendingu um heildarskattþyrði í hverju landi. Hafa þarf það þó í huga við samanburð á milli landa að löndin eru ólík og lög og reglur mismunandi.

Opinberar skuldir í alþjóðlegum samanburði

Í samanburði 23 OECD ríkja í lok ársins 2001 er hlutfall heildarskuldna hins opinbera á Íslandi miðað við landsframleiðslu það níunda lægsta eða 47% af vergri landsframleiðslu. Þegar talið er um skuldir hins opinbera er verið að tala um bæði skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2003 er gert ráð fyrir að skuldir hins opinbera lækki og verði 40,8% af landsframleiðslu. Heildarskuldir ríkissjóðs verða 276 milljarðar í lok ársins 2003 eða sem nemur 33,6% af landsframleiðslu, miðað við 39,6% árið 2001. Áætlaðar skuldir sveitarfélaga árið 2003 eru um 57 milljarðar sem er 7,2% af landsframleiðslu miðað 7,6% árið 2001. Heildarskuldir segja þó ekki alla söguna þar sem tæplega helmingur opinberra skulda eða um 144 milljarðar eru á viðskiptareikningi eða endurlánað til stofnana ríkis og sveitarfélaga sem starfa á almennum markaði og standa að öllu eða verulega leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja. Almenn er talið að þessar stofnanir geti staðið undir afborgunum af teknum lánum enda ætti að vera buið að

Skuldir hins opinbera, % af VLF

Lúxemborg	5,5%
Kórea	15,9%
Ástralía	16,9%
Noregur	26,8%
Írland	36,5%
Finnland	43,6%
Nýja Sjáland	44,6%
Danmörk	46,4%
Ísland	47,0%
Bandaríkin	52,0%
Bretland	52,5%
Svíþjóð	52,9%
Holland	53,2%
Portúgal	55,6%
Þýskaland	60,3%
Austurríki	61,7%
Frakkland	64,8%
Spánn	69,1%
Grikkland	99,7%
Kanada	101,6%
Belgía	108,2%
Ítalía	108,7%
Japan	132,8%

reikna að mestu leyti fyrrséd útlánatöpin inn í rekstrarframlög til þeirra eða í afskriftasjóði útlána. Heildarskuldir að frádregnum kröfum á aðra aðila eru hreinar skuldir hins opinbera og eru þær áætlaðar 180 milljarðar eða 23,2% af landsframleiðslu en voru 27,3% í árslok 2001.

Lífeyrisskuldbindingar eru einnig einn mælikvarði á skuldastöðu ríkissjóðs og annara opinberra aðila, en þær eru ekki taldar með í töflunni. Samkvæmt ríkisreikningi voru fyrrséd fram tíðarlífeyrisútgjöld ríkissjóðs umfram áætluð iðgjöld í árslok 2001 um 168 milljarðar sem var um 23% af vergri landsframleiðslu þess árs. Er sú staða almenn þetri en hjá flestum öðrum ríkjum sem byggja lífeyrissjóðskerfi sín á gegnumsteymi en ekki sjóðssöfnun. Á síðustu árum hafa 8-15 milljarðar verið greiddir árlega til lækunar skuldbindinga ríkisins við lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Verði þessari stefnu haldið áfram mun ríkissjóður geta tekist á við lífeyrisskuldbindingar sínar án þess að hækka þurfi skatta eða lækka útgjöld á öðrum sviðum þegar útgjöld sjóðanna falla til af fullum þunga.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,1	4,4
Tekjuskattar	19,9	4,5
Tryggingagjöld	10,5	10,1
Eignarskattar	11,7	-2,8
Veltuskattar	-2,0	4,1
Tekjur alls	6,5	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	3,4	20,0
Félagsmál	18,0	12,6
Atvinnumál	21,7	2,6
Vaxtagjöld	14,1	5,2
Önnur útgjöld	54,1	3,6
Gjöld alls	17,8	10,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.893	-16.315
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-8.168	-9.221
Afborganir lána	-22.158	-22.122
Br. lánsfjárfjöfnuður	-40.326	-37.343
Lántökur	36.234	32.171
Greiddsluafkoma	-4.093	-5.172


Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - október	8,0	2,9
Kjarnaverðb. - október	9,2	3,5
Launavísitala - ágúst	8,8	6,0
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás. velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi - september	1,0	2,2



24. október 2002

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins. Þessar tölur eru ekki samanburðarhæfar við fjárlög sem eru sett fram á rekstrargrunni. Engu að síður gefa þær vísbendingu um hvert stefnir í fjármálum ríkissjóðs á árinu 2002.

Samkvæmt þessum tölum var handbært fé frá rekstri neikvætt um 19,6 milljarða króna samanborið við 6,9 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Þessi niðurstaða er í stórum dráttum í samræmi við áætlanir. Mismunurinn, sem nemur um 2,6 milljörðum króna, stafar alfarið af minni tekjum af sölu eigna en áætlað var. Að því frátöldu hefði staðan verið einum milljarði betri en áætlað var. Sem kunnugt er hefur nú náðst samkomulag um sölu á nær öllum eignarhlut ríkisins í Landsbankanum sem mun gjörbreyta þessari stöðu á næstu mánuðum.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 168 milljörðum króna og hækka um 9,8 milljarða frá fyrra ári, eða um rúmlega 6%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka mun minna, eða um 3,9%. Þessi munur skýrist alfarið af auknum tekjum af sölu eigna en þær flokkast ekki undir skatttekjur. Þar sem almennar verðbreytingar námu um 6% á þessu tímabili svarar þetta til 2% samdráttar skatttekna að raungildi frá fyrra ári.

Skattar á tekjur og hagnað fyrirtækja og einstaklinga skiluðu 3% meiri tekjum en í fyrra. Hér skipti þó nokkuð í tvö horn. Innheimta tekjuskatts einstaklinga jókst um 9½% sem fyrst og fremst endurspeglar almennar launahækkningar. Þannig hækkaði launavísitalan á þessu tímabili um rúmlega 7½%, en hún mælir launabreytingar á hvern starfsmann. Til viðbótar koma síðan áhrif aukningar í vinnuafli. Fjármagnstekjuskattur heldur áfram að skila auknum tekjum og hefur lítið lát verið á þeirri þróun frá því að skattlagning fjármagnstekna var samræmd árið 1997 þrátt fyrir að á ýmsu hafi gengið á fjármálamarkaði að undanförmu. Tekjuskattur fyrirtækja skilar hins vegar mun minni tekjum en í fyrra. Þessar tölur eru þó ekki alveg marktækar þar sem þær byggja að hluta á áætlunum um niðurstöðu skattálagningar í lok októbermánaðar.

Tryggingargjald skilar 9½% meiri tekjum en í fyrra sem einnig er í samræmi við launþróunina. Innheimta veltuskatta jókst um 4% frá fyrra ári en það jafngildir 2% samdrætti að raungildi. Tekjur af virðisaukaskatti jukust þó meira, eða um rúmlega 6%. Þetta er í fyrsta sinn sem tekjur af virðisaukaskatti hækka að raungildi frá því í ársbyrjun 2001.


Þróun skatttekna ríkissjóðs það sem af er árinu er fyllilega í takt við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem lögð var fram í októberbyrjun. Þar var gert ráð fyrir að hagvaxtarhléið í íslenskum þjóðarbúskap væri senn að baki og að framundan væri tímabil hægfara aukningar í hagvexti.

Brottflettingur íslenskra ríkisborgara er að aukast

Hagstofa Íslands hefur birt upplýsingar um búferlaflutninga fyrstu 9 mánuði ársins en þær gefa mikilvægar vísbendingar um hvað er að gerast í efnahagslífinu. Aðflutningur erlendra ríkisborgara hefur verið umtalsverður á undanförmum árum. Þegar dró úr eftirspurn eftir vinnuafli dró úr aðflutningi þótt erlendir ríkisborgarar sem hingað fluttust hafi aldrei verið jafn margir á einu ári og í fyrra. Jafnframt hefur reynslan sýnt að Íslendingar bregðast við breyttum aðstæðum með því að flytja sig úr stað, bæði innan lands og milli landa.

Búferlaflutningar fylgja nokkuð reglulegu árstíðamynstri. Tölur fyrir 3ja ársfjórðung benda til þess að brottflutningur frá landinu hafi aukist en aðflutningur minnkað miðað við sama ársfjórðung í fyrra. Nettóflutningar gagnvart útlöndum á þriðja ársfjórðungi eru neikvæðir um tæplega 300 en brottfluttir hafa ekki verið fleiri en aðfluttir nema einn ársfjórðung á undanförmum fjórum árum. Hjá erlendum ríkisborgurum er ekki um umtalsverða breytingu að ræða og er búist við því að dragi bæði úr aðflutningi og brottflutningi þeirra frá fyrra ári. Þó er reiknað með að fjölgun þeirra verði heldur meiri en gert var ráð fyrir í Þjóðarbúskapnum. Að því er íslenska ríkisborgara varðar gefa hinar nýju tölur hins vegar tilefni til endurskoðunar. Nú er heildarfjöldi brottfluttra íslenskra ríkisborgara talinn geta orðið um 3.600. Á móti kemur að það stefnir í að fleiri íslenskir ríkisborgarar flytji til landsins en í fyrra máti. Nettótala í öllum búferlaflutningum milli landa er óbreytt og er enn talið að flutningarnir verði í jafnvægi, þ.e. að erlendum ríkisborgurum fjölgi álíka mikið og íslenskum fækkar. Áhrifin á vinnumarkað eru að líkum frekar til fjölgunar.

Búferlaflutningar milli landa eftir ríkisfangi



Fjölgun erlendra ríkisborgara er enn frá sömu löndum og verið hefur. Mestir flutningar eru frá Póllandi, Fíllípseyjum, Litáen, Taílandi og Júgóslavíu. Samtals standa ríkisborgarar þessara landa fyrir um helmingi af fjölguninni.

Sem fyrr skipta búferlaflutningar gagnvart Norðurlöndum, og þá einkum Danmörku, Noregi og Svíþjóð, mestu máli þegar íslenskir ríkisborgarar eru annars vegar. Helmingur brottfluttra Íslendinga flutti til Danmerkur á fyrstu 9 mánuðum þessa árs og tæplega 80% til allra Norðurlandanna. Á þessu tímabili fluttu tæplega 500 fleiri Íslendingar til Danmerkur en þaðan komu. Að einhverju leyti kann hér að vera um að ræða fólk sem fer til Danmerkur að leita sér að atvinnu en samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna hefur orðið tæplega fjórðungs fjölgun á umsóknum um námslán í Danmörku, sem er það land þar sem lang flestir Íslendingar stunda nám þegar Ísland sjálft er undanskilið. Umsóknum um lán til að stunda nám erlendis hefur samtals fjölgað um 6% frá sama tíma árið 2001.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,5	3,9
Tekjuskattar	21,2	3,0
Tryggingagjöld	10,7	9,4
Eignarskattar	9,9	-2,2
Veltuskattar	-2,1	4,1
Tekjur alls	6,6	6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,3	20,7
Félagsmál	14,6	13,5
Atvinnumál	18,8	3,8
Vaxtagjöld	10,3	7,3
Önnur útgjöld	52,0	3,9
Gjöld alls	15,0	11,6

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.901	-19.598
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-8.731	-12.850
Afborganir lána	-22.214	-22.697
Br. lánsfjárfjöfnuður	-41.569	-42.297
Lántökur	36.668	50.237
Greiðsluafkoma	-4.900	7.940

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga – október	8,0	2,9
Kjarnaverðb. – október	9,2	3,5
Launavísitala – september	9,1	5,8
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás.velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi – september	1,0	2,2



31. október 2002

Nýja hagkerfið og Norðurlöndin

Á fundi fjármálaráðherra Norðurlanda nú í vikunni var kynnt [skýrsla](#) norræns vinnuhóps sem fjallar um framvindu efnahagsmála á Norðurlöndum í samhengi við nýja hagkerfið svokallaða eins og það er skilgreint í víðtækum skilningi. Með nýja hagkerfinu var að á sínum tíma átt við þær róttæku breytingar sem talið var að notkun upplýsingatækni mundu hafa í för með sér.

Í stuttu máli má segja að þær miklu væntingar sem upphaflega voru til staðar um áhrif nýja hagkerfisins á efnahagslífið með auknum og stöðugum hagvexti hafi ekki gengið eftir með þeim hraða sem reiknað var með. Slegið hefur í bakseglin á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum og því hefur um stundarsakir hægt á hagvexti. Hins vegar er það álit vinnuhópsins að nýja hagkerfið muni fremur skapa forsendur fyrir hagvöxt til lengri tíma lítið þótt hröð þróun í tæknigreinum og upplýsingaíðnaði hafi vissulega lagt sitt af mörkum til aukins hagvaxtar á undanförunum árum. Varanlegri hagvöxtur til framtíðar snýst ekki einungis um nýja tækni heldur einnig um önnur atriði, svo sem menntun, rannsóknir, víðtækari möguleika til frumherjastarfs og skipulagsbreytinga með tilheyrandi fækkun reglna og takmarkana í atvinnulífinu.

Í skýrslunni er ítarlega fjallað um framleiðniþróun á Norðurlöndum og helstu viðskiptalanda þeirra, en framleiðni mælir afköst í framleiðslu og er þess vegna mikilvægur mælikvarði á forsendur hagvaxtar. Þar kemur fram að framleiðni á Norðurlöndum hefur ekki aukist jafn mikið og í Bandaríkjunum. Skýringin gæti meðal annars legið í mismunandi mælingum, töfum frá því að fjárfest er í nýrri tækni þar til hún skilar sér í aukinni framleiðslu og síðast en ekki síst skorti á því kröftuga hreyfiafli sem einkennir bandaríska markaðinn og birtist í öflugri samkeppni og sveigjanleika framleiðsluþáttanna.

Í skýrslunni er bent á eftirfarandi leiðir til úrbóta:

- * Skipulagsbreytingar í efnahagslífinu sem leiði til aukinnar samkeppni í atvinnulífinu. Ný tækni í framleiðslu leiði til aukinnar framleiðni, sérstaklega í þeim greinum þar minnst fer fyrir samkeppni
- * Aðgerðir til að bæta skilyrði fyrir öflugu frumherjastarfi og stofnun nýrra fyrirtækja.
- * Aðgerðir til að styrkja vinnumarkaðinn með aukinni menntun, sveigjanleika og aukinni atvinnuþátttöku.

	Vefsetur á hverja 1000 íbúa 2001	Internet- notendur á 1000 íbúa 2001	Rannsóknar útgjöld í % af VLF 1999	Vísinda- menn á 10.000 íbúa 1999
Danmörk	105	447	2,09	64
Finnland	171	430	3,22	99
Ísland	190	679	2,33	101
Noregur	67	596	1,70	78
Svíþjóð	83	516	3,78	91
Bandaríkin	371	500	2,66	79
Frakkland	13	264	2,19	61
Ítalía	12	276	1,04	28
Þýskaland	29	364	2,44	64
OECD	78	319	2,21	62
Evrópusambandið	78	317	1,86	53

Á meðfylgjandi töflu eru sýndar nokkrar lykiltölur varðandi tölvunotkun og rannsóknir í alþjóðlegum samanburði. Ítarlegri upplýsingar um þennan samanburð er að finna í framangreindri skýrslu um nýja hagkerfið á Norðurlöndum.


Skattlagning fyrirtækja

Nú liggja fyrir tölur frá ríkisskattstjóra um álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2002, vegna ársins 2001. Samkvæmt þeim nam heildarálagning opinberra gjalda 33,5 milljörðum króna og hækkaði um 10,9% frá árinu 2001. Skattlagningin er í meginráttum þrjúþætt. Tryggingargjald er stærsti einstaki skattstofninn og nemur um 60% af öllum álögdum gjöldum lögaðila, eða 20,4 milljörðum króna. Tekjuskattur fyrirtækja nam 10,2 milljörðum króna og eignarskattur 2,5 milljörðum. Heildarfjöldi gjaldanda nam rúmlega 16.400 og fjölgaði um líðlega 1.000 frá árinu áður. Samkvæmt þessu hækkaði álagning á hvern gjaldanda um 4% á milli ára.

Skattalegt umhverfi fyrirtækja hefur tekið miklum breytingum undanfarinn áratug. Meginbreytingarnar hafa falist í lækkuð skattglutfalls tekjuskatts, úr 51% árið 1990 í 18% frá og með tekjuárinu 2002. Jafnframt hefur ýmsum undanþágum verið fækkað og skattstofninn því verið breikkaður. Fróðlegt er því að skoða hvernig skattgreiðslur fyrirtækja hafa þróast á þessu tímabili, bæði í heild og eins miðað við hvern gjaldanda.

Tekjuskattur lögaðila 1991-2002

- á verðlagi 2002 -



Meðfylgjandi mynd sýnir þróun tekjuskatts fyrirtækja í milljónum króna á tímabilinu 1991-2002; annars vegar í heild og hins vegar á hvert fyrirtæki. Allar tölur eru framreiknaðar til verðlags ársins 2002. Eins og þar kemur fram hefur lækkuð skattglutfallsins ekki leitt til minni tekna ríkissjóðs, þvert á móti hafa tekjurnar nær tvöfaldast á þessu tímabili. Skýringin er fyrst og fremst meira en tvöföldun skattgreiðenda, úr 3.500 árið 1991 í tæplega 8.000 árið 2002. Ennfremur gætir hér áhrifa einkavæðingar ríkisfyrirtækja sem skilar sér ekki einungis í tekjum af sölu þeirra heldur einnig í auknum skatttekjum. Tekjuskattur á hvert fyrirtæki hefur hins vegar lækkað um nálægt fjórðung.

Þessi þróun staðfestir að þau markmið sem að var stefnt með breyttum skattareglum hafa náðst. Lækkuð skattglutfallsins hefur stuðlað að eflingu atvinnulífsins sem meðal annars birtist í mikilli fjölgun fyrirtækja. Þetta skýrir einnig þá niðurstöðu að tekjur ríkissjóðs hafa aukist á sama tíma og skattlagning á hvert fyrirtæki hefur minnkað.

Svipuð sjónarmið voru höfð að leiðarljósi í þeim aðgerðum sem lögfestar voru á síðasta ári og fela í sér verulega lækkuð tekju- og eignarskatta fyrirtækja. Á móti vegur nokkur hækkun tryggingagjalds. Talið er að áhrif þessara aðgerða á tekjur ríkissjóðs verði, þegar upp er staðið, fremur í átt til þess að auka tekjurnar en minnka vegna jákvæðra áhrifa þeirra á stöðu atvinnulífsins og þar með á almenn umsvif í efnahagslífinu. Rétt er að benda á að áhrif þessara aðgerða koma ekki fram í þessum tölum þar sem álagning skatta á tekjur og eignir fyrirtækja á árinu 2002 fer ekki fram fyrir en á næsta ári.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,5	3,9
Tekjuskattar	21,2	3,0
Tryggingagjöld	10,7	9,4
Eignarskattar	9,9	-2,2
Veltuskattar	-2,1	4,1
Tekjur alls	6,6	6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,3	20,7
Félagsmál	14,6	13,5
Atvinnumál	18,8	3,8
Vaxtagjöld	10,3	7,3
Önnur útgjöld	52,0	3,9
Gjöld alls	15,0	11,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-september		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.901	-19.598
Hr. lánsfjárfönuður	-8.731	-12.850
Afborganir lána	-22.214	-22.697
Br. lánsfjárfönuður	-41.569	-42.297
Lántökur	36.668	50.237
Greiddsluafkoma	-4.900	7.940

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga – október	8,0	2,9
Kjarnaverðb. – október	9,2	3,5
Launavísitala – september	9,1	5,8
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás.velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi – september	1,0	2,2



7. nóvember 2002

Könnun á afkomu fyrirtækja o.fl.

Fjármálaráðuneytið, Seðlabanki Íslands og IMG Gallup hafa tekið upp samstarf um gerð reglulegra athugana á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja landsins og mat stjórnmenda þeirra á almennum efnahagshorfum. Þessar athuganir munu verða mikilvægur þáttur við mat á framleiðslu, eftirspurn og væntingum. Kannanir af þessum toga eru þekktar erlendis og út frá þeim eru meðal annars unnar svokallaðar væntingavísitölur mismunandi atvinnugeira og atvinnuvega í heild. Einnig eru sambærilegar kannanir gerðar meðal neytenda og hefur Gallup unnið slíka könnun mánaðarlega síðan í mars 2001.

Niðurstöður úr fyrstu könnun Gallups liggja nú fyrir en ráðgert er að mælingar fari fram tvisvar á ári. Í úrtaki eru 400 veltuhæstu fyrirtæki landsins. Svör fengust frá 314 fyrirtækjum í þessari fyrstu könnun og svarhlutfallið því um 81%. Spurningar til fyrirtækjanna voru meðal annars um mat á núverandi efnahagsaðstæðum og hvernig þau sæju þær fyrir sér í nánustu framtíð, einnig var spurt um starfsmannafjölda, veltu, launakostnað, birgðir og fjárfestingar. Einnig voru spurningar um vexti og verðbólgu og væntingar fyrirtækja þar um. Svör við spurningum voru greind niður eftir staðsetningu fyrirtækja, atvinnugrein, veltu og fjölda starfsmanna. Fyrirtækjum er skipt í fimm atvinnugreinar: Verslun og þjónusta, sjávarútveg, iðnað og framleiðsla, fjármál og tryggingastarfsemi og flutninga, ferðaþjónusta o.fl.

Samkvæmt þessari fyrstu könnun er almenn bjartsýni á aðstæður í efnahagslífinu og ef horft var fram í tímann ríkti enn meiri bjartsýni (sjá mynd). Landsbyggðin taldi aðstæður í dag betri en höfuðborgarbúar en þær væntingar snerust við þegar horft var sex eða tólf mánuði fram í tímann. Eina atvinnugreinin þar sem nokkur fjöldi svarenda taldi að rekstrarskilyrði ættu eftir að verða nokkuð verri á þessu tímabili var sjávarútvegurinn, en 27% þeirra töldu svo verða eftir 12 mánuði. Ýmsir voru þó bjartsýnni og 32% þeirra töldu þær verða nokkuð betri.

Sp.1	Góðar 46,3%	Hvorki né 40,9%	Slæmar 12,8%
Sp.2	Betri 69%	Óbreyttar 24,3%	Verri 6,7%
Sp.3	Meiri 49,7%	Svipaður 26,5%	Minni 23,8%

Sp.1 Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu séu almennt góðar, slæmar eða hvorki góðar né slæmar?

Sp.2 Hvernig telur þú að aðstæður í efnahagslífinu muni almennt verða eftir tólf mánuði miðað við daginn í dag?

Sp.3 Telur þú að hagnaður fyrirtækisins árið 2002 verði meiri, svipaður eða minni en árið 2001?

Varðandi veltu og hagnað fyrirtækja þá töldu 24% fyrirtækja í hvoru tilfelli að hann yrði minni í ár en í fyrra, 47% töldu aftur á móti að veltan yrði meiri og 50% að hagnaðurinn yrði meiri. Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu gerðu ráð fyrir meiri hagnaði en landsbyggðarfyrirtækin. Væntingar um veltuaukningu voru aftur á móti nokkuð svipaðar milli þessara svæða. Fyrirtæki í flutninga-

og ferðaþjónustu gera ráð fyrir mestri veltuaukningu, en fyrirtæki í iðnaði og framleiðslu reikna með samdrætti.


Samkvæmt þessari athugun telja 61% fyrirtækja að verð á vörum og þjónustu fyrirtækis síns standi í stað næstu 6 mánuði og 31% að það hækki. Að meðaltali töldu fyrirtækin að hækkinin yrði 0,8%. Fyrirtækin gera aftur á móti ráð fyrir að aðföng þeirra eigi eftir að hækka að meðaltali um 1,7% á næstu sex mánuðum. Vísitala neysluverðs mun að mati 81% fyrirtækja hækka á næstu 12 mánuðum en 13% fyrirtækja töldu að hún héldist óbreytt, að meðaltali töldu fyrirtækin að verðbólgan yrði 2,6%.

Innflutningur

Í vefriti fjármálaráðuneytisins 3. október sl. var bent á ýmis merki þess að samdráttarskeiði íslensks efnahagslífs væri senn á enda og að hægfara aukning vöruinnflutnings væri eitt gleggsta merkið. Vöruinnflutningur í október metinn út frá innheimtu virðisaukaskatts styður þetta.

Innflutningur án skipa og flugvéla

Staðvirt m.v. gengi



Innflutningur síðustu mánuði hefur aukist örlítið miðað við sömu mánuði í fyrra. Ef þriggja mánaða meðaltöl staðvirts innflutnings eru skoðuð (meðfylgjandi línurit) virðist innflutningur vera að ná jafnvægi aftur eftir niðursveiflu sem náði hámarki í byrjun þessa árs. Innflutningur nú er t.d. meiri en árið 1997, en minni en uppsveifluárin þar á eftir. Áætlaður innflutningur í október miðaður við staðvirtar tölur var tæplega 4% meiri nú en í sama mánuði í fyrra. Hér er ekki um stökkbreytingu að ræða heldur hægfara aukningu eins og fyrr er nefnt, en tölur síðustu sex mánaða virðast þó benda til þess að jafnvægi sé náð og sá samdráttur sem verið hefur sé á enda.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,5	3,9
Tekjuskattar	21,2	3,0
Tryggingagjöld	10,7	9,4
Eignarskattar	9,9	-2,2
Veltuskattar	-2,1	4,1
Tekjur alls	6,6	6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,3	20,7
Félagsmál	14,6	13,5
Atvinnumál	18,8	3,8
Vaxtagjöld	10,3	7,3
Önnur útgjöld	52,0	3,9
Gjöld alls	15,0	11,6

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.901	-19.598
Hr. lánsfjárföfnuður	-8.731	-12.850
Afborganir lána	-22.214	-22.697
Br. lánsfjárföfnuður	-41.569	-42.297
Lántökur	36.668	50.237
Greiðsluafkoma	-4.900	7.940

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- október	8,0	2,9
Kjarnaverðb. - október	9,2	3,5
Launavísitala - september	9,1	5,8
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi - september	1,0	2,2



14. nóvember 2002

Þjóðhagsspár

Í síðustu viku birti Seðlabankinn sína fyrstu þjóðhagsspá. Þessi spá byggir á sama reiknilíkani og spá fjármálaráðuneytisins sem birt var í októberbyrjun. Hins vegar leggur bankinn að sjálfsögðu sínar eigin forsendur, mat og túlkun á niðurstöðum til grundvallar.

Það er sérstök ástæða til að fagna því að Seðlabankinn skuli nú birta eigin þjóðhagsspá. Það gefur færi á meiri og opnari skoðanaskiptum um forsendur og mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum en verið hefur. Síðustu tvo mánuði hafa auk þess birst þjóðhagsspár frá greiningardeildum Búnaðarbanka, Íslandsbanka, Landsbanka og Kaupþings. Þessi þróun skapar hinu opinbera nauðsynlegt aðhald frá innlendum aðilum. Um leið er rétt að nefna að erlendir aðilar, einkum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, hafa um langt árabil lagt sjálfstætt mat á íslenskt efnahagslíf og stefnu stjórnvalda sem hefur líka veitt ákveðið aðhald.

Niðurstöður þjóðhagsspár Seðlabankans eru í meginatriðum í samræmi við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Einstakir þættir í spá bankans vikja þó frá spá ráðuneytisins. Að hluta til stafar það af því að nýjar upplýsingar hafa komið fram frá því að ráðuneytið vann sína spá en að hluta er um að ræða mismunandi mat og túlkun á stöðunni. Þessi frávik ganga reyndar í báðar áttir þannig að þegar upp er staðið eru hagvaxtarspámar nánast þær sömu.

Fjármálaráðuneytið mun birta endurskoðaða þjóðhagsspá í byrjun desember í tengslum við afgreiðslu fjárlaga þar sem nánar verður gerð grein fyrir stöðu og horfum efnahagsmála á árunum 2002 og 2003 auk þess sem birt verður fyrsta spá fyrir árið 2004.

Aukið framboð af þjóðhagsspám gefur tilefni til að hugleiða á hvaða forsendum þær eru settar fram, hvaða tilgangi þær eiga að þjóna og um leið hvaða takmörkunum þær eru háðar. Þannig er ljóst að spá fjármálaráðuneytisins er sett fram með hliðsjón af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að teknu tilliti til framvindu efnahagsmála á liðandi stundu. Þetta gildir jafnt um áform ríkisins um fjárfestingu og samneyslu eins og þau birtast fyrst í fjárlagafrumvarpi og síðan í fjárlögum komandi árs. Hins vegar er ráðuneytið á engan hátt bundið af forsendum Seðlabankans um vexti og getur því lagt aðrar forsendur til grundvallar.

Á sama hátt ganga spár Seðlabankans eðli máls samkvæmt út frá gildandi vaxtastigi á hverjum tíma jafnvel þótt þjóðhagsspá hans kunni að gefa tilefni til annars. Hann er hins vegar á engan hátt bundinn af fjárfestingar- eða samneysluáformum stjórnvalda heldur getur lagt sitt eigið mat á þær stærðir. Staða greiningardeilda bankanna er síðan enn frjálari hvað varðar almennar efnahagsforsendur þar sem þær eru hvorki bundnar af tilteknum vaxtaforsendum né áformum stjórnvalda.

Hvað segir þetta um áreiðanleika spánna? Í rauninni ekki ýkja mikið. Í því upplýsta þjóðfélagi sem við lifum í kemst enginn upp með að setja fram spár á forsendum sem vikja í einhverjum meginatriðum frá almennt viðurkenndum forsendum. Vissulega gefur mismunandi mat og túlkun á stöðunni hverju sinni færi á einhverjum frávikum en það er hverfandi. Þegar upp er staðið skiptir mestu að allir aðilar gefi sem gleggstar upplýsingar um þær forsendur sem liggja til grundvallar spánum þannig að utanaðkomandi aðilar geti lagt sjálfstætt og heildstætt mat á þær. Fjármálaráðuneytið mun leggja sitt af mörkum í þessu skyni með því að birta samhliða þjóðhagsspánum helstu forsendur sem liggja til grundvallar.

Hlutabréfaafsláttur ekki framlengdur

Í lok þessa árs falla úr gildi ákvæði í lögum um tekju- og eignarskatt sem heimila einstaklingum frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna hlutabréfakaupa

að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ákvæði þessa efnis voru fyrst lögtekin á árinu 1984. Tilgangur laga sem þá voru sett var að örva eiginfjármyndun og fjárfestingu í atvinnurekstri. Á þessum tíma var ekki til að dreifa hér á landi skipulagðum hlutabréfamarkaði. Lífeyrissjóðir og aðrir svonefndir fagfjárfestar voru ekki komnir fram á hlutabréfamarkaði. Því var það á þeim tíma talið vænlegast til að auka fjárfestingu í atvinnulífinu að gera það skattalega hagstætt fyrir almenning að festa fé sitt í atvinnurekstri.

Hlutabréfaafslátturinn var frá upphafi hugsaður sem tímabundin ívilnun. Frádráttarheimildin hefur þó verið framlengd tímabundið nokkrum sinnum. Nú er hins vegar svo komið að ekki þykja lengur vera rök fyrir slíkum ívilnunum. Hlutabréfamarkaður hér á landi hefur þróast og dafnað. Fram á sjónarsviðið eru komnir öflugir fagfjárfestar, auk þess sem einstaklingar eru nú í meira mæli en áður virkir á markaðnum óháð hlutabréfaafsláttinum.

Í kjölfar athugasemda frá ESA var frádráttarheimildin útvíkkuð á árinu 2000 þannig að hún nær nú ekki aðeins til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum heldur og til kaupa á hlutabréfum í erlendum fyrirtækjum sem skráð eru í kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu.

Skattaívilnun vegna hlutabréfakaupa er ákveðið form á niðurgreiðslu. Ekki er heilbriggt til lengdar að starfsemi byggi á niðurgreiðslum frá ríkinu hvað þá að rök geti staðið til þess að niðurgreiða kaup innlendra skattborgara á erlendum hlutabréfum.

Upphaflegum tilgangi hlutabréfaafsláttarinn hefur verið náð og eru því ekki uppi áform um frekari framlengingu hans. Núgildandi reglur um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna hlutabréfakaupa gilda um hlutabréfakaup einstaklinga sem eiga sér stað fyrir lok þessa árs.

Aukið verðmæti fiskafla

Heildarfiskafli fyrstu tíu mánuði ársins nam 1.955 þúsund tonn og hafði aukist um 160 þúsund tonn frá sama tíma í fyrra. Meginskýringin er aukinn afli uppsjávartiska sem varð 137 þúsund tonn meiri nú. Botnfiskaflí jókst um rúmlega 13 þúsund tonn og einnig er aukning í heildarafla flatfisks og skeldýra.

Fiskafli í tonnum talið segir hins vegar ekki alla söguna um verðmæti aflans. Einn mælikvarði á það er að umreikna allan afla yfir í svokölluð þorskilgildi. Á þann mælikvarða má ætla að aflaverðmætið fyrstu tíu mánuði ársins hafi aukist um 5% að magni. Þessi stærð gefur allgóða mynd af verðmætisaukningu sjávarafurða hverju sinni. Til þess að fá heildarmyndina þarf að skoða útflutningsverðmætið en það sýnir auk aflamagns áhrif samsetningarbreytinga, svo sem tilflutning milli útflutningsmarkaða, breytingar í vinnslu o.fl. Fyrstu níu mánuði ársins jókst útflutningsverðmætið um 7% að magni til.

Fyrstu tvo mánuði fiskveiðiársins, þ.e. september og október, dróst afli saman um tæplega 7% frá fyrra ári eða um 15 þúsund tonn. Meginskýring þessa er 25 þúsund tonna minni kolmunnaafli en í fyrra. Kolmunni er nú í fyrsta skipti háður veiðiheimildum en leyfilegur heildaraflí er 282 þúsund tonn. Í upphafi fiskveiðiárs voru 70 þúsund tonn óveidd en heildarkolmunnaafli á síðasta ári var 365 þúsund tonn. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu eru aðeins um 1600 tonn óveidd. Einnig er mun minni úthafskarfaafli í ár samanborið við sömu mánuði í fyrra en erfitt er að bera þær veiðar saman milli ára þar sem verkfall sjómanna vorið 2001 leiddi til þess að karfi veiddist síðar á árinu en venja er. Í upphafi þessa fiskveiðiárs var búið að veiða megnið af úthafskarfaafli. Botnfiskaflí eykst þessa tvo mánuði um 3% samanborið við sömu mánuði í fyrra, samdráttur er í þorskafla en aftur á móti hefur meira veiðt af ýsu, ufsa og karfa.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,5	3,9
Tekjuskattar	21,2	3,0
Tryggingagjöld	10,7	9,4
Eignarskattar	9,9	-2,2
Veltuskattar	-2,1	4,1
Tekjur alls	6,6	6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,3	20,7
Félagsmál	14,6	13,5
Atvinnumál	18,8	3,8
Vaxtagjöld	10,3	7,3
Önnur útgjöld	52,0	3,9
Gjöld alls	15,0	11,6

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-6.901	-19.598
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-8.731	-12.850
Afborganir lána	-22.214	-22.697
Br. lánsfjárfjöfnuður	-41.569	-42.297
Lántökur	36.668	50.237
Greiðsluafkoma	-4.900	7.940


Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- október	8,1	2,4
Kjarnaverðb.- október	9,7	2,6
Launavísitala - september	9,1	5,8
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás. velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi - september	1,0	2,2



21. nóvember 2002

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins. Tölurnar eru ekki samanburðarhæfar við fjárlög sem eru sett fram á rekstrargrunni en gefa þó vísbendingu um hvert stefnið á árinu í heild.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 14,4 milljarða króna samanborið við 1,2 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Þessi breyting var að mestu séð fyrir í greiðsluáætlun ársins sem gerði ráð fyrir 10,8 milljarða neikvæðri stöðu. Frávikið má alfarið rekja til minni tekna af sölu eigna en áætlað var.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 191 milljarði króna og hækkuðu um 9,5 milljarða frá fyrra ári, eða um rúmlega 5%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka mun minna, eða um 3,3%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu eigna á þessu tímabili. Á sama tíma hækkaði vísitala neyslulverðs um 5,8% og launavísitalan um 7,5%. Áfram gæti því nokkurs samdráttar í tekjuþróun og þar með í þjóðarútgjöldum. Tekjutölur síðustu mánaða sýna hins vegar að samdrátturinn fer minnkandi eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti.

Skattlagning áfengis innan ESB

Undanfarið hefur nokkuð verið fjallað um það, í fjölmiðlum á Íslandi og í Noregi, að ESB sé að undirbúa löggjöf um hámarksskatta á áfengi innan bandalagsins. Í því sambandi hafa menn velt fyrir sér beinum og óbeinum áhrifum slíks fyrir Ísland og Noreg, vegna aðildar þessara landa að EES-samningnum.

Nú er í gildi innan ESB [tilskipun](#) sem mælir fyrir um lágmarksskatta á áfengra drykki, mismunandi eftir tegundum. Þar er um að ræða tiltekna fjárhæð sem ekki hefur verið breytt í nokkur ár og hefur því í reynd ekki veruleg áhrif á skattlagningu áfengis innan ESB. Í tilskipuninni er ekki vikið að hámarki gjaldtökkunar. Nú er það hins vegar til skoðunar innan framkvæmdastjórnar ESB hvort rétt sé að setja þak á skattlagningu áfengis, m.a. með það að markmiði að líða fyrir viðskiptum innan bandalagsins. Ekki er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin kynni afstöðu sína í þessum efnum fyrr en á næsta ári og þá annað hvort í formi almennrar skýrslu eða tillagna til ráðs ESB um að setja tilskipun um málið. Sem innlegg inn í þessa umræðu hefur framkvæmdastjórnin m.a. látið vinna yfirgripsmikla [skýrslu](#) um skattlagningu áfengra drykkja og samkeppni á milli einstakra flokka þeirra og er unnt að nalgast hluta hennar á heimasíðu bandalagsins.

Framangreind tilskipun og umræddar hugmyndir um hámarksskatt byggja á 93. gr. Rómarsáttmálans þar sem fjallað er um heimildir ráðs ESB til þess að setja reglur um veltuskatta, vörugjöld og aðra óbeina skatta, að því marki sem slíkt er talið nauðsynlegt til að tryggja virkni innri markaðarins. Áskilið er að öll aðildarríkin samþykki slíka reglusetningu. Þetta ákvæði er eitt af þeim

ákvæðum sem lúta að skattasamræmingu ESB á sviði óbeinna skatta en það er hins vegar ekki hluti EES-samningsins.

Ef niðurstaðan verður sú að ESB setji samræmdar reglur um það hámarksgjald sem heimilt sé að leggja á áfengra drykki myndi það vafalítið hafa áhrif á umræður um skattlagningu áfengis hér á landi. Það verður hins vegar ekki séð að samningsskuldbindingar samkvæmt EES- samningnum feli í sér að íslensk stjórnvöld væru skuldbundin til þess að breyta skattlagningu áfengis til samræmis.

Ný spá OECD um Ísland

Í dag verður birt [ný spá](#) OECD um þróun efnahagsmála í aðildarríkjunum á árunum 2002-2004, þar á meðal á Íslandi. Spáin fyrir Ísland er í meginatriðum samhljóða spá fjármálaráðuneytisins fyrr í haust. Þannig er ekki spáð hagvexti í ár en 1¼% hagvexti á næsta ári, ívið herra en ráðuneytið spáði. Árið 2004 er síðan spáð tæplega 4% hagvexti enda gerir OECD ráð fyrir að þá verði hafnar virkjunarframkvæmdir vegna byggingar álfers. Verðbólgu spá OECD er af þessum sökum heldur hærri en spá ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir heldur meira atvinnuleysi en í síðustu spá ráðuneytisins. OECD spár enn fremur að vextir muni halda áfram að lækka á næstu mánuðum en geti síðan hækkað lítils háttar vegna virkjunarframkvæmdanna á árinu 2004. Staða opinberra fjármála er áfram talin verða í jafnvægi öll þessi ár, en lítils háttar halli er talinn verða á viðskiptajöfnuði árið 2004 vegna virkjunarframkvæmdanna.

Spá OECD um Ísland

Magnbreytingar, %	2002	2003	2004
Einkaneysla	-1,0	1,2	2,3
Samneysla	3,0	2,0	3,1
Fjárumamyndun	-14,6	2,1	13,0
Þjódarútgjöld alls	-3,3	1,5	4,6
Útflutningur vöru og þjónustu	5,0	4,2	5,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-3,0	4,0	8,0
Landsframleiðsla	0,0	1,7	3,7
Neyslulverðvísitala, %	5,2	2,8	2,8
Atvinnuleysi, % af mannafla	2,8	2,8	2,3
Afkomu hins opinbera % af VLF	0,3	0,0	0,3
Viðskiptajöfnuður % af VLF	-0,1	-0,2	-1,2

Hvað þróunina á alþjóðavettvangi varðar er meginniðurstaða spárinnar að efnahagsbatinn verði hægfara þegar á heildina er lítið. Þróunin í upphafi þessa árs hafi reyndar lofað góðu, einkum í Bandaríkjunum, en síðan hafi slegið í bakseglin. Helstu orsakir eru taldar meiri svartýni á markaðnum, meðal annars í kjölfar ýmissa hneykslismála og gjaldþrota fyrirtækja, áframhaldandi lækkunar á hlutabréfamörkuðum og óvissu vegna ástandsins í Mið-Austurlöndum.

Hagvaxtar spár fyrir árin 2002 og 2003 hafa því í flestum tilvikum verið lækkaðar frá fyrri spám. Þetta á einkum við um Evrópusambandsríkin en þar er nú spáð innan við 1% hagvexti í ár og tæplega 2% hagvexti næsta ár. Atvinnuleysi er talið munu aukast, úr 7½% í ár í tæplega 8% á næsta ári. Verðbólga er hins vegar talin lækka lítillega, úr 2¼% í ár í 2¼% næsta ár. Sérstaklega er varað við versnandi stöðu opinberra fjármála en stofnunin spár um 2% halla næstu tvö árin verði ekkert að gert.

Staða Bandaríkjanna er talin mun sterkari. Þar er spáð allt að 2½% hagvexti bæði í ár og næsta ár og 3½% hagvexti árið 2004. Áfram er spáð litilli verðbólgu, eða innan við 2% allt þetta tímabil. Atvinnuleysi er hins vegar talið geta aukist nokkuð og verða um 6% að jafnaði þessi þrjú ár. Staða opinberra fjármála hefur hins vegar versnað og spáð er nálægt 3% halla allt tímabilið 2002-2004.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október			
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-	
%	2001	2002	
Skatttekjur alls	7,3	3,3	
Tekjuskattar	21,2	2,1	
Tryggingagjöld	11,4	7,6	
Eignarskattar	9,8	0,4	
Veltuskattar	-0,5	3,4	
Tekjur alls	7,4	5,2	

Gjöld ríkissjóðs janúar-október			
12 mánaða breytingar	2000-	2001-	
%	2001	2002	
Almenn mál	4,6	18,0	
Félagsmál	15,9	12,4	
Atvinnumál	16,9	3,7	
Vaxtagjöld	8,4	6,7	
Önnur útgjöld	46,3	3,2	
Gjöld alls	15,2	10,6	

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1.227	-14.398
Hr. lánsfjárfundur	-2.115	-7.346
Afborganir lána	-22.294	-28.557
Br. lánsfjárfundur	-35.660	-43.403
Lántökur	64.105	43.464
Greiðsluafkoma	28.448	61

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - október	8,1	2,4
Kjamaferð - október	8,4	3,8
Launavísitala - október	9,1	5,9
Heildarvelta jan-júní	10,3	5,9
Smás. velta jan-júní	4,1	5,9
Atvinnuleysi - október	2,2	2,5



28. nóvember 2002

Endurskoðuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Mánudaginn 2. desember nk. mun fjármálaráðuneytið birta endurskoðaða þjóðhagsspá fyrir árin 2002-2003 auk þess sem birt verður fyrsta spá þess fyrir árið 2004.

Af þessu tilefni er rétt að vekja athygli á því að ráðuneytið hefur að undanfögnu haft ýmis atriði til skoðunar varðandi umfjöllun, framsetningu og birtingu efnis um stöðu og horfur í efnahagsmálum. Þetta á bæði við um efnislega umfjöllun um ýmsa þætti efnahagsmála og reglubundna birtingu talnlegs efnis. Þótt þessi mál verði eðlilega í stöðugri þróun hafa ákveðnar meginlínur þegar verið markaðar.

Þannig er áformað að birta tvisvar á ári, vor og haust, ítarlega umfjöllun um framvindu og horfur í efnahagsmálum. Í þessum skýrslum verður sú breyting gerð frá fyrri tilhögun að birta jafnan spár sem næst tvö ár fram í tímann. Spámar verða endurskoðaðar með reglulegu millibili. Þess á milli er stefnt að því að birta jafnt almennar greinargerðir sem sérstakar athuganir á ýmsum þáttum þjóðarbúskaparins. Þá verða birtar upplýsingar um þróun helstu hagstærða efnahagslífsins reglulega á vefsíðu fjármálaráðuneytisins jafnharðan og nýjar tölur liggja fyrir, jafnt á myndrænu sem tölulegu formi, þannig að allir geti nýtt sér þær talnalegu upplýsingar sem liggja að baki. Öll þessi atriði miða að því að gera starfsemi ráðuneytisins á þessu sviði eins skýra og gegnsæa og unnt er og stuðla þannig að opnari umræðu um almenn efnahagsmál, forsendur þjóðhagsspár o.fl.

Reglugerðir Evrópusambandsins um ríkisaðstoð

Í 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið kemur fram sú meginregla að óheimilt er að veita ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur undanfarin ár gefið út leiðbeinandi reglur um form og efnisreglur í tengslum við ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur jafnöldum tekið þessar reglur upp og lagad þær að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Síðustu misseri hefur framkvæmdastjórnin unnið að því að koma köflum úr þessum leiðbeinandi reglum í fastara form með útgáfu reglugerða. Á síðasta ári gaf framkvæmdastjórnin út þrjár reglugerðir sem mæla fyrir um háþundnaþágur frá meginreglu 61. gr. EES um bann við ríkisaðstoð. Nánar tiltekið er um að ræða reglugerð um aðstoð til starfsmenntunar, reglugerð um lágmarksaðstoð og reglugerð um aðstoð til lítilla og meðalstóra fyrirtækja.

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í þessum reglugerðum er heimilt að veita ríkisaðstoð á þeim sviðum sem reglugerðirnar ná til. Í reglugerðunum eru sett ákveðin mörk sem hlutfall ríkisaðstoðar má ekki fara yfir í viðkomandi tilviki. Ráðast þau mörk af ýmsum þáttum, t.a.m. af stærð fyrirtækis eða landfræðilegri staðsetningu.

Umræddar þrjár reglugerðir voru teknar, með stjórnskipulegum fyrirvara, inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í lok júní. Er gert ráð fyrir að búið verði að ganga frá innleiðingu reglugerðanna hér á landi fyrir lok ársins. Framkvæmdastjórn ESB mun vinna áfram að því að gefa út reglugerðir sem koma í stað ýmissa efnisatriða í hinum leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð. Hefur framkvæmdastjórnin í því skyni unnið drög að reglugerð um ríkisaðstoð til atvinnuþróunar.

Kynslóðareikningar


Hagfræðistofnun hefur um nokkurt árabil unnið svokallaða kynslóðareikninga fyrir Ísland. Þessir reikningar sýna hvernig skattgreiðslur og framlög frá hinu

opinbera dreifast á einstaklinga og gefa visbendingu um hvort efnahagsstefna stjórnvalda ívilnar núlifandi kynslóðum eða kynslóðum framtíðarinnar.

Í fyrra voru í fyrsta sinn birtar tölur sem byggðu á nýrri aðferðafræði í samræmi við það sem tíðkast í Evrópusambandslöndunum. Nýjungin fölst í því að nota auðskiljanlegri mælikvarða á jafnvægi milli núlifandi kynslóða og framtíðarkynslóða en áður. Annars vegar er stuðst við beinar skuldir hins opinbera sem birtast í opinberum hagköstum og hins vegar við óbeinar skuldir/eignir (eða öllu heldur kerfis-skuldir/eignir) sem geta myndast í framtíðinni vegna skatta- og útgjaldastefnu hins opinbera.

Kynslóðaleiðréttar skuldir/eignir hins opinbera eru samtala beinna og óbeinna skulda og segja til um hve langt hið opinbera er frá því að ná jafnvægi milli kynslóða. Ef skuldir/eignir eru fyrir hendi er núverandi efnahagsstefna stjórnvalda ekki í jafnvægi og grípa þarf til aðgerða til þess að jafna aðstöðu kynslóðanna. Ef um skuldir er að ræða þarf að hækka skatta (eða lækka útgjöld) en ef eignir eru til staðar gefur það svigrúm til að lækka skatta (eða auka útgjöld).

Kynslóðaleiðréttar skuldir (% af VLF)



Nú liggja fyrir niðurstöður kynslóðareikninga fyrir árið 2000. Samkvæmt þeim voru beinar skuldir hins opinbera 36% af vergri landsframleiðslu, óbeinar skuldir voru hins vegar neikvæðar um sem svaraði til 80% af landsframleiðslu og kynslóðaleiðréttar skuldir í heild því neikvæðar um 44% af landsframleiðslu. Þessir útreikningar staðfesta fyrri niðurstöður um að frá árinu 1994 hafi þróunin verið komandi kynslóðum í hag. Þetta má fyrst og fremst rekja til lækkunar á óbeinum skuldum þar sem eignastaðan varð jákvæð árið 1996 og til minnkandi beinna skulda hins opinbera.

% af VLF	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Beinar skuldir	42	44	43	40	39	33	36
Óbeinar skuldir	78	28	-6	-40	-55	-89	-80
Kynslóðaleiðréttar skuldir	120	72	38	0	-16	-56	-44

Þessar niðurstöður sýna hins vegar að sú þróun hefur stöðvast og að hluta snúist við. Hrein skattbyrði framtíðarkynslóða er samt enn mun minni en núlifandi kynslóða, þ.e. framtíðarkynslóðir eru mun betur settar en núlifandi kynslóðir samkvæmt þessum útreikningum. Hvernig má þá skýra þennan viðsnúning? Að mestu leyti með því að óbeinar eignir minnkuðu milli árana 1999 og 2000 á sama tíma og beinar skuldir hins opinbera jukust úr 33% í 36% af landsframleiðslu. Hagsveiflan skýrir að mestu leyti þessar breytingar enda fór á árinu 2000 þó nokkuð að draga úr því góðæri sem hafði ríkt hér á landi frá árinu 1994.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	7,3	3,3
Tekjuskattar	21,2	2,1
Tryggingagjöld	11,4	7,6
Eignarskattar	9,8	0,4
Veltuskattar	-0,5	3,4
Tekjur alls	7,4	5,2


Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,6	18,0
Félagsmál	15,9	12,4
Atvinnumál	16,9	3,7
Vaxtagjöld	8,4	6,7
Önnur útgjöld	46,3	3,2
Gjöld alls	15,2	10,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-október		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1.227	-14.398
Hr. lánsfjárfnuður	-2.115	-7.346
Alborganir lána	-22.294	-28.557
Br. lánsfjárfnuður	-35.660	-43.403
Lántökur	64.105	43.464
Greiddsluafkoma	28.448	61

Ýmsar helstu hagþölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- október	8,1	2,4
Kjarnaverðb.l.- október	8,4	3,8
Launavísitala - október	9,1	5,9
Heildarvelta jan-ágúst	12,3	3,2
Smás.velta jan-ágúst	6,1	6,2
Atvinnuleysi - október	2,2	2,5



Innflutningur án skipa og flugvéla Staðvört m.v. gengi



Innflutningur í nóvember

Innflutningur virðist hafa náð jafnvægi aftur eftir mikinn samdrátt sem hófst um mitt ár í fyrra og stóð fram undir mitt þetta ár ef marka má bráðabirgðatölur um innflutning metinn út frá innheimtu virðisaukaskatts.

Nýjstu tölur sýna að innflutningur í nóvember, án skipa og flugvéla, virðist svipaður að raungildi og í nóvember í fyrra. Sama gildir raunar um innflutning allt frá miðju mári sem hefur lítið breyst frá fyrra ári eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti. Þessi þróun endurspeglar í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem gerir ráð fyrir að innflutningur muni aukast á næsta ári eftir líðlega 12% samdrátt undanfarin tvö ár.

Fjárlög fyrir árið 2003

Þótt nokkrar breytingar hafa orðið á áformum fjárlaga fyrir árið 2003 frá því sl. haust, þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram, er heildarafkoman í meginatriðum óbreytt þar sem tekjur og gjöld hækka um svipaðar fjárhæðir.

Þannig hækka heildartekjur ríkissjóðs um rúmlega 7½ milljarð króna. Þar skiptir mestu að áætlun um tekjuskatt lögaðila hefur verið hækkuð talsvert sem einkum má rekja til þess að niðurstæða skattálagningar vegna rekstrarársins 2001 sem lá fyrir í október sl. reyndist mun hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Ennfremur virðast afkomuhorfur fyrirtækja á árinu 2002 betri en áður var talið. Þá hefur áætlun um tekjur af sölu eigna verið hækkuð um 1,8 milljarða króna vegna áförmu um sölu ríkisbankanna. Tekjuskattur einstaklinga er hins vegar talinn skila heldur minni tekjum en áður var áætlað, bæði vegna heldur meira atvinnuleysis og minni hækkunar tekna og eins vegna ákvörðunar um að hækka persónuafslátt um 0,4%. Útgjöld ríkissjóðs eru talin hækka um líðlega 6½ milljarð króna. Þar veða aukin útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála þyngst, m.a. vegna sérstakra aðgerða í þágu aldrafólks. Auk þess hækka útgjöld til menntamála og félagsmála nokkuð frá áætlun fjárlagafrumvarps.

Að öllu samanlögðu er afgangur á ríkissjóði árið 2003 þannig talinn verða um 11½ milljarð króna, eða sem nemur 1,4% af landsframleiðslu. Tekjuafgangur að frátöldum tekjum af sölu eigna er talinn verða rétt líðlega 1½ milljarður króna. Lánsfjárafgangur er hins vegar talinn verða mun meiri, eða um 24 milljarðar króna, en þar gætir meðal annars áhrifa af sölu ríkiseigna. Þetta verður að teljast viðunandi niðurstaða, ekki síst í ljósi þess samdráttar

sem gætt hefur í efnahagslífnum að undanförmu en hann hefur bæði skert tekjur ríkissjóðs og valdið auknum útgjöldum, m.a. til atvinnuleysisbóta.

Verðbólga og skuldir heimilanna

Af og til sprettur upp umræða um að einhver tiltekin verðbreyting hafi svo og svo mikil áhrif á skuldir heimilanna. Nýjasta tilvikið tengist nýlegum ákvörðunum um að hækka gjald á tóbaki og sterku áfengi en að mati fjármálaráðuneytisins er talið að það leiði til tæplega 0,3% hækkunar á vísitölu neysluverðs. Þessi hækkun mun að mestu, ef ekki öllu leyti, koma fram í verðmælingu strax nú í desember.

Ekki er deilt um þessa verðútreikninga í sjálfu sér nema hvað hugsanlegt er talið að áhrifin geti orðið minni. Það er hins vegar fráleitt að halda því fram að þessi hækkun leiði til hliðstæðrar hækkunar á skuldum heimilanna og greiðslubyrði lána með þeim hætti sem gert hefur verið m.a. af hálfu Alþýðusambands Íslands.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að hafa í huga að þessar gjaldhækkningar hækka neysluverðsvísitöluna til skamms tíma en hafa hvorki áhrif á undirliggjandi verðbólgu né verðlagsþróun til lengri tíma lítið. Þrátt fyrir þessa hækkun má gera ráð fyrir að verðbólga verði undir verðlagsmarkmiðum Seðlabankans næstu tvö ár. Þá má benda á að gjaldhækkningar treysta afkomu ríkissjóðs og þannig stuðla að auknum stöðugleika í efnahagslífinu sem aftur mun hamla gegn verðbólgu. Loks er rétt að minna á að efnahagsreikningur heimilanna samanstendur ekki einungis af skuldum heldur líka eignum sem líka taka verðbreytingum.

Stiglækkandi fyrningar

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattaðila gert skylt að nota línulegar fyrningar en með línulegri fyrningar eru einstakar eignir fyrmdar með sama hundradshluta af upphaflegu stofnverði (fyrningarverði) þar til niðurlagsverði er náð eða eignarnar fullfyrndar. Fram til yfirstandandi tekjuárs hafa fyrningargrunnur og fengnar fyrningar verið endurmetnar með verðbreytingarstuðli hvers árs en með l. nr. 133/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt o.fl., voru verðbólguleiðréttingar afnumdar.

Ráðuneytið hefur verið að skoða fyrningaraðferðir hjá ýmsum ríkjum innan OECD og eru línulegar fyrningar algengastar en einnig eru mjög víða notaðar stiglækkandi fyrningar. Með stiglækkandi fyrningum er fyrning reiknuð af eftirstöðvum bókfærðs verðs hverju sinni þannig að fjárhæð fyringa lækkar árlega og fyrning verður endalaus nema annað komi til. Mörg ríki sem eru með stiglækkandi fyrningar í skattskilum bregðast við þessu með því að heimila að fyrna í einu lagi fyrningargrunnin þegar hann er kominn í tiltekna lágmarksfjárhæð. Einnig er unnt að heimila fyrningu niður í tiltekni niðurlagsverði.

Sem dæmi um ríki sem styðjast við stiglækkandi fyrningar eru Noregur og Finnland. Þá hafa ríki eins og Danmörk, Frakkland, Holland, Írland, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland bæði stiglækkandi fyrningar og línulegar fyrningar en Bretland, Ítalía og Austurríki styðjast einvörðungu við línulegar fyrningar líkt og Ísland.

Almennt virðast ríki sem heimila stiglækkandi fyrningar einnig beita línulegum fyrningum og þá á eignir sem hafa mjög langan líftíma t.d. mannvirki en stiglækkandi fyrningar eru þá notaðar á vélar og tæki. Fyrningarhlutföll í stiglækkandi fyrningum eru almennt nokkuð hærri en þegar notaðar eru línulegar fyrningar þannig að fyrningarfrádráttur er hærri fyrstu árin en fer síðan lækkandi.

12 mánaða breytingar,	2000-	2001-		
%	2001	2002	2001	2002
Skatttekjur alls	7,3	3,3		
Tekjuskattar	21,2	2,1		
Tryggingagjöld	11,4	7,6		
Eignarskattar	9,8	0,4		
Veltuskattar	-0,5	3,4		
Tekjur alls	7,4	5,2		

12 mánaða breytingar	2000-	2001-		
%	2001	2002	2001	2002
Almenn mál	4,6	18,0		
Félagsmál	15,9	12,4		
Atvinnumál	16,9	3,7		
Vaxtagjöld	8,4	6,7		
Önnur útgjöld	46,3	3,2		
Gjöld alls	15,2	10,6		

M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1.227	-14.398
Hr. lánsfjárfönuður	-2.115	-7.346
Alborganir lána	-22.294	-28.557
Br. lánsfjárfönuður	-35.660	-43.403
Lántökur	64.105	43.464
Greiðsluafkoma	28.448	61

12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - október	8,1	2,4
Kjarnaverðb. I. - október	8,4	3,8
Launavísitala - október	9,1	5,9
Heildarvelta jan-ágúst	12,3	3,2
Smás. velta jan-ágúst	6,1	6,2
Atvinnuleysi - október	2,2	2,5



12. desember 2002

Aherslumunur í þjóðhagsspám

Endurskoðuð þjóðhagsspa fjármálaráðuneytisins er í meginatriðum svipuð haustspánni og grundvallarforsendur eins og laun og verðlag nánast þær sömu og í fyrri spá. Sama á að flestu leyti við um nýlega spá Seðlabankans. Þó má greina marktækan mun í einstökum stærðum, sérstaklega hvað varðar atvinnuleysi. Í spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að það verði að meðaltali 2¼% 2003 en Seðlabankinn reiknar með 3¼%. Skýringin á þessum mun liggur m.a. í mismunandi launa- og verðlagsforsendum sem leiðir af sér mismunandi vöxt raunlauna og landsframleiðslu. Einnig þarf að hafa í huga að minnkandi eftirspurn á vinnurmarkaði veldur því að hluti fólks fer af markaðnum a.m.k. um stundar sakir ýmist í skóla eða til útlanda. Þetta fólk er eðli máls samkvæmt ekki skráð atvinnulaust. Þetta atriði endurspeglar einfaldlega sveigjanleika íslenska vinnurmarkaðarins.


Samanburður á síðustu þjóðhagsspám

%	Fjármála- ráðuneytið	Seðlabanki Íslands	Mismunur
Hagvöxtur	1¼	1½	¼
Atvinnuleysi	2¼	3¼	-½
Launabreyting	4¼	4	¼
Verðbólga	2¼	2½	-¼
Breyting raunlauna	2	1½	½

Afgangur á viðskiptajöfnuði 2002?

Samkvæmt nýbirtum tölum frá Seðlabanka Íslands var viðskiptajöfnuður gagnvart útlöndum fyrstu níu mánuði ársins jákvæður um 2,6 milljarða króna. Þetta eru gríðarleg umskipti frá síðasta ári en þá var á sama tíma 36 milljarða halli. Þessi umskipti koma ekki alls kostar á óvart þar sem tölur um vöruskiptajöfnuð það sem af er þessu ári hafa sýnt sams konar þróun. Hins vegar sýna tölurnar nokkuð aðra og reyndar heldur hagstæðari mynd en almennt hefur verið gert ráð fyrir, m.a. í endurskoðaðri þjóðhagsspa fjármálaráðuneytisins sem birt var í byrjun þessa mánaðar.

Viðskiptajöfnuður eftir ársfjórðungum, milljarðar kr.



Lítum fyrst á vöruskiptajöfnuðinn. Nú liggja fyrir tölur til októberloka sem sýna 12 milljarða króna afgang. Jafnframt liggja fyrir bráðabirgðatölur um innflutning í nóvember. Samkvæmt þessum tölum er útilit fyrir að vöruskiptajöfnuðurinn geti orðið ívið hagstæðari en gert var ráð fyrir í spá ráðuneytisins, eða sem nemur 2-3 milljörðum króna.

Þjónustujöfnuður, án þáttatekna, gæti hins vegar orðið nokkuð óhagstæðari en spáð var miðað við tölur fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Á móti vegur að

jöfnuður þáttatekna, þ.e. launatekjur, vextir og arður af eignum Íslendinga í útlöndum að frádregnum vaxtagreiðslum af erlendum skuldum, gjöldum vegna arðgreiðslna af eignum útlendinga hérlandis og launatekjum erlendra einstaklinga hér á landi, hefur verið mun hagstæðari það sem af er árinu en undanfarin ár. Jöfnuður þáttatekna var þannig neikvæður um 12,5 milljarða fyrstu níu mánuði ársins en var neikvæður um 22,5 milljarða á sama tíma í fyrra. Þessi breyting stafar einkum af minni vaxtagreiðslum en þær eru langstærsti liður þáttatekna. Það verður að teljast afar hæpið að þessi liður verði neikvæður um 25 milljarða króna fyrir árið í heild eins og gert var ráð fyrir í síðustu spá. Styrking gengis íslensku krónunnar á síðasta ársfjórðungi, en hún er rúmlega 10% frá sama tíma í fyrra, mun hafa jákvæð áhrif á jöfnuð þáttatekna og sama gildir um vaxtalækkunar erlendis.

Að öllu samanlögðu gæti því orðið nokkurra milljarða króna afgangur á viðskiptajöfnuði árið 2002 í stað halla eins og spáð hefur verið. Það yrði í fyrsta skipti frá árinu 1995 sem viðskiptajöfnuður yrði jákvæður miðað við heilt ár.

Milliverðlagning

Hugtakið milliverðlagning (transfer pricing) heyrir æ oftast í umræðum manna í alþjóðlegu samhengi. Með því er verið að vísa til þess hvernig tengd fyrirtæki, t.d. móður- og dótturfélög, verðleggja vörur og þjónustu sín á milli. Samkvæmt íslenskum skattalögum og tvísköttunarsamningum ber að haga verðlagningu í viðskiptum á milli skyldra aðila eins og um óskylda aðila væri að ræða. Ef aðili móttækur verðmæti á óeðlilega lágu verði ber honum að greiða tekjuskatt af mismuni kaupverðs og gangverðs. Í lögum er þó ekki að finna nákvæm ákvæði um þetta efni, en OECD hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig finna eigi eðlilegt verð í viðskiptum skyldra aðila. Rauði þráðurinn í þeim reglum er að vera þá sama og í sambærilegum viðskiptum á milli óskyldra aðila.

Þegar um er að ræða fjölþjóðafyrirtæki með starfsemi í mörgum löndum aukast líkur á að fyrirtæki noti óeðlilega milliverðlagningu til að minnka skattstofna í löndum með hátt skatthlutfall og auka þá að sama skapi í löndum með lægra skatthlutfall. Þetta geta fyrirtæki sem greiða háan skatt til dæmis gert með því að kaupa vörur eða þjónustu af skyldu félagi á övenju háu verði. Þessi kaup eru þá færð til gjalda hjá félaginu og tekjuskattstofninn þannig minnkaður. Oft er hægt að skoða á hvaða verði aðili selur þjónustu eða vörur til óskyldra aðila og finna þannig eðlilegt markaðsverð en þessu verður þó ekki alltaf við komið. Þá hafa sum lönd komið sér upp gagnabanka með upplýsingum um markaðsverð á vörum og þjónustu og leita í hann þegar meta á hvort verð telst eðlilegt.

Á undanförmum árum hafa augu skattýfirvalda í Evrópu og Bandaríkjunum beinst að þessu viðfangsefni í síauknum mæli og hafa víða verið lögleiddar sérstakar reglur um milliverðlagningu. Flest OECD ríki hafa hlidsjón af leiðbeiningarreglum OECD en framkvæmd þeirra er engu að síður misjöfn eftir löndum. Mismunandi framkvæmd getur haft í för með sér óeðlilega skiptingu skattstofna á milli ríkja eða tvísköttun fyrir fyrirtæki. ESB hefur nú tekið málið til athugunar og hefur sérstaki nefnd verið komið á laggrinnu til að skoða málið. Meginhlutverk nefndarinnar er að samræma beitingu reglna um milliverðlagningu innan ESB og stuðla þannig að betri virkni innri markaðarins. Árið 1998 voru lögleidd í Danmörku ákvæði um milliverðlagningu. Af ákvæðum laganna leiðir að fjölþjóðafyrirtæki þurfa að skila inn gögnum um það hvernig milliverð er fundið í viðskiptum við skylda aðila. Í Svíþjóð ber aðilum að skila inn sambærilegum upplýsingum en að öðru leyti hafa sérstakar reglur um milliverðlagningu ekki enn verið leiddar í lög þar. Finnland og Noregur hafa þessar reglur einnig til skoðunar. Ljóst er að aukin alþjóðavæðing íslensks viðskiptalífs kallar á að frekar verði hugað að milliverðlagningu milli skyldra aðila.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	7,3	3,3
Tekjuskattar	21,2	2,1
Tryggingagjöld	11,4	7,6
Eignarskattar	9,8	0,4
Veltuskattar	-0,5	3,4
Tekjur alls	7,4	5,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,6	18,0
Félagsmál	15,9	12,4
Atvinnumál	16,9	3,7
Vaxtagjöld	8,4	6,7
Önnur útgjöld	46,3	3,2
Gjöld alls	15,2	10,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-október		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1.227	-14.398
Hr. lánsfjárföfnuður	-2.115	-7.346
Alborganir lána	-22.294	-28.557
Br. lánsfjárföfnuður	-35.660	-43.403
Lántökur	64.105	43.464
Greiddsluafkoma	28.448	61

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga – desember	8,6	2,0
Kjarnaverðb. I. – desember	9,3	2,8
Launavísitala – október	9,1	5,9
Heildarvelta jan-ágúst	12,3	3,2
Smás. velta jan-ágúst	6,1	6,2
Atvinnuleysi – október	2,2	2,5



19. desember 2002

Greiðsluafkoma ríkissjóðs til nóvemberloka

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs til nóvemberloka. Töflurnar hér á eftir sýna sjóðhreyfingar og eru sambærilegar við almenn sjóðstremis-yfirlit. Þær eru hins vegar ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Tölurnar endurspeglar í meginatriðum þá niðurstöðu fjárlaga ársins sem gerði ráð fyrir að staða ríkissjóðs myndi veikjast vegna samdráttar í þjóðarútgjöldum. Þannig var handbært fé frá rekstri neikvætt um 18,1 milljarð króna samanborið við 4,2 milljarða króna neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 8,1 milljarð króna í stað 18,5 milljarða neikvæðrar stöðu í fyrra. Þar munar mestu um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands í júní sl. en innstreymi vegna hlutfjárðsölu nam um 5 milljörðum króna. Auk þess hækkuðu innheimtar afborganir um 2,9 milljarða króna frá sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 206,5 milljörðum króna og hækkuðu um 10,1 milljarð frá fyrra ári, eða um rúmlega 5%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka mun minna, eða um 3½%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu eigna á þessu ári. Þótt hækking skattteknna sé heldur meiri en síðasta uppgjör sýndi stafar það fyrst og fremst af meiri innheimtu tekjuskatts lögaðila enda reyndist álagning vegna ársins 2001, sem kemur til innhjúfing á síðustu mánuðum þessa árs og fyrstu mánuðum næsta árs, mun hærri en áætlað hafði verið. Flestir aðrir tekjuliðir sýna minni hækking milli ára en í síðasta uppgjöri. Það gildir um tekjuskatt einstaklinga, tryggingargjald og virðisaukaskatt sem hafa dregist saman að raungildi milli ára. Þetta sýnir að þótt samdráttur í þjóðarútgjöldum sé ekki eins mikill og hann var er hann enn til staðar.

Heildarútgjöld ríkissjóðs námu 221,4 milljörðum króna og hækka um 21 milljarð frá fyrra ári, eða um 10½%. Útgjöld til félagsmála námu 137,4 milljörðum króna, eða 62% af heildarútgjöldunum. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála, sem námu 56,4 milljörðum króna og hækka um 6,7 milljarða frá fyrra ári. Greiðslur til almennatrygginga námu rúmlega 44 milljörðum króna og hækka um tæplega 5 milljarða. Greiðslur til atvinnamála, einkum landbúnaðar- og samgöngumála, voru tæplega 33 milljarðar króna og hækkuðu um líðlega 1 milljarð frá fyrra ári. Loks hækkuðu vaxtagreiðslur um 1 milljarð króna milli ára, úr 16½ í 17½ milljarð.

Hlutur kvenna á vinnumarkaði fer vaxandi


Á undanförmum árum hefur þátttaka kvenna á vinnumarkaðnum farið vaxandi. Þetta á bæði við um konur á aldrinum 25-54 ára þar sem þátttaka í atvinnulífni er tiltölulega stöðug og einnig hjá konum sem eru eldri en 55 ára þar sem atvinnuþátttaka hefur vaxið mjög ört á allra síðustu árum eftir nokkra lægð en hún hefur þó enn ekki náð þeim gildum sem voru hæst. Hjá fólki á aldrinum 16-24 ára er atvinnuþátttaka kynjanna því sem næst hin sama. Minni atvinnuþátttaka fólks á þessum aldri frá árinu 2000 er hins vegar ein meginbreytingin sem nú gengur yfir á vinnumarkaðnum.

Á sama tíma og meðalvinnutími karla hefur heldur verið að dragast saman hefur hann verið að aukast hjá konum. Afleiðing þessa er að hlutur kvenna í vinnumagni sem unnið er í þjóðfélaginu hefur farið mjög vaxandi. Með ályktunum sem hægt er að draga af vinnumarkaðsskönnunum Hagstofu Íslands var hlutur kvenna í atvinnu innan við 35% árið 1991 en í síðustu vinnumarkaðsskönnun var hann 39%. Hann hefur vaxið hraðast á síðustu tveimur árum þegar vinnutími og atvinnuþátttaka karla hefur farið minnkandi en sömu stærðir hafa vaxið hjá konum. Þó sýndi könnunin í nóvember sl. aukningu í meðalvinnutíma karla en minnkun hjá konum. Þetta breytir þó ekki þeirri meginniðurstöðu sem kannanir undanfarna ára benda til.

Hægt er að nota gögn úr vinnumarkaðsskönnunum Hagstofunnar til að meta heildarvinnuafkomu sem unnið er hér á landi og hvernig það hefur þróast. Á

myndinni er sýnd vísitala vinnumagns sem reiknuð er út frá gögnum um fjölda þeirra sem voru við vinnu í viðkomandi könnun (þeir sem voru veikir, í leyfi eða af öðrum orsökum fjarverandi frá vinnu eru ekki taldir með) og meðalfjölda vinnustunda í viku sem þessi hópur vann. Samkvæmt þessum upplýsingum var vinnuafkoma í nóvember 16,5% meira en í apríl 1994. Á myndinni má sjá að vinnuafkoma hefur aukist frá því í apríl í ár en hafði áður dregist saman frá toppnum í apríl árið 2000. Vinnuafkoma sem karlar inna af hendi hefur aukist um 12% á þessu tímabili en kvenna um 24%. Það er sérstaklega athyglisvert að vinnuafkoma kvenna hefur ekki orðið fyrir sams konar samdrætti og má sjá hjá körlum á þessu tímabili.

Vísitala vinnumagns



Verðlagning upplýsinga

Opinberar upplýsingar eru grundvöllur margs konar verðmætasköpunar. Nýlegar erlendar rannsóknir benda til þess að mikill þjóðhagsleg ávinningur sé af því að stilla verðlagningu opinberra upplýsinga í hóf og auðveldla aðgengi að þeim. Með hliðsjón á þessu skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að móta almenna stefnu um verðlagningu opinberra upplýsinga.

Tillögur nefndarinnar liggja nú fyrir. Meðal annars leggur nefndin til að sett verði lög sem byggja á þeirri meginreglu að verðlagning opinberra upplýsinga taki mið af frjálsum aðgengi allra aðila gegn sanngjörnum þjónustugjöldum. Samhliða verði opinberar upplýsingar skilgreindar sem eign almennings og óheimilt að krefjast gjalds umfram kostnað við að framreiða, afrita eða dreifa upplýsingum. Ríkisstjórnin hefur jafnframt samþykkt að vinna við gerð lagafrumvarps sem byggir á niðurstöðum nefndarinnar verði hafin.

Nánari umfangur um verðlagningu og aðgengi á opinberum upplýsingum má finna í [skýrslu nefndarinnar](#) þar sem stefnan í nálgunum löndum er rakin, gerð grein fyrir stöðu mála hér á landi og áhrif breytinga metin.

Verðbólga á Íslandi undir meðaltali EES

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) nam verðbólga á Evrópska efnahagssvæðinu 2,1% á tímabilinu nóvember 2001-nóvember 2002, miðað við samræmda vísitölu neysluverðs. Á sama tímabili var verðbólga á Evru-svæðinu 2,2% og 2,1% í öllum aðildarríkjum ESB. Sambærileg tala fyrir Ísland var 2,3% í nóvember eða heldur yfir meðaltali þessara ríkja. Samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands nam tólf mánaða hækking vísitalunnar frá desember 2001 til desember 2002 1,9%. Allt bendir því til að verðbólgan hér á landi verði undir meðaltali EES-ríkjanna í desember. Til samanburðar má nefna að verðbólgan á sama mælikvarða var 9,1% fyrir réttum tólf mánuðum. Þessi þróun endurspeglar þau miklu umskipti sem orðið hafa í verðlagsmálum hér á landi á þessu ári.

Gleðileg jól!

Næsta tölublað vefritsins kemur út fimmtudaginn 2. janúar 2003.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar,	2000-		2001-
	2001	2002	2002
%			
Skatttekjur alls	6,0		3,5
Tekjuskattar	14,6		4,2
Tryggingagjöld	11,1		7,1
Eignarskattar	12,9		1,6
Veltuskattar	0,3		2,5
Tekjur alls	6,4		5,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar	2000-		2001-
	2001	2002	2002
%			
Almenn mál	4,5		15,9
Félagsmál	14,7		12,4
Atvinnumál	17,0		3,9
Vaxtagjöld	4,7		6,3
Önnur útgjöld	45,3		2,4
Gjöld alls	14,1		10,5

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-4.197	-18.135
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-22.710	-10.015
Afborganir lána	-22.310	-32.463
Br. lánsfjárfjöfnuður	-56.895	-50.728
Lántökur	65.227	46.826
Greiðsluafkoma	8.332	-3.902

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- desember	8,6	2,0
Kjambæturbr. I.- desember	9,3	2,8
Launavísitala - nóvember	9,4	5,7
Heildarvelta jan-ágúst	12,3	3,2
Smás.velta jan-ágúst	6,1	6,2
Atvinnuleysi - nóvember	1,5	2,8



2. janúar 2003

Samþykkt lagafrumvörp fjármálaráðherra

Þrettán lög voru samþykkt á nýafstöðnu haustþingi þar sem stjórnarfrumvörp voru flutt af fjármálaráðherra. Auk fjárlaga 2003 og fjáráukalaga 2002 hafa eftirfarandi lög verið samþykkt:

Lækkun tryggingagjalds. Tryggingagjald lækkar um 0,27%. Hækkun tryggingagjalds um 0,77% frá 1. janúar 2003 sem samþykkt var með lögum nr. 133/2001 gengur til baka að hluta í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við aðila vinnumarkaðarinnar frá 13. desember 2001.

Lífeyrissjóður bænda. Iðgjöldum bænda og maka/sambýlissfólks þeirra verði skipt í samræmi við reiknuð laun hvors um sig. Skylduáðild að lífeyrissjóði bænda þeirra maka/sambýlissfólks bænda sem ekki starfa að búrekstri er felld niður. Frumvarp til laga þessara var lagt fram að beiðni stjórnar lífeyrissjóðs bænda en fjármálaráðherra fer með málefni lífeyrissjóða.

Aukatekjur ríkissjóðs. Nokkrar smávægilegar breytingar eru gerðar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Bætt er við gjaldtökuheimild fyrir löggildingu á starfsheiti raffræðinga og fyrir leyfi til sölu notaðara ökutækja, svo og fyrir friðlýsingu æðarvarpa. Loks eru gerðar tvær minniháttar breytingar tengdar nýjum bamalögum.

Endurgreiðsla oftekinna skatta. Breyting er gerð á viðmiðun vaxta við endurgreiðslu á ofteknum sköttum og gjöldum.

Tekjuskattur og eignarskattur. Eftirstöðvar rekstrartapa verða yfirfærðar í tíu ár í stað átta áður. Sérstakur tekjuskattur verður framlengdur um eitt ár og verður 5% í stað 7% áður. Tekjumörk hækka um 2,75%. Persónuafsláttur hækkar um 3,15% í stað 2,75%. Auk þess er vaxtaákvæðum laganna breytt í samræmi við breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Loks koma til nokkur ákvæði um framkvæmd skattalaga.

Lífeyrissjóður sjómanna. Breyting er gerð á réttindum lífeyrisþega til að rétta við stöðu sjóðsins að beiðni stjórnar hans.

Ábyrgðir vegna lánaflokks Norræna fjárfestingarbankans. Ábyrgð ríkissjóðs vegna lánaflokks bankans til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlanda eykst úr 1,1 í 3,3 milljónir evra.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur. Viðurlögum við vanefndum á skilaskyldu er breytt.

Staðgreiðsla opinberra gjalda. Fjársýslu ríkisins er falinn innheimtuþáttur staðgreiðslukerfisins sem til þessa hefur verið í höndum ríkisskattstjóra. Almenn verður hægt að skuldajafna á móti sköttum til ríkis og sveitarfélaga, ekki aðeins á móti þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum.

Gjald af áfengi og tóbaki. Áfengisgjald á sterkt vín hækkar um 15%, tóbaks- gjald um 27,7%, en álaging ÁTVR lækkar úr 17 í 11%. Smásöluverð á sterku víni hækkar um 10% og tóbak um 12%. Tekjur ríkissjóðs eru taldar hækka um 1.100 m.kr. á ári og áhrif á vísitölu neysluvöruverðs er talin nema 0,3%.

Fjárflokkun til vegagerðar. Heimild til undanþágu frá þungaskatti fyrir bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu er framlengd til ársloka 2004.

Heildarendurskoðun tollalaga

Heildarendurskoðun tollalaga fer fram um þessar mundir. Núgildandi tollalög eru frá 1987 en frá þeim tíma hefur íslenskt viðskiptaumhverfi tekið miklum breytingum. Aukinn hraði í viðskiptum í kjölfar örðra framfara í rafrænum viðskiptum og stórákinnar umferðar flugvéla og skipa sem flytja vörur til landsins hefur leitt til þess að talið er nauðsynlegt að taka lög in til endurskoðunar. Við þessar breyttu aðstæður hafa tollstjórnir breytt áherslum sínum en endurskoðun laganna miðar m.a. að því að gera tollstjórn kleift að halda

þeirri vinnu áfram.

Markmiðið með endurskoðun tollalaga er að tryggja að vöruviðskipti milli Íslands og annarra landa gangi greiðlega fyrir sig en jafnframt þarf að tryggja að lögum og reglum um viðskipti sé framfylgt og ólögmæt varningur berist ekki til landsins. Við endurskoðun laganna er gengið út frá að rafræn tollafgreiðsla verði meginregla og ákvæðum laganna breytt með hliðsjón af því.

Lögð er áhersla á að endurskoða lagareglur sem gilda um geymslur fyrir ótollafgreiddar vörur svo sem tollvörugeymslur, geymslur farmflytjenda og tollfrjálssar forðageymslur þannig að lagaumhverfið henti þörfum viðskiptalífins en jafnframt er lögð áhersla á að gera ábyrgð innflytjenda og þeirra sem flytja og geyma ótollafgreiddar vörur skýrari, þannig að nægilegt öryggi verði tryggt.

Fækkun tollumdæma er til skoðunar með það að markmiði að auka sérhæfingu hjá tolyfirvöldum á landsbyggðinni og gera flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands greiðari. Tollumdæmi hér á landi eru 26 talsins en á Norðurlöndunum hefur þróunin verið sú að tollumdæmum hefur fækkað verulega. Í Noregi hefur tollumdæmum nýlega verið fækkað úr 10 í 6 og í Finnlandi eru þau 5.

Refsiákvæði laganna verða endurskoðuð en í sumum tilvikum eru þau ekki nægilega skýr. Þá hafa núverandi tollalög að geyma hlutlægar ábyrgðarreglur sem hafa verið á undanhandi í réttarframkvæmd síðustu ára og nýlegir dómur Hæstaréttarétta gefa tilefni til endurskoðunar á.

Útgjöld til rannsókna fara vaxandi

Alþingi hefur til umföllum lagafrumvörp sem gera ráð fyrir breytingum á stjórnskipulagi vísindamála. Af þeim sökum er rétt að gefa stutt yfirlit yfir útgjöld til rannsóknarmála hérlendis en þau hafa vaxið ár frá ári.

Áætlað er að útgjöldin hafi numið tæpum 22 milljörðum króna árið 2001 sem er um 3% af landsframleiðslu, samanborið við rúmlega 6 milljarða króna árið 1991 á sama verðlagi. Á árinu 2001 námu framlög ríkisins til rannsóknarmála um 6,9 milljörðum króna, eða 1% af landsframleiðslu og er hlutfallið hið hæsta sem gerist. Finnar lögðu hlutfallslega jafn mikið opinbert fé til rannsókna og Íslendingar en þar á eftir komu Frakkar með 0,89%, Svíar með 0,88% og Bandaríkjamenn með 0,86%. Opinbert framlög Íslendinga jafngiltu 26 þús.kr. á mann og aðeins Bandaríkjamenn lögðu meira fé á mann til rannsóknarmála enda er landsframleiðsla þar í landi meiri en hér.

Hér á landi voru um það bil 0,9 milljarðar króna rannsóknarútgjöld eða 4% útgjalda fjármögnuð af samkeppnissjóðum. Hlutverk opinberra samkeppnissjóða á sviði rannsókna er mismunandi eftir löndum. Í OECD ríkjunum eru að meðaltali 30% útgjalda til rannsókna fjármögnuð með opinberu fé en á Íslandi hefur hlutfallið ætíð verið herra þótt það hafi lækkað ört enda hafa íslensk fyrirtæki aukið útgjöld sín til rannsóknarmála mun meira en ríkið á síðustu árum.

Stærstum hluta rannsóknarframlaga ríkisins, eða 37%, er varið í almenna þróun vísinda eða um það bil 2,6 milljörðum króna árið 2001. Til þess flokks teljast meðal annars allar rannsóknir í háskólum óháð fræðisviði og útgjöld rannsóknasjóða vegna styrkja. Þar á eftir koma fiskveiðarannsóknir með 1,1 milljarð króna og rannsóknir í heilbrigðismálum með 0,9 milljarða króna. Áætlað er að árið 1999 hafi rannsóknarútgjöld háskólastofnana numið 20,9% af heildarútgjöldum til rannsókna í landinu. Meðaltal OECD ríkjanna var 17,3% og liggja nýrri tölur ekki fyrir. Háskóli Íslands og stofnanir sem tengjast honum, þar á meðal Landsspítali-Háskólasjúkrahús, eru þær ríkisstofnanir sem fást mest við rannsóknir hér á landi. Rannsóknarútgjöld þeirra eru áætluð um það bil 3,7 milljarðar króna árið 2001 þar af voru 2,9 milljarðar fjármagnaðir með ríkisframlagi.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar, %	2000-		2001-
	2001	2002	
Skatttekjur alls	6,0	3,5	
Tekjuskattar	14,6	4,2	
Tryggingagjöld	11,1	7,1	
Eignarskattar	12,9	1,6	
Veltuskattar	0,3	2,5	
Tekjur alls	6,4	5,1	

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar, %	2000-		2001-
	2001	2002	
Almenn mál	4,5	15,9	
Félagsmál	14,7	12,4	
Atvinnumál	17,0	3,9	
Vaxtagjöld	4,7	6,3	
Önnur útgjöld	45,3	2,4	
Gjöld alls	14,1	10,5	

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-4.197	-18.135
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-22.710	-10.015
Alborganir lána	-22.310	-32.463
Br. lánsfjárfjöfnuður	-56.895	-50.728
Lántökur	65.227	46.826
Greiðsluafkoma	8.332	-3.902

Ýmsar helstu hagtolur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- desember	8,6	2,0
Kjamaverðb. I.- desember	9,3	2,8
Launavísitala - nóvember	9,4	5,7
Heildarvelta jan-ágúst	12,3	3,2
Smás. velta jan-ágúst	6,1	6,2
Atvinnuleysi - nóvember	1,5	2,8



9. janúar 2003

Þjóðhagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur að beiðni iðnaðarráðuneytis lagt mat á þjóðhagsleg áhrif fyrirhugaðrar fjárfestingar í virkjunum og stóriðju. Athuginin fjallar um þrjá kosti í stóriðju og virkjanir tengdar þeim. Í fyrsta lagi er fjallað um stækkun álvers Norðuráls, í öðru lagi um byggingu álverksmiðju á Reyðarfirði og í þriðja lagi eru þessir kostir skoðaðir saman.

Þessi þrjú tilvik eru skoðuð með samanburði við grunnðæmi þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum framkvæmdum. Auk þess eru skoðuð tvö tilvik sem sýna áhrif sérstakra mótvægisáðgerða stjórnvalda sem miða að því að jafna þær sveiflur í efnahagslífinu sem framkvæmdirnar valda.

Hér á eftir eru raktar helstu niðurstöður þessarar athugunar en [skýrsluna](#) í heild er að finna á vefsíðu fjármálaráðuneytisins. Athygli er vakin á því að skýrslan verður einnig birt á [ensku](#) í dag.

Aðferðir og forsendur

- Í þessari athugun er í meginatriðum stuðst við sömu aðferðir og beitt hefur verið við hliðstæðar athuganir á undanförunum árum. Niðurstöður eru birtar sem frávik frá tilteknu grunnðæmi, sem er án álvers- og virkjunarframkvæmda, en það er samhljóða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kynnt var í desemberþyrjun 2002.
- Staða þjóðarbúsins í grunnðæmi skiptir miklu máli fyrir niðurstöðu framreikninganna. Þannig má til dæmis gera ráð fyrir að þrýstingur á verðbólgu verði minni en ella ef atvinnuleysi reynist meira en í grunnðæminu.
- Mikilvæg forsenda í grunnðæminu er að gengisvísitala krónunnar verði 130 stig allt framkvæmdatímabilið sem er ívið lægra en meðaltal ársins 2002.
- Mikilvægt er að hafa í huga að framreikningar af þessu tagi eru óvissir. Hér er um svo miklar framkvæmdir að ræða með tilliti til stærðar íslenska hagkerfisins að erfitt er að fanga efnahagsleg áhrif þeirra til hlítar í þjóðhagslíkanu.

Stækkun Norðuráls

- Horfur eru á að framleiðslustig þjóðar- og landsframleiðslu verði 1½% hærra á framkvæmdatíma fyrri áfanga stækkunar Norðuráls, 2003-2006, en í grunnðæmi. Í seinni áfanga stækkunar er reiknað með að framleiðslustigið verði 1% hærra en í grunnðæmi. Áhrifin á árlegan hagvöxt eru mun minni. Langtímaáhrif á landsframleiðslu verða að líkindum ekki fjarri ½%.
- Áætlað er að heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum verði 12% meiri á fyrri hluta framkvæmdatímans en ella og 5% meiri þegar seinni áfangi stækkunar stendur yfir. Reikna má með minna atvinnuleysi á fyrri hluta framkvæmdatímans og heldur meiri þrýstingi til hækunar verðlags en ella. Þessi áhrif eru talin verða tiltölulega hófleg og verðbólga mun að öllum líkindum haldast innan þolmarka verðbólguarkmiðs Seðlabanka allt framkvæmdatímabilið. Er þá gengið út frá því að verðbólga verði 2-2½% í grunnðæmi.
- Innflutningur fjárfestingarvöru og aukin eftirspurn valda auknum viðskiptahalla á framkvæmdatíma og má ætla að áhrifin nemi um 1½% af landsframleiðslu að meðaltali. Heildarútlutningur gæti hins vegar orðið 5% hærra en í grunnðæmi fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda.

Álver Alcoa

- Horfur eru á að framleiðslustig þjóðar- og landsframleiðslu verði 3% hærra en í grunnðæmi á framkvæmdatíma 2003-2006. Árlegur hagvöxtur gæti jafnframt orðið 1½% meiri. Til lengdar má reikna með að landsframleiðsla verði 1% hærra en ella og þjóðarframleiðsla ¾% hærra.
- Heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum gæti orðið rúmlega 30% meiri á framkvæmdatíma en ella og þegar framkvæmdir standa sem hæst, á

árunum 2005 og 2006, má búast við að fjárfesting verði 47% meiri en í grunnðæmi.

- Mikil uppsveifla í fjárfestingu þessi ár og niðursveifla að loknum framkvæmdum gera ríkar kröfur til hagstjórnar. Árlegur hagvöxtur gæti orðið nálægt 5% árin 2005 og 2006 og verðbólga um 4½-6½% án mótvægisáðgerða. Á hinn bóginn er hætta á að hagvöxtur minnki nokkuð á árunum 2007-2010 og verði 1% lægri en í grunnðæmi.
- Talsverðar sveiflur verða einnig á vinnumarkaði. Þannig gæti atvinnuleysi orðið 1% minna en í grunnðæmi þegar áhrif af framkvæmdum eru sem mest. Hins vegar gæti atvinnuleysið aukist um 1½% umfram grunnðæmi þegar framkvæmdum lýkur.
- Viðskiptajöfnuður gæti orðið 4½% af landsframleiðslu óhagstæðari en í grunnðæmi á framkvæmdatíma. Af þessum sökum er líklegt að erlend staða þjóðarbúsins verði um 15% lakari sem hlutfall af landsframleiðslu við lok framkvæmda. Aukinn útlutningur áls skapar hins vegar forsendur til að jafnt og stöðugt gangi á erlendar skuldir eftir að framkvæmdum lýkur. Miðað við óbreytt nafngengi íslensku krónunnar má reikna með að útlutningur verði 10-14% meiri næstu tvo áratuginna eftir að framkvæmdum lýkur.

Álver Alcoa og stækkun Norðuráls

- Reikna má með að framleiðslustig lands- og þjóðarframleiðslu verði 3-4% hærra en í grunnðæmi á tímabilinu 2003-2010. Árlegur hagvöxtur verður líklega 1¾% meiri en í grunnðæmi á framkvæmdatíma 2003-2006. Til lengdar er líklegt að þjóðarframleiðsla verði 1% hærra en í grunnðæmi og landsframleiðsla 1¾% hærra.
- Horfur eru á að heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum verði um 67% meiri en í grunnðæmi á árunum 2005 og 2006 og að jafnaði 25% hærra 2003-2010. Miklar breytingar í fjárfestingu valda snörpum sveiflum í þjóðarbúskapnum. Hagvöxtur gæti orðið 5-7% þegar mest lætur og verðbólga 5-8%. Snöggur samdráttur í framkvæmdum gæti hins vegar valdið tímabundinni stöðnun. Gera má ráð fyrir að viðskiptajöfnuður á framkvæmdatíma 2003-2010 verði óhagstæðari en í grunnðæmi sem nemur 5% af landsframleiðslu að jafnaði.
- Eins og í fyrri dæmum skapar aukinn álútlutningur forsendu til viðsnúnings á viðskiptajöfnuði og hærra raungengis en í grunnðæmi. Miðað við óbreytt nafngengi má gera ráð fyrir að árlegur tekjur af útlutningi verði um 14-20% meiri en í grunnðæmi tímabilið 2010-2025.

Áhrif mótvægisáðgerða

- Þessar framkvæmdir, einkum bygging álvers Alcoa, munu hafa umtalsverð áhrif á framvindu efnahagsmála hér á landi, einkum þegar framkvæmdir standa sem hæst. Mikilvægt er að hagstjórn taki mið af þessum aðstæðum. Það á bæði við um stjórn peningamála og ríkissjármála.
- Vaxtahækkun og samdráttur í opinberum framkvæmdum hamlar gegn aukinni innlendri eftirspurn og þar með verðbólgu. Til dæmis gæti 2% hækkun langtímarunvaxta leitt til þess að verðbólga yrði ½-1% lægri að meðaltali en ella, þ.e. án áðgerða. Verði jafnframt dregið úr fjárfestingu hins opinbera um 10% yrðu áhrifin enn sterkari, eða sem nemur lækkn verðbólgu um 1½-2½% að meðaltali árin 2005 og 2006. Samanlagt gætu slíkar áðgerðir því lækkað verðbólgu um 2-3½% og þannig stuðlað að því að verðbólguarkmið Seðlabankans náist.
- Líklegt er að þessir útreikningar vanmeti fremur en ofmeti áhrif vaxta-breytinga á verðbólgu þar sem áhrifin eru hér metin á grundvelli sögu-legra gagna. Þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á efnahagslífinu á undanförunum árum hafa stuðlað að skilvirkari stjórn peningamála en áður, ekki sist hvað varðar áhrif vaxtabreytinga á þróun efnahagslífsins.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar, %	2000-		2001-
	2001	2002	2002
Skatttekjur alls	6,0	3,5	
Tekjuskattar	14,6	4,2	
Tryggingagjöld	11,1	7,1	
Eignarskattar	12,9	1,6	
Veltuskattar	0,3	2,5	
Tekjur alls	6,4	5,1	

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar, %	2000-		2001-
	2001	2002	2002
Almenn mál	4,5	15,9	
Félagsmál	14,7	12,4	
Atvinnumál	17,0	3,9	
Vaxtagjöld	4,7	6,3	
Önnur útgjöld	45,3	2,4	
Gjöld alls	14,1	10,5	


Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-4.197	-18.135
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-22.710	-10.015
Alborganir lána	-22.310	-32.463
Br. lánsfjárfjöfnuður	-56.895	-50.728
Lántökur	65.227	46.826
Greiddsluafkoma	8.332	-3.902

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga – desember	8,6	2,0
Kjarnaverðb.l. – desember	9,3	2,8
Launavísitala – nóvember	9,4	5,7
Heildarvelta jan-ágúst	12,3	3,2
Smás velta jan-ágúst	6,1	6,2
Atvinnuleysi – nóvember	1,5	2,8



16. janúar 2003

Innflutningur án skipa og flugvéla Staðvirk m.v. gengi



Heildarinnflutningur árið 2002

Bráðabirgðatölur byggðar á innheimtu virðisaukaskatts til desemberloka sl. benda til þess að heildarinnflutningur á árinu 2002 hafi dregist saman um 3,8% að raungildi frá árinu 2001. Þetta er rúmlega 1% meiri samdráttur en gert var ráð fyrir í desemberþá fjármálaráðuneytisins. Samkvæmt þessum tölum yrði heildarinnflutningur tæplega 2 milljörðum minni en áætlað var fyrir árið í heild. Gangi spá um útflutning eftir yrði um 16 milljarða króna afgangur á vöruskiptajöfnuði, í stað 14 milljarða eins og spáð var. Innflutningur án skipa og flugvéla er á sama tíma talinn hafa minnkað um 2,8% að raungildi, eða svipað og spáð var.

Eins og áður hefur komið fram virðist innflutningur smám saman vera að taka við sér eftir langvarandi samdrátt sem gætt hefur, með nokkrum hléum, allt frá hausti 2000 fram til ársbyrjunar 2002. Frá þeim tíma og fram á mitt síðasta ár fór innflutningur heldur vaxandi en hefur síðan nánast staðið í stað að raungildi.

Þótt of snemmt sé að tala um viðsnúning má greina nokkur merki um að framundan kunni að vera tímabil hægfara aukningar innflutnings. Meðal annars hefur bílannflutningur heldur verið að glæðast síðustu mánuði þótt enn gæti samdráttur í skráningu fólksbífræða þegar horft er til síðustu tólf mánaða í samanburði við árið 2001.

Bókhald og ársreikningar í erlendum gjaldmiðli

Með lögum nr. 25/2002 var veitt heimild fyrir félög að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikning í þeim gjaldmiðli. Til þess að fá þessa heimild frá ársreikningaskrá þurfa félög að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi tengsl við hinn erlenda gjaldmiðil, starfrækslugjaldmiðilinn. Starfrækslugjaldmiðillinn skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Á síðasta ári sóttu 48 félög um heimild til notkunar á erlendum gjaldmiðli frá og með rekstrarárinu 2002. Veittar voru heimildir til 46 félaga. Skipting milli gjaldmiðla er þessi:


Dollarar	34 félög	Evrur	6 félög
Pund	5 félög	Norskar kr.	1 félag

Af félögnum 46 eru alls 26 félög dótturfélög erlendra félaga, flest með starfsemi erlendis. Sex félaganna eru skráð í Kauphöll Íslands. Þau eru SÍF hf., Bakkavör Group hf., Marel hf., Íslenska járnblendifélagið hf., Össur hf. og Pharmaco hf. Af þeim félögum sem sóttu um heimild til færslu bókhalds og gerðar ársreiknings voru 20 félög stofnuð á árinu 2002.

Þess má geta að nú hafa 2 félög til viðbótar fengið heimild til færslu bókhalds og gerðar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli frá og með rekstrarárinu 2003 og eru því félög sem slíka heimild hafa orðin 48 talsins.

Útgjöld ríkissjóðs til vegagerðar

Samkvæmt lögum er tekjum af þungaskatti af ökutækjum og bensingjaldi varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Þessi tekjustofnar eru svokallaðir markaðir tekjustofnar. Meðfylgjandi línurit sýnir þróun þeirra ásamt þróun útgjalda til Vegagerðarinnar frá 1990-2003. Línurnar sýna annars vegar markaðar tekjur og hins vegar viðbótarframlög á verðlagi hvers árs. Ýmist hefur þetta viðbótarframlag verið fjármagnað með beinu framlagi úr ríkissjóði eða sérstakri fjárfloflun eins og til dæmis með sölu á eignum. Útgjöldin frá 1990-2000 eru samkvæmt ríkissreikningi en miðað er við fjárlagatölur frá 2001. Eins og sést á línuritinu hafa útgjöld til vegamála aukist á þessu tímabili úr tæplega 5 milljörðum króna árið 1990 í rúmlega 12 milljarða samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2003, reiknað á verðlagi hvers árs.



Myndin sýnir að á árunum 1990-1992 standa markaðar tekjur alfarið undir útgjöldum til vegamála. Hins vegar fjármagna mörkuðu tekjur einungis hluta af útgjöldum árunum 1993-1995 enda stóð yfir sérstakt átak í vegamálum allt til ársins 1998. Árið 1999 er eina árið fyrir utan upphafsárin 1990 og 1991 þar sem ekki var veitt sérstakt framlag úr ríkissjóði til viðbótar við markaðar tekjur. Á árunum 2001-2003 dregur úr vexti markaðra tekna og sá hluti útgjalda til vegamála sem er fjármagnaður með sérstöku framlagi eða þar gengið er á stöðu markaðra tekna eykst.

Norrænn starfshópur um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis

Sumarið 2001 ákváðu fjármálaráðherrar Norðurlandanna að setja á fót starfshóp sem hafði það hlutverk að koma með tillögu að sameiginlegu norrænu verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Hópurinn starfaði frá janúar 2002 til september 2002 og voru í honum einn fulltrúi frá hverju fjármálaráðuneyti og einn fulltrúi jafnréttismála frá hverju landi.

Tillögur starfshópsins felast í að unnið verði að verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig en að stjórnun verkefnisins og kynningar fari fram í vinnuhópi skipuðum fulltrúum frá fjármálaráðuneyti og kynningisgeira hvers lands. Lagt til að í íslenska verkefninu verði skoðað hvernig fjármunir og önnur úrræði á sviði almannatryggingakerfis skiptast á milli kynjanna. Miklum fjármunum frá hinu opinbera er varið í þennan málaflokk og takmarkaðar upplýsingar til á hvern hátt þeim er varið með hlidsjón af kynjasjónarmiðum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-	
%	2001	2002	
Skatttekjur alls	6,0	3,5	
Tekjuskattar	14,6	4,2	
Tryggingagjöld	11,1	7,1	
Eignarskattar	12,9	1,6	
Veltuskattar	0,3	2,5	
Tekjur alls	6,4	5,1	

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar	2000-	2001-	
%	2001	2002	
Almenn mál	4,5	15,9	
Félagsmál	14,7	12,4	
Atvinnumál	17,0	3,9	
Vaxtagjöld	4,7	6,3	
Önnur útgjöld	45,3	2,4	
Gjöld alls	14,1	10,5	

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-4.197	-18.135
Hr. lánsfjárfloflun	-22.710	-10.015
Afborganir lána	-22.310	-32.463
Br. lánsfjárfloflun	-56.895	-50.728
Lántökur	65.227	46.826
Greiðsluafkoma	8.332	-3.902

Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - janúar 2003	9,4	1,4
Kjarnaverðb. I. - jan. 2003	9,9	2,1
Launavísitala - nóvember	9,4	5,7
Heildarvelta jan-ágúst	12,3	3,2
Smás velta jan-ágúst	6,1	6,2
Atvinnuleysi - nóvember	1,5	2,8



23. janúar 2003

Enn um efnahagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda

Að undanförunum hafa fyrirhugaðar álvers- og virkjunarframkvæmdir á Austurlandi og efnahagsleg áhrif þeirra mjög sett svip sinn á Þjóðfélags-umræðuna. Um þetta var fjallað í skýrslu fjármálaráðuneytisins frá 10. janúar sl. Efnistöð skýrslunnar eru hliðstæð fyrri athugunum um Þjóðhagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda að öðru leyti en því að sýnd eru tvö afmörkuð dæmi um áhrif hugsanlegra aðgerða sem stjórnvöld kynnu að þurfa að grípa til.

Þessi umfjöllun er sett fram til þess að gefa hugmynd um hvers megnug þau stjórnþæki eru sem stjórnvöld hafa til umræða komi til þess að grípa þurfi inn í atburðarrásina t.d. vegna þess að verðbólga stefni út fyrir markmið peningamálastefnunnar eða óháðlegrar þenslu sé farið að gæta í hagkerfinu. Eins og skýrt er tekið fram í greinargerð ráðuneytisins er hér einungis um tilbúin dæmi að ræða en alls ekki tillögur um aðgerðir. Jafnframt eru þær tíundaðir ýmsir mikilvægir fyrirvarar við framreikninga af þessu tagi sem og við þær forsendur sem þeir hvíla á.

Í ljósi alls þessa hafa viðbrögð við þessum útreikningum komið nokkuð á óvart. Af þessu tilefni er sérstök ástæða til að ítreka að í skýrslunni er hvorki verið að boða vaxtahækkanir né samdrátt í opinberum framkvæmdum. Sú staðreynd að fyrirhugaðar framkvæmdir ná ekki hámarki fyrir á árunum 2005-2006 sýnir hversu fráleitt það er á núverandi tímabili að spá einhverju fyrir um það með einhverri nákvæmni hvaða áhrif þær muni hafa eftir 2-3 ár. Slikt fer að verulegu leyti eftir almennri stöðu efnahagsmála á þeim tíma, þar á meðal gengi íslensku krónunnar, ytri skilyrðum o.fl. Jafnframt er rétt að benda á að komi til einhverra aðgerða af hálfu stjórnvalda í uppsveiflunni yrðu þær einungis tímabundnar.

Það sem mestu máli skiptir um efnahagsleg áhrif slikra framkvæmda er hver staða þjóðarþúsins er við upphaf þeirra. Eins og nú horfir er fremur slaki í hagkerfinu en spennan og verðbólgan á hraðri niðurleið. Hættan á þenslu er því mun minni en ella. Í ljósi þessa er varla hægt að hugsa sér betri tímasetningu fyrir slika framkvæmdir.

Framreikningur vinnuafls

Á undanförunum árum hefur Vinnuálastofnun birt mánaðarlega tölur um hlutfall atvinnulausra af framboðnu vinnuafli í skýrslum sínum um atvinnuástand. Skráðum atvinnuleysisdögum er breytt í tapað vinnuástand með því að deila með fjölda virkra daga í mánuði og þannig fæst meðalfjöldi atvinnulausra. Þjóðhagsstofnun mat framboð vinnuafls eftir landshlutum, kyni og mánuðum. Vinnuaflið var metið í ársverkom. Atvinnuleysishlutfallinu er þannig ætlað að mæla magn mögulegrar vinnu sem tapast í atvinnuleysi á móti magnstærð framboðsins vinnuafls.

Sá galli er á gjöf Njarðar að skráð atvinnuleysi er nákvæmlega mæld stærð en framboð vinnuafls er áætluð tala og upplýsingar um raunverulegt framboð koma aldrei fram. Fram til ársins 1997 vann Þjóðhagsstofnun upplýsingar um vinnuástand úr upplýsingum á launamíðum sem fylgja skattframtölum og því var hægt að leiðrétta þessar tölur fyrir árið í heild, þótt það væri ekki fyrir en alllönge eftir.

Nú hefur fjármálaráðuneytið tekið að sér að áætla framboð vinnuafls og mun það um sinn verða gert með sömu vinnuáferð og notuð var fyrir árið 2002 í Þjóðhagsstofnun. Þá var gerð breyting á dreifingu á framboði vinnuafls eftir mánuðum sem nú byggir á upplýsingum úr staðgreiðslugögnum, ásamt breytingum á hlutfallslegu vægi einstakra landshluta en þar er nú byggt á íbúadreifingu undir lok síðasta árs. Árið 2003 er áætlað að framboðið vinnuafli verði 0,8% meira en það var í sambærilegri áætlun fyrir síðasta ár. Tafla sem sýnir framboð vinnuafls mælt í ársverkom eftir landshlutum, kyni og mánuðum er [hér](#).

Vegna árstíðsveiflu í framboði vinnuafls er janúartalan sem notuð verður við mat á hlutfallslegu atvinnuleysi í þessum mánuði 7% lægri en desember tala síðastliðins árs. Þetta stafar af því að framboð vinnuafls er mikið í desember, m.a. vegna vinnu skólafólks fyrir og um hátíðirnar en það er að sama skapi lítið í janúar. Þegar af þessari ástæðu er þess að vænta að hlutfall atvinnuleysis í janúar verði hærri en það var í desember.

Að mörgu leyti orkar tvímælis að birta hlutfall atvinnuleysis sem byggir á jafn ónákvæmum grunni og hér er. Víðast erlendis er miðað við fjölda atvinnulausra annars vegar og fjölda þeirra sem eru starfandi og atvinnulausir hins vegar þegar atvinnuleysishlutföll eru reiknuð. Þær upplýsingar er hægt að staðfesta, þótt það sé með nokkurra mánaða töf. Ráðuneytið hyggst bæta úr helstu göllum sem eru á upplýsingum um framboð vinnuafls á næstunni með því að birta svo fljótt sem auðið er uppfærðar upplýsingar um framboð vinnuafls og verður þar byggt á staðgreiðslugögnum frá Ríkisskattstjóra. Þá gefst jafnframt tækifæri til að endurmeta hlutfall atvinnulausra.

Skaðleg skattasamkeppni – staðan hjá OECD

Nýlega var haldinn fundur í þeim vinnuhópi á vegum ríkissfjárfélagafundar OECD sem ætlað er að fjalla um skaðlega skattasamkeppni (Forum on Harmful Tax Practices). Meginlinan í vinnu þessa hóps gagnvart aðildarríkjum OECD hefur verið sú að afnema beri þær skattareglur sem talist geta skaðlegar fyrir apríl 2003, en ekki síðar en fyrir árslok 2005.

Eins og fram hefur komið í fyrri greinum vefrísins um sama efni hafa íslensku lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin verið undir smásjóni á þessum vettvangi ásamt 58 skattareglum í öðrum aðildarríkjum OECD. Meginefni þessa fundar var að fara yfir þessar skattareglur hverja fyrir sig í þeim tilgangi að kanna stöðu mála, s.s. hvort þeim hafi verið breytt eða þær jafnvel afnumdar, eða hvort þær ættu yfir höfuð heima á umræddum lista. Aðeins 7 af 30 aðildarríkjum OECD voru ekki nefndum lista, þ.e. Bretland, Japan, Mexíkó, Nýja Sjáland, Pólland, Slóvakía og Tékkland. Önnur voru með allt upp í átta mismunandi reglur, eins og Holland.

Á fundinum var fulltrúum hvers ríkis gert að gera grein fyrir sínum reglum, en að því loknu var óskað eftir athugasemdom frá öðrum ríkjum varðandi "skaðsemi" viðkomandi reglna. Fyrir fundinn höfðu lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin fengið þann dóm frá Itölum, Norðmönnum og Þjóðverjum að teljast "skaðleg". Fulltrúar fleiri ríkja tóku í sama streng á fundinum og varð niðurstaðan sú að halda bæri lögnum um alþjóðlegu viðskiptafélögin enn um sinn inni á listanum, þó sýnt þætti að reglur ýmissa annarra ríkja væru mun skaðlegri en þær íslensku.

Um reglur annarra aðildarríkja er það helst að segja að um það bil helmingur var afgreiddur út af listanum á þessum fundi, flestar vegna þess að þeim hafði verið breytt eða þær afnumdar. Þar voru írar fremstir í flokki og hlutu sérstakt hrós fyrir, enda fallnir út af hinum margumtalaða lista fyrir vikið.

Ýmislegt hefur þegar áunnist gagnvart ýmsum þekktum skattavinjum (tax havens) sem OECD hefur beint spjótum sínum að. Á árinu 2000 voru 35 svæði á lista OECD yfir skattavinjar, en í dag eru svæðin aðeins 7. Þau eru Andorra, Líbería, Liechtenstein, Marshallseyjar, Mónakó og karabísku eyjarnar Nauru og Vanuatu. Alþekktar skattavinjar eins og Bahamaeyjar, Bermúda, Caymaneyjar, Jersey, Guernsey, Gíbraltar, Jómfrúeyjar, Kýpur og Malta, sem allar voru á upprunalega listanum, hafa samþykkt að hlíta leikreglum OECD með víðeigandi breytingum á eigin skattaumhverfi, þar á meðal varðandi upplýsingagjöf á sviði skattamála til annarra ríkja. Fresturinn sem þessi svæði hafa til að gera nauðsynlegar breytingar er til loka árs 2005.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-	
%	2001	2002	
Skatttekjur alls	6,0	3,5	
Tekjuskattar	14,6	4,2	
Tryggingagjöld	11,1	7,1	
Eignarskattar	12,9	1,6	
Veltuskattar	0,3	2,5	
Tekjur alls	6,4	5,1	

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember			
12 mánaða breytingar	2000-	2001-	
%	2001	2002	
Almenn mál	4,5	15,9	
Félagsmál	14,7	12,4	
Atvinnuástand	17,0	3,9	
Vaxtagjöld	4,7	6,3	
Önnur útgjöld	45,3	2,4	
Gjöld alls	14,1	10,5	

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-4.197	-18.135
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-22.710	-10.015
Alþögnir lána	-22.310	-32.463
Br. lánsfjárfjöfnuður	-56.895	-50.728
Lántökur	65.227	46.826
Greiddsluafkoma	8.332	-3.902

Ýmsar helstu hagtolur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - janúar 2003	9,4	1,4
Kjarnaverðb. I. - jan. 2003	9,9	2,1
Launavísitala - desember	9,6	5,4
Heildarvelta jan-október	13,1	3,6
Smás.velta jan-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi - desember	1,9	3,0



30. janúar 2003

Útflutningsverðmæti sjávarafurða eykst

Heildarafl á fyrsta þriðjungi yfirstandandi fiskveiðiárs (september-desember 2002), reiknað í þorskígildum, nam 133 þúsund tonnnum samanborið við 120 þúsund tonn sama tímabil árið áður samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Óveiddur aflkvóti um síðustu áramót var á sama mælikvarða 257 þúsund tonn. Í þessari tölu er loðna ekki meðtalin þar sem ekki er búið að gefa út endanlegan kvóta. Hins vegar er búið að bæta við aukningu hámarksafla í úthafsækju sem heimiluð var í desember sl. Um áramótin 2001/2002 var sambærileg tala 247 þúsund tonn, einnig talið án loðnu.

Sjávarútvegsráðherra ákvað í síðustu viku að auka aflaheimildir á þessu fiskveiðiári í ufsa og sandkola. Ef sá afli er umreiknaður yfir í þorskígildi og bætt við kvótastöðuna um síðustu áramót hefði hún verið 261 þúsund tonn, eða 14 þúsund þorskígildum meiri en árið áður.

Í síðustu viku var einnig tilkynntur leyfilegur hámarksafla kolmunna og úthafkarfa á þessu ári en aflaheimildir í þessum tegundum miðast við almanaksár. Aflaheimildir í kolmunna er nú 318 þúsund tonn samanborið við 282 þúsund tonn í fyrra en þá var kolmunni í fyrsta skipti settur undir aflamark. Aflaheimildir í úthafskarfa voru einnig auknar frá fyrra ári í 55 þúsund tonn sem er 10 þúsund tonna aukning. Einnig er nýbúið að úthluta aflamarki í rækju á Flæmska hattinum á árinu 2003 og eykst það um 4.500 tonn frá fyrra ári í 13.500 tonn.

Samkvæmt þessu eru horfur ágætari í samanburði við síðasta ár hvað varðar aflaverðmæti þess afla sem óveiddur er á fiskveiðiárinu, en því lýkur 31. ágúst. Á næsta fiskveiðiári eru samkvæmt ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar góðar líkur á því að aflamark verði aukið í helstu botnfisktegundum okkar eins og þorski og ýsu en veiðistofn þessara tegunda mun fara vaxandi næstu tvö ár að hennar mati. Ástand karlastofnanna er hins vegar ekki eins gott og stærð úthafskarfastofnsins er óljós.

Útflutningsverðmæti sjávarfangs í íslenskum krónum er mjög háð gengi krónunnar. Styrking þess um 10% á síðasta ári veldur því að minna fæst fyrir afurðirnar í íslenskum krónum. Þorskaflur eru langverðmætastar og hafa verið um 40% af útflutningsverðmæti sjávarfangs. Aflamark í þorski dróst saman á þessu fiskveiðiári um 11 þúsund tonn frá fyrra ári eða um 6%. Kvótastaðan um áramótin nú og í fyrra var þó svipuð þar sem 113,5 þúsund tonn voru óveidd nú um áramótin en 112,6 þúsund tonn í fyrra. Verði þorskaflamark aukið á næsta fiskveiðiári gæti þorskafla þessa árs vegið að einhverju leyti upp styrkingu krónunnar.

Í síðustu spá fjármálaráðuneytisins var reiknað með 1% aukningu í framleiðslu sjávarafurða árið 2003. Að teknu tilliti til framangreindra breytinga í aflamagni má gera ráð fyrir að aukningin verði verði mun meiri, eða allt að 4%. Samkvæmt lauslegu mati gæti hagvöxtur að öðru óbreyttu aukist um ½%, eftirspurn eftir vinnuafli gæti aukist um tæpt ½% og atvinnuleysi minnkað um ¼%. Við þessa útreikninga eru notaðar sömu forsendur og við gerð þjóðhagsspár í desember sl.

Rafræn skilríki

Í samvinnu ráðuneyta og nokkurra ríkisstofnana eru nú að hefjast undir forystu fjármálaráðuneytisins tilraunir með notkun rafræna skilríkja og það skipulag sem viðhafa þarf við útgáfu þeirra og umsýslu. Rafrænum skilríkjum má líkja við vegabréf eða önnur persónuskilríki. Þau eru gefin út til handa einstaklingi og eru ætluð til þess að tölvukerfi geti borið kennsl á hann með öruggum hætti þegar hann vill notfæra sér rafræna þjónustu hins opinbera, svo sem að fylla út tollskýrslu eða gera skil á virðisaukaskatti. Rafræn skilríki má einnig nota til að undirrita tölvupóst. Getur þá viðtakandi fullvissað sig um að pósturinn komi frá þeim sem undirritaði og einnig að efni skilyrðisins hafi ekki

verið breytt á leiðinni. Ennfremur má nota rafræn skilríki til að dulrita upplýsingar og koma þannig í veg fyrir að viðkvæmar upplýsingar, t.d. um hagi einstaklinga, komist í hendur óviðkomandi.

Aðeins eitt kerfi, vefstollafgreiðslan sem hófst fyrir rúmu ári, hefur notað rafræn skilríki að einhverju marki, en töllyfirvöld hafa gefið út um 1000 rafræn skilríki vegna hennar. Byggt verður á þeirri reynslu sem þar er fengin en þjónustan vikkud út til fleiri stofnana og aðferðir við útgáfu skilríkja og afhendingu endurbættar. Unnt verður að nota sömu skilríki til aðgangs að öllum þeim kerfum sem á annað borð geta nýtt þessa tækni. Ætlunin er að kanna möguleika á því að handhafi rafrænna skilríkja geti notað sömu skilríki í samskiptum sínum við ríkisstofnanir og aðra aðila, svo sem banka.

Eins og áður segir er um tilraun að ræða og á hún að standa í eitt ár. Hefur fjármálaráðuneytið samið um kaup á rafrænum skilríkjum og tæknibúnaði fyrir notkun á þeim. Takmarkaður fjöldi skilríkja verður gefinn út og afhentur viðskiptavinum þeirra stofnana sem þátt taka í tilrauninni. Reynslan sem fæst verður notuð til að undirbúa varanlegt kerfi.

Skýrsla norrænu efnahagsnefndarinnar

Það sem einkennir og er sameiginlegt í búskap hins opinbera á Norðurlöndum undangengin ár er tekjuafgangur og minnkandi vöxtur samneyslunnar. Á öllum Norðurlöndunum hafa fjármál hins opinbera skilað afgangi síðan 1998 og er reiknað með að útkoman verði einnig þannig árin 2002 og 2003. Þessi þróun hefur leitt til þess að heildarskuldin hins opinbera hafa lækkað úr 50% af landframleiðslu árið 1999 í 40% árið 2002. Þessar upplýsingar ásamt öðrum má sjá í nýútkominni skýrslu norrænu efnahagsnefndarinnar, [Ekonomiska utsikter i Norden 2003](#).

Lykiltölur hagstærða á Norðurlöndum 1999-2003

Vegin meðaltöl, %

	1999	2000	2001	2002	2003
Hagvöxtur	3,2	3,7	1,1	1,8	2,3
Verðbólga	1,8	2,6	2,8	2,1	2,0
Atvinnuleysi	6,4	5,9	5,5	5,6	5,6
Tekjuafgangur hins opinb. *	2,8	6,2	6,3	4,8	4,6
Skuldir hins opinbera *	50,7	46,6	43,1	40,9	39,2

*Hlutfall af vegri landsframleiðslu.

Efnahagslífið á Norðurlöndum hefur ekki farið varhluta af hægari hagvexti heimsbúskaparins á undanföllum misserum. Þannig var hagvöxtur á Norðurlöndunum um 1% árið 2001, tæp 2% á síðasta ári og reiknað er með að hann verði um 2¼% á árinu 2003. Atvinnuleysi virðist nokkuð stöðugt undanfarin ár eða rúmlega 5% af vinnuafli að meðaltali en áberandi hæst í Finnlandi tæplega 10%. Horfur um verðbólgu á árinu 2003 bendir til þess að hún verði nokkuð svipuð á öllum Norðurlöndunum eða um 2%.

Áherslur í stjórnum efnahagsmála á Norðurlöndum eru með á móta sniði, þ.e. rík áhersla er lögð á að tryggja grundvöll fyrir hagvexti með stöðugleiki í verðlagsmálum. Flest Norðurlandanna hafa tekið upp þá stefnu að lækka skatta, bæði á heimili og fyrirtæki, til að örva hagvöxtinn.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	6,0	3,5
Tekjuskattar	14,6	4,2
Tryggingagjöld	11,1	7,1
Eignarskattar	12,9	1,6
Veltuskattar	0,3	2,5
Tekjur alls	6,4	5,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,5	15,9
Félagsmál	14,7	12,4
Atvinnumál	17,0	3,9
Vaxtagjöld	4,7	6,3
Önnur útgjöld	45,3	2,4
Gjöld alls	14,1	10,5

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-4.197	-18.135
Hr. lánsfjárfönuður	-22.710	-10.015
Alborganir lána	-22.310	-32.463
Br. lánsfjárfönuður	-56.895	-50.728
Lántökur	65.227	46.826
Greiðsluafkoma	8.332	-3.902


Ýmsar helstu högtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- janúar 2003	9,4	1,4
Kjarnaverðb. I.- jan. 2003	9,9	2,1
Launavísitala - desember	9,6	5,4
Heildarvelta jan-október	13,1	3,6
Smás velta jan-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi - desember	1,9	3,0



6. febrúar 2003

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Afkoma ríkissjóðs árið 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs á síðastliðnu ári. Tölurnar hér á eftir sýna sjóðhreyfingar og eru sambærilegar við almenn sjóðstreymis-yfirlit. Þær eru hins vegar ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Heildaryfirlit. Niðurstöðutölurnar endurspeglar í meginatriðum þær efnahagsforsendur sem lágu til grundvallar fjárlögum ársins sem gerðu ráð fyrir að staða ríkissjóðs myndi veikjast vegna samdráttar í þjóðarútgjöldum. Ef eitthvað er benda þessar tölur til þess að efnahagssamdrátturinn kunni að hafa orðið meiri á árinu 2002 en síðustu áætlanir bentu til.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 16,3 milljarða króna samanborið við 1½ milljarða króna neikvæða stöðu árið 2001. Fjármunahreyfingar eru hins vegar jákvæðar um 12,2 milljarða króna í stað 24,2 milljarða neikvæðrar stöðu í fyrra. Þar munar mestu um 25 milljarða aukningu stofnfjárframlaga og lánveitingar til Seðlabankans árið 2001, auk þess sem innstreymi vegna sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands í júní sl. nam um 5 milljörðum króna. Þá hækka innheimtar afborganir um 7,3 milljarða frá sama tíma árið 2001. Mikill viðsnúningur í fjármunahreyfingum leiddi til þess að hreinn lánsfjárfjöldur varð einungis neikvæður um 4,1 milljarð króna árið 2002, samanborið við 25,7 milljarða króna neikvæða stöðu árið 2001.


Tejgur. Heildartekjur ríkissjóðs námu 223,7 milljörðum króna árið 2002 og hækkuðu um tæpa 13 milljarða frá árinu á undan, eða um 5,8%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs 212 milljörðum króna og hækkuðu um 4,3% á milli ára. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 4,8% á sama tíma. Skattar á tejgur og hagnað hækkuðu um 4,4% á milli ára og námu 53,4 milljörðum. Þar af skiludu tekjuskattar einstaklinga um 3,2 milljörðum meira en árið áður sem er 6,6% aukning. Tryggingagjöld námu 22,6 milljörðum króna sem er hækkan upp á 1,6 milljarða króna eða 7,8% frá fyrra ári. Þessi aukna innheimta skatta af launatekjum einstaklinga, bæði tekjuskatti einstaklinga og tryggingagjalds, endurspeglar hækkan launa sem meðal annars birtist í því að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 7,1% árið 2002. Innheimtur tekjuskattur lögðila nam 6,8 milljörðum árið 2002 sem er um 1,9 milljörðum minna en árið 2001. Skattar á vöru og þjónustu hækkuðu um 4 milljarða króna frá árinu á undan og nema 110,8 milljörðum króna sem er um 1% lækkun að raungildi milli ára. Af einstökum liðum má nefna að innheimta

virðisaukaskatts jókst um 3,7 milljarða, eða um tæplega ½% að raungildi. Á móti þeirri hækkan vegur samdráttur í öðrum óbeinum sköttum, s.s. vörugjöldum af ökutækjum og bensíni.

Gjöld. Greidd gjöld nema 246,8 milljörðum króna og hækka um 25,5 milljarða frá fyrra ári, eða um 11,5%. Hins vegar eru gjöldin 4,1 milljarði lægri en fjárheimildir (að meðtöldum fjárukalögum) eða um 1,6%. Heildarútgjöld til félagsmála nema 154,2 milljörðum en þau vega 62,5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála sem námu 65 milljörðum króna og hækka um 8,5 milljarða frá fyrra ári. Þá nema greiðslur til almennatrygginga 47,6 milljörðum og hækka um 5,4 milljarða króna. Greiðslur til samgöngu- og atvinnumála eru 23,4 milljarðar og hækka um 1,2 milljarða, eða 2% frá fyrra ári. Vaxtagreiðslur eru 17,8 milljarðar og hækka um 1 milljarð króna milli ára.

Lánahreyfingar. Lántökur ríkissjóðs námu 42,9 milljörðum króna á árinu. Þar af voru erlend langtímalán 34,1 milljarður króna en þau voru tekin til endurfjármögnunar erlendra lána og til þess að mæta tímabundinni greiðslufjárbörf ríkissjóðs innan ársins. Á móti dregur úr erlendum skammtímalánum um 3,6 milljarða. Lántökur innanlands námu 12,4 milljörðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 32,3 milljarðar króna. Þá voru 9 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Innflutningur án skipa og flugvéla Staðvirk



Innflutningur í janúar 2003

Nú liggja fyrir bráðabirgðatölur um vöruinnflutning í janúar 2003, byggðar á innheimtu virðisaukaskatts. Samkvæmt þessum tölum reyndist innflutningur, án skipa og flugvéla, töluvert minni en í fyrra, eða sem nemur tæplega 9% að raungildi og virðist um hefðbundinn samdrátt að ræða í þessum mánuði. Meðaltal síðustu þriggja mánaða er einnig mun lægra en mánuðina á undan þrátt fyrir að innflutningur hafi aukist í desember borið saman við desember árið áður og þarf að fara aftur til mars á síðasta ári til að finna lægri tölur.

Hlutfallslegar breytingar milli ára eru þó óverulegar. Ef þriggja mánaða meðaltöl eru borin saman má sjá að breytingar hafa verið tiltölulega litlar allt frá miðju síðasta ári. Breyting milli mánaða á þriggja mánaða meðaltali á þessu tímabili hefur mest orðið tæp 4%.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	5,3	4,3
Tejguskattar	14,1	4,4
Tryggingagjöld	9,8	7,8
Eignarskattar	9,0	3,1
Veltuskattar	-1,0	3,8
Tejgur alls	6,4	5,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	3,3	12,4
Félagsmál	15,2	13,4
Atvinnumál	15,2	6,1
Vaxtagjöld	4,3	5,8
Önnur útgjöld	24,3	12,1
Gjöld alls	13,3	11,5

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember		
M.kr.	2001	2002
Handbært fé frá rekstri	-1.557	-16.300
Hr. lánsfjárfjöldur	-25.714	-4.133
Afborganir lána	-22.407	-32.298
Br. lánsfjárfjöldur	-60.620	-45.431
Lántökur	61.444	42.914
Greiðsluafkoma	825	-2.518

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- janúar 2003	9,4	1,4
Kjarnaverðb. I.- jan. 2003	9,9	2,1
Launavísitala - desember	9,6	5,4
Heildarvelta jan-október	13,1	3,6
Smás velta jan-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi - desember	1,9	3,0



13. febrúar 2003


Íbúápróun 2002

Hagstofan hefur nú birt tölur um búferlafutninga árið 2002. Á undanföllum árum hafa tvenns konar breytingar einkennt íbúápróunina hér á landi. Annars vegar hefur mikill fjöldi fólks á landsbyggðinni flutt sig um set og sest að á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hefur erlendur ríkisborgurum fjölgað umtalsvert. Búferlafutningarnir hafa skipt umtalsverðu máli í þeim breytingum sem orðið hafa á íbúafjöldanum milli ára. Nefna má að árin 1997 til 2000 fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins meira vegna búferlafutninga en vegna náttúrulegrar fjölgunar (fæddir umfram dána). Á landsbyggðinni dró aðflutningur frá útlöndum mjög úr áhrifum fólksflutninganna á höfuðborgarsvæðið á tímabilinu 1998-2001.

Fjöldi aðfluttra erlendra ríkisborgara til landsins varð mestur árin 2000 og 2001, um 2.500 manns hvort ár. Í fyrra fluttust hingað um 1.850 manns með erlendum ríkisborgararétt. Aðfluttur frá löndum utan EES voru um 730 í fyrra og 1.660 árið 2001. Fróðlegt er að bera þá tölu saman við fjölda atvinnuleyfa. Ný leyfi voru um 500 í fyrra en þau voru 1.400 árið 2001. Hærra hlutfall fólks frá löndum utan EES var því að flytjast hingað til lands í fyrra en árið 2001 án þess að fá atvinnuleyfi.

Ef lítið er á það 13 ára tímabil sem sýnt er á meðfylgjandi mynd hafa um 36.000 íslenskir ríkisborgarar flutt af landi brott en til landsins hafa flutt um 30.000. Mismunurinn er rúmlega 6.000 manns, um 470 manns á ári að meðaltali. Á sama tímabili hafa tæplega 20.000 erlendir ríkisborgarar flutt til landsins en tæplega 12.000 burt héðan. Fjölgun erlendra ríkisborgara vegna flutninganna er tæplega 8.000, umtalsvert hærri tala en fækkun íslenskra ríkisborgara.

Búferlafutningar milli landa 1990-2002 eftir ríkisfangi



Búferlafutningar eru næmir fyrir efnahagsástandinu. Á síðustu árum hafa mjög margir flutt hingað til lands til að mæta mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Stærsti hluti þessa hóps er frá Austur-Evrópu og Austurlöndum fjær. Þegar samdráttar fer að gæta dregur úr aðflutningunum en brottfluttum fjölga ekki svo neinu nemur. Á sama hátt er tilhneiging hjá Íslendingum að flytja burt, að minnsta kosti um stundar sakir, þegar byrjar að halla undan fæti. Að hluta til fer fólk utan til náms og snýr svo aftur að 4-5 árum liðnum. Þetta má sjá á línuritinu þar sem hámarki brottflutnings á árunum 1995-96 fylgir toppur í aðflutningi 1998-2000. Einungis 4 ár á þessu 13 ára tímabili eru aðfluttir íslenskir ríkisborgarar fleiri en brottfluttir. Það hlýtur að vera keppikefli að sem flestir þeirra sem hér eru fæddir og uppaldir sjái hag sínum best borgið með því að velja að eyða ævinni hér á landi þótt vissulega sé mikill akkur í því að fólk fari utan hluta úr ævinni til að afla sér menntunar og reynslu.

Ísland framarlega í þekkingarstjórnun

Um mitt ár 2001 gerði PUMA, stjórnsýslunefnd OECD, könnun á því að hve miklu leyti þekkingarstjórnun hefur rutt sér til rúms í opinberri stjórnsýslu aðildarlandanna. Tilgangurinn var að greina stöðu ráðuneyta með tilliti til þekkingarstjórnunar og fá yfirlit og samanburð milli ólíkra sviða stjórnsýslunnar og milli landa. Ráðuneyti sem skilgreind voru með almenna starfsemi (central ministries) tóku þátt og á Íslandi voru það forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Rúmlega 140 ráðuneyti og stofnanir frá 20 löndum tóku þátt en aðildarlönd OECD eru 30.

Nýlega voru birtar niðurstöður könnunarinnar og koma íslensku ráðuneytin vel út úr henni. Ísland lendir í efsta flokki og 4. sæti. Nokkur sameiginleg atriði einkenna ráðuneyti í þeim löndum sem lentu í efsta flokknum. Þau búa yfir þróuðum tölvukerfum, skipulag er fastmótað en sveigjanlegt, stjórnvöld njóta trausts borgaranna, öryggi og festa ríkir í stjórnkerfinu og ekki er mikið um grundvallarbreytingar. Nokkurs konar innri menning ríkir í ráðuneytum þeirra landa sem lentu í efstu sætunum.

Niðurstöður könnunarinnar staðfesta að íslensku ráðuneytin standa sig vel á sviði upplýsingatækni og í skráningu og rafrænni miðlun alls kyns upplýsinga. Þá er ýmskonar stefnumótunarvinna vel á veg komin. Þessa sér t.d. stað í sífellt viðameiri upplýsingagjöf á stjórnarráðsvefnum, sókn á sviði rafrænnar stjórnsýslu og tilraunum með rafrænar undirskriftir, rafrænum framtölum, vefþolli, rafrænu markaðstorgi ríkisins o.fl.

Aðild Íslands að fríverslunarsamningum

Þeim fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Í samningunum er vikið frá meginreglum tollalaga um innheimtu aðflutningsgjalda og inn- og útflutningstakmarkanir í viðskiptum með tiltekna vörur á milli aðildarríkja samnings, sem eru að öllu leyti fengnar eða hafa fengið fullnægjandi aðvinnslu á yfirráðasvæði aðildarríkja hans. Fríverslunarsamningunum sem Ísland á aðild að má skipta upp í eftirtalda 3 flokka:

1. *Samningurinn um stofnun fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og fríverslunarsamningar (EFTA) við ýmis ríki:* Samningurinn um stofnun fríverslunarsamtaka Evrópu gekk í gildi á árinu 1970. EFTA hefur á undanföllum áratug gert fjölda fríverslunarsamninga við ríki í fjórum heimsálfum. Á árunum 1992 til 1997 voru gerðir fríverslunarsamningar við ríki í Mið- og Austur-Evrópu auk Ísraels, samtals við 12 ríki, þ.e. Tyrkland, Tékkland, Slóvakíu, Pólland, Rúmeníu, Búlgaríu, Ungverjaland, Slóveníu, Lettland, Litháen og Eistland. Fríverslunarsamningar EFTA-ríkja við Marokkó og Sjálfstjórnarsvæði Palestínunnar tóku gildi árið 1999 og samningur við Mexíkó gekk í gildi á árinu 2001. Á síðasta ári tóku síðan gildi fríverslunarsamningar við Jórdaníu, Króatíu og Makedóníu og samningur við Singapúr tók gildi í byrjun þessa árs.
2. *Samningar Íslands við Evrópubandalagið:* Samningar Íslands við Evrópubandalagið eru tveir, fríverslunarsamningur Íslands við Evrópubandalagið frá 1972 og samningurinn um Evrópska efnahagsvæðið frá 1994.
3. *Tvívíðla samningar Íslands:* Ísland hefur gert tvo tvívíðla samninga um fríverslun, við Færeyjar og Grænland.

Þess má vænta að fleiri samningar bættist í þennan hóp á komandi árum en nú standa yfir samningaviðræður EFTA við Chile, Kanada, Egyptaland, Kýpur, Túnis og Suður-Afríku.

Tekjur ríkissjóðs janúar-december			
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-	
%	2001	2002	
Skatttekjur alls	5,3	4,3	
Tekjuskattar	14,1	4,4	
Tryggingagjöld	9,8	7,8	
Eignarskattar	9,0	3,1	
Veltuskattar	-1,0	3,8	
Tekjur alls	6,4	5,8	

Gjöld ríkissjóðs janúar-december			
12 mánaða breytingar	2000-	2001-	
%	2001	2002	
Almenn mál	3,3	12,4	
Félagsmál	15,2	13,4	
Atvinnumál	15,2	6,1	
Vaxtagjöld	4,3	5,8	
Önnur útgjöld	24,3	12,1	
Gjöld alls	13,3	11,5	

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-december		
M.kr.	2001	2002
Handbært fé frá rekstri	-1.557	-16.300
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-25.714	-4.133
Afborganir lána	-22.407	-32.298
Br. lánsfjárfjöfnuður	-60.620	-45.431
Lántökur	61.444	42.914
Greiddsluafkoma	825	-2.518


Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- febrúar 2003	8,9	1,5
Kjamaferðb.1.- febr. 2003	9,4	2,3
Launavísitala - desember	9,6	5,4
Heildarvelta jan-október	13,1	3,6
Smás velta jan-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi - desember	1,9	3,0



20. febrúar 2003

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2003

- Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs í janúar 2003. Í þessu uppgjöri er fjallað um sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstremisýfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni. Þar sem uppgjörð nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður nokkurri óvissu vegna þess að greiðslur geta færst til milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum.
- Handbært fé frá rekstri var neikvætt um tæpar 300 m.kr. samanborið við 700 m.kr. jákvæða stöðu í fyrra. Hreinn lánsfjárföfnuður var neikvæður um tæplega 3 milljarða króna en var nánast í jörnum á sama tíma í fyrra. Lakari staða nú skýrist nær alfarið af meira útstreymi af viðskiptareikningum en í fyrra.
- Tekjumar urðu 19,2 milljarðar króna og hækka um tæpar 600 m.kr. frá fyrra ári, eða um 3,1%. Skatttekjur námu 18,2 milljörðum króna og hækkuðu um 3,3% sem jafngildir um 1,9% raunhækkun. Innheimta tekjuskatta einstaklinga jókst um 13,2% frá sama tíma í fyrra en innheimta fjármagnstekjuskatts stendur nánast í stað. Innheimt tryggingagjöld lækka hins vegar um tæplega fjórðung miðað við janúar 2002. Almennir veltuskattar hækka um 8% á milli ára, eða sem nemur 6½% að raungildi. Hér skiptir í tvö horn þar sem tekjur af virðisaukaskatti dragast saman en aðrir veltuskattar aukast þar á meðal vörugjöld af ökutækjum sem skila nær fimmtungi meiri tekjum en í fyrra.
- Greidd gjöld nema 19,5 milljörðum króna og hækka um 1,6 milljarða frá fyrra ári en það skýrist að mestu leyti af 1,3 milljarða króna greiðslu barnabóta. Í fyrra voru sambærilegar barnabætur greiddar í febrúarmánuði þannig að hér er um tilfærslu milli mánaða að ræða. Greiðslur til heilbrigðismála hækka um 300 m.kr. en greiðslur til atvinnumála lækka um 500 m.kr. og munar mestu um frestun greiðslna til Vegagerðarinnar. Aðrar breytingar milli ára eru minni. Greiðslur eru í heild 90 m.kr. umfram áætlun mánaðarins.
- Lántökur innanlands námu tæpum 6 milljörðum króna en afborganir voru rúmar 300 m.kr. Þá voru greiddar 625 m.kr. til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 2 milljarða króna samanborið við 3,1 milljarð í janúar 2002.

Framtíð norræna velferðakerfisins

Fyrir tveimur árum var skipuð nefnd á vegum norrænu fjármálaráðherranna til þess að skoða langtímaáhrif breyttrar aldurssamsetningar á fjármál hins opinbera á Norðurlöndum. Nefndin hefur nú lokið störfum og voru niðurstöður hennar birtar á norrænni ráðstefnu sem haldin var fyrir skömmu. Janframt hefur skýrsla nefndarinnar verið gefin út af skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn undir nafninu [Den offentliga sektorn effektivitet och hållbarhet i Norden](#)

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að starfandi einstaklingum á bak við hvern ellilífeyrisþega muni fækka á næstu áratugum. Í dag er áætlað að 3-6 einstaklingar á vinnualdri (16-64 ára) standi að baki hverjum einstaklingi 65 ára og eldri. Sambærilegar tölur eru hins vegar taldar verða 2-3 árið 2050. Þessar niðurstöður sýna hlöðstaða þróun í sambærilegum athugunum sem gerðar hafa verið í einstökum iðnríkjum innan OECD og hafa vakið upp spurningar um framtíðarstöðu opinbera fjármála.

Ein af forsendum þessarar athugunar var að aldurstengd útgjöld hins opinbera yrðu ekki skorin niður heldur ykjast í takt við breytta aldurssamsetningu. Ennfremur er reiknað með að opinberar millifærslur breytist í samræmi við almenna launþróun. Samkvæmt skýrslunni er allt að fjórðungur opinberra útgjalda á Norðurlöndum beint tengdur ellilífeyrisþegum.

Þessir framreikningar sýna mismunandi vöxt aldurstengdra opinberra útgjalda á Norðurlöndum. Meðal annars kemur fram að útgjöld vegna ellilífeyrisgreiðslna aukast verulega á öllum Norðurlöndum nema á Íslandi eins og sést í meðfylgjandi töflu:

Opinber útgjöld vegna ellilífeyris % af landsframleiðslu

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
2000	4,4	6,5	2	9,3	9
2050	7,1	11,7	2	18,4	10,6

Helsta skýring á því að lífeyrisútgjöld á Íslandi hækka ekki í takt við hin Norðurlöndin er sérstaða íslenska lífeyriskerfisins en aldurstengd opinber útgjöld hérlendis vegna heilbrigðismála og öldrunarþjónustu munu aftur á móti aukast sem hlutdeild af landframleiðslu næstu 50 árin.

Hvernig verður auknum aldurstengdum opinberum útgjöldum mætt í framtíðinni? Í skýrslunni kemur fram nokkur bjartsýni hvað þetta varðar og bent á ýmsa þætti sem skapa svigrúm til að mæta þessari þróun. Í fyrsta lagi er reiknað með meiri atvinnuþátttöku fólks á vinnualdri og jafnvel fólks sem komið er yfir hefðbundinn vinnualdur. Í þessu sambandi er meðal annars bent á að þetta geri kröfur til meiri sveigjanleika á vinnumarkaði. Í öðru lagi hefur vaxandi aðhald í opinberum fjármálum leitt til aukins sparnaðar og afgangis í opinberum rekstri sem síðan hefur leitt til minnkandi vaxtagreiðslna. Mikilvæg forsenda til að mæta þessari þróun er þannig áframhaldandi aðhaldssemi í fjármálum hins opinbera á Norðurlöndum á næstu áratugum.

Framangreind skýrsla hefur auk þess að geyma annað efni um aldurstengd útgjöld hins opinbera á Norðurlöndunum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember			
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-	
%	2002	2003	
Skatttekjur alls	6,0	3,3	
Tekjuskattar	20,5	5,5	
Tryggingagjöld	2,3	-23,0	
Eignarskattar	-37,4	16,0	
Veltuskattar	-11,8	8,0	
Tekjur alls	5,9	3,1	

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember			
12 mánaða breytingar	2001-	2002-	
%	2002	2003	
Almenn mál	25,3	-5,1	
Félagsmál	19,6	21,3	
Atvinnumál	-6,4	-18,2	
Vaxtagjöld	5,4	-9,2	
Önnur útgjöld	15,5	14,0	
Gjöld alls	13,5	9,0	

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	747	-283
Hr. lánsfjárföfnuður	-175	-2.998
Afborganir lána	-389	-324
Br. lánsfjárföfnuður	-1.314	-3.947
Lántökur	4.400	5.964
Greiðsluafkoma	3.086	2.017

Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- febrúar 2003	8,9	1,5
Kjamaverðb.1.- febr. 2003	9,4	2,3
Launavísitala - desember	9,6	5,4
Heildarvelta jan-október	13,1	3,6
Smás velta jan-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi - janúar 2003	2,4	3,8



27. febrúar 2003


Er byggðapróunin að komast í jafnvægi?

Undanfarin ár hefur verið mikill straumur fólks til höfuðborgarsvæðisins af landsbyggðinni. Stjórnvöld hafa viljað sporna við þessum miklu flutningum meðal annars vegna þess að þeir hafa í för með sér kostnað fyrir samfélagið, bæði ríki og viðkomandi sveitarfélög. Byggja þarf og reka samfélagsleg mannvirki í stað annarra sem eru vannýtt og þar sem fólki fækkar vex kostnaður á hvern íbúa við að veita opimbera þjónustu. Fólksfækkun hefur tilhneigingu til að verða að vítahring sem erfitt getur reynst að rjúfa. Á hinn bóginn er eðlilegt að fólk leitist við að búa við bestu lífsskilyrði sem kostur er á og það kann að leiða til ákvörðunar um að flytja sig um set.

Á kortinu hér fyrir neðan má sjá hvernig íbúapróun einstakra landshluta hefur verið undanfarin 10 ár. Á þessum tíma hefur þjóðinni allri fjölgað um 10,2%. Það er næst mesta fjölgun á evrópska efnahagssvæðinu. Einungis í Lúxemborg fjölga íbúum meira en hér á landi.

Eins og sjá má á myndinni er íbúapróunin mjög misjöfn milli landshluta. Á Vestfjörðum fækkaði íbúum um næstum því fimmting og á Austurlandi og Norðurlandi vestra fækkaði um 10 og 11% í hvorum landshluta á undanförunum áratug. Á Norðurlandi eystra og Vesturlandi stóð íbúafjöldinn nánast í stað meðan nokkur fjölgun varð á Suðurlandi. Mest varð fjölgunin á Suðurnesjum utan höfuðborgarsvæðisins, 8,4%.

Íbúapróun eftir landshlutum 1992-2002




Á þeim áratug sem kortið sýnir hafa orðið miklar breytingar á íbúapróuninni og línuritið hér fyrir neðan sýnir nokkra þætti sem útskýra þær. Myndin sýnir búferlaflutninga á undanförunum árum, annars vegar gagnvart útlöndum og hins vegar milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Um miðbik tíunda áratugarins urðu búferlaflutningar af landsbyggð til höfuðborgar meiri en nokkru sinni. Þá fluttu 1.700-1.800 manns á ári til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem fluttu þaðan. Frá 1999 hefur dregið mjög úr þessari þróun og síðustu 2 ár hefur mismunur aðfluttra og brottfluttra verið rúmlega 600 manns á ári. Ekki er víst að þessir flutningar geti orðið öllu minni til lengri tíma lítið.

Á myndinni má einnig sjá hlut millilandaflutninga í íbúapróun. Árið 2000

bættu þeir rúmlega 1.100 manns við íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins og hefur sú tala aldrei verið hærrí. Síðan hefur dregið úr flutningunum og í fyrria fluttu 340 fleiri til útlanda en frá á höfuðborgarsvæðinu. Landsbyggðin hefur hins vegar verið í plús gagnvart millilandaflutningum frá 1996 enda þótt hann hafi farið minnkandi eftir því sem dregið hefur úr eftirspurn eftir erlendu vinnuafli.

Búferlaflutningar

Fjöldi á ári



Af þessum tölum virðist mega draga þá ályktun að íbúapróun á síðustu árum hafi breyst þannig að sá hluti landsins þar sem verulegar fækkunar gætir hafi minnkað verulega. Væntanlegar stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi munu stuðla að breyttri íbúapróun þar á næstu árum. Það er því fyrst og fremst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra þar sem ætla má að áfram kunni að gæta íbúafækkunar.

Af vettvangi tvísköttunarmála – Ungverjaland, Suður-Kórea og Austurríki.

Þann 30. janúar sl. hittust samninganefndir Íslands og Ungverjalands í París vegna gerðar tvísköttunarsamnings á milli landanna en fyrri fundur samningslandanna fór fram í Búdapest í lok september 2002. Fundinum lauk með áritun samningsdraga.

Samningurinn nær eingöngu til tekjuskatta þar sem Ungverjar leggja ekki á eignarskatta. Helstu efnisatriði samningsins eru að afdráttarskattur af arði er 5% ef hann er greiddur til félags sem á a.m.k. 25% í félaginu en í öllum öðrum tilvikum er afdráttarskatturinn 10%. Afdráttarskattur af þóknunum sem greiddar eru vegna ýmissa höfundarverka o.fl. er 10%. Vexti skal einungis skattleggja í heimilisfestisríki móttakanda. Lífeyrisgreiðslur má eingöngu skattleggja í því ríki þar sem þær eru upprunnar. Samningsaðilar voru sammála um að hraða undirritun og fullgildingu samningsins eins og frekast er unnt með því markmiði að hann geti komið til framkvæmda árið 2004.

Framundan hjá samninganefndinni er annar fundur með Suður-Kóreu nú í mars, en vonast er til að samningsgerð ljúki á þeim fundi. Þá munu viðræður um gerð tvísköttunarsamnings á milli Austurríkis og Íslands hefjast í Reykjavík í júní næstkomandi.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-
%	2002	2003
Skatttekjur alls	6,0	3,3
Tekjuskattar	20,5	5,5
Tryggingagjöld	2,3	-23,0
Eignarskattar	-37,4	16,0
Veltuskattar	-11,8	8,0
Tekjur alls	5,9	3,1

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar	2001-	2002-
%	2002	2003
Almenn mál	25,3	-5,1
Félagsmál	19,6	21,3
Atvinnumál	-6,4	-18,2
Vaxtagjöld	5,4	-9,2
Önnur útgjöld	15,5	14,0
Gjöld alls	13,5	9,0

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	747	-283
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-175	-2,998
Afborganir lána	-389	-324
Br. lánsfjárfjöfnuður	-1.314	-3.947
Lántökur	4.400	5.964
Greiddsluafkoma	3.086	2.017

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga – febrúar 2003	8,9	1,5
Kjarnaverb. 1.– febr. 2003	9,4	2,3
Launavísitala – janúar 2003	10,0	5,5
Heildarvelta janúar-október	13,1	3,6
Smás. velta janúar-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi – janúar 2003	2,4	3,8



6. mars 2003

Innflutningur í febrúar 2003


Bráðabirgðatölur um vöruinnflutning í febrúar liggja nú fyrir en þær eru byggðar á innheimtutölum fjármálaráðuneytisins um virðisaukaskatt af innfluttum vörum í mánuðinum. Samkvæmt þeim nam innflutningur, án skipa og flugvéla, rétt um 14 milljörðum króna í febrúar, samanborið við 11½ milljarð í janúar. Breytingin milli þessara tveggja mánaða nemur rétt um fjórðungi og stafar einkum af meiri innflutningi eldsneytis í febrúar.

Samanburður við febrúar árið 2002 sýnir að innflutningur án skipa og flugvéla í febrúar 2003 er tæplega 7% meiri nú miðað gengi hvors árs en 17% meiri sé reiknað á sama gengi bæði árin enda hefur gengi íslensku krónunnar styrkst um rúmlega 11% frá febrúar í fyrra.

Reynslan sýnir að töluverðar sveiflur geta verið í innflutningi milli einstakra mánaða eins og sést best af samanburði milli janúar og febrúar í ár. Til þess að fá betri mynd af undirliggjandi þróun er gagnlegt að skoða t.d. þriggja mánaða meðaltöl miðað við fast gengi og verðlag eins og gert er á meðfylgjandi línuriti.

Innflutningur án skipa og flugvéla

Staðvört



Þessar tölur sýna vel þær sveiflur sem orðið hafa í innflutningi síðustu misserin. Fyrst uppsveifluna sem náði hámarki árið 2000 og síðan niðursveifluna sem náði botni um áramótin 2001/2002. Frá þeim tíma hefur leiðin heldur legið upp á við án þess þó að hægt sé að tala um mikil umskipti enda hefur þróunin verið nokkuð skrykkjótt. Síðustu mánuðina hefur aukning innflutnings frá sama tímabili í fyrra, reiknað á föstu gengi, verið að sveiflast í kringum núllið.

Þetta er þeim mun athyglisverðara þar sem gengi íslensku krónunnar hefur sem fyrr segir verið að styrkjast verulega upp á síðkastið og verð á innflutningi þannig verið að lækka. Það ætti að öðru óbreyttu að hafa í för með sér aukinn innflutning. Þetta vekur upp spurningar um almennar efnahagshorfur á næstunni og hvort búast megi við áframhaldandi lægð í þjóðarúskapnum. Um það er nánar fjallað hér á eftir.

Almennar efnahagshorfur

Óhætt er að fullyrða að almennar efnahagshorfur hér á landi hafi nokkuð glæðst síðustu mánuðina. Þar leggst margt til. Hæst ber þó ákvörðun um byggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði. Nú þegar eru hafnar framkvæmdir við undirbúning virkjunarinnar og þær munu hafa umtalsverð áhrif á hagvöxt þegar á þessu ári sem gætu numið allt að ¾% umfram fyrri spár og jafnvel enn meira á næsta ári. Framkvæmdir við byggingu álversins munu síðan fara af

stað undir lok næsta árs og framkvæmdir í heild ná hámarki á árunum 2005-2006. Þessu til viðbótar hafa líkur á því að af stækkun Norðuráls verði aukist verulega upp á síðkastið. Gangi þær fyrirætlanir eftir mun hagvöxtur enn færast í aukana á þessu og næsta ári.

Þá munu nýlegar ákvarðanir stjórnvalda um að flyta ýmsum verklegum framkvæmdum og auka þannig heildarumfang opinberra framkvæmda á þessu og næsta ári um rúmlega 6 milljarða króna verða til þess að örva atvinnulífið og stuðla að meiri umsvifum og minna atvinnuleysi og þannig auka hagvöxt. Yfirlýst áform sveitarfélaga hniga í sömu átt.

Loks má nefna að á undanförmum mánuðum hafa aflaheimildir nokkuð verið rýmkaðar sem ætti að skila sér í auknum útflytningstekjum og meiri hagvexti. Á móti vege versnandi horfur, t.d. í höpudiski. Engu að síður ættu heildarhrifin að vera jákvæð hvað varðar hagvöxt.

Öll þessi atriði munu stuðla að auknum umsvifum og aukinni atvinnu í efnahagslífinu á næstu mánuðum og misserum og þar með auknum hagvexti sem gæti hæglega slagð hátt í 3% á yfirstandandi ári og jafnvel losað 4% á því næsta ef ekkert óvænt kemur upp.

Stríðsátök í Miðausturlöndum munu hins vegar geta sett nokkurt strík í reikninginn meðal annars vegna þeirrar óvissu sem þau skapa á alþjóðavettvangi og þar með í alþjóðæfnahagsmálum, á verðbréfa- og hlutabréfamörkuðum, olíumörkuðum o.fl. Þetta ástand mun hafa neikvæð áhrif á fjárfestingar fyrirtækja og almenn efnahagsumsvif. Þessara áhrifa mun óhjákvæmilega gæta hér á landi í einhverju mæli. Engu að síður sýnir fátt gæta komið í veg fyrir að framundan sé tímabil aukins hagvaxtar og uppbyggingar í íslensku efnahagslífi.

Afnám verðbólgu-reikningsskila - reikningsskil ríkissjóðs.

Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar þær breytingar á ársreikningalögum að verðbólgu-reikningsskil voru afnumin í uppgjörum fyrirtækja. Veittur var tveggja ára aðlögunartími að nýjum uppgjorsreglum þannig að fyrirtæki geta valið að halda verðbólgu-reikningsskilum til ársloka 2003. Verðbólgu-reikningsskilin voru á sínum tíma tekin upp til að bæta afkomuhugtakið og laga eignamat að þróun verðlags. Verðbreytingarfærslan felur í sér að eignir og skuldir fyrirtækja eru leiðréttar með tilliti til verðbreytinga á árinu og þau áhrif færð inn í rekstrarreikning þannig að afkoman er leiðrétt fyrir áhrifum verðbólgu.

Við uppgjör ríkissjóðs hefur til langs tíma verið fylgt þeirri reglu að færa endurmat verðtryggðra og gengistryggðra lána á höfuðstól í stað þess að færa þessar fjárhæðir til gjalda í rekstrarreikningi eins og gert hefur verið í reikningsskilum fyrirtækja hér á landi.

Nú þegar verðbólgu-reikningsskil hafa verið afnumin í ársreikningalögum liggur fyrir að taka þarf afstöðu til þess hvort breyta eigi reikningsskilum ríkissjóðs til samræmis. Verði það gert mun það hafa í för með sér breytingar á afkomu ríkissjóðs frá því sem verið hefur þar sem endurmat peningalegra eigna mun færast á rekstrarreikning í stað þess að það færist um höfuðstól. Þetta þýðir að breytingar á höfuðstól veittra og tekinn lána sem bundin eru vísitölu eða gengi myndu eftirleiðist færast til tekna og gjalda í rekstrarreikningi. Sama á við um lífeyrisskuldbindingar þar sem hækkun þeirra mundi koma að fullu til gjalda en nú er sá hluti hækkunarinnar sem rekja má til breytinga á launavísitölu færður um höfuðstól. Hvað varðar hlutafé og stofnfjárframlög þá hefur þeirri reglu verið beitt hjá ríkissjóði að endurmeta þau með tilliti til verðlags og gengis og færa breytinguna um höfuðstól. Eðlilegt væri að erlend stofnframlög yrðu áfram endurmetin með tilliti til breytinga á gengi og áhrifin færð til tekna eða gjalda en óljósara er hvaða reglu ætti að beita um innlend stofnframlög og hlutafé.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-
%	2002	2003
Skatttekjur alls	6,0	3,3
Tekjuskattar	20,5	5,5
Tryggingagjöld	2,3	-23,0
Eignarskattar	-37,4	16,0
Veltuskattar	-11,8	8,0
Tekjur alls	5,9	3,1

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar	2001-	2002-
%	2002	2003
Almenn mál	25,3	-5,1
Félagsmál	19,6	21,3
Atvinnumál	-6,4	-18,2
Vaxtagjöld	5,4	-9,2
Önnur útgjöld	15,5	14,0
Gjöld alls	13,5	9,0

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	747	-283
Hr. lánsfjárfönuður	-175	-2.998
Alborganir lána	-389	-324
Br. lánsfjárfönuður	-1.314	-3.947
Lántökur	4.400	5.964
Greiddsluafkoma	3.086	2.017

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - febrúar 2003	8,9	1,5
Kjama-verðb. I. - febr. 2003	9,4	2,3
Launavísitala - janúar 2003	10,0	5,5
Heildarvelta janúar-október	13,1	3,6
Smás. velta janúar-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi - janúar 2003	2,4	3,8




13. mars 2003

Aukin útgjöld til menntamála

Útgjöld ríkis og sveitarfélaga til menntamála hafa aukist verulega á síðustu árum. Einsetning grunnskóla, hækkun kennaralauna, vilji stjórnvalda til að efla skólastarf og fjölgun nemenda á framhaldsskólastigi en þó sérstaklega á háskólastigi eru helstu orsakavaldar þessarar þróunar. Íslendingar eru nú í hópi þeirra þjóða sem verja hlutfallslega mestum útgjöldum til menntamála. Í nýútkomnu tölfraðiriti um menntamál í Evrópu, *Key data on education in Europe 2002* er meðal annars greint frá því hversu stór hluti opinberra útgjalda rennur til menntamála. Þá er um að ræða útgjöld til reksturs skóla, stoðþjónustu og stjórnsýslu menntamála og beinna styrkja til nemenda. Kostnaður hins opinbera af námslánnum er ekki tekinn með, þannig að ekki er allt meðtalið.

Fram kemur að árið 1999 var 14,5% af heildarútgjöldum hins opinbera hér á landi eða 36,6 milljörðum króna varið til menntamála. Var Ísland næst hæst ásamt Danmörku þegar 21 Evrópuríki voru borin saman. Meðaltal ríkja Evrópusambandsins var 11,2%. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hefur þetta hlutfall hækkað hér á landi á síðustu árum. Það var að meðaltali 12,6% árin 1980-1989, en síðan tók við sjö ára tímabil þar sem hlutfallið var um og innan við 12%. Frá árinu 1996 hefur hlutfallið aukist ár frá ári og var komið upp í 14,7% árið 2000.

Útgjöld til menntamála sem % opinberra útgjalda



Annar mælikvarði á opinber útgjöld er að bera þau saman við verga landsframleiðslu. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands námu útgjöld ríkis og sveitarfélaga til menntamála tæpum 5,8% af vergri landsframleiðslu árið 2000 og höfðu aukist verulega árin á undan. Til samanburðar var hlutfallið 4,6% árið 1995. Þetta er 26% aukning á fimm árum, en það samsvarar 7,3 milljörðum króna árið 2000. Samkvæmt ritinu *Education at glance 2002* var hlutfallið hæst hjá Norðmönnum og Svíum eða 6,5%, hjá Dönum 6,4% og 5,7% hjá Finnum árið 1999. Meðaltal OECD ríkjana það ár var 4,9%.

Sé áætluðum útgjöldum einstaklinga til menntunar, 3,7 milljörðum króna árið 2000, bætt við útgjöld hins opinbera er talið að um 6,3% vergrar landsframleiðslu á Íslandi hafi farið til menntamála árið 2000. Ísland er í fremstu röð meðal þeirra átta OECD ríkja sem vörðu yfir 6% af vergri landsframleiðslu til menntamála. Að meðaltali vörðu OECD ríkin 5,5% af vergri landsframleiðslu til menntamála árið 1999.

Þriðji mælikvarðinn á útgjöld til menntamála eru opinber útgjöld á mann á föstu verðlagi. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands námu útgjöld ríkis og sveitarfélaga til menntamála 141 þús.kr. á mann árið 2000. Árið 1990 voru útgjöld á mann 51 þús.kr á sama verðlagi miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs. Hækkunin er 176%.

Könnun á stöðu og framtíðarhorfum fyrirtækja

Síðastliðið haust hófst samstarf Fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um gerð reglulegra athugana á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja landsins og mat stjórnenda þeirra á almennum efnahagshorfum. Ráðgert er að gera þessar kannanir tvisvar á ári. Nú liggja fyrir niðurstöður úr annari könnuninni en hún var framkvæmd á tímabilinu 3.- 24. febrúar s.l. af IMG Gallup.

Almennt sýnir þessi könnun að aukinnar bjartsýni gæti um framtíðarhorfur í íslensku efnahagslífi. Þannig töldu rúmlega 75% svarenda að aðstæður í efnahagslífinu muni verða betri eftir 12 mánuði en í dag og aðeins 6,7 % að aðstæður verði verri. Til samanburðar töldu 69% að aðstæður yrðu betri eftir 12 mánuði í fyrri könnun. Þessarar auknu bjartsýni gætti í öllum greinum atvinnulífsins. Hins vegar mátu fyrirtækin aðstæður í efnahagslífinu nú ekki eins góðar og í fyrri könnun sem er ef til vill ekki óeðlilegt miðað við þá efnahagsþróun sem varð í lok síðasta árs með auknu atvinnuleysi og styrkingu krónunnar sem gerir útflutningsgreinum erftitt fyrir. Þessi niðurstaða er eðlileg ef horft er til þess að þær miklu framkvæmdir sem nú hafa verið ákveðnar munu fara að hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið eftir um það bil ár. Ekki er víst að allir hafi vitað um fyrirhugaða flýtingu opinberra framkvæmda þegar þeir svörðu. Frekar verður fjallað um þetta mál í næsta vefriti.

Mat fyrirtækja á efnahagsmálum

Sp. 1	Góðar 38,0%	Hvorki né 41,8%	Slæmar 20,2%
Sp. 2	Betri 54,2%	Óbreyttar 35,7%	Verri 10,1%
Sp. 3	Betri 75,4%	Óbreyttar 17,9%	Verri 6,7%

Sp. 1 Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu séu almennt góðar, slæmar eða hvorki góðar né slæmar?

Sp. 2 Hvernig telur þú að aðstæður í efnahagslífinu muni almennt verða eftir sex mánuði miðað við daginn í dag?

Sp.3 Hvernig telur þú að aðstæður í efnahagslífinu muni almennt verða eftir tólf mánuði miðað við daginn í dag?

Endurútgáfa tekju- og eignarskattslaga

Lög um tekju- og eignarskatt eru áreiðanlega meðal þeirra laga sem með beinum hætti varða hvað flesta landsmenn. Lögin eru nr. 75 frá árinu 1981 og því rúmlega tuttugu ára gömul að stofni til. Lögin eru jafnframt í flokki þeirra laga sem hvað oftast sæta breytingum. Lagagreinum er breytt, nýjum ákvæðum skotið inn og önnur felld brott. Af því leiðir að samfella í texta laganna og kafla- og greinaskipan hefur smám saman raskast. Því hefur nú verið ákveðið (með lögum) að lög nr. 75 /1981 með síðari breytingum skuli endurútefin með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð tölulíða, staflíða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Er undirbúningur verksins langt kominn. Þegar lögin verða gefin út að nýju munu þau fá nýtt laganúmer. Þeir sem með lögin vinna munu því senn standa frammi fyrir því að þurfa að læra upp á nýtt greinanúmer einhverra lykila kvæða sem og númer laganna sjálfra.

Tekjur ríkissjóðs janúar			
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-	
%	2002	2003	
Skatttekjur alls	6,0	3,3	
Tekjuskattar	20,5	5,5	
Tryggingagjöld	2,3	-23,0	
Eignarskattar	-37,4	16,0	
Veltuskattar	-11,8	8,0	
Tekjur alls	5,9	3,1	

Gjöld ríkissjóðs janúar			
12 mánaða breytingar	2001-	2002-	
%	2002	2003	
Almenn mál	25,3	-5,1	
Félagsmál	19,6	21,3	
Atvinnumál	-6,4	-18,2	
Vaxtagjöld	5,4	-9,2	
Önnur útgjöld	15,5	14,0	
Gjöld alls	13,5	9,0	

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	747	-283
Hr. lánsfjárfjölduður	-175	-2.998
Afborganir lána	-389	-324
Br. lánsfjárfjölduður	-1.314	-3.947
Lántökur	4.400	5.964
Greiddsluafkoma	3.086	2.017

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- mars 2003	8,9	2,2
Kjarnaverðb. I.- mars 2003	9,4	2,6
Launavísitala - janúar 2003	10,0	5,5
Heildarvelta janúar-október	13,1	3,6
Smás.velta janúar-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi - janúar 2003	2,4	3,8



20. mars 2003

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs til febrúarloka 2003. Uppgjörði hér fyrir neðan sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisýrtilit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri nam tæpum 1,5 milljörðum króna til samanburðar við 3,3 milljarða í febrúar 2002. Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 1 milljarð króna í stað 155 m.kr. neikvæðrar stöðu í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um tæplega 2,5 milljarða króna en var á sama tíma í fyrra jákvæður um 3,2 milljarða króna.

Heildartekjur ríkissjóðs námu tæpum 44,2 milljörðum króna og hækka um 2,7 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, eða um 6,4%. Skatttekjur ríkissjóðs námu 40,9 milljörðum króna eða 6,2% meiri en á sama tíma í fyrra. Það jafngildir um 4,6% raunhækkun milli ára. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu 9,7 milljörðum króna, eða 2,8% meira en á sama tíma í fyrra. Innheimta tryggingargjalda nam um 3,7 milljörðum króna og hækkaði um 2% á milli ára. Veigamesta breytingin er hins vegar 13% hækkun almennra veltuskatta á milli ára, eða sem nemur 11½% að raungildi. Mestu munar um tæplega 12% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti. Auk þess skilar vörugjöld af ökutækjum, bensini og áfengi umtalsvert meiri tekjum en í fyrra. Að öllu samanlögðu gefa þessar tölur vísbendingu um að innlend eftirspurn sé heldur að taka við sér eftir samdrátt undanfarinna mánaða og missera.

Greidd gjöld nema 42,3 milljörðum króna og hækka um 4,1 milljarð frá fyrra ári, þar sem mestu munar um 2 milljarða hækkun vaxtagreiðslna, en sú hækkan er í samræmi við áætlun fjárlaga. Hækkun gjalda milli ára, án vaxtagreiðslna nemur því 2,1 milljarði króna eða um 6%. Greiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslu hækka um 1,9 milljarða króna og hækkan almennatrygginga nemur rúmum 400 m.kr. Á móti vegur að greiðslur til atvinnamála lækka um 600 m.kr. þar sem greiðslur til vegamála frestast vegna minni snjómoksturs. Aðrar breytingar milli ára eru minni.

Könnun á stöðu og framtíðahorfum fyrirtækja

Eins og fram kom í vefriti ráðuneytisins í síðustu viku gætir aukinnar bjartsýni um horfur í íslensku efnahagslífi meðal stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins ef marka má nýlega könnun er IMG Gallup gerði fyrir fjármálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands. Í könnuninni var m.a. spurt um væntingar stjórnenda til eigin rekstrar á næstu misserum, s.s. um breytingu á starfsmannafjölda, veltu, hagnaði, launakostnaði, birgðum og fjárfestingum.

Í könnuninni kom fram að fleiri fyrirtæki en í fyrru könnun telja að þau muni fjölga starfsmönnum á næstu 6 mánuðum og átti það einkum við um fyrirtæki er starfa á höfuðborgarsvæðinu. Þá kom einnig fram að fyrirtækin gera ráð fyrir að velja þeirri aukist í ár miðað við fyrra ár. Þó skera sjávarútvegsfyrirtækin sig þar úr en rúmlega helmingur þeirra gerir ráð fyrir að velta minnki milli ára enda má gera ráð fyrir að sterk staða krónunnar undanfarið muni hafa áhrif á útflutningsverðmæti þeirra.

Fleiri fyrirtæki töldu nú en áður að hagnaður þeirra myndi dragast saman í ár miðað við árið 2002 og gætir þar sem fyrr aukinnar svartsýni hjá sjávarútvegsfyrirtækjum. Hins vegar töldu fleiri iðnaðar- og fjármálafyrirtæki að hagnaður þeirra myndi aukast milli ára í samanburði við fyrri könnun.

Hvað varðar fjárfestingar taldi helmingur fyrirtækjanna að þau myndu fjárfesta svipað í ár og í fyrra, 20% töldu að þau myndu fjárfesta meira en 29% minna en í fyrra.

Í könnuninni kom einnig fram að aðeins 23% fyrirtækjanna töldu að laun myndu hækka meira en almennt gerist samkvæmt kjarasamningum á árinu en 65% að þau myndu hækka svipað og gert er ráð fyrir í kjarasamningum.

Tæplega helmingur svarenda taldi að verð á vörum og þjónustu ætti eftir að standa í stað á næstu 6 mánuðum og 38% að verð myndi hækka. Að meðaltali var hækkanin talin myndu nema 1,3%. Fyrirtækin bjuggust við að aðföng hækkuðu ívið meira eða um 1,8% að meðaltali yfir sama tímabil. Tæplega 80% svarenda töldu að vísitala neysluverðs myndi hækka um 2,1% að meðaltali á næstu 12 mánuðum. Rúmlega helmingur svarenda taldi að gengi íslensku krónunnar myndi veikjast á næstu tólf mánuðum um að meðaltali 2,8%.

Úrtakið í ofangreindri könnun náði til 400 veltuhæstu fyrirtækja landsins. Þar af svöruðu 292 fyrirtæki að þessu sinni og er svarhlutfallið því um 75%. Kannanir af þessu tagi gegna mikilvægi hlutverki við mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum hverju sinni og af hálfu fjármálaráðuneytisins eru fyrirtækjum í könnuninni færðar bestu þakkir fyrir þátttökuna.

	Fjölga 18,8%	Standa í stað 61,3%	Fækka 19,9%
Starfsmenn			
Hagnaður	Meiri 41,5%	Svipaður 29,8%	Minni 28,7%
Velta	Meiri 51,2%	Svipuð 31,5%	Minni 17,3%
Fjárfesting	Meiri 20,4%	Svipaðar 50,7%	Minni 28,7%

Landsframleiðslan 2002

Samkvæmt áætlun Hagstofu sem birtist í morgun er talið að landsframleiðslan 2002 hafi dregist saman um ½% að raungildi frá árinu 2001. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birtist í desemberberjrun sl. var hins vegar reiknað með um ¼% hagvexti árið 2002. Frávikkið skýrist alfarið af minni útflutningstekjum en gert var ráð fyrir í spá ráðuneytisins, einkum minni þjónustutekjum. Umtalsverður viðsnúningur varð í þeim efnum á síðari hluta ársins en það lá ekki fyrir þegar spá ráðuneytisins var gerð. Önnur frávik eru óveruleg. Helst má nefna fjárfestingu í íbúðarhúsnæði þar sem áætlun Hagstofunnar gerir ráð fyrir rúmlega 5% raunaukningu en í spá ráðuneytisins var reiknað með nær óbreyttri fjárfestingu milli ára.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á áætlun Hagstofu Íslands og þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins í helstu liðum landsframleiðslunnar, miðað við magnbreytingar. Rétt er að hafa í huga að áætlanir Hagstofunnar taka til nýliðins tíma og byggja að hluta á takmörkuðum upplýsingum, t.d. hvað varðar fjárfestingar atvinnuvega. Þessar áætlanir kunna því að breytast.

%	Hagstofa Íslands	Fjármálaráðuneytið	Mismunur
Landsframleiðsla	-½	¼	-¾
Einkaneysla	-1¼	-1¼	0
Samneysla	3	3	0
Fjárfesting	-12½	-14	1½
Atvinnuvegir	-19½	-20	½
Íbúðarhús	5¼	-¼	5½
Hið opinbera	-8¼	-6½	-1¾
Þjódarútgjöld	-2½	-3	½
Útflutningur	3	6½	-3½
Innflutningur	-2½	-2¼	-¼

Tekjur ríkissjóðs febrúar			
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-	
%	2002	2003	
Skatttekjur alls	3,6	6,2	
Tekjuskattar	12,4	0,2	
Tryggingagjöld	10,2	2,0	
Eignarskattar	-28,2	0,5	
Veltuskattar	-1,3	13,1	
Tekjur alls	3,5	6,4	

Gjöld ríkissjóðs febrúar			
12 mánaða breytingar	2001-	2002-	
%	2002	2003	
Almenn mál	23,0	5,4	
Félagsmál	18,0	9,3	
Atvinnumál	-9,1	-10,9	
Vaxtagjöld	-48,8	54,1	
Önnur útgjöld	12,3	14,0	
Gjöld alls	0,8	10,7	

Greiðsluafkoma ríkissjóðs febrúar		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	3.310	1.464
Hr. lánsfjárfjöfnuður	3.155	2.456
Afborganir lána	-10.687	-4.851
Br. lánsfjárfjöfnuður	-9.033	-3.645
Lántökur	11.185	175
Greiðsluafkoma	2.152	-3.471

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- mars 2003	8,7	2,2
Kjarmaverðb. I.- mars 2003	9,5	2,6
Launavísitala- janúar 2003	10,0	5,5
Heildarvelta janúar-október	13,1	3,6
Smás.velta janúar-október	6,5	4,6
Atvinnuleysi- febrúar 2003	2,6	4,1



27. mars 2003

Persónuafsláttur og skattleysismörk


Hugtök persónuafsláttur og skattleysismörk eru ávallt ofarlega á baugi í skattaumræðunni. Þessi hugtök eru samtvinnuð sjálfu skatthlutfallinu og því mikilvægt að átta sig á samhengi þeirra. Skattleysismörk eru skilgreind sem mörkin milli þeirra tekna sem ekki koma til skattlagningar og þeirra tekna sem koma til skattlagningar. Allar tekjur undir skattleysismörkum eru skattfrjálsar og allar tekjur yfir skattleysismörkum eru skattlagðar.

Sá misskilningur er útbreiddur að skattleysismörkin ráðist einungis af fjárhæð persónuafsláttarinnar. Staðreyndin er sú að skattleysismörkin ákvarðast ekki síður af skatthlutfallinu. Þetta samhengi sést best með dæmi.

Persónuafsláttur í dag nemur 26.825 krónum á mánuði fyrir hvern einstakling. Þessi fjárhæð kemur til frádráttar reiknuðum skatti. Í því felst að einstaklingar eru skattfrjálsir svo framarlega sem reiknaður tekjuskattur og útsvar nema ekki hærri fjárhæð en persónuafsláttinum. Miðað við núgildandi skatthlutföll, þ.e. 25,75% í tekjuskatt og 12,80% í útsvar, svarar þetta til þess að mánaðartekjur einstaklingsins fari ekki yfir 69.585 krónur. Reiknaður skattur af þeirri fjárhæð svarar nákvæmlega til sömu fjárhæðar og persónuafslátturinn nemur, þ.e. 26.825 króna (38,55% af 69.585). Að teknu tilliti til þess að 4% lögbundin iðgjald í lífeyrissjóð er skattfrjálst eru skattleysismörkin reyndar nokkrum hærri hjá launafólki, eða 72.485 krónur á mánuði. Heimild til viðbótarlífeyrissparnaðar sem líka er skattfrjálst hækkar skattleysismörkin í 75.500 krónur sé hún að fullu nýtt.

Væri skatthlutfallið til dæmis lækkað um 4%, í 34,55%, myndu skattleysismörkin hækka úr 69.585 krónum í 77.640 krónur, 80.875 krónur að teknu tilliti til skattfrelsis lífeyrissjóðanna, eða um rúmlega 8.000 krónur þótt persónuafslátturinn héldist óbreyttur. Af þessu má ráða að persónuafslátturinn einn og sér ræður ekki úrslitum um skattbyrði einstaklinga heldur samspil skatthlutfalls og persónuafsláttar, þ.e. hvar sjálf skattleysismörkin liggja.

Það er líka frjólegt að skoða hvernig þetta horfir við í alþjóðlegu samhengi. Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti eru skattleysismörkin mun hærri á Íslandi en í þeim ríkjum sem hér eru skoðuð. Þótt þessi samanburður segi ekki alla söguna um skattbyrði í einstökum löndum sýnir hann að skattfrjálssar tekjur einstaklinga eru mun hærri hér á landi en í hinum ríkjum.



Heimild: OECD

Notkun hagrænna stjórnækja í umhverfismálum

Undanfarin ár hefur sérstakur starfshópur á vegum norræna ráðherraráðsins unnið að samstarfsverkefnum milli umhverfis- og fjármálaráðuneytanna. Þessi hópur hefur meðal annars tekið saman yfirlit yfir notkun hagrænna stjórnækja í umhverfisstefnu á Norðurlöndum. Nýlega kom út skýrsla um þetta efni sem tekur til tímabilsins 1999-2001. Þessi skýrsla er gefin út á ensku enda hefur

hún haft skírskotun langt út fyrir Norðurlöndin, bæði í alþjóðlegu samstarfi en ekki síst er talið að hún hafi nýst nýmarkaðsríkjunum sem hafa verið að feta sig í átt til annarra ríkja að því er varðar stjórnsýslu og þróun þjóðfélags.

Alllangt er síðan Norðurlöndin tóku upp gjaldtöku sem var beinlínis ætlað að hafa áhrif á stöðu umhverfismála. Í megindráttum er slíkum gjöldum ætlað að draga úr loftmengun og/eða draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Niðurstaða allmarga athugana sem fram hafa farið á gjaldtöku til að draga úr losun kolefnistvíldis er að hún skilar árangri við að draga úr þessari losun. Skattlagningu á eldsneyti og bíla hefur ennfremur verið breytt á öllum Norðurlöndunum til að hvetja til minni mengunar.

Ekki hefur verið gengið eins langt í að draga úr mengun vatns eins og lofts á Norðurlöndunum en sums staðar er lagður skattur á áburð og skordýraeitur í þessum tilgangi. Skattlagningu á sörp hefur verið beitt bæði til þess að kosta frágang og í þeim tilgangi að draga úr tilurð þess. Víðast er skilgjald lagt á flöskur. Ísland er eitt Norðurlanda með reynslu af framsejlanlegum framleiðsluvótum en mikil umræða hefur verið um þau mál annars staðar.

Skýrsluna *The Use of Economic Instruments in Nordic Environmental Policy 1999-2001* er hægt að fá á efnaahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

CFC-reglur

Í umræðum að undanförmu um skattaleg úrlausnarefni tengd vaxandi fjármagnsflutningum milli landa hefur verið vikið að svonefndum cfc-reglum, eða reglum um "Controlled Foreign Company", en í fjármálaráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi hugsanlegrar lagasetningar hér að lútandi.

Markmið cfc-reglna er að bregðast við skattaflóta sem byggir á því að innlendir skattaðili stofnar dótturfélag eða sjóð sem hann á tiltekinn hluta í eða ræður yfir í lágskattalandi og flytur þannig skattstofn sinn þangað. Samkvæmt cfc-reglum eru tekjur erlenda dótturfélagsins ýmist taldar hluti af skattstofni innlenda skattaðilans að ákveðnum skilyrðum uppfylltum eða litið er á tekjur erlenda dótturfélagsins sem arð sem hafi verið greiddur hluthafanum. Almennt er greiddur skattur í hinu ríkinu þá dreginn frá. Yfirleitt er þessum reglum fyrst og fremst ætlað að ná til félaga sem byggja að mestu á fjármagnstekjum svo sem eignarhaldsfélög og sjóðir.

Cfc-reglur hafa verið lögfestar í ýmsum ríkjum, svo sem Danmörku, Kanada, Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Portúgal og Ítalíu.

Reglur ríkjanna eru mismunandi að því er varðar skilyrði þess að reglur komi til framkvæmda, þ.e. að tekjur lögaðila sem skráðir er erlendis séu skattlagðar með tekjum innlands aðila. Þessi skilyrði varða oftast í fyrsta lagi hvers konar starfsemi um er að ræða erlendis, en reglunum er oft beint sérstaklega að félögum sem taka á móti fjármagnstekjum, s.s. vöxtum, arði og þóknunum. Í öðru lagi varða skilyrðin yfirráð yfir erlenda aðilanum og í þriðja lagi skilgreiningu á því hvað telst lágskattaumhverfi. Við skilgreiningu á því hvað telst lágskattaumhverfi er skattbyrðin í lágskattalandinu borin saman við hvaða skatt viðkomandi hluthafi hefði greitt í sínu heimilisfestisríki af tekjunum.

Skiptar skoðanir eru um það innan OECD hvort cfc-löggjöf samræmist ákvæðum tvísköttunarsamninga. Meginreglan samkvæmt tvísköttunarsamningum er að hagnað félags skuli eingöngu skattleggja í því ríki þar sem það er heimilisfast svo fremi að það hafi ekki fasta atvinnustöð í öðru ríki. Cfc-löggjöf gerir hins vegar ráð fyrir því að tekjur félagsins séu einnig skattlagðar í heimilisfestisríki hluthafans. Til að taka af allan vafa gera sum ríki fyrirvara í samningum sínum um að þau geti ávallt beitt cfc-lögum eða annarri innlendi sniðgöngulöggjöf sinni þrátt fyrir ákvæði tvísköttunarsamningsins. Dæmi um slíkt eru ákvæði í tvísköttunarsamningum Íslands við Ítalíu og Spán.

Tekjur ríkissjóðs febrúar		
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-
%	2002	2003
Skatttekjur alls	3,6	6,2
Tekjuskattar	12,4	0,2
Tryggingagjöld	10,2	2,0
Eignarskattar	-28,2	0,5
Veltuskattar	-1,3	13,1
Tekjur alls	3,5	6,4

Gjöld ríkissjóðs febrúar		
12 mánaða breytingar	2001-	2002-
%	2002	2003
Almenn mál	23,0	5,4
Félagsmál	18,0	9,3
Atvinnumál	-9,1	-10,9
Vaxtagjöld	-48,8	54,1
Önnur útgjöld	12,3	14,0
Gjöld alls	0,8	10,7

Greiddsluafkoma ríkissjóðs febrúar		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	3.310	1.464
Hr. lánssjárjófnoður	3.155	2.456
Alborganir lána	-10.687	-4.851
Br. lánssjárjófnoður	-9.033	-3.645
Lántökur	11.185	175
Greiddsluafkoma	2.152	-3.471

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - mars 2003	8,7	2,2
Kjarnaverðb. I.- mars 2003	9,5	2,6
Launavísitala - febrúar 2003	9,8	5,6
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi - febrúar 2003	2,6	4,1



3. apríl 2003

Vöruinnflutningur í mars


Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts í mars benda til verulegrar aukningar almenns vöruinnflutnings í mánuðinum hvort sem miðað er við febrúarmánuð eða marsmánuð árið 2002. Samkvæmt þessum tölum gæti innflutningur án skipa og flugvéla hafa numið rúmlega 15% milljarði króna, samanborið við 13,8 milljarða í febrúar sl. og 14,2 milljarða í marsmánuði í fyrra. Aukningin frá síðasta ári mælist 21% að raungildi en þá er rétt að hafa í huga að í fyrra voru páskarnir í mars þannig að innflutningur hefur eitthvað verið minni þess vegna.

Það þarf reyndar að hafa ákveðna fyrirvara við samanburð milli einstakra mánaða enda geta sveiflur verið töluverðar til dæmis vegna fjölda frídaga o.fl. Ennfremur eru töluverðar árstíðasveiflur í innflutningi. Ef innflutningur síðustu þriggja mánaða síðasta árs og fyrstu þriggja mánaða þessa árs er skoðaður sérstaklega kemur í ljós að innflutningur án skipa og flugvéla dregst saman um 10% sem virðist nokkuð hefðbundið miðað við árstíma enda er fjórði ársfjórðungur jafnan sá stærsti sem fyrst og fremst stafar af hefðbundnum innkaupum vegna jólnanna.

Það kemur því ekki á óvart að mismunur milli þessara tveggja tímabila virðist einkum stafa af minni innflutningi rafbúnaðar og tækja á fyrstu mánuðum þessa árs en innflutningur þeirra dróst saman um 1,1 milljarð króna og innflutningur á húsgögnum og húsbúnaði dróst saman um 600 milljónir króna eða um 30%. Aftur á móti jókst innflutningur ökutækja og fylgihlutna þeirra um 25% milli þessara tímabila.

Meðfylgjandi línurit sýnir meðaltöl þriggja mánaða innflutnings og breytingu þeirra miðað við sama tímabil árið á undan hvort tveggja reiknað á sama verðlagi og gengi. Þetta línurit sýnir vel áhrif hagsveiflunnar á innflutning. Fyrst mikla aukningu í innflutningi fram á árið 2000 og síðan samdrátt frá áramótum 2000/2001 sem virðist ná botni fyrir mitt síðasta ár. Þá tekur innflutningur aftur nokkuð við en sveiflast síðan í kringum núllið, miðað við tólf mánaða breytingar, fram yfir síðustu áramót. Frá þeim tíma hefur innflutningur hins vegar aukist á nýjan leik.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirk



Ýmsar skýringar kunna að vera á þeim sveiflum sem orðið hafa í innflutningi. Nýlegar ákvarðanir í stóriðjumálum og auknar framkvæmdir á vegum opinberra aðila auk hás gengis íslensku krónunnar hafa án efa orðið til þess að auka bjartsýni landsmanna um framvindu efnahagsmála á næstunni. Þetta hefur meðal annars birst í stórukaupum bílakaupum síðustu mánuði. Á móti hefur vegið óvissa á alþjóðamarkaði, einkum vegna hugsanlegra áhrifa

Íraksstríðsins á framvinduna. Engu að síður gefa innflutningstölur allra síðustu mánaða sterklega til kynna að íslenskt efnahagslíf sé að taka við sér á nýjan leik eftir tímabundna lægð undanfarin misseri.

Skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál

OECD-stofnunin í París hefur um langt árabil gefið út skýrslur um framvindu og horfur í íslenskum efnahagsmálum. Þessar skýrslur eru unnar af færustu sérfræðingum á sínu sviði og mikið til þeirra vandað. Vinnuferlið í þessu samhengi er þannig að til undirbúnings skýrslunnar kemur hingað til lands sendinefnd frá OECD sem ræðir við fjölmarga aðila bæði innan og utan stjórnsýslunnar. Auk fulltrúa helstu ráðuneyta svo sem fjármála- og forsætisráðuneytis og ýmissa fagráðuneyta er rétt við sérfræðinga frá Seðlabanka, Fjármálaeftirliti, Ríkisendurskoðun, háskólum og aðila vinnu- og fjármála-markaðar. Í framhaldi af þessu undirbúa sérfræðingar OECD skýrsludrög sem lögð eru fyrir fund nefndar sem skipuð er fulltrúum allra aðildarríkja samtakanna. Til þessa fundar mæta einnig fulltrúar íslenskra stjórnvalda þar sem færi gefst á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Endanlegt úrskurðarvald um skýrsluna liggur síðan afháð hjá þessari nefnd.

Eins og fram kemur í niðurstöðukafla skýrslunnar er mat OECD á framvindu efnahagsmála og hagstjórn hér á landi afar jákvætt, ekki einungis hvað varðar ótrúlega hraðan viðsnúning eftir niðursveifluna 2001-2002 heldur einnig fyrir árangursríka hagstjórn síðastliðinn áratug. Sú mikla aðlögun sem íslenska hagkerfið hefur sýnt er að mati OECD rakin til efnahagsstefnu stjórnvalda og umfangsmikilla skipulagsbreytinga á flestum sviðum efnahagslífsins á undanförmum árum.

Í skýrslunni eru stjórnvöld hins vegar hvött til að halda vöku sinni í hagstjórn, ekki síst í ljósi fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda. Í þessu sambandi er einkum bent á mikilvægi aðhaldssamarar stefnu í peningamálum en einnig á sviði ríkisfjármála, einkum með því að tímasetja opinberar framkvæmdir með hliðsjón af efnahagslegum áhrifum þeirra. Stjórnvöld eru jafnframt hvött til þess að lækka skatta, einkum tekjuskatta einstaklinga, til þess að stuðla að jákvæðum áhrifum á vinnuframboð og halda um leið aftur af opinberum útgjöldum.

Í spá OECD er gert ráð fyrir heldur meiri hagvexti en í síðustu spá fjármálaráðuneytisins frá því í desember, eða 2,1% árið 2003 og 3,5% árið 2004. Skýringin á þessu fráviki felst fyrst og fremst í því að í spá OECD er tekið tillit til þeirra ákvarðana um stóriðjuframkvæmdir og auknar opinberar framkvæmdir sem ekki lágu fyrir þegar ráðuneytið birti sína spá.

Nú er unnið að endurskoðun á þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og verða niðurstöður hennar birtar í skýrslu um íslenska þjóðarþúskapinn sem verður gefin út 15. apríl nk.

Gerð tvísköttunarsamnings við Suður-Kóreu

Annar fundur samninganefnda Íslands og Suður-Kóreu var haldinn nýlega og voru samningsdrög árituð af formönnum samninganefndanna í lok fundarins. Samningurinn nær til tekju- og eignarskatta, þó svo að Suður-Kórea leggi ekki á eignarskatta í dag. Verði slíkur skattur hins vegar tekinn upp þar í landi mun samningurinn einnig ná til hans.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að samið var um 5% afdráttarskatt á arði ef félagið sem móttækur arðinn á a.m.k. 25% í félaginu sem greiðir arðinn, en í öðrum tilvikum var samið um 15% afdráttarskatt. Þá var samið um 10% afdráttarskatt af vöxtum og þóknunum. Einnig var samið um upplýsingaskipti á milli landanna varðandi þá skatta sem samningurinn nær til. Samkvæmt samningsdrögum verður frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun. Samninganefndirnar voru sammála um að stefna að undirritun samningsins eins fljótt og auðið er.

Tekjur ríkissjóðs febrúar		
12 mánaða breytingar,	2001-2002	2002-2003
%	2002	2003
Skatttekjur alls	3,6	6,2
Tekjuskattar	12,4	0,2
Tryggingagjöld	10,2	2,0
Eignarskattar	-28,2	0,5
Veltuskattar	-1,3	13,1
Tekjur alls	3,5	6,4

Gjöld ríkissjóðs febrúar		
12 mánaða breytingar	2001-2002	2002-2003
%	2002	2003
Almenn mál	23,0	5,4
Félagsmál	18,0	9,3
Atvinnumál	-9,1	-10,9
Vaxtagjöld	-48,8	54,1
Önnur útgjöld	12,3	14,0
Gjöld alls	0,8	10,7

Greiðsluafkoma ríkissjóðs febrúar		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	3.310	1.464
Hr. lánsfjárfjöfnuður	3.155	2.456
Alborganir lána	-10.687	-4.851
Br. lánsfjárfjöfnuður	-9.033	-3.645
Lántökur	11.185	175
Greiðsluafkoma	2.152	-3.471

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga - mars 2003	8,7	2,2
Kjarnaverðb. I. - mars 2003	9,5	2,6
Launavísitala - febrúar 2003	9,8	5,6
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi - febrúar 2003	2,6	4,1




10. apríl 2003

Ný spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birti í gær nýja [efnahagsspá](#) en í henni kemur fram að áfram er gert ráð fyrir hægfara efnahagsbata í heiminum á þessu ári. Hagvaxtarspár fyrir 2003 og 2004 hafa verið lækkaðar frá síðustu spá sjóðsins sem kom út síðastliðið haust. Hagvöxtur ársins 2002 reyndist hins vegar örlítið meiri en síðasta spá gerði ráð fyrir. Samkvæmt þessari nýjustu spá sjóðsins er reiknað með að hagvöxtur á evrusvæðinu verði 1,1% á þessu ári og 2,3% á því næsta. Í Bandaríkjunum er búist við örrari vexti en þar er reiknað með 2,2% vexti í ár og 3,6% á næsta ári.

Hagvöxtur í helstu iðnríkjum



Samkvæmt spánni stafar hægur hagvöxtur að undanföngu að hluta til af óvissu sem skapaðist vegna yfirvofandi stríðs í Írak en einnig vegna viðvarandi áhrifa af lækunum á hlutabréfamörkuðum. Atvinnuleysi hefur aukist og iðnaðarframleiðsla staðnað auk þess sem dregið hefur úr alþjóðaviðskiptum. Afturkiptur í efnahagslífinu hefur enn fremur veikt stöðu ríkisfjármála í flestum löndum og leitt til halla og skuldasöfnunar á nýjan leik. Svigrúm stjórnvalda til mótvægisáðgerða hefur því þringst.

Í skýrslunni kemur fram að verðbólga hefur verið mjög lítil og búist er við að hún verði undir 2% í þróuðum ríkjum á þessu ári. Hún er talin geta aukist aðeins í Bandaríkjunum þar sem gengi dollars hefur lækkað og oliuverð hækkað en líklegt þykir að sú hækkan gangi til baka. Á evrusvæðinu hefur hækkan á gengi evrunnar vegið á móti oliuverðshækkanum. Gert er ráð fyrir að áfram dragi úr verðbólgu þar og að hún verði um 1½% á næsta ári. Í Japan heldur verðhjóðnun áfram en hún gæti jafnvel orðið víótækara vandamál, til dæmis í Þýskalandi þar sem var nánast engin verðbólga seinni hluta ársins 2002.

Framvinda efnahagsmála næstu mánuði er sögð ráðast að talsverðu leyti af framgangi mála í Írak. Verði stríðið skammvinnu er reiknað með að oliuverð muni lækka tiltölulega hratt, fjárfesting taki við sér á ný og þar með fari hagvöxtur að aukast. Dragist stríðið á langinn mun þessu ferli óhjákvæmilega seinka. Fyrir utan hækkanir á oliuverði væri langvinnu stríð líklegt til að hafa neikvæð áhrif á væntingar fyrirtækja og einstaklinga, valda lægra verði á hlutabréfamörkuðum og meiri áhættufærni fjárfesta.

Verðþróun á hlutabréfamörkuðum er einnig nefnd sem hugsanlegur óvissuþáttur í sjálfu sér burt séð frá stríði. Talið er líklegt að neikvæð áhrif af lækunum á hlutabréfamörkuðum á eftirspurn hafi náð hámarki í lok 2002 og byrjun 2003 en þó er ekki hægt að útiloka frekari lækkanir.

Að lokum er hagvaxtarþróun í Bandaríkjunum nefnd sem hugsanlegur óvissuþáttur þar sem Bandaríkin eru leiðandi hagvaxtarafi í heiminum og framvindan í öðrum löndum verulega háð þróuninni þar. Þessari stöðu fylgir hins vegar vaxandi ójöfnuður í alþjóðaviðskiptum þar sem halli á viðskipta-jöfnuði Bandaríkjanna eykst og afgangur að sama skapi í Evrópu og Japan.

Um kosti og galla fjölþreparetekjuskatts

Eins og fram hefur komið skilaði nefnd sem fjármálaráðherra skipaði til að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþreparetekjuskatt hjá einstaklingum álitinu sínu í síðustu viku. Þar sem niðurstöður [skýrslunnar](#) hafa orðið tilefni mismunandi túlkunar þeirra aðila sem áttu fulltrúa í nefndinni er rétt að greina frá helstu atriðum sem fram koma í álitu nefndarinnar:

Í álitinu er meðal annars bent á að með upptöku nügildandi tekjuskattkerfis árið 1988 hafi verið horfið frá því fjölþreparekerfi sem áður var við lýði. Í stað þess var gengið út frá einu skatthlutfalli í staðgreiðslu og margvislegum frádráttarlíðum var steypt saman í einn líð, persónuafslátt. Samspil persónuafsláttar og skatthlutfalls felur í sér að hlutfall skattgreiðslna af tekjum fer vaxandi með hækkanum tekjum. Það er algengur misskilningur að allir greiði sama hlutfall í tekjuskatt. Því fer hins vegar fjarri.

Tekjuskattálagning á einstaklinga gegnir mikilvægu hlutverki til tekjujöfnunar milli einstakra tekjuhópa og til almennrar sveiflujöfnunar, bæði hvað varðar ráðstöfunartekjur einstaklinga og eins í þjóðhagslegu tilliti til þess að hamla gegn of miklum sveiflum í efnahagslífinu. Tekjujöfnunaráhrifin birtast einkum í samspli persónuafsláttar og skatthlutfalls/ hlutfalla en það stýrir því hversu hátt hlutfall af tekjum viðkomandi einstaklings fer til greiðslu tekjuskatts. Með því að persónuafsláttur er tiltölulega hár hér á landi kemur ekki til greiðslu tekjuskatts fyrir en ákveðnu tekjustigi, þ.e. skattleysismörkuðum, er náð.

Sveiflujöfnunaráhrifin koma hins vegar fram í því að dragist tekjur heimila saman veldur uppbygging tekjuskattkerfisins því ekki skattgreiðslur minnka enn meira og ráðstöfunartekjur dragast því ekki eins mikið saman og atvinnutekjur. Með sama hætti jafnar tekjutenging bóttanna ráðstöfunartekjur milli einstaklinga og dregur úr áhrifum tekjusveiflna þegar á heildina er lítið. Þessi áhrif birtast einnig gagnvart efnahagslífinu í heild. Þegar þjóðarþrjúskapurinn er í lægð eru tekjubreytingar yfirleitt minni en ella, meðal annars vegna minni umsaminnna launahækkana, styttri vinnutíma og aukins atvinnuleysis. Í þessu ástandi leiðir tekjuskattkerfið til þess að skattgreiðslur lækka hlutfallslega og áhrifin á ráðstöfunartekjur einstaklinga og innlenda eftirspurn verða því minni en ella.

Í nefndinni komu fram þau sjónarmið af hálfu fulltrúa Alþýðusambands Íslands að fjölþreparekerfið gæfi færi á ódýrari útfærslu til tekjujöfnunar en nügildandi tekjuskattkerfi, auðveldaði breytingar á jafnri tekju einstakra tekjuhópa og gæfi möguleika á að draga úr tekjutengingu bóta og færa þá tekjujöfnun inn í skattkerfið.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur því hins vegar verið haldið fram að framkvæmd fjölþreparetekjuskatts væri flókin, meðal annars með tilliti til þess að margir vinna hjá fleiri en einum launagreiðanda, minni sveigjanleika til að mæta tekjusveiflum svo sem hjá sjómönnum, meiri breytinga í eftiráuppgjöri og erfiðara skatteftirlits. Jafnframt dregur ráðuneytið í efa að fjölþreparekerfið gefi færi á ódýrari útfærslu til tekjujöfnunar en núverandi tekjuskattkerfi. Loks hefur af hálfu ráðuneytisins verið bent á að samstaða hafi verið um það á sínum tíma milli allra aðila að hverfa frá fjölþreparekerfi og eftirágreiðslum og fara yfir í staðgreiðslukerfi. Afstaða ráðuneytisins hvað þetta varðar hefur ekki breyst.

Tekjur ríkissjóðs jan-febr.		
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-
%	2002	2003
Skatttekjur alls	3,6	6,2
Tekjuskattar	12,4	0,2
Tryggingagjöld	10,2	2,0
Eignarskattar	-28,2	0,5
Veltuskattar	-1,3	13,1
Tekjur alls	3,5	6,4

Gjöld ríkissjóðs jan-febr.		
12 mánaða breytingar	2001-	2002-
%	2002	2003
Almenn mál	23,0	5,4
Félagsmál	18,0	9,3
Atvinnumál	-9,1	-10,9
Vaxtagjöld	-48,8	54,1
Önnur útgjöld	12,3	14,0
Gjöld alls	0,8	10,7

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-febr.		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	3.310	1.464
Hr. lánsfjárfönuður	3.155	2.456
Afborganir lána	-10.687	-4.851
Br. lánsfjárfönuður	-9.033	-3.645
Lántökur	11.185	175
Greiddsluafkoma	2.152	-3.471

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-mars 2003	8,7	2,2
Kjarnaverðb. 1.-mars 2003	9,5	2,6
Launavísitala - febrúar 2003	9,8	5,6
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás. velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi - febrúar 2003	2,6	4,1




16. apríl 2003

Efnahagshorfur fram til 2010

Fjármálaráðuneytið hefur gefið út [nýtt rit](#) um efnahagsmál þar sem rakin er framvinda síðustu ára og efnahagshorfur allt til ársins 2010. Meginniðurstaðan í spá ráðuneytisins er að að framundan sé nýtt hagvaxtartímabil, meðal annars vegna stórtækra framkvæmda við álver og virkjanir, allt til ársins 2010 sem skapar skilyrði til áframhaldandi aukins kaupmáttar heimilanna og aukinnar velferðar þjóðarþúsins.

Hér á eftir er stuttlega fjallað um þann hluta skýrslunnar sem snýr að efnahagshorfum til lengri tíma.

Framleiðslu- og vinnumarkaðsspenna og verðbólga




Með hliðsjón af fyrri framreikningum ráðuneytisins hafa ýmsir mikilvægir þættir efnahagsmála tekið breytingum og fyrri forsendur því verið endurskoðaðar. Í þessu sambandi ber helst að nefna sterkara gengi íslensku krónunnar, jafnari og hagfelldari dreifingu fjárfestingaútgjalda yfir framkvæmdatímann, framleiðslulaka við upphaf framkvæmda í stað spennu auk þess sem gert er ráð fyrir meiri ruðningsáhrifum hvað snertir fjárfestingu atvinnuveganna þegar framkvæmdir við álver og virkjanir standa sem hæst. Allir framangreindir þættir draga úr áhrifum framkvæmdanna á innlenda eftirspurn og minnka þar með líkur á óþenslu í efnahagslífinu.

	Meðaltal	
	2003-2006	2007-2010
Verg landsframleiðsla	3½	2
Einkaneysla	3	2½
Samneysla	2	2
Fjármunamyndun	11½	-5
Atvinnuvegir	18	-9¼
Íbúðarhúsnæði	2½	2¼
Hið opinbera	-1½	4½
Útflutningur	2,8	6¼
Innflutningur	5½	2¾
Viðskiptajöfnuður % af VLF	-3	-2¾
Atvinnuleysi % af vinnuafli	2	2¾
Verðbólga milli ára %	3	3

Engu að síður er ljóst að mikilvægt verður að fylgja aðhaldsamri stefnu í peninga- og ríkisfjármálum þegar framkvæmdir standa sem hæst og að sama

skapi slaka á til að hamla gegn niðursveiflu í kjölfar framkvæmdanna. Í framreikningunum er gert ráð fyrir gengisaðlögun krónunnar sem felur í sér höflega styrkingu á mesta framkvæmdatímanum. Sömuleiðis er reiknað með að vextir kunni að hækka tímabundið og að ákvarðanir um fjárfestingu á vegum hins opinbera taki nokkuð mið af framvindu í framkvæmdum við álver og virkjanir

Árlegur hagvöxtur og vísitala landsframleiðslu



Á þessum forsendum er spáð kröftugum hagvexti hér á landi allt til ársins 2007. Árið 2008 hægir á en hagvöxtur eykst aftur árið 2009. Ólíkt fyrra máti á áhrifum framkvæmdanna leiðir þessi framreikningur í ljós að ekki verður umtalsverður efnahagssamdráttur í lok tímabilsins sem fyrst og fremst má rekja til jafnari dreifingar framkvæmdanna auk fyrrgreindra hagstjórnaraðgerða.

Samkvæmt niðurstöðu framreikninganna verður árlegur hagvöxtur um 3½% að meðaltali á fyrri hluta framkvæmdatímans sem nær yfir 2003-2006. Þegar úr framkvæmdum dregur á árunum 2007-2010 mun draga úr hagvexti sem verður að meðaltali um 2% á ári.

Gerð tvísköttunarsamninga á undanförunum árum

Í tímum alþjóðavæðingar þar sem landamæri er ekki lengur hindrun, hvorki hjá einstaklingum né fyrirtækjum, skiptir öllu máli að leikreglur séu skýrar. Tvísköttunarsamningar er gott dæmi um slíkar reglur, sem stuðla eiga að bættu flæði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafns milli tveggja ríkja í því skyni að efla viðskipti þeirra í millum. Í þeim felst að viðkomandi ríki skipta með sér skattlagningarrétti af tilteknum tekjum eða eignum. Með því er komið í veg fyrir að sömu tekjur eða eignir séu skattlagðar oftar en einu sinni, enda viðurkennd staðreynd að tvísköttun eða margsköttun sé óheppileg hindrun á samkeppnismarkaði.

Staðan í dag er sú að gerðir hafa verið 26 tvísköttunarsamningar af hálfu íslenskra stjórnvalda við önnur ríki, auk marghliða samnings við Norðurlöndin. Þar af eru 9, eða þriðjungur, gerðir á síðustu fjórum árum. Þeir eru við Rússland, Portúgal, Spán, Ítalíu, Írland, Möltu, Ungverjaland, Grænland og nú síðast við Suður-Kóreu. Þá er tvísköttunarsamningur við Grikkland í burðarlíðnum, auk þess sem viðræður munu hefjast við Austurríki og Mexíkó síðar á þessu ári. Undirbúningur er þegar hafinn að formlegum viðræðum við Japan, þó tímasetningar liggja ekki fyrir. Ennfremur fer fram endurskoðun á eldri samningum við Þýskaland og Bandaríkin, en sá fyrri er frá árinu 1968 og sá síðari frá árinu 1976. Frekari upplýsingar um gerða tvísköttunarsamninga er að finna á heimasíðu ráðuneytisins.

Tekjur ríkissjóðs jan-febr.		
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-
%	2002	2003
Skatttekjur alls	3,6	6,2
Tekjuskattar	12,4	0,2
Tryggingagjöld	10,2	2,0
Eignarskattar	-28,2	0,5
Veltuskattar	-1,3	13,1
Tekjur alls	3,5	6,4

Gjöld ríkissjóðs jan-febr.		
12 mánaða breytingar	2001-	2002-
%	2002	2003
Almenn mál	23,0	5,4
Félagsmál	18,0	9,3
Atvinnumál	-9,1	-10,9
Vaxtagjöld	-48,8	54,1
Önnur útgjöld	12,3	14,0
Gjöld alls	0,8	10,7

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-febr.		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	3.310	1.464
Hr. lánsfjárfjöfnuður	3.155	2.456
Afborganir lána	-10.687	-4.851
Br. lánsfjárfjöfnuður	-9.033	-3.645
Lántökur	11.185	175
Greiðsluafkoma	2.152	-3.471


Ýmsar helstu hagföður		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-apríl 2003	7,5	2,3
Kjarnaveröb.1.-apríl 2003	8,8	2,5
Launavísitala - febrúar 2003	9,8	5,6
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás. velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi - mars 2003	2,7	4,0



23. apríl 2003

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til mars 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung. Uppgjörð hér fyrir neðan sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisýfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 4,3 milljarða króna til samanburðar við 0,5 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra sem að stærstum hluta skýrist af vaxtagjöldum vegna innlausnar spariskírteina í febrúar sl. Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 10,7 milljarða króna sem er 10,1 milljarði betri staða en árið á undan. Jákvæðari staða skýrist af sölu á hlutabréfum ríkisins í viðskiptabönkunum. Hreinn lánsfjárafgangur nam 6,4 milljörðum króna í ár, samanborið við um hálf milljarðs króna afgang á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu um 68,3 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 12,9 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, eða um 23,2%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkisins í viðskiptabönkunum sem nam tæplega 10,8 milljörðum króna. Þar munar mestu um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands en innstreymi vegna hlutafjársoðu í bankanum nam um 10,3 milljörðum króna. Skatttekjur ríkissjóðs námu 54,1 milljarði króna eða um 5% meira en á sama tíma í fyrra sem jafngildir um 2,8% raunhækkun milli ára. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu líðlega 14 milljörðum króna eða 2,8% meira en á sama tíma í fyrra. Innheimta tryggingargjalda nam tæplega 5,7 milljörðum króna og hækkaði um 3,5% á milli ára. Veigamesta breytingin er hins vegar um 11% hækkun almennra veltuskatta á milli ára eða sem nemur 8,7% að raungildi. Þar munar mestu um tæplega 12% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti. Auk þess skila vörugjöld af ökutækjum, bensíni og áfengi umtalsvert meiri tekjum en í fyrra, ekki síst vörugjöld af ökutækjum sem skila um 50% meiri tekjum en á sama tíma í fyrra. Að öllu samanlögðu gefa innheimtutölur í mars þannig enn frekari vísendingar um að innlend eftirspurn sé að taka við sér á nýjan leik eftir samdrátt síðustu missera.

Greidd gjöld nema tæpum 62 milljörðum króna og hækka um 6 milljarða milli ára. Þar munar mestu 2 milljarða króna hækkun vaxtagreiðslna en sú hækkun er í samræmi við áætlun fjárlaga. Hækkun annarra gjalda milli ára, þ.e. án vaxtagreiðslna, nemur því 4 milljörðum króna eða rúmum 7%. Greiðslur til sjúkráhusa, sjúkratrygginga og heilsugæslu hækka um 1,5 milljarða króna og hækkun almennatrygginga nemur tæpum 1,8 milljörðum, þar af eru 0,5 milljarðar vegna meira atvinnuleysis en á sama tíma í fyrra. Á móti vegur að


greiðslur til atvinnumála lækka um 500 m.kr. Þar sem greiðslur til vega- og flugmála hafa frestast m.a. vegna minni snjómoksturs. Aðrar breytingar eru minni.

Skatthlutföll í felum?

Fjármálaráðuneytið birti nýja þjóðhagsspá í síðustu viku. Spáin var birt í skýrslunni, [Þjóðarþúskaðurinn – vorskýrsla 2003](#). Því hefur verið haldið fram að ráðuneytið hafi í þessari skýrslu felt niður tiltekna útreikninga á hlutföllum tekna og gjalda ríkis og sveitarfélaga af landsframleiðslu vegna þess að þeir hafi sýnt að skattbyrði hafi aukist á síðustu árum. Slíkar fullyrðingar eru byggðar á misskilningi. Allar tölur um tekjur og gjöld ríkis og sveitarfélaga sem skipta máli eru sýndar í töfluviðaukanum og því leikur einn að reikna hlutföll þeirra af landsframleiðslu. Hér er því ekki verið að fela einhverjar upplýsingar.

Af þessu tilefni er rétt að rifja upp að síðastliðið haust urðu nokkrar umræður um samanburð skatthlutfalla milli landa sem að hluta byggðust á því að menn báru saman tölur úr tveimur mismunandi og ósamanburðarhæfum uppgjörsaðferðum. Sá mælikvarði á skattbyrði sem er almennt notaður í alþjóðasamanburði byggist á samræmdum tölum frá OECD sem eru fengnar úr greiðsluuppgjörum hins opinbera, jafnt ríkis sem sveitarfélaga. Þetta efni er byggt á tölum Fjársýslu ríkisins um líðna tíð og áætlunum fjárlaga/fjármálaráðuneytisins fyrir nýjustu árin. Þær tölur um opinbera þúskaðurinn sem birtar eru í vorskýrslu fjármálaráðuneytisins (og áður í skýrslum Þjóðhagsstofnunar) eru hins vegar byggðar á svokölluðu þjóðhagsreikningauppgjöri sem er á rekstrargrunni og er ekki notað í samanburðarskýrslum OECD um skattamál.

Hlutfall skatttekna hins opinbera af landsframleiðslu



Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti munar nokkru á hlutföllum fyrir hvert einstakt ár og því mikilvægt að þessum tveimur aðferðum sé ekki ruglað saman. Hins vegar er ekki umtalsverður munur á aðferðunum hvað varðar þróun stærðanna yfir tíma og fylgni hlutfallanna mikil, jafnt upp á við sem niður á við. Skatthlutföllin hækka þegar efnahagslífið er í uppsveiflu og lækka í niðursveiflu. Þannig lækka skatthlutföllin í niðursveiflu 1991-1994, hækka síðan í uppsveiflu sem hófst árið 1995 og ná hámarki árið 2000 þegar umsvif í efnahagslífinu voru sem mest. Þá lækka hlutföllin á ný árin 2001-2002 en virðast nú vera á uppleið samhlíða auknum hagvexti samkvæmt spá ráðuneytisins. Þessi þróun endurspeglar vel sveiflujöfnunarhrif skattkerfis hins opinbera sem eru ekki einskorðuð við Ísland heldur fyrirfinnst í flestum nágrannalöndum okkar.

Tekjur ríkissjóðs jan-mars			
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-	
%	2002	2003	
Skatttekjur alls	2,9	5,0	
Tekjuskattar	8,3	0,0	
Tryggingagjöld	10,9	3,5	
Eignarskattar	-17,5	-8,6	
Veltuskattar	-0,9	11,1	
Tekjur alls	2,7	23,2	

Gjöld ríkissjóðs jan-mars			
12 mánaða breytingar %	2001-	2002-	
	2002	2003	
Almenn mál	22,1	-4,0	
Félagsmál	13,1	12,2	
Atvinnumál	-4,0	-4,2	
Vaxtagjöld	-51,7	46,6	
Önnur útgjöld	9,2	14,7	
Gjöld alls	0,8	10,7	

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-mars		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-491	-4.340
Hr. lánsfjárfjóðniður	65	6.405
Afborganir lána	-10.753	-4.953
Br. lánsfjárfjóðniður	-12.938	-424
Lántökur	15.634	5.081
Greiðsluafkoma	2.696	4.657

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-apríl 2003	7,5	2,3
Kjarnaverðb.1.-apríl 2003	8,8	2,5
Launavísitala -mars 2003	8,7	5,7
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás. velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi - mars 2003	2,7	4,0




30. apríl 2003

Ástæður mismunandi hagvaxtar í OECD-ríkjunum

Á fundi fjármálaráðherra OECD-ríkjanna í París í gær var meðal annars fjallað um þróun hagvaxtar síðustu tvo áratugi og helstu ástæður mismikils hagvaxtar í einstökum ríkjum. Athyglin beindist sérstaklega að því hvaða aðgerðir væru æskilegastar í því skyni að renna styrkari stoðum undir varanlegan hagvöxt. Ísland kemur mjög vel út í þessum samanburði.

Í skýrslu OECD voru tekin fyrir tvö tímabil, annars vegar 1980-1995 og hins vegar 1995-2002. Samanburður á hagvaxtarþróuninni þessi tvö tímabil sýnir að hagvöxtur hefur óvída aukist jafn mikið og hér á landi. Þannig nam hagvöxturinn fyrra tímabilið 1,2% að meðaltali á ári en 2,3% síðara tímabilið. Til samanburðar má nefna að meðalhagvöxtur í OECD-ríkjunum nam 2,1% fyrra tímabilið en 1,9% síðara tímabilið.

Aukning meðalhagvaxtar milli tímabila 1980/1995-1995/2002



Fróðlegt er að skoða tillögur OECD um helstu leiðir til þess að auka hagvöxt eins og þær birtast í skýrslunni, meðal annars í ljósi þess sem segir í nýlegri skýrslu OECD um Ísland um ástæður þess árangurs sem náðst hefur í efnahagsmálum hér á landi á síðustu árum.

Í skýrslu OECD er fjallað um stöðuna á vinnumarkaði og bent á að tiltölulega lág atvinnuþátttaka, mikið atvinnuleysi og stuttur vinnutími eigi drjúgan þátt í að skýra mismikinn hagvöxt milli landa. Auk þess eru nefnd hér fleiri atriði eins og háir skattar á vinnuafli, lítill sveigjanleiki á vinnumarkaði og lágur lífeyrisaldur. Öll þessi atriði eru talin hamla gegn hagvexti.

Staðan hér á landi er um margt frábrugðin þessari lýsingu sem á sinn þátt í að skýra mikla hagvaxtaraukningu milli þessara tveggja tímabila. Þannig er vinnumarkaður hér á landi mjög sveigjanlegur miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum. Ennfremur er atvinnuþátttaka með því hæsta sem þekktist í OECD-ríkjunum. Sama gildir um lífeyrisaldur þar sem fólk vinnur almennt mun lengur hér á landi en annars staðar. Þá er skattlagning launa með því lægsta sem þekktist eins og glögt kemur fram í skýrslu OECD.

Framtíðarhorfurnar verða einnig að teljast fremur bjartar hér á landi, meðal annars í ljósi þess að aldurssamsetning þjóðarinnar mun ekki íþyngja opinberum fjármálum með sama hætti og í öðrum löndum vegna styrkrar stöðu lífeyrissjóðakerfisins. Víða erlendis eru þessi mál talin helstu vandamál

velferðarkerfisins þar sem óhjákvæmlegt muni reynast að draga úr almennri velferðarþjónustu eða hækka skatta til að mæta auknum lífeyrisgreiðslum. Í þessu felst að fjármál hins opinbera séu sjálfbær hér á landi gagnstætt því sem er víðast hvar annar staðar.

Konum í stjórnunarstöðum fjölga hjá ríkinu

Frá ársbyrjun 2001 til apríl 2003 hafa verið ráðnir 47 forstöðumenn hjá ríkinu. Þar af eru 20 konur og 27 karlar. Töluverðar skipulagsbreytingar hafa orðið á þessu tímabili þar sem stofnanir hafa ýmist verið sameinaðar, lagðar niður eða nýjar settar á laggirnar. Á þessu tímabili hefur körlum í stjórnunarstöðum fækkað um 20 en konum fjölgað um 10.

Nýráðningar 2001-2003

	Ráðningar	Karlar	Konur
Forsætisráðuneytið	1		1
Menntamálaráðuneytið	13	9	4
Útanríkisráðuneytið			
Landbúnaðarráðuneytið			
Sjávarútvegssráðuneytið	1		1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	8	4	4
Félagsmálaráðuneyti	3	1	2
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	10	4	6
Fjármálaráðuneyti	2	1	1
Samgönguráðuneyti	3	3	
Iðnaðarráðuneyti	3	2	1
Viðskiptaráðuneyti	1	1	
Hagstofa Íslands			
Umhverfissráðuneytið	2	2	
Samtals	47	27	20

Innkaupastefna fjármálaráðuneytisins og stofnana þess

Ríkisstjórnin samþykkti innkaupastefnu ríkisins í nóvember á síðasta ári. Innkaupastefnan nær til ráðuneyta og ríkisstofnana. Stefnan markar áherslur og markmið í innkaupum ríkisins á árunum 2003-2006. Í innkaupastefnu ríkisins er mælt til þess að hvert ráðuneyti útbúi og birti sérstaka innkaupastefnu fyrir árslok 2003. Fyrir hvert ráðuneyti og stofnanir verði farið yfir sérstök áhersluatriði varðandi undirbúning, fyrirkomulag og eftirlit innkaupa ásamt því að tilgreina mælanleg markmið sem stuðla að því að markmiðum innkaupastefnu ríkisins verði náð.

Fjármálaráðuneytið hefur nú fyrst ráðuneyta sett [innkaupastefnu](#) fyrir ráðuneytið og stofnanir þess. Skilgreind eru þrjú mælanleg markmið og átta önnur markmið. Auk þess er í stefnunni fjallað um hagkvæm innkaup, umhverfisvæn innkaup og líftímakostnað, innkaupaáferðir, val á birgjum, vörum og þjónustu, ábyrgð og skipulagningu innkaupa. Jafnframt eru upplýsingar um tengiliði, skýrslur og leiðbeiningar og umfjöllun um eftirlit og ábyrgð. Með þættum innkaupaáferðum og aukinni notkun rafræna viðskipta vonast ráðuneytið til þess að árlegur sparnaður geti numið um 46 m.kr. sem er u.þ.b. 1% af heildarinnkaupum stofnana ráðuneytisins. Auk þess er stefnt að aukinni notkun rammasamninga og Innkaupakorts ríkisins.

Um þessar mundir standa yfir fundir milli fjármálaráðuneytisins, Ríkiskaupa og annarra ráðuneyta um gerð innkaupastefnu einstakra ráðuneyta og stofnana þeirra.

Tekjur ríkissjóðs jan-mars			
12 mánaða breytingar,	2001-	2002-	
%	2002	2003	
Skatttekjur alls	2,9	5,0	
Tekjuskattar	8,3	0,0	
Tryggingagjöld	10,9	3,5	
Eignarskattar	-17,5	-8,6	
Veltuskattar	-0,9	11,1	
Tekjur alls	2,7	23,2	

Gjöld ríkissjóðs jan-mars			
12 mánaða breytingar %	2001-	2002-	
	2002	2003	
Almenn mál	22,1	-4,0	
Félagsmál	13,1	12,2	
Atvinnumál	-4,0	-4,2	
Vaxtagjöld	-51,7	46,6	
Önnur útgjöld	9,2	14,7	
Gjöld alls	0,8	10,7	

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-mars		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-491	-4.340
Hr. lánsfjárfjöfnuður	65	6.405
Afborganir lána	-10.753	-4.953
Br. lánsfjárfjöfnuður	-12.938	-424
Lántökur	15.634	5.081
Greiddsluafkoma	2.696	4.657

Ýmsar helstu hagföður		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-apríl 2003	7,5	2,3
Kjarnaverðb.1.-apríl 2003	8,8	2,5
Launavísitala -mars 2003	8,7	5,7
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás.velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi - mars 2003	2,7	4,0



8. maí 2003


Innflutningur í apríl

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts í apríl benda til þess að almennur innflutningur sé enn að aukast. Samkvæmt þessum tölum er gert ráð fyrir að innflutningur í apríl, án skipa og flugvéla, hafi numið 16½ milljarði króna en hann var í mars 15,6 milljarðar. Ef aprílmánuður er borinn saman við sama mánuð í fyrra er aukningin rúm 4% að raungildi. Þetta er vafalaust vanmat á undirliggjandi þróun innflutnings þar sem páskarnir voru núna í apríl en í mars í fyrra.

Mikil aukning hefur orðið í innflutningi ökutækja frá því í fyrra. Í apríl jókst heildrænnflutningur ökutækja um 27% frá fyrri mánuði. Innflutningur bifreiða til einkanota jókst að magni til um 62% fyrstu þrjá mánuði þessa árs í samanburði við sama tímabil árið áður skv. tölum frá Hagstofnunni.

Meðfylgjandi línurit sýnir þriggja mánaða meðaltöl innflutnings og breytingu þeirra milli ára á föstu verðlagi. Eins og þar kemur fram hefur innflutningur aukist jafnt og þétt frá áramótum. Þetta er í takt við nýjustu [þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins](#) sem birtist í síðasta mánuði en þar var gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur ykist um 4% að raungildi á árinu 2003 eftir nær 16% samdrátt næstu tvö ár á undan.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirk



Milliverðlagning

Samfara aukinni útrás fyrirtækja koma upp ýmis álitamál við beitingu skattareglna. Þar á meðal eru álitamál tengd **milliverðlagningu** (verðlagning á vöru eða þjónustu í viðskiptum skyldra fyrirtækja, t.d. móður og dótturfyrirtækis - *transfer pricing*) og beitingu svonefndrar **armslengdarreglu** - *arms length principle* - en samkvæmt henni skal verð í viðskiptum skyldra aðila vera það sama og á milli óskyldra aðila. Röng framkvæmd reglnanna getur leitt til þess að tekjur fyrirtækja verði tvískattlagðar eða þau skjóti undan skattskyldum hagnaði með ólögmetum hætti.

Öll aðildarríki ESB hafi tvísköttunarsamninga sín á milli, byggð á fyrirmynd frá OECD. Ýmis vafamál varðandi beitingu framangreindra reglna hafa dregið úr hagkvæmni í rekstri fyrirtækja, aukid kostnað fyrirtækja sem og skattfyrirvalda og skapað skattahindranir. Framkvæmdastjórn ESB hefur þegar lagt fram til umræðu ýmsar tillögur til að draga úr skattahindrunum fyrir fyrirtæki innan ESB og m.a. gert ítarleg úttekt á þessum málum og birt í skýrslu: [COM \(2001\) 582](#) (Towards an Internal Market without tax obstacles). Þar er velt upp leiðum til úrbóta sem allar eru nokkuð róttækar en einnig bent á nokkur atriði sem eru minni að umfangi. Í kjölfar þess var m.a. stofnuð nefnd sem

ætlað er að vera samráðsvettvangur fulltrúa stjórnvalda og hagsmunaaðila til þess að ræða ýmis álitæfni sem uppi eru í tengslum við milliverðlagningu. Hana skipa fulltrúar aðildarríkja ESB, 10 hagsmunasamtaka innan ESB, framkvæmdastjórnarinnar, ráðs ESB og OECD.

Markmiðið með starfi nefndarinnar er að draga úr réttaróvissu og samræma túlkun reglna um milliverðlagningu. Nefndin skoðar hvaða leiðir kunna að vera færar til umbóta án lagabreytinga og veitir ráði ESB ráðgefandi álit sem það getur nýtt við setningu mögulegra reglna á þessu sviði. Þá skoðar hún ýmis álitamál sem uppi eru varðandi gerðardóm ESB á sviði tvísköttunarmála.

Þessi mál snerta hagsmuni íslenskra fyrirtækja og stjórnvalda augljóslega þar sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga flest núverandi aðildarríki ESB og unnið er að samningum við þau sem enn eru eftir. Líklegt er að sviðuð álitamál séu uppi varðandi framkvæmd þessara samninga og tvísköttunarsamninga milli aðildarríkja ESB.

Ítarefni: Reglur um [starf framangreindrar nefndar fundargerðir og annað efni](#) sem tekið hefur verið saman í tengslum við starf hennar, heimasíða OECD með efni um [milliverðlagningu](#) og grein á heimasíðu OECD um [armslendarregluna](#).

Endurskoðun skatta á orku innan ESB

Ráð ESB hefur náð samkomulagi um tilskipun um skattlagningu orkugjafa innan ESB. Frumvarpið er nú í síðari umferð á þingi ESB en miðað er við að það öðlist gildi sem tilskipun í ársbyrjun 2004. Verði það samþykkt óbreytt verður mælt fyrir um tiltekna lágmarksskattlagningu orkugjafa og mun tilskipunin ná til fleiri orkugjafa en nú er, þ.e. olíu, bensíns, náttúrulegs gass, rafmagns og kola, í stað einungis olíu og bensíns nú.

Markmiðið er að auka virkni innri markaðar ESB með því að draga úr neikvæðum áhrifum mismunandi skattlagningar orku á samkeppni innan ESB og draga úr ójafnri samkeppnisstöðu einstakra orkugjafa þar sem einungis sumir þeirra eru skattlagðir í dag, þ.e. orkugjafar unnir úr olíu. Þá inniheldur tilskipunin ákvæði sem ætlað er að stuðla að umhverfisvernd. Þannig er gert ráð fyrir því að heimilt verði að hafa lægri skatta eða undanþigga með öllu orku frá endurnýtanlegum orkulindum og orkugjafa sem hafa minna skaðleg áhrif en aðrir. Þá er tiltekið svigrúm til þess að veita fyrirtækjum, sem ráðast í aðgerðir til að draga úr mengun, skattaivilnanir. Gert er ráð fyrir því að meginþunginn í skattlagningunni verði, eins og nú er, á eldsneyti fyrir ökutæki en orka til iðnaðar, flug- og skipasamgangna verði að verulegu eða öllu leyti undanþegin skattlagningu.

Til að gefa nokkrar hugmyndir um það sem um er að ræða má nefna að lagt er til að lágmarksvörugjald á blýlaust bensin verði 0,36€ á lítra (30,52 íkr. m.v. gengið 85) en 0,302€ á hvern lítra af díselolíu/steinolíu fyrir bifreiðar (25,67 íkr. m.v. gengið 85). Hins vegar er gert ráð fyrir því að lágmarks-skattur fyrir díselolíu/steinolíu til iðnaðarnota verði 0,018€ á lítir (1,53 íkr. m.v. gengið 85). Hvað varðar orku til húshitunar er miðað við að lágmarks-skattur fyrir lítra af díselolíu verði 0,021€ (1,79 íkr. m.v. gengið 85) og 0,5€ fyrir megavattstund af rafmagni (42,5 íkr. m.v. gengið 85).

Þær tillögur til skattasamræmingar sem hér var ræðir eru byggðar á ákvæði stofnsáttmála ESB. Sambærilegt ákvæði er ekki í EES-samningnum og því munu þær ekki hafa bein áhrif á Íslandi. Tillögunum er hins vegar ætlað að bæta virkni innri markaðarinnar fyrir aðildarríki ESB og því varðar málið íslenska hagsmuni með óbeinum hætti þar sem við erum virkir þátttakendur á þeim markaði með aðild okkar að EES-samningnum. **Nánari upplýsingar:** [Fréttatilkvinnun frá ESB- Upphafleg tillaga framkvæmdastjórnar ESB](#)

Tekjur ríkissjóðs jan-mars		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	2,9	5,0
Tekjuskattar	8,3	0,0
Tryggingagjöld	10,9	3,5
Eignarskattar	-17,5	-8,6
Veltuskattar	-0,9	11,1
Tekjur alls	2,7	23,2

Gjöld ríkissjóðs jan-mars		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	22,1	-4,0
Félagsmál	13,1	12,2
Atvinnumál	-4,0	-4,2
Vaxtagjöld	-51,7	46,6
Önnur útgjöld	9,2	14,7
Gjöld alls	0,8	10,7

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-mars		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-491	-4.340
Hr. lánsfjárfjöfnuður	65	6.405
Afborganir lána	-10.753	-4.953
Br. lánsfjárfjöfnuður	-12.938	-424
Lántökur	15.634	5.081
Greiddsluafkoma	2.696	4.657

Ýmsar helstu hagföður		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-apríl 2003	7,5	2,3
Kjarnaverðb. 1.-apríl 2003	8,8	2,5
Launavísitala - mars 2003	8,7	5,7
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás. velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi - mars 2003	2,7	4,0




15. maí 2003

Atvinnuleysi er farið að minnka

Í nýttkomnu riti fjármálaráðuneytisins um [Þjóðarbúskapinn](#) er ítarlega fjallað um þróun atvinnuleysis, en það fór vaxandi samhliða því sem hagsveiflan tók stefnu niður á við. Áður en atvinnuleysið tók að vaxa var það mjög álika í mismunandi atvinnugreinum nema í fiskvinnslu þar sem það var umtalsvert meira en annars staðar. Atvinnuleysið jókst fyrst í ýmsum þjónustugreinum en síðan í flestum atvinnugreinum sem bendir til þess að samdrátturinn hefur verið mjög almennur í hagkerfinu. Nú hefur Vinnuálagstofnun birt tölur um atvinnuleysi í mars og apríl, sem ekki lágu fyrir þegar gengið var frá vorskýrslunni um Þjóðarbúskapinn. Þær staðfesta það sem þar var sagt að atvinnuleysið væri farið að minnka. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá fjölda atvinnulausa einstaklinga í lok hvers mánaðar allt til loka apríl. Nú eru innan við 5.800 einstaklingar skráðir atvinnulausir og hefur fækkað um 400 eða 6,8% frá því flest var. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi var 3,2% af áætluðu vinnuafli í lok apríl.

Fjöldi skráðra atvinnulausa í lok mánaðar



Atvinnuleysi hefur að vísu aukist nokkuð í atvinnugreinum þar sem það var mjög lágt fyrir en það hefur minnkað í flestum atvinnugreinum en þó minnst í fiskvinnslu að hlutfalli til við fjölda starfandi í greininni.


Í Þjóðarbúskapnum var atvinnuleysi greint eftir því hvað það hefur varað lengi. Lengd atvinnuleysis gefur mikilvægar vísbendingar um það sem er að gerast á vinnumarkaði, auk þess sem það er eftir því erfiðara fyrir fólk að fá aftur vinnu sem það hefur verið lengur atvinnulaust.

Á myndinni hér til hliðar sést að fjöldi þeirra sem hafa verið að missa vinnuna og verið skráðir atvinnulausir innan við 4 vikur hefur farið stöðugt minnkandi. Í janúar voru þeir yfir 1.200 en voru um síðastliðin mánaðarmót rúmlega 700. Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir milli 4 og 8 vikur hefur sömuleiðis minnkað frá því í febrúar þegar þeir voru 1.800. Þeir eru nú um 1.150. Öfugt við þá sem hafa verið atvinnulausir innan við mánuð er hluti af fækkuninni skýrður með því að þar til í apríl fjölgaði í hópi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en 8 vikur. Þeim byrjaði síðan að fækka í apríl sem er mjög ánægjuleg vísbending um jákvæða þróun á vinnumarkaðinum.

Þær upplýsingar sem hér hefur verið fjallað um gefa tilefni til að álykta að nú þegar atvinna er að aukast á ný sé það mun fremur fólk sem hefur verið skemur atvinnulaust sem er að fá vinnu en þeir sem hafa verið án atvinnu

mjög lengi. Aftur á móti er það áhyggjuefni að fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en hálf ár heldur áfram að vaxa. Fjölmennasti hópurinn og sá sem hefur stækkað mest innan þessa flokks eru þeir sem hafa verið atvinnulausir 6-9 mánuði. Það er mikilvægt markmið að gera þessum hópi kleift að snúa til baka í arðsöm störf. Til þess getur þurft endurmenntun og þjálfun en einnig hugsanlega sérstaka hvatningu til atvinnurekenda til að ráða þetta fólk til starfa á ný. Með því yrði spornað gegn því að langtímaatvinnuleysi grafi um sig. Jafnframt yrði framléiðslugeta hagkerfisins til lengri tíma bæt

Fjöldi atvinnulausa eftir lengd atvinnuleysis



Endurútgáfa laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Í dag 15. maí birtast í Stjórnartíðindum endurútgefin [lög um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003](#). Löggin sem eru að stofni til frá árinu 1978 voru síðast endurútgefin á árinu 1981. Það eru því liðin rúmlega 20 ár frá síðustu útgáfu. Greinaröð hefur tekið nokkrum breytingum, auk þess sem fjöldi bráðabirgða-ákvæða hefur verið felldur brott. Þær efnisbreytingar sem gerðar voru á lögnum á vörþingi hafa verið færðar inn, jafnframt því að allar viðmiðunar-fjárhæðir laganna eru nú komnar inn í meginmálið.

Námsviðurkenning fjármálaráðuneytisins

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að veita tvær viðurkenningar, að fjárhæð 250 þúsund krónur hvora, fyrir meistaraþrófritgerð í hagfræði eða viðskiptafræði við innlendar eða erlendar menntastofnanir. Viðurkenningararnar eru fyrir verkefni sem unnin eru á skólaárinu 2002/2003. Skilyrði fyrir námsviðurkenningu er að viðfangsefnið sé á sviði efnahags- og ríkisfjármála enda markmiðið að efla sérstaklega fræðilegar athuganir á þessu sviði.

Frekari upplýsingar um þessar viðurkenningar, auk umsóknareyðublaða, er að finna á vef ráðuneytisins, [www.fjr.is](#). Umsóknnum skal skilað til efnahags-skrifstofu ráðuneytisins fyrir 1. október n.k.

Þjóðarbúskapurinn er kominn út

Athygli lesenda vefrisins er vakin á því að vorskýrsla fjármálaráðuneytisins um þjóðarbúskapinn er nú komin úr prentun og er hægt að nálgast eintök á skrifstofu ráðuneytisins í Armarhvoli.

Tekjur ríkissjóðs jan-mars			
	2001-	2002-	
12 mánaða breytingar, %	2002	2003	
Skatttekjur alls	2,9	5,0	
Tekjuskattar	8,3	0,0	
Tryggingagjöld	10,9	3,5	
Eignarskattar	-17,5	-8,6	
Veltuskattar	-0,9	11,1	
Tekjur alls	2,7	23,2	

Gjöld ríkissjóðs jan-mars			
	2001-	2002-	
12 mánaða breytingar, %	2002	2003	
Almenn mál	22,1	-4,0	
Félagsmál	13,1	12,2	
Atvinnumál	-4,0	-4,2	
Vaxtagjöld	-51,7	46,6	
Önnur útgjöld	9,2	14,7	
Gjöld alls	0,8	10,7	


Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-mars		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-491	-4.340
Hr. lánsfjárfjöfnuður	65	6.405
Afborganir lána	-10.753	-4.953
Br. lánsfjárfjöfnuður	-12.938	-424
Lántökur	15.634	5.081
Greiddsluafkoma	2.696	4.657

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-apríl 2003	5,9	2,2
Kjarnaverðb.1.-apríl 2003	7,5	2,6
Launavísitala -mars 2003	8,7	5,7
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás.velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi -apríl 2003	2,6	3,9

22. maí 2003

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6 mán. eðaltal á föstu verðlagi



Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar til apríl 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiddsluafkoma ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins. Uppgjörð hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni. Þar sem uppgjörð nær aðeins til fjögurra mánaða geta tilfærslur greiðslna milli mánaða haft áhrif á samanburð við fyrra ár.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 3,2 milljarða króna til samanburðar við 2,9 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 15,6 milljarða króna sem er 15,1 milljarði betri staða en í fyrra. Jákvæðari staða skýrist að mestu af sölu á hlutabréfum ríkisins í viðskipta-bönkunum. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um 12,4 milljarða króna í ár samanborið við um 2,4 milljarða króna neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu um 91,2 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 14 milljarða frá sama tíma í fyrra eða um 18,1%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkisins í viðskiptabönkunum sem námu tæplega 10,7 milljörðum króna. Skatttekjur ríkissjóðs námu 73,6 milljörðum króna eða um 4,1% meira en á sama tíma í fyrra sem jafngildir um 1,8% raunhækkun milli ára. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu um 18,6 milljörðum króna eða 3,5% meira en á sama tíma í fyrra. Innheimta tryggingargjalda nam tæpum 7,8 milljörðum króna og hækkaði um 6,8% á milli ára. Til samanburðar má nefna að launavísitala hækkaði um 5,6% á sama tíma. Veltuskattar hækka um 8% á milli ára eða sem nemur 5,5% að raungildi. Þar munar mestu um 7,7% meiri innheimtu virðisaukaskatts. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að innheimt vörugjöld af óku-tækjum hafa aukist um 44,3% frá fyrra ári sem stafar af auknum innflutningi bíla á fyrstu mánuðum ársins. Auk þess er talsverð aukning í innheimtu áfengis- og tóbaksgjalda eða sem nemur um 31,7% en um þriðjung þeirrar aukningar má rekja til hækunar á gjaldi af sterku áfengi og tóbaksgjaldi.

Greidd gjöld nema tæpum 84 milljörðum króna og hækka um 3½ milljarð milli ára. Hækkunin skýrist að mestu af greiðslum til heilbrigðismála og almannatrygginga. Greiðslur til sjúkráhusa, sjúkratrygginga og heilsugæslu hækka um 2,2 milljarða króna og þarf af skýrist rúmur milljarður króna af uppgjóri á uppsöfnuðum halla öldrunarstofnana. Greiðslur til almannatrygginga hækka um 1,8 milljarða milli ára og munar það mestu 700 m.kr. hækkun til Atvinnuleysisstryggingasjóðs og tæpar 600 m.kr. hjá lífeyristryggingum. Auk þess hækka greiðslur til Fæðingarorlofsjóðs um 300 m.kr. Hækkun greiðslna

til fræðslu- og menningarmála nemur rúmum 1 milljarði króna. Á móti vegur að vaxtagreiðslur lækka um 2 milljarða milli ára, þar sem stór flokkur spari-skirteina var á gjalddaga í apríl 2002. Aðrar breytingar milli ára eru minni.

Skattlagning rafrænna viðskipta.

Hefðbundnar reglur um eftirlit, innheimtu og álagningu opinberra gjalda eru í meginatriðum byggðar á forsendum sem varða tiltekna landfræðilega staðsetningu greiðenda eða starfsemi þeirra. Þar sem rafræn viðskipti hafa oft óljósa landfræðilega tengingu vakna ýmsar spurningar um rétt ríkja til álagningar og innheimtu neysluskatta vegna slíkra viðskipta. Á vettvangi OECD hefur á undanföllum árum verið unnið að skoðun á skattalegri meðferð rafrænna viðskipta yfir landamæri. Árið 1998 voru samþykktar innan OECD almennar leiðbeiningarreglur sem varða skattlagningu rafrænna viðskipta og hafa þær verið í þróun síðan. Sérstökum vinnuhóp á vegum OECD hefur verið falið að skoða nánar neysluskatta í tengslum við rafræn viðskipti, þ.á.m. virðisaukaskatt. Almennt hefur verið gengið út frá því að í rafrænum viðskiptum sem ná yfir landamæri ætti virðisaukaskattur að leggjast á viðskiptin í því skattaumdæmi þar sem kaupin fara fram. Það er talin öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir tvísköttun eða undanskot þegar viðskiptin eiga sér stað á milli tveggja ríkja sem eru með ólíka skattalöggjöf. Mörg alítamál er þó enn óleyst við útfærslu þessarar meginreglu og hefur vinnuhópur OECD um þessi mál m.a. verið að undirbúa leiðbeiningarreglur um skilgreiningu á "stað þar sem kaup fara fram" vegna viðskipta yfir landamæri á þjónustu og óáþreifanlegum vörumætum. Jafnframt er verið að skoða hvaða leiðir séu helst færar til að tryggja örugga og réttláta innheimtu neysluskatta af rafrænum viðskiptum. Nokkrar ólíkar leiðir hafa verið skoðaðar í tengslum við það hvernig sé hægt að tryggja örugg skattskil. Er þar ýmist byggt á skráningarskyldu seljanda, umboðsmönnum, eigin skattskilum kaupanda eða sjálfvirkum rafrænum skattskilum. Fjármálaráðuneytið tekur þátt í þessari vinnu OECD

Búferlaflutningar milli landa í jafnvægi

Á síðasta ári brá svo við eftir alllangt tímabil þar sem fleiri höfðu flutt til landsins en frá því að dæmið snerist við. Það heyrir að vísu til undantekninga að íslenskir ríkisborgarar sem flýttast utan séu færri en þeir sem flytja aftur heim. Undanfarin ár hafa hins vegar erlendir ríkisborgarar sem flytja til Íslands verið miklu fleiri en þeir sem flytja aftur utan sem stafaði fyrst og fremst af þörf atvinnuleysisins fyrir fleira starfsfólk en íslenskur vinnumarkaður gat boðið. Erlendir ríkisborgarar sem hingað fluttust voru þó fleiri en brottfluttur allt fram til 3ja ársfjórðungs í fyrra þegar flutningarnir voru í jafnvægi. Nú á fyrsta ársfjórðungi þessa árs eru aðfluttir erlendir ríkisborgarar aftur orðnir fleiri en brottfluttir, enda þótt ný atvinnuleysi til handa þeim sem hingað koma utan EES séu enn í lágmarki. Hingað fluttust á fyrsta ársfjórðungi í ár 193 einstaklingar frá löndum utan EES, en þeir voru 324 á sama tímabili fyrir ári. Aftur á móti voru veitt 55 ný atvinnuleysi á fyrsta ársfjórðungi í ár á móti 140 á sama tímabili 2002 og 418 árið 2001. Flutningar íslenskra ríkisborgara virðast vera í þokkalegu jafnvægi, sérstaklega ef tekið er mið af atvinnuleysinu að undanförmum. Þannig voru flutningar íslenskra ríkisborgara að og frá landinu á fyrsta ársfjórðungi í ár mjög svipaðir og á sama ársfjórðungi 2002. Brottfluttur umfram aðflutta voru 72 í ár en 59 í fyrra. Nú má búast við því að smám saman aukist aðflutningur til landsins. Þar kemur þrennt til. Í fyrsta lagi er reiknað með því að framboð mannafla hér innanlands muni ekki verða nægjanlegt meðan stóriðjuframkvæmdirnar standa yfir. Í öðru lagi er við því að búast að eftir því sem meiri fjöldi erlendra ríkisborgara hefur ílenst hér komi fleiri í kjölfarið, m.a. vegna sameiningar fjölskyldna. Þá má ekki gleyma því að með stækkun EES við inngöngu Austur-Évrópuríkja opnast möguleikar fyrir íbúa þessara landa að flytjast hingað til að leita að atvinnu án atvinnuleyfa.

Tekjur ríkissjóðs jan-apríl				
12 mánaða breytingar, %	2001-		2002-	
	2001	2002	2002	2003
Skatttekjur alls	5,2	4,1		
Tekjuskattar	8,1	0,5		
Tryggingagjöld	8,3	6,8		
Eignarskattar	-9,9	-12,8		
Veltuskattar	3,9	8,0		
Tekjur alls	6,8	18,1		

Gjöld ríkissjóðs jan-apríl				
12 mánaða breytingar, %	2001-		2002-	
	2001	2002	2002	2003
Almenn mál	21,0	-2,0		
Félagsmál	13,9	11,1		
Atvinnumál	0,2	-1,3		
Vaxtagjöld	2,0	-20,4		
Önnur útgjöld	3,5	17,5		
Gjöld alls	10,5	4,4		

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-apríl		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-2.885	-3.189
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-2.366	12.421
Afborganir lána	-16.696	-5.642
Br. lánsfjárfjöfnuður	-22.062	4.279
Lántökur	26.343	-550
Greiddsluafkoma	4.281	3.728

Ýmsar helstu hagfélur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-maí 2003	5,9	2,2
Kjarnaverðb. 1.-maí 2003	7,5	2,6
Launavísitala - apríl 2003	8,0	5,6
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás. velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi - apríl 2003	2,6	3,9



28. maí 2003

Spá um afkomu sjávarútvegs 2003

Í [Þjóðarbúskapnum - vorskýrslu 2003](#) er að finna greiningu á afkomu atvinnuvegganna. Þar kemur m.a. í ljós að afkoma í sjávarútvegi árið 2001 var afar góð og nam hagnaður, fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA), 21½% af tekjum. Er þá reiknuð sameiginleg afkoma veiða og vinnslu í öllum greinum sjávarútvegs. Hreinn hagnaður fyrir skatta var niðurstaðan 11½% af tekjum.

Að undanförmu hafa mikilvæg rekstrarskýlryði greinarinnar verið að breytast. Fjármálaráðuneytið hefur af þessu tilefni gert áætlun um afkomu sjávarútvegs fyrir árin 2002 og 2003. Þar er í meginatriðum stuðst við sömu forsendur og liggja að baki þjóðhagsspánni. Helsta undantekningin er breyting gengis krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum en þar er miðað við áætlaða myntkörfu greinarinnar árið 2001. Hún er töluvert frábrugðin samsetningu gengisvísitalu Seðlabanka enda sýnir hún 12½% hækkun krónunnar frá meðalgengi gjaldmiðla 2001 til meðalgengis maímánaðar 2003, á sama tíma og gengisvísitala Seðlabankans hefur hækkað um 13,7%. Í þessum framreikningum er ekki reiknað með breytti samsetningu myntkörfu sjávarafurða þótt líklegt sé að einhverjir útflytjendur reyni að flytja sölu á myntsvæði sem síður hafa lækkað gagnvart krónunni.

Eins og fram kemur í töflu 1 hefur krónan hækkað um 26,7% gagnvart bandaríkjadóllar á þessu tímabili sem þýðir að skilaverð í krónum hefur lækkað um 21% að öðru óbreyttu. Hins vegar hefur krónan aðeins hækkað um 4% gagnvart evru sem felur í sér mun minni tekjuskurðingu. Þessar breytingar gefa til kynna að hagkvæmt geti verið að færa sölu af dollarsvæði yfir á evrusvæði þar sem því verður við komið.

Tafla 1. Áætluð myntkarfa útflutnings sjávarafurða, %

	Myntvog 2001	Breyting til maí 2003*
USD	20,9	26,7
GDP	30,3	13,9
DKK	5,2	3,7
NOK	6,5	-0,8
JPY	4,8	23,8
EUR	32,0	4,0
Samtals	100,0	12,4

* Jákvæð tala sýnir hækkun krónunnar í viðkomandi mynt.

Aðrar mikilvægar forsendur þessara framreikninga eru magn- og verðbreytingar helstu tekju- og gjaldaliða. Reiknað með að almenn magnbreyting framleiðslu í sjávarútvegi hafi verið um 4,2% milli árunna 2001 og 2002. Aftur á móti er reiknað með óbreyttri framleiðslu milli 2002 og 2003 en það er fremur varleg áætlun. Hækkun á fiskverði innanlands var um 15,7% milli 2001 og 2002 en reiknað er með að verðið lækki litillega árið 2003. Verð á útflutningsafurðum í erlendri mynt hækkaði um 3½% árið 2002 og spáð er um 1% hækkun 2003. Tafla 2 sýnir afkomu sjávarútvegsins í heild árið 2001 og áætlun fjármálaráðuneytisins fyrir árin 2002-2003. Það skal hins vegar tekið fram að afkoman er afar mismunandi eftir veið- og vinnslugreinum.

Samkvæmt þessari áætlun hefur afkoma greinarinnar í heild versnað umtalsvert frá árinu 2001 en skilar þó enn hagnaði á árinu 2003. Veiðigreinar standa mun betur en vinnslan sem talin er rekin með halla árið 2003. Lítið má út af bregða til að greinin í heild lenti í taprekstri. Miðað við þær forsendur sem áætlunin byggir á má áætla að sjávarútvegurinn í heild verði rekinn með halla ef gengi krónunnar hækkar um meira en 4% frá áætluðu meðaltali maímánaðar 2003. Hér þarf þó að hafa í huga mikla aðlögunarhæfni íslensks sjávarútvegs sem birtist m.a. í viðbrögðum einstakra fyrirtækja við sveiflum í

gengi gjaldmiðla og verðbreytingum á erlendum mörkuðum með tilflutningi milli markaða. Í þessum framreikningum er ekki gert ráð fyrir slíkum viðbrögðum en það myndi vitaskuld hafa jákvæð áhrif á afkomuna.

Tafla 2. Afkoma sjávarútvegs, milljarðar króna

	2001	Áætlun 2002	Áætlun 2003
Tekjur	169,2	184,5	174,1
Rekstrargjöld	132,6	152,8	151,8
Vergur hagnaður	36,6	31,7	22,3
% af tekjum	21,6	17,2	12,8
Árgreiðsla (6%)	17,1	17,9	18,3
Hreinn hagnaður fyrir skatta	19,5	13,8	4,0
% af tekjum	11,5	7,5	2,3

Ríkisfang og réttindi í lífeyrissjóðum

Reglur um flutning lífeyrissjóðsréttinda milli ríkja Evrópusambandsins (ESB) og Íslands voru nýlega til umfjöllunar í fjölmiðlum. Fram kom að þar sem Ísland er ekki aðili að ESB séu sérstakar hömlur á flutningi lífeyrissjóðsréttinda frá ESB-ríkjum til Íslands. Þetta er ekki rétt. EES-samningurinn tryggir að sömu reglur gilda um þessi mál innan EES-svæðisins og innan ESB. Lífeyrismál falla undir EES samninginn og er Ísland þátttakandi í samstarfi um samræmingu lífeyrismála á Evrópska efnahagssvæðinu.

Lífeyriskerfi ríkja ESB og aðildarríkja EES byggja í meginatriðum á þremur stöðum. Undir fyrstu stöð falla almannatryggingakerfi. Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga eru jafnan fjármagnaðar með sköttum, en rétt til greiðslu úr almannatryggingakerfum hafa ríkisborgarar og íbúar viðkomandi lands að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Undir aðra stöð falla starfstengdir lífeyrissjóðir. Undir þá þriðju fellur svo séreignarsparnaður. Hvað Ísland varðar þá byggja reglur fyrir þessar stöðir á regluverki ESB að því marki sem sambandið hefur sett um þær reglur.

Málstofa framkvæmdastjórnar ESB um lífeyrissjóðsmál "Pension Forum" er sameiginlegur vettangur aðildarríkja sambandsins þar sem leitast hefur verið við að samræma reglur á sviði lífeyrissjóðsmála. Ísland á áheymaraðild að málstofunni á grundvelli EES samningsins. Á vettvangi hennar hefur verið rætt um með hvaða hætti unnt sé að greiða fyrir flutningi áunninna lífeyrissjóðsréttinda í starfstengdum lífeyrissjóðum á milli lands en um það gilda nú engar reglur í Evrópurétti. Skiptar skoðanir hafa verið um hvaða leiðir séu færar í þessu efni en bent hefur verið á að málið geti verið æði torleyst þar sem einstakir lífeyrissjóðir eru svo ólíkir innan ESB. Þannig er t.d. óheimilt í sumum tilvikum að flytja réttindi milli einstakra sjóða innan sama lands hvað þá milli sjóða sem staðsettir eru hvor í sínu landi. Þá hafa álitamál komið upp varðandi slíkan flutning, t.d. varðandi kostnað við flutning lífeyrissjóðsréttinda, mat réttinda, skattahindranir ofl. Innan málstofunnar hefur verið unnið metnaðarfullt starf sem ekki sér fyrir endann á enda verkefnið í mörgum tilvikum mjög flókið.

Staða íslenskra þegna að því er lífeyrissjóðsmál varðar myndi ekki breytast við inngöngu Íslands í ESB. Staða íslensks ríkisborgara sem sest að í einhverju aðildarríkja ESB breytist heldur ekki að því er varðar flutning lífeyrissjóðsréttinda milli lands við það að öðlast ríkisfang í viðkomandi ESB ríki. Með aðild sinni að EES samningnum hafa Íslendingar sömu stöðu og þegnar í aðildarríkjum ESB að því er varðar rétt þeirra til flutnings á lífeyrissjóðsréttindum milli lands.

Tekjur ríkissjóðs jan-apríl		
	2001-	2002-
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	5,2	4,1
Tekjuskattar	8,1	0,5
Tryggingagjöld	8,3	6,8
Eignarskattar	-9,9	-12,8
Veltuskattar	3,9	8,0
Tekjur alls	6,8	18,1

Gjöld ríkissjóðs jan-apríl		
	2001-	2002-
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Almenn mál	21,0	-2,0
Félagsmál	13,9	11,1
Atvinnumál	0,2	-1,3
Vaxtagjöld	2,0	-20,4
Önnur útgjöld	3,5	17,5
Gjöld alls	10,5	4,4

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-apríl		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-2.885	-3.189
Hr. lánsfjárfjórnuður	-2.366	12.421
Arborganir lána	-16.696	-5.642
Br. lánsfjárfjórnuður	-22.062	4.279
Lántökur	26.343	-550
Greiddsluafkoma	4.281	3.728

Ýmsar helstu hagföður		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-maí 2003	5,9	2,2
Kjarnaverðb.1.-maí 2003	7,5	2,6
Launavísitala -apríl 2003	8,0	5,6
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás.velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi -apríl 2003	2,6	3,9




5. júní 2003

Innflutningur í maí

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts benda til þess að almennur innflutningur í maí hafi ekki verið meiri síðan í mars árið 2001 og er þá raungildi innflutnings borið saman. Innflutningur án skipa og flugvéla hefur samkvæmt þessum tölum numið tæplega 17 milljörðum króna í maí en var í apríl 15,1 milljarður. Samanburður máímánaða milli ára sýnir 13% aukningu innflutnings að raungildi.

Meðfylgjandi línurit sýnir mánaðarlegan innflutning, súlurnar sýna þriggja mánaða meðaltöl og línan breytingu þeirra milli ára. Eins og sjá má hefur innflutningur verið að aukast það sem af er þessu ári en innflutningur fyrstu fimm mánuði ársins, án skipa og flugvéla, jókst um 7½% frá sama tímabili árið áður. Þessi þróun endurspeglar þann viðsnúning sem orðið hefur í efnahagslífinu að undanförmu þar sem einkaneysla heimilanna virðist vera að taka við sér á nýjan leik eftir hartær tveggja ára samdráttarskeið.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvrt



Reglur um reikningsskil

Reikningsskil fyrirtækja hafa verið í brennidepli víða um heim undanförm misseri, vegna órrar þróunar á þessu sviði og jafnframt vegna ýmissa hneykslismála. Þörfin fyrir samræmdar og ítarlegar reglur er sífellt að aukast, m.a. vegna krafna fjárfesta og lánardrottna. Evrópusambandið hefur ákveðið að bregðast við þeirri þróun með því að taka upp alþjóðlega reikningsskila- staðla, svokallaða IAS, en þeir staðlar eru mótaðir af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu sem í sitja sérfræðingar á sviði reikningsskila alls staðar að úr heiminum. Um er að ræða víðamikil og flókið verk þar sem staðlarnir verða hluti af reglum Evrópusambandsins. Ekki hefur verið endanlega ákveðið af hálfu ESB hvaða staðla eigi að innleiða í fyrsta áfanga. Verður væntanlega beðið með innleiðingu á stöðlum IAS 32 og IAS 39, sem fjalla um fjármála- skjöl, þar sem Alþjóðlega reikningsskilaráðið vinnur nú að endurskoðun á þeim. Þar sem vinnu Evrópusambandsins er ekki lokið, eru önnur Evrópuríki ekki búnin að innleiða staðlana í sinn landsrætt.

Vegna þróunar erlendis sem héraendis hefur jafnframt átt sér stað nokkur umræða hér á landi um reikningsskil íslenskra fyrirtækja og setningu reglna á því sviði. Lög um ársreikninga og bókhald (reikningsskil) falla undir gildis- svið EES-samningsins og í ljósi þess hafa íslensk stjórnvöld fylgst vel með þeirri þróun sem á sér stað í Evrópu. Íslensku lögin um gerð ársreikninga og bókhald byggja á tilskipunum ESB og breytingar á þeim þarf að lögleiða hér á landi.

Sem fyrr segir er nú unnið að innleiðingu á alþjóðlegu reikningsskila- stöðlunum (IAS) innan Evrópusambandsins. Eiga aðildarríki EES að vera búnin

áð innleiða þessa staðla fyrir 1. janúar 2005. Fæst þessara ríkja heimila beitingu staðlanna fyrir þann tíma.

Þrátt fyrir innleiðingu IAS staðlanna verða tilskipanir ESB áfram grunnreglur á sviði reikningsskila, enda munu einungis stærri félög gera upp á grundvelli þeirra staðla. Hafa ber í huga að það eru einungis félög sem skráð eru á evrópskum, opinberum verðbréfamarkaði og eru hluti af samstæðu sem verður skylt að framfylgja alþjóðlegu reikningsskilaráðunum.

Síðustu mánuði hafa sérfræðingar fjármálaráðuneytisins unnið að undirbú- ningi að innleiðingu IAS staðlanna. Vegna umfangs verksins hefur ráðuneytið ákveðið að kveðja Reikningsskilaráð og fleiri sérfræðinga á sviði reikningsskila til samstarfs um undirbúninginn, m.a. að því er varðar íslenska þýðingu staðlanna, en þeir eru á þriðja þúsund blaðsíður á lengd. Verður mikið vanda- verk að ákveða íslenskt heiti á ýmis hugtök sem fyrirfinnast í stöðlunum.

Heimsókn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Síðastliðnar tvær vikur hefur sendinefnd á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) verið hér á landi í þeim tilgangi að fara yfir þróun og horfur í íslensku efnahagslífi. Eru heimsóknir sendinefndarinnar árlegur viðburður þar sem hún hittir fulltrúa frá opinberum stofnunum og atvinnulífinu. Við lok heim- sóknarinnar er gefin út álitserð um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi. Álitserðin er birt samhliða á [vefsíðu ráðuneytisins](#) og Seðlabanka.

Sendinefndin telur að ójafnvægið í þjóðarbúskapnum sé gengið yfir og nýtt hagvaxtarskeið sé hæfið. Telur hún að stjórnvöldum hafi tekist vel til við sinn þátt í aðlögun efnahagslífisins. Þá hafi kerfisbreytingar í efnahagslífinu aukið sveigjanleika þess, s.s. fjálsræði í fjármagnsflutningum, bætt staða ríkisfjármála, einkavæðing og önnur markaðsvæðing. Sjálfstæði Seðlabankans, upp- taka verðbólguþröskulmíðs og fljóttandi gengi hafa leitt til styrkrar og gegn- sarrar peningastefnu og aukinnar tiltrúar á efnahagslífið.

Sendinefndin telur að efnahagsstefna stjórnvalda á næstu árum verði að taka mið af því að auka þjóðhagslegan sparnað og minnka skuldir þjóðarbúsins. Skuldir þjóðarbúsins hafi aukist mjög á síðari árum og í árslok 2002 hafi hreinar erlendar skuldir numið um 80% af vergeri landsframleiðslu og brúttó erlendar skuldir verið um 130% af vergeri landsframleiðslu. Slík skuldsetning sé með því mesta meðal þróaðra ríkja en endurspeglar skuldsetningu einka- geirans hér á landi enda hafa skuldir hins opinbera ekki aukist að undanförmu. Svo mikil skuldsetning sé varhugaverð fyrir efnahagslífið sem sé viðkvæmt fyrir ytri áföllum þar sem það er opið og smátt.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bendir á að með fyrirhuguðum stóriðjufram- kvæmdum muni hagvöxtur og útlutningstekjur landsins aukast, uppruni þeirra verða fjölbreyttari, og þar með minni líkur á að ójafnvægi myndist. Hins vegar verði stjórnvöld að reyna að koma í veg fyrir þenslu í efnahags- lífinu á framkvæmdatímanum og of mikla hækkun raungengis þar sem það geti haft í för með sér varanlegan skaða fyrir samkeppnisgreinarnar. Draga þurfi úr eftirsprungnum, aðallega með aðhaldi í ríkisfjármálum, en þannig sé hægt að draga úr hækkun vaxta og léttu þrýstingi af gengi krónunnar.

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins leggur áherslu á að kerfisbreytingar í átt til aukinnar markaðsvæðingar og styrking stofnana og reglna, einkum á sviði ríkisfjármála, séu forsenda þess að hægt sé að möguleikar til hagvaxtar verði að raunveruleika og að íslenska hagkerfið verði enn betur í stakk búit til að laga sig að sibreytilegum aðstæðum.

Fjármálaráðuneytið telur álitserð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þarft innlegg í efnahagsumræðuna og er í meginatriðum sammála ábendingum sjóðsins um helstu áherslur í hagstjórn á næstu árum. Þetta á sérstaklega við um mikil- vægi aðhalds í ríkisfjármálum og framsýnnar stefnu til nokkurra næstu ára til að hamla gegn vaxtahækkun og frekari styrkingu gengisins.

Tekjur ríkissjóðs jan-apríl				
12 mánaða breytingar, %	2001-		2002-	
	2002	2003	2002	2003
Skatttekjur alls	5,2	4,1		
Tekjuskattar	8,1	0,5		
Tryggingagjöld	8,3	6,8		
Eignarskattar	-9,9	-12,8		
Veltuskattar	3,9	8,0		
Tekjur alls	6,8	18,1		

Gjöld ríkissjóðs jan-apríl				
12 mánaða breytingar, %	2001-		2002-	
	2002	2003	2002	2003
Almenn mál	21,0	-2,0		
Félagsmál	13,9	11,1		
Atvinnumál	0,2	-1,3		
Vaxtagjöld	2,0	-20,4		
Önnur útgjöld	3,5	17,5		
Gjöld alls	10,5	4,4		

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-apríl		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-2.885	-3.189
Hr. lánsfjárfjófnuður	-2.366	12.421
Afborganir lána	-16.696	-5.642
Br. lánsfjárfjófnuður	-22.062	4.279
Lántökur	26.343	-550
Greiddsluafkoma	4.281	3.728

Ýmsar helstu hagfélur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga-maí 2003	5,9	2,2
Kjarnaverðb.1.-maí 2003	7,5	2,6
Launavísitala -apríl 2003	8,0	5,6
Heildarvelta janúar-desemb.	12,7	-8,4
Smás.velta janúar-desemb.	6,2	3,9
Atvinnuleysi -apríl 2003	2,6	3,9


12. júní 2003



Efnahagsleg áhrif tillagna Hafrannsóknastofnunar

Hafrannsóknastofnun hefur nú birt árlega skýrslu sína um nýttastofna sjávar árin 2002-2003 og aflahorfur fyrir fiskveiðiárið 2003/2004. Skýrslan staðfestir í meginatriðum niðurstöður síðustu ástandsskýrslu þar sem fram kom að líkur væru á því að stofnstærð nokkurra mikilvægra botnfiska færi vaxandi. Spá um stærð loðnustofnsins er aftur á móti háð mikilli óvissu í ár vegna erfiðleika við stofnmælingar nú á vormánuðum.

Leyfilegur heildarafli



Tillögur Hafrannsóknastofnunar um afla helstu fisktegunda á komandi fiskveiðiári hafa eðli máls samkvæmt mikil áhrif á framvindu efnahagsmála hér á landi enda eru sjávarafurðir mikilvægasta útflutningsvara Íslendinga og ráða þannig miklu um afkomuhorfur þjóðarbúsins. Það er því fróðlegt að skoða þessar tillögur í ljósi síðustu þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins sem birtist í vorskýrslu þjóðarbúskaparins um miðjan apríl.

Í þeirri spá var meðal annars horft til fyrra mats Hafrannsóknastofnunar á aflahorfum. Á þeim forsendum var gert ráð fyrir nokkurri aflaaukningu í þorski, ýsu og ufsa. Einnig var reiknað með að veiðar á hörpuskel yrðu takmarkaðar á næsta fiskveiðiári eins og tillögur stofnunarinnar nú hljóða upp á. Við mat á afla fyrir þetta ár var gert ráð fyrir að ekki myndi allar leyfilegur hámarksafli nást í íslensku sumargotsildinni enda hefur það ekki gerst síðustu ár. Á síðasta kvótaári voru til dæmis fluttar tæplega 25 þúsund lestar af síld milli ára. Hafrannsóknastofnunin leggur nú til aukningu í leyfilegum hámarksafli síldarinnar um 5 þúsund tonn en miðað við hvað treglega hefur gengið að ná síldinni telur ráðuneytið ekki rétt að breyta fyrir forsendum sínum varðandi síldarafliann. Í spánni var sömuleiðis gert ráð fyrir því að veiðar á loðnu og norsk-íslensku síldinni myndu skila heldur minna aflaverðmæti en á síðasta ári.

Þótt tillögur Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan afla á næsta fiskveiðiári víki í einstökum atriðum frá þeim forsendum sem gengið var út frá í síðustu spá fjármálaráðuneytisins gefa þær þegar á heildina er litid ekki tilefni til endurskoðunar á spánni fyrir árin 2003-2004. Horfur um botnfiskafli eru reyndar heldur betri en horfur um ýmsar aðrar tegundir lakari.

Rétt er að hafa fyrirvara á þessum spám. Þannig ríkir enn nokkur óvissa um uppsjávarafli og verða frekari mælingar á loðnu gerðar í haust. Veiðar á norsk-íslensku síldinni hafa gengið vel síðustu daga í Síldarsmugunni en áframhald veiða fer eftir því hvar síldin mun halda sig þar sem ekki hefur náðst samkomulag við Norðmenn, Færeyinga, Rússa og Evrópusambandið um

síldveiðar. Nú er búið að veiða um þriðjung þess kvóta sem Íslendingar gáfu út einhliða.

Í aprílspá ráðuneytisins var áætlað að útflutningsframleiðsla sjávarafurða árið 2003 héldist óbreytt að magni til frá fyrra ári en ykist hins vegar um 2% á næsta ári. Í þessum spám var sem fyrr segir tekið mið af fyrri hugmyndum Hafrannsóknastofnunar um aflahorfur. Tillögur stofnunarinnar nuna styrkja undirstöður þessarar spár enn frekar og gefa vonir um að framleiðsluaukningin á næsta ári verði jafnvel ívið meiri og hagvöxtur sömuleiðis.

Hvaða þættir skýra afkomu opinberra aðila?

Fyrir um það bil áratug var fjárhagur opinberra aðila innan ríkja OECD afar bágborinn. Árið 1993 nam samanlagður halli á opinberum rekstri aðildarríkjanna 5% af landsframleiðslu. Hallinn minnkaði síðan eftir því sem leið á áratuginn þar til jöfnuði var náð árið 2000.

Margir töldu að þessi jákvæða þróun myndi halda áfram og að opinber rekstur myndi skila vaxandi afgangi á yfirstandandi áratug. Þannig yrði eitt helsta viðfangsefni í fjármálastjórn hins opinbera að ráðstafa afgangnum. Þá kom skyndilegt bakslag í efnahagslíf heimsins og árið 2001 nam halli á opinberum búskap OECD ríkjanna 1% af landsframleiðslu.

Þetta sýnir að það getur tekið mörg ár að ná jafnvægi í fjármálum hins opinbera og að umskipti geta orðið skyndileg. Um þetta er fjallað í grein um þróun fjárlagagerðar sem birtist í síðasta hefti OECD: Journal on Budgeting. Þar eru þrjár megináhringar taldar vera á þessari þróun. Í fyrsta lagi er talið að efnahagslífið valdi mestu um þróunina enda bendi tölur til þess að skýr tengsl séu á milli hagvaxtar og afkomu opinberra aðila. Í öðru lagi er talið að einbeittur vilji stjórnvaldanna til að halda vel utan um opinber útgjöld hafi skilað miklum árangri. Þannig höfðu upptaka evrunnar og viðmiðunarreglur samkvæmt Maastricht sáttmálanum veruleg áhrif á opinber útgjöld í löndum Evrópusambandsins enda þótt sumir telji að ekki felist mikil áskorun í reglunum. Mörg Evrópulönd hafa tekið upp stífar reglur og sama er að segja um Bandaríkin, Austuráland, Nýja-Sjáland o.fl.

Þriðja atriðið er skipulag fjárlagagerðar. Þetta er rakið til þess að í mörgum ríkjum hafi bæði verið mikill hagvöxtur og ákveðnar viðmiðunarreglur í ríkisfjármálum án þess að það hafi endilega leitt til góðrar afkomu í opinberum rekstri. Í ljós hefur komið að flest OECD-ríkjanna sem rekin voru með afgangi á seinni hluta síðasta áratugar höfðu einnig unnið markvisst að umbótum í fjárlagagerð. Ríkin sem fyrst hófu endurbætur voru líka fyrst til að uppskeru afgang og þau sem gerðu umfangsmestu breytingarnar skiluðu mestum varanlegum afgangi.

Að mati OECD eru eftirfarandi sjö skilyrði talin nauðsynleg til að hafa fulla stjórna á opinberum útgjöldum:

- Setja fjárlagaramma til nokkurra ára í senn.
- Gera varkárar efnahagsspár.
- Beita aðferðafræði rammafjárlagagerðar, þ.e. ákveða fyrst heildartölurnar áður en ákveðið er hversu mikið kemur í hlut einstaka stofnunar, verkefnis eða kostnaðarliðar.
- Draga úr miðstýringu ríkisútgjalda með því að færa vald og ábyrgð til stjórnenda stofnana.
- Beina athygli og umfjöllun að árangri opinberrar starfsemi.
- Sjá til þess að fjárlögin séu gagnsæ, t.d. að sýna kostnað þar sem hann verður til.
- Beita nútímalegum aðferðum við fjármálastjórnun.

Tekjur ríkissjóðs jan-apríl				
12 mánaða breytingar, %	2001-		2002-	
	2001	2002	2002	2003
Skatttekjur alls	5,2	4,1		
Tekjuskattar	8,1	0,5		
Tryggingagjöld	8,3	6,8		
Eignarskattar	-9,9	-12,8		
Veltuskattar	3,9	8,0		
Tekjur alls	6,8	18,1		

Gjöld ríkissjóðs jan-apríl				
12 mánaða breytingar, %	2001-		2002-	
	2001	2002	2002	2003
Almenn mál	21,0	-2,0		
Félagismál	13,9	11,1		
Atvinnumál	0,2	-1,3		
Vaxtagjöld	2,0	-20,4		
Önnur útgjöld	3,5	17,5		
Gjöld alls	10,5	4,4		

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-apríl		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-2.885	-3.189
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-2.366	12.421
Afborganir lána	-16.696	-5.642
Br. lánsfjárfjöfnuður	-22.062	4.279
Lántökur	26.343	-550
Greiddsluafkoma	4.281	3.728


Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2002	2003
Verðbólga-júní	4,8	1,8
Kjarnaverðb.1.-júní	6,1	2,5
Launavísitala – apríl 2003	8,0	5,6
Heildarvelta janúar-febrúar	14,2	-1,5
Smás.velta janúar-febrúar	8,6	3,2
Atvinnuleysi – apríl 2003	2,6	3,9



Kvenréttindadagurinn 19. júní 2003

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6 mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til maí 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins. Uppgjörð sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisýfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 9,7 milljarða króna til samanburðar við 8,9 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 17 milljarða króna, sem er 16,3 milljörðum betri staða en árið á undan. Jákvæðari staða skýrist nær alfarið af sölu á hlutabréfum ríkisins. Hreinn lánsfjárfönuður var jákvæður um 7,4 milljarða króna en var neikvæður um 8,2 milljarða á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu um 108,7 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 17 milljarða frá sama tíma í fyrra eða um 18,3%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkisins.

Skatttekjur ríkissjóðs námu 87,8 milljörðum króna eða um 4,4% meira en á sama tíma í fyrra sem jafngildir um 2,2% raunhækkun milli ára. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu um 23,3 milljörðum króna eða 4,2% meira en á sama tíma í fyrra. Innheimta tryggingargjalda nam rúmlega 9,5 milljörðum króna og hækkaði um 4,7% á milli ára en til samanburðar má nefna að launavísitala hækkaði um 5,6% á sama tíma. Veltuskattar hækka um 9,8% á milli ára eða sem nemur 7,5% að raungildi. Þar munar mestu um 9,1% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að talsverð aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum eða um 45,8% sem stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða fyrstu fjóra mánuði ársins. Auk þess hækka áfengis- og tóbaksgjald umtalsvert eða um 24% frá því á sama tíma í fyrra en um þriðjung þeirrar aukningar má rekja til hækkunar á áfengisgjaldi af sterku áfengi og tóbaksgjaldi.

Greidd gjöld nema rúmum 106 milljörðum króna og hækka um 5/2 milljarð milli ára. Hækkunin skýrist að mestu af greiðslum til heilbrigðismála og almennatrygginga. Greiðslur til sjúkrahúsa, sjúkratrygginga og heilsugæslu hækka um 2,9 milljarða króna og þarf af skýrist um milljarður króna af uppgjöri á uppsöfnuðum halla öldrunarstofnana. Greiðslur til almennatrygginga hækka um 2,3 milljarða milli ára og munar það mestu um rúmlega 800 m.kr. hækkun til Atvinnuleysistryggingasjóðs og tæpar 800 m.kr. hjá lífeyristryggingum. Auk þess hækka greiðslur til Fæðingarorlofsjóðs um tæpar 400 m.kr. Hækkun greiðslna til fræðslu- og menningarmála nemur um

800 m.kr. Á móti vegur að vaxtagreiðslur lækka um 2,3 milljarða milli ára, einkum þar sem stór flokkur spariskirteina var á gjalddaga í apríl 2002. Aðrar breytingar milli ára eru minni.

Afkoma fyrirtækja á fyrsta ársfjórðungi

Fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöll Íslands hafa nú skilað inn uppgjörom fyrir fyrsta ársfjórðung 2003. Tekið hefur verið saman yfirlit yfir afkomu fyrirtækjanna og þau flokkuð eftir atvinnugreinum. Þegar á heildina er lítið reyndist afkoma fyrirtækjanna nokkru lakari en á sama tíma í fyrra. Þannig drögust samanlagðar tekjur fyrirtækjanna (án fjármála- og trygginga-fyrirtækja) saman um 6% milli ára en á móti lækkuðu rekstrargjöld um rúmlega 4%. Framlegð þeirra nam 10% af tekjum í ár en var 12% í fyrra.

% af tekjum		Fram- legð	Fjármagns- líðir	Hagn. f. skatta	Handb. fé f. rekstri
Sjávarútvegur	2003	11	4	11	4
	2002	15	4	16	7
Lönaður	2003	15	0	12	19
	2002	15	3	14	11
Verslun og þjónusta	2003	14	4	9	12
	2002	13	3	8	13
Samgöngur	2003	-8	2	-12	2
	2002	-8	6	-10	2
Fjármála- og tryggingafyrirtæki	2003	-	-	18	29
	2002	-	-	24	56
Samtals	2003	-	-	10	12
	2002	-	-	13	15
Samtals án fjármála- og tryggingafyrirtækja	2003	10	3	8	9
	2002	12	4	11	8

Það sem einkum hefur áhrif á afkomu fyrirtækjanna er styrking krónunnar en hún nam að meðaltali um 13% milli fyrsta ársfjórðungs í ár og í fyrra. Þetta varð til þess að tekjur útlutningsfyrirtækjanna lækkuðu í íslenskum krónum frá því í fyrra. Á móti vegur gengishagnaður.

Ef lítið er á einstakar atvinnugreinar reyndust tekjur og gjöld lækka um svipað hlutfall hjá iðnfyrirtækjum, í samgöngugeiranum og hjá sölusamtökum sjávarafurða. Umsvif fyrirtækja í byggingar- og verktakastarfsemi hafa aftur á móti stóraukist milli ársfjórðunganna og hafa gjöld hækkað um svipað hlutfall og tekjur. Tekjur hafa aftur á móti hækkað meira en gjöld í lyfjageiranum og hjá fyrirtækjum sem flokkast undir upplýsingatekni. Tekjur olíufélaga hafa lítilllega dregist saman milli tímabilanna en kostnaður staðið í stað. Framlegð framangreindra fyrirtækja er því ýmist óbreytt eða hefur vaxið frá því í fyrra að olíufélögunum undanskildum þar sem framlegð dróst saman um 2%.

Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja hefur aftur á móti snarversnað frá því í fyrra og það veldur því að framlegð allra fyrirtækjanna dregst saman enda eru tekjur í sjávarútvegi um helmingur heildartekna fyrirtækja í Kauphöllinni þegar fyrirtæki í fjármála- og tryggingageiranum eru ekki meðtalin. Tekjur sjávarútvegsfyrirtækja (án sölusamtakanna) drögust saman um 22% milli ársfjórðunganna en gjöld um tæplega 14%. Ef sölusamtökin eru meðtalin lækkuðu tekjurnar um 14% og rekstrargjöld um 10%. Auk áhrifa gengisbreytinga skýrast lækkanði tekjur útgerðafyrirtækja af minni afla, einkum uppsjávraflla, en í fyrra. Útlutningur sjávarafurða jókst þó að magni til milli ársfjórðunganna um 4½% en verðmæti þeirra dróst saman um tæp 10% þar sem afurðaverð í íslenskum krónum lækkaði um tæp 14%. Verðvísitala sjávarafurða reiknuð í SDR var hins vegar að meðaltali 2½% herra nú á sama tímabili í fyrra.

TIL HAMINGJU MED DAGINN!

Tekjur ríkissjóðs jan-mai		
12 mánaða breytingar, %	2001- 2002	2002- 2003
Skatttekjur alls	5,6	4,4
Tekjuskattar	7,4	0,8
Tryggingagjöld	9,5	4,7
Eignarskattar	-1,9	-19,2
Veltuskattar	4,0	9,8
Tekjur alls	6,7	18,3

Gjöld ríkissjóðs jan-mai		
12 mánaða breytingar, %	2001- 2002	2002- 2003
Almenn mál	19,3	1,4
Félagsmál	12,4	10,8
Atvinnumál	2,0	4,5
Vaxtagjöld	6,7	-18,8
Önnur útgjöld	5,8	17,1
Gjöld alls	10,5	5,5

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-mai		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-8.878	-9.679
Hr. lánsfjárfönuður	-8.167	7.351
Afborganir lána	-18.348	-17.929
Br. lánsfjárfönuður	-30.265	-13.702
Lántökur	28.324	16.540
Greiðsluafkoma	-1.941	2.838

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %	2002	2003
Verðbólga-júní	4,8	1,8
Kjarnaverðb.1.-júní	6,1	2,5
Launavísitala - apríl 2003	8,0	5,6
Heildarvelta janúar-febrúar	14,2	-1,5
Smás. velta janúar-febrúar	8,6	3,2
Atvinnuleysi - maí 2003	2,5	3,6




26. júní 2003

Ástand á vinnumarkaði

Í tölum Vinnuálastofnunar um ástand á vinnumarkaði í maí koma fram nokkur atriði sem vekja athygli. Hlutfallslegt atvinnuleysi og heildarfjöldi atvinnulausra minnkar frá fyrra mánuði hjá báðum kynjum á landsbyggðinni og körlum á höfuðborgarsvæðinu - en ekki hjá konum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er frávik frá því sem hefur verið að gerast að undanfögnu. Í lok maí voru 2.034 konur skráðar atvinnulausar á höfuðborgarsvæðinu og þeim hafði fjölgað um 295 frá apríllokum. Þetta er fjölgun um 17%.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í hálf tveimur mánuðum hefur fjölgað stöðugt undanfarna mánuði en í lok maí voru þeir jafn margir og í apríl. Fjöldi þeirra sem hefur verið atvinnulausir innan við einn mánuð óx hins vegar og hefur ekki verið meiri í mjög langan tíma. Þetta er meira áberandi hjá konum en körlum en það verður líka aukning hjá þeim. Þetta er vísbending um að enda þótt verið sé að ráða fólk í vinnu þá hafa margir misst vinnuna líka.

Hlutfallslegt atvinnuleysi eftir atvinnugreinum - áætlun



Af þeim atvinnugreinum þar sem mjög margir höfðu misst vinnuna hefur dregið mest úr atvinnuleysi í iðnaði, öðrum en fiskiðnaði, mannvirkjagerð og ýmiss konar þjónusta. Lítið hefur dregið úr atvinnuleysi í verslun og viðgerðarþjónustu, þar sem flestir voru fyrir. Hlutfallslega hefur dregið einna mest úr atvinnuleysi í mannvirkjagerð og er það að vonum. Því næst koma annar iðnaður og samgöngur. Aftur á móti er hlutfallslegt atvinnuleysi orðið mest í hótél- og veitingarekstri sem skákar nú fiskvinnslu, þeirri grein þar sem það er gjarna hæst. Í ýmsum þjónustugreinum er atvinnuleysi nú meira en það var þegar almennt atvinnuleysi var mest í vetur. Af þessu virðist mega draga þá ályktun að áhrifa aðgerða stjórnvalda sé farið að gæta á þeim sviðum sem þeim var upphaflega beint að en að óbein áhrif séu ekki komin fram enn.

OECD dregur lærdóm af nýskipan í ríkisrekstri

Á vegum OECD er nú unnið að því að yfirfara reynslu aðildarríkanna af nýskipan í ríkisrekstri á síðustu árum. Tilgangurinn er að benda á hvernig megi auka aðlögunarhæfni opinbers rekstrar enn frekar að síðbreytilegum þörfum í samfélaginu. Sérstaklega telur OECD mikilvægt að auka samræmi í breytingarstarfi og bæta skilning á samhenginu milli aðgerða og árangurs, þ.e.

hvernig starfsemi hins opinbera hefur áhrif á samfélagið.

Síðustu tvo áratugi hafa umbætur innan hins opinbera í OECD ríkjunum fyrst og fremst snúist um tvennt. Annars vegar að skerpa hlutverk opinberra aðila og hins vegar að auka hagkvæmni í rekstri. Umbótastarfið hefur að stórum hluta falist í því að innleiða ný stjórnáætli og breyta vinnuferlum með hliðsjón af því sem hefur gefið góða raun í rekstri fyrirtækja. Ríkin hafa jafnframt borið sig saman og reynt að draga lærdóm af breytingarstarfi hvers annars. Ekki er um það deilt að nýskipanarstarfið hefur bæði leitt til þess að hlutverk opinberra aðila og krafa um árangur þeirra er mun skýrari en áður. Þetta á sinn þátt í því að opinber rekstur hefur orðið hagkvæmari. Þrátt fyrir að mörgu hafi verið komið til leiðar eru sumar breytingar sem gerðar hafa verið ekki gallalausar. Dæmi eru um að breytingar hafi verið innleiddar án þess að gæta nógu vel að samræmi og heildarstefnu; að breytingar hafi beinst að afmörkuðum liðum án samhengis við heildarferli eða tengd ferli; að breytingar hafi grafið undan viðhorfum sem ekki hafi verið ætluin að breyta og að ekki hafi verið fyrir hendi nægur skilningur á því að breytingar þarfnast tíma og þolinmæði. Með því að nefna þessi atriði er ekki verið að mikla vandkvæðin við breytingarstarf heldur að draga fram atriði sem þarf að huga sérstaklega að við áframhaldandi nýskipanarstarf. Talið er mikilvægt að við áframhaldandi þróun nýskipunar verði byggt á betri greiningaradferðum en notaðar hafa verið til þessa, að aðferðir við að draga lærdóm af breytingum verði endurbættar og gætt verði betur að innbyrðis samhengi. OECD telur að breytingar í opinbera geiranum þurfi áfram að beinast að eftirtöldum sviðum: fjárlagagerð og fjármálastjórnun; starfsmannahaldi; gegnsæi og ábyrgðarskilum; tilfærslu valds og ábyrgðar til stofnana; endurskipulagningu ríkisstofnana og samstarfi við einkaaðila.

Reglur í ríkisfjármálum

Rammafjárlagagerð hefur leitt til mikillar framþróunar í fjármálastjórn ríkja sem hafa tekið aðferðina upp. Mikilvægasti kostur hennar er að ríkisstjórnin setur útgjöldum á næsta fjárlagaári ákveðinn ramma á fyrstu stigum fjárlagavinnu og á síðari stigum er útgjöldum forgangsraðað innan rammans.

Ríkisstjórnir í OECD-ríkjunum standa á misunandi hátt að stefnumörkun á sviði ríkisfjármála. Sumar marka stefnu fyrir eitt ár í senn við fjárlagagerðina en aðrar horfa til fleiri ára og færast það í vöxt. Sums staðar er fylgt sérstökum fjármálaeignum við stefnumörkunina. Tilgangurinn er að draga úr þeirri freistingu að auka ríkisútgjöld til að mæta sívaxandi þörfum fyrir samfélagslega þjónustu í stað þess að stokka upp verkefni sem eru fyrir. Dæmi um ríkisfjármálaeignir væri að reka ríkissjóð hallalausar, að fjármagna ekki rekstrarútgjöld með lántöku, að nota tekjur af sölu ríkiseigna ekki í rekstur, að auka ekki útgjöld þótt skatttekjur verði meiri en áætlað var í fjárlögum og að láta nettóskuldir ríkisins ekki fara umfram ákveðið hlutfall af landsframleiðslu.

Allar ríkisfjármálaeignir takmarka svigrúm við fjárlagagerð og stefnumörkun í ríkisfjármálum. Athuganir hafa leitt í ljós að þessu fylgja bæði kostir og gallar. Það ræðst af aðstæðum í hverju landi hvort ástæða er til að setja slíkar reglur, hvers eðlis þær eiga að vera og hvernig á að setja þær. Í sumum tilvikum undirgangast ríki ákveðnar viðmiðunarræglur, til dæmis þau sem taka upp evruna. Í öðrum tilvikum setja alþjóðlegar lánastofnanir lánatakendum slíkar reglur, t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Þá hafa ríkisstjórnir margra landa sett sér að fylgja ákveðnum ríkisfjármálaeignum eða jafnvel beitt sér fyrir lögfestingu slíkra reglna.

Athuganir sýna að slíkar reglur koma að takmörkuðu gagni nema gerðar séu vandaðar spár um þróun ríkisfjármála, viðmiðunarráttar settir 3-4 ár fram í tímann við fjárlagagerðina, allar ákvarðanir ríkisins metnar til kostnaðar áður en þær eru teknar, haldið uppi öflugu eftirliti með framkvæmd fjárlaga og tekið strax á frávikum frá samþykktum fjárlögum.

Fjr.is kemur næst út 7. ágúst. Gleðilegt sumar!!

Tekjur ríkissjóðs jan-mai	
	2001-2002-2003
12 mánaða breytingar, %	2001-2002-2003
Skatttekjur alls	5,6 4,4
Tekjuskattar	7,4 0,8
Tryggingagjöld	9,5 4,7
Eignarskattar	-1,9 -19,2
Veltuskattar	4,0 9,8
Tekjur alls	6,7 18,3

Gjöld ríkissjóðs jan-mai	
	2001-2002-2003
12 mánaða breytingar, %	2001-2002-2003
Almenn mál	19,3 1,4
Félagsmál	12,4 10,8
Atvinnumál	2,0 4,5
Vaxtagjöld	6,7 -18,8
Önnur útgjöld	5,8 17,1
Gjöld alls	10,5 5,5

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-mai	
	2002 2003
M.kr.	2002 2003
Handbætt fé frá rekstri	-8.878 -9.679
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-8.167 7.351
Afborganir lána	-18.348 -17.929
Br. lánsfjárfjöfnuður	-30.265 -13.702
Lántökur	28.324 16.540
Greiddsluafkoma	-1.941 2.838

Ýmsar helstu hagtölur	
	2002 2003
12 mánaða br., %	2002 2003
Verðbólga-júní	4,8 1,8
Kjarnaverðb.1.-júní	6,1 2,5
Launavísitala-mai	7,5 5,6
Heildarvelta janúar-febrúar	14,2 -1,5
Smás.velta janúar-febrúar	8,6 3,2
Atvinnuleysi-mai 2003	2,5 3,6




7. ágúst 2003

Skattbyrði og tekjuþróun

Samkvæmt nýbirtum álagningarskrám ríkisskattstjóra námu framtaldar launatekjur landsmanna árið 2002 tæpum 453 milljörðum króna og höfðu hækkað um 7,4% frá fyrra ári. Framteljendum fjölgaði á sama tíma um 1,3% þannig að hækkan tekna á hvern framteljanda nam 6,1%. Þegar tekið hefur verið tillit til liða sem eru frádráttarberir frá skatti og bætt við fjármagnstekjum, hreinum tekjum af atvinnurekstri og þeim tekjum sem skattstjórnar áætla námu skattskyldar tekjur einstaklinga samtals 507 milljörðum króna árið 2002 og höfðu hækkað um 6,5% frá fyrra ári. Samkvæmt álagningarskránum námu tekju- og eignarskattar einstaklinga 126 milljörðum króna. Jafnframt var úthlutað barna- og vaxtabótum sem námu 10½ milljarði króna. Hrein skattlagning nam því um 115½ milljarði króna eða 4,1% meira en árið áður og hækkar hún mun minna en skattskyldar tekjur.

Breytingar á hlutfalli beinna skatta einstaklinga af tekjum gefa góða mynd af þróun ráðstöfunartekna heimilanna eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Þar sést að á sama tíma og hlutfall beinna skatta hins opinbera í heild, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, hefur farið hækkanandi undanfarin ár hefur skatthlutfall ríkisins verið nokkuð stöðugt. Skýringin á þessu felst að nokkru í því að útsvarshlutfall sveitarfélaga hefur farið hækkanandi sem að verulegu leyti má rekja til verkefnatilflutnings frá ríki til sveitarfélaga sem hefur jafnframt kallað á tilflutning tekjustofna, þ.e. lækkun tekjuskattshlutfalls ríkissjóðs og samsvarandi hækkan útsvarshlutfalls. Ástæða þess að skatttekjur ríkisins hafa staðið í stað þrátt fyrir lækkun tekjuskattshlutfallsins er annars vegar upptaka fjármagnstekjuskatts 1995/1996 og hins vegar mikil kaupmáttaraukning heimilanna í uppsveiflunni frá 1995/1996 sem eðli máls samkvæmt skilaði sér í auknum skatttekjum. Lækkun skatthlutfallsins árið 2002 stafar að mestu leyti af meira en helmingi lækkun eignarskatts og lækkun tekjuskattshlutfallsins um 0,33%. Einnig hækkuðu barnabætur vegna sérstakrar ákvörðunar stjórnvalda.

Beinir skattar sem hlutfall af skattskyldum tekjum



Sérstök ástæða er til að benda á að þrátt fyrir að tekjuskattshlutfall ríkisins sé tvöfalt herra en útsvarshlutfall sveitarfélaga, eða 25,75% á móti 11,2 til 13%, skila þessi tveir tekjustofnar svipaðri fjárhæð. Þannig nemur útsvarshlutfur sveitarfélaganna um 13% af skattstofni sem er mjög nálægt útsvarshlutfallinu. Hjá ríkinu er þessu á allt annan veg farið þar sem álagður tekjuskattur nemur einungis 12% af tekjuskattstofni eða tæplega helmingi tekjuskattshlutfallsins. Skýringin á þessum mun er fyrst og fremst persónuafsláttur en hann lækkar álagningu tekjuskatts um helming auk þess sem greiðslur barna- og vaxtabóta koma hér til frádráttar. Sjómannaafsláttur og afsláttur vegna hlutabréfakaupa nema lægri upphæðum.

Skattlagning arðs á Norðurlöndunum

Samanburður á tekjuskatti fyrirtækja sýnir að hann er mun lægri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Þar er hann á bilinu 28-30% en aðeins 18% hér. Sömuleiðis er fjármagnstekjuskattur einstaklinga mun hærri en hér á landi. Í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð er hann 28-30% en í Danmörku fer hann stighækkandi á bilinu 28-43%. Hér á landi er hann hins vegar 10%. Við þennan samanburð þarf þó að hafa í huga að hér er lagður skattur á allar fjármagnstekjur en á Norðurlöndunum eru í gildi undanþágur og skattleysis-mörk sem jafna þennan mun að nokkru.

Þegar lítið er á skattlagningu arðs af innlendum fyrirtækjum kemur í ljós að munur á arði eftir skatt milli Íslands annars vegar og Finnlands og Noregs hins vegar er lítill en mun meiri gagnvart Danmörku og Svíþjóð. Þetta má sjá í töflu hér fyrir neðan þar sem borið er saman hvað verður um hagnað fyrirtækja þegar hann er skattlagður fyrst hjá fyrirtækinu sjálfur og síðan hjá hluthafanum. Í öllum tilfellum er gert ráð fyrir að allur hagnaður eftir fyrirtækjaskatt sé greiddur út til hluthafa og hann síðan skattlagður hjá þeim sem fjármagnstekjur. Á Íslandi er lögum svo háttátt að fyrst er tekjuskattur lögaðila 18% og eru þá 82% eftir af upphaflegum hagnaði fyrir skatt. Sé hagnaðurinn eftir skatt allur greiddur út er lagður 10% skattur á afganginn sem samsvarar 8,2% af upphaflegum hagnaði. Samtals nemur þá skatturinn 26,2% sem skilur 73,8% eftir í höndum hluthafans, borið saman við 71 og 72% í Finnlandi og Noregi, en 50,4% í Danmörku og Svíþjóð.

Skattlagning arðs af innlendum fyrirtækjum

	DK	SF	NO	SE	IS
Hagnaður fyrirtækis	100	100	100	100	100
Tekjuskattur á fyrirtækið	-30	-29	-28	-28	-18
Útgreiddur arður	70	71	72	72	82
Skattur einstakl. af arði	-19,6	-20,6	-20,2	-21,6	8,2
Skattaafsláttur	0	20,6	20,2	0	0
Arður eftir skatt	50,4	71	72	50,4	73,8

Hér skal bent á að á hinum Norðurlöndunum er beitt reglu þar sem komist er hjá tvísköttun en hún er ekki fyrir hendi hér á landi. Svo dæmi sé tekið er lægsti fjármagnstekjuskattur í Danmörku 28%. Við greiðslu tekjuskatts af arði er álagningin aðeins 19,6% því þá er búið að taka tillit til 30% greiðslu fyrirtækisins á skatti af hagnaði (28%*(1-0,3)=19,6%).

Yfirlit yfir fjármagnstekjuskatt og tekjuskatt félaga

	DK	SF	NO	SE	IS
Fjármagnstekjuskattur einstaklinga	28-43%	29%	28%	30%	10%
Tekjuskattur félaga	30%	29%	28%	28%	18%

Á heildina lítið stendur Ísland vel að vígi gagnvart hinum Norðurlöndunum. Tvísköttun arðs á Íslandi gerir það þó að verkom að lítill munur er á skattlagningu fjárfesta í innlendum félögum á Íslandi annars vegar og í Finnlandi og Noregi hins vegar. Borið saman við Danmörku og Svíþjóð er munurinn hins vegar mun meiri, Íslandi í hag.

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á samanburðarrannsókn prófessors Evu Liljebloom við Sænska Viðskiptaháskólann í Helsinki en hún flutti erindi um hana á ráðstefnu norska hagrannsóknaráðsins í Bergen í júní s.l. Í rannsókn sinni ber hún saman Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð, en fjármálaráðuneytið hefur bætt við tölum um Ísland til samanburðar.

Tekjur ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	4,5	4,1
Tekjuskattar	4,2	-0,9
Tryggingagjöld	10,3	8,3
Eignarskattar	-2,3	-20,6
Veltuskattar	4,1	9,3
Tekjur alls	4,9	15,3

Gjöld ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	16,4	2,5
Félagsmál	12,1	10,5
Atvinnumál	3,6	4,9
Vaxtagjöld	7,7	-22,0
Önnur útgjöld	4,6	16,5
Gjöld alls	10,4	5,6

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-júní		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-7.739	-9.172
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-4.343	8.424
Afborganir lána	-19.484	-17.952
Br. lánsfjárfjöfnuður	-28.328	-13.279
Lántökur	24.892	14.038
Greiðsluafkoma	-3.435	760

Ýmsar hagfélur		
12 mánaða br., %	2002	2003
Verðbólga-júli	4,1	1,6
Kjarnaverðb. 1.-júli	5,2	2,3
Launavísitala-júní	6,9	5,6
Heildarvelta janúar-apríl	11	-1,7
Smás. velta janúar-apríl	7,8	3,3
Atvinnuleysi-júní 2003	2,3	3,2



14. ágúst 2003

Mikill innflutningur í júlí

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts í júlí benda til þess að fara þurfi aftur til fyrri hluta ársins 2000, þegar einhver mesta efnahagsuppsveifla sem hér hefur orðið var í hámarki, til þess að finna jafnmikinn almennan vöruinnflutning, þ.e. án skipa og flugvéla, í einum mánuði. Samkvæmt þessum tölum má ætla að í júlí hafi verið fluttur inn vörur, án skipa og flugvéla, fyrir tæplega 20 milljarða króna, miðað við hlaupandi verðlag, 20% milljarð miðað við fast verðlag ársins 2002. Til samanburðar má nefna að meðalinnflutningur á mánuði á fyrri helmingi ársins nam 15-16 milljörðum króna, eftir því hvort miðað er við fast eða hlaupandi verðlag.


Samkvæmt þessum tölum nemur aukningin frá sama mánuði árið 2002 rúmlega 15%, samanborið við tæplega 10% að meðaltali fyrstu sex mánuði ársins, reiknað á föstu verðlagi.

Meðfylgjandi línurit sýnir annars vegar mánaðarlega þróun innflutnings, án skipa og flugvéla, í milljónum króna og hins vegar tólf mánaða hlutfallslegar breytingar miðað við þriggja mánaða meðaltöl, hvort tveggja reiknað á föstu verðlagi ársins 2002. Eins og þar kemur fram hefur innflutningur á þennan mælikvarða aukist jafnt og þétt frá síðustu áramótum.

Eins og venjulega leida kaup á bílum og öðrum varanlegum neysluvörum efnahagsuppsveifluna. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands jókst innflutningur fólksbifreiða um rúmlega 55% að raungildi fyrstu sex mánuði ársins og ekkert lát virðist á þeirri þróun í júlímánuði. Innflutningur á varanlegum neysluvörum jókst sömuleiðis umtalsvert eða um 20% á fyrri helmingi þessa árs frá sama tíma í fyrra. Loks hefur innflutningur almennrar fjárfestingarvöru, þ.e. að frátöldum innflutningi skipa, flugvéla og innflutnings til stóriðju, aukist umtalsvert það sem af er árinu eða sem nemur um 17% að raungildi frá sama tíma í fyrra.

Þessar tölur benda til þess að almenn umsvif í efnahagslífinu séu jafnvel meiri en gert var ráð fyrir í síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá apríl sl.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvör



Tekjubil kynjanna minnkar en bilið milli landshluta stendur í stað


Fátt er fyrirferðarmeira í umræðunni um jafnrétti kynjanna en launamunur milli karla og kvenna. Í skattframtölum landsmanna er að finna upplýsingar sem gefa visbendingar um það hvernig miðar í átt til jafnréttis í þeim efnun.

Í framtölunum er þó engar upplýsingar að finna um um vinnutíma eða starfshlutfall en algengara er að konur en karlar vinni hlutastörf eða hluta úr ári. Vinnumarkaðskannanir sýna hins vegar að vikulegur vinnutími kvenna er að meðaltali styttri en hjá körlum þótt þær séu í fullu starfi. Aðrar skýringar á mismun á atvinnutekjum kynjanna eru menntun og starfsaldur. Konur eru að vinna á öllum vigstöðvum á vinnumarkaði: Vinnutími þeirra hefur aukist, atvinnuþátttaka sömuleiðis og menntun þeirra hefur aukist meira en hjá körlum.

Þær upplýsingar sem hægt er að vinna úr skattframtölum eru að flestu leyti heildarniðurstaða úr öllum þeim þáttum sem áhrif hafa á tekjumun kynjanna og hér er ekki gerð tilraun til að greina muninn niður í einstaka þætti. Þær gefa þó ákveðna visbendingu um það hvernig miðar. Árið 2002 var þróunin áfram hagstæð og það ár námu atvinnutekjur kvenna að meðaltali 59% af atvinnutekjum karla. Frá fyrra ári minnkaði bilið um 1,6 prósentustig.

Á meðfylgjandi línuriti má sjá að hlutfall atvinnutekna kvenna af sambærilegum tekjum karla hefur farið vaxandi á undanfönum árum. Hlutfallið byrjaði að vaxa 1998 eftir tímabil stöðunar í upphafi tíunda áratugarins og hefur á síðustu 5 árum vaxið um 7 prósentustig. Á þeim tíma hafa meðaltekjur karla aukist um 50% en tekjur kvenna um 68%. Atvinnutekjur eru launatekjur ásamt tekjuskattskyldum hluta bifreiðastyrkja og dagpeninga.

Atvinnutekjur kvenna sem hlutfall af atvinnutekjum karla



Á undanfönum árum hefur bilið á milli meðaltekna einstaklinga sem búa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar farið vaxandi. Þessi þróun stöðvaðist þó árið 2000. Þá voru íbúar suðvesturhornsins (Reykjavíkur og Reykjaness) með meðaltekjur (tekjuskattstofn á hvern framteljanda) sem voru 5% yfir landsmeðaltali meðan íbúar landsbyggðarinnar þess utan höfðu að meðaltali innan við 90% af landsmeðaltalinu.

Munurinn er enn mikill en þó hefur heldur dregið saman og var síðarnefndi hópurinn með tekjur sem námu 91% af landsmeðaltalinu árið 2002. Mismunandi samsetning atvinnulífsins eftir landshlutum ræður nokkru um það hver niðurstaða er í þessum efnun. Norðurland vestra hefur nokkra sérstöðu meðal landshlutanna enda þótt hlutfall meðaltekna þar af landsmeðaltali hafi farið nokkuð hækkandi en meðaltekjur þar voru tæplega 15% neðan landsmeðaltalsins árið 2002. Á Austurlandi og Norðurlandi eystra hafa meðaltekjur farið vaxandi sem hlutfall af meðaltekjum allra framteljenda. Meðaltekjur landsbyggðarkjördæmanna, nema á Norðurlandi vestra, eru mjög álíkar og liggja á bilinu 90-94% af landsmeðaltali.

Tekjur ríkissjóðs jan-júní			Gjöld ríkissjóðs jan-júní			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-júní			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003		2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			Handbært fé frá rekstri	-7.739	-9.172	12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,5	4,1	Almenn mál	16,4	2,5	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-4.343	8.424	Verðbólga-ágúst	3,2	2,0
Tekjuskattar	4,2	-0,9	Félagsmál	12,1	10,5	Afborgun lána	-19.484	-17.952	Kjarnaverðb.1 -ágúst	4,2	2,7
Tryggingagjöld	10,3	8,3	Atvinnumál	3,6	4,9	Br. lánsfjárfjöfnuður	-28.328	-13.279	Launavísitala -júní	6,9	5,6
Eignarskattar	-2,3	-20,6	Vaxtagjöld	7,7	-22,0	Lántökur	24.892	14.038	Heildarvelta janúar-apríl	11	-1,7
Veltuskattar	4,1	9,3	Önnur útgjöld	4,6	16,5	Greiddsluafkoma	-3.435	760	Smá.velta janúar-apríl	7,8	3,3
Tekjur alls	4,9	15,3	Gjöld alls	10,4	5,6				Atvinnuleysi -júní 2003	2,3	3,2


Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



21. ágúst 2003

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verði



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til júlí 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins. Þessar tölur sýna sjóðhreyfing og eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 15,4 milljarða króna, samanborið við 13,7 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 17,2 milljarða króna í ár sem er 11 milljörðum betri staða en í fyrra. Jákvæðari staða skýrist nær alfarið af sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Íslenskum aðalverktökum. Þessi þróun hefur skilað sér í viðsnúningi á stöðu ríkissjóðs þar sem hreinn lánsfjárfjofnuður ríkissjóðs reyndist jákvæður um 1,8 milljarða króna á fyrstu sjö mánuðum ársins 2003 samanborið við 7,5 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu um 147,5 milljörðum króna og hækkuðu um tæpan 16,1 milljarð króna frá árinu á undan, eða um 12,2%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkisins. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 124,4 milljörðum króna og hækkuðu um 5,2% frá sama tíma í fyrra sem jafngildir um 3,4% raunhækkun á milli ára. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu um 32,4 milljörðum króna og hækkuðu um 4,3% á milli ára. Innheimta tryggingargjalda jókst mun meira eða um 9,1% á milli ára og nam um 14,3 milljörðum króna. Þessi aukna innheimta skatta af launatekjum einstaklinga, bæði tekjuskatti einstaklinga og tryggingagjalds, endurspeglar hækkun launa sem meðal annars birtist í því að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 5,6% á sama tíma. Auk þess sem hækkun tryggingagjaldsins, um ½%, tók gildi í byrjun þessa árs. Innheimta eignaskatta nam tæpum 4,6 milljörðum króna og lækkaði um 15,8%. Þar ber að nefna að eignaskattar einstaklinga og fyrirtækja voru lækkaðir verulega á þessu tímabili, eða um helming. Veigamesta breytingin er hins vegar í almennum veltusköttum sem hækkuðu um 9,4% frá sama tíma í fyrra, eða sem nemur 7,4% að raungildi. Þar munar mestu um 8,9% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að veruleg aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum eða um 54,2% sem stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða á fyrri hluta ársins. Auk þess jókst innheimta tekna af áfengis- og tóbaksgjaldi talsvert frá sama tíma í fyrra eða um 19,6%, en um þriðjung þeirrar aukningar má rekja til hækkunar á áfengisgjaldi af

sterku áfengi og tóbaksgjaldi. Að öllu samanlögðu benda innheimtutölur í júlí til þess að almenn umsvif í efnahagslífinu séu jafnvel meiri en gert var ráð fyrir í síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá apríl sl.

Greidd gjöld nema 150,8 milljörðum króna og hækka um 8,8 milljarða milli ára. Hækkunin skýrist að mestu af greiðslum til heilbrigðismála og almannatrygginga eða um 4 milljarða króna hjá hvorum málaflokki fyrir sig. Þar af hækka greiðslur til sjúkrahúsa og öldrunarstofnana um 3 milljarða. Lífeyrstryggingar og atvinnuleysisbætur hækka samtals um 3,2 milljarða og sjúkratryggingar um 800 m.kr. Þá hækka greiðslur til Vegagerðar um 1,8 milljarða og hækkun til háskóla og framhaldsskóla nemur rúmum 1 milljarði króna. Á móti vegur að vaxtagreiðslur lækka um 3,2 milljarða milli ára, einkum þar sem stór flokkur spariskírteina var á gjalddaga í apríl 2002. Einnig lækka greiðslur til stjórnsýslunnar og landbúnaðarmála um samtals 900 m.kr. Aðrar breytingar milli ára eru minni.

Lántökur námu 24 milljörðum króna en afborganir voru 18 milljarðar. Erlend skammtímalán voru greidd niður um 12,4 milljarða króna og spariskírteini um 5,6 milljarða. Á móti vegur aukin lántaka í innlendum skammtímalánum, eða um 23 milljarða króna. Þá voru greiddir 4,4 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Ríkisreikningur 2002

Ríkisreikningur fyrir árið 2002 hefur nú verið birtur. Samkvæmt honum nemur rekstrarafgangur af venjubundinni starfsemi ríkissjóðs 6,5 milljörðum króna samanborið við 16,6 milljarða króna árið 2001. Er þá ekki tekið tillit til tilfallandi tekna svo sem af sölu eigna né tilfallandi gjalda eins og lífeyrisskuldbindinga og áætlaðra afskrifta skattkrafna. Heildargjöld ríkissjóðs, að meðtöldum tilfallandi gjöldum, voru 8,1 milljarði hærri en heildartekjum. Er það 16,8 milljarða óhagstæðari niðurstaða en árið áður. Verri afkoma á árinu 2002 samanborið við árið á undan skýrist einkum af mun meiri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og hærri afskriftum skattkrafna, en mjög erfitt er að áætla þessar stærðir af nákvæmni fyrirfram.

Tekjur ríkissjóðs námu 259,2 milljörðum króna á árinu 2002 eða um 33,5% af landsframleiðslu ársins og hafa hækkað um 21,9 milljarða króna á milli ára, eða um 4,2% að raungildi. Tekjur ríkissjóðs endurspeglar í meginatriðum þær efnahagsforsendur sem lágu til grundvallar fjárlögum ársins. Í þeim var gert ráð fyrir að staða ríkissjóðs myndi veikjast vegna samdráttar í þjóðarútgjöldum. Sem fyrr var virðisaukaskattur helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 76,3 milljarðar króna sem er 29,4% af heildartekjunum, tekjuskattar voru 63,9 milljarðar eða 24,6% af tekjum.

Gjöld ríkissjóðs námu alls 267,3 milljörðum króna á árinu 2002 eða um 34,5% af landsframleiðslu ársins og hafa aukist um 38,6 milljarða króna milli ára, eða um 11,5% að raungildi. Heilbrigðismál voru sem fyrr fjárfrekasti málaflokkurinn og námu þau 66,2 milljörðum króna eða 24,8% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2002. Hækkun á milli ára nam 9,0 milljörðum eða 10,4% að raungildi. Gjöld til almannatrygginga námu 47,1 milljarði króna og hækkuðu um 6,6 milljarða króna eða 11,0% að raungildi á milli ára. Gjöld til fræðslu- og menningarmála námu 33,3 milljörðum króna og hækkuðu á milli ára um 3,2 milljarða króna eða 5,5% að raungildi. Útgjöld til annarra málaflokka námu 72,9 milljörðum króna og önnur útgjöld, s.s. vaxtagjöld, lífeyrisskuldbindingar og afskriftir námu 47,8 milljörðum króna.

Hreinar skuldir í árslok 2002 námu 149,5 milljörðum króna samanborið við 168,8 milljarða króna í árslok 2001. Hreinar skuldir ríkissjóðs hafa því lækkað á milli ára um sem nemur 19,3 milljörðum króna. Nánari upplýsingar má finna í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins [ur 18/2003 Ríkisreikningur 2002](http://www.fjarmalaraduneyti.is).

Tekjur ríkissjóðs jan-júlí			Gjöld ríkissjóðs jan-júlí			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-júlí			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003		2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			Handbært fé frá rekstri	-13.733	-15.401	Verðbólga-ágúst	3,2	2,0
Skatttekjur alls	4,0	5,2	Almenn mál	12,9	1,9	Hr. lánsfjárfjofnuður	-7.520	1.805	Kjarnaverðb.1 -ágúst	4,2	2,7
Tekjuskattar	5,4	0,8	Félagsmál	12,7	11,4	Afborgun lána	-19.877	-18.021	Launavísitala -júní	6,9	5,6
Tryggingagjöld	8,6	9,1	Atvinnumál	5,9	5,6	Br. lánsfjárfjofnuður	-32.647	-20.591	Heildarvelta janúar-apríl	11	-1,7
Eignarskattar	-2,2	-15,8	Vaxtagjöld	7,8	-22,3	Lántökur	30.324	24.245	Smá.velta janúar-apríl	7,8	3,3
Veltuskattar	3,1	9,4	Önnur útgjöld	4,0	15,9	Greiðsluafkoma	-2.323	3.654	Atvinnuleysi -júlí 2003	2,3	3,0
Tekjur alls	6,8	12,2	Gjöld alls	10,7	6,2						



28. ágúst 2003

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga í húsnæðismálum

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hefur skýrst á undanföllum árum en stefnt hefur verið að því að hver málaflökkur heyrir aðeins undir annan hvorn aðilann þannig að saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri. Þótt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sé skýr getur í ýmsum tilvikum reynst erfitt að gera sér grein fyrir hlutverki ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar eins og umræða síðustu vikna um húsnæðismál heimilislausra einstaklinga sýnir.

Meginhlutverk ríkisins í húsnæðismálum er að stuðla með lánveitingum og skipulagi að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum sé sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast húsnæði á viðráðanlegum kjörum og veita aðgang að lánsfé til leiguíbúða.

Hver sveitarstjórn ber hins vegar ábyrgð á og hefur frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Sveitarfélög skulu sjá til þess að veita fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru færir um það sjálfir úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn.

Hlutverk húsnæðisnefnda sveitarfélaga er m.a.:

- Að gera árlaga áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði og að hafa milligöngu um og geta átt frumkvæði að því að afla verði húsnæðis í því skyni og aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun.
- Að aðstoða aldrada og fatlaða svo og samtök þeirra við öflun húsnæðis með ráðgjöf við útbod, byggingarframkvæmdir, samningsgerð o.fl.

Einstaklingi sem á í vandkvæðum með að afla sér húsnæðis ber því að leita til félagsþjónustu síns sveitarfélags óski hann aðstoðar við úrlausn mála.

Einföldun opinbers eftirlits í OECD ríkjum

Í nýrri skýrslu OECD, *“From red tape to smart tape”*, er greint frá því að því að einfalda reglusetningu af hálfu opinberra aðila og draga úr óhagræði hennar vegna. Ljóst er að opinberir aðilar þurfa að setja ákveðnar reglur til að fylgja eftir pólitískum markmiðum á ýmsum sviðum svo sem vegna skattlagningar, öryggis og umhverfisverndar. Slíkar reglur geta einnig komið viðskiptalífni til góða með því að skapa því skýra umgjörð og greiða fyrir viðskiptum. Sú hættu er þó fyrir hendi að reglur hamli gegn þróun, viðskiptum og hagkvæmni. Flóknar reglur auka kostnað bæði hjá opinberum aðilum, fyrirtækjum og einstaklingum sem þurfa að sækja um ýmis konar leyfi, sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og taka á móti eftirlitsmönnum.

Í fyrsta lagi er nú lögð meiri vinna í að meta áhrif eftirlitsreglna áður en þær eru settar í því skyni að hindra óþarfar og ósanngjarnar byrðar. Viða er talið að það torveldi stofnun nýrra fyrirtækja og dragi úr samkeppni ef fyrirtæki þurfa að sækja um starfsleyfi áður en þau hefja rekstur eða framleiða eða selja vörur og þjónustu. Í OECD ríkjum er almennt talið að litil og meðalstór fyrirtæki gegni þýðingarmiklu hlutverki í efnahagslífinu sem megi ekki grafa undan með flókinni reglusetningu og eftirlitskerfi. Af þessum sökum er leitast við að fækka leyfum sem sækja þarf um, einfalda umsóknir, gefa fyrirtækjum svigrúm, veita upplýsingar og aðstoð og stytta afgreiðslutíma.

Í öðru lagi hafa stjórnvöld frumkvæði að einföldun og samræmingu á reglum og eftirliti í stað þess að bregðast við kvörtunum fyrirtækja og einstaklinga. Til dæmis er leitast við að samþætta eftirlit og fela einum eftirlitsaðila að annast eftirlit fyrir hönd margra stjórnvalda. Hugtakið “one-stop shop” er notað um staði sem veita margþætta opinbera þjónustu.

Í þriðja lagi gengur þróunin í þá átt að treysta meira á markaðinn og samkeppni fyrirtækja en opinberar reglur, m.a. að setja ekki reglur nema sýnt

sé fram á með óyggjandi rökum að þær verndi almenning t.d. gegn viðskiptahömlum.

Í fjórða lagi ræðst einföldun á stjórnslu eftirlits að miklu leyti af þróun upplýsingatækninnar. Þannig er nefnt í skýrslunni að í þeim tilvikum sem fyrirtækjum og almenningi er gert kleift að sækja um leyfi og skila upplýsingum til stjórnvalda um veraldarvefinn vakni gjarnan spurningar um hvernig megi einfalda upplýsingaskil, draga úr margverknaði, samnýta upplýsingar og endurskilgreina upplýsingaþörf. Hér á landi gilda lög og reglugerð frá árinu 1999 um eftirlitsreglur hins opinbera sem eru í anda þessara meginmarkmiða.

Skattlagning arðs á Norðurlöndum

Fróðlegt er að bera saman skattlagningu fjárfestingar annars vegar í innlendum og hins vegar í erlendum hlutabréfum á Norðurlöndum. Hér er gert ráð fyrir að ímyndað erlent fyrirtæki hafi 100 í hagnað og greiði 30 af honum í tekjuskatt. Útgreiddur arður sé því 70 og staðgreiðsluskattur af arði sé 10,5 (þ.e. 15%) í upprunalandinu. Miðað er við að tvísköttunarsamningur sé í gildi milli upprunalandins og heimalands hluthafans þannig að hann fái allan skatt greiddan erlendis endurgreiddan.

Mikill munur er á milli Norðurlandanna í þessum efnum. Þannig er vænlegast að fjárfesta innanlands á Íslandi, í Finnlandi og Noregi. Hins vegar er nokkurn veginn hlutlaust fyrir danska og sænska fjárfesta. Arður eftir skatt lítur þá svona út (í % af upprunalegum hagnaði):

	Innlent fyrirtæki	Erlent fyrirtæki
Danmörk	50,4	50,4
Finnland	71	49,7
Noregur	72	50,4
Svíþjóð	50,4	49
Ísland	73,8	59

Í Noregi og Finnlandi felst munurinn fyrst og fremst í því að sá skattafsláttur sem veittur er til fjárfesta í innlendum fyrirtækjum gildir ekki gagnvart fjárfestingum erlendis. Á Íslandi á þetta ekki við heldur stafar munurinn eingöngu af því að reiknað er með hærri tekjuskatti á hlutfelög erlendis en gildir hér á landi. Hér á landi er heldur ekki mismunað milli innlendra fjárfestingarforma en nokkur munur er á þessu á hinum Norðurlöndum, aðallega Danmörku og Svíþjóð.

Á heildina litið stendur Ísland vel að vígi gagnvart hinum Norðurlöndum. Tvísköttun arðs á Íslandi gerir það að verkum að litill munur er á skattlagningu á fjárfesta í innlendum félögum á Íslandi annars vegar og í Finnlandi og Noregi hins vegar. Borið saman við Danmörku og Svíþjóð er munurinn hins vegar mikill, Íslendingum í hag. Þessu til viðbótar er gerður samanburður á skattlagningu innlends arðs, þegar fjárfestinn notar opin fjárfestingarsjóð (mutual fund) annars vegar eða fjárfestingarfélag (investment company) hins vegar. Þetta sést í eftirfarandi töflu:

Skattlagning arðs í heimalandi fjárfestens	DK	FI	NO	SV	IS
	Opinn fjárfestingasjóður	50,4	50,4	72	44,7
Fjárfestingafélög	40,4	71	72	43,3	73,8

Tekjur ríkissjóðs jan-júlí			Gjöld ríkissjóðs jan-júlí			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-júlí			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	4,0	5,2	Almenn mál	12,9	1,9	Handbært fé frá rekstri	-13.733	-15.401	Verðbólga - ágúst	3,2	2,0
Tekjuskattar	5,4	0,8	Félagsmál	12,7	11,4	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-7.520	1.805	Kjarnaverðb.1- ágúst	4,2	2,7
Tryggingagjöld	8,6	9,1	Atvinnumál	5,9	5,6	Afborgun lána	-19.877	-18.021	Launavísitala - júlí	6,6	5,7
Eignarskattar	-2,2	-15,8	Vaxtagjöld	7,8	-22,3	Br. lánsfjárfjöfnuður	-32.647	-20.591	Heildarvelta janúar-apríl	11	-1,7
Veltuskattar	3,1	9,4	Önnur útgjöld	4,0	15,9	Lántökur	30.324	24.245	Smá velta janúar-apríl	7,8	3,3
Tekjur alls	6,8	12,2	Gjöld alls	10,7	6,2	Greiddsluafkoma	-2.323	3.654	Atvinnuleysi - júlí 2003	2,3	3,0



4. september 2003

Áætlaður vöruinnflutningur í ágúst


Upplýsingar fjármálaráðuneytisins um innheimtu virðisaukaskatts við innflutning benda til þess að vöruinnflutningur í ágúst hafi numið nálægt 16 milljörðum króna, eða 4 milljörðum króna minna en í júlí. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að innflutningurinn í júlímánuði var meiri en hann hefur verið um langt skeið og þarf að fara aftur til ársins 2000 til að finna sambærilegar innflutningstölur en þá var efnahagsuppsveiflan í hámarki. Samkvæmt þessum áætlunum var innflutningur í ágúst í meðallagi miðað við aðra mánuði ársins. Þrátt fyrir það var innflutningur í ágúst tæplega fimmtungi meiri en í sama mánuði í fyrra, reiknað á föstu verðlagi.

Samanburður við árið 2000 er áhugaverður. Þannig eru þriggja mánaða meðaltöl vöruinnflutnings síðustu mánuði (án skipa og flugvéla) á svipuðu róli og sambærileg meðaltöl árið 2000 og tæpum tveimur milljörðum hærri en hæsta þriggja mánaða meðaltal innflutnings á síðasta ári, borið saman á föstu verðlagi.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar jókst innflutningur fjárfestingarvara til júliloka, annarra en skipa og flugvéla, verulega frá sama tíma í fyrra. Mikil aukning er í innflutningi flutningatekja til atvinnurekstrar, fyrst og fremst vegna virkjunarframkvæmdanna fyrir austan, eða sem nemur um 55% að raungildi. Í krónum talið munar hins vegar mest um stóruaukinn bílannflutning til einkanota sem var tæplega 3 milljörðum króna meiri á fyrstu sjö mánuðum ársins 2003 en á sama tíma í fyrra. Lætur nærri að þetta skýri tvo-þriðju hluta heildaraukningar innflutnings á tímabilinu.

Þessar tölur renna enn frekari stoðum undir þá skoðun fjármálaráðuneytisins sem margsinnis hefur komið fram að uppsveifla sé hafin í efnahagslífinu og að framundan sé tímabil aukins hagvaxtar.

Innflutningur án skipa og flugvéla—staðvört



Skýrsla IMF um íslensk efnahagsmál er komin út

Í lok síðustu viku gaf Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) út reglubundna skýrslu sína um stöðu og horfur í íslenskum efnahagsmálum. Slikar athuganir eru gerðar í öllum þeim ríkjum sem aðild eiga að sjóðnum. Skýrslan er unnin í kjölfar heimsóknar starfslíðs sjóðsins þar sem ítarlegum gögnum er safnað og rætt við fjölmarga aðila. Í stuttu máli gefa skýrsluhöfundar íslenskum stjórnvöldum ágæta umsögn bæði á sviði ríkisfjármála og í stjórn peningamála. Í skýrslunni kemur fram það mat að ójafnvægið sem kom upp í lok tíunda áratugarins sé nú að baki og að hagkerfið sé byrjað að taka við sér á nýjan leik. Sérstaklega er bent á að halli á utanríkisviðskiptum hafi því sem næst horfið og að náðst hafi tök á verðbólgu á sama tíma. Þetta er talið hafa gerst

að stórum hluta fyrir tilstuðlan peningastefnu, ábyrgur ríkisfjármálastefnu og kerfisbreytinga síðasta áratugar sem stuðlað hafa að stöðugleika, svo sem aðgerða til að auka markaðsvæðingu, einkavæðingar og hagræðingar í ríkisgeiranum.

Það er mat skýrsluhöfunda að hagvöxtur í ár verði 2¼% og að hann muni vaxa á næstu árum vegna orku- og stóriðjuframkvæmda. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá samanburð á spá sjóðsins og síðustu spá fjármálaráðuneytisins. Eins og sjá má eru spámar eins eða mjög líkar. Nú er unnið að nýrri þjóðhagsspá í fjármálaráðuneytinu sem mun verða gefin út um leið og fjárlagafrumvarpið verður kynnt 1. október.

Magnbreytingar, %	FJR/apríl	IMF/júlí
Einkaneysla	1,3	1,3
Samneysla	2,3	2,3
Fjárfesting	11,3	12,4
Þjóðarútgjöld alls	3,5	3,7
Útflutningur vöru og þjónustu	1,0	1,1
Innflutningur vöru og þjónustu	2,5	4,9
Landsframleiðsla	2,8	2,3
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-1,3	-0,9
Tekjujöfnuður hins opinbera, % af VLF	-0,1	-0,1
Tekju- og verðlagsbreytingar, %		
Ráðstöfunartekjur á mann	3,8	3,8
Atvinnutekjur	5,0	5,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	2,0	0,8
Visitala neysluverðs	2,0	2,2
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	3,0	3,0

Spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framvindu efnahagsmála á næstu árum er sú að hagvöxtur verði 3,7% árið 2004 og 4,8% árið 2005 en fari svo lækkandi úr því. Í þessu ljósi leggja skýrsluhöfundar áherslu á það að enda þótt staða opinberra fjármála sé trygg þá sé mikilvægt að halda áfram styrki stjórn ríkisfjármála. Mikilvægt er að afgangur verði á ríkisbúskapnum á næstu árum til mótvægis við áhrif hinna miklu framkvæmda sem nú eru hafnar. Í skýrslunni kemur fram að nauðsynlegt sé að móta stefnu í ríkisfjármálum til lengri tíma og að áform stjórnvalda um að leggja aukna áherslu á langtíma-áætlun við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár sýni að þannig ætli þau að standa að verki. Skýrsluhöfundar telja mikilvægt að fyrirhugaðar skattalækkunarir tengist áformum um samsvarandi lækkun útgjalda.

Í skýrslunni kemur fram að hin hlutlausu peningamálastefna sem nú er rekin sé eðlileg en að til lengri tíma litíð þurfi aðhaldsstig hennar að aukast. Talið er að hin vel heppnaða aðlögun hagkerfisins hafi aukið trú á stjórn peningamála og gert væntingar um verðbólgu raunhæfari. Bent er á að miklar erlendar skuldir þjóðarþúsins skapi ákveðna hættu til lengri tíma litíð en jafnframt er bent á að skuldsetning heimilanna sé í takt við aldursamsetningu þjóðarinnar, sem gefur tilefni til meiri skulda en hjá þjóðum þar sem meðalaldur er hærri og mannfjöldun minni. Stjórnvöldum er hrósað fyrir árangur í einkavæðingu en jafnframt er lögð áhersla á aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Þá er bent á að staðið hafi verið við skuldbindingar um tollfrjálsan innflutning frá allra fátækustu ríkjum heimsins en stjórnvöld eru hvött til að standa við það markmið að verja 0,7% af landsframleiðslu til þróunaraðstoðar.

Minnt er á að umsóknarfrestur um námsstyrk fjármálaráðuneytisins rennur út 1. október næstkomandi.

Tekjur ríkissjóðs jan-júlí			Gjöld ríkissjóðs jan-júlí			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-júlí			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003		2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			Handbært fé frá rekstri	-13.733	-15.401	12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,0	5,2	Almenn mál	12,9	1,9	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-7.520	1.805	Verðbólga - ágúst	3,2	2,0
Tekjuskattar	5,4	0,8	Félagasmál	12,7	11,4	Afborgun lána	-19.877	-18.021	Kjarnaverðb.1- ágúst	4,2	2,7
Tryggingagjöld	8,6	9,1	Atvinnumál	5,9	5,6	Br. lánsfjárfjöfnuður	-32.647	-20.591	Launavísitala - júlí	6,6	5,7
Eignarskattar	-2,2	-15,8	Vaxtagjöld	7,8	-22,3	Lántökur	30.324	24.245	Heildarvelta janúar-apríl	11	-1,7
Veltuskattar	3,1	9,4	Önnur útgjöld	4,0	15,9	Greiddsluafkoma	-2.323	3.654	Smá.velta janúar-apríl	7,8	3,3
Tekjur alls	6,8	12,2	Gjöld alls	10,7	6,2				Atvinnuleysi - júlí 2003	2,3	3,0


Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



11. september 2003


Hversu margir borga skattana ?

Meðal þess sem fram kemur í upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra vegna álagningar skatta eru upplýsingar um fjölda þeirra sem greiða tiltekna skatta eða njóta þeirra bóta sem skattferfið býður upp á. Fróðlegt er að sjá hvernig hlutfall þessara aðila af heildarfjölda framteljenda hefur þróast á undanföllum árum.



Nær allir framteljendur greiða útsvar til sveitarfélaga, annað hvort sjálfir eða ríkissjóður greiðir útsvarið ef tekjur viðkomandi ná ekki skattleysismörkun.

Mun færri framteljendur greiða hins vegar tekjuskatt til ríkissjóðs eða rétt rúmlega 60%. Hlutfallið var nálægt 50% á samdráttarárunum 1990-1995 en hækkaði síðan samhliða auknum kaupmætti á hagvaxtarskeiðinu á árunum 1995-2001. Þrátt fyrir að hærri hlutfall framteljenda hafi greitt tekjuskatt á undanföllum árum en á samdráttar- og stöðnunarárunum á fyrri helmingi tíunda áratugarins greiðir þó enn rúmlega þriðjungur framteljenda engan tekjuskatt til ríkisins. Barna- og vaxtabætur greiða allan tekjuskatt fyrir tæplega 6% framteljenda og því greiða yfir 42% framteljenda engan tekjuskatt. Sérstakan tekjuskatt, svo nefndan hátekjuskatt, hafa 6-7% framteljenda þurft að greiða undanfarin ár eða um 9% þeirra sem borga hinn almenna tekjuskatt. Almennur eignarskattur hefur verið lagður á um eða innan við 30% allra framteljenda en sérstakur eignarskattur náði til tæplega 15% þeirra þegar mest var. Hann hefur nú verið lagður af en hann var lagður á allt að helming þeirra sem yfir höfuð greiddu eignarskatt. Fjármagnstekjuskattur var lagður á rúmlega þriðjung framteljenda þegar mest var en hlutfall þeirra hefur farið nokkuð lækkandi á undanföllum árum.



Barnabætur fá þeir framteljendur sem framfæra börn innan 16 ára. Þær eru greiddar vegna barna sem eru yngri en 7 ára en tekjutengdar barnabætur fá þeir sem framfæra börn á aldrinum 7 til 16 ára. Fjöldi barna yngri en 16 ára hefur verið stöðugur hér á landi mörg undanfarin ár, um 70.000 og barnafjöldi á aldrinum 7-16 ára sömuleiðis, tæplega 40.000. Hlutfall framteljenda sem nýtur barnabóta hefur hins vegar vaxið umtalsvert á því tímabili sem sýnt er á myndinni. Það stafar ekki síst af því að mjög hefur verið dregið úr tekjutengingu bótanna. Nú nýtur um það bil fjórðungur framteljenda barnabóta.

Vaxtabóta njóta framteljendur sem uppfylla skilyrði þar um og hlutfall þeirra af framteljendum hefur farið hægt vaxandi undanfarin ár. Hlutfallið er um fjórðungur, nær nákvæmlega það sama og gildir um barnabætur.

Af vettvangi tvísköttunarmála

Ýmislegt hefur áunnist á sviði tvísköttunarmála undanfarna mánuði. Í júní var haldinn fyrsti fundur samninganefnda Íslands og Austurríkis um gerð tvísköttunarsamnings milli ríkjanna. Viðræður gengu vel þó ekki tækist að ljúka samningum og má vænta þess að samningagerð ljúki á næsta fundi sem haldinn verður á vori komanda.

Viðræður milli Íslands og Mexíkó um gerð tvísköttunarsamnings munu hefjast um miðjan þennan mánuð í Reykjavík. Þá hefur samninganefnd frá Rúmeníu verið boðið til fundar í byrjun október að þeirra frumkvæði. Jafnframt hefur verið fallist á beiðni stjórnvalda í Úkraínu um samningaviðræður á þessu ári, en nánari tímasetningar liggja enn ekki fyrir. Sama má raunar segja um upphaf formlegra viðræðna við japönsk stjórnvöld en vonast er til að línur varðandi það mál skýrist fyrir lok þessa árs. Ástralía og Nýja Sjáland er síðan næst á blaði.

Endurskoðun á eldri samningum við Bandaríkin og Þýskaland er enn ólokið og ekki ljóst á þessari stundu hvenær næstu samningafundir verða haldnir. Loks má geta þess að tvísköttunarsamningar Íslands við Litháen og Pólland voru birtir í Gdeild Stjórnartíðinda í apríl sl. og hafa þar með öðlast lögförmelegt gildi.

Reglugerðir um opinber innkaup.

Þann 10. september sl. gengu í gildi tvær nýjar reglugerðir á sviði opinberra innkaupa. Annars vegar reglugerð nr. 655/2003 um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar reglugerð nr. 654/2003 um breytingu á reglugerð 705/2001 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Með setningu reglugerða þessara hafa íslensk stjórnvöld að fullu innleitt efni tilskipana Evrópusambandsins um opinber innkaup en það var eitt af meginmarkmiðum laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafði gert athugasemdir um að efnisréttur umræddra tilskipana á sviði opinberra innkaupa væri ekki að fullu innleiddur í landsréttinn og er með reglugerðunum tveimur m.a. komið til móts við þær athugasemdir. Reglugerðirnar gilda um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum fyrir útboð á Evrópska efnahagssvæðinu og eru í raun nánari útfærsla á IX. til XI. kafla laga nr. 94/2001. Meðal þess sem reglugerðirnar kveða á um er tilhögun hönnunarsamkeppna, tækniforskrifta og staðla, tilkynninga, frávíkstilboða, sérleyfissamninga, áætlun fjárhæða og skýrslur um opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum.

Þess má geta að Evrópuþingið hefur til meðferðar drög að nýrri heildarlöggjöf á sviði opinberra innkaupa sem ætlað er að koma í stað núgildandi tilskipana. Fylgist ráðuneytið náið með framvindu þeirrar vinnu á vettvangi Evrópusambandsins.

Tekjur ríkissjóðs jan-júlí		
	2001-2002	2002-2003
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,0	5,2
Tekjuskattar	5,4	0,8
Tryggingagjöld	8,6	9,1
Eignarskattar	-2,2	-15,8
Veltuskattar	3,1	9,4
Tekjur alls	6,8	12,2

Gjöld ríkissjóðs jan-júlí		
	2001-2002	2002-2003
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	12,9	1,9
Félagsmál	12,7	11,4
Atvinnumál	5,9	5,6
Vaxtagjöld	7,8	-22,3
Önnur útgjöld	4,0	15,9
Gjöld alls	10,7	6,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-júlí		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-13.733	-15.401
Hr. lánsfjárfönuður	-7.520	1.805
Afborgun lána	-19.877	-18.021
Br. lánsfjárfönuður	-32.647	-20.591
Lántökur	30.324	24.245
Greiddsluafkoma	-2.323	3.654

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - september	3,1	2,2
Kjarnaverb. I - september	3,0	2,6
Launavísitala - júlí	6,6	5,7
Heildarvelta janúar-apríl	11	-1,7
Smá. velta janúar-apríl	7,8	3,3
Atvinnuleysi - júlí 2003	2,3	3,0




18. september 2003

Ný spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birti í morgun nýja [efnahagsspá](#) en í henni kemur fram að áfram er gert ráð fyrir hægfaru efnahagsbata í heiminum á þessu ári og því næsta. Hagvaxtarspá fyrir 2003 og 2004 er í heildina óbreytt frá síðustu spá sjóðsins sem kom út í apríl en þó hafa spár fyrir Bandaríkin og Japan verið hækkaðar en spá fyrir evrusvæðið hefur verið lækkuð. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum verði 3,2% í ár og 4,1% á næsta ári.

Hagvöxtur í helstu iðnríkjum



Samkvæmt spánni hefur almennt dregið úr óvissu, olíuverð hefur lækkað og búist er við að vaxta- og skattalækkunir örvu hagvöxt á seinni helmingi ársins þó hægt verði. Mikið veltur þó enn á framvindu í Bandaríkjunum enda erfið að segja til um hversu lengi áhrif af undangengnum lækkunum á hlutabréfamörkuðum munu vara. Frá því í vor hafa vísitölur um væntingar fyrirtækja og einstaklinga hækkað, fyrst og fremst í Bandaríkjunum. Aðrir hagræsir gefa misjafna mynd af stöðunni. Hægt hefur á framleiðslu og vexti í alþjóðavískaðum, atvinnuleysi hefur aukist og fjárfestingar í iðnríkjunum hafa ekki tekið við sér að fullu. Vextir og skattar hafa víða verið lækkaðir og frekari lækkunir eiga eftir að taka gildi en mismiklar þó. Mestar eru þær í Bandaríkjunum og Bretlandi en minni á evrusvæðinu og í Japan.

Í skýrslunni kemur fram að verðbólga hefur verið mjög lítil að undanförmum, eða undir 2% bæði í ár og í fyrra, og búist við að svo verði áfram. Þannig er reiknað með að hún verði 1,3% í iðnríkjunum á næsta ári en ef sú spá gengur eftir mun verðbólga ekki hafa verið lægri í þrjátíu ár. Í þróunarríkjum er búist við tæplega 5% verðbólgu sem er líka lægri en hún hefur áður verið. Enn sem komið er hefur verðhjóðnunin eingöngu gætt í fáum löndum – aðallega Japan – en í um 15% af þróuðum ríkjum er nú búist við verðbólgu undir 1% á næsta ári. Þó að hætta á verðhjóðnun sé ekki talin mikil eru töluverð líkur á tímabundnum verðlækkunum í mörgum löndum, t.d. í Þýskalandi.

Staðan á fjármálamörkuðum hefur batnað á ný eftir lækkunir á hlutabréfum í aðdraganda Íraksstríðs í vor. Vextir hafa lækkað mikið undanfarið og langtímavextir voru í júní sl. í fjórutíu ára lágmarki. Þeir hafa hækkað aðeins síðan en eru samt sem áður enn mjög lágir í sögulegu samhengi. Gengi dollars hefur lækkað á árinu enda hafa vextir í Bandaríkjunum verið lægri en á evrusvæðinu. Dollarinn hefur lækkað um 12% að nafnverði frá því hann stóð sem hæst í fyrra en evran hefur hækkað á móti.

Gert er ráð fyrir að halli hins opinbera aukist víðast hvar á þessu ári. Í Bandaríkjunum er reiknað með að hann verði 6% af VLF, á evrusvæðinu er reiknað með 3% halla og í Japan er reiknað með tæplega 7½% halla. Á næsta ári er almennt reiknað með hægt batnandi afkomu hjá hinu opinbera.

Helstu óvissuþættir í spánni snúa að eðfirköstum undangenginna lækkana á hlutabréfamörkuðum en óvist er hversu lengi eignaryrnum heimilanna af þessum sökum mun halda aftur af neyslu þeirra. Þótt líklegt þyki að þessi neikvæðu áhrif hafi nú þegar náð hámarki er eignastaða heimila enn veik. Fyrirtæki og fjármálastofnanir hafa heldur ekki lokið við endurskipulagningu sem miðar m.a. að því að draga úr umframframleiðslugetu og endurbyggja lífeyrissjóði. Þessi áhrif gætu varað lengur en reiknað hefur verið með og þá má búast við því að fjárfesting verði seinni að taka við sér og að hagvöxtur verði þeim mun hægari.

Viðvarandi viðskiptahalli Bandaríkjanna er einnig áhyggjuefni, sérstaklega ef leiðrétting á þessu ójafnvægi í alþjóðaviðskiptum verður of snörp. Þrátt fyrir lækkun dollans undanfarið er búist við að hallinn geti numið 5% af landsframleiðslu á þessu ári. Þótt lækkun dollans þyki að mörgu leyti æskileg gæti hún orðið vandamál ef dollarinn tekur að lækka of hratt eða of mikið og ef evran þarf að taka við allri hækkuninni. Vaxtalækkunir á evrusvæðinu hafa að einhverju leyti vegið hér á móti en óvist er með horfurnar ef dollarinn heldur áfram að lækka og hækkinin fellur eingöngu á evruna í stað þess að dreifast á aðra gjaldmiðla.

Óvissuþættirnir virðast því sem fyrir líklegri til að lækka alþjóðlegar hagvaxtarspár en hækka. Hins vegar gæti hagvöxtur einnig orðið meiri en búist er við í Bandaríkjunum þar sem til koma jákvæðir þættir eins og skattalækkunir, viðvarandi framleiðni aukning og endurskipulagning fyrirtækja. Þetta kæmi umheiminum einnig til góða nema hvað viðskiptahalli Bandaríkjanna myndi þá væntanlega aukast. Einnig er hugsanlegt að olíuverð lækki meira en spár gera ráð fyrir.

Uptaka oliugjalds

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að nú í haust verði lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um oliugjald og kílómetragjald. Með frumvarpinu er lagt til að núverandi þungaskattkerfi, sem byggir á lögum nr. 3/1987 um fjóröflun til vegagerðar, verði lagt niður og tekið upp svokallað oliugjald með litun gjaldfrjálsrar dísilolíu. Á undanförmum árum hefur gagnryni á núverandi þungaskattkerfi farið vaxandi enda er kerfið að mörgu leyti mjög erfið í framkvæmd þrátt fyrir fjölmargar lagfæringar á því í gegnum tíðina. Hefur Samkeppnisráð m.a. komist að þeirri niðurstöðu að fast árgjald þungaskatts af dísilbifreiðum brjóti gegn samkeppnislögum.

Veigamestu rök in uptöku oliugjalds, með litun gjaldfrjálsrar olíu, eru þau að með því að tengja gjaldtöku við olíunotkun er verið að beina kaupum og notkun að nýrri og sparneytnari ökutækjum sem gefa frá sér minna magn koltvísýrings. Með uptöku oliugjalds verða dísilknúnar fólksbifreiðar álitlegri kostur fyrir einstaklinga en verið hefur og skattlagning dísil- og bensínbifreiða er samræmd þannig að sömu rekstrarforsendur eiga við hvort sem bifreiðin er dísil- eða bensínbifreið. Uptaka oliugjalds felur í sér að greiðslubyrði eigenda dísilknúnna ökutækja dreifist eðlilega eftir notkun í stað greiðslu á fjögurra eða sex mánaða fresti. Fast árgjaldið raskar verulega samkeppnisstöðu fyrirtækja í flutningum og sendiðilapjónustu. Fyrirtæki geta selt þjónustu léttari ökutækja á lægra verði ef notkun er mikil en fyrirtæki með þyngru ökutækja geta þetta ekki. Uptaka oliugjalds er því vænleg leið til að skapa jafnræði milli dísildrifinna ökutækja í atvinnurekstri

Oliugjaldið yrði í meginatriðum lagt á sömu aðila og þungaskatturinn, þ.e. eigendur skráningarskyldra ökutækja sem knúin eru dísilolíu. Með oliugjaldi er gjaldtaka af dísilbifreiðum og bensínbifreiðum samræmd, þar sem gjaldtakan breytist frá því að vera gjald á eigna kílómetra yfir í gjald á notað eldsneytmagn. Í frumvarpinu verður jafnframt gert ráð fyrir sérstöku kílómetragjaldi á öll ökutækja sem eru yfir 10 tonn, önnur en fólksflutninga-bifreiðar. Með því að viðhalda sérstöku kílómetragjaldi á þyngru bifreiðar er gjaldtakan látin vera í samræmi við þann kostnað sem hlýst af notkun bifreiðarinnar vegna þess slits sem verður á vegakerfinu.


Tekjur ríkissjóðs jan-júlí			Gjöld ríkissjóðs jan-júlí			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-júlí			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003		2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			Handbært fê frá rekstri	-13.733	-15.401	Verðbólga - september	3,1	2,2
Skatttekjur alls	4,0	5,2	Almenn mál	12,9	1,9	Hr. lánsfjárföfnuður	-7.520	1.805	Kjarnaverðb. 1 - september	3,0	2,6
Tekjuskattar	5,4	0,8	Félagsmál	12,7	11,4	Afborgun lána	-19.877	-18.021	Launavísitala - júlí	6,6	5,7
Tryggingagjöld	8,6	9,1	Atvinnumál	5,9	5,6	Br. lánsfjárföfnuður	-32.647	-20.591	Heildarvelta janúar-apríl	11	-1,7
Eignarskattar	-2,2	-15,8	Vaxtagjöld	7,8	-22,3	Lántokur	30.324	24.245	Smá.velta janúar-apríl	7,8	3,3
Veltuskattar	3,1	9,4	Önnur útgjöld	4,0	15,9	Greiðsluafkoma	-2.323	3.654	Atvinnuleysi - ágúst 2003	2,2	2,9
Tekjur alls	6,8	12,2	Gjöld alls	10,7	6,2						

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



25. september 2003

Próun skatttekna 12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til ágúst 2003

Nú liggja fyrir tölur um [greiðsluafkomu ríkissjóðs](#) fyrir fyrstu átta mánuði ársins. Þessar tölur sýna sjóðhreyfingar og eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 18,3 milljarða króna, samanborið við 16,3 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 17 milljarða króna í ár sem er tæpum 10 milljörðum betri staða en í fyrra. Jákvæðari staða skýrist nær alfarið af sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Íslenskum aðalverktökum. Lánsfjárförf ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum ársins 2003 nam 1,3 milljörðum króna samanborið við 9,2 milljarða króna á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu um 170,7 milljörðum króna og hækkuðu um 18 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, eða um 11,8%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkisins í viðskiptabönkunum. Skatttekjur ríkissjóðs námu 146,8 milljörðum króna og hækkuðu um 5,8% frá árinu á undan sem jafngildir um 3,8% raunhækkun. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu um 34,5 milljörðum króna og hækkuðu um 3,9% frá fyrra ári. Innheimta tryggingargjalda nam um 16,5 milljörðum króna og jókst því einnig verulega eða um 10% á milli ára. Þessi aukna innheimta af tekjuskatti einstaklinga og tryggingagjalds endurspeglar hækkingu launa, en launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,5% á sama tíma, auk þess sem hækking tryggingagjaldsins, um ½%, tók gildi í byrjun þessa árs. Innheimta eignaskatta lækkaði hins vegar um 15,5% á milli ára og nam tæpum 5,4 milljörðum króna, enda voru bæði eignaskattar einstaklinga og fyrirtækja lækkaðir um helming á þessu tímabili. Af öðrum tekjulíðum ríkissjóðs má nefna að um 9% aukning var í innheimtu tekna af virðisaukaskatti. Veruleg aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum eða um 54,6% frá fyrra ári, sem stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða. Auk þess jókst innheimta tekna af áfengis- og tóbaksgjaldi um 18,9%, en um þriðjung þeirrar aukningar má rekja til hækkunar á áfengisgjaldi af sterku áfengi og tóbaksgjaldi. Að öllu samanlögðu benda innheimtutölur í ágúst til þess að almenn umsvif í efnahagslífinu séu enn meiri en gert var ráð fyrir í síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá apríl sl.

Greidd gjöld nema 176,9 milljörðum króna og hækka um 11,1 milljarð milli ára. Þar veга tveir málaflokkar þyngst. Greiðslur til almannatrygginga hækka

um 5,1 milljarð og til heilbrigðismála um 4,4 milljarða króna. Innan almannatrygginga munar mestu um 2,6 milljarða hækkingu eilífeyris og örorkubóta, auk þess sem atvinnuleysisbætur hækka um 0,9 milljarða, eða um 40% sem er hlutfallslega mesta einstaka hækkingin milli ára. Innan heilbrigðismála munar mestu um 3,1 milljarðs króna hækkingu til sjúkrahúsa og öldrunarstofnana. Greiðslur til Vegagerðarinnar hækka um 2,5 milljarða og til framhalds- og háskóla um tæpan milljarð. Á móti vegur 3,6 milljarða lækkingu vaxtagreiðslna, einkum þar sem stór flokkur spariskirteina var á gjaldþaga í apríl 2002, auk þess sem greiðslur til rekstrars stjórnsýslunnar lækka um ½ milljarð króna og sambærileg lækking er á framlögum til flugmála. Aðrar breytingar milli ára eru minni.

Lántökur námu 21,8 milljörðum króna en afborganir voru 18,4 milljarðar. Erlend skammtímalán voru greidd niður um 12,4 milljarða króna og spariskirteini um 4,8 milljarða. Á móti vegur aukin lántaka í innlendnum skammtímalánum, eða um 20 milljarða króna. Þá voru greiddir 5 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Stefnumótandi dómur á sviði ríkisaðstoðar

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur um nokkurn tíma haft til skoðunar hvort líta beri á opinberan fjárstuðning við fyrirtæki sem falið er að veita opinbera þjónustu sem tilkynningarskylda ríkisstyrki. Í nýlegum [dómi](#) Evrópuðómstólsins reyndi á þetta á sviði almenningssamgangna. Í niðurstöðu sinni bendir dómstóllinn á að til að um ríkisstyrk sé að ræða verði hinn opinberi fjárstuðningur að fela í sér ívilnun handa viðkomandi fyrirtæki sem það myndi ekki njóta undir venjulegum markaðsforsendum. Að mati dómstólsins er ekki um slíka ívilnun að ræða, og þar af leiðandi ekki ríkisstyrk þegar opinber fjárstuðningur mætir eingöngu þeim kostnaði sem fyrirtækið verður fyrir við að veita hina opinberu þjónustu. Hins vegar setur dómstóllinn fjögur skilyrði fyrir því að ekki sé um ríkisstyrk að ræða. Í fyrsta lagi verður viðkomandi fyrirtæki í raun að hafa með höndum skilgreinda starfsemi sem lýtur opinberum kvöðum (*Public Service Obligation*). Í öðru lagi verður hinn opinberi fjárstuðningur að vera fyrirfram ákveðinn og skilgreindur á gegnsæjan hátt. Í þriðja lagi má fjárstuðningurinn ekki vera meiri en sem nemur kostnaði fyrirtækisins við að veita hina opinbera þjónustu sem því hefur verið falið. Í fjórða lagi verður upphæð hins opinbera fjárstuðnings, sé fyrirtækið ekki valið að undangengnu útbóði, að taka mið af kostnaði sambærilegra fyrirtækja við sambærileg verkefni.

Aðeins að þessum fjórum skilyrðum uppfylltum er hægt að líta svo á að hinn opinberi fjárstuðningur við viðkomandi fyrirtæki feli ekki í sér ívilnun á kostnað annarra fyrirtækja og þar með tilkynningarskyldan ríkisstyrk í skilningi ákvæða Rómarsáttmálans, og sambærilegra ákvæði EES-samningsins, um ríkisstyrki. Búast má við að í kjölfar dómsins muni framkvæmdastjórn ESB gefa út leiðbeinandi reglur eða reglugerð um ríkisstyrki vegna opinberra þjónustu.

[Fréttatilkynning ESB um dóminn er hér.](#)

Fjárlagafrumvarp 2004 og haustskýrsla 2003

Athygli lesenda Fjr.is er vakin á því að fjárlagafrumvarp 2004 og Þjóðarbúskapurinn - haustskýrsla 2003 verða gefin út á vefnum í lok vinnudags 1. október. Prentuð eintök af Þjóðarbúskapnum verður hægt að nálgast á skrifstofu ráðuneytisins í Arnarhvíli en fjárlagafrumvarpinu er dreift með þingskjöllum.

Minnt er á að umsóknarfrestur um námsstyrk fjármálaráðuneytisins rennur út 1. október næstkomandi.

Tekjur ríkissjóðs jan-ágúst			Gjöld ríkissjóðs jan-ágúst			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-ágúst			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	4,4	5,8	Almenn mál	20,1	0,0	Handbært fé frá rekstri	-16.314	-18.309	Verðbólga - september	3,1	2,2
Tekjuskattar	4,5	1,2	Félagsmál	12,6	11,2	Hr. lánsfjárföfnuður	-9.220	-1.327	Kjarnaverb. 1 - september	3,0	2,6
Tryggingagjöld	9,2	10,0	Atvinnumál	2,6	9,7	Afborgun lána	-22.122	-18.437	Launavísitala - ágúst	6,0	5,7
Eignarskattar	-2,8	-15,5	Vaxtagjöld	5,2	-23,2	Br. lánsfjárföfnuður	-37.343	-24.764	Heildarvelta janúar-júní	7,0	-0,2
Veltuskattar	4,1	9,8	Önnur útgjöld	3,6	14,9	Lántökur	32.171	21.828	Smá.velta janúar-júní	6,6	2,3
Tekjur alls	6,8	11,8	Gjöld alls	10,6	6,7	Greiðsluafkoma	-5.172	-2.936	Atvinnuleysi - ágúst 2003	2,2	2,9



2. október 2003

Helstu niðurstöður nýrrar þjóðhagsspár

Í gær var birt – í ritinu Þjóðarþúskaðurinn – Haustskýrsla 2003 - ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins fyrir árin 2003-2005. Jafnframt voru þar birtir framreikningar um horfur í efnahagsmálum fram til ársins 2010 meðal annars á grundvelli stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar til loka kjörtímabilsins sem nánar er kynnt í fjárlagafrumvarpi og þjóðhagsáætlun. Helstu niðurstöður spárinnar eru:

- Horfur eru á umtalsverðum hagvexti hér á landi á næstu árum. Hagvöxtur verður þó minni en fyrri spá ráðuneytisins gerði ráð fyrir sem einkum má rekja til þess að ekki er lengur reiknað með stækkun Norðurlás á Grundartanga. Aukið aðhald í ríkisfjármálum og frestun framkvæmda stuðlar að lægri vöxtum en ella, skapar svigrúm til skattalækkana og tryggir áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum.
- Helstu uppsprettur hagvaxtar eru annars vegar stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi og hins vegar umtalsverð kaupmáttaraukning heimilanna sem leiðir til aukinna neyslu- og fjárfestingarútgjalda. Á móti vegur að talsverður hluti aukinna þjóðarútgjalda stafar af kaupum á innfluttum vörum og viðskiptahalli fer því vaxandi á næstu árum. Verulega hægir á hagvexti þegar framkvæmdunum lýkur en á móti vega áhrif skattalækkana og aukinna framkvæmda á vegum ríkisins.
- Þrátt fyrir verulega aukin efnahagsumsvif helst verðbólga tiltölulega stöðug næstu ár þótt hún geti aukist tímabundið þegar framkvæmdir standa sem hæst. Aukið aðhald í ríkisfjármálum skiptir hér miklu máli auk þess sem gert er ráð fyrir að aðhald í peningamálum verði aukið.
- Áhrif uppsveiflunnar í efnahagslífinu endurspeglast í þróun launa á almenna markaðnum. Þannig má búast við að launabreytingar verði heldur meiri þegar framkvæmdirnar eru í hámarki. Jafnframt verður atvinnuleysi hverfandi. Kaupmáttur heimilanna mun því halda áfram að vaxa á næstu árum.
- Afkoma ríkissjóðs styrkist samhlíða auknum umsvifum í efnahagslífinu. Gert er ráð fyrir umtalsverðum afgangi á ríkissjóði þegar framkvæmdirnar standa sem hæst þrátt fyrir áformaðar skattalækkningar. Þegar framkvæmdum lýkur má þó búast við nokkrum halla meðal annars vegna aukinna fjárfestingaútgjalda. Stækkun Norðurlás myndi hins vegar gjörbreyta þessum horfum.
- Mikilvægasta verkefni hagstjórnar á næstu árum er að stefna í ríkisfjármálum hamlu gegn innlendra eftirspurn. Hér skiptir mestu máli frestun framkvæmda og aðhald í almennum ríkisrekstri.

Langtímaáætlun í ríkisfjármálum

Á undanförmum árum hefur stefnumörkun stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum í vaxandi mæli horft til lengri tíma en eins árs í senn. Slík stefnumörkun gefur færi á meiri yfirsýn yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum, rennir traustari stöðum undir hagstjórn, styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika. Ríkisstjórnin hefur samþykkt eftirfarandi markmið í ríkisfjármálum til loka kjörtímabilsins:

- Afgangur á ríkissjóði verði ekki undir 1¼% af landsframleiðslu á árinu 2005 og 1% árið 2006.
- Framkvæmdir ríkisins lækki um 5 milljarða króna á árunum 2005 og 2006 en verði auknar um sömu fjárhæð 2007 og 2008.
- Árlegur vöxtur samneyslu á árunum 2005-2007 verði ekki umfram 2% að raungildi. Þar verði meðal annars miðað við að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram laun í samkeppnisgreinum.
- Árleg hækkun tilfærsluútgjalda verði ekki umfram 2½% að raungildi.
- Á árunum 2005-2007 verði um 20 milljörðum króna varið til skattalækkana og allt að 3 milljörðum króna til tiltekinnar verkefna, s.s. til hækkunar barnabóta.

Þessi stefnumörkun miðar að því að draga úr þensluáhrifum á árunum 2004-

2006 og vinna á móti niðursveiflunni árið 2007. Meginniðurstæða langtímaáætlunar er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmdanna. Á árunum 2004-2006 eru horfur á umtalsverðum hagvexti. Árið 2007 hægir hins vegar talsvert á en á móti vega þá áhrif aukinna framkvæmda á vegum ríkisins. Mikill innflutningur vegna framkvæmdanna leiðir óhjákvæmilega til nokkurs halla á viðskiptum við útlönd en verulega dregur úr honum þegar framkvæmdum lýkur og áluftlutningur nýrrar verksmiðju segir til sín. Búast má við að verðbólga aukist tímabundið þegar framkvæmdirnar eru í hámarki en lækki aftur þegar þeim er lokið. Kaupmáttur mun aukast verulega og atvinnuleysi verður hverfandi allt tímabilið. Gert er ráð fyrir umtalsverðum afgangi á ríkissjóði þegar framkvæmdirnar eru í hámarki þrátt fyrir áformaðar skattalækkningar. Jafnframt lækka skuldir ríkissjóðs. Þegar framkvæmdum lýkur má búast við nokkrum halla meðal annars vegna aukinna útgjalda til framkvæmda.

Helstu þjóðhagsstærðir	Spá	Spá	Niðurstöður langtímaáætlunar		
	2003	2004	2005	2006	2007
Magnbreytingar, %					
Einkaneysla	3¼	3½	5	3¼	3
Samneysla	3½	1	2	2	2
Fjárfesting	7¼	8½	16½	6	-19¼
Þjóðarútgjöld alls	4¼	4	7	4	-2¼
Útflutningur vöru og þjónustu	-½	4½	3	2½	11½
Innflutningur vöru og þjónustu	5¼	5¼	6¼	4¼	1¼
Landsframleiðsla	1¼	3½	5¼	3¼	¼
Framleiðsluspenna, % af mögulegri VLF	-1¼	-½	1¼	1¼	0
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-2½	-3¼	-4¼	-5¼	-3¼
Kerfisafkoma ríkissjóðs, % af VLF	-½	¼	1¼	½	-¾
Tekju- og verðlagsbreytingar, %					
Ráðstöfunartekjur á mann	3½	5	7	6	4½
Launabreytingar	5	5	7	4½	3½
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1½	2½	4	2¼	1¼
Visitale neysluverðs	2	2½	3	3	2½
Gengisvisitale, stig	124	125	127	128	129
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	3¼	2½	2	½	3

Helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps 2004

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 6,4 milljarðar króna. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 endurspeglar aukin umsvif í efnahagslífinu enda skýr merki um að uppsveifla sé hafin og að framundan sé tímabil aukins hagvaxtar. Talið er að skatttekjur ríkissjóðs geti numið rúmlega 252 milljörðum króna eða 6% meira en árið 2003. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar lítilliga samhlíða auknum hagvexti, eða úr 29,2% í 29,3%. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar geta numið tæplega 279½ milljarði króna og hækka mun minna milli ára enda er ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna á árinu 2004.

Heildarútgjöld ríkissjóðs fyrir árið 2004 eru áætluð 273 milljarðar króna og hækka um 2 milljarða frá endurskoðaðri áætlun yfirstandandi árs, eða um tæplega 1%. Útgjöldin lækka því að raungildi milli ára um 1½%. Hlutfall útgjalda af landsframleiðslu lækkar umtalsvert milli ára, eða úr 33,3% 2003 í 31,7% 2004. Þessa lækkingu má rekja til sérstakra aðhaldsaðgerða ríkisstjórnarinnar þar sem haldið er aftur af nýjum verkefnum, framkvæmdum frestað o.fl. Samtals nema aðhaldsaðgerðir á útgjaldahlíð 3,7 milljörðum króna. Þar af lækka rekstrarútgjöld um rúmlega 700 m.kr., tilfærsluútgjöld um 1.500 m.kr. og stofnkostnaður um tæplega 1.500 m.kr. Rekstrargjöld standa nánast í stað eða lækka lítilliga að raungildi. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka hins vegar um tæplega 4% milli ára sem nær alfarið má rekja til samkeppingarsviks ríkisins við eldri borgara um sérstaka hækkun á almannatryggingum.

Tekjur ríkissjóðs jan-ágúst			Gjöld ríkissjóðs jan-ágúst			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-ágúst			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003		2002	2003		2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			M.kr.			12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,4	5,8	Almenn mál	20,1	0,0	Handbært fé frá rekstri	-16.314	-18.309	Verðbólga - september	3,1	2,2
Tekjuskattar	4,5	1,2	Félagsmál	12,6	11,2	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-9.220	-1.327	Kjarnaverb. 1- september	3,0	2,6
Tryggingagjöld	9,2	10,0	Atvinnumál	2,6	9,7	Afborgun lána	-22.122	-18.437	Launavísitala - ágúst	6,0	5,7
Eignarskattar	-2,8	-15,5	Vaxtagjöld	5,2	-23,2	Br. lánsfjárfjöfnuður	-37.343	-24.764	Heildarvelta janúar-júní	7,0	-0,2
Veltuskattar	4,1	9,8	Önnur útgjöld	3,6	14,9	Lántökur	32.171	21.828	Smá. velta janúar-júní	6,6	2,3
Tekjur alls	6,8	11,8	Gjöld alls	10,6	6,7	Greiddsluafkoma	-5.172	-2.936	Atvinnuleysi - ágúst 2003	2,2	2,9

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



9. október 2003


Áætlun um innflutning í september

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts benda til þess að almennur vöruinnflutningur í september hafi verið með mesta móti og stefni í að verða annar mesti innflutningsmánuðurinn það sem af er árinu, eða næst á eftir júlímánuði. Samkvæmt þessum tölum er áætlað að innflutningur í september, án skipa og flugvéla, hafi verið um 18½ milljarður króna. Þetta er svipaður innflutningur og í september 2000, reiknað á föstu verðlagi, en það ár var mesta innflutningsár síðustu ára eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Innflutningur fyrstu átta mánuði ársins jókst að magni til um tæp 7% frá fyrra ári samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Þessi aukning stafar annars vegar af auknum innflutningi fjárfestingavara til atvinnurekstrar, einkum vegna stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi, og hins vegar vegna aukins innflutnings á neysluvörum, einkum ökutækjum og varanlegum neysluvörum, meðal annars heimilistækjum.

Fljótt á litið gætu þessar tölur bent til þess að nýbirt spá fjármálaráðuneytisins um að vöruskiptajöfnuður verði í jafnvægi í árslok sé of bjartsýn. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að innflutningur vegna stóriðjuframkvæmdanna er að mestu yfirstaðinn á þessu ári. Ennfremur hefur gengi íslensku krónunnar veikst frá því sem var á fyrri helmingi ársins sem ætti að draga úr innflutningi og örva útflutning. Hvort tveggja ætti að stuðla að auknu jafnvægi í vöruviðskiptum á síðari hluta ársins 2003.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirk



Fiskafli til septemberloka

Heildarafli í ágúst mánuði var 135,5 þúsund tonn en var í ágúst í fyrra 92,5 þúsund tonn skv. upplýsingum frá Fiskistofu. Þessi munur stafar einkum af meiri kolmunnaaflla en einnig veiddist nokkrum meira af þorski, ýsu og ufsa. Sjávarafurðir voru fluttar út fyrir um 76 milljarða króna fyrstu átta mánuði ársins. Útflutningsframleiðslan dróst saman um rúm 2% að magni frá sama tímabili í fyrra skv. upplýsingum frá Hagstofunni, verðmæti dróst þó meira saman eða um tæp 14% þar sem meðalgengi krónunnar miðað við gengisskráningarvarg hefur styrkst um 8,5% milli þessara tímabila. Verðvísitala sjávarafurða í SDR hefur aftur á móti aðeins hækkað eða um ½%.

Samkvæmt aflastöðulista Fiskistofu um mánaðamótin september/október virðist aflur almennt nokkru minni í september nú en í fyrra enda var tíðarfar frekar erfitt. Taka verður tillit til aflastöðulista með nokkrum fyrirvara því þótt þær séu uppfærðar daglega getur dregist að færa inn tölur eða þær verði leiðréttar síðar og einnig getur vantað uppgjör frá frystitögurum. Samkvæmt þessum tölum virðist samanlagður aflur þorsks, ýsu, ufsa og karfa í september vera um 5 þúsund tonnum minni en í september í fyrra. Kolmunnaafllinn var aftur á móti kominn í 365 þúsund tonn um síðustu mánaðarmót en hann var

allt síðasta ár 286 þúsund tonn. Búið er að veíða svo til allar aflaheimildir í norsk-íslensku síldinni og veiðar á úthafskarfa glæddust örlítið aftur í september og er þeim nú lokið. Ekki náðist að veíða allan kvótann, sennilega hafa veíðst milli 47-49 þúsund tonn en endanlegar tölur hafa ekki verið birtar. Þetta er nokkru minni úthafskarfaafli en gert var ráð fyrir í aflspá fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2003. Ekki er búið að veíða nema um fjórðung af leyfilegum rækjuafli á Flæmingjagrunni en aflur fyrstu átta mánuði ársins er um 17% minni nú en í fyrra, aflaheimildir eru aftur á móti 50% meiri.


Í síðustu spá fjármálaráðuneytisins, sem birtist í októberskýrslu Þjóðarbúskaparins, er gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða árið 2003 dragist saman um 2% frá fyrra ári. Framangreindar tölur, annars vegar um afla og útflutningsframleiðslu í ágúst og hins vegar vísbendingar um afla í september, sem ekki voru tiltækar þegar aflabrógð og framleiðsla ársins var áætluð gefa ekki tilefni til breytinga á þeirri spá.

Ný Gallup-könnun um væntingar stjórnenda fyrirtækja

Fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn hófu samstarf við IMG Gallup á síðasta ári um gerð reglulegra athugana á stöðu og framtíðarhorfum 400 stærstu fyrirtækja landsins og mat stjórnenda þeirra á almennum efnahagshorfum. Nú liggja fyrir niðurstöður úr þriðju könnuninni en hún var framkvæmd í septembarmánuði.

Almennt telja forráðamenn fyrirtækjanna að aðstæður í efnahagslífinu í dag séu góðar eða um 60% af þeim er tóku afstöðu en aðeins 4% aðspurðra töldu að aðstæður væru slæmar. Er þetta mikil umskipti frá síðustu könnun er framkvæmd var í febrúarmánuði en þá töldu um 38% aðspurðra efnahagsaðstæður vera góðar og 20% þær vera slæmar. Þessi þróun er mjög í takt við breyttar horfur um framvindu efnahagsmála, meðal annars vegna álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.

Vísitala efnahagslífsins



Þegar litið er sex mánuði fram í tímann gæti einnig aukinnar bjartsýni frá fyrri könnunum en aðeins 2,7% telja að aðstæður verði verri eftir 6 mánuði en um 10% héldu því fram í febrúarkönnuninni. Hins vegar eru forráðamenn fyrirtækjanna ekki eins bjartsýnir á aðstæður í efnahagslífinu þegar litið er eitt ár fram í tímann þar sem tæplega 60% aðspurðra telja að aðstæður í efnahagslífinu verði betri eftir tólf mánuði samanborið við 75% í síðustu könnun. Þó telja mun fleiri nú en áður að aðstæður verði óbreyttar eftir tólf mánuði eða um 34% en í febrúar var þetta hlutfall um 18%. Þessi breyttu viðhorf má ef til vill rekja til þess að þegar febrúarkönnunin var framkvæmd virtust meiri líkur á framkvæmd við stækkun Norðurlás. Nú virðist að þær framkvæmdir muni frestast um óákveðin tíma. Svipaður fjöldi og áður taldi að aðstæður eftir tólf mánuði myndu versna eða 7% og voru það helst sjávarútvegsfyrirtækin er töldu að efnahagsaðstæður yrðu nokkuð verri að ári liðnu.

Tekjur ríkissjóðs jan-ágúst			Gjöld ríkissjóðs jan-ágúst			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-ágúst			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	4,4	5,8	Almenn mál	20,1	0,0	Handbært fé frá rekstri	-16.314	-18.309	Verðbólga - september	3,1	2,2
Tekjuskattar	4,5	1,2	Félagsmál	12,6	11,2	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-9.220	-1.327	Kjarnaverb. 1- september	3,0	2,6
Tryggingagjöld	9,2	10,0	Atvinnumál	2,6	9,7	Afborgun lána	-22.122	-18.437	Launavísitala - ágúst	6,0	5,7
Eignarskattar	-2,8	-15,5	Vaxtagjöld	5,2	-23,2	Br. lánsfjárfjöfnuður	-37.343	-24.764	Heildarvelta janúar-júni	7,0	-0,2
Veltuskattar	4,1	9,8	Önnur útgjöld	3,6	14,9	Lántökur	32.171	21.828	Smá. velta janúar-júni	6,6	2,3
Tekjur alls	6,8	11,8	Gjöld alls	10,6	6,7	Greiðsluafkoma	-5.172	-2.936	Atvinnuleysi - ágúst 2003	2,2	2,9



16. október 2003

Er nægilegt aðhald í ríkisfjármálum?

Nokkur umræða hefur orðið um hvaða áhrif hagstjórnaráform stjórnvalda eins og þau birtast í fjárlagafrumvarpi og nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins muni hafa á framvindu efnahagsmála næstu misseri. Óvenju mikið er í húfi þar sem framundan eru miklar stórnjúfrákvæmdir sem gera miklar kröfur til hagstjórnar.

Óhætt er að segja að markmiðssetning stjórnvalda í efnahagsmálum taki mið af þessari stöðu. Þannig er nú í fyrsta skipti lögð fram sundurliðuð áætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í ríkisfjármálum til nokkurra ára í senn til að freista þess að tryggja efnahagsstöðugleikann. Þar er gert ráð fyrir að gripid verði til sérstakra aðgerða til að halda aftur af vexti samneyslu- og tilfærsluútgjalda auk þess sem dregið verði úr opinberum framkvæmdum.

Mikilvægasta verkefni hagstjórnar á næstu árum er að tryggja framgang þessarar aðhaldsstefnu. Þótt flestir markaðsaðilar virðist sammála um þessi meginmarkmið hafa þeir haldið því fram að stefnan sé ekki nógu aðhaldssöm og að of mikið verði lagt á stjórn peningamála.

Að mati fjármálaráðuneytisins er þessi gagnrýni óréttmæt. Hún kann hins vegar að endurspegla nokkuð mismunandi sýn á það hvernig hagstjórnarblandan eigi að vera. Hvort þunginn í hagstjórninni eigi að hvíla á stjórn ríkisfjármála eða peningamála? Svarið við þessari spurningu er ekki einhlítt eins og sést best af því að í skýrslu OECD sem gefin var út í aprílmánuði sl. var lögð áhersla á að stjórn peningamála ætti að vera í lykilhlutverki en í áliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem birt var mánuði síðar kom fram sú skoðun að ríkisfjármálin ættu að vera í aðalhlutverki.

Það sem skiptir hér mestu máli er hvaða áhrif sú stefna sem boðuð er í fjárlagafrumvarpinu hefur á helstu hagstærðir, svo sem verðbólgu, laun, kaupmátt heimila, viðskiptajöfnuð og hagvöxt. Samkvæmt áætlunum fjármálaráðuneytisins virðast allir þessir mælikvarðar staðfesta ásætlanlegt jafnvægi í efnahagsmálum á næstu árum að teknu tilliti til þeirra stórfamkvæmda sem framundan eru. Þetta eru hinir raunverulegu mælikvarðar á það hvort aðhaldið í ríkisfjármálum er nægilegt eða ekki.

Það er óraunhæft að ætla að íslenskt efnahagslíf geti gengið í gegnum svo mikið framkvæmdatímabil án þess að vaxtagildi breytist og í rauninni er beinlínis æskilegt að beita peningamálastjórninni með þeim hætti að hún haldi gegn innlendri eftirspurn á þessu tímabili. Rétt er að benda á að í þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir að stýrivextir Seðlabanka kunni að hækka um allt að 2½% frá því sem nú er, eða í tæplega 8% þegar framkvæmdirnar standa sem hæst. Til samanburðar má nefna að stýrivextirnir voru á bilinu 11-12% á árinu 2001.

Mikilvægt er að hagstjórnin verði sveigjanleg og taki mið af aðstæðum hverju sinni. Jafnframt þarf að hafa í huga að hér er verið að horfa til þróunar efnahagsmála á næstu 3-4 árum. Á þessari stundu er ógerningur að segja nákvæmlega fyrir um hvernig hagstjórnin á að vera á þeim tíma. Til þess er óvissan einfaldlega of mikil.

Flugvallagjöld fyrir EFTA-dómstólum.

Á morgun fer fram málflytingur fyrir EFTA-dómstólum í máli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á hendur íslenska ríkinu um réttmæti mismunar á flugvallagjöldum. Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjárflytningu til flugmála, skal flugvallagjald vera 1.250 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa en 165 kr. fyrir farþega sem ferðast innanlands. ESA hafði áður gefið út rökstutt álít þar sem stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd skattlagning standist ekki 36. gr. EES-samningsins þar sem kveðið er á um að engin höft skuli vera á frelsi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila. Að mati ESA er með flugvallagjöldunum ólögmaeta mismunur að ræða þar sem hún hefur það í för með sér að erfiðara er að veita flugþjónustu milli aðildaríkja EES en innanlands. Í raun lítur ESA

svo á að innan EES sé óheimilt að greina á milli innanlands- og millilandsflugs ef það hafi í för með sér að frelsi til að veita flugþjónustu sé á einhvern hátt skert. Styðst ESA m.a. við dómfordæmi frá Evrópuðómstólum.

Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að ekki sé um brot á EES-samningnum að ræða. Grundvallaratriði málsins sé að hvorki er um sambærilega markaði né sambærilega þjónustu að ræða þegar innanlandsflugið og millilandaflugið hér á landi er borið saman. Engin samkeppni sé til staðar milli þessara aðskildu markaða, m.a. þar sem enginn flugrekandi veitir flugþjónustu á báðum mörkuðum. Þjónustustigið sé afar ólíkt og að sama skapi kostnaðurinn við að veita þjónustuna. Flugvallagjaldið sé auk þess hlutlaust hvað varðar þjóðerni viðkomandi flugrekanda. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt haldið því fram að hlutlegar ástæður séu til staðar sem réttlæta mismuninn þar sem í fyrsta lagi sé skatturinn í eðlilegu hlutfalli við þann kostnað sem fellur til við að veita viðkomandi þjónustu og í öðru lagi beri að hafa hljóðing af viðurkenndri samfélagslegri nauðsyn þess að halda uppi lágmarks flugsamgöngum til afskekklra svæða. Búist er við að niðurstaða EFTA-dómstólsins liggja fyrir í desember.

Bjartari horfur á vinnumarkaði

Eins og fram kom í síðasta vefriti liggja nú fyrir niðurstöður úr þriðju könnun Gallup fyrir fjármálaráðuneytið og Seðlabankann um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja. Í þessari könnun voru stjórnendur meðal annars spurðir um áætlanir þeirra varðandi starfsmannafjölda í eigin rekstri. Þar kemur fram að fleiri fyrirtæki ætla að bæta við starfsmönnum á næstu sex mánuðum en í fyrri könnunum eða um 27% aðspurðar en á sama tíma í fyrri var hlutfallið 17%. Um 14% fyrirtækja ætla að fækka fólki sem er mun lægra hlutfall en áður.

Í fyrri könnunum hefur verið mikill munur á fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar, þar sem fjöldi fyrirtækja sem ætla að fjölga starfsfólki hefur verið meiri eða svipaður og fjöldi fyrirtækja sem ætla að fækka fólki, og á landsbyggðinni hins vegar þar sem mun fleiri fyrirtæki hafa ætlað að fækka fólki en fjölga. Nú breður aftur á móti svo við að mun fleiri fyrirtæki á landsbyggðinni ætla að fjölga fólki en fækka á næstu sex mánuðum eða um 30% þeirra og er hlutfallið því hærra en á höfuðborgarsvæðinu. Um 15% fyrirtækja á landsbyggðinni ætla að fækka fólki.

Nokkur munur er á væntingum stjórnenda eftir atvinnugreinum. Samkvæmt könnuninni er það einkum fjármála- og tryggingageirinn auk fyrirtækja í ráðgjöf og þjónustu sem ætla að fjölga starfsmönnum en í öllum atvinnugreinum eru það þó fleiri fyrirtæki sem reikna með að fjölga fólki en fækka. Breytingin er einkum mikil í sjávarútvegsgeiranum þar sem fjöldi fyrirtækja sem ætlaði að fækka fólki hefur verið miklu meiri en þeirra sem ætlaði að fjölga í báðum fyrri könnunum og skýrir þessi viðsúningur ef til vill að einhverju leyti betri stöðu landsbyggðarinnar nú.

Þá voru fyrirtækin spurð um heildarstarfsmannafjölda um mitt ár og áætlanir þeirra um fjölda starfsmanna um næstu áramót og um mitt næsta ár. Ef einngöngu eru tekin með svör fyrirtækja sem svara öllum spurningunum kemur í ljós að fyrirtækin gera ráð fyrir að starfsmönnum fækki um 3½% frá miðju ári til ársloka 2003 en fjölgi um 5½% frá áramótum fram á mitt næsta ár.

Breytt framsetning helstu hagtalna

Vakin er athygli á nýrri framsetningu [Lýkiltalna um efnahags- og ríkisfjármál](#) á vefsíðu fjármálaráðuneytisins. Þar eru birtar helstu tölur úr fjárlagafrumvarpi og þjóðhagsspánni nema hvað tölurnar ná yfir lengra tímabil. Jafnframt eru þar birtar helstu hagtölur um íslenskt efnahagslíf á myndrænu formi ásamt þeim talnalegu upplýsingum sem þar eru lagðar til grundvallar. Sambærilegar upplýsingar verða birtar á enski vefsíðu ráðuneytisins á næstu 2-3 vikum.

Tekjur ríkissjóðs jan-ágúst			Gjöld ríkissjóðs jan-ágúst			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-ágúst			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003		2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			Handbært fé frá rekstri	-16.314	-18.309	12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,4	5,8	Almenn mál	20,1	0,0	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-9.220	-1.327	Verðbólga - október	2,9	2,2
Tekjuskattar	4,5	1,2	Félagsmál	12,6	11,2	Afborgun lána	-22.122	-18.437	Kjarnaverb. I - október	3,8	2,9
Tryggingagjöld	9,2	10,0	Atvinnumál	2,6	9,7	Br. lánsfjárfjöfnuður	-37.343	-24.764	Launavísitala - ágúst	6,0	5,7
Eignarskattar	-2,8	-15,5	Vaxtagjöld	5,2	-23,2	Lántokur	32.171	21.828	Heildarvelta janúar-júni	7,0	-0,2
Veltuskattar	4,1	9,8	Önnur útgjöld	3,6	14,9	Greiðsluafkoma	-5.172	-2.936	Smá velta janúar-júni	6,6	2,3
Tekjur alls	6,8	11,8	Gjöld alls	10,6	6,7				Atvinnuleysi - sept. 2003	2,2	2,7

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



23. október 2003

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins. Uppgjörð hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er því ekki samanburðarhæft við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 20,6 milljarða króna samanborið við 19,6 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 19,5 milljarða króna í ár sem er tæpum 13 milljörðum króna betri staða en í fyrra. Þar munar mestu um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Íslenskum aðalverktökum, en innstreymi vegna hlutfjárfsölu nam um 12 milljörðum króna. Lánsfjárförf ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 2003 nam því aðeins 1,1 milljarði króna samanborið við 12,9 milljarða króna lánsfjárförf á sama tíma í fyrra. Þessi niðurstaða er í fullu samræmi við áætlanir fjármálaráðuneytisins sem birtust í fjárlagagáfrumvarpi fyrir árið 2003 sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Heildartekjur ríkissjóðs til septemberloka námu 187,3 milljörðum króna og hækkuðu um 19,3 milljarða frá fyrra ári, eða um 11,5%. Skatttekjur ríkissjóðs hækkuðu mun minna eða um 6,5% frá árinu á undan sem jafngildir um 4,5% raunhækkun. Þessi munur skýrist alfarið af auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkissjóðs. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu um 39,4 milljörðum króna og hækkuðu um 5% frá fyrra ári. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 5,6% á sama tímabili. Munurinn stafar meðal annars af áhrifum aukins séreignasparnaðar sem er skattfrjálst auk þess sem laun ýmissa starfstétta sem ekki eru með í launavísitölunni, svo sem sjómanna o.fl., hafa hækkað minna. Innheimta tryggingagjalda nam tæpum 18,7 milljörðum króna og jókst um 10,9% á milli ára. Þessi aukna innheimta endurspeglar annars vegar almennar launahækkningar og hins vegar hækkun tryggingagjaldsins um ½% sem tók gildi í byrjun þessa árs. Innheimta eignarskatta lækkaði hins vegar um 15,9% frá fyrra ári enda voru eignarskattar jafnt fyrirtækja sem einstaklinga lækkaðir um meira en helming á þessu ári. Innheimta tekjuskatts fyrirtækja lækkaði einnig verulega eða um 26,3% en hér ber að hafa í huga að tekjuskattshlutfallið var lækkað um 40% á þessu tímabili. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs hækkaði á hinn bóginn um 10,9% á milli ára eða sem nemur 8,8% að raungildi. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að talsverð aukning varð í innheimtu vörugjalda af bifreiðum sem stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða. Mesta breytingin var hins vegar sú að tekjur af sölu eigna hækkuðu um 8,7 milljarða króna milli ára eins og áður kom fram.

Greidd gjöld nema 195,9 milljörðum króna og hækka um 11,5 milljarða frá fyrra ári, eða um 6,2%. Veigamestu útgjöldin eru til félagsmála, eða 125,7 milljarðar, en þau vega 64% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála, sem nema 51,4 milljörðum króna og hækka um 5,1 milljarð króna frá fyrra ári. Þá nema greiðslur til almannatrygginga um 41,3 milljörðum og hækka um 5,4 milljarða króna. Greiðslur til atvinnamála eru 28,7 milljarðar og hækka um 1,4 milljarða frá fyrra ári. Á móti vegur að vaxtagreiðslur lækka um 4 milljarða króna, eða sem nemur rúmlega 24% milli ára. Stór flokkur spariskírteina var á gjaldþaga í apríl í fyrra og skýrir það lækkan vaxtagreiðslna.


Nokkrar staðreyndir um útgjaldapróun ríkisins

Því hefur verið haldið fram að útgjöld ríkissjóðs hafi stóruakist undanfarin ár. Í þessum samanburði hafa menn fallið í þá gryfju að gleyma þeim grundvallarbreytingum sem gerðar voru á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings frá og með árinu 1998. Sé tekið tillit til þessarar breytingar er staðreyndin hins vegar sú að hlutfall útgjalda af landsframleiðslu hefur haldist óbreytt frá árinu 1998 og mun samkvæmt fjárlagagáfrumvarpinu lækka um 1½% árið 2004.

Reikningshaldi ríkisins var gjörbreytt frá og með fjárlögum fyrir árið 1998 sem leiddi til þess að útgjöld og tekjur ríkissjóðs hækkuðu verulega í krónutölu frá fyrri framsetningu. Þannig voru barnabætur, vaxtabætur, sóknar- og kirkjugarðsgjöld og afskriftir skattkrafna fluttar á útgjaldahlíð ríkissjóðs en höfðu áður verið dregnar frá tekjuhliðinni. Ennfremur voru sértekjur ýmissa stofnana sem áður komu til lækkunar á gjaldahlíð flokkaðar sem ríkistekjur auk þess sem skilgreining á ríkinu var útvíkuð. Á verðlagi ársins 2003 leiddu þessar breytingar til um 60 milljarða króna hækkunar bókfærðra útgjalda ríkisins milli 1997 og 1998.

Þegar ríkisútgjöldin eru færð á fast verðlag með viðeigandi samsettu vísitölu fyrir samneyslu, fjármunamyndun o.s.frv. er útkoman sú að raunaukningin samkvæmt framsetningu ríkisreiknings reynist vera 8,6 milljarðar króna frá 1998 til 2004, eða um 3% yfir tímabilið. Vöxtur landsframleiðslu var um 18% á sama tíma. Önnur nálgun er að skoða heildarútgjöldin samkvæmt ríkisreikningi í hlutfalli við landsframleiðslu. Útgjöldin voru 33,3% af landsframleiðslu árið 1998, eru áætluð 33,2% á þessu ári og áformað er að þau verði 31,7% á næsta ári. Útgjöld næsta árs samkvæmt núverandi reikningshaldi ríkisins lækka þannig um 1½% af landsframleiðslu frá 1998.

Skatttekjur í OECD-ríkjunum 2002 % af VLF



Skatttekjur í OECD-ríkjunum

Í nýttkominni skýrslu OECD, [Revenue Statistics](#), er fjallað um þróun skattgreiðslna ríkis og sveitarfélaga síðustu ár. Þar sést meðal annars að töluverður munur er á skatthlutföllum eftir löndum. Hæstu skatthlutföllin er að finna í Svíþjóð og Danmörku þar sem hlutfallið er um 50% af landsframleiðslu. Engar umtalsverðar breytingar hafa hins vegar orðið á stöðu Íslands í þessum samanburði. Þannig er skattbyrði hér á landi áfram langt undir hinum Norðurlöndunum og nokkuð undir meðaltali Evrópuríkja OECD, að ekki sé minnst á Evrópusambandið.

Rétt er að hafa nokkum fyrirvara á slíkum samanburði milli landa þar sem einungis er horft til eins árs. Að sumu leyti er eðlilegra að horfa til nokkurra ára í senn. Ekki síst þar sem helstu ástæður fyrir breytingum á skattbyrði tengjast hagsveiflunni, auk vitaskuld beinna skattbreytinga. Rétt eins og mikill hagsvöxtur hefur í för með sér aukinn hagnað fyrirtækja hefur slaki í efnahagslífinu öfug áhrif. Sama gildir um tekjuskatt einstaklinga og almenna veltuskatta.

Tekjur ríkissjóðs jan-september			Gjöld ríkissjóðs jan-september			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-september			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003		2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			Handbært fé frá rekstri	-19.598	-20.577	12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	3,9	6,5	Almenn mál	20,7	-0,7	Hr. lánsfjárföfnuður	-12.850	-1.110	Verðbólga - október	2,9	2,2
Tekjuskattar	3,0	2,2	Félagsmál	13,5	11,7	Afborgun lána	-22.698	-19.498	Kjarnaverb. I - október	3,8	2,9
Tryggingagjöld	8,5	10,9	Atvinnumál	3,8	5,2	Br. lánsfjárföfnuður	-42.298	-26.233	Launavísitala - september	5,8	5,6
Eignarskattar	-2,2	-15,9	Vaxtagjöld	7,3	-24,1	Lántökur	50.238	31.467	Heildarvelta janúar-júní	7,0	-0,2
Veltuskattar	4,1	10,4	Önnur útgjöld	3,9	13,2	Greiðsluafkoma	7.940	5.234	Smá velta janúar-júní	6,6	2,3
Tekjur alls	6,2	11,5	Gjöld alls	11,6	6,2				Atvinnuleysi - sept. 2003	2,2	2,7



30. október 2003

Áform og væntingar stjórnenda íslenskra fyrirtækja


Stjórnendur íslenskra fyrirtækja telja að aðstæður í íslensku efnahagslífi séu mjög góðar um þessar mundir ef marka má niðurstöður þriðju könnunar IMG Gallup fyrir fjármálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands. Könnunin náði til 400 veltuhæstu fyrirtækja landsins og var svarhlutfallið um 80%. Í könnuninni voru stjórnendur fyrirtækjanna einnig spurðir um væntingar og áform í sínum eigin rekstri á næstu misserum.

Rúmlega helmingur fyrirtækja telur að velta muni aukast í ár frá fyrra ári. Bjartsynust eru fyrirtæki innan fjármála- og tryggingageirans en 75% þeirra telja að velta þeirra muni aukast í ár og ekkert telur að veltan muni minnka. Hins vegar telja 45% sjávarútvegsfyrirtækja að veltan verði minni í ár en í fyrra sem er þó lægra hlutfall en í febrúarkönnuninni en þá töldu 53% að veltan yrði minni í ár. Um fimmtungur sjávarútvegsfyrirtækja telur að veltan verði meiri í ár en í fyrra. Væntingar fyrirtækja í sjávarútvegi endurspeglar að einhverju leyti lakari aflabrögð en á síðasta ári. Þótt kvótí hafi verið aukinn í nokkrum verðmætum tegundum eins og þorski á nýhöfnu fiskveiðidæmi mun það einkum leiða til aukins afla á næsta ári. Einnig hlýtur gengi íslensku krónunnar að hafa þarna áhrif en krónan styrktist nokkuð á fyrra helmingi ársins og er meðalgengi hennar miðað við gengisskráningargögn janúar til september í ár tæplega 8% sterkara en það var á sama tímabili í fyrra.

Þrátt fyrir að mun fleiri stjórnendur telji að veltan í ár aukist en að hún dragist saman eru óverulegar breytingar frá febrúarkönnuninni á hagnaðarvísitölum þó eru sjávarútvegsfyrirtækin sem fyrr svartsynni en önnur fyrirtæki en fjármála- og tryggingafélögin ívið bjartsynni. Þetta er í takt við það sem komið hefur fram í ársfjórðungsuppgjörum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

Fyrirtækin voru einnig spurð um birgðastöðu á miðju ári og hvort hún hefði verið í takt við áætlanir. Fram kom að tæplega 65% fyrirtækjanna töldu að birgðirnar hefðu verið svipaðar og áætlanir gerðu ráð fyrir en 26% að þær hefðu verið meiri. Sjávarútvegsfyrirtækin skáru sig sem fyrr úr og töldu um 45% fyrirtækjanna að birgðirnar hefðu verið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Hvað varðar launabreytingar telja 36% fyrirtækja að laun muni hækka meira í ár en kveðið er á um í kjarasamningnum og nam meðalhækkunin um 3,4% en í febrúarkönnuninni var meðalhækkunin 2,2%. Þegar spurt var hvað meðal-laun muni hækka mikið á árinu 2004 mældist meðalhækkunin 3,7%.



Í könnuninni kom fram að tæplega 43% fyrirtækjanna ætla að fjárfesta svipað í ár og í fyrra og tæplega 27% meira nú en í fyrra. Rúmlega helmingur sjávarútvegsfyrirtækja ætlar að draga saman fjárfestingar sínar í ár auk þess sem um talsverðan samdrátt er að ræða hjá fyrirtækjum í flutningum og ferðaþjónustu.

Viðbótarlífeyrissparnaður

Árið 1997 voru samþykkt ný lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyris-réttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samhliða beittu stjórnvöld sér fyrir ýmsum breytingum á skattalögum með það að markmiði að hvetja til aukins sparnaðar almennings með viðbótarlífeyrissparnaði. Ein þeirra var lækkan tryggingagjalds launagreiðanda um allt að 0,2%, á móti iðgjaldi launamanns til viðbótarlífeyrissparnaðar, en þó ekki meira en sem næmi 10% af iðgjaldshluta launamanns. Heimildin var síðar hækkuð í 0,4%. Samhliða þessu voru heimildir einstaklinga til skattafrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda rýmkaðar. Meginmarkmiðið með þessum breytingum var tvíþætt, annars vegar að skapa skilyrði fyrir aukinn þjóðhagslegan sparnað og hins vegar að efla lífeyrissparnað landsmanna jafnframt því að auka vitund og sjálfs-ákvörðunarétt þeirra yfir þessu sparnaðarformi.

Þátttaka almennings í viðbótarlífeyrissparnaði hefur verið mjög góð frá því að þessar breytingar voru gerðar. Þannig töldu um 30.000 framteljendur, af samtals 150.000 sem greiddu í samtryggingarsjóði á árinu 1999, fram greiðslur til viðbótarlífeyrissparnaðar, eða 20%. Framtaldar greiðslur til viðbótarlífeyrissparnaðar námu 1,3 milljörðum króna. Árið 2002 var þessi fjöldi kominn í 70.000, eða 43% af þeim sem greiddu til samtryggingarsjóða og námu framtaldar greiðslur 5,8 milljörðum króna.

Af þessum tölum sést að framangreindar breytingar hafa svo sannarlega náð markmiðum sínum með vaxandi þátttöku launþega ár frá ári í þessari sparnaðarleið. Sparnaður í formi viðbótarlífeyris hefur náð góðri föfestu meðal landsmanna sem eðlilegt sparnaðarform og því ekki lengur þörf sérteakra ráðstafana á þessu sviði, sbr. lækkan tryggingagjaldsins. Í samræmi við þetta hefur ríkisstjórnin lagt fram frumvarp um afnám lækkanar tryggingagjaldsins en áfram verður í fullu gildi sá hvati til viðbótarlífeyris-sparnaðar sem felst í frádrætti iðgjalds frá skattskyldum tekjum og mót-framlagi vinnuveitenda.

Launabróun á almennum markaði

Kjararannsóknarnefnd framkvæmir ársfjórðungslega launakönnun sem byggir á úrtaki fyrirtækja og stofnana með tíu eða fleiri starfsmenn. Könnunin nær til fjögurra atvinnugreina og tæplega 38% af vinnumarkaðnum. Samkvæmt þessum könnunum hafa regluleg laun á almennum vinnumarkaði hækkað að meðaltali um tæp 38% frá fyrsta ársfjórðungi 1999 til annars ársfjórðungs 2003. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 23% og hefur kaupmátturinn því aukist um rúmlega 12% á þessu tímabili. Regluleg laun eru skilgreind sem greidd laun fyrir umsamin vinnutíma samkvæmt kjarasamningum hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru síðan umreiknuð til mánaðarlauna fyrir fullt starf hvort sem launamaður er í fullu starfi eða hlutastarfi, fær greitt tímakaup eða mánaðarlaun.

Þróunin hefur verið nokkuð mismunandi eftir starfsstéttum. Laun iðnaðarmanna hækkuðu mest, eða um 43%, en laun sérfræðinga minnst, um 25%.

Heildarlaun hækkuðu töluvert minna en regluleg laun, eða um tæplega 33%. Heildarlaun verkafólks hækkuðu mest en laun iðnaðarmanna minnst, eða um 36% á móti 25%. Skýringin á þessum mun er meðal annars sú að vinnutími iðnaðarmanna hefur styst talsvert á tímabilinu á meðan hann hefur staðið í stað hjá verkafólki.

Þróunin hefur verið nokkuð svipuð á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem um regluleg laun eða heildarlaun er að ræða. Jafnframt hefur launamunur haldist svipaður á milli svæðanna en laun á höfuðborgarsvæðinu eru almennt hærri þrátt fyrir að heildarfjöldi vinnustunda sé meiri á landsbyggðinni. Heildarlaun á landsbyggðinni nema nú um 94% af heildarlaunum á höfuðborgarsvæðinu og hlutfall reglulegra launa er 87%. Hins vegar er fjöldi vinnustunda á landsbyggðinni 5% meiri en á höfuðborgarsvæðinu.

Tekjur ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	3,9	6,5
Tekjuskattar	3,0	2,2
Tryggingagjöld	8,5	10,9
Eignarskattar	-2,2	-15,9
Veltuskattar	4,1	10,4
Tekjur alls	6,2	11,5

Gjöld ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	20,7	-0,7
Félagsmál	13,5	11,7
Atvinnumál	3,8	5,2
Vaxtagjöld	7,3	-24,1
Önnur útgjöld	3,9	13,2
Gjöld alls	11,6	6,2

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-september		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-19.598	-20.577
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-12.850	-1.110
Afborgun lána	-22.698	-19.498
Br. lánsfjárfjöfnuður	-42.298	-26.233
Lántokur	50.238	31.467
Greiðsluafkoma	7.940	5.234

Ýmsar hagteölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - október	2,9	2,2
Kjarnaverb. 1 - október	3,8	2,9
Launavísitala - september	5,8	5,6
Heildarvelta janúar-júní	7,0	-0,2
Smá velta janúar-júní	6,6	2,3
Atvinnuleysi - sept. 2003	2,2	2,7



6. nóvember 2003

Innflutningur í október 2003


Samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts virðist almennur innflutningur í október svipaður og í september sem var annar stærsti innflutningsmánuður ársins, eða um 18½ milljarður króna, án skipa og flugvéla. Heldur hefur dregið úr aukningunni frá fyrra ári, en innflutningur nú er um 9% meiri en í október í fyrra en undanfarna mánuði hefur aukningin verið á bilinu 13%-19%, reiknað á föstu verðlagi.

Áframhaldandi mikill innflutningur á fjárfestingarvörum kemur nokkuð á óvart en í síðustu spá ráðuneytisins var gert ráð fyrir að innflutningur vegna stóriðjuframkvæmda yrði að mestu yfirstaðinn í byrjun vetrar. Fyrstu níu mánuði ársins jókst innflutningur fjárfestingarvöru (án skipa og flugvéla) um þriðjung að raungildi frá sama tíma í fyrra og áætlun fyrir október bendir til áframhaldandi aukningar. Þá er innflutningur neysluvara enn mjög mikill, jókst um tæp 14% að magni til septemberloka frá sama tímabili í fyrra og októbertölum benda ekki til þess að breyting verði þar á.

Í spá ráðuneytisins var gert ráð fyrir að vöruskiptajöfnuður yrði í jafnvægi í árslok. Þessar tölur benda til þess að innflutningur geti orðið heldur meiri en þar var áætlað. Sömuleiðis eru horfur á að útflutningur verði minni.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun inn- og útflutnings síðasta áratug miðað við árstíðaleiðréttar tölur og samtölur síðustu tólf mánaða auk framreiknings fyrir síðustu mánuði ársins. Samkvæmt þessum tölum stefnir í nokkurn halla á vöruskiptajöfnuði í árslok.

Vöruskipti við útlönd, án skipa og flugvéla



Efnahagshorfur á Norðurlöndum

Stöðugur og sjálfbær hagvöxtur, lág verðbólga og lágt atvinnuleysi eru meginmarkmið efnahagsstefunnar á Norðurlöndunum. Öll hafa þau tekið upp verðbólguþáttum 2-2½% en þó með mismunandi áherslu á notkun hagstjórnartækja hvað snertir stýrivexti og gengi. Fjármál hins opinbera hafa í flestum tilfellum verið aðhaldssöm undangengin ár og flest Norðurlandanna hafa sett sér sem markmið að skila ríflegum afgangi næstu árin. Það sama verður hins vegar ekki sagt um stóru hagkerfin eins og Bandaríkin, Japan, Þýskaland og Frakkland. Þetta má meðal annars sjá í nýttkominni skýrslu norrænu efnahagsnefndarinnar, *Ekonomiska utsikter i Norden 2004*, en hún starfar á vegum fjármálaráðherra Norðurlanda.

Hagvaxtarhorfur eru bjartar á Norðurlöndunum en mismunandi þó. Árið 2003 er talið að hagvöxtur verði mestur á Íslandi, tæplega 2%, en lægstur í Noregi, um ½%. Árið 2004 er undantekningalaust gert ráð fyrir að hagvöxtur glæðist þar sem Ísland verði í fararbroddi með 3½% en Svíþjóð reki lestina með 2%.


Lykiltölur hagstærða á Norðurlöndum 2000-2004

Vegin meðaltöl, %	2000	2001	2002	2003	2004
Hagvöxtur	3,7	1,1	1,8	1,2	2,3
Verðbólga	2,6	2,7	2,0	2,0	1,3
Atvinnuleysi	5,9	5,5	5,6	5,8	5,7
Viðskiptajöfnuður % af VLF	6,3	6,7	6,5	6,5	5,9
Tekjuafgangur hins opinb.*	2,3	1,8	0,6	0,7	0,4

* Hagsveifluleiðrétt afkoma sem hlutfall af mögulegri VLF

Atvinnuástandið hefur verið tiltölulega gott á Norðurlöndum nema í Finnlandi. Samkvæmt "lögmáli Okuns" sem gefur til kynna sambengi hagvaxtar og breytingu atvinnuleysis sýna söguleg gögn (1983-2002) að 1% hagvaxtaraukning lækkar atvinnuleysi um ½% í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, rúmlega 1/3 í Noregi og tæplega ¼% á Íslandi. Næmni breytinga atvinnuleysis er þó ekki aðeins háð hagvexti heldur öðrum þáttum eins og langtímaatvinnuleysi en það hefur verið einna lægst einmitt á Íslandi og Noregi undangengin ár.

Framleiðsluspenna /- slaki á Norðurlöndum 1983-2004



Framleiðsluspenna og -slaki á Norðurlöndum hefur verið með ámóta sniði tímabilið 1983-2004 sem nær yfir um tvær hagsveiflur. Við upphaf tímabilsins var slaki sem breyttist í spennu með tilheyrandi umframeftirspurn í efnahagslífinu á árunum 1985-1990. Samkvæmt þessu virðast öll Norðurlöndin hafa farið í gegnum væga og skammvinna niðursveiflu á síðustu tveimur árum.

Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa verið með jákvæðan viðskiptajöfnuð á undanföllum árum. Jákvæður viðskiptajöfnuður þýðir í sömu fjárhæð þjóðhaglegan sparnað umfram fjárfestingu. Þar sem lífeyriskerfi eru ólík á Norðurlöndunum og ekki öll sjálfbær leggast mismunandi byrðar á framtíðarskuldbindingar hins opinbera. Jákvæð afkoma hins opinbera leiðir til jákvæðs viðskiptajafnaðar að því gefnu að sparnaður einkaaðila sé ekki neikvæðari en sem nemur sparnaði hins opinbera. Þetta er veigamikil skýring á mismunandi viðskiptajöfnuði á Norðurlöndum.

Námsviðurkenning fjármálaráðuneytisins

Ráðuneytið hefur, ákveðið að veita Margréti Harðardóttur og Margréti Sæmundsdóttur viðurkenningar fyrir lokaverkefni sín á meistarastigi á sviði efnahags- og opinberra fjármála. Er þetta í fjórða skipti sem fjármálaráðuneytið veitir nemendum á meistarastigi í hagfræði eða viðskiptafræði námstyrk/viðurkenningu.

Tekjur ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	3,9	6,5
Tekjuskattar	3,0	2,2
Tryggingagjöld	8,5	10,9
Eignarskattar	-2,2	-15,9
Veltuskattar	4,1	10,4
Tekjur alls	6,2	11,5

Gjöld ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	20,7	-0,7
Félagsmál	13,5	11,7
Atvinnumál	3,8	5,2
Vaxtagjöld	7,3	-24,1
Önnur útgjöld	3,9	13,2
Gjöld alls	11,6	6,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-september		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-19.598	-20.577
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-12.850	-1.110
Afborgun lána	-22.698	-19.498
Br. lánsfjárfjöfnuður	-42.298	-26.233
Lántökur	50.238	31.467
Greiddsluafkoma	7.940	5.234

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - október	2,9	2,2
Kjarnaverb. 1- október	3,8	2,9
Launavísitala - september	5,8	5,6
Heildarvelta janúar-júní	7,0	-0,2
Smá velta janúar-júní	6,6	2,3
Atvinnuleysi - sept. 2003	2,2	2,7



13. nóvember 2003

Aukið svigrúm við stjórnun ríkisstofnana

Lagt hefur verið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem miða að því að auka sveigjanleika í rekstri stofnana ríkisins og færa starfsumhverfi ríkisstofnananna nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði.


Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður sú skylda forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum, eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem af starfinu leiða, og að gera slíka áminningu að skilyrði þess að hægt sé að segja starfsmanni upp störfum. Í breytingunni felst að aukið er svigrúm forstöðumanna til að bregðast við ef starfsmaður brýtur gegn starfsskyldum sínum eða ef í ljós kemur að starfsmaður veldur ekki starfi sínu.

Þá er í frumvarpinu lagt til að felld verði brott það skilyrði lausnar embættismanns um stundarsakir að honum hafi áður verið veitt formleg áminning. Eðlilegt er að sá sem veitir lausn eigi sjálfstætt mat um það, hvort atvik séu með þeim hætti að embættismaður hafi með háttsemi sinni vanrækt svo starfsskyldur sínar, að hann teljist ekki lengur verður til þess að gegna því. Eftir sem áður verður máli ávallt vísað til meðferðar sérstakrar nefndar samkvæmt lögnum.

Með frumvarpinu er stefnt að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins sem og að því að ríkið eigi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.


Launapróun undanfarin ár

Að undanfögnu hefur því verið haldið fram að launahækkunar hins opinbera hafi verið umfram meðaltal hækkana á almennum vinnumarkaði. Fróðlegt er að skoða þetta nánar. Á grafinu hér að neðan er samanburður á ársbreytingum á reglulegum launum á almennum markaði og hjá hinum opinbera. Gögnin eru ársfjórðungsgögn frá Hagstofunni (launavísitala fyrir almenna markaðinn og fyrir opinbera starfsmenn og bankamenn) og Kjararannsóknarnefnd (paraður samanburður á almennum markaði).



Glögg má sjá að hækkunar eiga sér ekki stað á sama tíma á þessum tveimur mörkuðum. Það virðist sem hækkunar á opinbera markaðinum á þessu tiltekna tímabili endurspeglir þróunina á almenna markaðinum árið á undan. Þetta er ekki undarlegt þar sem opinberir aðilar sömdu á þessu tímabili að jafnaði ári

síðar en aðilar á almenna markaðinum. Þetta sést vel á næstu mynd þar sem ferillinn, sem lýsir breytingum á opinbera markaðinum, hefur verið færður aftur um eitt ár.



Hápunktur ferllanna lýsir hækkunum sem áttu sér stað á fyrsta ári eftir síðustu kjarasamninga á báðum mörkuðum. Eftir þann tíma hafa hækkunar verið nokkuð í sama takti. Rétt er að hafa í huga að upplýsinga er ekki aflað á sama hátt um þessa tvo markaði.

Verðlagsþróun í takt við spár en húsnæðisverð lækkar

Hagstofan birti í gær neysluverðsvísitölu fyrir nóvembermánuð en samkvæmt henni hækkaði verðlag um 0,13% milli mánaða. Síðustu 12 mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkad um 2,5%. Þessi hækkun er í takt við áætlanir fjármálaráðuneytisins og raskar því ekki verðlagsforsendum fjárlaga frumvarps og þjóðhagsspar. Þar er gert ráð fyrir að hækkunin milli ársmeðaltala 2002 og 2003 verði um 2% en hækkunin innan ársins verði um 2½%. Undirliggjandi verðbólga eins og hún mælist í kjarnavísitölum hefur hins vegar verið heldur hærri, eða á bilinu 2½-3%.

Það sem helst hafði áhrif til hækkunar vísitölnnar að þessu sinni var lítillæg hækkun á matvöruverði og þá einkum á innfluttum vörum en matur og drykkjarvörur hækkðu samtals um 0,4%. Þetta bendir til þess að áhrif undangenginna gengishækkana séu að fjara út.

Hins vegar vekur sérstaka athygli að húsnæðisverð lækkaði ekki í mánuðinum en það hefur að undanfögnu verið helsti orsakavaldur verðlags-hækkana. Húsnæðisliður vísitölnnar lækkaði að þessu sinni um tæpt 0,1% en hefur samanlagt lækkað um 9,8% undanfarna 12 mánuði. Samkvæmt Fasteignamat ríkisins lækkaði vísitala íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu um 0,4% í september og 3 mánaða hækkunin nam þá einungis 0,5% þótt 12 mánaða hækkunin hafi staðið í 13,3%. Verðsjá Fasteignamats ríkisins bendir til þess að húsnæðisverð hafi haldið áfram að lækka í október og geri það enn.

Svo virðist sem aðstæður á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu séu að breytast. Samkvæmt tölum Hagstofunnar um búferlaflutninga hefur nú mjög dregið úr aðflutningi af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og flutningur til útlanda hefur einnig aukist. Framboð húsnæðis hefur enn fremur vaxið, bæði til eignar og leigu. Þetta kann að eiga sinn þátt í að hægt hefur á verðhækkunum á húsnæði. Þetta gerist þrátt fyrir að kaupmáttur heimilanna haldi áfram að vaxa.

Tekjur ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	3,9	6,5
Tekjuskattar	3,0	2,2
Tryggingagjöld	8,5	10,9
Eignarskattar	-2,2	-15,9
Veltuskattar	4,1	10,4
Tekjur alls	6,2	11,5

Gjöld ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	20,7	-0,7
Félagsmál	13,5	11,7
Atvinnumál	3,8	5,2
Vaxtagjöld	7,3	-24,1
Önnur útgjöld	3,9	13,2
Gjöld alls	11,6	6,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-september		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-19.598	-20.577
Hr. lánsfjárfjöfðuð	-12.850	-1.110
Afborgun lána	-22.698	-19.498
Br. lánsfjárfjöfðuð	-42.298	-26.233
Lántökur	50.238	31.467
Greiddsluafkoma	7.940	5.234

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - nóvember	2,4	2,5
Kjarnaverðb. 1-nóvember	3,2	3,1
Launavísitala - september	5,8	5,6
Heildarvelta janúar-júní	7,0	-0,2
Smá.velta janúar-júní	6,6	2,3
Atvinnuleysi - sept. 2003	2,2	2,7



20. nóvember 2003

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins. Uppgjörð sýnir sjóðhreyfingar og er því ekki samanburðarhæft við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 19,2 milljarða króna samanborið við 14,4 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 20,6 milljarða króna í ár sem er 13,6 milljörðum króna betri staða en í fyrra. Þar munar mestu um tekjur af sölu eigna ríkisins en innstreymi vegna hlutfjárfsölu nam um 12 milljörðum króna. Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs var því jákvæður á fyrstu tíu mánuðum ársins um 1½ milljarð króna samanborið við 7,3 milljarða króna neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 211,6 milljörðum króna og hækkuðu um 20,6 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 10,8%. Skýringin á þessari hækkun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkissjóðs. Skatttekjur ríkissjóðs námu 185 milljörðum króna og hækkuðu um 6,3% frá fyrra ári sem jafngildir 4,3% raunhækkun. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu um 44,4 milljörðum króna og hækkuðu um 5% frá fyrra ári. Innheimta tryggingagjalda nam tæpum 20,7 milljörðum króna og jókst um 11,2% á milli ára. Þessi aukna innheimta endurspeglar annars vegar almennar launa-hækkunar og hins vegar hækkun tryggingagjaldsins um ½% sem tók gildi í byrjun þessa árs. Á hinn bóginn lækkuðu tekjur af eignarskatti um 15,9% frá fyrra ári og innheimta tekjuskatts fyrirtækja lækkaði einnig eða um 28,2%. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að bæði eignarskattar fyrirtækja og einstaklinga voru lækkaðir um meira en helming á þessu tímabili ásamt því að tekjuskattshlutfall fyrirtækja var lækkað um 40%. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst hins vegar um sem nemur 7,8% að raungildi. Þar munar mestu um meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti.

Greidd gjöld nema 218,7 milljörðum króna og hækka um 16,6 milljarða frá fyrra ári, eða um 6,2%. Veigamestu útgjöldin eru til félagsmála, eða 140 milljarðar, en þau veiga 64% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála sem nema 57,6 milljörðum króna og hækka um 6,2 milljarða króna frá fyrra ári. Þá nema greiðslur til almannatrygginga 45,7 milljörðum og hækka um 6,6 milljarða króna. Hlutfallslega munar þar mestu um greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem hækka um rúman milljarð milli ára. Greiðslur til atvinnumála eru 33,2 milljarðar og hækka um rúma 3 milljarða frá fyrra ári. Skýrist hækkunin nær alfarið af hærri greiðslum til Vegagerðarinnar. Á móti vegur að vaxtagreiðslur lækka um 4,1 milljarð króna, eða sem nemur 24% milli ára. Stór flokkur spariskírteina var á gjald-daga í apríl í fyrra og skýrir það lækkun vaxtagreiðslna.

Lántökur ríkissjóðs námu 27,4 milljörðum króna á fyrstu tíu mánuðum ársins en afborganir voru 30,7 milljarðar. Erlend skammtímalán voru greidd niður um 9,6 milljarða og spariskírteini um 5 milljarða króna. Á móti vegur aukin lántaka í innlendum skammtímalánum, eða um 12 milljarða króna. Þá voru 6,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Launaþróun hjá ríki og sveitarfélögum


Samkvæmt tölum frá Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna hækkuðu heildarlaun opinberra starfsmanna ríkis og Reykjavíkurborgar að meðaltali um rúm 43% frá fyrsta ársfjórðungi 1999 til annars ársfjórðungs 2003 en dagvinnulaun um tæp 46%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 23%. Kaupmátturinn jókst þannig um 16-19% eftir því hvor mælikvarðinn er notaður.

Á þessu tímabili var samið við alla hópa ríkisstarfsfólks sem semja um kjör sín. Ennfremur var samið um miklar breytingar á launakerfinu hjá framhalds-

skólakennurum, háskólakennurum, lögreglumönnum, tollvörðum, sjúkralið-um og læknurum. Í þessum breytingum fólust meðal annars nokkrar tilfærslur þar sem ýmsir verkþættir sem áður var greitt sérstaklega fyrir eru nú taldar til dagvinnuskyldu. Þessar breytingar voru í takt við þær breytingar sem gerðar voru í kjarasamningum við flest stéttarfélag ríkisstarfsfólks á árunum 1997-1998.

Nokkur munur er á launaþróun eftir starfsstéttum. Á meðfylgjandi línuriti er sýnd þróun launa heilbrigðisstétta, kennara og heildarinnar. Hér er stuðst við árstíðaleiðréttar tölur þar sem miklar sveiflur eru í launum einstakra stétta innan ársins.

Launaþróun



Langtímaatvinnulausum fækkar

Vinnuálastofnun hefur birt skýrslu um atvinnuleysi fyrir októbermánuð. Hlutfallslegt atvinnuleysi hefur vaxið eins og venja er á þessum árstíma. Þessar upplýsingar gefa ekki tilefni til að breyta spá ráðuneytisins um að atvinnuleysið verði 3¼% 2003 og 2½% 2004 þótt atvinnuleysið virðist ætla að verða þrálátara en vonir stóðu til.

Atvinnulausum hefur fjölgað að nýju eftir því sem líður á haustið. Það er einungis hjá körlum á landsbyggðinni sem þeir eru nú færri en fyrir ári síðan. Atvinnuleysið er að vaxa hjá fólki af báðum kynjum innan við þrjú tugi en minnkar enn hjá þeim sem eldri eru. Þeim sem verið hafa atvinnulausir lengur en hálf ár fer heldur fækkandi og sömu sögu er að segja af þeim sem eru að missa vinnuna. Atvinnuleysið er að vaxa í flestum atvinnugreinum nema fiskveiðum og fræðslustarfsemi. Sérstaka athygli vekur að það vex nokkuð í mannvirkjagerð þrátt fyrir virkjanafkamkvæmdimar fyrir austan.

Nú um nokkurt skeið hefur atvinnuleyfum til útlendinga farið fjölgandi en það endurspeglar að hluta eftirspurn framkvæmdaraðila við Kárahnjúka eftir vinnuafli. Því til viðbótar er nokkuð mikið um endurnýjun eftir ársdvöl hér og svo óbundin atvinnuleyfi til þess vaxandi fjölda sem hefur dvalið hér á landi nægilega lengi til að eiga rétt á þeim.

Ef tölur um atvinnuleysi eru leiðréttar með tilliti til þess að þær sveiflast nokkuð reglubundið eftir árstíðum, má sjá að það hefur verið nokkuð stöðugt síðustu mánuði. Vegna árstíðasveiflunnar má búast við að fjöldi atvinnulausra fari vaxandi bæði í þessum mánuði og í desember. Ráðuneytið reiknar með því að hlutfallslegt atvinnuleysi geti orðið um 3% í nóvembermánuði og 3,2% í desember og að fjöldi atvinnulausra verði þá tæplega 5.000. Atvinnulausum mun síðan fækka og hlutfall þeirra af vinnuafli lækka.

Tekjur ríkissjóðs jan-október			Gjöld ríkissjóðs jan-október			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-október			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	3,3	6,3	Almenn mál	18,0	2,2	Handbært fé frá rekstri	-14.397	-19.162	Verðbólga - nóvember	2,4	2,5
Tekjuskattar	2,1	2,5	Félagsmál	12,4	12,7	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-7.345	1.476	Kjarnaverb. 1-nóvember	3,2	3,1
Tryggingagjöld	7,6	11,2	Atvinnumál	3,7	10,1	Afborgun lána	-28.558	-30.654	Launavísitala - september	5,8	5,6
Eignarskattar	0,4	-15,9	Vaxtagjöld	6,7	-24,0	Br. lánsfjárfjöfnuður	-43.403	-35.428	Heildarvelta janúar-júní	7,0	-0,2
Veltuskattar	3,4	9,8	Önnur útgjöld	3,2	15,6	Lántökur	43.465	27.439	Smá.velta janúar-júní	6,6	2,3
Tekjur alls	5,2	10,8	Gjöld alls	10,6	8,2	Greiðsluafkoma	61	-7.989	Atvinnuleysi - okt. 2003	2,5	2,8



27. nóvember 2003

Rammafjárlagagerð og Ríkisendurskoðun

Í upphafi síðastliðins áratugar var að erlendri fyrirmynd tekið upp nýtt skipulag við undirbúning og mótn fjárlaga hér á landi sem kallað hefur verið „rammafjárlög“. Hugsunin að baki þeim er að ríkisstjórnin ákveði heildarútgjöld og skiptingu þeirra milli ólíkra málaflokka, þ.e. útgjaldarammana, en láti ráðuneytum eftir að útfæra nánar hvernig fénu er varið. Þetta skipulag miðar að því að stefnumótun ríkisstjórnar sé ráðandi þáttur í fjárlagagerðinni, að fjárlagagerðinni sé stýrt „ofan frá“ í stað þess að fjárlögin verði einfaldlega samtala þess kostnaðar sem til fellur í ríkiskerfinu á hverjum tíma, þ.e. verði til „neðan frá“. Í úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði á fjárlagaferlinu og birti í apríl 2001 segir að rammaskipulagið hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar ná „...skipulagið ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Sú heildarsýn og agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing.“

Í samræmi við grunnreglu rammafjárlagagerðar samþykkt ríkisstjórnin nú í haust eins og mörg undanfarin ár að ráðuneyti og stofnanir myndu ekki leita beint til fjárlaganefndar með erindi um aukin útgjöld heldu skiluðu ráðuneytin tillögum í fjárlagakerfið ef tilfinni væri til. Alltaf hefur hins vegar legið ljósi fyrir að fjárlaganefnd gæti aft frumkvæði að því að kalla á sinn fund stjórnendur einstakra ráðuneyta eða stofnana til yfirferðar um fjármál þeirra.

Framangreind samþykkt er mjög í anda fyrrgreindrar úttektar Ríkisendurskoðunar þar sem enn fremur sagði: „Raunar má spyrja þeirrar spurningar hvaða tilgangi það þjóni að iðka stífa fjárlagagerð í ráðuneytum og stofnunum ef rammarnir halda ekki eftir að frumvarp er lagt fyrir þing.“

Í ljósi þessa vekur athygli að Ríkisendurskoðun, sem er undirstofnun Alþingis (en forsætisnefnd Alþingis kemur fram í fjárlagaferlinu fyrir hönd Alþingis og stofnana þess og á samkvæmt fjárreiðulögum að senda forsætisráðherra fjárlagatillögur sínar) skuli nú lýsa yfir því að stofnunin telji sér heimilt að ræða beint við fjárlaganefnd um fjárveitingar til embættis síns og áliti sig ekki þurfa að lúta sama verklagi og aðrar stofnanir við rammafjárlagagerð.

Ný efnahagsspá OECD

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) birti í gær [nýja spá](#) um þróun efnahagsmála í aðildarríkjunum á árunum 2003-2005. Samkvæmt henni hafa horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum batnað nokkuð, einkum í Bandaríkjunum og Asíu. Gert er ráð fyrir að árlegur hagvöxtur í OECD-ríkjunum verði um 3% á næstu tveimur árum.

Helstu frávik frá síðustu spá sem kom út í júní sl. eru þau að í Japan hefur hagvöxtur í ár verið töluvert meiri en búist hafði verið við og hefur hagvaxtar-spá fyrir 2004 einnig verið hækkuð töluvert. Á móti kemur að hagvöxtur á evrusvæðinu reyndist undir væntingum og eru spár fyrir 2003 og 2004 nú um ½% lægri en þær voru í sumar enda hefur eftirspurn verið lítil í Evrópu og atvinnuleysi er enn að aukast. Á heildina litið er útlit fyrir aukinn hagvöxt og heldur minnkandi atvinnuleysi án þess að verðbólga færist í aukana. Væntingar fyrirtækjastjórnenda hafa batnað og vöxtur í alþjóðlegum viðskiptum virðist vera að taka við sér. Reiknað er með að vöxtur í fjárfestingum taki nú við af þeirri neysluaukningu sem hefur drifit hagvöxt að undanförmu. Meðal helstu áhættuþátta má nefna mikinn og vaxandi viðskiptahalla í Bandaríkjunum sem gæti valdið gengislækkun dollars sem aftur hefði neikvæð áhrif á efnahagsþróunina í öðrum löndum. Sömuleiðis er hugsanlegt að framundan séu vaxtahækkningar í Bandaríkjunum sem myndu draga úr fjárfestingum fyrirtækja og neyslu heimila.

Ný spá OECD fyrir Ísland

Efnahagsspá OECD fyrir Ísland er lítið frábrugðin síðustu spá fjármálaráðuneytisins frá því fyrir í haust. Þannig er gert ráð fyrir 1,9% hagvexti í ár en 3,7% hagvexti á næsta ári sem er örlítið hærra en ráðuneytið spáði. Árið 2005

er síðan spáð 5,6% hagvexti sem er í takt við spá ráðuneytisins. Nokkur frávik eru þó á einstökum liðum. Þannig er spáð heldur meiri samneyslu og innflutningi árið 2004 og heldur meiri út- og innflutningi 2005 auk þess sem verðbólgu- og atvinnuleysisþáttar eru heldur hærrí.

Líkt og í síðustu skýrslu OECD er áfram varað við þenslu samhliða stóriðju-framkvæmdunum og umtalsverð áhersla lögð á mikilvægi aðhalds í ríkisfjármálum til að halda aftur af vaxtahækkunum sem reyndar eru taldar óhjákvæmilegar. Ennfremur er helsti óvissuþátturinn talinn felast í meiri útgjaldaaukningu hins opinbera en áformað er og hvetur OECD íslensk stjórnvöld til varfærni í skattalækkunum eftir 2005 ef það gerist.

Magnbreytingar, %	OECD		Fjármálarn.	
	2003	2004	2003	2004
Einkaneysla	3,6	3,7	3¼	3½
Samneysla	3,5	2,5	3½	1
Fjármunamyndun	7,8	8,4	7¼	8½
Þjódarútgjöld alls	4,4	4,4	4¼	4
Útflutningur vöru og þjónustu	0,0	4,8	-½	4½
Innflutningur vöru og þjónustu	6,5	7,1	5¼	5¼
Landsframleiðsla	1,9	3,7	1¼	3½
Neysluverðsvísitala, %	2,0	2,6	2	2½
Atvinnuleysi, % af mannafla	3,3	3,3	3¼	2½
Afkoma hins opinbera % af VLF	-1,0	0,2	-¾	¾
Viðskiptajöfnuður % af VLF	-3,3	-3,4	-2½	-3¼

Skattskylda kaupréttar

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði um skattalega meðferð kaupréttarsamninga um hlutabréf en þetta form endurgjalds til starfsmanns fyrir vinnuframlag hefur færst mjög í vöxt að undanförmu. Að baki slíkum samningum liggur oftast skuldbinding um kaup eða sölu á eignum á tilteknum tíma háð ákveðnum skilyrðum. Starfsmaðurinn hefur alla jafna ákvörðunarréttinn og ber engin skylda að nýta hann.

Meginreglan er sú að til skattskyldra tekna telst mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur. Með gangverði er átt við skráð markaðsverð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Hér skiptir ekki máli hvort eignarhald starfsmanns á bréfunum er einhverjum skilyrðum háð skv. samningi við launagreiðanda, s.s. varðandi sölu eða ráðstöfun þeirra. Samhliða myndast staðgreiðsluskylda hjá launþega sem launagreiðanda er gert að standa skil á ásamt tryggingagjaldi og iðgjaldi í lífeyrissjóð. Hinn skattskyldi mismunur myndar síðan frádráttarrétt hjá launagreiðanda eins og hver annar frádráttarbær rekstrarkostnaður enda er hér um kaup á vinnuframlagi að ræða.

Þó eru undantekningar frá þessari meginreglu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum en þá er mismunur á kaupverði og gangverði bréfanna skattlagður sem fjármagnstekjur og myndast skattskyldan ekki fyrr en starfsmaður selur hlutabréfin.

- Kaupréttur að hlutabréfum í viðkomandi félagi ná til allra starfsmanna
- Starfsmaður hafi verið í föstu starfi hjá félaginu
- Að lágmarki 12 mánuðir þurfa að liða frá gerð samnings til nýtingar réttarsins.
- Kaupverð sé eigi lægra en vegið meðalverð í viðskiptum 10 viðskiptadaga fyrir samningsdag.
- Starfsmaður eigi hlutabréfin í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.
- Kaupréttur er ekki framseljanlegur.
- Árleg hámarkskaup hjá starfsmanni eru 600 þús. kr. m.v. kaupverð.
- Liggja þarf fyrir staðfesting RSK á viðkomandi kaupréttaráætlun.

Tekjur ríkissjóðs jan-október		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	3,3	6,3
Tekjuskattar	2,1	2,5
Tryggingagjöld	7,6	11,2
Eignarskattar	0,4	-15,9
Veltuskattar	3,4	9,8
Tekjur alls	5,2	10,8

Gjöld ríkissjóðs jan-október		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	18,0	2,2
Félagsmál	12,4	12,7
Atvinnumál	3,7	10,1
Vaxtagjöld	6,7	-24,0
Önnur útgjöld	3,2	15,6
Gjöld alls	10,6	8,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-október		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-14.397	-19.162
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-7.345	1.476
Afborgun lána	-28.558	-30.654
Br. lánsfjárfjöfnuður	-43.403	-35.428
Lántökur	43.465	27.439
Greiddsluafkoma	61	-7.989

Ýmsar hágtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - nóvember	2,4	2,5
Kjarnaverðb. I - nóvember	3,2	3,1
Launavísitala - september	5,8	5,6
Heildarvelta janúar-ágúst	3,9	1,3
Smávelta janúar-ágúst	6,2	2,1
Atvinnuleysi - okt. 2003	2,5	2,8




4. desember 2003

Innflutningur í nóvember og vöruskiptajöfnuður

Áætlaður innflutningur í nóvember sem byggður er á upplýsingum um innheimtu virðisaukaskatts nam rúmum 16 milljörðum króna án skipa og flugvéla. Þetta er 7% meiri innflutningur en í sama mánuði í fyrra, borið saman á föstu verði, sem stýður vísbendingu októbermánaðar um að aðeins sé að draga úr vaxtahraða yfirstandandi árs. Innflutningur fjárfestingavara virðist enn nokkuð mikill. Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum má ætla að innflutningur til nóvemberloka verði rúmlega 11% meiri en á sama tímabili í fyrra, reiknað á föstu verði og án skipa og flugvéla.

Vöruskiptin við útlönd janúar-október voru óhagstæð um 14,3 milljarða króna en á sama tíma í fyrra voru þau hagstæð um 12,9 milljarða króna, 12,2 milljarða miðað við gengi ársins 2003. Ef reynt er að áætla inn- og útflutning þá sem eftir lifir ársins má gera ráð fyrir að halli á vöruskiptum á árinu öllu geti orðið á bilinu 13-15 milljarða króna. Er þá gert ráð fyrir að innflutningur á árinu verði um 198 milljarðar króna sem er nokkru meira en gert var ráð fyrir í októberspá ráðuneytisins og útflutningur verði á bilinu 183-185 milljarðar króna. Í síðustu spá ráðuneytisins var hins vegar gert ráð fyrir að vöruskiptajöfnuður yrði í jafnvægi.

Innflutningur án skipa og flugvéla—staðvirk



Horfur um afkomu sjávarútvegs 2003 og 2004

Í síðustu skýrslu ráðuneytisins um [þjóðarbúskapinn](#) sem kom út í október síðastliðinn var m.a. fjallað um rekstrarafkomu sjávarútvegs fram til ársins 2004. Þær tölur hafa verið endurskoðaðar með hliðsjón af nýrri samantekt Hagstofu Íslands um hag fiskveiða og -vinnslu fyrir árið 2002. Samkvæmt þessum tölum var hreinn hagnaður sjávarútvegs um 10% af tekjum greinarnar árið 2002 í stað 11% samkvæmt áætlun ráðuneytisins í október. Á sama ári var arðsemi eigin fjár greinarinnar um 20%.

Í kjölfar einstaklega góðrar rekstrarafkomu í sjávarútvegi árin 2001 og 2002 bendir flest til þess að afkoman verði heldur lakari á árinu 2003, aðallega vegna hækkunar á gengi íslensku krónunnar, lækkunar fiskverðs erlendis, hærra oliuverðs og minni afla. Reikna má með að afkoma greinarinnar batni á næsta ári vegna aukinna aflaheimilda og lækkandi oliuverðs á heimsmarkaði.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu er reiknað með að hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) í sjávarútvegi árið 2003 verði tæplega 17% af tekjum og hreinn hagnaður fyrir skatta verði tæplega 2% af tekjum. Þrátt fyrir jákvæðu afkomu greinarinnar í heild ber að undirstrika að einstakar greinar og deildir innan fyrirtækja í sjávarútvegi standa nokkuð höllum fæti um þessar mundir en þar er helst að nefna rækju- og hörpuðiskvinnslu.

Afkoma sjávarútvegs

Ma.kr.	2002	Áætlun 2003	Áætlun 2004
Rekstrartekjur*)	125,3	111,7	120,8
Rekstrargjöld*)	98,1	95,0	99,8
Vergur hagnaður	27,2	16,7	20,9
% af tekjum	21,7	14,9	17,3
Árgreiðsla (6%)	14,4	14,7	15,1
Hreinn hagnaður fyrir skatta	12,8	2,0	5,9
% af tekjum	10,2	1,8	4,9

*) Tekjur og gjöld í sjávarútvegi alls hafa verið lækkuð sem nemur fjárhæð millivíðskipta með hráefni.

Á árinu 2004 er gert ráð fyrir að afkoman á mælikvarða hreins hagnaðar fyrir skatta verði um 5% af tekjum sem er um helmingi minni hagnaður en á árinu 2002.

Í þessum framreikningum er í meginatriðum stuðst við sömu forsendur um magn- og verðbreytingar og liggja að baki síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins með örfáum undantekningum. Í því samhengi ber helst að nefna heldur lægra fiskverð erlendis en áður var reiknað með. Einnig hefur verð á fiski til vinnslu innanlands verið endurskoðað og gert er ráð fyrir að það lækki um 7½% að meðaltali milli árunna 2002 og 2003.

Helstu forsendur framreikninga

	Breyting frá fyrra ári, %	
	2003	2004
Magn	-2	6
Afurðaverð erlendis	-2½	1
Fiskverð innanlands	-7½	0
Útflutningsgengi sjávarafurða	-6½	1
Laun	5½	4½
Oliuverð erlendis	20	-13½
Innlent verðlag	2	2½

Hert eftirlit með vöruflytningum til og frá ESB

Með vísan til hryðjuverkaógnarinnar í kjölfar 11. september hefur framkvæmdastjórn ESB lagt til að skylt verði að tilkynna um allar vörusendingar til og frá bandalaginu með 24. klst. fyrirvara. Tilgangurinn er að bæta áhættugreiningu vegna eftirlits með hættulegum vörusendingum. Gert er ráð fyrir nokkrum undantekningum svo sem þegar flutningstími er skemmri en 24 klst., vegna smásendinga og sendinga á vegum viðurkenndra aðila svo og farangurs ferðamanna. Þeir sem ekki færu að settum reglum gætu átt von á verulegum tölum við tollafgreiðslu. Steft er að því að reglurnar takið gildi í janúar 2005, með tveggja ára aðlögunartíma til þess að unnt verði að ljúka við tæknilega útfærslu.

Breyttar reglur hefðu áhrif á vöruflytninga á milli Íslands og ESB þar sem tillögurnar mæla fyrir um það að tilkynna skuli um vörusendingar til og frá tollabandalagi ESB sem nær eins og kunnugt er ekki til EFTA/EES-landanna, þ.m.t. Íslands. Verið er að skoða það á vegum íslenskra stjórnvalda, í samvinnu við EFTA og framkvæmdastjórn ESB, hvernig best sé að haga þessum málum varðandi EFTA ríkin, þ.e. Ísland, Liechtenstein, Noreg og Sviss. Sjá nánar í fréttatilkynningu ([fj/03/1100](#)) og tillögum framkvæmdastjórnar ESB ([COM\(2003\)452](#)).

Tekjur ríkissjóðs jan-október		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	3,3	6,3
Tekjuskattar	2,1	2,5
Tryggingagjöld	7,6	11,2
Eignarskattar	0,4	-15,9
Veltuskattar	3,4	9,8
Tekjur alls	5,2	10,8

Gjöld ríkissjóðs jan-október		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	18,0	2,2
Félagsmál	12,4	12,7
Atvinnumál	3,7	10,1
Vaxtagjöld	6,7	-24,0
Önnur útgjöld	3,2	15,6
Gjöld alls	10,6	8,2

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-október		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-14.397	-19.162
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-7.345	1.476
Afborgun lána	-28.558	-30.654
Br. lánsfjárfjöfnuður	-43.403	-35.428
Lántökur	43.465	27.439
Greiddsluafkoma	61	-7.989

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - nóvember	2,4	2,5
Kjarnaverðb. I - nóvember	3,2	3,1
Launavísitala - október	5,9	5,5
Heildarvelta janúar-ágúst	7,0	-0,2
Smá.velta janúar-ágúst	6,6	2,3
Atvinnuleysi - okt. 2003	2,5	2,8



11. desember 2003

Sjómannaafsláttur felldur niður í áföngum

Fjármálaráðherra hefur lagt fram lagafrumvarp sem kveður á um að sérstakur sjómannaafsláttur sem kemur til viðbótar almennum persónuafslætti til lækkunar tekjuskatts sjómanna verði lækkaður í jöfnum árlegum áföngum frá árinu 2005 og falli niður frá og með árinu 2008. Meginrökin fyrir þessari aðgerð eru að þær forsendur sem upphaflega lágu að baki sjómannaafsláttarinn séu löngu brostnar og að afnám hans sé í samræmi við ríkjandi viðhorf í skattamálum sem miða að því að fækka sérákvæðum og sértækum aðgerðum, einfalda skattkerfið og gera það gegnsæra.

Upphaf sjómannaafsláttar má rekja til ársins 1954 þegar svonefndur hlífðarfata- og fæðisfrádráttur var veittur þeim fiskimönnum sem báru sjálfir kostnað af hlífðarfötum umfram aðra launþega og þurftu að sjá sér fyrir fæði sjálfir. Árið 1957 var frádráttur til fiskimanna aukinn með það fyrir augum að auðvelda mönnum fiskiskipafloftans en á þeim tíma var flotinn mannaður að stórum hluta erlendum sjómönnum. Í dag er hins vegar almennt að finna í kjarasamningum ákvæði um skyldur atvinnurekenda gagnvart launþegum varðandi hlífðarföt og sömuleiðis um fæði til þeirra launamanna sem búa fjari heimilum sínum, jafnt sjómanna sem annarra launþega. Erfiðleikar við mönnum íslenskra fiskiskipa eru sem betur fer löngu liðin tíð þar sem nú eru oftast nær í boði vel launuð störf við góðan aðbúnað.

Lagaákvæði um sérstakan sjómannaafslátt hafa tekið nokkrum breytingum á umliðnum áratugum. Við síðustu breytingu sem gerð var árið 1991 nam kostnaður ríkissjóðs vegna sjómannaafsláttarinn um 1,5 milljörðum króna. Kostnaðurinn hefur farið lækkaði á undanföllum árum sem skýrist fyrst og fremst af fækkun starfa til sjós bæði á fiskiskipum og kaupskipum. Árið 2002 nam kostnaðurinn tæplega 1,3 milljörðum króna. Til samanburðar má nefna að árið 2002 voru heildarlaunatekjur vegna sjómannaafsláttar um 29 milljarðar króna.

Auk fyrrgreindra raka fyrir afnámi sjómannaafsláttarinn má nefna að á næstu tveimur árum er ráðgert að afnema sérstakan tekjuskatt einstaklinga, svonefndan "hátekjuskatt." Þótt sú breyting komi vissulega öðrum starfstéttum til góða munu sjómenn njóta sérstaklega góðs af þessari breytingu þar sem þeir bera í dag hlutfallslega meira af þessum skatti en aðrar stéttir. Þannig leggst um 13% álagningar hátekjuskatts á sjómenn m.v. tekjuárið 2002 á sama tíma og launatekjur þeirra námu aðeins um 6% af heildarlaunatekjum í landinu. Heildarfjöldi þeirra sem nutu sjómannaafsláttar 2002 voru 7.464. Þar af greiddu 1.813 hátekjuskatt eða um fjórðungur sjómanna. Til samanburðar má nefna að hlutfall þeirra sem greiða hátekjuskatt er rétt rúmlega 6% allra framteljenda. Auk þess má nefna áform ríkisstjórnarinnar um almenna lækkun tekjuskatts einstaklinga um allt að 4% á næstu fjórum árum sem einnig skilar sjómönnum hlutfallslega meiri kjarabótum en öðrum stéttum.

Þessar breytingar, afnám hátekjuskatts, lækkun almenns tekjuskatts og afnám sjómannaafsláttar gera skattkerfið einfaldara og skilvirkara, jafna samkeppnisstöðu atvinnuveganna og stuðla að auknum efnahagslegum stöðugleika.

Hræringar á vinnumarkaði

Í skýrslu Vinnuástandafundar um atvinnuástandið kemur fram að 4.400 manns voru skráðir atvinnulausir að meðaltali í nóvember. Hlutfallslegt atvinnuleysi var í samræmi við spár ráðuneytisins, 3%. Gert er ráð fyrir því að atvinnulausum fjölgi enn í desember. Nú eru 5.100 skráðir atvinnulausir, nokkru fleiri en ráðuneytið hafði gert ráð fyrir. Atvinnuleysið virðist því enn ætla að breytast tregar en vonir stóðu til. Alla jafna liður töluverður tími frá því starfsfólki er sagt upp þar til viðkomandi einstaklingar koma fram í atvinnuleysisráðuneytinu. Nýlegar uppsagnir hjá varnarliðinu eru dæmi um þetta.

Færri eru nú atvinnulausir í fiskvinnslu en fyrir ári og miklu færri sjómenn eru skráðir atvinnulausir nú en þá. Jafn margir eru atvinnulausir og í fyrra sem störfuðu við mannvirkjagerð og þeim hefur fjölgað mjög ört síðustu tvo mánuði. Þá er mikil fjölgun atvinnulausra í öðrum iðnaði en fiskvinnslu.

Töluverðar hræringar eru á vinnumarkaðnum. Fjöldi þeirra sem er að missa vinnuna og bæstast á atvinnuleysisráðuneytinu hefur ekki breyst tiltakanlega og fjöldi þeirra sem verið hefur atvinnulausir 4-8 vikur minnkar meðan hann vex hjá þeim sem hafa verið án vinnu í 9-25 vikur. Langtímaatvinnuleysi eykst lítið. Fjöldi þeirra sem verið hafa atvinnulausir lengur en ½ ár er nú um 300 manns minni en hann var mestur snemmsumars. Hins vegar fjölgar á ný í hópi þeirra sem verið hafa atvinnulausir lengur en 1 ár.

Framfarir við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi

Miklar framfarir hafa orðið við afgreiðslu fjárlaga undanfarnin áratug. Verklag rammafjárlaga sem innleitt var árið 1992 hefur gert forgangsröðun verkefna markvissari og aukið yfirsýn yfir ríkisfjármálin. Þá hefur langtímaáætlun í ríkisfjármálum verið fest í sessi með því að ríkisstjórnin hefur lagt hana varlega fram sem stefnumörkun sína. Framangreindar breytingar hafa leitt til þess að stefnumörkun fjárlaga næsta árs liggur fyrir á vormánuðum og ráðuneytin forgangsröðun útgjöldum sínum innan ramma fyrir mitt ár. Afgreiðsla Alþingis og störf fjárlaganefndar hafa undanfarnin ár tekið mið af þessum breytingum og hafa vinnubrögð þar orðið sífellt markvissari. Þannig hefur nefndin meiri yfirsýn og horfið hefur verið frá þeim vinnubrögðum fyrri tíma að farið sé yfir stöðu einstakra fjárlagaliða í árslok og þeir fái mest sem eyða mestu. Er það svipuð þróun og orðið hefur hjá ráðuneytum í kjölfar rammafjárlaga. Breytt vinnubrögð Alþingis og fjárlaganefndar hafa orðið til þess að afgreiðsla fjárlaga fer nú mun fyrir fram en áður. Þannig voru fjárlög fyrir næsta ár samþykkt 5. desember sl. Á árum áður var reglan sú að fjárlög voru afgreidd 2 til 3 dögum fyrir aðfangadag oft undir mikilli pressu og dæmi eru um afgreiðslu á milli jóla og nýárs og jafnvel eftir áramót. Jafnframt voru miklar breytingar gerðar á fjárlagafrumvarpinu á síðustu dögum þingsins og í raun má halda því fram að ekki hafi legið fyrir nægilega skýr yfirsýn yfir ríkisfjármálin við þá afgreiðslu. Eftir afgreiðslu Alþingis átti síðan eftir að prenta lög, staðfesta þau og birta. Stofnanir ríkisins gerðu því rekstraráætlanir sínar þegar komið var vel inn á fjárlagaárið. Á þessu sviði hefur í raun orðið bylting til batnaðar. Nú síðast með því að allar breytingar á tekjum og gjöldum voru afgreiddar við 2. umræðu fjárlaga 25. nóvember sl. Mikilvægur þáttur í þeirri breytingu er að efnahagsforsendur fjárlaga liggja fyrir fyrir en áður þannig að hægt er að leggja fram samtímis endurskoðun tekna og gjalda. Fjárlagafrumvarpið lá fyrir Alþingi nánast í endanlegri mynd nokkrum dögum fyrir 3. umræðu og umfjöllun um heildarmiðstöðuna, lánsfjármál, efnahagslega þýðingu ríkisfjármálanna og önnur atriði varð því markvissari. Þakka ber Alþingi og fjárlaganefnd þeirra þátt í þessum umbótum á fjárlagaferlinu.

Aukinn tekjuafgangur ríkissjóðs 2004

Fjárlög fyrir árið 2004 voru samþykkt í lok síðustu viku með rúmlega 6,7 milljarða króna tekjuafgangi í stað 6,4 milljarða í fjárlagafrumvarpinu. Er niðurstaðan í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að beita ríkisfjármálum til aðhalds á næsta ári vegna vaxandi stóriðjuframkvæmda. Lánsfjárafgangur, eða það fé sem ríkissjóður hefur til ráðstöfunar til að greiða niður skuldbindingar sínar, er áætlaður 14 milljarðar króna í fjárlögum. Hafa ber í huga að í fjárlögum er ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu á eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækjum og er því um verulegan afkomubata að ræða frá þessu ári. Hægt er að nálgast efni fjárlaga fyrir árið 2004 auk skýringa á breytingum frá fjárlagafrumvarpi á veffanginu farlog.is.

Afkoma ríkissjóðs, ma. kr.	Frumvarp	Fjárlög
Tekjur	279,4	282,0
Gjöld	273,0	275,3
Tekjuafgangur	6,4	6,7
Hreinn lánsfjárfjöfduður	13,7	14,0


Tekjur ríkissjóðs jan-október			Gjöld ríkissjóðs jan-október			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-október			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	3,3	6,3	Almenn mál	18,0	2,2	Handbært fé frá rekstri	-14.397	-19.162	Verðbólga - desember	2,0	2,7
Tekjuskattar	2,1	2,5	Félagsmál	12,4	12,7	Hr. lánsfjárfjöfduður	-7.345	1.476	Kjarnaverðb. 1. - desember	2,8	3,0
Tryggingagjöld	7,6	11,2	Atvinnumál	3,7	10,1	Afborgun lána	-28.558	-30.654	Launavísitala - október	5,9	5,5
Eignarskattar	0,4	-15,9	Vaxtagjöld	6,7	-24,0	Br. lánsfjárfjöfduður	-43.403	-35.428	Heildarvelta janúar-ágúst	7,0	-0,2
Veltuskattar	3,4	9,8	Önnur útgjöld	3,2	15,6	Lántökur	43.465	27.439	Smá. velta janúar-ágúst	6,6	2,3
Tekjur alls	5,2	10,8	Gjöld alls	10,6	8,2	Greiddsluafkoma	61	-7.989	Atvinnuleysi - nóvember	2,8	3,0

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



18. desember 2003

Þróun skatttekna 12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verði



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til nóvember 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs til nóvemberloka. Uppgjörð hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er því ekki samanburðarhæft við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 22,2 milljarða króna samanborið við 18,1 milljarð neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 20,6 milljarða króna í ár sem er 12,4 milljörðum króna betri staða en í fyrra. Þar munar mestu um tekjur af sölu eigna ríkisins en innstreymi vegna hlutfjárfsölu nam um 12 milljörðum króna. Lánsfjárförf ríkissjóðs á fyrstu ellefu mánuðum ársins nam 1,6 milljörðum króna samanborið við 10 milljarða króna fyrir sama tímabil á síðasta ári.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 229,4 milljörðum króna og hækkuðu um 30 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 11,1%. Sala hlutabréfa ríkissjóðs skýrir um 40% af aukningunni. Skatttekjur ríkissjóðs námu 202,6 milljörðum króna og hækkuðu um 7,6% frá fyrra ári sem jafngildir 5,5% raunhækkun. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu um 49,8 milljörðum króna og hækkuðu um 5,7% frá fyrra ári. Launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 5,6% á sama tímabili. Innheimta tryggingagjalda jókst um 11,8% á milli ára en sú aukning endurspeglar annars vegar almennar launahækkunar og hins vegar hækkun tryggingagjaldsins um ½% frá ársbyrjun. Innheimtir tekjuskattar lögaðila hækkuðu um 17,5% en á hinn bóginn lækkuðu tekjur af eignarskatti um 21,8% frá fyrra ári. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að bæði eignarskattar fyrirtækja og einstaklinga voru lækkaðir um meira en helming á þessu tímabili. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst hins vegar um 9,7% frá fyrra ári eða sem nemur 7,5% að raungildi. Þar munar mestu um 9,2% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti, sem jafngildir 7,1% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að talsverð aukning varð í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða 52,3%. Sú aukning stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða en nýskráning bifreiða hefur, á fyrstu ellefu mánuðum ársins, aukist um 48,5% frá samátímabili í fyrra. Auk þess jókst innheimta tekna af áfengis- og tóbaksgjaldi talsvert frá fyrra ári eða um 13,3% en um þriðjung þeirrar hækkunar má rekja til hækkunar á áfengisgjaldi af sterku áfengi svo og hækkunar á tóbaksgjaldi.

Greidd gjöld nema 240,3 milljörðum króna og hækka um 19 milljarða frá fyrra ári, eða um 8,6%. Veigamestu útgjöldin eru til félagsmála, eða 153,6 milljarðar, en þau veiga 64% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála sem nema 63,3 milljörðum króna og hækka um 6,9 milljarða króna frá fyrra ári. Þá nema greiðslur til almannatrygginga 50,1

milljarði og hækka um 6 milljarða króna. Hlutfallslega munar þar mestu um greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem hækka um 1,1 milljarð, eða 37% milli ára. Aðrir liðir almannatrygginga hækka að meðaltali um 12% milli ára. Greiðslur til atvinnumála eru 38,1 milljarðar og hækka um rúma 5 milljarða frá fyrra ári. Þar munar mestu um 3,5 milljarða hækkun greiðslna til Vegagerðarinnar. Á móti vegur að vaxtagreiðslur lækka um 4,1 milljarð króna, eða sem nemur 23% milli ára. Stór flokkur spariskírteina var á gjalddaga í apríl í fyrra og skýrir það lækkan vaxtagreiðslna.

Nýjar aflatölur og þróun fiskverðs

Heildaraflí í nóvember var nær tvöfalt meiri í tonnum talið en í síðasta ári. Afli sem af er ári er aftur á móti aðeins minni en í fyrra. Breytingar á aflamagni skýrast einkum af mismiklum uppsjávarafli. Þannig skýrir kolmunna- og síldaraflí einkum aflaukningu í nóvember, en aflabrogð í mánuðinum voru almennt góð og jókst þorskaflí um 3 þúsund tonn og einnig varð aukning í ýsu- og ufsaafli frá sama mánuði í fyrra. Samtals jókst botn- og flatfiskaflí um 5 þúsund tonn, var um 41 þúsund tonn í mánuðinum.

Uppsjávarafli þrefaldaðist í nóvember borið saman við sama mánuð í fyrra. Heildaraflamark í kolmunna er miklu meira í ár en í fyrra og í nóvember á síðasta ári var veidum svo til lokið. Síldveiðar voru þær mestu síðan árið 1990, um 49 þúsund tonn. Á aflastöðulista Fiskistofu í morgun var síldaraflinn 113 þúsund tonn á veiðitímabilinu. Úthlutað aflamark í síld var 110 þúsund lestrir en við bættist 21 þúsund tonn frá fyrra ári. Aflaheimildirnar munu því nýtast betur á þessari vertíð en undanfárin fiskveiðiári.

Skel- og krabbadýraafli er nokkru minni í ár en í fyrra eða 14%, en afli síðustu þrjá mánuði hefur einkum verið lélegur, er 35% minni en sömu mánuði í fyrra. Rækjuafli sem af er ári er um fimmtungi minni en í fyrra en útlutningsverðmæti rækju árin 2001 og 2002 nam um tíunda hluta af heildarverðmætum útluttra sjávarafurða.

Fiskverð hefur breyst nokkuð milli ára og hefur gengið þar sjálfsgat sín áhrif þar sem styrking krónunnar hefur leitt til lægra afurðaverðs í íslenskum krónum og gera má ráð fyrir að fiskverð fylgi nokkuð afurðaverði. Ef skoðað er vegið meðalverð fyrir síðasta tólf mánaða tímabil sem upplýsingar liggja fyrir (nóvember 2002-október 2003) hjá Verðlagsstofu skiptaverðs og borið saman við sama tímabil árið áður kemur í ljós að þorskerð hefur verið stöðugt, ýsuverð hefur aftur á móti lækkað um rúman fjórðung og síldarverð um tæplega þriðjung. Styrking meðalgengis krónunnar milli þessara tímabila miðað við viðskiptavog var tæp 9%. Í meðfylgjandi töflu er þorskerð á fyrra tímabilinu sett sem 100 og verð nokkurra tegunda sýnt sem hlutfall af því. Þessar fisktegundir eru allar mikilvægar í útlutningi sjávarafurða en afurðaverðmæti þorsks, ýsu, ufsa og karfa nam um 55% af útlutningsverðmætum árið 2002, loðna skilaði um 16% og síld um 3%.

	Nóv.01- okt.02	Nóv.02- okt.03
Þorskur	100	100
Ýsa	111	80
Ufsi	39	34
Karfi	40	37
Ísl. sumargotsíld	10	7
Loðna	6	5
Rækja	71	66

Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Vefritið kemur næst út 8. janúar

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember			Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-nóvember			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	3,5	7,6	Almenn mál	16,0	1,7	Handbært fé frá rekstri	-18.135	-22.184	Verðbólga - desember	2,0	2,7
Tekjuskattar	4,2	7,7	Félagsmál	12,4	11,8	Hr. lánsfjárfjöfnoður	-10.015	-1.631	Kjarnaverb.1- desember	2,8	3,0
Tryggingagjöld	6,3	11,8	Atvinnumál	3,9	15,6	Afborgun lána	-32.463	-30.666	Launavísitala - október	5,9	5,5
Eignarskattar	1,6	-21,8	Vaxtagjöld	6,3	-23,3	Br. lánsfjárfjöfnoður	-50.728	-39.172	Heildarvelta janúar-ágúst	7,0	-0,2
Veltuskattar	2,5	9,7	Önnur útgjöld	2,4	13,9	Lántökur	46.826	39.087	Smá. velta janúar-ágúst	6,6	2,3
Tekjur alls	5,1	11,1	Gjöld alls	10,5	8,6	Greiðsluafkoma	-3.902	-86	Atvinnuleysi - nóvember	2,8	3,0



8. janúar 2004

Stofnanasamningar

Undanfarið hefur komið fram opinberlega talsverð gagnrýni á stofnanasamninga innan ríkiskerfisins og er því ástæða til þess að rifja upp aðdraganda þess að þeir voru teknir upp.

Þegar rammafjárlagagerð var tekin upp varð fljótlega ljóst að það miðstýrða fyrirkomulag launaákvæðana sem tíðkaðist hjá ríkinu rímaði engan veginn við þá stefnu að í fjárlögum sé ákvæðin sá fjárhagsrammi sem hverri stofnun er svo ætlað að nýta á sem hagkvæmasta hátt. Þegar sækja átti forstöðumenn til ábyrgðar fyrir óhagkvæma nýtingu þeirra fjármuna sem þeir fengu úthlutað báru þeir því við að þeir hefðu engin yfirráð yfir launinum, stærsta einstaka útgjaldaliðnum. Við það bættist að megn óánægja var með að margir forstöðumenn höfðu komið sér upp annars konar umbunarkerfi til hliðar við ákvæði kjarasamninga. Stéttarfélag (og þingmenn) kvörtuðu undan þessu dulda launakerfi og vildu útrýma því og gera launaákvæðunina gegnsæri.

Við endurnýjun kjarasamninga 1996 fékk samninganefnd ríkisins það verkefni að breyta uppsetningu og áherslum þannig að útfærsla einstakra ákvæða hans yrði sem mest í höndum stofnunar annars vegar og fulltrúa starfsmanna hennar hins vegar. Draga skyldi úr áherslum samskipta stéttarfélags og fjármálaráðherra við útfærslu og daglega framkvæmd kjarasamninga.

Samkomulag náðist við nánast öll stéttarfélag starfsmanna ríkisins um breytta útfærslu kjarasamninga á grundvelli framangreindra forsendna. Eins voru aðilar sammála um að útfærslan yrði með þeim hætti að hver stofnun fyrir sig kæmist að samkomulagi við viðkomandi stéttarfélag hvaða þættir skyldu lagðir til grundvallar við mat á þeim störfum sem innt voru af hendi hennar vegna. Við mat á þeim þáttum átti fyrst og fremst að hafa hliðsjón af sérstöðu hverrar stofnunar einkum með tilliti til eðlis starfseminnar og skipulags hennar. Þessi útfærsla er það sem heitir stofnanasamningur.

Með þessu fengu forstöðumenn ríkisstofnana verulega aukin völd til að hafa áhrif á hvaða forsendur réðu launaákvæðun en aftur á móti leiddi þetta af sér umtalsverða ábyrgð sem þeir höfðu ekki haft áður. Því er ekki að leyna að í upphafi reyndist þetta verkefni mörgum forstöðumanninum mjög erfitt og byrjunarörðugleikarnir voru töluverðir. Fólust þeir einkum í því að þeir vildu gjarnan hafa völdin, þ.e.a.s. að ákvarða launin, en ábyrgð á þeim kostnaði sem sú ákvæðun leiddi af sér átti að vera á konnu einhvers annars og þá helst fjármálaráðuneytis. Þeim var með skýlausum hætti gerð grein fyrir því að þessi þáttur starfseminnar lyti sömu lögmálum og annar kostnaður hvað ábyrgð varðaði og væri hluti af þeim fjárhagsramma sem hin breytta framsetning fjárlaga byggðist á.

Langflestir forstöðumenn hafa í dag náð góðum tókum á þessu verkefni og margir þeirra hafa nýtt það mjög markvisst til að auka framleiðni stofnunarinnar innan óbreytts fjárhagsramma. Það hversu vel hefur til tekist þegar á heildina er lítið er ekki síst því að þakka að nánast öll ráðuneyti hafa fylgt staðfastlega þeirri stefnumörkun sem rammafjárlagagerðin byggir á og ekki látið undan þrýstingi um að losa forstöðumenn undan ábyrgð á því sem þeir sjálfir eiga þátt í að ákvæða.

Samþykkt lög á haustþingi Alþingis 2003

Á síðastliðnu haustþingi Alþingis voru samþykkt sem lög frá Alþingi 8 frumvörp sem fjármálaráðherra hafði lagt fram. Auk síðari fjárukalaga 2003 og fjárlaga 2004 er um eftirfarandi lög að ræða:

Tekjuskattur og eignarskattur. Viðmiðunarfjárhæðir tekju- og eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta voru hækkaðar um 2,5%. Hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum lækkaði úr 7% í 5,5%. Sú breyting kemur til framkvæmda á árinu 2005 en á árinu 2004 verða útreiknaðar vaxtabætur skertar um 10%. Ákvæði um alþjóðleg viðskiptafélög voru felld brott sem og lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, hvorutvegja frá ársbyrjun 2008. Þá var sérstakur tekjuskattur framlengdur um tvö ár og

jafnframt lækkaður í áföngum uns hann fellur niður í árslok 2005.

Þungaskattur og eldsneytisgjald. Þungaskattur og eldsneytisgjald voru hækkuð um 8% í samræmi við forsendur fjárlaga.

Úrvinnslugjald. Álagningu gjalds á veiðarfæri úr gerviefnum, á pappirs-, pappa- og plastumbúðir var frestað til ársbyrjunar 2005. Fjárhæðum úrvinnslugjalds á einstaka vöruflokka var breytt sem og tollskránum.

Tryggingagjald (viðbótarlífeyrissparnaður). Heimild launagreiðanda til lækkunar á tryggingagjaldi, sem nýta á sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaðar, var felld niður. Sú hvatning hefur þegar skilað miklum árangri og því var lítið svo á að tilganginum með lækkun tryggingagjaldsins væri nú náð.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Trúnaðarlæknir sjóðsins gegnir eftirlit með því hlutverki að meta orkutap sjóðfélaga í stað tryggingafyrirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins. Er sú breyting í samræmi við það sem gerist í öðrum lífeyrissjóðum.

Af vettvangi tvísköttunarmála

Dagana 11. og 12. desember sl. var haldinn fjórði fundur samninganefnda Íslands og Bandaríkjanna um endurskoðun á eldri tvísköttunarsamningi ríkjanna, sem er frá árinu 1975. Línur hafa skýrt mjög í samningagerðinni og er ráðgert að ljúka henni á fyrstu mánuðum þessa árs. Þá hefur verið leitað eftir fundi með samninganefnd Þýskalands sem allra fyrst, en endurskoðun á eldri tvísköttunarsamningi er mjög langt komin. Þjóðverjar höfðu uppi fyrirvara við lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin, en með nýlegri samþykkt Alþingis um afnám þeirra laga ætti sá fyrirvari að vera fallinn brott.

Annar fundur Íslands og Austurríkis um gerð tvísköttunarsamnings verður haldinn í byrjun maí nk. og er stefnt að því að ljúka samningagerð á þeim fundi. Jafnframt er stefnt að viðræðufundi milli Íslands og Mexíkó um mánaðamótin mars/apríl. Þá er áformað að ljúka viðræðum við Grikkland á þessu ári. Engar formlegar tímasetningar liggja enn fyrir um upphaf viðræðna við Rúmeníu og Úkraínu og sama gildir um Japan. Þá hafa engin svör borist enn við beiðni Íslands um viðræðufund við Ástralíu og Nýja Sjáland.

Mikilvægur áfangi í birtingu tvísköttunarsamninga náðist undir lok síðasta árs með útgáfu C-deildar Stjórnartíðinda fyrir árin 2001-2003. Þar er að finna 8 tvísköttunarsamninga, þ.e. við Lúxemborg, Portúgal, Spán, Grænland, Víetnam, Belgíu, Slóvakíu og Rússneska sambandsríkið, sem allir öðlast lögförmelegt gildi frá og með 1. janúar 2004. Einnig má geta þess að tvísköttunarsamningur Íslands við Ítalíu sem vænst hafði verið að gengi í gildi nú um áramótin, öðlast ekki gildi fyrr en 1. janúar 2005 vegna tafa við fullgildingu samningsins af hálfu Ítala.

Fjármálaráðuneytið flytur alla starfsemi sína í Arnarhvol

Nú um áramótin fluttu starfsmannskrifstofa og efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins á 2. hæð í Arnarhvoli og er nú öll starfsemi ráðuneytisins undir sama þaki. Starfsmannskrifstofa hefur verið til húsa að Sólhvólsgötu 7 en efnahagsskrifstofa að Lindargötu 9. Dómsmálaráðuneytið flutti á síðasta ári úr Arnarhvoli í Skuggasund 3 og við það losnaði rými í Arnarhvoli sem nýtt verður af fjármálaráðuneytinu.

Þetta er í fyrsta skipti síðan 1976 sem allt ráðuneytið er til húsa í sama húsnæði en þá flutti forveri starfsmannskrifstofu, launadeildin, úr Arnarhvoli. Efnahagsskrifstofa ráðuneytisins flutti úr Arnarhvoli í ársbyrjun árið 2000 og hefur verið að Lindargötu 9 frá því hluti Þjóðhagsstofnunar sameinaðist ráðuneytinu um mitt ár 2002.

Við þessa flutninga minnkar það húsnæði sem fjármálaráðuneytið notar um 333 fermetra eða 15%. Verður ráðuneytið nú á tveimur hæðum í Arnarhvoli á 1.928 fermetra samtals. Starfsmenn fjármálaráðuneytisins eru 72 talsins.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember			Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-nóvember			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	3,5	7,6	Almenn mál	16,0	1,7	Handbært fé frá rekstri	-18.135	-22.184	Verðbólga - desember	2,0	2,7
Tekjuskattar	4,2	7,7	Félagsmál	12,4	11,8	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-10.015	-1.631	Kjarnaverb.1- desember	2,8	3,0
Tryggingagjöld	6,3	11,8	Atvinnumál	3,9	15,6	Afborgun lána	-32.463	-30.666	Launavísitala - nóvember	5,7	5,5
Eignarskattar	1,6	-21,8	Vaxtagjöld	6,3	-23,3	Br. lánsfjárfjöfnuður	-50.728	-39.172	Heildarvelta janúar-ágúst	7,0	-0,2
Veltuskattar	2,5	9,7	Önnur útgjöld	2,4	13,9	Lántökur	46.826	39.087	Smá. velta janúar-ágúst	6,6	2,3
Tekjur alls	5,1	11,1	Gjöld alls	10,5	8,6	Greiddsluafkoma	-3.902	-86	Atvinnuleysi - nóvember	2,8	3,0

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



15. janúar 2004


Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Helstu niðurstöður. Fjármálaráðuneytið birtir í dag [nýja þjóðhagsspá](#). Helstu niðurstöður eru þessar:

Talið er að hagvöxtur 2003 hafi orðið um 2½%, um ¾% meiri en áður var spáð. Aukinn hagvöxtur má fyrst og fremst rekja til mikillar aukningar þjóðarútgjalda, bæði neyslu heimilanna og fjárfestingar jafnt opinberra aðila sem einkaaðila. Áftur á móti er gert ráð fyrir 3% hagvexti í ár, ½% minna en í haustspánni sem einkum stafar af meiri innflutningi. Árið 2005 er munurinn frá haustspánni mun meiri þar sem nú er spáð 3½% hagvexti, 2% minna en áður bæði vegna minni einkaneyslu og tilfærslu í stóriðjufrámkvæmdum milli ára.

Aukin þjóðarútgjöld og minni útlutningur árið 2003 koma fram í auknum viðskiptahalla sem er talinn geta orðið um 35 milljarðar króna, 15 milljörðum meira en í haustspánni. Þetta er líka meginskýring meiri viðskiptahalla árin 2004 og 2005 en áður var spáð. Þannig er hallinn talinn geta orðið 44½ milljarðar króna í ár og 57 milljarðar á næsta ári. Sem fyrr má fyrst og fremst rekja mikinn viðskiptahalla til stóriðjufrámkvæmdanna.

Verðbólga er talin haldast tiltölulega stöðug á næstu árum. Þannig er spáð 2½% meðalhækkun neysluverðs árið 2004 og 2¾% hækkun árið 2005. Atvinnuleysi hefur hins vegar reynst prálátara en fyrri spár gerðu ráð fyrir en talið er að það muni fara lækkandi á næstu misserum.



Líkt og í haustspánni er að svo stöddu ekki reiknað með áhrifum af stækkun Norðurláns í þessari spá þar sem endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir. Verði af stækkuninni getur hagvöxtur orðið ½% meiri árin 2004 og 2005.

Mikilvægar forsendur spár um þróun verðlags og atvinnuleysi eru að niðurstaða kjarasamninga leiði til hóflegra launabreytinga og að fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum í takt við það sem kynnt var í langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í haust. Mikilvægustu verkefni hagstjórnar eru að þessi markmið gangi eftir.

Framvinda efnahagsmála 2003. Efnahagsþróunin á nýliðnu ári einkenndist öðru fremur af miklum vexti þjóðarútgjalda sem eru talin hafa aukist um 6¾% samanborið við 3% lækkun að raungildi árið 2002. Samhliða ört vaxandi þjóðarútgjöldum hefur viðskiptahallinn við útlönd aukist. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur hafi verið um 2½% á síðastliðnu ári, verðbólga líðlega 2% og atvinnuleysi 3¾% af vinnuafli.

Efnahagshorfur 2004 og 2005. Á nýbyrjuðu ári er reiknað með að sjávarafli aukist um 6½%. Hér er meðal annars gert ráð fyrir að loðnueiði verði með svipuðum hætti og undanfarin ár. Einnig er reiknað með að virkjunarfrámkvæmdir við Kárahnjúka fari vaxandi á þessu ári í samræmi við áætlanir

Landsvirkjunar og að byrjað verði á framkvæmdum við byggingu álvers og hafnarstöðu á Reyðarfirði.

Á árinu 2004 er gert ráð fyrir að hagvöxtur glæðist og nemi um 3%. Hagvöxturinn er fyrst og fremst borinn uppi af einkageiranum. Vöxtur hins opinbera er hins vegar talinn verða innan við 1%. Með auknum stóriðjufrámkvæmdum og vaxandi þjóðarútgjöldum stefnir óhjákvæmilega í aukinn viðskiptahalla. Verðbólga er talin verða um 2½% á árinu. Niðurstaða kjarasamninga og gengisþróun krónunnar munu ráða miklu um verðlagsþróunina bæði á þessu og næsta ári. Reiknað er með að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 2%. Eftirspurn eftir vinnuafli mun væntanlega aukast og gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði um 3% að meðaltali fyrir árið í heild en fari lækkandi eftir því sem á árið líður.

Árið 2005 er reiknað með að hagvöxtur verði um 3½% og þjóðarútgjöld vaxi um 4¾%. Viðskiptahallinn heldur áfram að aukast. Þrátt fyrir aukna framleiðslu og horfur um vaxandi almenna eftirspurn er gert ráð fyrir því að stöðugleikinn í verðlagsmálum haldist áfram að því gefnu að launahækkunar verði hóflegar. Í spánni er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækki um 3¾%. Í því mati gætir meðal annars áhrifa af ráðgerðri lækkun tekjuskatts einstaklinga. Atvinnuleysi minnkar og verður samkvæmt spánni um 2¾% að meðaltali. Á þessum forsendum er reiknað með að verðbólga haldist hófleg og verði um 2¾%.

Áhrif stækkunar Norðurláns. Á þessari stundu liggur ekki fyrir endanleg ákvörðun um fyrirhugaða stækkun verksmiðju Norðurláns í Hvalfirði. Núverandi áform hafa í för með sér tvöföldun á framleiðslugetu eða úr 90 þúsund tonna ársframleiðslu í 180 þúsund tonn en reiknað er með að verksmiðjan nái fullum afköstum árið 2007. Auk þess eru hugmyndir um enn frekari stækkun, um 60 þúsund tonn, sem kæmi til framkvæmda á árunum 2008-2009. Slík viðbótarstækkun hefði í för með sér minni samdrátt í hagvexti og atvinnu en ella við lok stóriðjufrámkvæmdanna á Austurlandi. Samhliða stækkun verksmiðjunnar um 90 þúsund tonn er ráðgert að Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur leggi til raforku, samtals um 160 MW. Áætlaður stofnkostnaður vegna stækkunar Norðurláns nemur rúmlega 300 milljónum bandaríkjadalara og stofnkostnaður vegna jarðvarmavirkjana og flutningslína um 17 milljörðum króna. Áætlað er að framkvæmdirnar í heild þurfi rúmlega 1.300 ársverk á framkvæmdatímanum 2004-2006.

Stækkun Norðurláns um 90 þúsund tonn hefði umtalsverð áhrif á þá þjóðhagsspá sem hér er kynnt. Þannig má ætla að hagvöxtur geti orðið um ½% meiri á árunum 2004 og 2005 ef af framkvæmdunum verður. Hins vegar er reiknað með að hagvöxtur geti orðið tæplega ½% minni árið 2006 og öðreyttur árið 2007. Viðskiptahallinn gagnvart útlöndum verður töluvert meiri en í grunddæmi, eða um 8½% af landsframleiðslu í stað 6¾% árið 2005, enda munu þessar framkvæmdir leiða til aukins innflutnings vegna einkaneyslu, fjárfestingar atvinnuvega og íbúðabygginga, auk framkvæmdanna sjálfra. Að öðru óbreyttu má gera ráð fyrir að verðbólga muni aukast samhliða stækkun Norðurláns auk þess sem gera má ráð fyrir að gengi krónunnar muni haldast herra um lengri tíma en ella.

Birting nýs efnis á vefsíðu ráðuneytisins

Vakin er athygli á nýju efni um efnahags- og ríkisfjármál sem birt er á vefsíðu fjármálaráðuneytisins. Þetta er í fyrsta lagi [Þróun helstu hagtalna](#) bæði línurit og talnaefnið á bak við myndirnar. Hagtölurnar eru uppfærðar jafnóðum og nýtt efni liggur fyrir. Í öðru lagi eru ítarlegar [Tölur um efnahags- og ríkisfjármál](#) sem alla jafna birtast í Þjóðarþýskunum og fjárlagafrumvarpi. Tölurnar eru uppfærðar jafnóðum og tilefni gefst til. Loks er hafin birting [Annála efnahagsmála](#). Allt þetta efni er birt jöfnum höndum á íslensku og ensku.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember		
	2001-2002	2002-2003
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	3,5	7,6
Tekjuskattar	4,2	7,7
Tryggingagjöld	6,3	11,8
Eignarskattar	1,6	-21,8
Veltuskattar	2,5	9,7
Tekjur alls	5,1	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember		
	2001-2002	2002-2003
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	16,0	1,7
Félagsmál	12,4	11,8
Atvinnumál	3,9	15,6
Vaxtagjöld	6,3	-23,3
Önnur útgjöld	2,4	13,9
Gjöld alls	10,5	8,6

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-nóvember		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-18.135	-22.184
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-10.015	-1.631
Afborgun lána	-32.463	-30.666
Br. lánsfjárfjöfnuður	-50.728	-39.172
Lántökur	46.826	39.087
Greiddsluafkoma	-3.902	-86

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - janúar 2004	1,4	2,4
Kjarnaverb. 1.-jan. 2004	2,1	2,7
Launavísitala - nóvember	5,7	5,5
Heildarvelta janúar-ágúst	7,0	-0,2
Smá. velta janúar-ágúst	6,6	2,3
Atvinnuleysi - nóvember	2,8	3,0



22. janúar 2004

Bifreiðahlunnindi

Í upphafi hvers árs ber fjármálaráðherra að gefa út reglur um skattmat á hlunnindum og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs, sbr. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Önnur meginbreytingin í skattmati ársins 2004 lýtur að bifreiðahlunnindum. Hin varðar hlunnindamat vegna fjálsra afnota á íbúðarhúsnæði sem hækkar úr 4% í 5% af fasteignamati.

Gildandi reglur um bifreiðahlunnindi eru að uppistöðu frá árinu 1989 og byggja á norrænum reglum. Reglurnar hafa hins vegar haldist nánast óbreyttar hér á landi á meðan verulegar breytingar hafa átt sér stað á þeim í nágrennalöndunum í átt til hækunar. Þetta form launa verður sífellt almennara hér á landi sem bendir til þess að það hlunnindamat sem nú gildir endurspeglar hvorki þann kostnað sem launagreiðandinn ber né þann ávinning sem launþeginn hefur af því að fá greidd laun í þessu formi í stað peninga. Þannig töldu 1.776 einstaklingar fram tekjur vegna bifreiðahlunninda á árinu 1997 samanborið við 4.130 á árinu 2002.

Við breytingu á reglum um bifreiðahlunnindi var litið til reglna á hinum Norðurlöndunum og horft til hvernig hlunnindin eru metin í hverju landi fyrir sig miðað við nokkrar mismunandi bifreiðategundir. Einnig var stuðst við tölur FÍB um áætlaðan rekstrarkostnað bifreiða. Þessi athugun leiddi óyggjandi í ljós að mat bifreiðahlunninda var orðið of lágt hér á landi.

Í ljósi þessarar þróunar ákvað fjármálaráðherra að ársúmráð bifreiða, yngri en 3ja ára, skuli metin starfsmanni til tekna sem 26% af verði bifreiðar árið 2004 samanborið við 20% á árinu 2003. Jafnframt verði hlunnindamat vegna eldri bifreiða 21% í stað 15% nú. Er þá miðað við að launagreiðandi greiði einnig allan rekstrarkostnað sem er metið sem igildi 6%. Í þessu felst að tekjur starfsmanns sem hefur til fjálsra úmráða 3ja m.kr. bifreið, hækka um 15 þús. kr. á mánuði, en staðgreiðsla af þeirri fjárhæð nemur tæplega 6 þús.kr. á mánuði.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 356/1999 reyndi á heimild til setningar skattmatsreglna vegna bifreiðahlunninda sem þá voru settar af ríkisskattstjóra. Í dóminum segir m.a.: „...í greinargerð frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 75/1981 (nú lög nr. 91/2003) eru ekki settar efnislegar skorður við því hvernig verðmæti hlunninda skuli metið á hverjum tíma. Hafa skattýfivöldum lengi verið veittar heimildir í lögum til að setja nánari reglur um mat hlunninda og fleira. Við þessar aðstæður hefur það þótt skipta höfuðmáli hvort reglur þær sem stjórnvaldið setur með heimild í slíkum ákvæðum séu málefnalegar og reistar á almennum efnislegum mælikvarða. Matsreglur þær sem hér um ræðir í máli þessu og ríkisskattstjóri setti með heimild í 116. gr. laganna um tekju- og eignarskatt eru einfaldar, hlutlægar og gegnsæjar.“

Fjölgun opinberra starfsmanna

Samtök atvinnulífsins greindu nýlega frá því að opinberum starfsmönnum hefði fjölgað um rúmlega 17% á árunum 1997 til 2002, en starfsmönnum á almennum vinnumarkaði hefði ekki fjölgað um nema 8% á sama tíma.

Fjármálaráðuneytið hefur kannað fjölgun ríkisstarfsmanna í miðlægu launavinnslukerfi sínu á umræddu tímabili. Á þessu tímabili tók ríkið við rekstri Sjúkrahúss Reykjavíkur af Reykjavíkurborg. Heildaraukning ársverka hjá ríkinu var rúmlega 14% en að teknu tilliti til SR var aukningin aðeins 3½%.

Þegar rætt er um opinbera starfsmenn þá er almennt átt við starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Fjölgun hjá sveitarfélögum hefur verið allnokkru meiri en hjá ríkinu. Má ætla að heildarfjölgun opinberra starfa (hjá ríki og sveitarfélögum) sé um 13½% á þessu árabili.

Spyrja má hvað skýri mun á mati fjármálaráðuneytisins og Samtaka atvinnulífsins á fjölgun opinberra starfsmanna. Samtök atvinnulífsins vísa til vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar en almennt má segja að niðurstöður þessara kannana séu nokkuð sveiflukenndar. Í flokkunum *opinber stjórnýssla*, *fræðslustarfsemi* og *heilbrigðis- og félagsþjónusta* hefur orðið fjölgun upp á

rúmlega 17% eins og Samtök atvinnulífsins benda réttilega á. Hins vegar rúma þessir flokkar marga, sem ekki eru opinberir starfsmenn s.s. starfsmenn einkarekinna háskóla og annarra einkarekinna skóla og starfsmenn öldrunar- og hjúkrunarheimila. Auk þess vinna opinberir starfsmenn í ýmsum öðrum flokkum en þarna eru nefndir.

Afnám skilyrðis um starfsstöð fjárvörsluáðila viðbótarlífeyrissparnaðar

Í fjármálaráðuneytinu hefur verið í undirbúningi frumvarp til breytinga á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frumvarpið hefur verið samþykkt í ríkisstjórn og hjá þingflokki stjórnaðflokka og verður lagt fram á Alþingi þegar þing kemur saman að loknu jólahefði. Meðal efnisatriða í frumvarpinu er breyting á ákvæðum 3. mgr. 8. gr. laganna. Samkvæmt nýgildandi lögum er viðskiptaböndum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum heimilt að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingaværingu, enda hafi viðkomandi fyrirtæki starfsstöð hér á landi. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að sambærilegum erlendum fjármálfyrirtækjum, sem hafa starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, verði heimilt að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingaværingu. Framangreind breyting er í samræmi við tülkun Evrópuþingmálsins á 49. gr. Rómarsáttmálans (36. gr. EES-samningsins) um fjálsa þjónustustarfsemi, nýlega dóma dómstólsins um frádrátt iðgjalda til séreignarlífeyrissjóða og athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA. Þannig þykir nýgildandi skilyrði um starfsstöð fjárvörsluáðila viðbótarlífeyrissparnaðar hér á landi brjóta í bága við 36. gr. EES-samningsins um frelsi ríkisborgara aðildarríkja ESB og EFTA til að veita þjónustu.

Ástandið á vinnumarkaði er ennþá óljóst

Á síðustu dögum hafa birst tvennar nýjar upplýsingar um vinnumarkaðinn. Annars vegar birti Hagstofan vinnumarkaðsrannsóknir sínar (VMK) fyrir fjórða ársfjórðung og fyrri en um helstu niðurstöður þeirra er fjallað í endurskoðaðri [þjóðhagsspá](#) ráðuneytisins. Hins vegar birti Vinnuálastofnun skýrslu um atvinnuástandið í desember en það mældist 3,1% og þar með að meðaltali 3,4% fyrir allt árið 2003. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi í desember er lægra en í nóvember sem segir að enda þótt atvinnuleysið hafi vaxið sé hækkin minni en við hefði mátt búast á þessum árstíma.

Atvinnuleysið er að þróast mismunandi eftir aldursflokkum. Það er minna en það var fyrir ári hjá þeim sem eru yngri en tvítugir, þótt það hafi farið ört vaxandi undanfarna mánuði. Nemendur í dagskólum á framhaldsskólastigi eru fleiri í ár en nokkru sinni og á skólasóknin efallítið sinn þátt í minna atvinnuleysi í þessum hópi. Mest aukning atvinnuleysis er hins vegar hjá þeim sem eru á sextugsaldri.

Sem fyrr eru vísendingar af atvinnuleysistölum nokkuð tvíærðar. Þannig er langtímaatvinnuleysi (>26 vikur) tekið að aukast á nýjan leik og er meira en það var fyrir ári síðan. Hins vegar hefur fjöldi þeirra sem eru nýir á skrá (<4 vikur) farið nær stöðugt minnkandi. Þetta ýtir stoðum undir það að það geti farið að draga úr atvinnuleysi.

Þeir sem hafa minnst menntunina eru líklegastir til að vera atvinnulausir. Tveir þriðju þeirra sem voru atvinnulausir í lok nóvember höfðu einungis grunnskólamenntun eða sambærilegt nám að baki, en samkvæmt rannsóknnum Félagsvísindastofnunar er einungis þriðji hver landsmaður með svo litla menntun. Minnst er hlutfallslegt atvinnuleysi hjá þeim sem eru með einhvers konar framhaldsskólamenntun. Tölf mánaða breyting atvinnuleysis eftir menntun er mest hjá þeim sem eru með háskólamenntun. Atvinnuleysi hefur einungis minnkað á síðasta ári hjá þeim sem hafa iðnnám eða vélstjórnar- og stýrimannánám að baki.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember			Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-nóvember			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	3,5	7,6	Almenn mál	16,0	1,7	Handbært fé frá rekstri	-18.135	-22.184	Verðbólga - janúar 2004	1,4	2,4
Tekjuskattar	4,2	7,7	Félagsmál	12,4	11,8	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-10.015	-1.631	Kjarnaverðb.1 - jan. 2004	2,1	2,7
Tryggingagjöld	6,3	11,8	Atvinnuástand	3,9	15,6	Afborgun lána	-32.463	-30.666	Launavísitala - nóvember	5,7	5,5
Eignarskattar	1,6	-21,8	Vaxtagjöld	6,3	-23,3	Br. lánsfjárfjöfnuður	-50.728	-39.172	Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Veltuskattar	2,5	9,7	Önnur útgjöld	2,4	13,9	Lántökur	46.826	39.087	Smá velta janúar-október	-0,9	1,3
Tekjur alls	5,1	11,1	Gjöld alls	10,5	8,6	Greiddsluafkoma	-3.902	-86	Atvinnuleysi - desember	3,0	3,1

Umjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



29. janúar 2004

Samanburður þjóðhagsspáa fjármálaráðuneytisins

Í haustskýrslu fjármálaráðuneytisins 2003 var tekin upp sú nýbreytni að birta samanburð við fyrri þjóðhagsspár. Jafnframt var gerð grein fyrir helstu frávikum frá fyrri spám í þeim tilgangi að auka gegnsæi og upplýsingagjöf ráðuneytisins á þessu sviði. Svipaður háttur var hafður á í nýlegri endurskoðun þjóðhagsspár en þar voru birtar helstu niðurstöður úr spám ráðuneytisins fyrir árin 2003, 2004 og 2005. Hér á eftir er gerð grein fyrir breytingum sem orðið hafa á spánum fyrir árið 2003 frá því að ráðuneytið birti sína fyrstu spá í október 2002.

Helstu breytingar sem orðið hafa frá því fyrsta spáin var gerð eru eftirfarandi: Þjóðarútgjöld hafa vaxið fjórfalt hraðar sem einkum má rekja til aukinnar einkaneyslu en einnig hafa fjárfestingar- og samneysluútgjöld vaxið meira en fyrstu spár gerðu ráð fyrir. Sama gildir um innflutning. Útflutningur hefur hins vegar orðið mun minni. Þessi þróun hefur skilað sér í meiri hagvexti en einnig í auknum viðskiptahalla. Frávik í launa- og verðlagsmálum eru minni en gengi íslensku krónunnar hefur hins vegar styrkst töluvert frá fyrstu spám. Loks hefur atvinnuleysi reynt þrálátara.

Hvaða þættir skýra þessi frávik? Stærstu frávikin má rekja til mismunandi forsendna um stóriðjuframkvæmdir þar sem spámar hafa ýmist gert ráð fyrir engum stóriðjuframkvæmdum (október og desember 2002), álversframkvæmdum bæði á Reyðarfirði og á Grundartanga (apríl 2003) eða einungis á Reyðarfirði eins og gert var í síðustu tveimur spám (október 2003 og janúar 2004). Þessi þáttur hefur mest áhrif á fjárfestingu og gengi íslensku krónunnar.

Þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins vegna ársins 2003

Magnbreytingar, %	Okt.-02	Des.-02	Apr.-03	Okt.-03	Jan.-04
Einkaneysla	1 ¼	1 ¼	1 ¼	3 ¼	6
Samneysla	1	2 ¼	2 ¼	3 ½	4
Fjárfesting	1 ¾	2	11 ¼	7 ¾	10½
Þjóðarútgjöld alls	1 ½	1 ¾	3 ½	4 ¼	6¾
Útflutningur alls	3 ½	3	1	- ½	-½
Innflutningur alls	3	3	2 ½	5 ¾	10¾
Landsframleiðsla (VLF)	1 ½	1 ¾	2 ¼	1 ¾	2 ½
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	- ¼	- ½	-1 ¼	-2 ½	-4¼
Tekjufjöfnuður hins opinb., % af VLF	¼	¼	-0	-1	-2
Tekju- og verðlagsbr., %					
Ráðstöfunartekjur á mann	4 ¼	5	3 ¾	3 ½	3½
Laun	4 ½	4 ¼	5	5	5½
Kaupmáttur ráðstöfunart.á mann	2	2 ½	2	1 ½	1½
Vísitala neysluverðs	2 ¼	2 ¼	2	2	2
Gengisvísitala, stig	130,0	130,0	122,0	124,0	123
Atvinnuleysi, % af mannafla	2 ½	2 ¾	3	3 ¼	3¼

Einnig er athyglisvert að skoða þróun einkaneysluspárinna. Helsti áhrifaþáttur einkaneyslu heimilanna er alla jafna kaupmáttur ráðstöfunartekna. Hann skýrir þó ekki þessa miklu aukningu þar sem hann hefur aukist mun minna en einkaneyslan. Hér koma því einnig til sögunnar væntingar heimilanna um aukinn kaupmátt á næstu misserum vegna stóriðjuframkvæmdanna og lækkunar skatta. Auk þess má ætla að sterk staða krónunnar og þar með hagstætt innflutningsverð og væntingar um að þessi staða sé tímabundin eigi hér hlut að máli. Öll þessi atriði valda því að heimilin taka lán til að fjármagna aukna neyslu. Aukin neysla heimilanna hefur einnig verið skýrd með svokölluðum auðsáhrifum, þ.e. áhrifum verðhækkunar fasteigna og annarra eigna. Erfitt er þó að meta þessi áhrif. Í því samhengi er fróðlegt að skoða niðurstöður könnunar í OECD-rikinum á ástæðum minnkandi sparnaðar einkaaðila síðasta áratug sem fjallað er um hér á eftir.

Hvaða þættir hafa áhrif á sparnað heimilanna?

Sparnaður heimilanna dróst saman á tíunda áratug síðustu aldar í flestum OECD-rikinum. Á sama tíma jukust bæði eignir og skuldir einkaaðila sem hlutfall af landsframleiðslu. Margir túlkuðu þessa þróun þannig að fólk hafi álitnið hækkuð hlutabréfa- og fasteignaverðs á þessum tíma varanlega og því dregið úr sparnaði, þ.e. að svokölluð auðsáhrif skýri minnkandi sparnað heimila og fyrirtækja. Þetta olli vissum áhyggjum um að lækkuð hlutabréfa-verði gæti orðið til þess að heimilin færu að auka sparnað sinn einmitt þegar þörf væri á aukinni neyslu til að koma í veg fyrir niðursveiflu. Þessi sýn hefur ekki orðið að veruleika þrátt fyrir lækkanir á hlutabréfamörkuðum undanfarin ár. Hugsanlegt er að hækkanir fasteignaverð hafi vegið hér á móti. Önnur skýring gæti verið að þróun sparnaðar ráðist ekki einungis af eignastöðu heldur af öðrum þáttum.

Um þetta er fjallað í nýlegri rannsókn á vegum OECD ([Economic Studies No.36, 2003/1](#)) um sparnað heimilanna á tímabilinu 1970-2000 í 15 OECD löndum. Niðurstöðurnar benda til þess að ýmsir þættir aðrir en eignastaða hafi áhrif á sparnað heimilanna. Þannig hafði sparnaður hins opinbera mest áhrif á sparnað heimilanna þar sem hann dróst yfirleitt saman þegar sparnaður hins opinbera jókst. Einnig hafði aldursdreifing þjóðarinnar áhrif auk framleiðni, breytinga á viðskiptakjörum við útlönd og raunvaxta. Aldursdreifing þjóðarinnar (mæld sem fjöldi einstaklinga á eftirlaunum á móti fjölda starfandi) og raunvextir höfðu neikvæð áhrif á sparnað en bætt viðskiptakjör og framleiðni höfðu jákvæð áhrif. Þessir þættir virðast -skýra megnið af breytingum á sparnaðarhlutfallinu þar sem aftur á móti fyrrnefnd auðsáhrif eru mun veigaminni skýringarstærð.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða

Útflutningsverðmæti sjávarafurða janúar til nóvember 2003 dróst saman um tæpa 15 milljarða króna frá sama tímabili árið áður en tölur fyrir árið í heild hafa ekki verið birtar. Þetta samsvarar 12,5% samdrætti en vöruútflutningur í heild dróst saman um 11%. Meginskýringar þessa eru þrjár; styrking krónunnar, minni útflutningsframleiðsla og lægra afurðaverð erlendis.


Af þessum þremur þáttum er það styrking krónunnar sem vegur þyngst en krónan styrktist um 7% milli þessara tímabila ef miðað er við gengisskráningarveg. Gengisskráningarveginn er endurskoðuð árlega og endurspeglar utanríkisviðskipti árið á undan, bæði vöru- og þjónustuviðskipti. Ef útbúin er sérstök útflutningskarfa sjávarútvegs eftir samsetningu útflutnings árið 2002 kemur í ljós að það er einkum munur á dollar og pundi milli þessara karfa, dollar er mun sterkari í gengisskráningarveginn en pundið er tvöfalt veikara. Vægi evrunnar er svipað í báðum körfum. Gengi krónunnar gagnvart þessum myntum hefur próast nokkuð misjafnlega, þannig hefur meðalgengi Bandaríkjadollars árið 2003 lækkað um 16% frá meðalgengi ársins 2002, pundið um tæp 9% en evran aftur á móti haldið sínum styrk. Það má því segja að útflutningur sjávarafurða hafi verið til hagstæðari landa krónulega séð en gengisskráningarveginn segir til um.

Verðvísitala sjávarafurða í ísl. kr. fyrstu ellefu mánuði ársins 2003 lækkaði um rúm 9% frá sama tímabili árið áður og lýsir það styrkingu krónunnar en einnig hafa breytingar á samsetningu vinnslutegunda áhrif á vísitöluna svo og verðbreytingar erlendis. Verðvísitalan í erlendri mynt sem miðuð er við SDR er oft notuð til að skýra verðlagsbreytingar í útlöndum, en hún var 0,5% hærrí á þessu tímabili en árið áður. SDR einingin er samsett úr fjórum myntum; dollar, evru, japönsku jeni og pundi. Í dag vegur dollar um 39% í myntkörfu SDR, evran 36%, pund 12% og jenið 13%. Þessi samsetning mynta er nokkuð önnur en er í útflutningskörfu sjávarútvegs, því gefur þessi vísitala ekki góða mynd af verðbreytingum sjávarafurða um þessar mundir.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs 2003

Birting bráðabirgðatalna um greiðsluafkomu ríkissjóðs árið 2003 frestast til 5. febrúar nk. þar sem uppgjöri er ekki lokið.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember			Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-nóvember			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003		2002	2003		2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			M.kr.			12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	3,5	7,6	Almenn mál	16,0	1,7	Handbært fê frá rekstri	-18.135	-22.184	Verðbólga - janúar 2004	1,4	2,4
Tekjuskattar	4,2	7,7	Félagsmál	12,4	11,8	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-10.015	-1.631	Kjarnaverðb.1- jan. 2004	2,1	2,7
Tryggingagjöld	6,3	11,8	Atvinnumál	3,9	15,6	Afborgun lána	-32.463	-30.666	Launavísitala - desember	5,4	5,4
Eignarskattar	1,6	-21,8	Vaxtagjöld	6,3	-23,3	Br. lánsfjárfjöfnuður	-50.728	-39.172	Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Veltuskattar	2,5	9,7	Önnur útgjöld	2,4	13,9	Lántökur	46.826	39.087	Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Tekjur alls	5,1	11,1	Gjöld alls	10,5	8,6	Greiðsluafkoma	-3.902	-86	Atvinnuleysi - desember	3,0	3,1



5. febrúar 2004

Greiðsluafkoma ríkissjóðs árið 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs á síðastliðnu ári. Uppgjörði hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er því ekki samanburðarhæft við ríkisreikning eða rekstrargrunn fjárlaga.

Greiðsluafkoman er í meginatriðum í samræmi við efnahagsforsendur sem lágu til grundvallar í fjárlögum ársins þar sem gert var ráð fyrir að staða ríkissjóðs myndi veikjast töluvert á árinu. Þannig var handbært fé frá rekstri neikvætt um 19,1 milljarð króna í fyrra samanborið við 16,3 milljarða króna neikvæða stöðu árið 2002. Þessi útkoma er hins vegar 8½ milljarði króna hagstæðari en síðustu áætlanir gerðu ráð fyrir sem einkum má rekja til minna útstreymis gjalda.

Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 31 milljarð króna í fyrra sem er svipað og áætlað var en tæplega 19 milljörðum króna betri staða en árið 2002. Þar munar mestu um tekjur af sölu eigna ríkisins en innstreymi vegna hennar nam 11,4 milljörðum króna. Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs á árinu 2003 var því jákvæður um 11,8 milljarða króna sem er mikill viðsnúningur miðað við árið 2002 þegar lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 4,1 milljarð króna.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 259,8 milljörðum króna á árinu sem er liðlega 26 milljarða króna eða 11% hækkun frá árinu á undan. Þar munar mestu um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Búnaðarbanka Íslands, 10,1 milljarður, og Íslenskum aðalverktökum, 1,3 milljarðar. Þetta er tæplega 1 milljarði króna hærra en gert var ráð fyrir á fjárlögum. Skatttekjur ríkissjóðs námu 230,5 milljörðum króna og hækkuðu um 8,7% frá fyrra ári og 2 milljarða frá fjárlögum. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 2,1% frá fyrra ári þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 6½%. Þessi þróun er í takt við endurskoðaða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld hafi aukist um 6½% að raungildi á síðasta ári.


Skattar á tekjur og hagnað hækkuðu um 12,2% milli ára. Þar af skiluðu tekjuskattar einstaklinga um 3,2 milljörðum krónum meira en árið 2002, sem er 6,1% aukning, og tekjuskattar lögaðila skiluðu einnig 3,3 milljörðum króna meira en í fyrra, sem er 48,5% aukning. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 5,6% á sama tímabili. Innheimta tryggingagjalda jókst um 12,3% á milli ára en sú aukning endurspeglar annars vegar almennar launahækkunir og hins vegar hækkingu tryggingagjaldsins, um ½%, sem tók gildi í byrjun árs 2003. Tekjur af eignarskattum lækkuðu á hinn bóginn um 21,4% frá fyrra ári en bæði eignarskattar fyrirtækja og einstaklinga voru lækkaðir um meira en helming á þessu tímabili. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst um 9,1% frá 2002 eða um 6,9% að raungildi. Þar af vegur 9% aukin innheimta virðisaukaskatts þyngst en aðrir óbeinir skattar hækkuðu um svipað hlutfall. Sérstök ástæða er til að nefna að talsverð aukning varð í innheimtu vörugjalda af ókutækjum, eða 54,4%, sem endurspeglar hliðstæða aukningu í innflutningi bifreiða.

Greiðd gjöld árið 2003 námu 268,7 milljörðum króna og hækkuðu um 21,9 milljarða frá fyrra ári, eða um 8,9%. Gjöldin voru hins vegar 10 milljörðum innan fjárheimilda og skýrist tæpur helmingur fráviksins af lægri greiðslum til samgöngumála. Veigamestu útgjöldin eru til félagsmála, eða 172,1 milljarður, en þau veiga 64% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála sem námu 71,5 milljörðum króna og hækkuðu um 6,5 milljarða króna frá fyrra ári. Greiðslur til almannatrygginga námu 55,1 milljarði og hækkuðu um 7,5 milljarða króna eða tæplega 16%. Hækkunin skýrist einkum af auknu atvinnuleysi og kostnaðar vegna endurákvörðunar tekjutryggingar örorkulífeyrisþega. Aðrir liðir almannatrygginga hækkuðu að meðaltali um 12% milli ára. Greiðslur til atvinnumála voru 40,9 milljarðar og hækkuðu um 4,4 milljarða frá fyrra ári. Þar munar mestu um 2,8 milljarða hækkun greiðslna til Vegagerðarinnar. Á móti vegur að vaxtagreiðslur lækkuðu um 2,8 milljarða króna, eða 16% milli ára. Stór flokkur spariskirteina var á gjalddaga í apríl 2002 og skýrir það lækkingu vaxtagreiðslna 2003.

Innflutningur í janúar 2004

Vöruinnflutningur í janúar virðist hafa verið með allra mesta móti miðað við árstíma ef marka má bráðabirgðatölur byggðar á upplýsingum um innheimtu virðisaukaskatts. Samkvæmt þeim voru fluttar inn vörur fyrir rúmlega 16 milljarða króna, skip og flugvélar ekki meðtalin. Þetta er rúmlega 40% meiri innflutningur að raungildi en í janúar í fyrra og ef þriggja mánaða meðaltöl eru skoðuð er um fimmfaldings aukningu að ræða.

Meginskýring þessarar aukningar virðist vera innflutningur á eldsneyti og hrá- og rekstrarvörum, auk áframhaldandi mikils innflutnings á fjárfestingavörum. Veruleg aukning er einnig í innflutningi mat- og drykkjarvara. Reynslan sýnir að verulegar sveiflur geta verið í innflutningi milli mánaða og þarf því að fara varlega í því að draga almennar ályktanir varðandi þróun innflutnings á þessu ári.



Vöruskiptajöfnuður hefur verið jákvæður um nokkra milljarða króna í janúar mánuði síðustu tvö ár en í ljósi óvenjumikils innflutnings í janúar er frekar ólíklegt að það náist nú og líklegra að hann verði nær jafnvægi, jafnvel neikvæður. Gengi krónunnar er einnig um 3% hærra nú borið saman við meðaltal janúarmánaðar í fyrra. Varðandi útlutning sjávarafurða þá virðist afli hafa verið með minna móti í janúar enda hafa gæftir ekki verið góðar. Afli í desember var minni nú en í desember árið áður, þorskaflí var t.d. um 3.000 tonnum minni. Ennfremur var verðlag sjávarafurða í íslenskum krónum rúmlega 4% lægstra síðastliðnum en í desember 2002. Loðnuveiðar hófust aftur síðari hluta janúarmánaðar en ekkert veiddist í desember. Af framansögðu virðist ólíklegt að verðmæti útluttra sjávarafurðir í janúar verði meira en í fyrra.

Aðild Eystrasaltsríkjanna að NIB


Í næstu viku verður undirritaður í Helsinki nýr milliríkjasamningur um Norræna fjárfestingarbankann sem Norðurlandþjóðirnar fimm stofnuðu á árinu 1975. Samkomulag hefur náðst um að Eystrasaltsríkin þrjú verði eignaraðilar að bankanum með sömu réttindum og skyldum og núverandi eigendur. Fulltrúar fjármálaráðherra ríkjanna átta hafa undanfarna mánuði unnið að gerð nýs samnings um bankann sem öll ríkin verða aðilar að. Eftir undirritun verður samningurinn lagður fyrir þjóðþing ríkjanna til staðfestingar. Miðað er við að eignaraðild Eystrasaltsríkjanna komi til framkvæmda 1. janúar 2005. Stærð eignarhlutar hvers þeirra um sig er fundin eftir sömu viðmiðunum og ákvarða eignarhlut núverandi eigenda, þ.e. á grundvelli hlutfallslegs vægis vergra þjóðartekna. Samtals verður eignarhlutur Eystrasaltsríkjanna í bankanum um 3,4%. Eignarhlutur Íslands er um 1%. Öll aðildarríkin munu hér eftir sem hingað til eiga jafnmarga fulltrúa í stjórn og eftirlitsnefnd bankans og skiptast á um formennsku og varaformennsku í stjórnarstofnunum hans. Fjármálaráðherra mun undirrita samninginn fyrir Íslands hönd.

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	4,3	8,7
Tekjuskattar	4,4	12,2
Tryggingagjöld	7,0	12,3
Eignarskattar	3,1	-21,4
Veltuskattar	3,8	9,1
Tekjur alls	5,8	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	12,4	2,0
Félagsmál	13,4	11,6
Atvinnumál	6,1	12,3
Vaxtagjöld	5,8	-16,0
Önnur útgjöld	12,1	16,0
Gjöld alls	11,5	8,9

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-16.300	-19.108
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-4.133	11.843
Afborgun lána	-32.298	-30.702
Br. lánsfjárfjöfnuður	-45.431	-26.359
Lántökur	42.914	24.749
Greiðsluafkoma	-2.518	-1.610

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - janúar 2004	1,4	2,4
Kjarnaverðb.1- jan. 2004	2,1	2,7
Launavísitala - desember	5,4	5,4
Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Atvinnuleysi - desember	3,0	3,1



12. febrúar 2004

Skattaleg staða launþega erlendra starfsmannaleiga

Að undanfögnu hefur umræða staðið um skattalega stöðu launþega sem ráðnir eru af erlendum starfsmannaleigum til að vinna hér á landi. Málavextir eru í þessum tilvikum þeir að fyrirtæki sem er skattskyld hér á landi óskar eftir að ráða starfsmenn í gegnum erlenda starfsmannaleigu. Hin erlenda starfsmannaleiga leigir starfsmennina til íslenska fyrirtækisins. Launþegar erlendu starfsmannaleigunnar koma hingað til lands í tiltekinn tíma til að vinna fyrir íslenska fyrirtækið. Starfsmenn sem ráðast til starfa á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli bera hér á landi ýmist fulla og ótakmarkaða skattskyldu samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eða takmarkaða skattskyldu samkvæmt 1. tölul. 3. gr. sömu laga. Ræðst það af því hversu lengi dvöl þeirra er hér á landi. Í því felst m.a. að þeim ber að skila hér framtali samkvæmt 90. gr. laga nr. 90/2003. Í 3. gr. laga nr. 90/2003 er sérstaklega kveðið á um að takmarkaða skattskyldu beri þeir menn sem stunda atvinnu hér á landi „á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili“.

Á þessum grundvelli er ljóst að innlenda fyrirtækið ber ábyrgð á staðgreiðslu af launum hinna erlendu starfsmanna eins og annarra launamanna sem hér starfa tímabundið. Ákvæði 3. og 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda ber að skýra til samræmis við þetta. Því er ljóst að innlenda fyrirtækið er jafnan staðgreiðsluskyldur launagreiðandi vegna staðgreiðslu af launum starfsmanna sem það ræður til starfa samkvæmt samningum um útleigu á vinnuafli, enda leiði könnun á sambandi aðila í ljós að skattalegt réttarsamband þeirra sé með þeim hætti að líta beri á það sem samband launamanns og launagreiðanda í skattalegu tilliti. Samkvæmt þessu er lítið svo á að samningur skattskylds fyrirtækis við erlenda starfsmannaleigu um að hún láti í té starfsmenn geti aldrei breytt stöðu skattskylda fyrirtækisins sem launagreiðanda. Innlenda fyrirtækið ber því allar skyldur sem launagreiðandi gagnvart starfsmönnum og ber það þar með allar skyldur sem launagreiðandi andi samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Innlenda fyrirtækinu ber því að halda eftir staðgreiðslu af launum starfsmanna ásamt því að greiða tryggingagjald af launum. Með sama hætti ber því að standa skil á launaframtali. Því ber jafnframt að gera grein fyrir launagreiðslum á launamiðum samkvæmt 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.


Tvenns konar mælingar á atvinnuleysi

Á meðfylgjandi mynd er annars vegar sýndur fjöldi skráðra atvinnulausra samkvæmt atvinnuleysisrákráningu Vinnuálfstofnunar (VMS) og hins vegar heildarfjöldi atvinnulausra í úrtakskönnunum Hagstofunnar (VMK). Fram til 2003 sýnir skráða atvinnuleysisd tölur fyrir sömu mánuði og VMK fór fram í (apríl og nóvember) en í fyrra er sýnt meðaltal hvers ársfjórðungs. Sýnd eru svo kölluð öryggismörk fyrir hinar metnu tölur úr VMK en þau má túlka þannig að 95% líkur séu á því að rétt tala liggi á milli ytri marka sem þarna eru sýnd. Skilgreining VMK á atvinnulausum einstaklingi er að viðkomandi sé ekki ráðinn til vinnu en sé að leita eftir vinnu og tilbúinn að hefja störf innan tveggja vikna. Hluti þeirra sem eru skráðir atvinnulausir er í vinnu (aðallega í hlutastörfum og skráður atvinnulaus að hluta) en hluti svarar því neitandi að verið sé að leita að vinnu sem viðkomandi væri tilbúinn að taka. Þeir einstaklingar teljast ekki til vinnuafllsins samkvæmt skilgreiningu VMK. Þessu til viðbótar er allstór hópur sem er án atvinnu en er ekki skráður atvinnulaus. Fyrir árið 2002 voru atvinnulausir taldir 5.300 að meðaltali samkvæmt VMK, þar af voru 2.700 á atvinnuleysisrákrá en 2.600 atvinnulausir án þess að vera á skrá. Um 1.400 manns töldust vera á atvinnuleysisrákrá án þess að uppfylla skilgreiningu VMK á atvinnuleysi.

Þrátt fyrir mismunandi skilgreiningar á atvinnuleysi hafa þessar tölur fylgst nokkuð vel að en fjöldi í VMK hefur þó oftast verið nokkuð hærri en skráð

atvinnuleysi. Mestu munar að þegar atvinnuleysi er að aukast eru metnu tölurnar hærri, sennilega vegna þess að þá er fólk að missa vinnuna sem ekki hefur skráð sig atvinnulaust, ýmist vegna þess að það telur sig ekki eiga rétt á bótum, telur sig munu fá vinnu fljótlega eða jafnvel vill ekki þiggja bætur.

Skráð og mælt atvinnuleysi



Heimild: Vinnuálfstofnun og Hagstofa Íslands.

Tölurnar eru líkar þegar atvinnuleysið er stöðugt eða minnkandi. Seinni hluta 2003 bregður svo við að VMK metur færri atvinnulausa en skráðir eru tvo ársfjórðunga í röð enda þótt skráð atvinnuleysi sé innan öryggismarkna talnanna úr VMK á síðasta ársfjórðungi. Það hefur ekki komið fyrir áður svo neinu nemi og þess vegna er ekki auðvelt að túlka það sem þarna kemur fram. Vinnuálfstofnunarir eru nú gerðar jöfnum höndum allt árið en voru áður einungis framkvæmdar tvisvar á ári. Það kann að eiga sinn þátt í að skýra það frávik sem tölurnar gefa í skyn.

Áætlun um framboð vinnuaflls 2004

Fjármálaráðuneytið hefur áætlað framboð vinnuaflls eftir kyni, landshlutum og mánuðum fyrir árið 2004. Framboðið vinnuafll er sá hópur sem er í vinnu eða atvinnulaus en tilbúinn til starfa. Þessar tölur eru notaðar af Vinnuálfstofnun við útreikning á hlutfallslegu atvinnuleysi í hverjum mánuði. Til grundvallar er framreikningur ráðuneytisins á mannfjölda á starfsaldri í hverjum landshluta. Framboð vinnuaflls er nokkuð breytilegt yfir árið og er dreifing á fjölda í staðgreiðslugögnum notuð til útreiknings á þessari dreifingu. Framboð vinnuaflls er mest yfir há sumarið og síðan í desember en minnst yfir há veturinn. Þarna munar mestu um atvinnuþátttöku skólafólks. Mat ráðuneytisins á framboðnu vinnuaflli er mælt í ársverkem sem er eldri viðmiðun um vinnumagn, þótt vitað sé að ekki er um hárrétt vinnuálfstofnunar mælingu að ræða. Vinnuálfstofnun mælir síðan tapaða vinnudaga og því er reynt að meta magnstarðir bæði í teljara og nefnara þegar hlutfall atvinnuleysis er reiknað. Vitað er að þessar tölur eru ekki fullkomnar og þær eru ekki leiðréttar eftir, enda hafa tölur um ársverk ekki verið gefnar út eftir árið 1997. Engu að síður er áfram talið rétt að reikna þessar tölur með sem líkustum hætti þannig að langar tímaráðir um atvinnuleysi raskist sem minnst. Ráðuneytið áætlar að framboðið vinnuafll vaxi um 0,9% á yfirstandandi ári frá 2003. Hlutfallsleg aukningin er mest á Austurlandi, eins og vænta mátti en því næst á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra er reiknað með að framboðið vinnuafll verði minna í ár en í fyrra. Upplýsingar um framboð vinnuaflls eftir landshlutum, kyni og mánuðum eru [hér](#).

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
	2001-2002	2002-2003
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,3	8,7
Tekjuskattar	4,4	12,2
Tryggingagjöld	7,0	12,3
Eignarskattar	3,1	-21,4
Veltuskattar	3,8	9,1
Tekjur alls	5,8	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
	2001-2002	2002-2003
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	12,4	2,0
Félagsmál	13,4	11,6
Atvinnuálfstofnun	6,1	12,3
Vaxtagjöld	5,8	-16,0
Önnur útgjöld	12,1	16,0
Gjöld alls	11,5	8,9

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2002	2003
Handbaert fê frá rekstri	-16.300	-19.108
Hr. lánsfjárfönuður	-4.133	11.843
Afborgun lána	-32.298	-30.702
Br. lánsfjárfönuður	-45.431	-26.359
Lántökur	42.914	24.749
Greiðsluafkoma	-2.518	-1.610

Ýmsar hagfélur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - febrúar 2004	1,5	2,3
Kjarnaverðb.1 - febr. 2004	2,3	2,5
Launavísitala - desember	5,4	5,4
Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Smá velta janúar-október	-0,9	1,3
Atvinnuleysi - desember	3,0	3,1



19. febrúar 2004

Flutningar milli landa í jafnvægi

Í nýbirtum tölum Hagstofunnar um búferlaflutninga á árinu 2003 kemur fram að flutningar af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins voru minni en þeir hafa verið frá 1980. Nú fluttust 559 fleiri til svæðisins innanlands en frá því. Höfuðborgarsvæðið tapaði fólki til útlanda enda þótt sá fjöldi hafi verið minni en hann 2002. Þessar breytingar hljóta fyrir en síðar að hafa áhrif á eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði en hún getur verið mjög viðkvæm fyrir tiltölulega litlum breytingum á aðstæðum. Hins vegar er húsnæðismarkaðurinn mjög flókið fyrirbæri þar sem bæði stærð, gerð og staðsetning þess húsnæðis sem í boði er skiptir miklu máli. Þá má ekki gleyma því að frá fyrri árum voru vísbendingar um að uppsöfnuð þörf fyrir húsnæði kynni að vera fyrir hendi. Engu að síður er ljóst að hin breytta íbúðarþróun mun hafa áhrif á eftirspurnina.

Landsbyggðin var í plús gagnvart útlöndum 2003 þótt hann hafi ekki verið stór. Þarna munar efalítið um framkvæmdirnar eystra en margir landshlutar fá fleiri að utan en þeir tapa.


Aðfluttir erlendir ríkisborgarar reyndust 480 fleiri en brottfluttir. Aðflutningur þeirra hefur þó dregist mjög saman eftir aldamótakúfinn. Hjá íslenskum ríkisborgurum var hins vegar nettótáp; aðfluttir voru nær því jafnmargir og 2002 en það dró úr brottflutningi. Heildarniðurstaða varðandi þá var töluvert betri en spáð hafði verið. Ráðuneytið hafði reiknað með að nettótalan yrði

-1.000 hjá Íslendingum en hún varð -613.

Atvinnuleysi heldur minna en fyrir ári

Vinnuálastofnun hefur nú birt skýrslu um atvinnuástand í janúar. Hlutfallslegt atvinnuleysi mældist 3,7% en það er 0,1% lægri tala en var fyrir ári. Þess ber að geta að framboð vinnuáfls sem hlutfallslega atvinnuleysið reiknast út frá er 0,9% meira en það var fyrir ári. Þó voru 120 manns færri atvinnulausir nú og munar þar mestu að 185 færri karlar voru atvinnulausir á landsbyggðinni. Þar hafa framkvæmdirnar eystra efalítið eitthvað að segja enda þótt mesti munurinn sé að nú voru 70 færri atvinnulausir á Suðurnesjum en í fyrra.

Fjöldi atvinnulausra eftir aldri



Lengd atvinnuleysis eru grunnupplýsingar um það sem er að gerast á vinnumarkaðinum. "Nýliðun" er vísbending um hverjir eru að missa vinnuna. Fjöldi þeirra sem hefur verið á skrá innan við 4 vikur er nokkuð stöðugur, rokkar milli 7-900. Talan var óvenjuhá fyrir síðasta mánuð en hún er samt 300 manns lægri en fyrir ári. Langtímaatvinnuleysi hefur farið heldur minnkandi, þótt það sé meira en í fyrra.

Á myndinni hér fyrir ofan má sjá hvernig atvinnuleysi hefur þróast eftir aldri. Í yngsta hópnum hefur það farið stöðugt vaxandi. Þó er þess að geta að færri

eru nú atvinnulausir en í fyrra í öllum aldursflokkum yngri en 50 ára nema í hópi 30-34 ára.

Tölur um skráð atvinnuleysi eru enginn allsherjarmælikvarði á ástand efnahagslífsins en þessar nýju tölur virðast þó benda til þess að þróunin sé í rétta átt. Atvinnuleysi hefur ekki minnkað á þann hátt sem reiknað var með, bæði vegna þess að orkuframkvæmdirnar eystra hafa verið meira mannaðar af aðkomumönnum en reiknað hafði verið með og margfeldisáhrifin á hagkerfið hafa því orðið minni en einnig vegna þess að sá bati sem þó er orðinn í efnahagslífinu hefur ekki kallað á eins marga nýja starfsmenn og gert hafði verið ráð fyrir.

Fyrirtækjaskattar innan ESB – skattasamkeppni og innri markaðurinn

Evrópusambandið (ESB) hefur að undanfögnu unnið að endurbótum á reglum um skattlagningu fyrirtækja til að draga úr hindrunum á innri markaði bandalagsins og vinna gegn „skaðlegri“ skattasamkeppni. Á síðasta ári var samþykktur svokallaður [skattapakki](#) sem samanstendur af i) vísi reglum fyrir aðildarríkin varðandi skattlagningu fyrirtækja (Code of Conduct for business taxation) til að draga úr skaðlegri skattasamkeppni, ii) samkomulagi um að bæta innheimtu skatts af fjármagnstekjum þegna ESB og iii) tilskipun sem ætlað er að draga úr tvísköttun vaxtatekna og þóknana sem greiddar eru milli fyrirtækjasamstæðna sem starfa í fleiri en einu aðildarríki ESB. Þá hefur markvisst verið unnið að því að skerpa á beitingu [reglna um ríkisstyrki](#) í þeim tilgangi að draga úr skaðlegri skattasamkeppni á sviði fyrirtækjaskattlagningar innan ESB.

Framkvæmdastjórn ESB hefur jafnframt lagt fram róttækar tillögur um samræmingu á skattstofnum sem hafa reyndar mætt nokkurri andstöðu. Samhliða því hefur hún lagt til ýmsar afmarkaðri [aðgerðir](#) sem ætlað er að draga úr hindrunum á innri markaði bandalagsins. Þar er til að mynda um að ræða athugun á leiðum til að liðka fyrir flutningi á tapi milli fjölbýðlegra fyrirtækjasamstæðna innan ESB, ráðstafanir til að draga úr vandkvæðum sem ólík túlkun og framkvæmd hinna fjölmörgu tvísköttunarsamninga milli aðildarríkanna veldur, úrræði til að leysa úr ýmsum álitamálum um milliverðlagningu vegna tvísköttunarsamninga (Transfer Pricing), aukinni kynningu á nýjum dómum Evrópudómstólsins varðandi fyrirtækjaskatta og aðgerðir til að laga skattframkvæmd að þeim. Þá hefur einnig verið gerð breyting á svokallaðri [móður-dótturfélagastilskipun](#) og lagðar til breytingar á svonefndri [samrunatilskipun](#). Þessar breytingar lúta m.a. að því að vikka gildissvið tilskipananna. Með móður-dótturfélagastilskipuninni er leitast við að hafa skattalega meðferð verðbréfa og skipti á hlutabréfum í tengslum við samruna fyrirtækja í fleiri en einu aðildarríki ESB sem líkasta því sem myndi gilda ef um innlendan samruna væri að ræða. Samrunatilskipuninni er ætlað að koma í veg fyrir tvísköttun hagnaðar fyrirtækjasamstæðna sem starfa í fleiri en einu aðildarríki ESB þegar hann er fluttur frá dóttur- til móðurfyrirtækis.

Nokkur umræða hefur orðið um það hvaða áhrif innganga tíu nýrra aðildarríkja muni hafa á fyrirtækjaskatta innan bandalagsins. Flest þessara ríkja standa núverandi aðildarríkjum langt að baki í efnahagslegu tilliti. Hins vegar er gert ráð fyrir að á næstu árum verði hagvöxtur í þeim almennt meiri en í núverandi aðildarríkjum ESB. Bent hefur verið á að samkeppni nýju aðildarríkanna um erlendir fjárfestingar mun auka skattasamkeppni innan ESB á næstunni. Ekki er ólíklegt að það muni hafa áhrif á afstöðu og aðgerðir ESB á því sviði.


Þótt flestar framangreindar ráðstafanir séu utan gildissviðs EES-samningsins kunna þær að hafa áhrif á íslenska hagsmunum á ýmsan hátt með beinum og óbeinum hætti þar sem ESB er lang stærsti viðskiptaaðili Íslands og mörg íslensk fyrirtæki eru með starfsemi í aðildarríkjum bandalagsins.

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	4,3	8,7
Tekjuskattar	4,4	12,2
Tryggingagjöld	7,0	12,3
Eignarskattar	3,1	-21,4
Veltuskattar	3,8	9,1
Tekjur alls	5,8	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	12,4	2,0
Félagsmál	13,4	11,6
Atvinnumál	6,1	12,3
Vaxtagjöld	5,8	-16,0
Önnur útgjöld	12,1	16,0
Gjöld alls	11,5	8,9

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-16.300	-19.108
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-4.133	11.843
Afborgun lána	-32.298	-30.702
Br. lánsfjárfjöfnuður	-45.431	-26.359
Lántökur	42.914	24.749
Greiddsluafkoma	-2.518	-1.610

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - febrúar 2004	1,5	2,3
Kjarnaverðb.1- febr. 2004	2,3	2,5
Launavísitala - desember	5,4	5,4
Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Atvinnuleysi - janúar '04	3,8	3,7



26. febrúar 2004

Þjóðlendukröfur ríkisins

Á árinu 1998 voru sett lög um þjóðlendingur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Markmið laganna var að skapa farveg til þess að eyða óvissu sem ríkt hefur um langt skeið í íslenskum rétti varðandi mörk eignarlanda, þ.e.a.s. landsvæða sem eru háð einkaeignarrétti, gagnvart landsvæðum sem ekki eru háð beinum eignarrétti, svo sem hálendisvæði landsins eða svæði sem lengst af voru nefnd afréttir eða almenningar, en eftirlendis þjóðlendingur. Í gegnum hafa tíðina margar deilur og dómsmál risið vegna þessarar óvissu. Óvissa um eignarheimildir og eignamörk skapar óvissu í viðskiptum með umræddar lendum og getur dregið á eftir sér langan dilk málaferla, óþæginda og tafa að því er nýtingu varðar. Grunnhugsunin með lögnum um þjóðlendingur var einmitt sú að ganga í það verk með skipulegum hætti á nokkrum árum að skera úr um mörk eignarlanda gagnvart þjóðlendum.

Samkvæmt lögnum ákveður óbyggðanefnd í hvaða röð og hvenær hún tekur einstök svæði landsins fyrir. Ríkinu er samkvæmt lögnum gert að lýsa þjóðlendukröfum innan tiltekna kröfulýsingarfrests á því svæði sem óbyggðanefnd tekur fyrir hverju sinni. Þeir landeigendur sem telja ríkið með þessari kröfugerð ganga á sinn rétt bregðast síðan við og lýsa sínum kröfum. Með þessum hætti verður til svonefnt þrætuland sem gagnaöflun og reifun málsaðila lýtur síðan að í greinargerðum og mállutningi.

Þess misskilnings gætir stundum að ríkið geti með kröfugerð sinni lagt undir sig land sem það á ekki. Það er óbyggðanefndar, og eftir atvikum dómstóla, að skera úr um það hvaða land teljist til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda. Ef ríkið hyggðist eignast land sem það á ekki þyrfti til þess eignar-nám og fullar bætur. En þeir sem eru í fyrirsvari fyrir ríkið hafa heldur ekki heimild til þess að gefa eftir ríkisland þar sem það er einungis unnt með lögum.

Hafa þarf í huga að við kröfugerð ríkisins er á stundum fátt fast í hendi. Engin heildstæð lög er hægt að leggja til grundvallar, heldur verður að taka mið af brotakennendum heimildum og lagaákvæðum að fornu og nýju, skrifum fræðimanna og slitrótri dómaframkvæmd á 20. öld þegar heimildarskjöl eru rýnd og tilkuð. Meðal þeirra atvika sem ríkið hefur til að mynda talið nauðsynlegt að úr fengist skorið er hvort byggt verði á landamerkjabréfi ef það er ósamþykkt til hálendisins og staðhættir, hæð yfir sjó, víðátta, gróðurfar og annað þess háttar benda til að nýting landsins geti ekki hafa verið með þeim hætti að um heimaland jarðar hafi verið að ræða, eða ef eldri heimildir benda til þess að hluti svæðis innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi hafi verið afréttur.

Óhjákvæmilegt er að nokkur ágreiningur verði um þjóðlendukröfur ríkisins sem leggja þarf fram áður en fyrir liggja stefnumarkandi dómur Hæstaréttar í þjóðlendumálum.

Nýtt fjárhagskerfi ríkissjóðs

Að undanförunu hefur verið unnið að því að taka í notkun nýtt fjárhags- og mannauðskerfi hjá ríkinu og stofnunum þess. Ráðuneytin hófu innleiðingu á nýja kerfinu um síðustu áramót og nú er unnið að því að kerfið geti tekið við fjárheimildum og tekjuáætlun fjárlaga úr fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis.

Með nýja kerfinu verður nokkur breyting á upplýsingagjöf um fjármál ríkisins þar sem bókhaldið innan ársins færast nær reikningsgrunni en verið hefur til þessa. Reikningar verða bókaðir þegar þeir berast, færast á viðkomandi gjalda- eða tekjutegund eftir því sem við á og mótbókast á viðeigandi viðskipta-reikning. Við greiðslu eða innheimtu reiknings verða samsvarandi færslur á banka- og viðskiptareikninga. Með nýja kerfinu breytist því eðli upplýsing-anna í bókhaldinu innan ársins þar sem horfið er frá greiðslubókhaldi, þar sem tekjur og gjöld eru bókuð þegar peningar koma inn eða fara út, yfir í það að færa skuldbindingar og kröfur þegar til þeirra er stofnað. Þetta mun gilda um

flesta gjaldaliði stofnana, sértekjur og aðrar rekstrartekjur þeirra. Hins vegar verða skatttekjur, lífeyrisskuldbindingar og vextir áfram á greiðslugrunni innan ársins. Einnig verða breytingar á birtingu upplýsinga um afkomu ríkissjóðs. Mánaðarleg yfirlit verða birt eins og verið hefur í kringum 25. hvers mánaðar og stefnt að því að birta árshlutauppgjör þar sem gengið verður enn lengra í þá átt að draga saman upplýsingar á rekstrargrunni.

Innleiðing nýja kerfisins mun valda nokkrum tögum á birtingu upplýsinga um afkomu ríkissjóðs á fyrstu mánuðum ársins en stefnt er að því að þessi vinnsla verði komin í gott lag á næstu vikum. Þá verður jafnframt kynnt ný birtingaráætlun um afkomu ríkissjóðs.

Um sameiningu sveitarfélaga

Núverandi sveitarstjórnarkerfi er að ýmsu leyti barn síns tíma og ber skýr merki þess að hafa mótast af atvinnuháttum og þjóðfélagsgerð bændasamfélagsins. Sveitarstjórnarkerfið endurspeglar þó einnig breytta atvinnuhætti og þjóðfélagsbreytingar sem urðu um aldamótin 1900 þegar fólk flyktist úr sveitum til þorpa við sjávarsiðuna. Sveitarfélögum fjölgaði þá umtalsvert og var tilgangurinn oftast en ekki að skilja að dreifbýli og vaxandi þéttbýli og koma þannig í veg fyrir að kostnaður við uppbyggingu þess lenti á sveitunum. Þegar líða tók á öldina jók enn frekar á flutninga til bæja og kaupstaða og byggð í dreifbýli varð víða mjög strjál án tilsvarendi breytinga á sveitarstjórnarkerfinu.

Ein afleiðing þessarar þróunar er að sveitarfélög eru bæði mörg, smá og ólík hvað snertir íbúafjölda, atvinnuhætti og þéttbýlisstig. Óflugri sveitarfélögin vilja fleiri verkefni en þau vanmáttugri standa tæpast undir lögboðnum skyldum án þess að vilja eða geta sameinast grannsvæitarfélögum. Þessi ójafna staða sveitarfélaganna skapar einnig þörf fyrir umfangsmiklar jöfnunargreiðslur til að jafna aðstöðu íbúa tekjulægri sveitarfélaga.

Ljóst er að náið samhengi er á milli stærðar sveitarfélaga og umfangs þeirra verkefna sem er hagkvæmt að fela þeim. Leggja þarf áherslu á að ná viðtækri samstöðu um hver eigi að vera megingilgangur sveitarstjórnarkerfisins og hvaða verkefni og þjónusta falli best að þeim tilgangi. Eigi sveitarfélögin t.d. að gegna lykhillutverki í byggðapróun og einstaklingsbundinni þjónustu á sviði félags og heilbrigðismála þurfa þau verkefni sem að þeim málaflökkum snúa. Stærð og íbúafjöldi sveitarfélaganna ræðst síðan af þeim verkefnum sem á að fela þeim svo og þeir tekjustofnar sem þarf til að standa undir rekstri og framkvæmdum. Lykilatriði er að saman fari fjárhagsleg og stjórnumarleg ábyrgð.

Með fáum og stórum sveitarfélögum má efla sjálfsforræði byggðarlaga og einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Jafnframt kallar slík staða á endurskoðun á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Með stóru auknum verkefnum styrkjast sveitarfélögin að innri gerð og lýðræðisleg þátttaka íbúanna fær meira inntak og meira svigrúm í stað þess að snúast um lágmarksþjónustu í stórum hluta smæstu sveitarfélaganna.

Málþing um mannauð innflytjenda

Á málþingi um [mannauð innflytjenda](#) sem haldið var á vegum Alþjóðahúss 20. febrúar sl. flutti Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur á efnahagsskrifstofu ráðuneytisins erindi um þátt erlendra ríkisborgara í efnahagslífinu. Í erindinu er fjallað um þróun á fjölda erlendra ríkisborgara hér á landi og þátt þeirra í atvinnulífi. Þar kom fram að atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara er mjög mikil hér á landi, óflugt við það sem er reynsla nágrannalandsanna. Kynnt voru gögn um atvinnugreinaskiptingu erlendra ríkisborgara þar sem fram kom að þeir eru hlutfallslega flestir í matvælaíðnaði, þar sem þeir vinna um 15% starfa. Þeir eru einnig fjölmennir í heilbrigðis- og félagsþjónustu þótt hlutfall þeirra sé mun lægra þar.

Tekjur ríkissjóðs jan-december			Gjöld ríkissjóðs jan-december			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-december			Ýmsar hágtölur		
	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003		2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
12 mánaða breytingar, %						M.kr.					
Skatttekjur alls	4,3	8,7		Almenn mál	12,4	-16.300	-19.108		Verðbólga - febrúar 2004	1,5	2,3
Tekjuskattar	4,4	12,2		Félagsmál	13,4	-4.133	11.843		Kjarnaverðb. - febr. 2004	2,3	2,5
Tryggingagjöld	7,0	12,3		Atvinnumál	6,1	-32.298	-30.702		Launavísitala - janúar '04	5,5	3,3
Eignarskattar	3,1	-21,4		Vaxtagjöld	5,8	-45.431	-26.359		Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Veltuskattar	3,8	9,1		Önnur útgjöld	12,1	42.914	24.749		Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Tekjur alls	5,8	11,1		Gjöld alls	11,5	-2.518	-1.610		Atvinnuleysi - janúar '04	3,8	3,7




4. mars 2004

Innflutningur í febrúar 2004

Samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts nam vöruinnflutningur í febrúar án skipa og flugvéla tæpum 14½ milljarði króna. Þetta er þó nokkru minni innflutningur en í janúarmánuði og aðeins 2½% meiri innflutningur að raungildi en í febrúar fyrra. Svo lítil aukning að raungildi milli sömu mánaða milli ára hefur ekki átt sér stað síðan í janúar 2003. Innflutningur í janúar var aftur á móti með allra mesta móti eða 44% meiri að raungildi en í janúar árið áður eins og koma fram í vefriti ráðuneytisins í byrjun síðasta mánaðar.

Meginskýring lítillar aukningar innflutnings í febrúar nú borið saman við febrúar í fyrra er minni innflutningur á eldsneyti og smurólíum. Sama er upp á teningnum varðandi mun á innflutningi milli janúar- og febrúarmánaðar í ár. Ef meðaltöl síðustu þriggja mánaða eru skoðuð er aukning innflutnings milli ára um fimmtungur.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvört



Ef samanlagður innflutningur í janúar og febrúar í ár er borinn saman við sömu mánuði á síðasta ári er innflutningurinn um fimmtungi meiri að raungildi. Enn virðist innflutningur á fjárfestingavörum vera að aukast, en aukning milli þessara tímabila nemur um 30% og innflutningur flutningatækja virðist hafa aukist um fjórðung (þar af eru aukinn innflutningur fólksbifreiða um 15%). Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum eykst innflutningur mat- og drykkjavara um fimmtungu en innflutningur annarra neysluvara vex minna (t.d. fátanður) eða jafnvel dregst saman (t.d. heimilistæki) milli þessara tímabila. Í janúarspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að verulega dragi úr vexti einkaneyslu á þessu ári frá því síðasta og hún verði tæp 3% að raungildi. Framangreindar tölur styðja þetta þar sem mun minni vöxtur er á innflutningi margra einkaneyslutengdra vara samanborið við sömu mánuði í fyrra. Hafa verður þó varan á að hér er aðeins um samanburð fyrstu tveggja mánaða ársins að ræða.

Vöruskipti í janúarmánuði voru í jafnvægi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Í febrúar í fyrra var vöruskiptajöfnuður jákvæður um tvo milljarða króna og færa má líkur að því að vöruskiptajöfnuður febrúar í ár verði örliðið jákvæður. Aukning innflutnings virðist minni í febrúar nú en verið hefur undanfarið og ef útflutningur verður á svipuðum nótum og í janúar gæti svo orðið. Lyfjaútflutningur var þó óvenjumikill í janúarmánuði en þá flutti Pharmaco út nokkra flugvélaafarma af nýju samheitalyfi á markað þriggja Evrópulanda. Á móti vegur að líklega verður verðmæti útflutnings sjávarafurða nokkru meiri í febrúar en í janúar þar sem ágætlega hefur aflast, einkum af uppsjárvarfiski. Hagstofan hefur birt upplýsingar um vöruskiptin við útlönd árið 2003. Halli á vöruskiptunum nam 16,9 milljörðum króna sem er

um 3 milljörðum króna meiri halli en gert var ráð fyrir í janúarspá ráðuneytisins. Þennan mun má alfarið rekja til minni útflutnings er gert var ráð fyrir.

Útflutningur árið 2003 dróst saman um 1% að magni frá fyrra ári og munar þar mestu 0,5% minni útflutningur sjávarafurða en einnig dróst útflutningur annarra iðnaðarvara en stóriðju saman um tæp 9%. Verðmæti vöruútflutnings minnkaði aftur á móti mun meira eða um tæp 11% milli ára sem stafar einkum af styrkingu krónunnar sem veldur því að útflytjendur fá færri íslenskar krónur fyrir vörur sínar en árið áður en einnig af verðbreytingum erlendis, til dæmis sjávarafurða.

Innflutningur jókst að magni um 8,5% frá árinu 2002 en í verðmætum um rúm 4%. Það er einkum aukinn innflutningur fjárfestingavara (án skipa og flugvéla) sem skýra þessa aukningu en verðmæti þeirra jókst um 30% milli ára, verðmæti innflutnings neysluvara jókst um 11,5% sem einkum orsakast af miklum bifreiðainnflutningi.

Mælikvarðar á vinnumarkaði

Það sem gerist á vinnumarkaðinum er gríðarlega mikilvægt fyrir alla framvindu efnahagslífsins. Því er nauðsynlegt að fylgjast náð með þeim hræringum sem þar eru og að túlka rétt það sem upplýsingar um vinnumarkaðinn segja. Þær geta hins vegar verið misvísandi og í öllu falli ófullkomnar og stundum koma þær of seint til að hægt sé að bregðast við þeim staðreyndum sem þær lýsa. Einn mælikvarði á ástandið á vinnumarkaðinum er atvinnuleysi. Þessi mælikvarði hefur þann kost að hann er birtur mjög oft, og mánaðarlegar skýrslur Vinnuálastofnunar um ástandið á vinnumarkaðinum eru gefnar út um miðjan mánuðinn næstan eftir þeim sem fjallað er um. Þar er fjallað um þann fjölda einstaklinga sem er skráður atvinnulaus á hverjum tíma, auk annarra upplýsinga svo sem um atvinnuleysi. Meiri áhersla hefur hins vegar verið á hlutfallslegt atvinnuleysi en það byggir á áætlunum um fjölda manna sem ætla má að séu á vinnumarkaðinum á hverjum tíma. Eins og áður hefur verið fjallað um í vefritinu eru þær tölur ekki leiðréttar eftir á.

Á vinnumarkaðinum eru hins vegar fleiri breytingar en þær að starfandi fólki fjölgi eða fækki sem afleiðingu þess að atvinnulausum fjölga eða fækka. Í nýlegum pistli í The Economist (14. febrúar sl.) er einmitt bent á að áherslan á atvinnuleysið hafi valdið því að umfjöllunin um vinnumarkaðinn sé ófullkomin. Þar vantar nefnilega inn upplýsingar um þá sem eru í vinnu en einnig þann mjög svo mismunandi fjölda sem er hvorki starfandi eða atvinnulaus samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum á þeim hugtökum.


Ef við skoðum örliðið nánar hvað hefur verið að gerast á íslenskum vinnumarkaði að undanfögnu er fyrst til að nefna að þeim sem eru á vinnuáldri (16-74 ára samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum) fjölgaði í fyrra um 1.500 manns eða 0,8%. Þetta er nokkru meira en árið áður en minna en var þegar hingað var að flytjast erlent vinnuafli í stórum hópum. Af þessum hópi teljast rúmlega 162.000 manns hafa verið á vinnumarkaði samkvæmt vinnu- markaðsrannsóknun Hagstofunnar eða 80% af fólki á vinnuáldri. Það hlutfall er með því hæsta sem gerist í iðnríkjunum. Aðalbreytingin hjá þeim aldursflokki sem eru á vinnuáldri milli ára 2002 og 2003 var að töluverð fjölgun varð í hópi þeirra sem eru utan við vinnuaflið, þ.e. eru hvorki starfandi eða atvinnulausir. Þar varð fjölgun um 2200 manns. Það kann að vera vísbending um það hvar þetta fólk er að finna að fjölgun nemenda í dagskólum á framhalds- og háskólastigum nemur um það bil sama fjölda. Árið áður hafði líka fjölgaði í þessum hópi og þá varð einnig sambærileg fjölgun í hópi dagskólanemenda. Ennþá eru ekki tiltækar tölur um fjölda námsmanna utan vinnuafllsins en á árinu 2002 var sambærileg fækkun á fjölda starfandi manna og starfandi námsmanna. Því er nokkuð ljóst að mikilvæg breyting á vinnumarkaði undanfarinna tveggja ára er aukning í fjölda þeirra sem eru í námi á tveimur hærri skólastigum og eru ekki þátttakendur á vinnumarkaðinum.

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	4,3	8,7
Tekjuskattar	4,4	12,2
Tryggingagjöld	7,0	12,3
Eignarskattar	3,1	-21,4
Veltuskattar	3,8	9,1
Tekjur alls	5,8	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	12,4	2,0
Félagsmál	13,4	11,6
Atvinnuálf	6,1	12,3
Vaxtagjöld	5,8	-16,0
Önnur útgjöld	12,1	16,0
Gjöld alls	11,5	8,9

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-16.300	-19.108
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-4.133	11.843
Afborgun lána	-32.298	-30.702
Br. lánsfjárfjöfnuður	-45.431	-26.359
Lántökur	42.914	24.749
Greiddsluafkoma	-2.518	-1.610

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - febrúar 2004	1,5	2,3
Kjarnaverðb.1 - febr. 2004	2,3	2,5
Launavísitala - janúar '04	5,5	3,3
Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Atvinnuleysi - janúar '04	3,8	3,7




11. mars 2004

Áhrif kjarasamninga á þjóðhagsspá FJR

Nýgerðir kjarasamningar milli Samtaka atvinnulífsins, Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins raska ekki meginforsendum síðustu þjóðhagsspár ráðuneytisins sem birt var í janúar sl. að því gefnu að þessir samningar verði stefnumarkandi fyrir aðra samningsaðila á vinnumarkaði. Samningarnir fela þó í sér heldur meiri launahækkun á árinu 2004 en spáin gerði ráð fyrir og er nú áætlað að launakostnaður hækki um 5½% að meðaltali á árinu í stað 4¾%. Gert er ráð fyrir að hækking launakostnaðar verði svipuð árið 2005 en síðan dragi heldur úr á árunum 2006 og 2007. Auk þess að taka mið af ákvæðum um laun og launatengd gjöld í nýgerðum kjarasamningum er gert ráð fyrir um 1% launaskriði á ári að meðaltali. Rétt er þó að minna á að í þessum spám er ekki að svo stöddu reiknað með stækkun Norðurláls.

Áætlaður launakostnaður breyting frá fyrra ári



Þrátt fyrir heldur meiri launahækkun árið 2004 er áfram reiknað með að almenn verðlagsþróun verði nálægt verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands á þessu og næstu árum, eða nálægt 2½%. Samkvæmt þessum áætlunum má búast við heldur meiri kaupmáttaraukningu á þessu ári en áður var spáð. Aukinn kaupmáttur mun aftur leiða til aukinnar einkaneyslu heimilanna og þar með meiri innflutnings. Einnig má reikna með því að hagvöxtur á yfirstandandi ári verði heldur meiri en gert var ráð fyrir í janúarspánni. Hagvaxtarspáin fyrir næstu ár er hins vegar að mestu óbreytt.

Gangi þessar áætlanir eftir má reikna með að miðað við óbreytt viðskiptakjör gagnvart útlöndum geti samkeppnistaða íslenskra fyrirtækja veikt á næstu árum þar sem hækking á innlendum launakostnaði stefnir í að verða nokkuð meiri en almennt er spáð í okkar helstu viðskiptalöndum. Þannig er til dæmis gert ráð fyrir að laun hækki að meðaltali um 3% hjá ríkjum Evrópusambandsins á næstu árum. Hins vegar ber að líta til þess að framundan er hagvaxtartími sem veitir atvinnulífinu ný tækifæri til sóknar sérstaklega þegar horft er til þess að samningstíminn er til ársloka 2007.

Afkoma hins opinbera í ríkjum OECD


Samkvæmt [nýlegri skýrslu OECD](#) er gert ráð fyrir að afkoma hins opinbera árið 2003 hafi verið lakari hjá flestum aðildaríkjunum en árið þar á undan og þegar lítið er á heildarafkomu OECD sem hlutfall af landsframleiðslu (VLF) er áætlað að hallinn hafi aukist úr 2,9% árið 2002 í 3,8% árið 2003. Þar á versnandi afkoma hins opinbera í Bandaríkjunum stóran hluta að máli

Árið 2004 er búist við að hallinn muni nema sama hlutfalli af VLF og árið 2003 en árið 2005 muni hann minnka um eitt prósentustig. Af þessu má ráða

að reiknað er með hægt batnandi afkomu innan flestra aðildaríkja OECD sem jafnframt má sjá á meðfylgjandi mynd en hún sýnir afkomu hins opinbera árið 2003 og spá um þróunina næstu tvö árin á eftir.

Í aðalatriðum standa Norðurlöndin sig best. Staðan er erfiðari á meginlandi Evrópu, í Japan, Bandaríkjunum svo og í nýjum aðildaríkjum OECD í Austur Evrópu. Í Bandaríkjunum er gert ráð fyrir að hallinn muni nema um 4,9% af VLF árið 2003 sem er þó nokkur aukning frá fyrra ári og jafnframt er spáð að hann muni aukast enn frekar árið 2004 en minnka svo árið á eftir. Á evrusvæðinu er gert ráð fyrir að hallinn verði um 2,7% árið 2003, aukist lítillega árið 2004 en minnki aftur árið 2005.

Afkoma hins opinbera í ríkjum OECD, % af VLF



Staðan hér á landi er vel fyrir ofan meðallag. Í samanburði 27 OECD ríkja er gert ráð fyrir að hið opinbera á Íslandi verði með tólfu til þrettánda bestu afkomuna en áætlaður halli á rekstri hins opinbera árið 2003 nemur um 1% af VLF og er hann að mestu rakinn til sveitarfélaganna. Horfumur á Íslandi eru jafnframt bjartari en víðast hvar annars staðar innan ríkja OECD. Á árinu 2004 gera áætlanir ráð fyrir lítills hátt tekjuafgangi og á árinu 2005 er tekjuafgangur áætlaður tæplega 1% af VLF.

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	4,3	8,7
Tekjuskattar	4,4	12,2
Tryggingagjöld	7,0	12,3
Eignarskattar	3,1	-21,4
Veltuskattar	3,8	9,1
Tekjur alls	5,8	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	12,4	2,0
Félagsmál	13,4	11,6
Atvinnumál	6,1	12,3
Vaxtagjöld	5,8	-16,0
Önnur útgjöld	12,1	16,0
Gjöld alls	11,5	8,9

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2002	2003
Handbært fê frá rekstri	-16.300	-19.108
Hr. lánsfjárfönuður	-4.133	11.843
Afborgun lána	-32.298	-30.702
Br. lánsfjárfönuður	-45.431	-26.359
Lántökur	42.914	24.749
Greiddsluafkoma	-2.518	-1.610

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - mars 2004	2,2	1,8
Kjarnaverðb.1- mars 2004	2,6	2,3
Launavísitala - janúar '04	5,5	3,3
Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Atvinnuleysi - janúar '04	3,8	3,7



18. mars 2004

Velta atvinnugreina

Hagstofan birti í dag yfirlit yfir veltu atvinnugreina árið 2003 sem byggt er á upplýsingum úr virðisaukaskattsskýrslum. Samkvæmt þessum upplýsingum nam heildarveltan á síðasta ári 1.340 milljörðum króna en var árið 2002 um 1.294 milljarðar króna. Þetta svarar til 1,4% raunaukningar milli ára (m.v. neysluverðsvísitölu).

Í meðfylgjandi töflu sést heildarvelta í nokkrum atvinnugreinum þar sem breytingar voru mestar milli ára 2002 og 2003. Langmest veltuaukning í krónum talið er í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, bílasölu og umboðsverslun (án bifreiða).

Í milljónum króna	2002	2003	Breyt- ing	Veltubr. %	á föstu verði,%
Heildarvelta	1294,0	1340,5	46,5	3,6	1,4
Smásöluverslun	181,3	187,2	5,9	3,2	1,1
Bílasala	40,3	52,2	11,9	29,4	26,8
Umboðsverslun (án bíla)	240,0	253,5	13,5	5,6	3,4
Bygg.st. og mannvirkjag.	74,4	92,9	18,5	24,9	22,3
Fiskveiðar	74,1	64,1	-10,0	-13,6	-15,4
Matvælaíðnaður	176,3	165,7	-10,6	-6,0	-8,0
Framleiðsla málna	45,3	38,5	-6,8	-15,1	-16,9
Flugsamgöngur	58,5	48,7	-9,8	-16,7	-18,4

Mestur samdráttur er í nokkrum framleiðslugreinum og flugsamgöngum en þrátt fyrir mikla aukningu í fjölda ferðamanna á síðasta ári drógust fargjaldatekjur saman. Samdráttur í matvælaíðnaði er nær eingöngu vegna minni veltu í fiskvinnslu; í nokkrum greinum er um vöxt að ræða til dæmis í drykkjavörufurframleiðslu og mjólkuriðnaði. Minnkun veltu í málmframleiðslu er nær eingöngu vegna samdráttar í álframleiðslu.

Hvert stefnir fasteignamarkaðurinn?


Undanfarin ár hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað langt umfram almennt verðlag. Á síðustu mánuðum virðist þó heldur hafa hægt á þessari hækkingu og meira jafnvægi skapast á fasteignamarkaði. Þannig hækkaði vísitala fasteignaverðs (staðgreiðsluverð) um nær 45% umfram vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun 1998 fram til ársloka 2003. Þessi hækking á sér fáar hliðstæður og verður að leita skýringa á henni í ýmsum ytri þáttum sem hafa áhrif á markaðinn.

Hægt er að sjá þrjár megináhrif á þessari hækkingarbylgju. Í fyrsta lagi fjölgaði íbúum á höfuðborgarsvæðinu mjög hratt á árunum 1997-2001. Í nokkur ár þar á undan hafði árleg fjölgun numið 2000-2500 manns á ári en 1997-2001 nam árleg fjölgun 3400 manns. Á árunum 2002-2003 datt hún svo aftur niður og nam 1800 að meðaltali fyrir bæði árin. Framboð á nýbyggingum var seint að taka við sér meðan á fjölgunarbylgjunni stóð og því kom aukin spurn eftir húsnæði fram í ört hækkanði verðlagi. Í öðru lagi hófst nýtt hagvaxtarskeið 1996 og á árunum 1997-2000 bætti vel í hagvöxtinn sem endurspeglast meðal annars í um fjórðungs aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann á árunum 1997-2003. Í þriðja lagi var rýmkað mjög um lánakjör íbúðalánasjóðs frá 1999 þegar 90% lán voru tekin upp fyrir efnaminni íbúðakaupendur og slakað var á almennum greiðslugetukröfum sjóðsins. Allt vó þetta í sama knérinn.

Á síðustu mánuðum hefur hins vegar dregið úr hækkingu fasteignaverðs. Útlán íbúðalánasjóðs eru þó enn að aukast en nokkuð hægar en á síðasta ári. Veruleg aukning hefur orðið á framboði nýbygginga á höfuðborgarsvæðinu þannig að fasteignamarkaðurinn er ekki seljendum í hag á sama hátt og fyrr. Gert hefur verið átak í byggingu leiguíbúða þannig að nú er framboð slíkra íbúða mun

meira en áður. Þá hefur dregið mjög úr flutningi fólks til höfuðborgarsvæðisins frá því sem áður var auk þess sem aðflutningur frá útlöndum til höfuðborgarsvæðisins hefur breyst í örflutningur.

Kennitölur fasteignamarkaðarinnar (raungildi)



Að öllu þessu töldu er erfitt að fullyrða hvert fasteignamarkaðurinn stefnir. Ætla má að fyrirsjáanlega aukinn kaupmáttur almennings og greiðari aðgangur að veðlámum á næstu árum muni virka til hvatningar á íbúðakaupum. Íbúðafjárfestingar hafa aukist hratt á undanföllum árum og má ætla að framhald verði á þeirri þróun.

Fækkun tollumdæma?

Vegna breytinga á starfsumhverfi töllyfirvalda á síðustu árum er til skoðunar í ráðuneytinu hvort rétt sé að fækka tollumdæmum á landinu í þeim tilgangi að auka sérhæfingu hjá tollstjórum. Tollumdæmi eru í dag 26 talsins. Tollstjóri er í hverju umdæmi og er hann jafnframt sýslumaður og lögreglustjóri í umdæminu. Í Reykjavík eru þó aðskilin embætti tollstjóra, lögreglustjóra og sýslumanns.

Stærsta breytingin sem orðið hefur á starfsumhverfi tollstjóra á síðustu árum er að rafræn tollafgreiðsla hefur verið tekin upp. Hún felur í sér mikið hagræði fyrir inn- og útflytjendur þar sem að þeir geta skilað rafrænum tollskýrslum í gegnum tölvakerfi töllyfirvalda. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi er að dregið hefur úr beinu eftirliti við tollafgreiðslu vöru og byggist tolleftirlit nú að mestu á skipulagðri tollendurskoðun og áhættugreiningu. Tollendurskoðun felur í sér endurskoðun tollafgreiðslna eftir að þær hafa farið fram. Áhættugreining fer fram við innflutning og við tollendurskoðun. Tilgangur hennar er að finna og takast á við áhættuþætti, t.d. ólöglegan innflutning og undanskot aðflutningsgjalda.

Breytt starfsumhverfi kallar á aukna sérhæfingu hjá tollstjórum. Þá er mikilvægt að tryggja samræmda túlkun og beitingu réttarreglna um allt land. Einnig er mikilvægt að auka sveigjanleika í nýtingu mannafla til að auðvelda tímabundna tilfærslu tollstarfsmanna um landið þegar þurfa þykir.

Á árinu 2002 voru 97% allra aðflutningsskýrslna lagðar fram í þremur tollumdæmum, þar af í Reykjavík 66%, á Keflavíkurlflugvelli 19% og í Hafnarfirði 12%. Tollstjórar á Akureyri, Keflavík og Selfossi afgreiddu 1% hver um sig og aðrir tollstjórar minna en 1% hver um sig. Skipaafgreiðslur voru flestar í Reykjavík 891, í Hafnarfirði 492 og í Eskifirði 367. Í Búðardal, Hvolsvelli og Vík voru engin skip tollafgreidd.

Tollumdæmum á Norðurlöndum hefur fækkað mikið á allra síðustu árum. Í Noregi var þeim fækkað úr 10 í 6 á síðasta ári og í Svíþjóð var landið allt gert að einu umdæmi á síðasta ári. Í Danmörku eru 8 tollumdæmi og 5 í Finnlandi

Tekjur ríkissjóðs jan-december			Gjöld ríkissjóðs jan-december			Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-december			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	4,3	8,7	Almenn mál	12,4	2,0	Handbært fê frá rekstri	-16.300	-19.108	Verðbólga - mars 2004	2,2	1,8
Tekjuskattar	4,4	12,2	Félagsmál	13,4	11,6	Hr. lánsfjárfnuður	-4.133	11.843	Kjarnaverðb.1- mars 2004	2,6	2,3
Tryggingagjöld	7,0	12,3	Atvinnumál	6,1	12,3	Afborgun lána	-32.298	-30.702	Launavísitala - janúar '04	5,5	3,3
Eignarskattar	3,1	-21,4	Vaxtagjöld	5,8	-16,0	Br. lánsfjárfnuður	-45.431	-26.359	Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Veltuskattar	3,8	9,1	Önnur útgjöld	12,1	16,0	Lántökur	42.914	24.749	Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Tekjur alls	5,8	11,1	Gjöld alls	11,5	8,9	Greiðsluafkoma	-2.518	-1.610	Atvinnuleysi - febrúar '04	4,1	3,6



25. mars 2004

Samanburður á þjóðhagsspám

Hagstofan birti í síðustu viku áætlun um þróun helstu þjóðhagsstærða árið 2003 sem fróðlegt er að bera saman við síðustu spá fjármálaráðuneytisins. Einnig er horft á síðustu spár Seðlabanka, greiningardeilda o.fl. Rétt er að hafa þann fyrirvara á þessum samanburði að spárnar byggja á mismunandi forsendum hvað varðar stóriðjuframkvæmdir, gengi, vexti o.fl. auk þess sem þær eru gerðar á mismunandi tímamarkum. Sem dæmi má nefna að Seðlabankinn spár eðli máls samkvæmt ekki fyrir um vaxta- og gengisþróun heldur miðar við stöðuna eins og hún er á þeim tíma sem spáin er birt. Fjármálaráðuneytið birtir hins vegar spár um þessa þætti. Mismunandi forsendur og tímasetningar skýra oftast en ekki stærstu frávikin milli spánna. Eins er rétt að hafa í huga að tölur Hagstofunnar eru að talsverðu leyti enn byggðar á áætlunum, sérstaklega hvað varðar atvinnuvega- og íbúðafjárfestingu. Enda er ekki óalgengt að talsverðar breytingar verði frá fyrstu bráðabirgðatölum til næstu birtingar sem verður í september nk.

	Magnbreytingar frá fyrra ári %					
	Hagstofa	SB	FJR	ISB	ASÍ	LI
	mar.04	mar.04	jan.04	feb.04	jan.04	sep.03
Einkaneysla	6,4	6,0	6,0	6,2	5,8	4,5
Samneysla	3,0	3,0	4,0	4,1	4,0	3,0
Fjármunamyndun	19,0	12½	10½	14,9	13,0	5,5
Þjóðarútgjöld, alls	8,1	6%	6%	7,6	6,7	7,0
Útflutningur vöru og þjónustu	-0,7	¼	-½	-1,0	0,5	0,0
Innflutningur vöru og þjónustu	9,7	10½	10¾	10,6	12,0	7,3
Verg landsframleiðsla	4,0	2%	2½	3,1	2,5	4,2
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-5,6	-5½	-4¼	-5,2		-3,4

Samanburður á tölum Hagstofunnar og síðustu spá fjármálaráðuneytisins frá því í janúar gefur athyglisverðar niðurstöður. Þegar horft er á heildarfjárhæðir landsframleiðslunnar og helstu undirlíða hennar kemur í ljós að frávikin eru að mestu innan skekkjumarka, eða á bilinu ½-1½%. Þetta gildir um einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingu atvinnuveganna og fjárfestingu hins opinbera. Stærsta frávikid kemur fram í íbúðafjárfestingu. Munurinn er hins vegar meiri þegar kemur að raunbreytingum sem gefur til kynna að meginskýringin á frávikum á janúarspá ráðuneytisins og áætlun Hagstofunnar felist í mismunandi mati á verðbreytingum. Að öðru leyti skýrist frávikin af því að upplýsingar um viðskiptajöfnuð ársins 2003 lágu ekki fyrir þegar fjármálaráðuneytið birti sína spá þar sem þær voru ekki birtar fyrr en í byrjun mars.

Sama greining á að mestu leyti við um frávikid milli síðustu spár Seðlabankans sem birt var um miðjan mars og áætlana Hagstofunnar að öðru leyti en því að þá lágu fyrir tölur um viðskiptajöfnuðinn. Samanburður við spár greiningadeilda bankanna, ASÍ o.fl. er erfiðari meðal annars vegna þess að þessir aðilar birta ekki heildstærðar spár líkt og fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn, hvorki hvað varðar helstu undirlíði landsframleiðslunnar né heildarfjárhæðir. Þetta torveldar samanburðinn og takmarkar svigrúmið til þess að skýra frávik milli spánna. Engu að síður er ljóst að tímasetningar spánna skipta miklu máli. Þannig eru nýrri spár yfirleitt nær mati Hagstofunnar en eldri spár sem skýrist fyrst og fremst af því að því ferskari sem upplýsingarnar eru þeim mun betra. Þannig er spá Landsbankans frá því í september 2003 lengst frá áætlun Hagstofunnar bæði hvað varðar einkaneyslu og fjárfestingu en þessir tveir þættir skýra þrjá-fjórðu hluta þjóðarútgjalda. Sama gildir um viðskiptajöfnuð.

Ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi þess að jafnan liggi fyrir nýjustu tölur um þróun efnahagsmála sem og mat stjórnvalda og annarra á stöðu og

horfum í efnahagsmálum. Á þessu sviði hefur mikil breyting til batnaðar orðið upp á síðkastið bæði hvað varðar birtingu nýjustu hagstærða og almennari umfjöllun um þessi mál en áður. Fjármálaráðuneytið fagnar þessari þróun og hyggst leggja sitt af mörkum í þessu efni, meðal annars með því að birta reglulega og oftast en hingað til heildstætt mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum.

Skaðlegar skattareglur – skýrsla OECD

Undanfarin fimm títán ár hefur orðið gríðarleg aukning í frjálsum fjármagnstilflutningum milli landa. Ástæður þess eru margvislegar, meðal annars opnun nýrra markaða, nýjar fjárfestingaleiðir og verulega bætt tækni. Neikvæður fylgifiskur þessarar annars jákvæðu þróunar fyrir stjórnmöld er aukin hætta á skattundandrætti eða jafnvel skattsvikum með hjálp nýrrar tækni á fjármála-mörkuðum. Þessi hætta varð kveikjan af því að ráðherraáráð OECD ákvað árið 1996 að ráðast í það verkefni að vinna gegn skaðlegum skattareglum (Harmful Tax Practices Project). Annars vegar var spjótunum beint að aðildarríkjum OECD en hins vegar að ýmsum þekktum skattavinjum (tax havens), sem á einhvern hátt eru eða hafa verið tengdar aðildarríkjum OECD.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum átta árum sem liðin eru frá því að þetta starf hófst. Mikilvægur áfangi náðist þó hinn 22. mars sl., þegar gerð var opinber stöðuskýrsla þess vinnuhóps (Forum on Harmful Tax Practices) sem falið var verkið af hálfu ríkisfjármálanefndar OECD. Skýrsluna, sem ber yfirskriftina “The OECD’s Project on Harmful Tax Practices: The 2004 Progress Report” ásamt öðru efni um sama mál, má nálgast á vefsíðunni www.oecd.org/ctp.

Eins og fram hefur komið í fyrri greinum vefritsins um sama efni var meginlínan í vinnu þessa hóps gagnvart aðildarríkjum OECD sú að afnema bæri þær skattareglur sem talist gætu skaðlegar fyrir apríl 2003 með sólarlagsákvæði þann 31. desember 2005 hið síðasta. Íslensku lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin lentu undir smásjónni á þessum vettvangi ásamt 57 öðrum lagaákvæðum/skattareglum í aðildarríkjum OECD.

Ellefu þessara ákvæða féllu fljótlega af “listanum” þannig á miðju ári 2000 voru “mögulega skaðleg” ákvæði talin vera 47 talsins. Staðan í dag samkvæmt nýttum kominni skýrslu er hins vegar sú að af þessum 47 ákvæðum hafa 18 verið afnumin, þ.m.t. lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin, 14 ákvæði hafa verið lagfærð, þannig að þau teljast ekki lengur skaðleg og 13 reyndust ekki skaðleg. Eftir standa tvö lög sem eins og fram kemur í skýrslunni þarfnast frekari skoðunar. Annars vegar er um að ræða svissnesk lög (the Swiss 50/50 practice) og hins vegar velþekkt lög um eignarhaldsfélög í Lúxemborg (the Luxembourg 1929 Holding Company regime). Nánari upplýsingar um þessa niðurstöðu er að finna á fyrrgreindri heimasíðu.

Ekki síðri árangur hefur náðst gagnvart ýmsum þekktum skattavinjum (tax havens) sem var hinn þátturinn í verkefni OECD. Í dag hefur náðst samkomulag við 33 ríki eða svæði um setningu gagnsæjari skattareglna og virkari upplýsingagjöf til skattfyrvalda fyrir árslok 2005. Á þeim lista eru nöfn eins og Bahama, Bermúda, Cayman, Gurnsey, Jersey, Kýpur, Malta, Mön o.fl. Fimm ríki af tæplega 40 standa þó enn utan við, þ.e. Andorra, Líbería, Liechtenstein, Marshallleyjar og Mónakó.


Ákveðið hefur verið að halda þessu starfi OECD áfram, en áherslur munu breytast. Til framtíðar verður lögð megináhersla á eftirfylgni og eftirlit með því að samþykktum reglum verði framfylgt innan aðildarríkja OECD. Jafnframt verður samráð og aðstoð við aðra aðila samstarfsins (tax havens) eftl, auk þess sem reynt verður að fá fleiri ríki, sem enn standa fyrir utan þetta samstarf til liðs við OECD. Þar er m.a. horft til ýmissa svæða í Asíu (Hong Kong, Singapore. o.fl.)

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
	2001-2002	2002-2003
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,3	8,7
Tekjuskattar	4,4	12,2
Tryggingagjöld	7,0	12,3
Eignarskattar	3,1	-21,4
Veltuskattar	3,8	9,1
Tekjur alls	5,8	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
	2001-2002	2002-2003
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	12,4	2,0
Félagsmál	13,4	11,6
Atvinnumál	6,1	12,3
Vaxtagjöld	5,8	-16,0
Önnur útgjöld	12,1	16,0
Gjöld alls	11,5	8,9

Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-16.300	-19.108
Hr. lánsfjárföfnuður	-4.133	11.843
Afborgun lána	-32.298	-30.702
Br. lánsfjárföfnuður	-45.431	-26.359
Lántökur	42.914	24.749
Greiddsluafkoma	-2.518	-1.610

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - mars 2004	2,2	1,8
Kjarnaverðb.1- mars 2004	2,6	2,3
Launavísitala - febr. 2004	5,6	3,3
Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Atvinnuleysi - febrúar '04	4,1	3,6




1.apríl 2004

Ný Gallupkönnun um væntingar fyrirtækja

Nú liggja fyrir niðurstöður úr fjórðu könnun IMG Gallup á stöðu og framtíðarhorfum 400 stærstu fyrirtækja landsins og mat stjórnenda þeirra á almennum efnahagshorfum. Þessi könnun er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka og IMG Gallup og var könnunin framkvæmd á tímabilinu 15. febrúar til 9. mars. Svarhlutfallið var 80%.

Vísitala efnahagslífsins



Forráðamenn fyrirtækjanna telja almennt aðstæður í efnahagslífinu í dag góðar eða 62% aðspurðra; 5,5% telja þær slæmar og er það svipað hlutfall og í síðustu könnun sem framkvæmd var í september sl. Hins vegar er þetta mikil breyting frá niðurstöðum könnunar í febrúar 2003 en þá töldu aðeins 38% aðspurðra aðstæður vera góðar og 20% slæmar. Frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar á stöðu efnahagsmála hér á landi; meðal annars hefur gengi krónunar verið stöðugur, verðlagsþróunin hefur aukast og þess sem álvers- og virkjanafarmkvæmdir hafa haft minni þensluáhrif en áður var vænt.

Þegar forráðamenn fyrirtækjanna eru beðnir um mat sitt á stöðu efnahagsmála sex mánuði fram í tímann telja 28% þeirra að aðstæður verði betri eftir sex mánuði og 7% að þær verði verri. Hér gæti aukinnar svartsýni forráðamanna fyrirtækja á framvindu efnahagsmála þar sem í september töldu 46% aðspurðra að aðstæður yrðu betri eftir sex mánuði og aðeins 2,7% að þær yrðu verri. Ein skýring á þessum breyttu viðhorfum gæti verið að forráðamenn fyrirtækjanna telji aðstæður í dag vera það góðar að litlar líkur séu á að þær verði betri í náinni framtíð. Önnur hugsanleg skýring er að þegar könnunin var gerð var ekki komin niðurstaða í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Þegar spurt er um aðstæður tólf mánuði fram í tímann telja 45% aðspurðra að aðstæður verði betri eftir tólf mánuði samanborið við 60% í september. Í könnuninni frá því í febrúar 2003 töldu hins vegar 75% aðspurðra að aðstæður yrðu betri eftir tólf mánuði. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður verði verri eftir tólf mánuði fer að sama skapi vaxandi og telja nú 12% aðspurðra að aðstæður verði verri eftir 12 mánuði en þetta hlutfall var 7% í september sl. Almennt virðast forráðamenn útlutningsfyrirtækja fremur en annarra fyrirtækja telja að aðstæður í efnahagslífinu verði verri eftir tólf mánuði en nú. Hins vegar eru það helst fyrirtæki er starfa við ráðgjöf, þjónustu, flutninga- starfsemi og ferðaþjónustu sem telja að aðstæður verði betri eftir tólf mánuði.

Tilraunaverkefni um rafræn skilríki

Tilraunaverkefni um rafræn skilríki á vegum nokkurra ríkisstofnana undir forystu fjármálaráðuneytisins var hæfið á síðasta ári. Rafræn skilríki gegna því hlutverki að efla traust milli aðila í rafrænum viðskiptum. Þau eru í raun ígildi persónuskilríkja, vegabréfs eða nafnskírteinis, en hafa þann kost að vera meðfærileg í tölvum.

Í tilraunaverkefninu er unnið að því að þróa aðferðir sem uppfylli þær

öryggiskröfur er gera verður við rafræna meðferð upplýsinga en séu jafnframt hagkvæmar og ekki of flóknar í notkun. Meðal annars er stefnt að því að unnt verði að nota sömu skilríkin í öllum samskiptum við stofnanir ríkisins og ef vel tekst til í öllum rafrænum samskiptum við hvern sem er.

Meðal afurða tilraunaverkefnisins verður vottunarstefna ríkisins, sem fyrir liggur í drögum, og er ætlað að verða stöðluð kröfulýsing fyrir þau fyrirtæki sem hyggjast bjóða þjónustu varðandi útgáfu og meðferð rafrænna skilríkja hér á landi. Um endanlegt innihald vottunarstefnunnar verður haft samráð við alla sem hagsmuna eiga að gæta. Hugmyndin er að orðið geti til opinn markaður með rafræn skilríki.


Um það bil 600 rafræn skilríki hafa verið gefin út í tilraunaverkefninu, langflest til nota við veftollafgreiðslu. Önnur þjónustusvið sem annaðhvort hafa verið opnuð fyrir afgreiðslu með þessum hætti eða eru í undirbúningi eru rafræn skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu, skil á afladagbókum fiskiskipa, samskipti endurskoðenda við skattýfirvöld, reikningar sérfræðinga til Tryggingastofnunar, undirritaður og dulritaður tölvupóstur á milli stofnana og kröfur á launagreiðendur vegna staðgreiðslu launþega.

Þegar tilraunaverkefninu lýkur seinna á þessu ári er reiknað með að fyrir liggja tillögur um skipan þessara mála til næstu framtíðar, dreifilyklaskipulag fyrir íslenska ríkið.

Sjávarútvegur

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofnunar nam heildaraflaverðmæti árið 2003 67 ma.kr. eða 10 ma.kr. minna en árið 2002. Þorskur er sem fyrr verðmætasta tegundin með tæp 40% af heildaraflaverðmæti. Næst kemur ýsa með 9% en hlutdeild loðnu dróst hins vegar verulega saman og fór úr 11% í 7%, enda dróst loðnuafli verulega saman.

Á meðfylgjandi mynd eru sýndar hlutfallslegar breytingar á afla og aflamagni nokkurra helstu fisktegunda árið 2003 borið saman við árið 2002. Eins og sjá má hefur verðmæti allra þessara tegunda dregist meira saman en aflamagnið sem endurspeglar almenna lækkun fiskverðs í íslenskum krónum, meðal annars vegna 6½% styrkingar gengis íslensku krónunnar. Verðvísitala sjávarafurða í íslenskum krónum lækkaði hins vegar um 9% milli ára 2002 og 2003. Munurinn skýrist einkum af verðlækkun á erlendum mörkuðum en einnig getur breytt samsetning í vinnslu haft einhver áhrif.



Uppgjör skuldabréfa hjá Clearstream

Frá og með 5. apríl n.k. eru viðskipti með íslensk skuldabréf hæf til uppgjors og vörslu í erlendu uppgjörsmiðstöðinni Clearstream. Nánar á www.icex.is. Að málinu unnu, fyrir hönd fjármálaráðherra, Lánasýsla ríkisins og Verðbréfaskráning Íslands.

Vefrit næstu viku

Vefrit næstu viku kemur út á miðvikudag.

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	4,3	8,7
Tekjuskattar	4,4	12,2
Tryggingagjöld	7,0	12,3
Eignarskattar	3,1	-21,4
Veltuskattar	3,8	9,1
Tekjur alls	5,8	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	12,4	2,0
Félagsmál	13,4	11,6
Atvinnumál	6,1	12,3
Vaxtagjöld	5,8	-16,0
Önnur útgjöld	12,1	16,0
Gjöld alls	11,5	8,9

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-16.300	-19.108
Hr. lánsfjárfönuður	-4.133	11.843
Afborgun lána	-32.298	-30.702
Br. lánsfjárfönuður	-45.431	-26.359
Lántökur	42.914	24.749
Greiðsluafkoma	-2.518	-1.610

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - mars 2004	2,2	1,8
Kjarnaverb. I - mars 2004	2,6	2,3
Launavísitala - febr. 2004	5,6	3,3
Heildarvelta janúar-október	-1,9	0,0
Smá.velta janúar-október	-0,9	1,3
Atvinnuleysi - febrúar '04	4,1	3,6




7. apríl 2004

Innflutningur í mars 2004

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts í mars benda til verulegrar aukningar almenns innflutnings í mánuðinum. Vörur gætu hafa verið fluttar inn fyrir 20½ milljarð króna, án skipa og flugvéla. Þetta er tæplega 30% meiri innflutningur að raungildi en í mars í fyrra og mikill viðsnúningur frá febrúarmánuði en þá nam innflutningur rúmum 14 milljörðum króna. Samanlagður innflutningur fyrstu þriggja mánaða þessa árs borinn saman við sömu mánuði í fyrra leiðir í ljós tæplega fjórðungs aukningu innflutnings milli ára að raungildi.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvört



Meginskýring aukins innflutnings er meiri innflutningur hrá- og rekstrarvara sem virðist hafa aukist um tæp 30% milli þessara tímabila og fimmtungs aukning í innflutningi fjárfestingarvara. Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum er einnig nokkur aukning á innflutning vara er tengjast einkaneyslu - og er aukningin nokkur frá síðasta mánuði. Innflutningur fólksbifreiða vex um fjórðung milli þessara ársfjórðunga og innflutningur annarra neysluvara um tæp 10%. Þar vegur mest innflutningur á hálfvranlegum neysluvörum en þar undir flokkast til dæmis fatnaður.

Vöruskiptajöfnuður var örllítið jákvæður í febrúarmánuði samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni og vöruskiptajöfnuður fyrstu tvo mánuði ársins er jákvæður um 254 milljónir króna en var á sama tíma í fyrra jákvæður um 2.026 milljónir króna. Vöruskiptajöfnuður í marsmánuði í fyrra var neikvæður um 526 milljónir króna. Þrátt fyrir að bráðabirgðatölur bendi til mikils innflutnings í mars gæti vöruskiptajöfnuður orðið jákvæður í mánuðinum, einkum af tveimur ástæðum; annars vegar má gera ráð fyrir að útflutningur sjávarafurða verði meiri í marsmánuði en í janúar og febrúar en þannig hefur því verið varið nokkur undanfarin ár. Toppur í saltfisksölu er í kringum páska og því mikill útflutningur á saltfiski fyrstu mánuði ársins. Einnig var meira fryst af loðnu á loðnuvertíðinni nú en nokkru sinni áður fyrir Rússlandsmarkað og meira hefur verið fryst fyrir Japansmarkað en í fyrra. Framleiðsla á loðnuhognum gekk einnig vel. Útflutningsverðmæti frystar loðnu og loðnuhogna gæti því orðið umtalsvert meira í ár en í fyrra og gera má ráð fyrir að marsmánuður verði þar stór útflutningsmánuður. Hins vegar má gera ráð fyrir að álútflutningur verði meiri nú en það sem af er ári þar sem útflutningur áls fyrstu tvo mánuði ársins var með allra minnsta móti.

Könnun á stöðu og framtíðahorfum fyrirtækja

Eins og greint var frá í síðasta vefriti liggja nú fyrir niðurstöður úr fjórðu könnun IMG Gallup um stöðu og framtíðarhorfur veltuhæstu fyrirtækja á

Íslandi. Í könnuninni voru stjórnendur fyrirtækjanna spurðir um hvaða augum þeir litu aðstæður í efnahagslífinu auk þess sem spurt var um áform og væntingar þeirra til eigin rekstrar á næstu misserum. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar ætla 28% aðspurðra að fjölga starfsmönnum í fyrirtækjum sínum en 12,5% að fækka þeim og er þetta svipað hlutfall og í síðustu könnun sem gerð var í september s.l. Mesta breytingin á áformum um starfsmannafjölda var hjá fyrirtækjum er starfa við flutninga og ferðaþjónustu, auk iðnaðar- og framleiðslufyrirtækja, en stjórnendur þessara fyrirtækja telja að starfsmönnum muni fjölga á næstu mánuðum. Þá hyggjast stjórnendur 27% sjávarútvegsfyrirtækja draga úr starfsmannafjölda á næstu mánuðum sem er hærra hlutfall en mældist í septemberkönnuninni, en þó lægra en mældist fyrir ári síðan en þá ætluðu 35% aðspurðra að fækka starfsmönnum.

Hlutfall fyrirtækja er töldu að hagnaður í ár verði meiri en árið 2003 var 41,4% og er það svipað hlutfall og mældist í september þegar fyrirtækin voru beðin um að meta hvernig hagnaðurinn 2003 yrði samanborið við 2002. Hins vegar töldu mun færri fyrirtæki nú að hagnaður mundi dragast saman milli ára eða um 19,6% aðspurðra. Mestu umskiptin voru hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum en nú töldu 25% aðspurðra að hagnaður þeirra yrði minni í ár en árið áður en í september var þetta hlutfall 61%.

Aukinnar bjartsýni er vart hjá forráðamönnum fyrirtækjanna þegar þeir eru spurðir út í hvort þeir geri ráð fyrir að velja muni í aukast í ár miðað við árið á undan, en nú telja 58% fyrirtækja að veltan verði meiri í ár miðað við árið á undan og aðeins 12,8% að hún verði minni. Bjartsýnust eru sem fyrr fyrirtæki er starfa við ráðgjöf, flutninga og ferðaþjónustu. Hvað varðar fjárfestingar töldu 26% aðspurðra að þeir myndu fjárfesta meira í ár en árið áður, 26% að þau myndu fjárfesta minna og 48% að fjárfestingar yrðu svipaðar og í fyrra.

Mismunandi aldurssamsetning

Flestum iðnríkjum er það sameiginlegt að fæðingartíðni hefur verið mjög lág í langan tíma. Þetta veldur því að árgangar ungs fólks eru fámennari en þeir sem eldri eru. Mjög mikið af útgjöldum hins opinbera er háð aldurssamsetningu viðkomandi þjóðar. Nægir þar að nefna opinbera lífeyrissjóði en þeir eru algengir í Evrópulöndum og oftast fjármagnaðir með gegnumstreymi, þ.e. þeir sem eru á vinnualdri borga lífeyri þeirra sem eldri eru. Ýmis önnur útgjöld hins opinbera eru háð aldurssamsetningu svo sem heilbrigðisútgjöld.


Í samanburði milli landa er mjög gjarna miðað við hlutfall þeirra sem eru 65 ára og eldri á móti fjölda þeirra sem eru 20-64 ára. Þetta hlutfall er nefnt framfærsluhlutfall (dependency ratio). Þetta hlutfall getur þó verið misvísandi um framfærsluþyrði hinna vinnandi af þeim sem ekki vinna. Til dæmis má nefna að starfslok eru mjög mismunandi eftir löndum og víðast eru þau mun lægri en hér á landi. Þannig er atvinnuþátttaka 55-64 ára hér á landi sú langhæsta sem þekktist í OECD löndunum.

Framfærsluhlutfall hér á landi var 20,3 á síðasta ári. Ísland er í flokki með Ástralíu, Nýja Sjálandi, Kanada, Írlandi og raunar Póllandi að því er þetta varðar. Hlutfallið er mun hærra á hinum Norðurlöndunum; 24,2 í Danmörku, 25,6 í Noregi, 25,9 í Finnlandi og 29,4 í Svíþjóð sem er hæst allra OECD ríkja. Þessi lönd líkjast mjög öðrum Evrópuríkjum því í Þýskalandi og Bretlandi er hlutfallið 26,6, í Frakklandi 27,2 og 28,8 á Ítalíu. Hlutfallið er 21,7 í Bandaríkjunum en 23,8 í OECD í heild.

Lítleig framvinda framfærsluhlutfallsins er mikið áhyggjuefni meðal margra OECD ríkja. Í um helmingi ríkjanna er reiknað með örrí hækkingu hlutfallsins og að það verði komið yfir 50 um miðja þessa öld. Í þeim hópi eru bæði lönd þar sem hlutfallið er hátt og lágt í dag. Það mun vaxa hraðast á Ítalíu, Japan og Spáni þar sem reiknað er með því að það verði milli 60-70 um miðja þessa öld. Ísland er meðal þeirra ríkja þar sem reiknað er með að hlutfallið vaxi hægar og verði undir 40 um miðja öldina. Það er einungis í Bandaríkjunum þar sem gert er ráð fyrir því að þetta hlutfall verði lægra.

Tekjur ríkissjóðs jan-december			Gjöld ríkissjóðs jan-december			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-december			Ýmsar hagtölur		
	2001-2002	2002-2003		2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			Handbært fê frá rekstri	-16.300	-19.108	Verðbólga - mars 2004	2,2	1,8
Skatttekjur alls	4,3	8,7	Almenn mál	12,4	2,0	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-4.133	11.843	Kjarnaverðb.1- mars 2004	2,6	2,3
Tekjuskattar	4,4	12,2	Félagsmál	13,4	11,6	Afborgun lána	-32.298	-30.702	Launavísitala - febr. 2004	5,6	3,3
Tryggingagjöld	7,0	12,3	Atvinnumál	6,1	12,3	Br. lánsfjárfjöfnuður	-45.431	-26.359	Heildarvelta janúar-des.	-2,4	1,5
Eignarskattar	3,1	-21,4	Vaxtagjöld	5,8	-16,0	Lántökur	42.914	24.749	Smá.velta janúar-des.	-0,93	1,14
Veltuskattar	3,8	9,1	Önnur útgjöld	12,1	16,0	Greiddsluafkoma	-2.518	-1.610	Atvinnuleysi - febrúar '04	4,1	3,6
Tekjur alls	5,8	11,1	Gjöld alls	11,5	8,9						

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



15. apríl 2004

Reglur um ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna

Í tilefni af umræðum að undanfögnu um ríkisaðstoð til Íslenskrar erfðagreiningar er ástæða til að rifja upp hvernig málið snýr að reglum EES samningsins um ríkisaðstoð.

Í 61. gr. EES samningsins kemur fram sú meginregla að óheimilt er að veita ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, eða framleiðslu ákveðinna vara að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Í sömu grein samningsins er jafnframt að finna undanþágur frá þessari meginreglu og eru þær undanþágur nánar útfærðar í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á sviði ríkisaðstoðar. Í sérstökum kafla í leiðbeiningarreglum er fjallað um ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna og kemur þar fram að heimilt sé að veita ríkisaðstoð til slíkra verkefna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þegar lagt er mat á hvort ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis sé heimil er sérstaklega horft til fjarlægðar fyrirhugaðs verkefnis frá markaði, nýmæli og frumleika verkefnis, að um nýja starfsemi sé að ræða hjá viðkomandi fyrirtæki, hversu hvetjandi ríkisaðstoðin er, aðgengi að niðurstöðum verkefnisins og áhrifum á samkeppni. Við mat á fjarlægð verkefnis frá markaði er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvers eðlis fyrirhugað verkefni sé og kostnaðarlíði þess. Í því skyni eru skilgreind þrjú stig verkefna í grunnrannsóknir, iðnaðarrannsóknir og rannsóknir sem tengjast undirbúningi markaðssetningar vöru eða þjónustu. Því fjær markaði sem fyrirhugað verkefni er þeim mun meiri má ríkisaðstoðin vera sem hlutfall af heildarfjárfestingarkostnaði.

Við undirbúning frumvarps til laga nr. 87/2002, um heimild fjármálaráðherra til að byrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, sem og við gerð tilkynningar til ESA um hina fyrirhuguðu ríkisaðstoð, var höfð hliðsjón af ofangreindum skilyrðum í leiðbeiningarreglum ESA. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að álitid væri að ríkisaðstoð sú sem löggin kveða á um uppfyllti skilyrði sem lögmat ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis eins og þau skilyrði eru tilgreind í leiðbeiningarreglum ESA. Jafnframt var tekið fram í greinargerðinni að nauðsynlegt væri að tilkynna um ríkisaðstöðina til ESA og bíða niðurstöðu stofnunarinnar.

Eftir tilkynninguna til ESA í maí 2002 hafa efnisatriðin í málinu í samskiptum íslenskra stjórnvalda við ESA snúist um hvort fyrirhugað rannsóknar- og þróunarverkefni væri nægjanlega vel skilgreint og afmarkað til að geta fallid undir leiðbeiningarreglur ESA og hvort verkefnið væri innan þeirra marka um leyfilega ríkisaðstoð sem þar er kveðið á um, hvort kostnaðarlíör væru nægjanlega tilgreindir og í beinum tengslum við sjálft verkefnið, hvort verkefnið fæli í sér nægjanlega nýjung frá því sem áður er þekkt og væri hrein viðbót við það sem fyrirtækið hefði áður unnið að, hvort um rekstraraðstoð væri að ræða, hvort ríkisaðstoðin fæli í sér hvata til þess að hleypa verkefninu af stokkunum og hvort ríkisaðstoðin væri líkleg til þess að hafa skaðleg áhrif á samkeppni á þessum markaði á evrópska efnahagssvæðinu.

Í júlí 2003 komst ESA að þeirri niðurstöðu að það mörg vafamál væru til staðar í málinu að skylt væri, í samræmi við málsmeðferðarreglur um ríkisaðstoð, að fara með málið í formlegt rannsóknarferli. Í samræmi við það var birt auglýsing í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í desember sl. þar sem þriðju aðilum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir við hina fyrirhuguðu ríkisaðstoð. Í kjölfar auglýsingarinnar bárust stofnuninni athugasemdir frá tveimur aðilum sem íslenskum stjórnvöldum var gefinn kostur að tjá sig um. Þar með taldist gagnaöflun lokið og hefur ESA síðan haft málið til endanlegrar afgreiðslu.

Þar sem forsendur laga nr. 87/2002 eru ekki lengur til staðar hafa íslensk stjórnvöld nú afturkallað tilkynningu sína til ESA um hina fyrirhuguðu ríkisaðstoð.

Fyrirtæki hyggjast auka fjárfestingu

Eins og fram kom í síðasta vefriti liggja nú fyrir niðurstöður úr fjórðu könnun IMG Gallup um stöðu og framtíðarhorfur veltuhæstu fyrirtækja landsins sem framkvæmd var á tímabilinu 15. febrúar til 9. mars. Í könnuninni voru stjórnendur fyrirtækjanna m.a. spurðir um hver fjárfestingaráform fyrirtækjanna í varanlegum rekstrarfjármunum væru á þessu ári og því næsta.

Í könnuninni kom fram að 26% aðspurðra hyggjast fjárfesta meira í ár en árið 2003, 26% minna en 48% svipað. Hlutfallsleg hækking í fjárfestingarútgjöldum fyrirtækjanna á breytilegu verðlagi mældist 15,3% og er því raunbreytingin eitthvað minni. Fyrirtæki er starfa á sviði flutninga og ferðaþjónustu hyggjast auka hlutfallslega mest fjárfestingarútgjöld sín á þessu ári eða um 146%. Fjármála- og tryggingafyrirtæki hyggjast auka fjárfestingu um 20% í ár og opinber fyrirtæki og stofnanir um 14,3%, en meðal þeirra teljast m.a. orkufyrirtæki. Fyrirtæki er starfa á sviði verslunar og þjónustu hyggjast auka fjárfestingu sína um 10,5%, iðnaðar- og framleiðslufyrirtæki um 5,7% en samkvæmt könnuninni verða óverulegar breytingar milli ára hjá ráðgjafar- og þjónustufyrirtækjum. Í könnuninni kom hins vegar fram að sjávarútvegsfyrirtækin hyggjast draga úr fjárfestingum sínum í ár eða um þriðjung miðað við árið 2003. Lítið hefur verið um nýsmíði skipa á undanförmum árum og er útlit fyrir að svo verði áfram.

Færri fyrirtæki svöruðu spurningunni um hver fjárfestingaráform vegna ársins 2005 væru en af þeim sem svöruðu mældist hlutfallsleg lækking milli ársanna 2004 og 2005 4,5%. Samdráttur reyndist vera í öllum atvinnugreinum að undanskildum fjármálafyrirtækjum, tryggingafélögum og opinberum fyrirtækjum.

Úrtakið í ofangreindri könnun náði til 400 veltuhæstu fyrirtækja landsins og var svarhlutfallið 79,5%. Kannanir af þessu tagi gegna mikilvægu hlutverki við mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum hverju sinni.


Jákvæðar breytingar á íbúápróun

Hagstofan birti í morgun tölur um búferlaflutninga á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs. Þessar tölur gefa mikilvægar vísbendingar enda hafa flutningar fylgt efnahagsástandinu einkum að því er varðar flutninga milli landa. Búferlaflutningar eru mjög árstíðabundnir einkum hjá íslenskum ríkisborgurum og venjulega ekki miklir á fyrsta ársfjórðungi. Tölurnar fyrir fyrsta ársfjórðung sýna mjög jákvæða þróun. Aðfluttum íslenskum ríkisborgurum hefur fjölgað miðað við tvö undanfarin ár og brottfluttum hefur fækkað. Í fyrsta skipti frá því árið 2000 eru aðfluttir íslenskir ríkisborgarar fleiri en brottfluttir. Aðfluttum erlendum ríkisborgurum heldur áfram að fjölga miðað við undanfarna ársfjórðunga en þeir eru þó töluvert færri en var þegar mest var. Samtals voru aðfluttir 222 fleiri en brottfluttir. Í tölum Hagstofunnar virðist mega rekja rúmlega 60 aðflutta til virkjanafarmkvæmdanna eystra.

Mismunur aðfluttra og brottfluttra gagnvart höfuðborgarsvæðinu hefur gjarna verið mestur á fyrsta ársfjórðungi. Í ár var hann 190 manns sem er álika og hann var fyrstu þrjú mánuði ársins 2003. Að svo miklu leyti sem hægt er að byggja á þessum tölum eru þær vísbending um að flutningar af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins verði álika í ár og var í fyrra en árið 2003 var minni flutningur til höfuðborgarsvæðisins en hafði verið um langt árabil.

Tekjur ríkissjóðs jan-desember			Gjöld ríkissjóðs jan-desember			Greiddsluafkoma ríkissjóðs jan-desember			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003	M.kr.	2002	2003	12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Skatttekjur alls	4,3	8,7	Almenn mál	12,4	2,0	Handbært fé frá rekstri	-16.300	-19.108	Verðbólga - mars 2004	2,2	1,8
Tekjuskattar	4,4	12,2	Félagsmál	13,4	11,6	Hr. lánsfjárfönuður	-4.133	11.843	Kjarnaverðb.1- mars 2004	2,6	2,3
Tryggingagjöld	7,0	12,3	Atvinnumál	6,1	12,3	Afborgun lána	-32.298	-30.702	Launavísitala - febr. 2004	5,6	3,3
Eignarskattar	3,1	-21,4	Vaxtagjöld	5,8	-16,0	Br. lánsfjárfönuður	-45.431	-26.359	Heildarvelta janúar-des.	-2,4	1,5
Veltuskattar	3,8	9,1	Önnur útgjöld	12,1	16,0	Lántökur	42.914	24.749	Smá.velta janúar-des.	-0,93	1,14
Tekjur alls	5,8	11,1	Gjöld alls	11,5	8,9	Greiddsluafkoma	-2.518	-1.610	Atvinnuleysi - febrúar '04	4,1	3,6

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Vefang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is




21. apríl 2004

Íslendingar eru vinnusöm þjóð

Samkvæmt vinnumarkaðsskýrslu Evrópsku hagstofunnar ([Labour Force Survey 2002](#)) er óviða jafnlangur vinnutími og hér á landi eins og fram kemur á meðfylgjandi stóplariiti.

Þannig vinna Íslendingar að meðaltali um 48½ tíma á viku eða um 10% meira en þær þjóðir sem næstar koma, Grikkir og Bretar. Meðalvinnutími á viku er hins vegar stytur í Noregi og Frakklandi eða um 39 tímar. Samanburður milli Norðurlandanna sýnir ennfremur umtalsverðan mun milli Íslands annars vegar og annarra Norðurlanda hins vegar þar sem meðalvinnutími á viku er almennt 7-9 tímum styttri en hér á landi.

Meðalfjöldi vinnustunda á viku árið 2002



vegar minni eða um 1½ tími þar sem íslenskar konur vinna að jafnaði um 51½ tíma á viku, 6 tímum lengur en breskir og grískir karlmenn. Munurinn hjá konunum er hins vegar minni eða um 1½ tími þar sem íslenskar konur vinna að jafnaði um 43½ tíma á viku utan heimilis en grískar kynsystur þeirra um 42 tíma.

Árangursmiðuð fjárlagagerð

Á síðustu tuttugu árum hafa mörg OECD ríki verið að innleiða breytingar í ríkisrekstur sem miða að því að taka upp árangursstjórnun og/eða árangursfjárlaga- og fjárhagsáætlanagerð. (Performance-based management and/or budgeting). Umbætur miða að því að færa áherslu við stjórnun og fjárlagagerð frá aðföngum rekstrarins og að árangrinum sem hann skilar, þar sem mælikvarðinn eru afurðirnar og/eða endanlega útkoma (outcome) úr starfinu. Meginmarkmið þessara breyttu aðferða er að bæta ákvarðanatöku þannig að hún leiði til betri árangurs og/eða meiri og skýrari ábyrgðar og að lokum betri þjóðarhags. Þótt samhengi, hraði og aðferðir við að innleiða þessar breytingar séu mismunandi eftir ríkjum og tímum, þá er áherslan á mælanlegan árangur þó sameiginleg.

Einkenni árangursmiðaðrar fjárlagagerðar er aukin áhersla á að skilgreina í

hverju árangur er fölginn og að gera bæði stofnanir og einstaklinga ábyrga fyrir að árangur náist jafnframt því sem þeim er gefið meira svigrúm til að ráðstafa fjármunum. Það er ekki til nein ein skilgreining á árangursmiðaðri fjárlagagerð. Í viðtækum skilningi er átt við fjárlög sem veita upplýsingar um hvað stofnanir hafa gert eða gera ráð fyrir að gera með fjárveitingum sínum. Í þröngum skilningi er átt við þá aðferð að tengja fjárveitingar við árangur, beint eða óbeint. Þetta er gjarnan gert með því að: (a) taka upp árangursvísa við stjórnun og fjárlagagerð, (b) taka upp kerfisbundnar aðferðir við árangursstjórnun, (c) birta árangursmarkmið í fjárlagaritunum og (c) upplýsa almennung og þjóðþing um árangurinn. Samkvæmt könnun OECD og Alþjóðabankans á aðferðum þjóðríkja við fjárlagagerð segjast 27% þeirra 40 ríkja sem hafa svarað styðjast við markmið um útkomu við fjárlagagerð hjá sér og 50% til viðbótar sögðust styðjast við markmið sem varða útkomu og afurðir, m.a. þjónustu, í bland. Helstu viðfangsefnið framundan, í sambandi við notkun árangursmælinga við fjárlagagerð í OECD ríkjunum, eru talin varða mælingarnar sjálfar, samtengingu upplýsinga um fjármál og árangur, hvatningu, ofgnótt upplýsinga, gæði árangursupplýsinga og áhuga stjórnmalamanna.

Handbók um árangursstjórnun

Á síðustu árum hafa miklar breytingar orðið á rekstrarumhverfi ríkisins. Ríkið hefur dregið sig út úr verkefnum og falið þau einkaaðilum og önnur verkefni hafa verið leyst í samráði við einkamarkaðinn þó að ríkið greiði áfram fyrir þjónustu á grundvelli samninga. Ríkið mun þó ávallt sjálft standa fyrir rekstri fjölmargra verkefna og verður að gera þær kröfur til rekstursins að hann sé bæði skilvirkur og hagkvæmur á sama tíma og leitast er við að veita góða þjónustu og ná árangri. Eftirspurn eftir þjónustu af hálfu ríkisins fer vaxandi og ljóst að aldrei verður hægt og uppfalla ýrurum kröfur allra í þeim efnum. Það er því nauðsynlegt að ráðuneyti og stofnanir hafi skýra framtíðarsýn og forgangsraði verkefnum með tilliti til stefnumörkunar ríkisins á hverjum tíma.

Með aukinni valddreifingu til stofnana í rekstrar- og starfsmannamálum hefur þörfin á formlegum og faglegum samskiptum stofnana og ráðuneyta síst minnkað. Árangursstjórnun í ríkisrekstri er þannig m.a. ætlað að formfesta þessi samskipti í breyttu umhverfi og getur það skipt sköpum um það hvort stjórnvöldum á hverjum tíma tekst að framkvæma stefnu sína. Einnig miðar árangursstjórnun að því að rekstur einstakra stofnana sé árangursdrifinn, gengið sé til verka með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi og að ríkisstofnanir séu sem best í stakk búnar til þess að takast á við krefjandi verkefni í síbreytilegu umhverfi.

Árangursstjórnun er ekki stjórnunarkenning í sjálfu sér heldur samansafn stjórnunaraðferða sem styðja hver aðra og stuðla að árangri í rekstri. Þegar stjórnad er til árangurs er grundvallaratriði að glöggva sig á því í hverju árangur felst, setja sér markmið, gera áætlanir um það hvernig þeim verður náð, mæla árangurinn og fylgja niðurstöðum mælinga eftir. Árangursstjórnun byggist á þeirri hugmynd að stjórnun sé ferli og að í öllum rekstri sé um að ræða orsakasamhengi sem stjórnendur geti haft áhrif á. Árangur er samkvæmt þessu ekki háður tilviljunum heldur markvissum aðgerðum.

Um þetta er fjallað í nýrri [handbók um árangursstjórnun](#) sem fjármálaráðuneytið hefur gefið út. Þetta er leiðbeiningarit um innleiðingu árangursstjórnunar hjá ríkisstofnunum og um samskipti stofnana og ráðuneyta vegna markmiðssetningar, áætlanagerðar og eftirlits. Einnig er í bókinni lýst innleiðingu stefnumiðaðs árangursmats hjá tollstjórnunum í Reykjavík, en stefnumiðað árangursmat er tæki til að meta árangur í rekstri stofnana.

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Skatttekjur alls	4,3	8,7
Tekjuskattar	4,4	12,2
Tryggingagjöld	7,0	12,3
Eignarskattar	3,1	-21,4
Veltuskattar	3,8	9,1
Tekjur alls	5,8	11,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2001-2002	2002-2003
Almenn mál	12,4	2,0
Félagsmál	13,4	11,6
Atvinnumál	6,1	12,3
Vaxtagjöld	5,8	-16,0
Önnur útgjöld	12,1	16,0
Gjöld alls	11,5	8,9

Greiðsluafkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2002	2003
Handbært fé frá rekstri	-16.300	-19.108
Hr. lánsfjárfnuður	-4.133	11.843
Afborgun lána	-32.298	-30.702
Br. lánsfjárfnuður	-45.431	-26.359
Lántokur	42.914	24.749
Greiðsluafkoma	-2.518	-1.610

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - apríl 2004	2,3	2,7
Kjarnaverðb.1- apríl 2004	2,4	2,3
Launavísitala - febr. 2004	5,6	3,3
Heildarvelta janúar-des.	-2,4	1,5
Smá.velta janúar-des.	-0,93	1,14
Atvinnuleysi - mars '04	4,0	3,5



29. apríl 2004

Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2004

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs eru nú með breyttu sniði og hefur framsetningu afkomuyfirlits verið færð nær almennum sjóðstremisýfirlitum. Við samanburð á Við samanburð á rekstrarafkomu fyrri ára verður að hafa í huga að lotun gjalda er nú með öðrum hætti en áður. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærra, sem veldur því að tölur eru ekki samanburðarhæfar milli ára. Tekjur ríkissjóðs eru hins vegar gerðar upp með sama hætti og áður. Útgjöld í desember lækka hins vegar að sama skapi. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum.

Samkvæmt febrúaruppgjöri var handbært fé frá rekstri fyrir fyrstu tvo mánuði ársins jákvætt um 7,1 milljarð króna sem er 5 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra en heldur lakara en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjujöfnuður reyndist í samræmi við áætlanir og hreyfingar á viðskipta-reikningum um 0,8 milljörðum króna hagstæðari.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 48,7 milljörðum króna og hækka um 4,6 milljarða króna frá fyrra ári, eða um 10,7%. Skatttekjur ríkissjóðs námu 45,7 milljörðum króna og hækkuðu um 9,3% að raungildi á milli ára og um 2,5 milljarða frá áætlun. Innheimta tekjuskatta einstaklinga nam 10,6 milljörðum króna sem er um 1 milljarði króna meira en á sama tíma í fyrra og innheimta tekjuskatta lögaðila jókst um 650 milljónir króna. Innheimta fjármagnstekjuskatts jókst um 9,3% sem jafngildi 6,8% raunhækkun á milli ára og svipaða sögu er að segja um innheimtu tryggingagjalda sem jókst um 9,7% að raungildi miðað við sama tímabil í fyrra. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 3,3% á sama tímabili. Innheimta eignaskatta á fyrstu tveim mánuðum ársins var 24,5% meiri en á sama tíma í fyrra sem jafngildir 21,7% raunhækkun og veltuskattar ríkissjóðs jukust um 2 milljarða króna milli ára eða um 7,4% að raungildi. Munar þar mestu um innheimtu tekna af virðisaukaskatti en hún jókst um 10,5% að raungildi milli ára.

Gjöld fyrstu tvo mánuði ársins námu 44,8 milljörðum króna og að teknu tilliti til áður nefndra færslubreytinga launa þá er um að ræða lækkan gjalda um 2½ milljarð. Þar munar langmestu um að vaxtagjöldin lækka um 3,9 milljarða milli ára þar sem að stór flokkur spariskirteina var á gjalddaga í febrúar 2003. Í samanburði við áætlun eru gjöldin 2 milljörðum króna hærra en gert var ráð fyrir. Þar er að mestu um tilfærslu milli mánaða að ræða sem aðallega kemur fram hjá almannatryggingum og að hluta til í heilbrigðismálum.

Lántökur námu 17,6 milljörðum króna en afborganir voru 13,9 milljarðar. Þá voru greiddar 1,3 milljarðar króna til Lifeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé jókst um 8,2 milljarða á fyrstu tveimur mánuðum ársins.

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaða


Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi til kynningar lagafrumvarp, þar sem reglugerð ESB um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaða (IAS/IFRS-staðla) er veitt lagagildi. Með reglugerðinni er stefnt að samræmi í reikningsskilum skráðra félaga innan EES og er þetta liður í aðgerðaáætlun ESB um öflugan innri markað á sviði fjármálaþjónustu. Reglugerðin kveður á um að skráð félög, sem lúta lögum aðildarríkis, skuli beita alþjóðlegum reikningsskilastaðlum við gerð samstæðureikninga frá og með reikningsári 2005. Aðildarríkjum er heimilt samkvæmt reglugerðinni að ákveða að skylda til að beita stöðlunum verði viðtækari og eins að ákveða að félögum sem eingöngu hafa skráð skuldabréf verði heimilt að bíða til reikningsárs 2007 með að beita stöðlunum við gerð samstæðureikninga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að frestunarheimildin verði nýtt fyrir skuldabréfafélögin og að skráðum félögum verði skylt að beita stöðlunum einnig við gerð ársreikninga frá reikningsári 2009, hvort sem félögin gera sam-

stæðureikninga eða ekki. Að öðru leyti verður skráðum og óskráðum félögum heimilt að beita stöðlunum samkvæmt eigin ákvörðun strax fyrir reikningsárið 2005. Með frumvarpinu er stefnt að auknu samræmi í reikningsskilum félaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði og tilrúð fjárfesta á markaðinn. Samkvæmt frumvarpinu verður óskráðum félögum ekki gert skylt að beita stöðlunum, en þess má vænta að hluti stærri félaganna kjósi að beita þeim. Félög sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum eru sum hver þegar farin að beita alþjóðlegum reikningsskilastaðlum, en hafa jafnframt þurft að haga reikningsskilum sínum í samræmi við almenn ákvæði ársreikningalaga. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaða mun því væntanlega verða til einföldunar fyrir þau félög sem starfa á erlendum mörkuðum eða sækja þangað fjármagn. Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2005.

Ný hagvaxtarþá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Í nýjstu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem var birt í tengslum við vorfund hans í síðustu viku kemur fram að horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum hafa haldið áfram að batna, einkum í Bandaríkjunum og Asíu. Alþjóðavískipti hafa aukist, horfur á fjármálamörkuðum batnað og iðnaðarframleiðsla aukist. Jafnframt hafa fjárfestingar aukist sem og væntingar bæði fyrirtækja og einstaklinga. Vegna þessa hækkaði sjóðurinn hagvaxtarþá sínar frá því í haust um ½ prósentustig fyrir árið 2004 og spár nú 4,6% hagvexti í heiminum í ár og 4,4% árið 2005. Jafnframt reyndist hagvöxtur ársins 2003 meiri en sjóðurinn hafði gert ráð fyrir í síðustu spá sinni, eða um 3,9% á móti 3,2%. Efnahagshorfur eru þó misjafnar á milli svæða en flestir hagvisar benda til þess að Bandaríkin muni halda áfram að leiða uppsveifluna á þessu og næsta ári. Hagvaxtarþá fyrir Bandaríkin hefur verið hækkuð um 0,7 prósentustig í ár en sjóðurinn reiknar nú með 4,6% hagvexti þar í ár og 3,9% á því næsta.



Þar hefur neysla heimilanna verið mikilvægur drifkraftur en fjárfesting hefur einnig aukist samhliða vaxandi hagnaði fyrirtækja. Í Japan hefur hagvöxtur verið umfram væntingar en hann hefur aðallega verið drifinn af erlendra eftirspurn, einkum frá Kína, sem og fjárfestingu og neyslu. Nú spár sjóðurinn 2 prósentustiga meiri hagvexti í Japan en hann gerði í haust og gerir ráð fyrir 3,4% hagvexti í ár og 1,9% á því næsta. Þetta eru mikil viðbrigði frá því sem hefur verið á undanförmum árum en á árunum 1996-2002 var hagvöxtur að meðaltali rétt rúm 1%.

Hagvaxtarhorfur á evrusvæðinu eru hins vegar ekki jafn góðar og í öðrum iðnríkjum og hefur hagvaxtarþá sjóðsins fyrir árið 2004 verið lækkuð um 0,2 prósentustig frá síðustu spá. Reiknað er með að hagvöxtur verði 1,7% á þessu ári og 2,3% á því næsta og er þetta einn minnsti hagvöxtur sem sjóðurinn spár fyrir um á þessum árum. Jafnframt var hagvöxtur á evrusvæðinu lítil sem enginn á síðasta ári.

Tekjur ríkissjóðs jan-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	6,2	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	0,2	13,2
Tryggingagjöld	1,2	12,3
Eignarskattar	0,5	24,5
Veltuskattar	13,1	9,9
Tekjur alls	6,4	10,4

Gjöld ríkissjóðs jan-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	5,4	14,7
Félagsmál	9,3	20,5
Atvinnumál	-10,9	20,6
Vaxtagjöld	54,1	-67,2
Önnur útgjöld	14,0	14,8
Gjöld alls	10,7	4,9

Afkoma ríkissjóðs jan-febrúar		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	2.131	7.137
Hr. lánsfjárfjöfnuður	2.456	5.757
Afborgun lána	-4.851	-13.878
Br. lánsfjárfjöfnuður	-3.645	-9.371
Lántökur	175	17.571
Greiðsluafkoma	-3.471	8.200

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - apríl 2004	2,3	2,7
Kjarnaverðb.1- apríl 2004	2,4	2,3
Launavísitala - mars 2004	5,7	3,8
Heildarvelta janúar-des.	-2,4	1,5
Smá.velta janúar-des.	-0,93	1,14
Atvinnuleysi - mars '04	4,0	3,5




6. maí 2004

Helstu niðurstöður nýrrar þjóðhagsspár

Fjármálaráðuneytið birti í dag [nýja þjóðhagsspá](#) fyrir árin 2004 og 2005 auk framreikninga fram til ársins 2010. Helstu niðurstöður spárinnar eru þessar:

- Nýtt hagvaxtarskeið hófst árið 2003 sem ekki sér fyrir endann á næstu 5-6 ár. Í fyrra mældist 4% hagvöxtur og samkvæmt spánni er gert ráð fyrir 4½% hagvexti í ár og 5% hagvexti árið 2005. Árið 2006 er fjórða árið í röð þar sem spáð er yfir 4% hagvexti. Næstu ár þar á eftir er talið að hagvöxturinn verði heldur minni, eða rétt undir 3%.
- Meginskýringin á miklum hagvexti næstu ár er annars vegar mikil aukning fjárfestingar vegna stóriðjuframkvæmdanna og hins vegar áframhaldandi mikill vöxtur einkaneyslu. Þessir þættir skýra einnig aukinn viðskiptahalla sem nær hámarki á árunum 2005-2006 þegar hann verður hátt í 100 milljarðar króna. Þegar stóriðjuframkvæmdunum lýkur dregur verulega úr viðskiptahallanum á nýjan leik.
- Samhliða auknum umsvifum í efnahagslífinu dregur úr atvinnuleysi sem talið er minnka úr 3% af mannafla árið 2004 í 2¼% árið 2005. Jafnframt má búast við að verðbólga verði heldur meiri en verið hefur að undanförunum og gæti farið upp í 3% á árinu 2005.
- Árið 2003 var níunda árið í röð sem kaupmáttur launa eykst og er reiknað með að sú þróun haldi áfram. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn munu aukast um 2% árið 2004 og 2¼% árið 2005 sem meðal annars má rekja til áhrifa fyrirhugaðra skattalekkjana.
- Efnahagshorfur fram til ársins 2010 hafa breyst í veigamiklum atriðum. Nú er ekki lengur gert ráð fyrir niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar þess að stóriðjuframkvæmdum lýkur árið 2007 heldur spáð áframhaldandi hagvexti á bilinu 2½-3% allt tímabilið 2007-2010.
- Mikilvæg forsenda áframhaldandi stöðuleika í efnahagsmálum næstu ár er að fylgt verði aðhaldssamri stefnu í peninga- og ríkisfjármálum í samræmi við það sem gengið er út frá í langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Hagvöxtur og landsframleiðsla Á föstu verðlagi



Innflutningur í apríl

Innflutningur í aprílmánuði nam tæpum 20 milljörðum króna samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts. Ef þetta reynist rétt slagar innflutningur aprilmánaðar upp í innflutninginn í mars sem var einn af toppmánuðum innflutnings frá árinu 2000, borið saman á raunverði og eykst um fimmting frá apríl í fyrra. Þriggja mánaða meðaltal innflutnings sýnir jafnframt um 16% að raungildi frá sama tímabili í fyrra.

innflutningur fjárfestingavara (án flutningatekja) virðist skýra um helming aukningarinnar nú miðað við apríl í fyrra. Einnig eykst innflutningur eldsneytis nokkuð enda hefur olíuverð sjaldan verið hærra auk þess sem bifreiðainnflutningur heldur áfram að aukast.

Vöruskiptajöfnuður var í jafnvægi á fyrsta ársfjórðungi og þrátt fyrir mjög mikinn innflutning í marsmánuði var útflutningur einnig mikill þannig að vöruskiptajöfnuður í mánuðinum var aðeins örlítið neikvæður. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að útflutningur í aprílmánuði verði jafn mikill og í mars, bæði er líklegt að sjávarafurðautflutningur dragist saman milli mánaða sem og útflutningur iðnaðarvара. Þáskar voru í aprílmánuði þannig að færri vinnudagar voru í mánuðinum en einnig er mikill útflutningur á fiski fyrir þáskana og væntanlega hefur stór hluti þess útflutnings fallið í marsmánuði. Miðað við þessar innflutningstölur má því gera ráð fyrir að vöruskiptajöfnuður verði nokkuð neikvæður í aprílmánuði, eins og reyndar varð einnig í apríl í fyrra.

Frumvarp til nýrra tollalaga

Fjármálaráðherra mun á næstu dögum leggja fram til kynningar á Alþingi frumvarp til nýrra tollalaga. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi núgildandi tollalög sem eru í megindrátum frá 1987. Veigamestu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Fækkun tollumdæma: Lagt er til að tollumdæmum á landinu fækki úr 26 í 9 vegna þess að á undanförunum árum hefur mikil breyting orðið á starfsumhverfi tollstjóra sem krefst síaukinnar sérhæfingar þeirra. Markmiðið er að ná fram aukinni sérþekkingu, samhæfingu og sveigjanleika í starfsemi tollfirvalda á sviði tollheimtu, tollendurskoðunar og tollgæslu. Gert er ráð fyrir að tollstjórar verði í Reykjavík, í Stykkishólmi, á Ísafirði, á Akureyri, á Seyðisfirði, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, á Keflavíkurflugvelli og í Hafnarfirði. Sýslumenn á þessum stöðum, utan Reykjavíkur, gegna embætti tollstjóra. Mælt er fyrir um að aðrir sýslumenn verði umboðsmenn tollstjóra. Skipulagsbreytingin felur í sér að yfirstjórn tollamála heyrir undir færri tollstjóra en nú er. Gerir það yfirstjórn tollamála á landsvísi markvissari en þjónusta við fyrirtæki og einstaklinga í héraði breytist ekki. Þannig er gert ráð fyrir að tollhafnir og tollverðir verði áfram á þeim stöðum þar sem atvinnulífið kallar eftir að tollafgreiðsla eigi sér stað. Verður því engin breyting á þjónustustigi á einstökum stöðum á landinu.

2. Tollmiðlarar: Með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu hefur starfsemi umboðsmanna inn- og útflytjenda aukist verulega. Í frumvarpinu er tekið upp hugtakið tollmiðlari yfir þá aðila sem taka að sér í atvinnuskyni að koma fram gagnvart tollfyrirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda. Sett eru fram ítarleg ákvæði um starfsemi tollmiðlara og starfsemi þeirra gerð leyfisskyld.

3. Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur: Ákvæði um geymslu á ótollafgreiddum vörum taka talsverðum breytingum frá gildandi lögum. Ýmis nýmæli eru sett fram svo sem um tilkynningaskilydd vegna flutnings ótollafgreiddra vara, reglur um vörsluábyrgð á ótollafgreiddum vörum, reglur um greiðslu aðflutningsgjalda þegar vörur vantar í vörusendingu og þegar umframþingðir koma í ljós á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.

4. Einföldun kæruleiða: Lagt er til að allir úrskurðir tollstjóra sæti kærú til ríkistollanefndar. Samkvæmt gildandi tollalögum sæta sumir úrskurðir tollstjóra málskoti til fjármálaráðuneytis en aðrir til ríkistollanefndar.


5. Refsiábyrgð og málsmeðferð: Breytingar eru gerðar á ákvæðum um refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð. M.a. er leitast við að auka hlut tollfyrivalda í rannsókn refsiverða tollalagabrota og tengdra sérreksilagabrota þannig að tollstjórar annast aðallega rannsóknina.

Tekjur ríkissjóðs jan-febrúar		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	6,2	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	0,2	13,2
Tryggingagjöld	1,2	12,3
Eignarskattar	0,5	24,5
Veltuskattar	13,1	9,9
Tekjur alls	6,4	10,4

Gjöld ríkissjóðs jan-febrúar		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	5,4	14,7
Félagsmál	9,3	20,5
Atvinnumál	-10,9	20,6
Vaxtagjöld	54,1	-67,2
Önnur útgjöld	14,0	14,8
Gjöld alls	10,7	4,9

Afkoma ríkissjóðs jan-febrúar		
	2003	2004
M.kr.		
Handbært fé frá rekstri	2.131	7.137
Hr. lánsfjárfjöfnuður	2.456	5.757
Afborgun lána	-4.851	-13.878
Br. lánsfjárfjöfnuður	-3.645	-9.371
Lántökur	175	17.571
Greiðsluafkoma	-3.471	8.200

Ýmsar hagtölur		
	2002	2003
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga - apríl 2004	2,3	2,7
Kjarnaverðb.1- apríl 2004	2,4	2,3
Launavísitala - mars 2004	5,7	3,8
Heildarvelta janúar-des.	-2,4	1,5
Smá.velta janúar-des.	-0,93	1,14
Atvinnuleysi - mars '04	4,0	3,5



13. maí 2004

Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Í síðustu viku birti OECD þjóðhagsspár fyrir aðildarríkin auk nokkurra ríkja sem standa fyrir utan samtökin. Þessi spá gerir ráð fyrir minni hagvexti en fjármálaráðuneytið. Mismunur spánna liggur að umtalsverðum hluta í mismunandi mati á aukningu í fjárfestingu. Spá OECD er reyndar nokkuð eldri en spá ráðuneytisins þótt hún hafi birst seinna. Gerð slíkra spá byggir á þeim upplýsingum sem aðgengilegar eru á hverjum tíma sem breytast frá degi til dags. Á grundvelli slíkra upplýsinga og með aðstoð reiknilíkana fer síðan fram faglegt mat á líklegustu framvindu helstu efnahagsstærða. Bjartsýni eða svartýni koma þar hvergi nærri ef undan er skilið að kannanir á væntingum almennings hafa áhrif á matið.


Eitt af því sem vakið hefur athygli við spá ráðuneytisins er að ekki er lengur gert ráð fyrir samdrætti þegar dregur úr framkvæmdum við stóriðju og virkjanir. Nokkurs misskilnings hefur gætt um ástæður þessarar breytingar. Þetta á sér hins vegar eðlilegar skýringar í því að vegna þess hvernig framkvæmdirnar dreifast í núverandi áformum fyllir vaxandi útlutningur áls í skarðið þegar framkvæmdahrinan gengur niður.

Fjármálaráðuneytið hefur kappkostað að gera þjóðhagsspár sínar eins aðgengilegar og gegnsæjar og kostur er. Þetta hefur meðal annars verið gert með því að birta opinberlega hluta, og raunar vaxandi hluta af þeim forsendum sem notaðar eru í þjóðhagslíkaninu sem er grundvöllur fyrir spánunum. Þegar ráðuneytið birti nýja þjóðhagsspá fyrir viku síðan var þar að finna viðbótarforsendur um vexti til að gefa vísbendingar um vaxtaþróun á markaði en þær hafa ekki verið birtar áður. Við frágang upplýsinganna um vexti innanlands voru gerð mistök sem nú hafa verið leiðrétt með því að birta tvennar raðir um innlendar vaxtaforsendur. Í spánni sjálfri voru notaðar réttar forsendur og þetta hafði því engin áhrif á niðurstöður. [Leiðrétt útgáfa er hér.](#)

Neysluverðsvísitala í maí hækkar umfram spár

Hagstofan birti í gær neysluverðsvísitölu fyrir maímánuð. Hún stendur nú í 233,9 stigum og hækkaði um 0,82% frá fyrra mánuði sem er mun meiri hækkan en gert var ráð fyrir. Markaðsverð á húsnæði hækkaði um 2,3% og verð á bensíni og gasolíu hækkaði um 3,3% en samtals skýra þessir liðir um helming hækkanarinnar. Verð á mat- og drykkjarvörum hækkaði um 0,8% sem skýrir um 0,11% hækkanarinnar.

Verðbreytingar á helstu liðum neysluverðsvísitölu í maí




Síðastliðna 12 mánuði frá maí 2003 til maí 2004 hefur vísitalan hækkað um 3,2% en án húsnæðis um 2,2%. Húsnæðisliður vísitölnnar hækkaði um 8% sem skýrir um 1,5% eða tæplega helming hækkanarinnar. Verð á opinberri þjónustu hækkaði um 6,6% og verð á annarri þjónustu um 2,7% en þessir liðir

skýra samanlagt um 1,1% hækkanarinnar. Verð á innlendum vörum hækkaði um 1,2% en verð á innfluttum vörum um 1,5%. Verð á bensíni hækkaði um 8,4% á tímabilinu sem skýrir um 0,3% hækkanarinnar.

Kjarnavísitala 1, sem er vísitala neysluverðs án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns, hækkaði um sama hlutfall og vísitala neysluverðs en þetta er í fyrsta skipti frá því í júní 2001 sem 12 mánaða breytingar á kjarnavísitölu 1 mælast ekki hærri en breytingarnar á neysluverðsvísitölnni. Kjarnavísitala 2, sem undanskilur einnig opinbera þjónustu, hækkaði hins vegar heldur minna á tímabilinu, eða um 2,9%.

12 mánaða breytingar á vísitölu neysluverðs



Þessar upplýsingar gætu gefið tilefni til að endurskoða spá ráðuneytisins um verðbólgu í ár. Í henni er gert ráð fyrir að hækkan á milli ársméðaltala 2003 og 2004 verði 2½%. Hins vegar gæti hún orðið ¼ - ½% hærri eftir þessa óvæntu hækkan sérstaklega þar sem útlit er fyrir að eldsneytisliður vísitölnnar muni hækka aftur í næstu mælingu. Rétt er þó að hafa fyrirvara á slíkri endurskoðun. Erfitt er að meta áhrif og tímasetningar þeirra kjarasamninga sem eftir er að gera og hvenær þeir koma til framkvæmda. Sömuleiðis er erfitt að meta horfur í gengismálum. Ef olíuverðhækkarnir ganga til baka verða að sjálfsgöðu minni ástæður til að breyta spám en ella.

Gerð tvísköttunarsamnings við Austurríki

Dagana 4. - 7. maí var haldinn í Vín fundur samninganefnda Íslands og Austurríkis um gerð tvísköttunarsamnings milli ríkjanna. Á fundinum náðist samkomulag um áritun samningsdraga. Samningurinn nær til tekju- og eignarskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að samið var um 5% afdráttarskatt af arði ef félagið sem móttækur arðinn á a.m.k. 10% í félaginu sem greiðir arðinn, en í öðrum tilvikum var samið um 15% afdráttarskatt. Þá var samið um 5% afdráttarskatt af þóknunum.

Varðandi söluhagnað var samið um að í þeim tilvikum þegar einstaklingur flytur sig frá öðru samningsríki til hins og hann hefur áunnid sér söluhagnað vegna hlutabréfa í fyrrnefnda samningsríkinu fyrir flutningsdag þá heldur fyrrnefnda ríkið skattlagningarréttinum af þeim hluta hagnaðarins. Skattkrafan myndast þó ekki fyrr en við sölu hlutabréfanna. Þetta ákvæði tekur mið af innlendra löggjöf í báðum ríkjum.

Einnig var samið um upplýsingaskipti á milli landanna varðandi þá skatta sem samningurinn nær til og skatta samkvæmt innanlandslöggjöf ríkjanna. Samkvæmt samningsdrögum verður frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun. Samninganefndirnar voru sammála um að stefna bæri að undirritun samningsins eins fljótt og auðið er.

Tekjur ríkissjóðs jan-febrúar		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	6,2	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	0,2	13,2
Tryggingagjöld	1,2	12,3
Eignarskattar	0,5	24,5
Veltuskattar	13,1	9,9
Tekjur alls	6,4	10,4

Gjöld ríkissjóðs jan-febrúar		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	5,4	14,7
Félagsmál	9,3	20,5
Atvinnumál	-10,9	20,6
Vaxtagjöld	54,1	-67,2
Önnur útgjöld	14,0	14,8
Gjöld alls	10,7	4,9

Afkoma ríkissjóðs jan-febrúar		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	2.131	7.137
Hr. lánsfjárfönuður	2.456	5.757
Afborgun lána	-4.851	-13.878
Br. lánsfjárfönuður	-3.645	-9.371
Lántökur	175	17.571
Greiðsluafkoma	-3.471	8.200

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002	2003
Verðbólga - maí 2004	2,2	3,2
Kjarnaverðb.1- maí 2004	2,6	3,2
Launavísitala - mars 2004	5,7	3,8
Heildarvelta janúar-des.	-2,4	1,5
Smá.velta janúar-des.	-0,93	1,14
Atvinnuleysi - mars '04	4,0	3,5



19. maí 2004

Horfur um afkomu sjávarútvegs

Í nýjstu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gerð grein fyrir stöðu og afkomuhorfum sjávarútvegs. Reiknað er með að afkoma sjávarútvegs í heild verði heldur lakari á yfirstandandi ári en á árinu 2003 þrátt fyrir auknar aflaheimildir þar sem á móti vegur hækkan kostnaðar, óbreytt fiskverð á erlendum mörkuðum og almennt lakari rekstrarskilyrði. Afkoman er hins vegar nokkuð mismunandi eftir greinum. Þannig er reiknað með að veiðarnar skili þokkalegum hagnaði eða um 5½% af tekjum á sama tíma og fiskvinnslan er talin rekin með töluverðum halla sem gæti numið um 4½% af tekjum.

Afkoma sjávarútvegs

ma. kr.	Áætlun 2002	Áætlun 2003	Áætlun 2004	Áætlun 2005
Tekjur	125,3	110,8	115,1	123,8
Rekstrargjöld	98,1	94,7	100	104,7
Vergur hagnaður	27,2	16,1	15,1	19,1
% af tekjum	21,7	14,6	13,1	15,4
Árgreiðsla (6%)	14,4	14,7	15,1	15,5
Hreinn hagnaður fyrir skatta	12,8	1,4	0	3,6
% af tekjum	10,2	1,3	0	2,9

Heimild: Hagstofa Íslands fyrir 2002.

Helstu forsendur framreikninga

Breyting frá fyrra ári, %

	2003	2004	2005
Magn	-0,4	5	3
Afurðaverð erlendis	-2,2	0	2
Fiskverð innanlands	-8,7	0	4½
Útflutningsgengi sjávarafurða	-8,9	1	2½
Laun	5,5	5	4½
Oliuverð erlendis	6,1	3¾	-10
Innlent verðlag	2,1	2½	3

Samkvæmt áætlun um rekstur fyrirtækja í sjávarútvegi árið 2005 er gert ráð fyrir að afkoman batni töluvert, sérstaklega í útgerð, en að fiskvinnslan verði áfram rekin með umtalsverðum halla.


Áhrif hækunar oliuverðs. Í framgreindum framreikningum er stuðst í meginatriðum við sömu forsendur varðandi magn- og verðbreytingar og í þjóðhagsspánni. Þar er meðal annars stuðst við spá Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um oliuverð árið 2004 og 2005 þar sem gert er ráð fyrir að heimsmarkaðsverð verði að meðaltali 30 Bandaríkjadalir á hverja oliútunni í ár og um 27 dalir árið 2005. Sé hins vegar gengið út frá því að meðalverð verði um 40 dalir árið 2004 stefnir í rekstrarhalla í sjávarútvegi sem nemur um 2½% af tekjum.

Samanburður á hagvexti á Íslandi og öðrum OECD ríkjum

Í nýjstu skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, World Economic Outlook, kemur meðal annars fram að hagvöxtur hér á landi hefur verið meiri en í flestum OECD ríkjum á undanförunum árum. Sama gildir um horfurnar næstu tvö ár.

Á tímabilinu 1996-2003 nam hagvöxtur hér á landi um 3,9% sem er jafnvel meira en í Bandaríkjunum á sama tíma en þar nam hagvöxtur að meðaltali 3,3%. Aðeins fjögur ríki OECD mældust með meiri hagvöxt. Hagvöxtur á hinum Norðurlöndunum var almennt mun minni.

Meðalhagvöxtur í ríkjum OECD



Þegar horft er fram á við blasir við sviðuð mynd þar sem Ísland færir upp í þriðja sætið með tæplega 5% hagvöxt að meðaltali, tæplega 1% meira en í Bandaríkjunum og nær tvöfalt meira en á hinum Norðurlöndunum. Rétt er að nefna að í þessum samanburði er stuðst við spá fjármálaráðuneytisins fyrir árin 2004 og 2005.


Góðar hagvaxtarhorfur á Norðurlöndunum

Á fundi norræna fjármálaráðherra sem haldinn var í Keflavík í þessari viku var meðal annars fjallað um ástand og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndunum. Nú teljast efnahagshorfur hins vegar fremur góðar. Í fyrra var hagvöxtur á Norðurlöndunum 1,2% og hefur ekki verið svo lítill í langan tíma. Í ár er reiknað með því að hagvöxtur á Norðurlöndunum verði 2,6% og 2,7% árið 2005. Þetta er mun meiri hagvöxtur en útlit er fyrir sunnar í álfunni eins og sjá má í greininni hér fyrir ofan. Ábyrg ríkisfjármálastjórn er talin eiga töluverðan þátt í betri efnahagshorfum. Sú skoðun kom fram á ráðherrafundinum að uppsveifla hafi ekki áður hafist á jafn traustum grunni og nú. Enda þótt menn kunni að hafa áhyggjur af því að oliuverð hefur hækkað meira á undanförunum vikum en gert hafði verið ráð fyrir er raunverð oliú ekki sérlega hátt. Áætlað er að verðbólga fari minnkandi þegar litið er til Norðurlandanna allra en hér á landi valda miklar framkvæmdir hættu á aukinni verðbólgu sem kunnugt er. Atvinnuleysi er alls staðar á Norðurlöndunum mun meira en hér á landi. Það er um 6% af mannafla að meðaltali og hæst í Finnlandi, nær 10%. Það fer víðast minnkandi en þó er reiknað með því að það vaxi í Svíþjóð.

Í **Danmörku** er áætlað að hagvöxtur í ár verði 2,1% og verði sá minnsti á Norðurlöndunum þrátt fyrir það að stjórnmöld hafi flýtt boðuðum skattalækkunaráformum. Þrátt fyrir þetta fer atvinnuleysi minnkandi. Hagvöxtur í **Svíþjóð** er nokkuð stöðugur. Þar hefur verðbólga farið mjög minnkandi og var svo komið að um verðhjöðnun var að ræða. Í **Finnlandi** hafa stjórnmöld lækkað skatta og það hefur valdið aukinni einkaneyslu. Hagvöxtur þar í landi byggir mjög á alþjóðaeftirfarisspáun. Þrátt fyrir aukin umsvif hefur störfum haldið áfram að fækka og er það stjórnmöldum að sjálfsögðu áhyggjuefni. Í **Noregi** eru hagvaxtarhorfur með því besta sem gerist á Norðurlöndum og hækkað oliuverð bætir hag Norðmanna að sjálfsögðu, a.m.k. til skemmri tíma. Verðbólga hefur verið mjög lág en nú er reiknað með því að hún vaxi nokkuð.

Tekjur ríkissjóðs jan-febrúar			Gjöld ríkissjóðs jan-febrúar			Afkoma ríkissjóðs jan-febrúar			Ýmsar hagtölur		
	2002-2003	2003-2004		2002-2003	2003-2004	M.kr.	2003	2004		2003	2004
12 mánaða breytingar, %			12 mánaða breytingar, %			Handbært fê frá rekstri	2.131	7.137	Verðbólga - maí	2,2	3,2
Skatttekjur alls	6,2	11,8	Almenn mál	5,4	14,7	Hr. lánsfjárfönuður	2.456	5.757	Kjarnaverðb. I- maí	2,6	3,2
Skattar á tekjur og hagnað	0,2	13,2	Félagsmál	9,3	20,5	Afborgun lána	-4.851	-13.878	Launavísitala - mars	5,7	3,8
Tryggingagjöld	1,2	12,3	Atvinnumál	-10,9	20,6	Br. lánsfjárfönuður	-3.645	-9.371	Heildarvelta janúar-des. '03	-2,4	1,5
Eignarskattar	0,5	24,5	Vaxtagjöld	54,1	-67,2	Lántökur	175	17.571	Smá.velta janúar-des. '03	-0,93	1,14
Veltuskattar	13,1	9,9	Önnur útgjöld	14,0	14,8	Greiðsluafkoma	-3.471	8.200	Atvinnuleysi - apríl	3,9	3,5
Tekjur alls	6,4	10,4	Gjöld alls	10,7	4,9						


Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



27. maí 2004

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til mars 2004

[Mánaðaruppgjör ríkissjóðs](#) eru nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomufirlits verið færð nær almennum sjóðstreymisfirlitum. Við samanburð á rekstrarafkomu fyrri ára verður að hafa í huga að færsla gjalda er nú nær rekstrargrunni en áður. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærri en ella sem veldur því að tölur eru ekki samanburðarhæfar milli ára. Tekjur ríkissjóðs eru hins vegar gerðar upp með sama hætti og áður.

Samkvæmt marsuppgjöri er handbært fé frá rekstri jákvætt um 0,4 milljarða króna sem er 8,3 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Áætlanir gerðu ráð fyrir um 1,2 milljarða jákvæðri stöðu. Tekjujöfnuður reyndist 0,2 milljörðum hagstæðari en áætlað var en hreyfingar á viðskiptareikningum um 1,1 milljarði króna óhagstæðari.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 64,6 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs sem er tæplega fjórum milljörðum krónum minna en á sama tímabili síðasta árs. Skýringin á þessu er sú að tekjur af sölu eigna námu 10,8 milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2003 en einungis 0,3 milljörðum króna í ár. Innheimta heildartekna ríkisins að frátöldum tekjum af sölu eigna jókst hins vegar um 12,3% frá sama tíma í fyrra. Innheimta skatttekna jókst einnig töluvert eða um 13,1% sem jafngildir 10,8% hækkun að raungildi milli ára. Innheimta tekjuskatta einstaklinga nam 15,5 milljörðum króna og hækkaði um 1,5 milljarða króna frá sama tíma í fyrra og innheimta tekjuskatta lögaðila jókst um 1,3 milljarða króna. Svipaða sögu er að segja af fjármagnstekjuskatti sem jókst um 6,7% að raungildi frá fyrra ári. Innheimta tryggingagjalda jókst um 8% að raungildi og innheimta eignaskatta um 22% að raungildi miðað við sama tíma í fyrra. Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti jukust um 1,9 milljarða króna frá sama tíma í fyrra sem jafngildir 9,5% raunhækkun. Innheimta annarra skatta á vöru og þjónustu jókst einnig eða um 6,4% að raungildi. Þetta endurspeglar áframhaldandi aukin umsvif í efnahagslífinu, einkum í neyslutútgjöldum heimilanna.

Gjöld fyrstu þrjá mánuði ársins námu 65 milljörðum króna. Að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda er um að ræða 2 milljarða lækkan frá síðasta ári. Þar munar langmestu um að vaxtagjöldin lækka um 3,6 milljarða milli ára þar sem að stór flokkur spariskirteina var á gjalddaga í febrúar 2003. Í samanburði við áætlun eru gjöldin hins vegar 1,9 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir. Það er að hluta til um tilfærslu milli mánaða að ræða, sem aðallega kemur fram hjá almannatryggingum og í rekstri sjúkráhusa.

Ríkiskassinn.is

Opnað hefur verið nýtt vefsvæði á vef fjármálaráðuneytisins, [ríkiskassinn.is](#). Þetta er upplýsinga- og fræðsluvefur þar sem varpað er ljósi á ríkisbúskapinn og hlutverk hans í hagkerfinu, hvers vegna og hvernig einstök verkefni eru valin og með hvaða hætti ríkið sinnir skyldum sínum við landsmenn. Reynt er að setja efnið fram á aðgengilegan og myndrænan hátt.

Á vefnum er fjallað almennt um ríkið sem þátttakanda í efnahagslífinu. Farið er yfir verkefni ríkisins og fjallað um hvernig þau eru ákveðin. Útskýrt er hvernig fjárlög ríkisins verða til og hvernig framkvæmd þeirra er háttað. Farið er yfir helstu tekjustofna ríkisins og fjallað um eignir og skuldir ríkisins svo eitthvað sé nefnt. Auk þess er á vefnum orðalisti/orðskýringar þar sem reynt er að skýra þau fjölmörgu hugtök sem snúa að ríkisbúskapnum. Að lokum er þar að finna dæmi um hvað einstök verkefni ríkisins kosta, ásamt spurningaleik þar sem þátttakendur geta spreytt sig á léttum spurningum er varða rekstur ríkisins.

Skattskylda orkufyrirtækja

Á næstu dögum mun fjármálaráðherra leggja fram á Alþingi til kynningar frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja. Í dag eru í gildi ýmis sérákvæði sem undanþegja einstök orkufyrirtæki tekju- og eignarskatti en í frumvarpinu eru þessar undanþágur orkufyrirtækja felldar niður. Með hugtakinu orkufyrirtæki í frumvarpinu er átt við fyrirtæki sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar nýrra raforkulaga nr. 65/2003 sem fela í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Markmið þess er að tryggja jafnræði í skattlagningu orkufyrirtækja, jafnt þeirra sem framleiða raforku og heitt vatn, í takt við almenn samkeppnis-sjónarmið. Í frumvarpinu er lagt til að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 2005 með álagningu árið 2006. Þar með ætti fyrirtækjum er málið varðar að gefast svigrúm til að aðlaga sig breyttu skattumhverfi.

Mat á fjárhagslegum áhrifum þessa frumvarps á arðsemi orkugeirans er miklum vandkvæðum bundið. Þannig liggja ekki fyrir samræmd gögn um reikningsskil umræddra fyrirtækja og þaðan af síður skattalegt uppgjör. Fram þarf að fara skattalegt endurmat á eignum þeirra sem mun án efa hafa einhver áhrif á afkomu þeirra og þar með arðsemi. Áhrif þessa verða hins vegar ekki ljós fyrr en við fyrstu álagningu eða á síðari hluta árs 2006.

Kaupmáttur launa gæti rýrnað

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var í maíbyrjun var meðal annars stuðs við nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um olíuverð sem gerði ráð fyrir tæplega 4% hækkun milli 2003 og 2004. Þetta svarar til hækkunar úr 29 dollurum fyrir hverja tunnu árið 2003 í 30 dollara árið 2004. Frá því að þessi spá var birt hefur olíuverð hins vegar hækkað verulega og er nú komið yfir 40 dollara. Haldist þetta verð óbreytt út árið má ætla að verðbólga gæti orðið um ½% meiri en spá ráðuneytisins gerði ráð fyrir eða um 3½% að meðaltali á milli árunna 2003-2004. Kaupmáttur launa myndi þá rýrna um svipað hlutfall. Áhrifin á hagvöxt og atvinnuleysi yrðu hins vegar óveruleg en þó þannig að heldur myndi draga úr hagvexti og atvinnuleysi aukast. Viðskiptahallinn ykist um sem svarar til ½% af landsframleiðslu. Áhrifin á afkomu ríkissjóðs eru fremur neikvæð meðal annars vegna minni kaupmáttaraukningar og aukins atvinnuleysis. Áhrif olíuverðshækkunar á afkomu einstakra atvinnugreina eru mismunandi. Þannig er ljóst að afkoma sjávarútvegs mun versna umtalsvert gangi þessi þróun eftir, eða sem nemur allt að 2,5% af tekjum. Talsverð óvissa ríkir um þróun olíuverðs á næstunni. Á nýlöknum fundi fjármálaráðherra OECD ríkjanna voru menn þó frekar á þeirri skoðun að þessi hækkun væri tímabundin og myndi ganga til baka á næstu vikum. Óvissan tengist einkum ótryggu stjórnmálaástandi og hugsanlegum hryðjuverkum í Saudi-Arabíu og Írak.

Tekjur ríkissjóðs jan-mars		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	5,0	13,1
Skattar á tekjur og hagnað	0	16,1
Tryggingagjöld	2,7	11,8
Eignarskattar	-8,6	22,0
Veltuskattar	11,1	10,6
Tekjur alls	23,2	-5,4

Gjöld ríkissjóðs jan-mars		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	-4,0	11,7
Félagsmál	12,2	13,7
Atvinnumál	-4,2	11,4
Vaxtagjöld	36,1	-53,7
Önnur útgjöld	30,3	-19,7
Gjöld alls	10,7	4,9

Afkoma ríkissjóðs jan-mars		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-7.930	383
Hr. lánsfjárfjöfnuður	6.405	3.587
Afborgun lána	-4.953	-13.950
Br. lánsfjárfjöfnuður	-423	-12.238
Lántökur	5.081	34.626
Greiðsluafkoma	4.657	22.388

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - maí	2,2	3,2
Kjarnaverðb. I - maí	2,6	3,2
Launavísitala - apríl	5,6	4,0
Heildarvelta janúar-febr.	-3,0	11,4
Smá.velta janúar-febrúar	1,73	7,33
Atvinnuleysi - apríl	3,9	3,5




3. júní 2004

Innflutningur í maí

Samkvæmt bráðabirgðatölum byggðum á innheimtu virðisaukaskatts nam vöruinnflutningur í maí um 18,5 milljörðum króna, án skipa og flugvéla. Þetta er rúmlega 4% meiri innflutningur að raungildi en í maí í fyrra og samkvæmt þessum bráðabirgðatölum er meginskýringin enn og aftur aukinn innflutningur fjárfestingarvara og flutningatækja. Meðaltal innflutnings síðustu þriggja mánaða er um 20 milljarðar króna að raungildi sem er um 17% aukning frá sama tímabili í fyrra.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Verðmæti vöruinnflutnings fyrstu fjóra mánuði ársins nam tæpum 71 milljarði króna en var fyrir sama tímabil í fyrra um 59 milljarðar króna. Að magni jókst innflutningurinn um tæp 18%. Ef bráðabirgðatölum um innflutning í maímánuði er bætt við innflutning fyrstu fjóra mánuði ársins og innflutningur janúar - maí borinn saman við sama tímabil í fyrra eykst hann um tæplega fimmtung að raungildi. Innflutningur virðist aukast í öllum vöruflokkum en meginskýring meiri innflutnings er aukinn innflutningur fjárfestingarvara sem vex um þriðjung frá fyrra ári. Einnig er veruleg aukning í innflutningi flutningatækja, þannig hefur innflutningur flutningatækja til atvinnurekstrar tvöfaldast milli árunna og innflutningur fólksbifreiða vex enn, er um 30% meiri.

Innflutningur í öðrum vöruflokkum vex minna milli árunna, þannig virðast til dæmis svonefndar aðrar neysluvörur en þar undir flokkast m.a. heimilistæki og fatnaður aukast um 12% en mat og drykkjarvörur (bæði til iðnaðar og heimilisnota) um 16%.

Vöruskiptajöfnuður var neikvæður um 3,2 milljarða króna fyrstu fjóra mánuði ársins. Útflutningur jókst þó að magni um 10% þessa mánuði samanborið við sama tímabil árið áður. Útflutningur sjávarafurða jókst um 16% að magni en verðmæti þeirra jókst um 9% sem skýrist m.a. af lægra afurðarverði auk breytinga á gengi krónunnar. Meðaltal gengis krónunnar fyrstu fjóra mánuði ársins borið saman við sama tímabil í fyrra hefur þó breyst misjafnlega eftir myntum, það hefur t.d. veikst gagnvart pundi og evru um 3-4% þannig að afurðir seldar í þeim myntum gefa fleiri íslenskar krónur nú en í fyrra. Aftur á móti hefur krónan styrkst um 10% gagnvart dollar sem vegur þar á móti.

Útflutningur iðnaðarvara jókst að magni um tæp 2% milli þessara tímabili en verðmæti þeirra jókst um 5%. Útflutningur afurða álvinnslu dróst saman um 12% að magni en útflutningur annarra iðnaðarvara (þ.e. ekki stóriða) jókst aftur á móti um 23% að magni og um 27% í verðmætum. Það er einkum

aukinn lyfjaútflutningur sem skýrir þessa aukningu. Eftir fyrstu fjóra mánuði ársins nam hann 70% af heildarútflutningi síðasta árs. Útflutningur rafeindavoga dróst verulega saman að magni milli þessara tímabili en aftur á móti virðist álþönnuframleiðsla aftur vera að ná sér á strik en útflutningur nærri fimmfaldaðist milli þessara tímabila og er nú þegar orðinn meiri en allt árið í fyrra.

Það verður að telja líklegt að vöruskiptajöfnuður maímánaðar verði neikvæður. Vöruskiptajöfnuður var neikvæður í maímánuði í fyrra um 1,7 milljarða króna. Innflutningur nú virðist nokkru meiri að raungildi en í maí í fyrra og ef útflutningur verður svipaður og í fyrra stefnir í þó nokkurn halla. Meðalgengi krónunnar í maí miðað við gengisskráningarvog hefur þó veikst um tæp 4% frá maí í fyrra sem gæti aukið verðmæti útflutnings.

Lög um oliugjald og kílómetragjald o.fl.

Þann 28. maí sl. voru á Alþingi samþykkt lög um oliugjald og kílómetragjald o.fl. Kerfisbreytingin sem í lögnum felst er fyrst og fremst sú að með lögum þessum er tekið upp oliugjald og núverandi þungaskattskerfi lagt niður. Jafnframt verður tekið upp sérstakt kílómetragjald á ökutæki sem eru 10.000 kg. eða meira að heildarþyngd, önnur en bifreiðar til fólksflutninga. Olía til vissra nota verður undanþegin gjaldskyldu eins og t.d. olía til nota á skip og báta, til húshitunar, til nota í iðnaði og á vinnuvélar, til nota á dráttarvélar í landbúnaði og til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota. Greint verður á milli gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu með litun hinnar síðarnefndu. Eftirlit með því að ekki sé notuð gjaldfrjáls olía til gjaldskyldra nota felst einkum í því að athuguð eru sýni úr oliugeymi ökutækja. Samkvæmt lögnum skal fjármálaráðherra kveða á um gerð og samsetningu litarefnis, litunarbúnaðar og framkvæmd litunar í reglugerð. Rétt er að taka fram að litunin tekur ekki til skipagasolíu sem notuð er á kaupskipaflotann og öll stærri fiskiskip þar sem hún fellur ekki undir gjaldskyldusvið laganna sem afmarkað er í 1. gr. þeirra.

Í meðförum frumvarpsins á Alþingi voru gerðar nokkrar breytingar á því og má þar helst nefna eftirfarandi: Í fyrsta lagi var bætt við 4. gr. frumvarpsins ákvæði þess efnis að sala eða afhending á olíu til nota á vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum er undanþegin gjaldskyldu. Með breytingunni er komið í veg fyrir að mismunur verði á rekstrarforsendum kranabifreiða, sem undanþegnar eru gjaldskyldu, og vörubifreiða með krana. Í öðru lagi var endurgreiðsluhlutfall til almenningsvagna hækkað úr 70% í 80%. Er það gert til að koma til móts við þá kostnaðarhækkun sem ella hefði orðið á rekstri almenningsvagna, enda mikilvægt að lögin leiði hvorki til þess að dregið verði úr þjónustu almenningsvagna né að fargjöld hækki. Í þriðja lagi var gerð sú breyting á frumvarpinu að gildistöku laganna var frestað frá 1. janúar 2005 til 1. júlí 2005. Er það gert til að meiri tími vinnist til að ganga frá innleiðingu kerfisbreytingarinnar í samráði við hagsmuna- og framkvæmda- aðila, m.a. við setningu þeirra reglugerða sem lögin kveða á um, sem og til almenns undirbúnings.

Þjóðhagsleg mat á rafskautaverksmiðju á Katanesi

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur gefið út [skýrslu](#) um mat á þjóðhagsleg áhrif byggingar rafskautaverksmiðju á Katanesi í Hvalfirði en það var unnið að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Meginniðurstaða þessarar athugunar er að áformuð bygging rafskautaverksmiðjunnar muni hafa jákvæð efnahagsleg áhrif. Talið er að bygging verksmiðjunnar muni auka hagvöxt um rúmlega ¼% árið 2005 og um sama hlutfall þegar hún hefur náð fullum afköstum. Í skýrslunni eru rakin áhrif framkvæmdarinnar á viðskiptajöfnuð, fjárfestingu, verðbólgu og vinnurmarkað.

Tekjur ríkissjóðs jan-mars		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	5,0	13,1
Skattar á tekjur og hagnað	0	16,1
Tryggingagjöld	2,7	11,8
Eignarskattar	-8,6	22,0
Veltuskattar	11,1	10,6
Tekjur alls	23,2	-5,4

Gjöld ríkissjóðs jan-mars		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	-4,0	11,7
Félagsmál	12,2	13,7
Atvinnumál	-4,2	11,4
Vaxtagjöld	36,1	-53,7
Önnur útgjöld	30,3	-19,7
Gjöld alls	10,7	4,9

Afkoma ríkissjóðs jan-mars		
M.kr.	2003	2004
Handbært fê frá rekstri	-7.930	383
Hr. lánsfjárföfnuður	6.405	3.587
Afborgun lána	-4.953	-13.950
Br. lánsfjárföfnuður	-423	-12.238
Lántökur	5.081	34.626
Greiðsluafkoma	4.657	22.388


Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - maí	2,2	3,2
Kjarnaverðb. I - maí	2,6	3,2
Launavísitala - apríl	5,6	4,0
Heildarvelta janúar-febr.	-3,0	11,4
Smá.velta janúar-febrúar	1,73	7,33
Atvinnuleysi - apríl	3,9	3,5



10. júní 2004

Próun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til apríl 2004

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs eru nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomufirlits verið færð nær almennum sjóðstremisfirlitum. Við samanturð á rekstrarafkomu fyrri ára verður að hafa í huga að færsla gjalda er nú nær rekstrargrunni en áður. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærri en ella sem veldur því að tölur eru ekki samanturðar-hæfar milli ára. Tekjur ríkissjóðs eru hins vegar gerðar upp með sama hætti og áður.

Samkvæmt [aprilluppgjöri](#) er handbært fé frá rekstri neikvætt um 2,7 milljarða króna sem er 0,2 milljörðum lakari útkoma en á sama tíma í fyrra. Áætlanir gerðu ráð fyrir um 0,4 milljarða jákvæðri stöðu. Tekjujöfnuður reyndist 3 milljörðum hagstæðari en áætlað var en hreyfingar á viðskiptareikningum um 6,1 milljarði króna óhagstæðari.

Heildartekjur ríkissjóðs námu rúmlega 91 milljarði króna á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs sem er nánast sama fjárhæð og á sama tímabili síðasta árs. Innheimta skatttekna jókst hins vegar töluvert, eða um 14,4% sem jafngildir 12% hækkun að raungildi milli ára. Skýringin á þessum mun er sú að tekjur af sölu eigna námu um 10,8 milljörðum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2003 en einungis 0,3 milljörðum króna í ár. Innheimta tekjuskatta einstaklinga nam um 21 milljarði króna sem er um 2,3 milljörðum króna meira en á sama tíma í fyrra og innheimta tekjuskatta lögaðila jókst um 1,9 milljarða króna. Innheimta fjármagnstekjuskatts jókst um 7,5% sem jafngildir 5,2% raunhækkun á milli ára og innheimta tryggingagjalda jókst um 3,3% að raungildi. Þess má geta að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 3,6% á sama tímabili. Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti jukust um 3,7 milljarða króna frá sama tíma í fyrra sem jafngildir 12,5% raunhækkun. Innheimta annarra skatta á vöru og þjónustu jókst einnig eða um 6,3% að raungildi. Þetta endurspeglar áframhaldandi aukin umsvif í efnahagslífinu, einkum í neyslútgjöldum heimilanna.

Gjöld fyrstu fjóra mánuði ársins nema 90,2 milljörðum króna og hækka um 6,5 milljarð milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkunin um 1½ milljarði króna. Skýrist hækkunin nær alfarið af auknum greiðslum til almennatrygginga eða um 2,7 milljarða, þar sem lífeyristryggingar veða þungst. Á móti vegur að vaxtagjöld lækka um 0,9 milljarða milli ára þar sem stór flokkur spariskirteina var á gjalddaga í febrúar 2003. Greiðslur eru 1,8 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir. Það er að hluta til um tilfærslu milli mánaða að ræða, sem aðallega kemur fram hjá almennatryggingum, auk þess sem verið er að nýta inneignir fyrri árs í vegaf framkvæmdum.

Lántökur námu 32 milljörðum króna en afborganir voru 25 milljarðar. Þá voru greiddar 2,5 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafgangur jókst um 5 milljarða á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Verðlagshækkunir umfram spár

Hagstofan birtir í dag neysluverðsvísitölu fyrir júnímánuð. Hún hækkaði um tæp 0,8% frá fyrra mánuði sem er jafn mikil hækkun og í síðasta mánuði og líkt og þá er þessi hækkun umfram spár helstu aðila á markaði. Hækkun á húsnæði og bensíni veða þar þungst að þessu sinni en samantlagt skýra þessir tveir liðir tæplega ¼ hluta hækkunarinnar. Húsnæði hækkaði um 1,6% sem leiðir til um 0,3% hækkunar á vísitölunni og bensín hækkaði um 6,2% sem leiðir sömuleiðis til tæplega 0,3% hækkunar á vísitölunni í heild. Einnig er líklegt að áhrif kjarasamninga séu enn að koma fram í hækkun á vöruverði.

Það sem af er þessu ári hefur bensín hækkað um rúm 13% og húsnæði hefur hækkað um rúmlega 5%. Neysluverðsvísitalan í heild hefur hækkað um 2½% og er því ljóst að verðlagsspá ráðuneytisins frá því í vor sem hljóðar uppá 2½% hækkun á milli ársmeðaltala 2003 og 2004 mun varla rætast. Líklegra er að árhækkunin muni nema í kringum 3%.

Hins vegar ber að undirstrika að lækkan á heimsmarkaðsverði olíu á undanförmum dögum kemur ekki fram í þessari nýjustu mælingu Hagstofunnar á neysluverðsvísitölunni. Haldi sú lækkan áfram gæti það dregið úr verðlagshækkun ársins.

Ábendingar vegna frumvarpa til kynningar

Á síðustu vikum þingsins nú í vor lagði fjármálaráðherra fram til kynningar þrjú frumvörp til laga. Um er að ræða í fyrsta lagi frumvarp til laga um [breytingu á lögum um ársreikninga](#), þar sem kveðið er á um innleiðingunni reglugerðar ESB um beitingu reikningsskilastaðla. Í öðru lagi frumvarp til [nýrra tollalaga](#) og í þriðja lagi frumvarp til laga um [skattskyldu orkuvirktaekja](#). Um efni þessara þriggja frumvarpa hefur nýlega verið fjallað í vefritinu.

Á næstu dögum verða frumvörpin send hagsmunaaðilum til umsagnar. Auk þess hvetur ráðuneytið aðra þá sem vilja koma athugasemdom eða ábendingum vegna frumvarpanna á framfæri við ráðuneytið að gera það sem fyrst þar sem stefnt er að því að frumvörpin verði lögð fyrir Alþingi á nýjan leik í haust. Stíla ber athugasemdir og ábendingar á ráðuneytið.

Efnahagsleg áhrif tillagna Hafró

Hafransóknastofnunin birtir tillögur sínar um hámarksaflla á næsta fiskveiðiári í byrjun vikunnar. Í skýrslunni kemur fram að áhrif einkenna hlýsjávar-skeiðs séu farin að hafa merkjanleg áhrif á fiskistofnu og eru það bæði jákvæð og neikvæð. Stofnstærð loðnu hefur minnkað sem hefur sennilega þau áhrif að þorsstofninn vex hægar en gert var ráð fyrir í skýrslu síðasta árs. Aftur á móti hefur hlýrri sjór þau áhrif að mun meira mælist af ýsu og ufsa.

Tillögur Hafró hafa ekki mikil áhrif á árinu 2004 en þó má gera ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða dragist saman um ¼ frá því sem reiknað var með í síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birtist í apríl sl. Áhrifin eru meiri árið 2005. Þannig var í spánni gert ráð fyrir að útflutningur sjávarafurða ykist um 3% að magni milli árunna 2004 og 2005. Ef tillögur Hafró ganga eftir yrði aukningin minni eða sem nemur 2% að raungildi. Hér þarf hins vegar að hafa þann fyrirvara á að í þessum útreikningum er miðað við sama loðnu- og karfaaflla og í fyrri áætlun þar sem ekki er búið að veita ráðgjöf varðandi allar karfategundir og enn er eftir að gera mælingar á loðnu.

Í þessum áætlunum er gengið út frá nýrri upplýsingum um aflaverðmæti en síðustu þorskígildisstuðlar byggja á. Þetta gefur betri mynd af áhrifum tillagnanna þar sem verðbreytingar milli tegunda hafa verið töluverðar.

Tekjur ríkissjóðs jan-apríl		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,1	14,4
Skattar á tekjur og hagnað	0,4	18,3
Tryggingagjöld	6,0	7,0
Eignarskattar	-12,8	16,5
Veltuskattar	8,0	13,2
Tekjur alls	18,1	-0,1

Gjöld ríkissjóðs jan-apríl		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	-2,0	6,4
Félagsmál	11,1	14,0
Atvinnumál	-1,3	7,4
Vaxtagjöld	-20,4	-24,1
Önnur útgjöld	17,5	-4,9
Gjöld alls	4,4	7,8

Afkoma ríkissjóðs jan-apríl		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-2.479	-2.717
Hr. lánstjórjofnuður	12.421	514
Afborgun lána	-5.642	-25.018
Br. lánstjórjofnuður	4.279	-27.004
Lántökur	-550	32.004
Greiðsluafkoma	3.728	5.000

Ýmsar hagbölgur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - júní	1,8	3,9
Kjarnaverðb. 1.- júní	2,5	3,6
Launavísitala - apríl	5,6	4,0
Heildarvelta janúar-febr.	-3,0	11,4
Smá.velta janúar-febrúar	1,73	7,33
Atvinnuleysi - apríl	3,9	3,5




16. júní 2004

Hagvöxtur á 1. ársfjórðungi í takt við spá ráðuneytisins

Í síðustu viku birti Hagstofa Íslands áætlun um landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi 2004. Samkvæmt henni nam hagvöxtur um 4,9% frá fyrsta ársfjórðungi 2003. Á sama tíma óx einkaneyslan um 8%, samneyslan um tæplega 2% og fjárfesting um liðlega 17%. Þjóðarútgjöld í heild jukust um 8½%.

Tölur Hagstofunnar eru í ágætu samræmi við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var í byrjun maí þar sem gert var ráð fyrir um 4½% hagvexti fyrir árið í heild. Vöxtur einkaneyslu er að vísu talsvert meiri að raungildi en spá ráðuneytisins gerði ráð fyrir en breyting heildarfjárhæða er nær lagi. Þá sýnir áætlun Hagstofunnar að verulega hefur dregið úr vexti samneyslunnar sem er í takt við spá ráðuneytisins og endurspeglar þá ákvörðun stjórnvalda að halda aftur af vexti samneyslu til að stuðla að stöðugleika í efnahagsmálum. Sömu sögu er að segja af fjárfestingu. Að öllu samanlögðu gefa tölur Hagstofunnar ekki tilefni til að endurskoða spá ráðuneytisins fyrir árið 2004.



Fróðlegt er að skoða hagvaxtarþróunina undanfarnin misseri. Þannig hefur landsframleiðslan farið vaxandi á undanförunum ársfjórðungum eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd.

Eins kemur þar fram afar sterkt árstíðabundið mynstur. Landsframleiðslan lækkar alltaf á fyrsta fjórðungi hvers árs, reiknað á föstu verðlagi, en nær hámarki á síðasta ársfjórðungi. Þessar ártíðasveiflur falla nokkuð vel að árstíðasveiflu atvinnuleysis hér á landi, þó með gagnstæðu formerki.

Framlag til hagvaxtar, %	2003:I	2003:II	2003:III	2003:IV	2004:I
Einkaneysla	3,6	4	3,5	3,8	4,7
Samneysla	0,7	0,8	0,6	0,5	0,4
Fjárfesting	-1,4	4,2	5,5	6,1	3,1
Birgðabreytingar	0	0,6	-0,7	-0,2	0,2
Þjóðarútgjöld	2,9	9,6	8,8	10,2	8,4
Útflutningur	1,9	-2,1	0,6	-1,5	1,7
Innflutningur	-0,2	-4,3	-6,1	-3,9	-5,1
Verg landsframleiðsla	4,6	3,3	3,3	4,8	4,9

En hvaða þættir skýra aukinn hagvöxt að undanförunum? Eins og fram kemur í töflunni skiptast einkaneysla og fjárfesting á að vera hinn leiðandi þáttur í hagvextinum. Á sama tíma hefur hins vegar dregið úr framlagi samneyslunnar. Þannig leiðir einkaneyslan hagvöxtinn á fyrsta fjórðungi þessa árs og fjárfestingin fylgir fast á eftir. Hvaða liðir einkaneyslunnar vega hér þyngst?

Það er athyglisvert í ljósi minnkandi kaupmáttar launa á 1. fjórðungi ársins að kaup á þeim liðum sem eru hvað næmastir fyrir tekjubreytingum heimilanna virðast aukast mest að magni. Þetta skýrist án efa af því að heimilin gera ráð fyrir áframhaldandi uppsveiflu í efnahagslífinu auk þess sem almennri kjarasamningagerð lauk ekki fyrr en á 2. fjórðungi ársins. Hér hafa menn því

Magn- og verðbreyting 2003:I til 2004:I, %

	Magn	Verð
Matur, drykkjarvörur og tóbak	3,3	-0,3
Fatnaður og skófatnaður	10,3	1,8
Húsnæði, ljós og hiti	0,6	8,1
Húsgögn, húsbúnaður, heimilistæki og heimilishald	16,3	-1,8
Lyf og læknishjálp	0,8	8,0
Flutningatæki og samgöngur	12,8	0,8
Tömsundaiðja, skemmtanir og menntun	10,3	-2,1
Ýmsar vörur og þjónusta	7,9	0,9
Annað	18,6	-0,1
þ.a. starfsemi samtaka	0,0	3,7
þ.a. útgjöld erl. ferðamanna á Íslandi	13,3	-0,5
þ.a. útgjöld ísl. ferðamanna í útlöndum	25,5	0,0
Samtals	8,0	1,3

Heimild: Hagstofa Íslands

einfaldlega verið að taka forskot á sæluna og fjármagnað neysluna með lántökum. Þess vegna er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að heldur slái á útgjaldaþensluna á síðari hluta ársins. Þannig má benda á að velta smásöluverslunar á föstu verðlagi stöð nánast í stað á milli apríl og maí sl.

Staðan í kjaraviðræðum ríkisins

Á samningstímabilinu 2000-2004 gerði samninganefnd ríkisins 77 kjarasamninga og sérsamkomulög við 136 stéttarfélög. Þessir samningar skiptust þannig að gerðir voru 45 samningar við 61 stéttarfélag skv. lögum nr. 94/1986, með kjarasamninga opinberra starfsmanna, og 32 samningar við 75 stéttarfélög á grundvelli laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nýtt viðræðu- og samningstímabil hófst sl. haust. Búist er við að semja þurfi við um 120 stéttarfélög en fækkunin stafar bæði af sameiningu stéttarféлага og stærra samfloti féлага við samningsgerðina en áður.

Allflestir samningar ríkisins við stéttarfélög innan ASÍ runnu út um síðustu áramót. Samningaviðræður við Starfsgreinasamband Íslands hófust í nóvember sl. og var stefnt að því að sameina 14 kjarasamninga. Það takmark náðist með undirritun nýs kjarasamnings 7. apríl 2004 og tekur hann til 26 stéttarféлага víðs vegar um landið. Samningurinn hefur verið samþykktur hjá öllum félögum nema einu.

Skammtímasamningar voru undirritaðir við flugmenn og flugvirkja í nóvember 2003 í kjölfar samningsgerðar þeirra við SA. Samningar flugmanna voru til 15. mars 2004 og samningar flugvirkja eru til 15. október 2004. Viðræður eru að hefjast við flugmenn á ný.

Samningar við Rafiðnaðarsamband Íslands og Samiðn – samband iðnfélaga runnu út í marslok 2004 og sömuleiðis við múrara og pípuलगningamenn. Nýr samningur var undirritaður við RSÍ 1. júní sl. og hefur verið samþykktur. Samningur við Samiðn er langt kominn. Samningar Verktjórasambands Íslands urðu lausir 30. apríl sl. en viðræður hafa enn ekki hafist. Aðildarfélag í RSÍ, Samiðn og VSSÍ sem semja við ríkið eru samtals 21. Tveir samningar ríkisins við Sjómannafélag Reykjavíkur féllu úr gildi um síðustu áramót en viðræður við félagið eru í gangi. Þá varð laus samningur við Matsveinafélag Íslands 30. apríl sl. en viðræður eru ekki hafnar. Samningar við önnur félög til sjós verða flestir lausir 31. ágúst í sumar.

Ríkið gerði í fyrsta sinn kjarasamning við félag íslenskra lyfjafraeðinga á árinu. Nýr samningur var undirritaður 7. maí sl. og hefur hann verið samþykktur.

Yfirgnæfandi meirihluti stéttarféлага opinberra starfsmanna er með samning til nóvemberloka 2004. Alls eru 57 stéttarfélög í þessum hópi sem ríkið semur við, 24 í BHM, 25 í BSRB, 2 í KÍ og 6 utan bandalaga.

Tekjur ríkissjóðs jan-apríl		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,1	14,4
Skattar á tekjur og hagnað	0,4	18,3
Tryggingagjöld	6,0	7,0
Eignarskattar	-12,8	16,5
Veltuskattar	8,0	13,2
Tekjur alls	18,1	-0,1

Gjöld ríkissjóðs jan-apríl		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	-2,0	6,4
Félagsmál	11,1	14,0
Atvinnumál	-1,3	7,4
Vaxtagjöld	-20,4	-24,1
Önnur útgjöld	17,5	-4,9
Gjöld alls	4,4	7,8

Afkoma ríkissjóðs jan-apríl		
M.kr.	2003	2004
Handbært fê frá rekstri	-2.479	-2.717
Hr. lánsfjárfönuður	12.421	514
Afborgun lána	-5.642	-25.018
Br. lánsfjárfönuður	4.279	-27.004
Lántökur	-550	32.004
Greiðsluafkoma	3.728	5.000

Ýmsar hagtölur		
	2003	2004
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga - júní	1,8	3,9
Kjarnaverðb. I - júní	2,5	3,6
Launavísitala - apríl	5,6	4,0
Heildarvelta janúar-febr.	-3,0	11,4
Smá,velta janúar-febrúar	1,7	7,3
Atvinnuleysi - maí	3,6	3,3



24. júní 2004

Samþykkt lög á vörþingi 2004

Á vörþingi urðu 11 frumvörp sem fjármálaráðherra hafði lagt fram að lögum. Auk lokafjárлага 2000 og 2001 er um eftirfarandi lög að ræða:

Verzlun með tóbak. Felldur var niður einkaréttur ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins (ÁTVR) hefur áfram einkarétt á heildsölu á tóbaki. Innkaupareglur ÁTVR munu gilda áfram og tryggja jafnræði gagnvart öllum birgjum. Breyting þessi er gerð til aðlögunar að breyttum EES-reglum.

Gjald af áfengi og tóbaki. ÁTVR leggur tóbaksgjald á innflutt tóbak eða það sem framleitt er hér á landi. Breyting þessi kemur í beinu samhengi við afnám einkaréttar ÁTVR á innflutningi og framleiðslu á tóbaki.

Ársreikningar. Lögin fást við matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálastofnana. Tilskipun þessi var felld inn í EES-samninginn samkvæmt samþykkt sameiginlegu EES-þessindarinnar nr. 86/2002. Tilskipunin kallar á breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og ber breytingunum að ná til reikningsskila félaga vegna reikningsárs sem hefist 1. janúar 2004 eða síðar á því ári.

Erfðafjárskattur. Sett voru ný lög um erfðafjárskatt. Í lögnum er skattthlutfallið gert eitt, 5%, og skal fyrsta milljónin í búi vera skattfrjáls. Áður voru skattþrepinn þrjú og fóru bæði eftir fjárhæð arfs og skyldu erfingja við arfleifanda. Breyting er gerð á eignamati hlutabréfa, en þau verða metin á markaðsverði eða innra virði félags í stað nafnverðs.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Skilyrði um starfsstöð hér á landi vegna þjónustu eru afluð. Erlendum viðskiptabönkum, sparissjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, verður, að uppfylltum vissum skilyrðum, heimilt að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótatryggingavarnard. Þá er bætt við nýrri grein er fjallar um réttindi launþega sem koma hingað til lands til starfa frá höfuðstöðvum sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Skal þeim heimilt að greiða áfram til þess lífeyriskerfis sem þeir eiga aðild að með sama hætti og þeim væri heimilt ef þeir öfluðu teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru. Þá verður lífeyrissjóðum heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum með svipuðum hætti og verðbréfasjóðum, þó með tilteknum takmörkunum. Einnig verður lífeyrissjóðum óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánum sama banka eða sparissjóðs.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Framlengd er tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensins eða díselolíu, svokölluðum tvíorkubifreiðum.

Tekju- og eignarskattur; dótturfélög sparissjóða, viðmiðunarfjárhæðir o.fl. Sparissjóðum verður heimilt að sækja um samsköttun með dótturfélögum sínum. Kveðið er skýrar á um heimildir skattranssóknarstjóra ríkisins til að láta færa mann til skýrslugjafar ef itrekaðri kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt. Þá er til áréttingar tiltekið að fjárhæðir barnabóta og vaxtabóta, sem breytt var með lögum nr. 143/2003 komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 og við ákvörðun bóta á því ári vegna tekna og eigna á árinu 2003.

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans. Fjármálaráðherra er heimilað að samþykkja hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda úr 3,3

milljörðum evra í 4,0 milljarða evra frá 1. júlí 2004. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á ábyrgðum landanna við þessa hækkun heldur mun bankinn sjálfur auka framlag sitt í afskriftasjóð vegna aukningarinnar. Heildarbyrgð landanna verður því áfram 1,8 milljarðar evra og hlutur Íslands hinn sami og áður.

Oliugjald og kílómetragjald. Kerfisbreytingin sem í lögnum felst er fyrst og fremst sú að tekið er upp oliugjald og núverandi þungaskattkerfi lagt niður. Jafnframt verður tekið upp sérstakt kílómetragjald á ökutæki sem eru 10 tonn eða meira að heildarþyngd, önnur en bifreiðar til fólksflutninga. Olía til vissra nota verður undanþegin gjaldskyldu eins og t.d. olía til nota á skip og báta, til húshitunar, til nota í iðnaði og á vinnuvélar, til nota á dráttarvélar í landbúnaði og til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota. Greint verður á milli gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu með litun hinnar síðarnefndu.

Verðhækkunir á húsnæði og olíu valda víða verðbólgu

Það hefur vakið athygli að á undanföllum tveimur mánuðum hefur vísitala neysliverðs hækkað mun hraðar en gert var ráð fyrir og er jafnframt farið að sigla fram úr spám ráðuneytisins. Aðalskýringin liggur annars vegar í hækkanandi fasteignaverði og hins vegar í hækkanandi olíuverði.

Verðbólga hefur einnig verið að aukast í löndunum í kringum okkur þótt hún sé víða mun minni en hér um þessar mundir. Að baki verðlagsbreytinga eru í flestum tilvikum sömu skýringar og hér á landi. Þannig hefur verðbólgan í Bandaríkjunum farið vaxandi og sú hækkun á rætur að rekja til sömu skýringarþátta og hérlendis. Húsnæðisliðurinn skýrir þriðjung verðbólgu í Bandaríkjunum og bensinhækkunir litlu minna. Húsnæðisliðurinn hefur mun meira vægi í vísitölu neysliverðs í Bandaríkjunum en víðast annars staðar og því skipta verðbreytingar á húsnæði mjög miklu. Í Danmörku og Noregi skýra þessir undirlitir samanlagt nær alla verðbólguna. Í báðum löndunum hefur verðbólga farið vaxandi. Í Noregi var um skeið verðhjöðnun og enn eru sumir liðir vísitölunnar að lækka. Það sama gildir um matvæli og áfengi í Danmörku. Í Finnlandi hefur dregið úr verðhjöðnun m.a. vegna þessara þátta. Þar hafa þeir leitt til 0,3% hækkunar vísitölu á sama tíma og verðhjöðnun nemur 0,1%. Svíþjóð er eina undantekningin en þar dregur húsnæðisliðurinn úr verðbólgunni en olíuverðshækkunirnar ýta undir hana. Í Svíþjóð var verðhjöðnun fram eftir vetri og enn lækkar verðlag á sumum þáttum.

Greinargerð um olíumarkaðinn

Efnahagsskrifstofa ráðuneytisins hefur tekið saman greinargerð með ýmsum upplýsingum um olíumarkaðinn. Fjallað er um framboð og eftirspurn eftir olíu í heiminum, þróun olíuotkunar hér á landi og í nágrannalöndunum og verðþróun. Reiknuð eru áhrif þess á þjóðarþúskapinn ef olíuverð hækkaði 10% umfram þá hækkun sem ráðuneytið gerði ráð fyrir í síðustu spá sinni. Meginniðurstæða þess reiknings sýnir að draga mundi úr landsframleiðslu um 1 milljarð, sem er samdráttur í hagvexti um 0,1%, þjóðartekjur draggjást saman um 0,2% og viðskiptahallinn myndi aukast um sama hlutfall af landsframleiðslu. Verðbólguáhrifin reiknast 0,13%. Í greinargerðinni kemur fram að enda þótt olíuverð sé sveiflukennt af ýmsum orsökum megi reikna með því að raunverð olíu fari hækkandi til lengri tíma litid. Skýrslan er [hér](#).

Sumarfrí

Vefrit fjármálaráðuneytisins, fjr.is, kemur næst út fimmtudaginn 5. ágúst. Gleðilegt sumar!!




Tekjur ríkissjóðs jan-apríl		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,1	14,4
Skattar á tekjur og hagnað	0,4	18,3
Tryggingagjöld	6,0	7,0
Eignarskattar	-12,8	16,5
Veltuskattar	8,0	13,2
Tekjur alls	18,1	-0,1

Gjöld ríkissjóðs jan-apríl		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	-2,0	6,4
Félagsmál	11,1	14,0
Atvinnumál	-1,3	7,4
Vaxtagjöld	-20,4	-24,1
Önnur útgjöld	17,5	-4,9
Gjöld alls	4,4	7,8

Afkoma ríkissjóðs jan-apríl		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-2.479	-2.717
Hr. lánsfjárfnuður	12.421	514
Afborgun lána	-5.642	-25.018
Br. lánsfjárfnuður	4.279	-27.004
Lántökur	-550	32.004
Greiddlaufkoma	3.728	5.000

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - júní	1,8	3,9
Kjarnaverðb 1- júní	2,5	3,6
Launavísitala - maí	5,6	4,6
Heildarvelta janúar-febr.	-3,0	11,4
Smá velta janúar-febrúar	1,7	7,3
Atvinnuleysi - maí	3,6	3,3



5. ágúst 2004

Afkoma ríkissjóðs janúar– maí 2004

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs var neikvætt um 1,8 milljarða króna fyrstu fimm mánuði ársins. Þetta er 7,7 milljörðum króna hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra og 6,7 milljörðum króna hagstæðara en áætlanir gerðu ráð. Tekjujöfnuður ríkissjóðs reyndist einnig mun hagstæðari en áætlað var eða sem nam 6,2 milljörðum. [Greiddsluafkoma ríkissjóðs](#) batnaði um 8½ milljarð á fyrstu fimm mánuðum ársins.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 109,2 milljörðum króna. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 101,5 milljörðum króna sem er hækkun upp á 15,5% frá sama tíma í fyrra, nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 2,4% á sama tímabili þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 12,8%. Innheimta tekjuskatta einstaklinga nam tæpum 26 milljörðum króna sem er rúmum 2,5 milljörðum króna meira en á sama tíma í fyrra og innheimta tekjuskatta lögaðila jókst um 1,3 milljarða króna. Innheimta fjármagnstekjuskatts jókst einnig eða um 7,5% sem jafngildir um 5% raunhækkun milli ára og innheimta tryggingagjalda jókst rúm 12% að raungildi. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði á sama tímabili um 4,0%. Innheimta eignarskatta jókst einnig töluvert eða um 13,4% að raungildi milli ára og veltuskattar ríkissjóðs jukust um 14,4% eða um 11,7% að raungildi. Munar þar mestu um innheimtu tekna af virðisaukaskatti sem jókst um 16,1% svo og innheimtu vörugjalda og þungaskatts. Þessi þróun endurspeglar aukin umsvif í efnahagslífinu, bæði aukin neysluútgjöld heimilanna og stóraukin fjárfestingarútgjöld fyrirtækja, ekki síst vegna yfirstandandi stóriðjuframkvæmda. Þetta er í samræmi við síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og gæti jafnvel gefið vísbendingu um heldur meiri hagvöxt á yfirstandandi ári en þar var spáð.


Gjöld fyrstu fimm mánuði ársins námu 111,6 milljörðum króna og hækkuðu um 5,3 milljarða milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda voru þau nánast óbreytt í krónutölu milli ára. Milli ára er mest aukning í greiðslum til almannatrygginga eða um 2,1 milljarður milli ára og vega lífeyrstryggingar þar þyngst. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 2,3 milljarða milli ára þar sem stór flokkur spariskírteina var á gjalddaga í febrúar 2003. Í heild eru greiðslurnar í samræmi við áætlun en frávik eru þó á einstökum liðum. Þannig eru greiðslur til almannatrygginga um 1½ milljarð umfram áætlun sem að hluta skýrist af tilfærslu milli mánaða. Á móti vegur að vaxtagreiðslur eru 1,4 milljörðum lægri en áætlað var. Önnur frávik eru minni.

Fjármagnstekjur vaxa hratt

Áttunda hver króna sem einstaklingar höfðu í tekjur á árinu 2003 var afrakstur af fjármagni. Næstum 64 milljarðar króna fjármagnstekjur voru taldar fram í framtölum landsmanna fyrir árið í fyrra og höfðu þær vaxið um rúmlega 40% frá fyrra ári. Framtaldar fjármagnstekjur og álagður fjármagnstekjuskattur hafa fjórfaldast frá árinu 1997 en það var fyrsta heila árið sem allar fjármagnstekjur voru skattlagðar. Meira en helmingur fjármagnstekna ársins 2003 er tilkominn vegna hagnaðar við sölu á hlutabréfum og 18% eru arðgreiðslur vegna hlutafjareignar. Vextir af innstæðum í bönkum nema hins vegar einungis 11,5% af fjármagnstekjum einstaklinga. Aðrir liðir fjármagnstekna eru lægri. Þessi þróun endurspeglar stóraukin umsvif á fjármálamarkaði m.a. vegna aukins frjálshæðis í fjármálaviðskiptum. Ennfremur leiddi upptaka samræmdrar skattlagningar allra fjármagnstekna til aukinna viðskipta á fjármálamarkaði sem hefur skilað sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Enginn vafi er því á að upptaka samræmds fjármagnstekjuskatts hefur skilað mun meiri tekjum í ríkissjóð en eldra fyrirkomulag álagningar bæði vegna þess að lágt skatthlutfall hefur leyst úr læðingi viðskipti með hlutabréf sem ella hefðu ekki orðið og eins stuðlað að því að fjölmargir innlendir viðskiptaaðilar kjósa að láta skattleggja sig hér á landi í stað þess að flytjast til annarra landa. Öll þessi atriði eiga sinn þátt í að auka sparnað heimilanna með hlutabréfa-

kaupum o.fl. sem nú er farinn að skila umtalsverðum tekjum til þeirra fjölmörgu einstaklinga sem hafa gripið þetta tækifæri. Á síðasta ári fengu þannig 36.500 fjölskyldur og einstaklingar arð af hlutabréfum og nær 9.000 högnuðust á sölu hlutabréfa.

Fjármagnstekjur




Innflutningur í júlí 2004

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts benda til þess að innflutningur í júlímánuði hafi numið rúmum 20½ milljarði króna, sem er ríflega innflutningur júlímánaðar í fyrra, borið saman á föstu verði. Júlí 2003 var reyndar mesti innflutningsmánuður þess árs en það sem af er þessu ári er júní toppmánuðurinn og var innflutningurinn þá fjórðungi meiri en í júní í fyrra.

Samanburður milli fyrstu sjö mánaða þessa árs og sama tímabils í fyrra sýnir að meginskýring aukins innflutnings sé vegna fjárfestinga og hrá- og rekstrarvara sem skýra um helming aukningarinnar. Neysluvörur einstaklinga, eins og bifreiðar, heimilistæki og fatnaður, skýra um fjórðung aukins innflutnings.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Að mati fjármálaráðuneytisins má ætla að vöruskiptajöfnuður júlímánaðar verði neikvæður líkt og verið hefur síðustu mánuði enda hefur útflutningur ekki vaxið í sama mæli og innflutningur þótt um nokkra aukningu sé að ræða. Þannig jókst útflutningur fyrstu sex mánuði þessa árs um 6½% að raungildi milli ára en verð á útfluttum vörum stóð nánast í stað. Það stafar fyrst og fremst af verðlækkun á sjávarafurðum en verð á flestum öðrum útflutningsafurðum hefur hækkað.

Tekjur ríkissjóðs jan-maí		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	4,4	15,5
Skattar á tekjur og hagnað	0,8	17,5
Tryggingagjöld	3,9	14,9
Eignarskattar	-19,2	16,1
Veltuskattar	9,8	14,4
Tekjur alls	18,3	0,4

Gjöld ríkissjóðs jan-maí		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,5	2,4
Félagsmál	10,8	10,2
Atvinnumál	4,5	3,0
Vaxtagjöld	-18,8	-16,8
Önnur útgjöld	17,1	-6,2
Gjöld alls	5,5	5,0

Afkoma ríkissjóðs jan-maí		
	2003	2004
M.kr.		
Handbært fé frá rekstri	-9.506	-1.779
Hr. lánsfjárfjöfnuður	7.352	-775
Afborgun lána	-17.929	-28.369
Br. lánsfjárfjöfnuður	-13.702	-32.269
Lántökur	16.540	40.861
Greiddsluafkoma	2.838	8.593


Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - júlí	1,6	3,6
Kjarnaverðb.1.-júlí	2,3	3,2
Launavísitala - júní	5,6	5,1
Heildarvelta janúar-apríl	-3,5	11,2
Smá.velta janúar-apríl	1,5	5,4
Atvinnuleysi - júní	3,0	3,1



12. ágúst 2004

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar—júní 2004

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs eru nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomuyfirlits verið færð nær almennum sjóðstreymisyfirlitum. Við samamburð á rekstrarafkomu fyrri ára verður að hafa í huga að færsla gjalda er nú nær rekstrargrunni en áður. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljarðum króna hærri en ella sem veldur því að tölur eru ekki samamburðarhæfar milli ára. Tekjur ríkissjóðs eru hins vegar gerðar upp á sambærilegan máta og áður.

Samkvæmt júníuppgjöri er handbært fé frá rekstri neikvætt um 1,5 milljarða króna sem er 7,6 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Áætlanir gerðu ráð fyrir um 4 milljarða neikvæðri stöðu og kemur frávikjóð fram í 2,5 milljarða hagstæðari tekjujöfnuði en áætlað var. Hreyfingar á viðskiptareikningum reyndust í samræmi við áætlanir.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 133,5 milljörðum króna sem er rúmlega 5,5 milljörðum króna meiri innheimta en gert var ráð fyrir í áætlunum. Þar af námu skatttekjur tæpum 124,7 milljörðum og aðrar rekstrartekjur og fjárfraflög um 8,8 milljörðum króna. Engin eignasala átti sér stað á fyrstu 6 mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra nam hún 12,2 milljörðum króna. Skatttekjur ríkissjóðs hækkuðu um 14,8% á þessu ári miðað við sama tímabil í fyrra sem jafngildir um 11,9% hækkun að raungildi. Skattar á tekjur og hagnað námu tæplega 42,2 milljörðum króna og hækkuðu um 6,5 milljarða frá fyrra ári. Þar af hækkuðu tekjuskattar einstaklinga um 3,2 milljarða króna og innheimta skatta á tekjur og hagnað lögáðila var 2,7 milljörðum króna meiri. Innheimta tryggingagjalda nam um 13,5 milljörðum króna sem er 13,1% herra frá sama tíma í fyrra. Til samamburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4% á fyrri helmingi ársins og almennt verðlag hækkaði um 2,6%. Innheimta eignaskatta var einnig meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og um 18,1% hærri miðað við sama tímabil á árinu 2003. Innheimta stimpilgjalda spilar þar stórt hlutverk en þau voru 0,6 milljarði hærri en á síðasta ári og um 30% hærri en gert var ráð fyrir. Lítið lát hefur verið á fasteignakaupum landsmanna undanfarið og skuldsetning heimila og lántökur hafa verið í örum vexti. Hvað veltuskatta ríkissjóðs varðar þá endurspeglar innheimta þeirra ört vaxandi eftirspurn og neyslu heimila. Raunbreyting veltuskatta ríkissjóðs var 10,7% hærri frá sama tíma í fyrra, innheimta vörugjalda af ökutækjum hækkaði um tæp 36% og þungaskattur um 11,6% að raungildi frá fyrra ári.

Greidd gjöld á fyrri helmingi ársins nema 136,9 milljörðum króna og hækka

um 9,3 milljarða milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkunin um 4 milljörðum. Hækkun milli ára er mest hjá almannatryggingum, eða 5,4 milljarðar. Þar undir falla lífeyris-, örorku- og atvinnuleysisbætur, auk fæðingarorlofsgreiðslna. Þar næst hækka greiðslur um 1,8 milljarða vegna heilbrigðismála og 1,4 milljarða hjá fræðslumálum, en á móti vegur 1,6 milljarða lækkun vaxtagjalda. Önnur frávik eru minni.

Greiðslurnar eru um 3 milljörðum umfram greiðsluáætlun fjárlaga í heild, eða um 2%. Þar munar mestu um greiðslur til heilbrigðisráðuneytis eða um 3 milljarða króna og 1,4 milljarða hjá félagsmálaráðuneyti. Á móti vege 1,4 milljarða lægri vaxtagreiðslur.

Lántökur námu 35 milljörðum króna en afborganir voru 29 milljarðar. Þá voru greiddir 3,8 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafgangur jókst um 2,8 milljarða á fyrri helmingi ársins.

Útgáfa talna um greiðsluafkomu ríkissjóðs á þessu ári hefur verið nokkuð óregluleg en með útgáfunni nú er búið að vinna upp þær tafir sem ný framsetning hafði í för með sér. Er þess að vænta að hægt verði að birta tölur reglulega það sem eftir er ársins.

Um samræmingu skattlagningar launa og fjármagns

Að undanförunu hefur nokkur umræða verið um nauðsyn þess að minnka bilið á milli skattlagningar fjármagnstekna og almennra launatækna með hækkun fjármagnstekjuskatts. Af þessu tilefni er rétt að rifja upp nokkur grundvallaratriði sem voru höfð til hljóðsónar þegar samræmd skattlagning fjármagnstekna var tekin upp 1996/1997.

Álagning fjármagnstekjuskatts hér á landi er í veigamiklum atriðum frábrugðin því sem almennt gerist í nágrannaríkjunum. Mikilvægast er að átta sig á því að samamburður á skattlutföllum segir fjarri því alla söguna um raunverulega skattlagningu fjármagnstekna. Þótt skattlutfallið sé víða herra en hér á landi vege þar á móti margvíslegar undanþágur frá skattinum sem gera raunverulega skattbyrði minni en ætla mætti út frá skattlutfallinu einu og sér. Víða erlendis eru vaxtatekjur ekki skattlagðar líkt og hér heldur vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum. Sama á við um söluhagnað, leigutekjur o.fl. Eins er víða að finna sérstakan persónuafslátt vegna fjármagnstekna.

Það var meðvitað og vel ígrundað ákvörðun á sínum tíma að hafa sem fæstar undanþágur til að geta lækkað skattlutfallið. Það var talið stuðla að betri skattskilum, örva fjármagnsviðskipti og beina viðskiptum á þessu sviði til landsins í stað þess að menn flyttu viðskipti sín til erlendra skattaparadisa. Hóflétt skattlutfall var í þessu samhengi talið lykilaþráði þess að miðað væri við brúttóskattlagningu og skattlagningu nafnvaxta, án tillits til verðbólgu. Ljóst er að skattlagning nafnvaxta getur leitt til óhöflegar skattbyrði ef verðbólgu er ekki haldið í skefjum. Þessi rök eru enn í fullu gildi.

Í síðasta vefriti var bent á að framtaldir fjármagnstekjur og álagður fjármagnstekjuskattur hafa fjórfaldast frá árinu 1997. Enginn vafi er því á að upptaka samræmds fjármagnstekjuskatts hefur skilað mun meiri tekjum í ríkissjóð en eldra fyrirkomulag álagningar þar sem lágt skattlutfall hefur leyst úr læðingi viðskipti sem ella hefðu ekki orðið og eins stuðlað að því að fjölmargir innlendir viðskiptaaðilar kjósa að láta skattleggja sig hér á landi í stað þess að flytjast til annarra landa.


Hækkun fjármagnstekjuskatts getur hæglega orðið til þess að skattstofninn minnki og viðskiptin flytjist einfaldlega úr landi. Auk þess myndi slík ráðstöfun án efa leiða til aukins þrýstings á undanþágur og alls kyns ívilnanir sem græfi enn frekar undan skattstofninum. Alvarlegasta afleiðing hækkunar er þó að með henni er í reynd gefið "veiðileyfi" á þennan skattstofn sem hingað til hefur ríkt nokkuð góð sátt um og skilað hefur umtalsverðum tekjum í ríkissjóð.

Tekjur ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	4,1	14,8
Skattar á tekjur og hagnað	-0,9	18,2
Tryggingagjöld	7,5	13,1
Eignarskattar	-20,6	18,1
Veltuskattar	9,3	13,0
Tekjur alls	15,3	2,3

Gjöld ríkissjóðs jan-júní			
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	
Almenn mál	2,5	2,1	
Félagsmál	10,5	12,9	
Atvinnumál	4,9	3,1	
Vaxtagjöld	-22,0	-15,7	
Önnur útgjöld	16,5	-2,5	
Gjöld alls	5,6	7,3	

Afkoma ríkissjóðs jan-júní		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-9.058	-1.456
Hr. lánsfjárfjöfnuður	8.424	446
Alborgun lána	-17.952	-28.604
Br. lánsfjárfjöfnuður	-13.279	-31.908
Lántökur	14.038	34.778
Greiðsluafkoma	760	2.870

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - ágúst	2,0	3,7
Kjarnaverðb. 1.-júlí	2,7	3,0
Launavísitala - júní	5,6	5,1
Heildarvelta janúar-apríl	-3,5	11,2
Smá.velta janúar-apríl	1,5	5,4
Atvinnuleysi - júní	3,0	3,1




19. ágúst 2004

Mismunandi hagvaxtarþróun í Evrópu og Bandaríkjunum

Á undanförmum áratug (1993-2003) hefur árlegur hagvöxtur verið að meðaltali 1,2% meiri í Bandaríkjunum en á evrusvæðinu. Þessi þróun er umhugsunarverð og fróðlegt að skoða hvað veldur þessum mun. Að hve miklu leyti stafar þessi munur af mismunandi hagstjórn í þessum löndum og að hve miklu leyti á þessi þróun sér aðrar skýringar? Er hugsanlegt að munurinn skýrist að einhverju leyti af mismunandi mælingaraðferðum?

Hagvöxtur í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu



Hin almennt viðtekná skýring á þessum mun hefur verið að framleiðni sé meiri í Bandaríkjunum sem m.a. megri rekja til sveigjanlegru vinnumarkaðar. Þegar grann er skoðað kemur hins vegar í ljós að meira býr hér að baki. Samkvæmt nýlegri greiningu OECD eru aðallega taldar tvær ástæður fyrir minni hagvexti í Evrópu; annars vegar lítil atvinnuþáttaka og hins vegar lítil framleiðni.

Lítill atvinnuþáttaka í Evrópu kemur m.a. til af miklu atvinnuleysi og stuttum vinnudegi. Einnig er þó nokkur fjöldi sem telst ekki hluti af vinnuafliinu en 30% af fólki á vinnualdri er hvorki í vinnu né að leita að vinnu. Þetta hlutfall er undir 25% í Bandaríkjunum. Í Evrópu hefur auk þess færst í aukana að fólk fari snemma á eftirlaun en snemmtaka lífeyris í Evrópu er að hluta til afleiðing af fyrri áherslum í hagstjórn þegar reynt var að draga úr atvinnuleysi með því að hvetja fólk til að fara fyrir á eftirlaun.

Framleiðni hefur mælst minni í Evrópu en í Bandaríkjunum m.a. vegna þess að fjöldi á vinnumarkaði hefur aukist hraðar þar undanfarnin ár en í Bandaríkjunum. Einnig hefur meiri útbreiðsla upplýsingatækni í Bandaríkjunum en Evrópu aukið framleiðni. Hægari útbreiðsla upplýsingatækni í Evrópu stafar hugsanlega af strangara reglugerðarumhverfi sem hamlar samkeppni og hefur neikvæð áhrif á atvinnulíf þar sem það hvetur ekki til frumkvöðlastarfsemi og nýjunga. Síðast en ekki síst má nefna að mismunandi aldursdreifing þjóðanna hefur einnig áhrif á framleiðni en fjöldi innflytjenda á ári er töluvert meiri í Bandaríkjunum sem lækkar meðalaldur þjóðarinnar og eykur framleiðni.

Mismunandi mælingaraðferðir skekkja þó að einhverju leyti samanburð á milli þessara svæða. Þótt framleiðni hafi aukist hratt í Bandaríkjunum síðustu ár er mikilvægt að átta sig á hvaða framleiðnisilgreiningar eru notaðar í slíkum samanburði. Í Bandaríkjunum er yfirleitt talað um framleiðni á vinnustund í einkageiranum en í Evrópu er oftast talað um framleiðni á mann í öllu hagkerfinu. Þetta ýkir muninn á milli Bandaríkjanna og Evrópu á tvo vegu; annars vegar vegna þess að framleiðni er meiri ef hún er mæld miðað við


hverja vinnustund þar sem vinnutími hefur styst og hins vegar vegna þess að framleiðni er meiri í einkageiranum en hjá hinu opinbera.

Að lokum má nefna að landsframleiðslutölur í heild ýkja muninn á hagvexti í Bandaríkjunum og í Evrópu þar sem mannfjöldinn hefur verið að aukast miklu hraðar í Bandaríkjunum en í Evrópu. Landsframleiðsla á mann er betri mælikvarði en hún jókst að meðaltali um 2,1% í Bandaríkjunum og 1,8% í Evrópu á tímabilinu 1993-2003 sem er minni munur en ef landsframleiðslan í heild er skoðuð. Munurinn minnkar enn meira ef borin er saman landsframleiðsla á mann á hverja unna stund þar sem vinnustundum hefur fækkað í Evrópu. Tekjur á mann eru meiri í Bandaríkjunum aðallega vegna þess að fólk vinnur meira. Á evrusvæðinu eru færri í vinnu og þeir sem eru í vinnu vinna færri stundir að meðaltali en Bandaríkjamenn. Evrópumenn virðast því kjósa meiri frítíma.

Tekjumunur milli landshluta hefur fest sig í sessi

Á fyrri hluta tíunda áratugarins voru meðaltekjur (tekjuskatts- og útsvarsstofn) á hvern framteljanda sem búsettur var utan suðvesturhornins 4% lægri en landsmeðaltekjur meðan sambærilegt meðaltal fyrir þá sem bjuggu á því landsvæði var 2% fyrir ofan meðaltalið. Í hinni miklu uppsveiflu sem hér varð undir aldamótin jókst þessi munur á frá ári og var svo komið árið 2000 að 15% munaði milli meðaltalsteknanna, tekjur utan suðvesturhornins voru rétt neðan við 90% af landsmeðaltali meðan tekjur þar voru 5% yfir því. Í uppsveiflunni hækkuðu tekjur mest á suðvesturhorninu meðan aðrir landshlutar drógust aftur úr. Eftir að hún var gengin yfir hefur launaþróun verið jafnari en hins vegar hefur mismunurinn ekki gengið til baka nema að óverulegu leyti.

Meðaltekjur á framteljanda (landsmeðaltal = 100)




Af einstökum landshlutum hefur breyting tekna orðið mest á Vestfjörðum. Þar voru tekjur löngum mjög háar, t.d. 10% yfir landsmeðaltali í upphafi tíunda áratugarins. Sú mikla breyting sem orðið hefur á atvinnuháttum á Vestfjörðum ásamt miklum brottflutningi hafa átt sinn þátt í því að meðaltekjur Vestfirðinga hafa dregist aftur úr og voru árið 2003 6% fyrir neðan landsmeðaltal. Norðurland eystra, Vesturland og Austurland voru á sömu braut og Vestfirðingar enda þótt tekjurnar væru lægri þar en frá 2001 hafa orðið straumhörf eystra og árið 2003 voru austfirskir framteljendur hástökkvarnir. Það ár voru tekjur þar yfir landsmeðaltali en það hafa þær ekki verið frá árinu 1996. Það skal tekið fram að tekjur erlendra verkamanna við virkjanaframkvæmdirnar hafa mjög lítil áhrif á þessa niðurstöðu.

Tekjur ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	4,1	14,8
Skattar á tekjur og hagnað	-0,9	18,2
Tryggingagjöld	7,5	13,1
Eignarskattar	-20,6	18,1
Veltuskattar	9,3	13,0
Tekjur alls	15,3	2,3

Gjöld ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	2,5	2,1
Félagsmál	10,5	12,9
Atvinnumál	4,9	3,1
Vaxtagjöld	-22,0	-15,7
Önnur útgjöld	16,5	-2,5
Gjöld alls	5,6	7,3

Afkoma ríkissjóðs jan-júní		
M.kr.	2003	2004
Handbært fê frá rekstri	-9.058	-1.456
Hr. lánsfjárföfnuður	8.424	446
Alborgun lána	-17.952	-28.604
Br. lánsfjárföfnuður	-13.279	-31.908
Lántökur	14.038	34.778
Greiðsluafkoma	760	2.870

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - ágúst	2,0	3,7
Kjarnaverðb.1- ágúst	2,7	3,0
Launavísitala - júní	5,6	5,1
Heildarvelta janúar-apríl	-3,5	11,2
Smá.velta janúar-apríl	1,5	5,4
Atvinnuleysi - júlí	3,0	3,0




26. ágúst 2004

Áhrif lækkunar tekjuskattshlutfalls fyrirtækja

Skattalegt umhverfi fyrirtækja hefur tekið miklum breytingum undanfarinn áratug. Þar vegur þyngst mikil lækkun tekjuskattshlutfallsins sem nam 50% árið 1990 og hefur síðan verið lækkað í nokkrum áföngum niður í 18% frá og með tekjuárinu 2002 (álagningarárinu 2003). Á móti hefur ýmsum undanþágum verið fækkað og frádráttarliðir felldir út.

Tekjuskattur lögaðila



Meðfylgjandi mynd sýnir þessa þróun; annars vegar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila framreiknaðar til verðlags ársins 2003 og hins vegar skattshlutfallið. Mesta athygli vekur að lækkun skattshlutfallsins hefur ekki leitt til minni tekna ríkissjóðs; þvert á móti þar sem þær hafa nær þrefaldast á þessu tímabili. Veigamikil skýring er afar mikil fjölgun skattgreiðenda, eða úr tæplega 3.500 árið 1990 í rúmlega 10.000 árið 2003. Tekjuskattur á hvert fyrirtæki hefur hins vegar lítið breyst þegar horft er á upphafs- og lokaár og nemur um 1,2 m.kr. bæði árin. Hins vegar hefur álagningin sveiflast nokkuð á milli ára; fór hæst í 1,8 m.kr. árið 1999 en lægst í 1,1 árið 2002.

Sérstaka athygli vekur að þegar tekjuskattshlutfallið var lækkað hvað mest eða úr 30% í 18% frá og með tekjuárinu 2002 jukust tekjur ríkissjóðs um meira en þriðjung að raungildi milli ára. Í fyrri lækkunaráföngum höfðu tekjur ríkissjóðs hins vegar alltaf lækkað á fyrsta árinu sem breytingarnar giltu en farið síðan vaxandi. Mikil fjölgun fyrirtækja er aftur mikilvægur skýringarþáttur en einnig batnandi afkoma fyrirtækja o.fl. Fróðlegt verður að sjá hvort framhald verður á þessari þróun en niðurstöður álagningar vegna ársins 2003 munu liggja fyrir í október nk.

Þessi þróun staðfestir að þau markmið sem að var stefnt með breyttum skattareglum hafa náðst. Þannig hefur lægra skattshlutfall stuðlað að eflingu atvinnulífsins sem meðal annars birtist í mikilli fjölgun fyrirtækja og aukinni arðsemi sem aftur hefur leitt til aukinnar fjárfestingar, meiri framleiðslu og tekjumyndunar í þjóðfélaginu. Ennfremur gætir hér áhrifa einkavæðingar ríkisfyrirtækja sem skilar sér ekki einungis í tekjum af sölu þeirra heldur einnig í auknum skatttekjum.


Störfum getur fjölgað þótt atvinnuleysi haldist óbreytt

Oft gætir ónákvæmni í opinberri umræðu um stöðuna á vinnumarkaði. Tölur um fjölda þeirra sem eru skráðir atvinnulausir eru birtar einu sinni í mánuði og því gefast oft tækifæri til að greina tölurnar og fjalla um þær. Oftast er gengið

út frá því að ef atvinnulausum fjölgar þá fækki þeim sem hafa vinnu og öfugt.

Raunveruleikinn er hins vegar miklu flóknari en þetta þar sem margar aðrar breytingar á vinnumarkaði eru umfangsmeiri en breyting á fjölda atvinnulausra. Fjöldi atvinnulausra hefur á undanfönum árum sveiflast á milli 2.000 og rúmlega 6.000 manns. Um þessar mundir eru þeir rúmlega 5.000. Í hverjum mánuði eru rúmlega 800 nýir atvinnulausir skráðir hjá vinnu-miðlunum að meðaltali eða 15-20% af fjölda atvinnulausra eins og hann hefur verið að undanfönu en þetta er nálægt því að vera 0,5% af heildarfjölda starfandi á vinnumarkaði.

Þróun atvinnuleysis



Heimild: Vinnuálastofnun.

Á meðfylgjandi mynd eru sýndar breytingar á fjölda þeirra sem missa vinnuna í samanburði við heildarfjölda atvinnulausra. Í samræmi við það sem víða er gert og til að jafna miklar sveiflur milli mánaða á fjölda þeirra sem eru nýir á skrá er sýnt þriggja mánaða hlaupandi meðaltal fyrir þá stærð. Á árinu 2000 var fjöldi þeirra sem verið höfðu innan við 4 vikur á skrá sveiflukennur en þó aldrei hærrí en um það bil 600 á mánuði. Fjöldi nýrra á skrá sveiflaðist nokkuð nákvæmlega með heildarfjölda atvinnulausra og þegar þeim fjölgaði upp í um og yfir 800 á mánuði seinni hluta ársins 2001 óx heildarfjöldi atvinnulausra úr 2.000 í 4.000. Eftir það hefur hið nákvæma sambengi milli þessara stærða rofnað.

Mestur fjöldi fólks virðist hafa misst vinnuna á fyrri hluta ársins 2003. Heildarfjöldi atvinnulausra náði hámarki á sama tíma en hann fór síðan minnkandi þrátt fyrir það að mikill fjöldi fólks kæmi nýr inn á atvinnuleysisráð í hverjum mánuði. Í ár hefur heildarfjöldi á skrá vaxið á sama tíma og fjöldinn sem kemur nýr inn hefur farið heldur minnkandi.

Þegar horft er á þessar tölur í sambengi sést að vinnumarkaðurinn er mjög virkur. Á sama tíma og fólk missir vinnuna og fer á atvinnuleysisráð getur heildarfjöldi atvinnulausra sveiflast mjög mikið. Þannig virðast um 7.500 manns hafa misst vinnuna og komið nýr inn á skrá frá febrúar til september í fyrra en á sama tíma fækkaði atvinnulausum á skrá um 2.000 manns.


Þessi þróun sýnir að fjölgun nýrra starfa í landinu hefur gert meira en mæta þeim fjölda sem bætist við á atvinnuleysisráðum í hverjum mánuði og vísbendingar eru um töluvert aukin umsvif á vinnumarkaði þrátt fyrir það að mörgum þyki atvinnuleysi ganga of hægt til baka. Hrár tölur um skráð atvinnuleysi gefa því ekki endilega rétta mynd af stöðunni á vinnumarkaði.

Tekjur ríkissjóðs jan-júní		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	4,1	14,8
Skattar á tekjur og hagnað	-0,9	18,2
Tryggingagjöld	7,5	13,1
Eignarskattar	-20,6	18,1
Veltuskattar	9,3	13,0
Tekjur alls	15,3	2,3

Gjöld ríkissjóðs jan-júní		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	2,5	2,1
Félagsmál	10,5	12,9
Atvinnumál	4,9	3,1
Vaxtagjöld	-22,0	-15,7
Önnur útgjöld	16,5	-2,5
Gjöld alls	5,6	7,3

Afkoma ríkissjóðs jan-júní		
M.kr.	2003	2004
Handbært fê frá rekstri	-9.058	-1.456
Hr. lánsfjárföfnuður	8.424	446
Alborgun lána	-17.952	-28.604
Br. lánsfjárföfnuður	-13.279	-31.908
Lántökur	14.038	34.778
Greiddsluafkoma	760	2.870

Ýmsar hagtölur		
	2003	2004
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga - ágúst	2,0	3,7
Kjarnaverðb.1- ágúst	2,7	3,0
Launavísitala - júlí	5,7	5,1
Heildarvelta janúar-apríl	-3,5	11,2
Smá.velta janúar-apríl	1,5	5,4
Atvinnuleysi - júlí	3,0	3,0




2. september 2004

Innflutningur í ágúst 2004

Samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts nam vöruinnflutningur í ágúst tæpum 22 milljörðum króna, án skipa og flugvéla. Þetta er verulegur innflutningur, eða ríflegur innflutningur júnímánaðar sem var toppmánuður þessa árs ef innflutningur skipa og flugvéla er ekki meðtalin. Að rangildi er innflutningurinn um þriðjungi meiri en í sama mánuði í fyrra og ef þriggja mánaða meðaltal innflutnings er borið saman milli ára er aukningin tæplega fimmtungur.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Helsta skýring mikils innflutnings í ágúst samkvæmt þessum bráðabirgðatölum er einkum innflutningur á eldsneyti en einnig innflutningur á neysluvörum eins og fatnaði, en haust- og skólavörurnar hafa streymt í verslanir í mánuðinum. Auk þessa virðist nokkuð mikið hafa verið flutt inn af heimilistækjum.

Verðmæti vöruinnflutnings janúar til júlí nam tæpum 136 milljörðum króna. Ef bráðabirgðatölur um innflutning í ágúst er bætt við þá benda þessar tölur til þess að innflutningur fyrstu átta mánuði ársins sé um fimmtungi meiri að rangildi en á sama tímabili árið 2003.

Meginskýring meiri innflutnings nú frá fyrra ári virðist einkum vera aukinn innflutningur fjárfestingarvöru, rekstrarvöru og fólksbifreiða eins og áður hefur verið fjallað um. Verðmæti innflutts eldsneytis hefur aukist verulega milli tímabilanna sem skýrist meðal annars af herra verði, en einnig má gera ráð fyrir að aukin tíðni flugerða til og frá landinu skýri að hluta aukna eldsneytisnotkun. Og eins og oft hefur verið nefnt þá hefur innflutningur vöru sem flokkast undir einkaneytlu, eins og heimilistæki og fatnaður, aukist nokkuð milli ára þó í fjárhæðum talið séu það einkum fjárfestingarvara, rekstrarvara og innflutningur flutningatækja þar með talið einkabifreiða sem skýrir þessa aukningu.

Vöruskiptajöfnuður fyrstu sjö mánuði ársins var neikvæður um rúma 20 milljarða króna. Ef fram fer sem horfir þá bendir allt til þess að vöruskiptajöfnuður ágúst mánaðar verði á svipuðum nótum og síðustu tveir mánuðir eða neikvæður um allt að 7 milljarða króna.

Stimpilgjöld vegna fasteignakaupa

Í tengslum við umbrot á íbúðalánamarkaði síðustu daga hafa stimpilgjöld af lánskjöllum vegna fasteignakaupa komið til umræðu. Hefur m.a. verið fullt að stimpilgjöld séu sér íslenskt fyrirbæri. Ráðuneytið hefur aflað upplýsinga

um stimpilgjöld í nokkrum nágrannalöndum Íslands. Sú könnun leiðir í ljós að alls staðar í nágrannalöndum okkar eru innheimt stimpilgjöld í einhverju formi. Vegna umræðu síðustu daga er fróðlegt að bera saman stimpilgjöld á lánskjöllum annars vegar og stimpilgjöld á skjöllum er varða eignayfirfærslu á fasteignum hins vegar, hér og í nágrannalöndum okkar.

Á Íslandi er stimpilgjald af eignayfirfærslum 0,4% af fasteignamati en stimpilgjald af veðskuldbréfum 1,5% af fjárhæð bréfs (í sumum tilvikum 0,5%). Til hliðsjónar má benda á að í Danmörku er 0,6% stimpilgjald af skjöllum er varða eignayfirfærslu á fasteignum og 1,5% af veðskuldbréfum. Í Noregi er 2,5% stimpilgjald af skjöllum er varða kaup á fasteignum og í Svíþjóð er stimpilgjaldið 1,5% vegna eignayfirfærslu. Í Bretlandi eru stimpilgjöld af skjöllum vegna eignayfirfærslu breytileg með tilliti til eignaverðmætis, þ.e. frá 0% til 4%. Í Finnlandi er stimpilgjald vegna eignayfirfærslu 4%.

Þessi samanburður sýnir að við mat á heildarstimpilgjöldum við fasteignakaup er nauðsynlegt að líta bæði til stimpilgjalda á lánskjöllum og á skjöllum er varða eignayfirfærslu á fasteignum. Ekki nægir að horfa eingöngu til stimpilgjalds af lánskjöllum. Samanburðurinn leiðir í ljós að heildarstimpilgjald í tengslum við fasteignakaup er lægra hér á landi en víða í nágrannalöndum okkar.

Reynsla af árangurstengdum fjárveitingum

Fyrir örfáum árum voru framlög ríkisins til háskóla og framhaldsskóla hér á landi tengd árangri þeirra, hliðstætt og gert hefur verið í fleiri löndum. Í stað fastra fjárveitinga taka framlög til skólanna mið af þátttöku nemenda í prófum. Frá því þetta var gert hefur aðsókn að skólunum aukist verulega og útgjöld ríkisins til skólanna aukist um tugi prósentu vegna þess að reynt hefur verið að mæta eftirspurninni. Fleiri opinberar stofnanir, m.a. sjúkrahúsin, hafa lýst áhuga á að taka upp kerfi þar sem fjárveitingar réðust af afköstum og árangri.

Í nýlegri skýrslu norska fjármálaráðuneytisins um árangurstengingu fjárveitinga er m.a. greint frá reynslu af árangurstengingu gagnvart sjúkrahúsum sem var tekin upp árið 1997. Tilgangurinn var að auka afköst án þess að draga úr hagkvæmni í rekstri til þess að stytta biðlista. Skýrsluhöfundar segja að kerfið hafi leitt til þess að sjúkrahúsin afkasti nú mun meiru en reiknað hafi verið með auk þess sem valkostum sjúklinga hafi fjölgað. Á hinn bóginn segja þeir að árangurstengingin hafi leitt til þess að fjárveitingar til sjúkrahúsanna hafi hækkað mun meira en stjórnvöld höfðu stefnt að, dregið hafi úr hagkvæmni í rekstri og að kostnaðareftirlit hafi slaknað. Í ljósi þessarar reynslu minnkuðu norsk stjórnvöld nýlega þann hluta fjárveitingar til sjúkrahúsa sem ræðst af árangri. Fram kemur að reynsla Svía af árangurstengingu fjárveitinga til sjúkrahúsa sé sú að nýting fjármuna hefi batnað fyrstu þrjú árin eftir að slíkt kerfi var tekið upp, en versnað síðan, þótt hún sé nú betri en áður. Hollendingar hafa leitast við að láta fjármagn fylgja notendum opinberrar þjónustu á sem flestum sviðum í þeim tilgangi að bæta þjónustu og fjölga valkostum notenda. Reynsla þeirra er einnig sú að þetta hafi leitt til betri þjónustu en jafnframt aukinna ríkisútgjalda, slakari nýtingar á opinberu fé, lakara kostnaðareftirlits og aukins stjórnsýslukostnaðar m.a. vegna þess hversu margir bjóða nú þjónustu sem ríkið greiðir fyrir. Hollensk stjórnvöld velta nú fyrir sér að hækka gjöld á notendur, takmarka aðgang að þjónustu eða gera aðrar ráðstafanir til að halda útgjöldum innan fjárveitinga þótt eftirspurn eftir þjónustu reynist meiri en gert var ráð fyrir við fjárlaga-gerð. Skýrsluhöfundar benda á að þetta þurfi norsk stjórnvöld einnig að gera.

Tekjur ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	4,1	14,8
Skattar á tekjur og hagnað	-0,9	18,2
Tryggingagjöld	7,5	13,1
Eignarskattar	-20,6	18,1
Veltuskattar	9,3	13,0
Tekjur alls	15,3	2,3

Gjöld ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	2,5	2,1
Félagsmál	10,5	12,9
Atvinnumál	4,9	3,1
Vaxtagjöld	-22,0	-15,7
Önnur útgjöld	16,5	-2,5
Gjöld alls	5,6	7,3

Afkoma ríkissjóðs jan-júní		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-9.058	-1.456
Hr. lánsfjárföfnuður	8.424	446
Alborgun lána	-17.952	-28.604
Br. lánsfjárföfnuður	-13.279	-31.908
Lántökur	14.038	34.778
Greiðsluafkoma	760	2.870

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - ágúst	2,0	3,7
Kjarnaverðb. 1.- ágúst	2,7	3,0
Launavísitala - júlí	5,7	5,1
Heildarvelta janúar-apríl	-3,5	11,2
Smá.velta janúar-apríl	1,5	5,4
Atvinnuleysi - júlí	3,0	3,0



9. september 2004

Efnahagsleg áhrif íbúðalána bankanna

Ákvörðun bankanna um að bjóða upp á íbúðalán á sambærilegum kjörum og Íbúðalánasjóður marka einhver mestu tímamót á íbúðalánamarkaðnum frá því að húsbrefakerfið var innleitt fyrir hálfum öðrum áratug. Þótt enn sé of snemmt að segja til með nokkurri vissu um efnahagsleg áhrif af aukinni þátttöku bankanna á íbúðalánamarkaði virðist nokkuð ljóst að hún getur haft viðtak áhrif.

Þannig mun íbúðafjárfesting án efa verða meiri en ella hefði orðið. Lægrí vextir stuðla einnig að minni greiðslubyrði og þar með auknum ráðstöfunartekjum heimilanna sem aftur mun að öllum líkindum að mestu fara til þess að auka neyslu. Auk þess má gera ráð fyrir að fólk fari út í skuldbreytingar á eldri og óhagstæðari lánum sem einnig er líklegt til þess að auka neyslútgjöld heimilanna. Þó er ekki útilokað að eitthvað af auknu ráðstöfunarfé heimilanna leiði til aukins sparnaðar en það verður líklega smærri hluti.


Bein afleiðing aukinnar innlendra eftirspurnar er að þrýstingur á verðlag eykst. Eins er líklegt að aukin eftirspurn á fasteignamarkaði leiði til hækkunar fasteignaverðs, ekki síst á stærri eignum. Hvort tveggja kallar á endurskoðun síðustu verðlagsspár fjármálaráðuneytisins frá því í maí, líklega til hækkunar um ¼% hvort ár, í 3½% árið 2005 og 3¼% 2006. Endanleg niðurstaða liggur fyrir um mánaðamótin þegar ný þjóðhagsspá verður kynnt.

Þessi nýja staða skapar óeitanlega nokkurn vanda í hagstjórninni, ekki síst í peningamálastjórninni. Með hliðsjón af ríkjandi efnahagsaðstæðum sem ein-kennast af mjög miklum hagvexti með tilheyrandi þrýstingi á innlent verðlag og horfum næstu tvö ár þegar stóriðjuframkvæmdirnar verða í hámarki er líklegt að Seðlabankinn haldi áfram að hækka stýrivexti sína. Lækkun langtímavaxta nú dregur því úr áhrifum vaxtahækkunar Seðlabankans á innlenda eftirspurn.


Við þessar aðstæður er mikilvægt að leitað verði allra ráða til að halda aftur af innlendra eftirspurn meðal annars með aðhaldi í ríkisfjármálunum og fjármálum sveitarfélaga. Ennfremur er nauðsynlegt að leitast við að tryggja að fyrirhugaðar breytingar á lánareglum Íbúðalánasjóðs með upptöku 90% lána hafi sem minnst áhrif á verðbólgu og innlenda eftirspurn.

Útgjöld almannatrygginga

Frá árinu 1998 hafa útgjöld ríkisins vegna lífeyristrygginga og bóta félagslegrar aðstoðar aukist um 91% m.v. horfur 2004. Það svarar til 11,5% árlegrar aukningar. Útgjöldin hafa nær tvöfaldast á tímabilinu, eða úr rúm 19 milljörðum í 37 milljarða. Jafngildir það tæplega 8 milljóna króna útgjalda- auka á degi hverjum.



Mest hefur aukningin orðið í lífeyristryggingum en þar hafa útgjöldin tvöfaldast frá árinu 1998, úr 15 í 30 milljarða króna. Hluti af skýringu á hækkuninni er að sérstök heimilissuppbót hefur flust af bótum félagslegrar aðstoðar í lífeyristryggingar en stærsta hlutann má rekja til fjölgunar lífeyrisþega, hækkunar bótafjárhæða og minni skerðingar vegna tekna lífeyrisþega.



Fjöldi þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri hefur aukist um 48,4% á tímabilinu, eða úr 7.980 árið 1998 í 11.840 samkvæmt horfum 2004. Fjölgun á milli ára er að meðaltali 6,8%. Þeim sem fá greiddan ellilífeyri hefur fjölgað um 11,8% á tímabilinu, eða úr 24.382 í 27.250 sem er árleg aukning um tæplega 1,9%. Gera má ráð fyrir að útgjöld vegna ellilífeyrisþega vaxi minna í framtíðinni þar sem æ stærri hluti tekna ellilífeyrisþega komi frá lífeyris-sjóðum.

Endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins

Í lok ágúst funduðu fulltrúar norræna fjármálaráðuneyta í Ósló um norræna tvísköttunarsamninginn sem er frá árinu 1996, en slíkir fundir eru haldnir árlega. Aðilar samningsins eru, auk Íslands, Danmörk ásamt Færeyjum, Finnland, Noregur og Svíþjóð. Fulltrúar Grænlandinga sitja einnig fundina án þess að vera beinir aðilar að samningnum. Þess má geta að Ísland hefur gert sjálfstæðan tvísköttunarsamning við Grænland sem tók gildi í byrjun árs 2003.

Á fundinum var ákveðið að hefja undirbúning að endurskoðun norræna samningsins og munu viðræður landanna hefjast í janúar 2005. Jafnframt var ákveðið að endurskoða gildandi samning milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum, en sá samningur er frá árinu 1989. Þegar liggja fyrir tillögur þar að lútandi, sem útfærðar verða nánar á næstu mánuðum.

Meginmarkmið þeirra hugmynda sem ræddar verða í janúar, er að breyta ákvæðum norræna tvísköttunarsamningsins í þeim tilgangi að auðvelda borgurum samningsríkjanna að flytjast á milli landanna í skattalegu tilliti. Í þessu sambandi má nefna ákvæðin um skattlagningu lífeyrisþega. Gera má ráð fyrir að til athugunar komi hvort skattlagningarriki verði gert skylt að veita einstaklingum, sem eru búsettir í öðru samningsríki, frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna greiðslu iðgjalds í lífeyrisjóð í því landi sem þeir eru búsettir. Jafnframt verður rætt hvort rétt sé að breyta gildandi ákvæði um skattlagningararétt lífeyris, sem samkvæmt samningnum er alfarið hjá greiðsluríki lífeyris, en ekki hjá því ríki þar sem lífeyrisþeginn er búsettur.


Þeir aðilar sem hafa áhuga á að koma að ábendingum eða athugasemdum fyrir komandi samningaviðræður er vinsamlegast bent á að beina þeim til samninganefndar um tvísköttun í fjármálaráðuneytinu.

Tekjur ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	4,1	14,8
Skattar á tekjur og hagnað	-0,9	18,2
Tryggingagjöld	7,5	13,1
Eignarskattar	-20,6	18,1
Veltuskattar	9,3	13,0
Tekjur alls	15,3	2,3

Gjöld ríkissjóðs jan-júní		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	2,5	2,1
Félagsmál	10,5	12,9
Atvinnumál	4,9	3,1
Vaxtagjöld	-22,0	-15,7
Önnur útgjöld	16,5	-2,5
Gjöld alls	5,6	7,3

Afkoma ríkissjóðs jan-júní		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-9.058	-1.456
Hr. lánsfjárfjöfnuður	8.424	446
Afborgun lána	-17.952	-28.604
Br. lánsfjárfjöfnuður	-13.279	-31.908
Lántökur	14.038	34.778
Greiðsluafkoma	760	2.870


Ýmsar hagttölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - ágúst	2,0	3,7
Kjarnaverðb.1- ágúst	2,7	3,0
Launavísitala - júlí	5,7	5,1
Heildarvelta janúar-apríl	-3,5	11,2
Smá.velta janúar-apríl	1,5	5,4
Atvinnuleysi - júlí	3,0	3,0



16. september 2004

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verði



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júlí 2004

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs eru nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomuyfirlits verði færð nær almennum sjóðstremisýfirlitum. Við samanburð á rekstrarafkomu fyrri ára verður að hafa í huga að færsla gjalda er nú nær rekstrargrunni en áður. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærri en ella sem veldur því að tölur eru ekki samanburðarhæfar milli ára. Tekjur ríkissjóðs eru hins vegar gerðar upp með sama hætti og áður.

Samkvæmt júlíuppgjöri er handbært fé frá rekstri neikvætt um 15,1 milljarð króna sem er svipuð útkoma og á sama tíma í fyrra. Áætlanir gerðu ráð fyrir um 14,3 milljarða neikvæðri stöðu. Tekjujöfnuður reyndist 1,8 milljörðum hagstæðari en áætlað var en hreyfingar á viðskiptareikningum um 2,5 milljörðum króna óhagstæðari.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 150,4 milljörðum króna sem er tæpum 3,6 milljörðum króna meiri innheimta en þess var ráð fyrir í áætlunum. Þar af námu skatttekjur rúmlega 140,2 milljörðum og aðrar rekstrartekjur og fjárframlög rúmlega 10 milljörðum króna. Skatttekjur ríkissjóðs hækkuðu um 12,7% á þessu ári miðað við sama tímabil í fyrra sem jafngildir um 9,7% hækkan að raungildi. Skattar á tekjur og hagnað námu rúmlega 45,4 milljörðum króna og hækkuðu um 4,7 milljarða frá fyrra ári. Þar af hækkuðu tekjuskattar einstaklinga um tæpan 1 milljarð króna og innheimta skatta á tekjur og hagnað lögaðila var tæpum 3,3 milljörðum króna meiri. Innheimta tryggingagjalda nam um 15,6 milljörðum króna sem er 10,5% herra en á sama tíma í fyrra. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,2% á þessu tímabili og almennt verðlag um 2,8%. Innheimta eignarskatta var einnig meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hvað veltuskatta ríkissjóðs varðar þá endurspeglar innheimta þeirra ört vaxandi eftirspurn og neyslu heimila. Raunbreyting veltuskatta ríkissjóðs var 10,6% frá sama tíma í fyrra, innheimta vörugjalda af ökutækjum hækkaði um tæp 32% og þungaskattur um 14,3% að raungildi frá fyrra ári.

Gjöld fyrstu sjö mánuði ársins nema 164,1 milljarði króna og hækka um 13,3 milljarða milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkanin um 8 milljörðum króna. Milli ára er mest aukning í greiðslum til almannatrygginga eða um 9,2 milljarða, til fræðslu- og menningarmála um 2,4 milljarða og um 2,2 milljarða til heilbrigðismála. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 1,5 milljarð milli ára. Í heild eru greiðslurnar 1,8 milljarði umfram áætlun og frávik skýrast einna helst af greiðslum til

almannatrygginga sem eru 3,4 milljörðum umfram áætlun, sem að hluta til skýrist af tilfærslu milli mánaða. Á móti vegur að vaxtagreiðslur eru 1,4 milljörðum innan heimilda. Önnur frávik eru minni.

Lántökur námu 39 milljörðum króna en afborganir voru 29 milljarðar. Þá voru greiddir 4,4 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 6,8 milljarða á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Endurskoðun á stofnanakerfi og rekstri verkefna ríkisins

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefjast handa um endurskoðun á stofnanakerfi og rekstri verkefna ríkisins. Er gert ráð fyrir að farið verði yfir verkefni ríkisins, bæði þau sem nú eru í gangi og ný verkefni sem koma kunna á dagskrá, með það fyrir augum að skoðað verði hvernig og hvar þeim verði best sinnt og hvort fækka megi ríkisstofnunum, m.a. með sameiningu stofnana.

Sett verður á laggirnar sérstök ráðherranefnd sem fara mun með yfirstjórn verkefnisins. Í henni munu eiga sæti fjármálaráðherra og þrír aðrir ráðherrar. Ráðherrarnir munu hver um sig skipa einn fulltrúa í framkvæmdanefnd undir formennsku fulltrúa fjármálaráðherra. Starfsmenn fjármálaráðuneytisins munu annast aðstoð við framkvæmdanefndina, en hún mun jafnframt hafa aðgang að sérfræðingum innan stjórnsýslunnar við úrlausn verkefna eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

Með stofnun framkvæmdanefndarinnar er jafnframt stefnt að því að safna saman á einum stað sérþekkingu á þessu sviði og að samræma vinnubrögð milli ráðuneyta varðandi fyrirkomulag á rekstri verkefna ríkisins. Er litið svo á að um sé að ræða langtímaverkefni.

Samræmd tekjuskattlagning fyrirtækja innan ESB

Á fundi fjármálaráðherra ESB nýverið var sérstaklega rætt um það hvort samræma ætti tekjuskattlagningu fyrirtækja innan bandalagsins. Sú umræða er þó ekki ný af nálinni á þeim vettvangi. Umræðan snerist bæði um mögulegt lágmark á skatthlutfallið, en einnig um samræmingu á skattgrunninum sjálfum. Að baki þessari umræðu liggja áhyggjur aðildarríkja eins og Frakklands og Þýskalands gagnvart nýju aðildarríkinum tíu sem mörg hver leggja umtalsvert lægri skatta á fyrirtæki en mörg hinna eldri ríkja innan ESB.


Frakkar voru mjög atkvæðamiklir í þessari umræðu og vildu jafnvel tengja þetta mál við styrkjakerfi bandalagsins. Þannig telja þeir óeðlilegt að þau ríki sem leggja "óeðlilega" lága skatta á fyrirtæki sækji á sama tíma styrki úr sjóðum ESB. Hugmyndir þeirra hlutu mjög óblíðar móttökur af hálfu margra aðildarríkja og náðist engin samstaða um málið. Þó tókst að knýja fram samþykki hjá meirihluta þeirra um að settur yrði á fót vinnuhópur til að skoða fyrirtækjaskattlagningu einstakra ríkja, ekki sist lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þar sem í sætu bæði fulltrúar aðildarríkjanna og atvinnulífsins.

Fimm ríki höfnuðu þessari hugmynd um enn einn vinnuhópinn. Þau voru Bretland, Eistland, Írland, Malta og Slóvakía og lét Gordon Brown, fjármálaráðherra Breta m.a. þau orð falla að slíkt væri tímasóun. Af sama tilefni sagði írski fjármálaráðherrann, Charlie McCreevy, að tekjuskattur fyrirtækja skilaði ríkjum ekki tekjum, nema fyrirtækin væru rekin með hagnaði. "Sá sem héldi að skattlagning ein og sér dygði til að auka efla hagvöxt væri á miklum villigötum." Fróðlegt verður að fylgjast með framvindu þessa máls í náinni framtíð.

Tekjur ríkissjóðs jan-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	5,2	12,7
Skattar á tekjur og hagnað	0,8	11,7
Tryggingagjöld	8,3	10,5
Eignarskattar	-15,8	18,4
Veltuskattar	9,6	13,7
Tekjur alls	12,2	2,0

Gjöld ríkissjóðs jan-júlí			
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	
Almenn mál	1,9	1,7	
Félagsmál	11,4	15,6	
Atvinnumál	5,6	0,5	
Vaxtagjöld	-22,3	-13,5	
Önnur útgjöld	15,9	-1,4	
Gjöld alls	6,2	8,8	

Afkoma ríkissjóðs jan-júlí			Ýmsar hagtölur		
M.kr.	2003	2004	12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-15.978	-15.072	Verðbólga - september	2,2	3,4
Hr. lánsfjárfjöfnuður	1.805	-12.711	Kjarnaverðb.1- september	3,0	2,8
Afborgun lána	-18.021	-29.142	Launavísitala - júlí	5,7	5,1
Br. lánsfjárfjöfnuður	-20.591	-46.229	Heildarvelta janúar-júní	-1,3	9,3
Lántökur	24.245	39.386	Smá.velta janúar-júní	0,4	5,3
Greiðsluafkoma	3.654	-6.843	Atvinnuleysi - ágúst	2,7	2,9



23. september 2004

Samband milli eftirlaunaaldurs og atvinnuþátttöku

Sífelld batnandi lífskjör, framfarir í lækisfræði, tilkoma nýrra lyfja og bætt heilbrigðisþjónusta hefur stuðlað að því að lífslíkur manna eru sífelld að aukast. Það hefur þau eðlilegu áhrif að hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda hækkar. Þessi ánægjulega þróun hefur hins vegar beint kastljósi efnahagsumráðunnar í vaxandi mæli beinst að áhrifum þessa á fjármögnun lífeyriskerfisins og heilbrigðis- og umönnunarþjónustu við aldraða. Nánar tiltekið hafa menn varpað þeirri spurningu fram hvaða áhrif þessi þróun komi til með að hafa á afkomu hins opinbera.


Þessi umræða hefur verið mun fyrirferðarmeiri á alþjóðavettvangi og í löndunum í kringum okkur en hér heima. Hvers vegna? Til að svara því þarf í fyrsta lagi að skoða áhrif þessarar þróunar á afkomu hins opinbera og þar með á almenna stöðu efnahagsmála. Í öðru lagi þarf að greina helstu ástæður.

Niðurstaða fjölda rannsókna á þessu sviði er meira og minna öll á þann veg að þessi þróun komi til með að auka útgjöld hins opinbera verulega á næstu árum og áratugum sem annað hvort þurfi að bregðast við með hækkun skatta eða niðurskurði annarra útgjalda. Staðan er þó mismunandi eftir löndum.

Athygli hefur vakið hve vel Ísland stendur að vígi í þessu samhengi. Ástæðurnar fyrir því eru margvíslegar. Meðal annars hefur fjármögnun lífeyriskerfisins víðast verið byggð á gegnumstreymiskerfi, þ.e. að mæta útgjaldaþörf þess opinbera á hverju ári með fjármögnun hverju sinni. Hin leiðin, sem hér hefur verið lengi við lýði, er svokölluð sjóðsmyndun, þ.e. að fólk greiði reglulega í lífeyrissjóði á starfsævinni og njóti ávöxtunar þess síðar í lífeyrisgreiðslum.

Fleiri ástæður má nefna svo sem lágan lífeyrisaldur. Hér á landi er meðalaldur fólks sem fer á eftirlaun 66-68 ára en víða erlendis er hann um og undir 60 árum, jafnvel nálægt 50 árum. Þessi staða hefur áhrif á hversu lengi fólk er á vinnumarkaði og þar með á fjármögnun velferðarkerfisins.

Eftirlaunaaldur og atvinnuþátttaka 55-64 ára karla, 2000



Nánar er fjallað um þessi mál í nýlegri grein í *OECD Economic Studies*. Þar kemur fram, eins og við er að búast, að því fyrir sem menn geta farið á eftirlaun, þeim mun lægri verður atvinnuþátttakan í efri aldurshópum vinnumarkaðarins. Niðurstöður rannsóknarinnar eru dregnar saman í meðfylgjandi mynd.

Þar kemur fram að á Íslandi er raunverulegur eftirlaunaaldur hæstur meðal OECD-rikkjana og um leið er þátttaka eldri karla í vinnumarkaðnum, 55-64ra ára, einnig langhæst. Þetta endurspeglar sterka stöðu Íslands í þessu samhengi.

Útboð á ráðgjöf vegna sölu Símans

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur ákveðið að auglýsa eftir ráðgjafa vegna fyrirhugaðrar sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands. Jafnt innlendum sem erlendum aðilum mun bjóðast að senda tilboð í ráðgjöfina. Samkvæmt verkefnislýsingu felst verkefni ráðgjafa m.a. í að greina og meta mögulega kosti sem til álíta koma við sölu og gera tillögur um hvaða leiðir skuli valdar. Frestur til að skila tilboðum er til 28. október n.k.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí 2003 segir að fylgt verði eftir heimild Alþingis um sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands og þess gætt að sala fyrirtækisins fari fram þegar markaðsaðstæður eru hagstæðar og þannig tryggt að ríkissjóður fái sanngjarnt verð fyrir eign sína. Ennfremur segir að tryggt verði að núverandi þjónusta við almenning á þessu sviði skerðist ekki.

Stjórnir ríkisstofnana

Um 75 af um 220 ríkisstofnunum í A-hluta fjárlaga hafa stjórnir (34%). Hlutverk þessara stjórna, samkvæmt lögum og reglugerðum sem um starfsemi gilda er nokkuð misjafnt og oft óljóst. Þrátt fyrir að í daglegu tali sé talað um stjórnir stofnana á svipuðum nótum og stjórnir t.d. hlutafélaga er langur vegur þar á milli. Hjá ríkinu sinna ráðuneyti svipuðu hlutverki gagnvart stofnunum í A-hluta fjárlaga og stjórnir í hefðbundnum hlutafélögum. Ráðherra er ábyrgur gagnvart Alþingi og almenningi fyrir rekstri þeirra stofnana sem undir ráðuneyti hans heyra. Ráðherra skipar forstöðumann og getur sett hann af sinni hann ekki skyldum sínum. Ráðherra gerir tillögur að fjárhagsramma með hliðsjón af verkefnum og stefnu stjórnvalda hverju sinni, hefur yfirumsjón með stefnumótun í þeim málaflokkum sem stofnanir starfa í og almennt eftirlit með starfsemi stofnunarinnar. Þessi samskipti ráðuneyta og stofnana eiga sér stað burtséð frá því hvort stofnun er með stjórn eða ekki. Stjórnir ríkisstofnana í A-hluta fjárlaga eru skipaðar af ráðherra, oft að hluta samkvæmt tilnefningu utanaðkomandi aðila, þó sjaldnast stjórnarformaður. Hlutverk stjórna fer í flestum tilvikum eftir sérlögum um hverja stofnun og er það æði misjafnt þar sem sumar eiga fyrst og fremst að vera ráðgefandi á meðan aðrar koma að stefnumótun og hafa eftirlitsskyldum að gegna. Yfirleitt er ekki kveðið sérstaklega á um hæfi stjórnarmanna eða tiltekið með skýrum hætti hver sé verkaskipting milli stjórna og forstöðumanna annars vegar eða milli stjórna og ráðuneyta hins vegar.

Ekki eru til nein almennar reglur, lög eða leiðbeiningar um starfshætti stjórna hjá ríkinu þó að í 49 gr. fjárreiðulaga sé kveðið á um að forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila beri ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir og að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög. Af þessari lagagrein verður ekki annað ráðið en að allar stjórnir ríkisstofnana hafi ásamt forstöðumönnum ákveðnum skyldum að gegna varðandi fjármál stofnana þrátt fyrir nán samskipti ráðuneyta og stofnana er varðar fjármála- stjórn og þá staðreynd að sumar stjórnir eru fyrst og fremst skipaðar til þess að veita faglega ráðgjöf. Óhætt er að segja að hlutverk stjórna hjá ríkisstofnunum sé því oft og tíðum óljóst. Ráðherra skipar bæði stjórn og forstöðumann og báðir aðilar bera ábyrgð gagnvart honum. Stjórnir hafa oftast ekki bein völd yfir forstöðumanni og hafa fá tæki í hendi sér til þess að láta að sér kveða í rekstri stofnana þrátt fyrir að þess sé kannski vænst. Þetta flækir ábyrgðartengsl og upp geta komið álitamál um hver beri ábyrgð á ákveðnum málum. Er það ráðuneytið? Er það stjórnin? Eða er það forstöðumaðurinn?


Full ástæða virðist því til þess að endurskoðað verði hvort og þá í hvaða tilvikum þörf er á að ríkisstofnanir í A-hluta séu með stjórnir og hvert verkswið stjórna eigi þá að vera.

Tekjur ríkissjóðs jan-júlí		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	5,2	12,7
Skattar á tekjur og hagnað	0,8	11,7
Tryggingagjöld	8,3	10,5
Eignarskattar	-15,8	18,4
Veltuskattar	9,6	13,7
Tekjur alls	12,2	2,0

Gjöld ríkissjóðs jan-júlí		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	1,9	1,7
Félagsmál	11,4	15,6
Atvinnumál	5,6	0,5
Vaxtagjöld	-22,3	-13,5
Önnur útgjöld	15,9	-1,4
Gjöld alls	6,2	8,8

Afkoma ríkissjóðs jan-júlí		
	2003	2004
M.kr.		
Handbaert fé frá rekstri	-15.978	-15.072
Hr. lánsfjárfjöfnuður	1.805	-12.711
Afborgun lána	-18.021	-29.142
Br. lánsfjárfjöfnuður	-20.591	-46.229
Lántökur	24.245	39.386
Greiðsluafkoma	3.654	-6.843

Ýmsar haftölur		
	2003	2004
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga - september	2,2	3,4
Kjarnaverðb. I - september	3,0	2,8
Launavísitala - ágúst	5,7	5,2
Heildarvelta janúar-júní	-1,3	9,3
Smá.velta janúar-júní	0,4	5,3
Atvinnuleysi - ágúst	2,7	2,9



30. september 2004

Ríkisreikningur 2003

[Ríkisreikningur](#) fyrir árið 2003 hefur nú verið birtur. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins og samanburði við fyrra ár.

Niðurstöðutölur ríkisreiknings fyrir árið 2003 sýna 6,1 milljarðs króna halla á rekstri ríkissjóðs samanborið við 8,1 milljarðs króna halla árið á undan. Þegar afkoman er skoðuð án tilfallandi liða eins og eignasölu, lífeyrisskuldbindinga og afskrifta á skattkröfum kemur fram 1,1 milljarðs króna halli sem er í meginatriðum í samræmi við forsendur fjárlaga að viðbættum tvennum fjárukalögum.

Niðurstaða ríkisreiknings 2003

Í millj. kr.	Reikningur 2003	Fjárlög/ Fjáruka- lög 2003	Frávik		Reikningur 2002
			Fjárhæð	%	
Tekjur samtals	274.574	280.589	-6.015	-2,1	259.21
Gjöld samtals	280.712	277.422	3.29	1,2	267.332
Tekjur umfram gjöld	-6.137	3.167	-9.304		-8.121
Tekjur umfram gjöld af venjubundinni starfsemi	-1.074	-1.218	-144		6.503
Lánsfjárföfnuður	3.406	3.706	-303		-14.643

Rekstur ríkissjóðs skilaði 3,4 milljarða króna lánsfjárfangangi, umfram 8,6 milljarða greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga, sem er verulegur viðsnúningur frá fyrra ári en þá var 14,6 milljarða króna lánsfjárförf. Ríkissjóður nýtti lánsfjárfangang ársins til að greiða niður langtímaskuldir. Aðstæður á innlendum skuldabréfamarkaði voru jafnframt nýttar til að lækka erlendar skuldir og auka vægi innlendra skulda. Þannig voru erlendar skuldir greiddar niður um 18 milljarða á árinu og námu þær 20,3% af landframleiðslu í árslok 2003 í stað 23,4% árið áður. Tekin lán ríkissjóðs námu 277 milljörðum króna í lok árs 2003 eða 34,2% af landsframleiðslu samanborið við 36,1% í árslok 2002.

Hlutdeild erlends vinnuafis við stóriðjuframkvæmdir

Nokkur umræða hefur verið að undanfönu um vægi innlends og erlends vinnuafis við virkjunarframkvæmdir. Í þessu samhengi hefur meðal annars verið bent á að vægi erlends vinnuafis sé mun meira en upphaflegar áætlanir hafi gert ráð fyrir.

Af þessu tilefni er rétt að rifja upp hvaða forsendur voru fyrir fyrri áætlunum og hvað hefur breyst. Fyrstu áætlanir um efnahagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda á Austurlandi voru unnar af Þjóðhagsstofnun á árunum 2000-2002. Fjármálaráðuneytið birti síðan í ársbyrjun 2003 fyrstu greinargerð sína um áhrif stóriðjuframkvæmda bæði á Austurlandi og vegna stækkunar Norðurláls. Í öllum þessum skýrslum var stuðst við upplýsingar frá undirbúningsaðilum framkvæmdanna sem gerðu ráð fyrir að um 75% starfsmanna yrðu íslenskir.

Hér var vissulega rennt nokkuð blint í sjóinn en fjármálaráðuneytið taldi eðlilegra að ganga út frá þeim hugmyndum sem þessir aðilar höfðu um skiptingu vinnuafisins frekar en að setja fram eigin áætlanir. Hins vegar var í

skýrslu ráðuneytisins fjallað sérstaklega um áhrif hugsanlegra frávikna frá forsendunni um 25% hlutdeild erlends vinnuafis, meðal annars á verðbólgu. Í því fráviksdæmi var reiknað með 50% erlendra hlutdeild. Slíkt fráviksdæmi var einnig tilgreint í Þjóðhagsþá ráðuneytisins vorið 2003.

Þessi forsenda hefur síðan smám saman verið að breytast og í síðustu Þjóðhagsþá ráðuneytisins í maí 2004 var miðað við að erlent vinnuafli yrði að meðaltali um 44%. Í Þjóðhagsþá ráðuneytisins sem birtist 1. október nk. er reiknað með jafnri skiptingu innlends og erlends vinnuafis á framkvæmdatíma. Rétt er að benda á að hér er miðað við allar framkvæmdir vegna virkjana og álversbygginga sem tengjast bæði Fjarðaáli og Norðuráli.

Vanmetur OECD útgjöld Íslendinga til menntamála?

Samkvæmt nýlegri skýrslu OECD námu heildarútgjöld Íslendinga til menntamála um 6,7% af vergri landsframleiðslu árið 2001. Ísland var þá í 4. sæti OECD ríkjana og hafði færst upp um tvö sæti frá árinu áður. Ýmislegt bendir til að útgjöld ríkis og sveitarfélaga hér á landi séu vanmetin í skýrslunni og að Ísland hafi ráðstafað 7,2% af landsframleiðslu til menntamála árið 2001 og verið í 2. sæti.

OECD byggir úttekt sína á upplýsingum frá Hagstofu Íslands sem er um þessar mundir að yfirfara flokkun útgjalda til menntamála með tilliti til alþjóðlegra staðla og breytinga á menntastofnunum á síðustu árum. Samanburður milli landa getur verið gagnlegur en hann er einnig varasamur vegna þess að menntakerfi og skipulag þjónustu á sviði menntamála er mismunandi eftir löndum og reikningshald stofnana ekki sniðið sérstaklega að þörfum hagskýrslusmiða. Það getur því verið flókið að finna nákvæmlega réttar tölur.

Samkvæmt úttekt OECD er áætlað að íslenska ríkið hafi verið 19,7 milljörðum króna til menntamála árið 2001. Athugun á ríkisreikningi bendir til að útgjöld ríkisins til menntamála það ár geti verið vantalín um að minnsta kosti 1,8 milljarða króna. Mestu munar um útgjöld til háskólastigsins m.a. vegna stofnkostnaðar háskóla, aðildar að áætlunum Evrópusambandsins á sviði rannsókna, þróunar og menntamála, rannsóknarsjóða og rannsóknarstofnana, þess hluta útgjalda Landspítala-Háskólasjúkrahúss sem er vegna kennsluhlutverks hans og útgjalda Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns vegna þjónustu við nemendur. Einnig gæti verið rétt að telja hluta af útgjöldum sveitarfélaga vegna leikskóla til menntamála í stað þess að telja þau öll til félagsmála. Útgjöld sveitarfélaga til leikskóla námu 6,4 milljörðum króna árið 2001. Sé 2 milljörðum vegna leikskólanna bætt við er niðurstaðan sú að Íslendingar hafi verið 7,2% af vergri landsframleiðslu árið 2001 til menntamála og verið í öðru sæti ásamt Bandaríkjamönnum.


Í úttekt OECD er tekið fram að Íslendingar hafi verið 0,9% af vergri landsframleiðslu til háskólastigsins. Með framangreindum breytingum verður hlutfallið rúmlega 1% og liðlega 1,3% þegar útgjöld ríkisins vegna Lána sjóðs íslenskra námsmanna eru tekin með. Því má svo bæta við að útgjöld ríkisins til menntamála hafa aukist umtalsvert á síðustu árum eða úr 2,89% af vergri landsframleiðslu árið 2001 í 3,06% samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs. Ef bæði sveitarfélögin og heimilin í landinu hafa aukid útgjöld sín til menntamála um sama hlutfall og landsframleiðslan hefur vaxid er líklegt að heildarútgjöld Íslendinga til menntamála verði um 7,4% af landsframleiðslu á yfirstandandi ári. Réttar tölur munu koma í ljós þegar Hagstofan hefur endurskoðað flokkun útgjaldanna.

Tekjur ríkissjóðs jan-júlí		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	5,2	12,7
Skattar á tekjur og hagnað	0,8	11,7
Tryggingagjöld	8,3	10,5
Eignarskattar	-15,8	18,4
Veltuskattar	9,6	13,7
Tekjur alls	12,2	2,0

Gjöld ríkissjóðs jan-júlí		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	1,9	1,7
Félagsmál	11,4	15,6
Atvinnumál	5,6	0,5
Vaxtagjöld	-22,3	-13,5
Önnur útgjöld	15,9	-1,4
Gjöld alls	6,2	8,8

Afkoma ríkissjóðs jan-júlí		
M.kr.	2003	2004
Handbaert fê frá rekstri	-15.978	-15.072
Hr. lánsfjárföfnuður	1.805	-12.711
Afborgun lána	-18.021	-29.142
Br. lánsfjárföfnuður	-20.591	-46.229
Lántökur	24.245	39.386
Greiðsluafkoma	3.654	-6.843

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - september	2,2	3,4
Kjarnaverðb. I - september	3,0	2,8
Launavísitala - ágúst	5,7	5,2
Heildarvelta janúar-júní	-1,3	9,3
Smá.velta janúar-júní	0,4	5,3
Atvinnuleysi - ágúst	2,7	2,9




7. október 2004

Helstu niðurstöður nýrrar þjóðhagsspár

Fjármálaráðuneytið hefur birt [nýja þjóðhagsspá](#) fyrir árin 2004-2006 auk framreikninga fram til ársins 2010. Helstu niðurstöður eru þessar:

- Nýjustu hagtölur staðfesta fyrri spár ráðuneytisins um að nýtt hagvaxtarskeið hafi hafist árið 2003 enda mældist þá rúmlega 4% hagvöxtur. Samkvæmt nýrri spá er gert ráð fyrir framhaldi á þessari þróun. Þannig er spáð 5½% hagvexti árið 2004, 5% árið 2005 og 4½% árið 2006. Heldur dregur úr hagvexti á árunum 2007-2010 en hann er þó talinn verða um 2½% að meðaltali. Gangi þessi spá eftir yrði hér um að ræða eitthvert lengsta hagvaxtarskeið sem hér hefur mælst.
- Mikill hagvöxtur næstu ár skýrist annars vegar af mikilli aukningu fjárfestingar vegna stóriðjuframkvæmdanna og hins vegar af miklum vexti í einkaneysluútgjöldum heimilanna. Óhjákvæmileg afleiðing þessa er vaxandi viðskiptahalli en rekja má meira en helming hans til virkunar- og álversframkvæmda, bæði beint og óbeint. Þetta sést best af því að gert er ráð fyrir að viðskiptahallinn minnki verulega á árunum 2007-2008 þegar framkvæmdunum er að mestu lokið.




- Samhliða auknum umsvifum í þjóðarútgjöldum er gert ráð fyrir að nokkuð dragi úr atvinnuleysi, úr 3% árið 2004 í 2¼% árið 2005 og 2¼% árið 2006. Jafnframt er spáð heldur meiri verðbólgu, eða 3% árið 2004, 3½% árið 2005 og 3¼% árið 2006. Aukna verðbólgu má meðal annars rekja til þess að í spánni er reiknað með að gengi krónunnar muni smám saman fara lakkandi á næstu árum vegna minnkandi gjalddeyrissinnstremmis og vaxandi viðskiptahalla.
- Aðhaldssöm stefna í peninga- og ríkisfjármálum á næstu árum er mikilvæg forsenda áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum. Í spánni er gengið út frá því að stýrivextir Seðlabankans verði hækkaðir stig af stigi í 8% fram til ársins 2006 en fari síðan lakkandi. Á sviði ríkisfjármála eru mótvægis- aðgerðir þegar hafnar með fjárlögum ársins 2004 þar sem haldið er aftur af vexti samneyslu- og tilfærsluútgjalda og verulega dregið úr opinberum framkvæmdum. Reiknað er með framhaldi á þessari þróun út framreikningstímabilið í samræmi við þá stefnu sem birtist í langtímaáætlun í ríkisfjármálum fyrir árin 2005-2008 sem ríkisstjórnin hefur samþykkt.

Innflutningur í september 2004

Vöruinnflutningur í septembermánuði nam um 19 milljörðum króna án skipa og flugvéla samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts. Þetta er mun minni innflutningur en í síðasta mánuði en þá voru fluttar inn vörur fyrir tæplega 21 milljarð króna - sem er milljarði minna en bráðabirgðatölur ráðuneytisins bentu til. Samkvæmt framangreindum tölum er þetta fyrsti mánuður ársins sem innflutningur dregst saman að raungildi frá sama mánuði

árið áður. Ef þriggja mánaða meðaltal er borið saman milli ára er aftur á móti um 7% aukningu að ræða. Vöruskiptajöfnuður fyrstu átta mánuði ársins var neikvæður um 27 milljarða króna en var á sama tíma í fyrra óhagstæður um tæpa 7 milljarða króna. Meiri afla af verðmætari fisktegundum í ágúst og september og minni innflutningur gæti leitt til minni halla á vöruskiptajöfnuði í september en verið hefur undanfarna mánuði, jafnvel að hann verði í jafnvægi. Þessi niðurstaða er í samræmi við nýja þjóðhagsspá ráðuneytisins en þar er gert ráð fyrir 39 milljarða halla á árinu öllu.



Mismunandi mælikvarðar á afkomu ríkissjóðs

Uppgjör fjárlaga og ríkisreiknings hér á landi er frábrugðið því sem notað er í þjóðhagsreikningum og í alþjóðlegum samanburði. Brennt skiptir þar mestu, þ.e. meðferð lífeyrisskuldbindinga, afskrifta skatta og hagnaðar af sölu eigna. Í þjóðhagsreikningauppgjörinu eru einungis færðar þær lífeyrisskuldbindingar sem tilheyra viðkomandi ári en ekki framtíðarskuldbindingar sem er gjaldfærðar á einu ári í fjárlagauppgjörinu. Sama gildir í reynd um afskriftir skatta. Loks er hagnaður af sölu eigna ekki tekjufærður heldur færður um endurmatreikning. Í meðfylgjandi töflu sést þróun afkomu ríkissjóðs með og án þessara óreglulegu liða.

	Rekn. 2001	Rekn. 2002	Rekn. 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frv. 2005
Tekjur umfram gjöld	8,6	-8,1	-6,1	6,7	7,8	11,2
Óregluleg gjöld	9,0	26,3	14,4	8,7	8,7	8,8
Óreglulegar tekjur	1,1	11,7	9,9	0,1	0,1	0,1
Tekjuafg. án óreglul. liða	16,5	6,5	-1,6	15,3	16,4	19,9

Ein meginástæða þess að meðferð þessara þriggja þátta er öðruvísi í þjóðhagsreikningauppgjörinu er að þeir tengjast ekki beint hinum almenna rekstri ríkisins og hafa ekki sömu tengingu við almenna efnahagsþróun hverju sinni og aðrir þættir ríkisfjármálanna. Taka má sem dæmi gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga ríkisstafsmanna sem nemur milljarðatugum á síðustu árum, mest um 25 milljörðum á árinu 2000. Af þessari fjárhæð komu 5 milljarðar til greiðslu á árinu en 20 milljarðar voru eingöngu bókfærsla og höfðu því engin áhrif í efnahagslegu sambengi.

Vegna þessa munar á uppgjörunum tveimur hafa að undanfönu verið birt tvönn konar uppgjör í ríkisreikningi, þ.e. með og án svokallaðra óreglulegra liða en þar vega framangreindir þættir þyngst. Sami háttur er hafður á í fjárlagafrumvarpinu. Með þessu fæst góð nálgun við þjóðhagsreikningauppgjörið. Jafnframt er rétt að benda á að allar stefnumótandi ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum undanfönu ár taka mið af stöðu ríkissjóðs að teknu tilliti til óreglulegra liða.

Tekjur ríkissjóðs jan-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	5,2	12,7
Skattar á tekjur og hagnað	0,8	11,7
Tryggingagjöld	8,3	10,5
Eignarskattar	-15,8	18,4
Veltuskattar	9,6	13,7
Tekjur alls	12,2	2,0

Gjöld ríkissjóðs jan-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,9	1,7
Félagsmál	11,4	15,6
Atvinnumál	5,6	0,5
Vaxtagjöld	-22,3	-13,5
Önnur útgjöld	15,9	-1,4
Gjöld alls	6,2	8,8

Afkoma ríkissjóðs jan-júlí		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-15.978	-15.072
Hr. lánsfjárfjöfnuður	1.805	-12.711
Afborgun lána	-18.021	-29.142
Br. lánsfjárfjöfnuður	-20.591	-46.229
Lántökur	24.245	39.386
Greiðsluafkoma	3.654	-6.843


Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - september	2,2	3,4
Kjarnaverðb. I - september	3,0	2,8
Launavísitala - ágúst	5,7	5,2
Heildarvelta janúar-júní	-1,3	9,3
Smá.velta janúar-júní	0,4	5,3
Atvinnuleysi - ágúst	2,7	2,9



14. október 2004

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v.6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - ágúst 2004

Samkvæmt [ágústuppgjöri](#) reyndist handbært fé frá rekstri neikvætt um 7,4 milljarða króna sem er 11,7 milljörðum betri staða en á sama tíma í fyrra og 4,7 milljörðum betra en í áætlun fjárlaga. Skýringin er sú að tekjur hækka um 4,4 milljarða umfram hækkun gjalda. Þá reyndust hreyfingar á viðskiptareikningum 0,3 milljörðum hagstæðari en gert var ráð fyrir.

Heildartekjur ríkissjóðs námu um 181 milljarði króna á fyrstu átta mánuðum þessa árs og hækkuðu um rúma 10 milljarða, frá sama tíma í fyrra, eða um 6,1%. Skatttekjur ríkisins námu um 170 milljörðum króna sem er heldur meiri innheimta en á síðasta ári eða um 12% að raungildi. Innheimtir skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila námu 53,4 milljörðum króna og hækkuðu um 20½% frá sama tíma í fyrra. Aukning í innheimtu tryggingargjalda var um 10½% á milli ára. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,3% á þessum sama tíma og neysluverðsvísitalan hækkaði um 2,9%. Innheimta eignaskatta hækkaði einnig á milli ára um 18,3%. Af öðrum tekjuliðum ríkissjóðs má nefna að um 13,5% aukning var í innheimtu tekna af virðisaukaskatti og svipaða sögu er að segja af öðrum sköttum á vöru og þjónustu. Veruleg aukning var meðal annars í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða 27,5%, sem endurspeglar aukinn innflutning bifreiða. Að öllu samanlögðu eru innheimtutölur fyrstu átta mánuði ársins í takt við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá 1. október sl.

Gjöld fyrstu átta mánuði ársins nema 189,7 milljörðum króna og hækka um 12,8 milljarða milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkunin um 7,8 milljörðum króna, eða um 4,4%. Hækkun milli ára kemur að langmestu leiti fram í félagsmálum, eða 11,5 milljarðar. Undir þann málaflokk falla um ⅓ hlutar af öllum útgjöldum ríkisins. Þannig hækka greiðslur til heilbrigðismála um 3,8 milljarða, hækkun almannatrygginga nemur 3,2 milljörðum og 2,3 milljarðar eru vegna fræðslumála. Hækkun til atvinnumála, 1,9 milljarðar króna skýrast nær alfarið af hærri framlögum til samgöngumála. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 1,5 milljarð milli ára.

Í heild eru greiðslurnar 6,3 milljörðum umfram áætlun fjárlaga og skýrast frávik einna helst af greiðslum til almannatrygginga sem eru 3,4 milljörðum umfram áætlun, sem að hluta til skýrist af tilfærslu milli mánaða. Útgjöld til samgöngumála eru 2 milljörðum umfram áætlun og framkvæmdir til menningarbygginga um 0,8 milljörðum, en í báðum tilvikum er verið að ganga á ónýttar fjárheimildir frá því í fyrra. Önnur frávik eru minni.

Samskráning félaga á virðisaukaskattsskrá


Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á [lögum um virðisaukaskatt](#) sem kveður á um að skattstjóri geti heimilað að tvö eða fleiri skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög verði samskráð á virðisaukaskattsskrá, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið frumvarpsins er að gera móður- og dótturfélögum kleift að vera ein skattaleg eining þannig að heildarvirðisaukaskattur félaganna verði jafnhár og hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi. Samskráningin skal vera í nafni móðurfélagsins en félögin bera þó óskipta ábyrgð á greiðslu virðisaukaskattsins. Samkvæmt frumvarpinu eru sambærileg skilyrði sett fyrir heimild til samskráningar á virðisaukaskattsskrá og gilda um samsköttun félaga samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Skilyrðin fyrir samskráningu eru að 90% hlutfjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins, að félögin hafi sama reikningsár og að samskráningin standi að lágmarki í 5 ár. Réttaráhrif samskráningar verða þau að með tilliti til virðisaukaskatts skoðast starfsemi hinna samskráðu félaga sem ein starfsemi og viðskipti milli samskráðra bera ekki virðisaukaskatt umfram það sem væri ef starfsemi samskráðra félaga væri öll á einni hendi. Frumvarpið miðar að því að lögin komi til framkvæmda við skráningu frá og með 1. janúar 2005.

Atvinnuleysi minnkar hratt

Vinnuálagstofnun hefur nú birt skýrslu um atvinnuástand í september. Hlutfall atvinnulausra af mannafla reyndist 2,6% og hefur ekki lækkað jafn mikið milli mánaða mjög lengi. Atvinnulausir eru nú færri en þeir voru fyrir ári. Árstíðaleiðlætt atvinnuleysi er 3,2% af mannafla.

Lang mesta breytingin á atvinnuleysi er á höfuðborgarsvæðinu, einkum hjá konum en þar er atvinnuleysi farið að minnka mjög hratt. Frá fyrra mánuði er fækkunin 15% og september var þriðji mánuðurinn í röð sem fækkaði í þessum hópi. Þó eru atvinnulausar konur á höfuðborgarsvæðinu enn fleiri en þær voru á sama tíma í fyrra. Vinnulausum körlum á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað í hverjum mánuði frá því í febrúar.

Lengd atvinnuleysis




Athyglisvert er að atvinnuleysi þeirra sem hafa verið á skrá lengur en 2 mánuði er að minnka hratt, bæði í hópi þeirra sem hafa verið án atvinnu lengur eða skemur innan þess hóps. Fjöldi þeirra sem er að missa vinnuna hefur hins vegar ekki breyst tiltakanlega mikið. Atvinnuleysið minnkar mest hjá yngri en tvítugum en breytist ekki mikið hjá eldri en sextugum.

Tekjur ríkissjóðs jan-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	5,8	15,3
Skattar á tekjur og hagnað	2,7	20,5
Tryggingagjöld	8,4	10,3
Eignarskattar	-15,5	18,3
Veltuskattar	9,8	13,6
Tekjur alls	11,8	6,1

Gjöld ríkissjóðs jan-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	0,0	5,8
Félagsmál	11,2	10,2
Atvinnumál	9,7	7,2
Vaxtagjöld	-23,2	-13,7
Önnur útgjöld	14,9	-0,4
Gjöld alls	6,7	7,2

Afkoma ríkissjóðs jan-ágúst		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-19.100	-7.361
Hr. lánsfjárförnuður	-1.327	468
Afborgun lána	-18.437	-29.593
Br. lánsfjárförnuður	-24.764	-34.125
Lántökur	21.828	40.177
Greiðsluafkoma	-2.936	6.053

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - október	2,2	2,7
Kjarnaverðb. 1- október	2,9	2,7
Launavísitala - ágúst	5,7	5,2
Heildarvelta janúar-júní	-1,3	9,3
Smá.velta janúar-júní	0,4	5,3
Atvinnuleysi - september	2,7	2,6



21. október 2004

Þróun skatttekna í OECD-ríkjunum

Í nýrri skýrslu OECD (**Revenue Statistics 2004**) eru birtar upplýsingar um þróun skatttekna ríkis og sveitarfélaga á árinu 2002 og bráðabirgðatölur fyrir árið 2003. Þar kemur fram að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu lækkaði eða stóð í stað á milli árunna 2001 og 2002 í 20 af 30 aðildaríkjum samtakanna, þar á meðal á Íslandi. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2003 snerist þessi þróun við og hlutfallið hækkaði á nýjan leik í 13 af þeim 23 aðildaríkjum sem skiluðu inn gögnum.

Samkvæmt fréttatilkygningunni var skatthlutfallið hér á landi 38,1% árin 2001 og 2002. Fyrstu bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 bentu til nokkurrar hækkunar á hlutfallinu. Endurskoðaðar tölur sem byggjast á nýttkomnum ríkisreikningi og áætlunum Hagstofu um afkomu sveitarfélaga sýna hins vegar helmingi minni hækkun á hlutfallinu en bráðabirgðatölurnar, eða úr 38,1% árið 2002 í 39,3% á árinu 2003, sem er ívið lægra hlutfall en á árinu 2000.

Í skýrslu OECD er bent á að mismunandi staða efnahagsmála eftir löndum sé mikilvægur skýringarþáttur breytinga á skatthlutfallinu. Í löndum sem búa við mikinn hagvöxt og almenna efnahagsuppsveiflu er eðlilegt að skatthlutfallið hækki en lækki í löndum þar sem ríkir samdráttur eða efnahagsleg stöðnun. Slík þróun endurspeglar sveiflujöfnunarhlutverk ríkisfjármálanna.


Þetta atriði er líka meginskýringin á hækkun skatthlutfallsins hér á landi á milli árunna 2002 og 2003. Aukinn kaupmáttur almennings og mikil gróska í atvinnulífinu skila sér í meiri veltu, auknum hagvexti og vaxandi tekjum ríkis og sveitarfélaga. Þannig stafar öll tekjuaukning ríkissjóðs á árinu 2003, sem nam um 18 milljörðum króna, af auknum umsvifum í efnahagslífinu. Annars vegar hjá heimilunum sem birtist meðal annars í auknum bílakaupum, kaupum á varanlegum neysluvörum (heimilistækjum o.fl.) og íbúðafjárfestingu. Hins vegar hjá fyrirtækjum, bæði vegna batnandi afkomu og hækkunar á tekju-skattsgreiðslum og hærri greiðslu af tryggingagjaldi vegna launahækkana.

Á móti þessum tekjuauka vegna efnahagsuppsveiflunnar vega áhrif meira en helmingis lækkunar eignarskatta á einstaklinga og fyrirtæki.

Batnandi afkoma sveitarfélaga

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Hagstofu Íslands er afkoma sveitarfélaga talin hafa verið í járnnum árin 2002 og 2003 eftir mikinn hallarekstur árin þar á undan. Þessi þróun endurspeglar meðal annars áhrif hækkunar tekna á útsvarstekjur. Eins hafa tekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum hækkað í takt við hækkun fasteignaverðs.

Afkoma sveitarfélaga



Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er aftur gert ráð fyrir lítilli háttar halla á árinu 2004 en afgangi árin 2005 og 2006. Í spánni er gengið út frá þeirri forsendu að launakostnaður sveitarfélaga hækki í takt við

niðurstöður kjarasamninga á almenna markaðnum.

Það er rétt að hafa í huga að nokkur munur er á uppgjörsaðferðum sveitarfélaganna annars vegar og þjóðhagsreikningauppgjöri Hagstofunnar og fjármálaráðuneytisins hins vegar. Síðarnefnda uppgjörið fylgir þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins en uppgjör sveitarfélaganna byggir á almennum reikningsskilavenjum í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga frá árinu 2002.

Munurinn tekur bæði til tekju- og gjaldahlíðar og frávikíð getur reyndar verið í báðar áttir hvað varðar afkomu sveitarfélaga. Í þjóðhagsreikningauppgjöri eru t.a.m. tekjur af sölu fasteigna, véla og tækja ekki taldar með tekna megin heldur koma þær til frádráttar kaupum á samsvarandi eignum og færast á gjaldahlíð. Þá er tekjuafkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna tekin með í þjóðhagsreikningauppgjöri en ekki í uppgjöri sveitarfélaga. Ennfremur eru kaup og sala hlutabréfa og afskrifaðar og niðurfærðar kröfur inni í útgjaldauppgjöri sveitarfélaganna en þessir liðir eru færðir yfir á fjármagnsreikning í þjóðhagsreikningauppgjöri. Loks getur munað miklu í færslu lífeyrisskuldbindinga.

Horfur um afkomu sjávarútvegs

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var í byrjun október er meðal annars gerð grein fyrir afkomuhorfum í sjávarútvegi. Matið er byggt á framreikningi samantektar um rekstur greinarinnar frá árinu 2002. Gert er ráð fyrir að afkoma greinarinnar árið 2004 verði verri en árið 2003 og er nú gert ráð fyrir minni hagnaði en í síðasta mati ráðuneytisins sem birtist í maí-byrjun. Skýrist það einkum af hærri olíuverði og horfum um heldur meiri verðbólgu en þá var gert ráð fyrir. Samkvæmt þessu mati verður rekstrarhalli sem nemur 1½% af tekjum fyrir skatta og veiðigjald árið 2004. Á næsta ári er gert ráð fyrir að reksturinn standi í járnnum.

Afkoma sjávarútvegs


Ma. kr.	2002	2003	2004	2005
Tekjur	125,3	111,2	115,5	124,2
Rekstrargjöld	98,1	95,5	102,2	108,5
Vergur hagnaður	27,2	15,7	13,3	15,9
% af tekjum	21,7	14,1	11,5	12,8
Argreiðsla (6%)	14,4	14,7	15,2	15,7
Hreinn hagnaður fyrir skatt	12,8	1	-1,9	0,2
% af tekjum	10,2	0,9	-1,6	0,2
Helstu forsendur framreiknings	Breyting frá fyrra ári, %			
	2003	2004	2005	
Magn	-0,4	5	3	
Afurðaverð erlendis	-2,5	0	2	
Fiskverð innanlands	-8,7	-1	4½	
Útflutningsgengi sjávararafurða	-8,9	-1	2½	
Laun	5,5	4%	5%	
Olíuverð erlendis	6,1	25	-5	
Innlent verðlag	2,1	3	3½	

Heimild Hagstofa Íslands fyrir 2002.

Í þessum framreikningi er í meginatriðum stuðst við sömu forsendur varðandi magn- og verðbreytingar og í þjóðhagsspánni.

Tekjur ríkissjóðs jan-ágúst			Gjöld ríkissjóðs jan-ágúst			Afkoma ríkissjóðs jan-ágúst			Ýmsar hagfélur		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	M.kr.	2003	2004	12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Skatttekjur alls	5,8	15,3	Almenn mál	0,0	5,8	Handbært fé frá rekstri	-19.100	-7.361	Verðbólga - október	2,2	3,7
Skattar á tekjur og hagnað	2,7	20,5	Félagsmál	11,2	10,2	Hr. lánsfjárföfnuður	-1.327	468	Kjarnaverðb.1- október	2,9	2,7
Tryggingagjöld	8,4	10,3	Atvinnumál	9,7	7,2	Afborgun lána	-18.437	-29.593	Launavísitala - september	5,6	5,3
Eignarskattar	-15,5	18,3	Vaxtagjöld	-23,2	-13,7	Br. lánsfjárföfnuður	-24.764	-34.125	Heildarvelta janúar-júni	-1,3	9,3
Veltuskattar	9,8	13,6	Önnur útgjöld	14,9	-0,4	Lántökur	21.828	40.177	Smá.velta janúar-júni	0,4	5,3
Tekjur alls	11,8	6,1	Gjöld alls	6,7	7,2	Greiðsluafkoma	-2.936	6.053	Atvinnuleysi - september	2,7	2,6

Umsjón: Bolli Þór Bollason; netfang: bolli.thor.bollason@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is




28. október 2004

Búferlaflutningar fara vaxandi

Hagstofa Íslands birti nýlega tölur um búferlaflutninga á þriðja fjórðungi í ár. Þær tölur gefa tilefni til að breyta mati ráðuneytisins á heildartölum fyrir árið nokkuð en löng reynsla er fyrir því að búferlaflutningar eru sveiflum háðir. Að því er varðar flutninga fólks milli landa virðist svo að allir straumar í þeim efnun séu vaxandi. Ekki eru umtalsverðar breytingar að því er varðar íslenska ríkisborgara. Aðfluttum frá útlöndum hefur fjölgað um 18% frá fyrra ári þegar horft er til fyrstu þriggja fjórðunga ársins samanborið við sama tímabil í fyrra meðan brottfluttum hefur fjölgað um 7%. Mismunurinn stefnir í að verða sá sami og áætlað var í nýjustu spá ráðuneytisins en þar var áætlað að 400 fleiri Íslendingar muni flytjast frá landinu en aftur heim á þessu ári. Hins vegar eru aðfluttir erlendir ríkisborgarar orðnir meira en helmingi fleiri það sem af er ári en var í fyrra og brottfluttir eru orðnir 88% fleiri en var fyrstu þrjá ársfjórðunga síðasta árs. Þess er nú greinilega farið að gæta að skráning erlendra starfsmanna við Kárahnjúka hefur breyst og það hefur áhrif á flutningana í báðar áttir og benda tölurnar til þess að margir dvelji stutt hér- lendis. Þetta er breyting frá því sem verið hefur undanfarin ár. Flutningar fólks utan EES-svæðisins hafa verið mjög í eina átt meðan flutningar fólks milli landa innan svæðisins hafa verið í báðar áttir. Að svo komnu máli er niður- staðan sú að erlendur ríkisborgurum muni fjölga um 1.000 á þessu ári vegna búferlaflutninga milli landa og að samtals muni búferlaflutningar milli landa bæta 600 manns við íbúafjöldann en þessi tala var 1.500 í haustspánni.

Búferlaflutningar eftir ríkisfangi



Þegar þrjú fjórðungar voru liðnir af árinu höfðu heldur fleiri flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en á sama tímabili í fyrra. Munar þar um 5%. Hins vegar voru flutningar fólks af höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar rúmlega 2% minni en á sama tímabili árið á undan. Innanlandsflutningar eru jafnan mestir á þriðja fjórðungi og því munar mest um hann. Mismunur aðfluttra og brottfluttra gagnvart höfuðborgarsvæðinu var orðinn sá sami eftir þrjú fjórðunga og hann var allt árið í fyrra. Ef svo heldur sem horfir munu um 800 fleiri flytjast til höfuðborgarsvæðisins innanlands en frá því, um 100 fleiri en reiknað var með í síðustu spá. Í búferlaflutningum milli landa hefur höfuðborgarsvæðið tapað 235 brottfluttum umfram aðflutta á fyrstu þremur ársfjórðungunum meðan landsbyggðin hefur fengið 641 fleiri frá útlöndum en þangað hafa farið.

Mikill hagvöxtur 2004 - minni 2005


Í nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur fram að hagvöxtur í heiminum hefur haldið áfram að aukast umfram væntingar á þessu ári. Iðnaðarframleiðsla og alþjóðaviðskipti hafa aukist sem og einkaneysla samhliða batnandi stöðu á vinnumarkaði. Fjárfesting hefur einnig verið meiri. Vegna þessa

hækkaði sjóðurinn hagvaxtarspár sínar frá því í vor um 0,3 prósentustigi fyrir árið 2004 og spár nú 5% hagvexti í heiminum í ár og 4,3% árið 2005.

Efnahagshorfur eru þó misjafnar á milli svæða en flestir hagvísar benda til þess að Bandaríkin muni halda áfram að leiða uppsveifluna. Þó hafa hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin verið lækkaðar lítillega frá því í vor sem m.a. má rekja til herra olíuverðs og minni fjölgun starfa en reiknað var með sem hefur dregið úr vexti einkaneyslunnar. Sjóðurinn reiknar nú með 4,3% hagvexti í Bandaríkjunum í ár og 3,5% árið 2005.

Í Japan hefur hagvöxtur verið umfram væntingar en hann hefur aðallega verið drifinn af erlendra eftirsprungnum, einkum frá öðrum löndum í Asíu, sem og fjárfestingu en einkaneysla er einnig tekin að aukast. Nú spár sjóðurinn rúmlega prósentustigi meiri hagvexti í Japan en hann gerði í vor og gerir ráð fyrir 4,4% hagvexti í ár og 2,3% á því næsta.

Hagvaxtaspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins



Sem fyrr gerir sjóðurinn ráð fyrir að hagvöxtur verði einna mestur í þróunarlöndum Asíu og þá einkum í Kína. Þó reiknar sjóðurinn með að hægja taki á hagvexti í Kína en óvissa ríkir um hversu hratt. Reiknað er með að hagvöxtur í þróunarlöndum Asíu verði 7,6% í ár og 6,9% árið 2005.

Hagvaxtarhorfur á evrusvæðinu eru ekki jafn góðar og í öðrum iðnríkjum en þó hefur hagvaxtaspá sjóðsins fyrir árið 2004 verið hækkuð um 0,4 prósentustigi frá síðustu spá. Reiknað er með að hagvöxtur verði 2,2% á þessu og næsta ári. Þróunin er þó nokkuð misjöfn á milli landa.

Staða Íslands er nokkuð góð í þessum samanburði. Þannig er spáð um 5½% hagvexti árið 2004 og 5% árið 2005. Hagvaxtarhorfur á hinum Norðurlöndunum eru ekki jafn góðar og hér á landi en sjóðurinn reiknar með að hagvöxtur verði að meðaltali um 2,6% bæði á þessu og næsta ári. Rétt er að nefna að stuðst er við tölur úr spá fjármálaráðuneytisins fyrir Ísland.

Tekjur ríkissjóðs jan-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	5,8	15,3
Skattar á tekjur og hagnað	2,7	20,5
Tryggingagjöld	8,4	10,3
Eignarskattar	-15,5	18,3
Veltuskattar	9,8	13,6
Tekjur alls	11,8	6,1

Gjöld ríkissjóðs jan-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	0,0	5,8
Félagsmál	11,2	10,2
Atvinnumál	9,7	7,2
Vaxtagjöld	-23,2	-13,7
Önnur útgjöld	14,9	-0,4
Gjöld alls	6,7	7,2

Afkoma ríkissjóðs jan-ágúst		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-19.100	-7.361
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1.327	468
Afborgun lána	-18.437	-29.593
Br. lánsfjárfjöfnuður	-24.764	-34.125
Lántökur	21.828	40.177
Greiðsluafkoma	-2.936	6.053


Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - október	2,2	3,7
Kjarnaverðb. 1- október	2,9	2,7
Launavísitala - september	5,6	5,3
Heildarvelta janúar-júní	-1,3	9,3
Smá.velta janúar-júní	0,4	5,3
Atvinnuleysi - september	2,7	2,6



4. nóvember 2004

Bróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðslufkoma ríkissjóðs janúar - september 2004

Samkvæmt [septemberuppgjöri](#) reyndist handbært fé frá rekstri neikvætt um 10,4 milljarða króna sem er um 10,9 milljörðum betri staða en á sama tíma í fyrra. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir um 4,4 milljarða króna lakari stöðu en raun varð á. Skýringin er sú að tekjur hækkuðu 4,2 milljarða umfram hækkuðum gjalda. Þá reyndust hreyfingar á viðskiptareikningum 0,2 milljörðum króna hagstæðari en gert var ráð fyrir.

Á fyrstu níu mánuðum þessa árs námu heildartekjur ríkissjóðs 201,2 milljörðum króna og hækkuðu um 13,9 milljarða frá sama tíma í fyrra eða um 7,4%. Þar af námu skatttekjur ríkisins tæpum 187,3 milljörðum króna og aðrar rekstrartekjur og fjárframlög rúmlega 13,9 milljörðum króna. Skattar á tekjur og hagnað námu 60,3 milljörðum króna og hækkuðu um 10,2 milljarða frá fyrra ári. Þar af hækkuðu tekjuskattar einstaklinga um 4,9 milljarða og innheimta skatta á tekjur og hagnað lögðila um 4,2 milljarða króna. Innheimta tryggingargjalda nam 20,4 milljörðum króna sem er 10,1% aukning frá sama tíma í fyrra. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,4% á þessu tímabili og almennt verðlag um 2,9%. Innheimta eignaskatta jókst einnig frá síðasta ári eða um 21,6% sem jafngildir um 18,2% raunhækkun. Hvað veltuskatta ríkissjóðs varðar þá endurspeglar innheimta þeirra vaxandi eftirspurn og neyslu heimilanna. Innheimta veltuskatta var 11,6 milljörðum króna meiri en á sama tímabili í fyrra sem jafngildir 10,2% hækkun að raungildi. Þar munar mestu um innheimtu virðisaukaskatts sem jókst um 13,8% frá fyrra ári eða 10,6% að raungildi. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að mikil aukning var í innheimtu tekna af vörugjöldum af ökutækjum eða 36,4% og um 18,4% í innheimtu af þungaskatti. Að öllu samanlögðu eru innheimtutölur fyrstu níu mánuði ársins í takt við haustspá fjármálaráðuneytisins.

Útgreiðslur fyrstu níu mánuði ársins námu 212,9 milljörðum króna og hækkuðu um 17 milljarða króna á milli ára en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkuðunin um 12 milljörðum eða um 6%. Hækkun milli ára kemur að langmestu leyti fram í auknum útgjöldum til félagsmála eða um 12,5 milljarða króna. Undir þann málaflokk falla nær 2/3 hlutar af öllum útgjöldum ríkisins. Þannig hækka greiðslur til heilbrigðismála um 4,3 milljarða, til almannatrygginga um 3,5 milljarða og til fræðslumála um 2,5 milljarða. Hækkun til atvinnumála, sem nemur tæpum 3,6 milljörðum króna, skýrist að mestu leyti af hækkuðum framlaga til vegagerðar. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 0,9 milljarða á milli ára. Í heild eru greiðslurnar 9 milljarðar umfram áætlun fjárlaga. Þar vege þýngst greiðslur til almannatrygginga, sem er


3,5 milljarðar umfram áætlun, sem að hluta til skýrist af tilfærslu milli mánaða. Útgjöld til samgöngumála eru 2,2 milljörðum króna umfram áætlun, en þar er verið að ganga á ónýttar fjárheimildir frá því í fyrra. Greiðslur til heilbrigðismála eru 1,4 milljörðum umfram áætlun fjárlaga.

Lántökur námu 40,7 milljörðum króna en afborganir voru 30,8 milljarðar. Þá voru greiddir 5,6 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 1,8 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins.

Innflutningur í október 2004

Samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts nam vöruinnflutningur í október rúmum 20 milljörðum króna án skipa og flugvéla. Þetta er um 11% meiri innflutningur en í október í fyrra en innflutningur undanfarna mánuði hefur verið nokkuð jafn og er innflutningurinn nú t.d. svipaður meðaltali innflutnings síðustu sjö mánuðina á undan (án skipa og flugvéla).

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Ef innflutningur sem af er ári er borinn saman við innflutning í fyrra þá virðist meðalinnflutningur á mánuði í ár nema tæpum 20 milljörðum króna borið saman við 17 milljarðar í fyrra, reiknað á föstu verðlagi. Þetta er 17% aukning milli ára.

Meginskýring aukins innflutnings er eins og oft hefur komið fram aukinn innflutningur fjárfestingavara (án flutningatækja) og hrá- og rekstrarvara. Verðmæti innfluttra fólksbifreiða fyrstu 10 mánuði ársins samkvæmt framangreindum tölum jókst um 30% milli ára en aukinn innflutningur þeirra skýrir um tíunda part aukins innflutnings. Verðmæti eldsneytis og smurólía virðist hafa aukist um tæp 35% milli ára enda verð þessara afurða hækkað mikið.

Vöruskiptajöfnuður fyrstu níu mánuði ársins var neikvæður um 27 milljarða króna, en var þó í jafnvægi í september enda útlutningur með allra mesta móti. Útlutningur í október gæti einnig verið nokkur þar sem áætlega hefur veiðst af þorski, ýsu og ufsa. Karfaafli er aftur á móti minni en á sama tíma í fyrra sem og kolmunnaflí þó veiðar hans hafi glæðst í október frá septembermánuði. Útlutningur sjávarafurða gæti numið um 10 milljörðum króna sem gæti þá leitt til þess að vöruútlutningur í október yrði á bilinu 16 til 17 milljarðar króna miðað við reynslu undanfarninna mánaða. Vöruskiptajöfnuður í október yrði þá neikvæður um 3-4 milljarða króna. Í spá ráðuneytisins frá í september er gert ráð fyrir 39 milljarða króna halla á vöruskiptum á árinu öllu og yrði þessi niðurstaða í samræmi við hana.

Tekjur ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	6,5	15,4
Skattar á tekjur og hagnað	2,2	20,4
Tryggingagjöld	10,1	10,1
Eignarskattar	-15,8	21,6
Veltuskattar	10,4	13,4
Tekjur alls	11,5	7,4

Gjöld ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	-0,7	9,2
Félagsmál	11,7	10,0
Atvinnumál	5,2	12,4
Vaxtagjöld	-24,1	-7,4
Önnur útgjöld	13,2	0,8
Gjöld alls	6,2	8,7

Afkoma ríkissjóðs jan-september		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-21.312	-10.405
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1.110	-2.436
Afborgun lána	-19.498	-30.843
Br. lánsfjárfjöfnuður	-26.233	-38.904
Lántökur	31.467	40.679
Greiðslufkoma	5.234	1.775

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - október	2,2	3,7
Kjarnaverðb.1- október	2,9	2,7
Launavísitala - september	5,6	5,3
Heildarvelta janúar-júní	-1,3	9,3
Smá.velta janúar-júní	0,4	5,3
Atvinnuleysi - september	2,7	2,6



11. nóvember 2004


Stjórnendur fyrirtækja eru mjög bjartsýnir - ný könnun

Frá hausti 2002 hefur IMG Gallup gert athuganir á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja landsins og mat stjórnenda þeirra á almennum efnahagshorfum fyrir fjármálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands. Kannanir þessar eru gerðar tvisvar á ári og er úrtakið 400 veltuhæstu fyrirtæki landsins. Síðasta könnun var gerð í september og svöruðu forsvarsmenn 305 fyrirtækja. Svarhlutfallið var því um 82%. Með gerð þessara kannana hefur bæst við mikilvægur þáttur við mat á horfum í efnahagslífinu og væntingum fyrirtækjastjórnenda þar um. Í niðurstöðum Gallup kemur fram vísitala ýmissa þátta svo sem vísitala efnahagslífsins, vísitala starfsmannafjölda og hagnaðarvísitala.

Spurningar í þessari könnun eru margvíslegar og eru svör við þeim greind niður eftir staðsetningu fyrirtækja (höfuðborgarsvæðið, landsbyggð), atvinnugrein, veltu og fjölda starfsmanna. Fyrirtækin eru flokkuð í sjö atvinnugreinar.

Forráðamenn fyrirtækja telja aðstæður í efnahagslífinu nú þær bestu frá því þessar kannanir hófust. Um 86% aðspurðra töldu þær góðar meðan einungis 2% töldu þær slæmar. Að mati 12% þeirra sem svöruðu eru þær hvorki góðar né slæmar. Hjá þessum hópi ríkir því mjög mikil bjartsýni og mælikvarðinn á hann getur ekki hækkað, enda kemur í ljós þegar horft er fram í tímann að væntingar minnka, tæplega 9% telja aðstæður í efnahagslífinu verða verri eftir 6 mánuði og um 22% eftir 12 mánuði. Forsvarsmenn í einni atvinnugrein eru áberandi svartsýnasir á efnahagshorfum en það er í sjávarútvegi. Í september þegar þessi könnun var gerð var kvótaárið nýhafið og úthlutað aflamark nokkru minna en hafði verið. Einnig hefur lítið veðst af loðnu í ár og aflabrogð í öðrum tegundum verið nokkuð misjöfn. Verð afurða hefur einnig lækkað milli ára og íslenska krónan hefur haldist sterk sem er óhagstætt útflytjendum.

Samanburður á vísitölum



Stjórnendur 31% fyrirtækja töldu að þeir muni fjölga fólki á næstu 6 mánuðum, 60% að fjöldinn yrði óbreyttur og 9% að þeir muni fækka fólki. Nokkru fleiri ætluðu að fækka fólki á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum ætla að fjölga fólki og mest í ráðgjöf og þjónustu (yfir 40% fyrirtækja).

Einhver fyrirtæki í öllum atvinnugreinum að frátöldum fjármála- og tryggingafyrirtækjum ætla að fækka fólki og voru þau flest í iðnaði og framleiðslu. Áberandi flest voru með starfsmenn á bilinu 50-100 manns og ætluðu 14% þeirra að fækka fólki.

Í þessum könnunum eru reiknaðar vísitölur úr svörum og auðveldar þær samanburð yfir tíma. Vísitölurnar eru reiknaðar þannig að deilt er í fjölda

jákvæðra svara með heildarfjölda svara að frádregnum þeim sem svara *hvorki né og útkoman* margfölduð með 200. Vísitalan getur þannig tekið gildið 0-200. Gildið 100 þýðir að það eru jafn mörg jákvæð svör og neikvæð.

Vísitölur starfsmannafjölda og veltu hafa vaxið jafnt og þétt frá upphafi mælinga. Hagnaðarvísitalan vex einnig en hún varð lægst í september í fyrra. Í 55% fyrirtækja er talið að hagnaður verði meiri í ár en í fyrra en í um fimmtingi að hann verði minni. Í öllum atvinnugreinum er gert ráð fyrir meiri hagnaði en minni að frátöldum sjávarútvegi en hagnaðarvísitalan hans er 92. Það sama á við um veltu, í 42% sjávarútvegsfyrirtækja er gert ráð fyrir minni veltu í ár en í fyrra og einungis í 29% að hún verði meiri. Í langflestum fyrirtækjum í öllum öðrum atvinnugreinum er reiknað með veltuaukningu. Á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir meiri hagnaði og meiri veltu en á landsbyggðinni sem tengist væntanlega staðsetningu sjávarútvegsfyrirtækja.

Eftir því sem þessi könnun festir sig í sessi skapar hún traustari grundvöll til að draga ályktanir um væntanlega framvindu efnahagslífsins.

Endurgreiðsla ríkisaðstoðar kærð til EFTA dómstólsins

Norsk stjórnvöld og fyrirtæki hafa kært til EFTA dómstólsins nýlega ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í máli er varðar undanþágur tiltekinnna aðila frá greiðslu raforkuskatts. Raforkuskattinum, sem rekja má til ársins 1971, var m.a. ætlað að hafa jákvæð umhverfisleg áhrif í för með sér og leiða til hagkvæmari nýtingar á raforku. Hin kærða ákvörðun ESA var á þá leið að undanþágur framleiðslufyrirtækja, sem og fyrirtækja í tilteknum jaðarbyggðum (Finnmörk o.fl.), frá raforkuskatti, fæli í sér ríkisaðstoð sem væri óheimil út frá samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og bæri því norskum stjórnvöldum að krefja viðkomandi styrkþega um endurgreiðslu styrksins með vöxtum frá þeim tíma sem ríkisaðstoðin var veitt. Samtals námu þessar skattaundanþágur alls um 4.765 milljónum norskra króna á árinu 2002. ESA féllst ekki á þau sjónarmið norskra stjórnvalda að um almennar skattaundanþágur væri að ræða (sem hluta af almenna skattkerfinu) heldur leit svo á að þær væru sértækar. Að mati ESA nægir það eitt og sér að undanþágurnar nái til framleiðsluiðnaðar en ekki almennrar þjónustu, til að um sértækar undanþágur, í skilningi l. mgr. 61. gr. EES samningsins, sé að ræða sem raski samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara. Með hlidsjón af reglunni um lögmætari væntingar taldi ESA hins vegar rétt að miða kröfu um endurgreiðslu við tímabilið frá 6. febrúar 2003 þar sem að þann dag var ákvörðun ESA um formlega rannsókn á málinu birt í EES viðbæti Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Verður málið tekið til meðferðar hjá EFTA dómstólum í vetur og er niðurstöðu að vænta með vorinu.

Af vettvangi tvísköttunarmála

Fyrsti fundur Íslands og Slóveníu um gert tvísköttunarsamnings var haldinn í Ljubljana í byrjun nóvember. Samkomulag náðist um velflest ákvæði fyrirliggjandi samningsfyrirmyndar og er stefnt að því að ljúka samningagerð á næsta fundi sem haldinn verður fyrri hluta árs 2005.

Annar fundur Íslands og Mexíkó hefur verið ákveðinn í annarri viku mars á komandi ári og er vonast til að samningagerð ljúki á þeim fundi. Þá liggur fyrir að fulltrúar Íslands og Rúmeníu munu hefja tvísköttunarviðræður í maí 2005, auk þess sem vænst er jákvæðra viðbragða frá Búlgaríu og Króatíu við beiðni Íslands um að hefja viðræður á allra næstu mánuðum.

Jafnframt er rétt að geta þess að tvísköttunarsamningur Íslands við Ítalíu hefur enn ekki verið fullgiltur af hálfu Ítala og því afar ólíklegt að samningurinn taki gildi um næstu áramót eins og vonir stóðu til. Þá hefur næsti samningafundur við Bandaríkin um endurskoðun gildandi samnings ekki verið tímasettur.

Tekjur ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	6,5	15,4
Skattar á tekjur og hagnað	2,2	20,4
Tryggingagjöld	10,1	10,1
Eignarskattar	-15,8	21,6
Veltuskattar	10,4	13,4
Tekjur alls	11,5	7,4

Gjöld ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	-0,7	9,2
Félagsmál	11,7	10,0
Atvinnumál	5,2	12,4
Vaxtagjöld	-24,1	-7,4
Önnur útgjöld	13,2	0,8
Gjöld alls	6,2	8,7

Afkoma ríkissjóðs jan-september		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-21.312	-10.405
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1.110	-2.436
Afborgun lána	-19.498	-30.843
Br. lánsfjárfjöfnuður	-26.233	-38.904
Lántökur	31.467	40.679
Greiðsluafkoma	5.234	1.775

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - nóvember	2,5	3,8
Kjarnaverðb. - nóvember	3,1	3,3
Launavísitala - september	5,6	5,3
Heildarvelta janúar-júní	-1,3	9,3
Smá.velta janúar-júní	0,4	5,3
Atvinnuleysi - september	2,7	2,6



18. nóvember 2004

Efnahagshorfur á Norðurlöndum

Framundan eru nokkuð bjartar horfur um hagvöxt á öllum Norðurlöndunum, en mismunandi þó. Þannig er reiknað með að hagvöxtur verði hæstur á Íslandi um 5½% og lægstur í Danmörku eða rúmlega 2% árið 2004. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hagvöxturinn glæðist eilítið á Norðurlöndum þar sem Ísland verður áfram í fararbroddi með tæplega 5% en Danmörk reki lestina með 2½%. Þessar hagvaxtarhorfur á Norðurlöndum eru nokkuð hærri en meðaltal hagvaxtar á Evru-svæðinu en ívið lægri en meðaltal OECD gefur til kynna. Þessar upplýsingar ásamt öðrum má sjá í nýútkominni skýrslu norrænu efnahagsnefndarinnar. [Ekonomiska utsikter i Norden 2005](#).

Lykiltölur hagstærða á Norðurlöndum 2001-2005
Vegin meðaltöl, %

	2001	2002	2003	2004	2005
Hagvöxtur	1,3	1,7	1,2	2,8	2,9
Danmörk	1,6	1,0	0,5	2,2	2,5
Finnland	1,1	2,3	2,0	2,9	2,7
Ísland	2,2	-0,5	4,3	5,5	4,9
Noregur	2,7	1,4	0,4	2,4	3,1
Svíþjóð	0,9	2,1	1,6	3,5	3,0
Verðbólga	2,6	1,9	1,9	0,6	1,8
Danmörk	2,4	2,4	2,1	1,2	1,6
Finnland	2,6	1,6	0,9	0,2	1,8
Ísland	6,4	5,2	2,1	3,1	3,5
Noregur	3,0	1,3	2,5	0,5	2,3
Svíþjóð	2,4	2,2	1,9	0,5	1,6
Atvinnuleysi	5,1	5,2	5,8	6,0	5,5
Danmörk	5,0	5,0	5,9	6,0	5,3
Finnland	9,1	9,1	9,0	8,8	8,5
Ísland	2,3	3,3	3,3	3,1	2,8
Noregur	3,6	3,9	4,5	4,4	4,1
Svíþjóð	4,0	4,0	4,9	5,6	5,1
Afkoma hins opinbera*	5,8	3,5	2,8	3,6	3,4
Danmörk	2,8	1,6	1,2	1,2	2,0
Finnland	5,2	4,3	2,1	2,3	2,2
Ísland	0,2	-0,4	-1,6	0,5	1,5
Noregur	13,7	10,1	8,3	11,3	9,8
Svíþjóð	2,9	-0,3	0,5	0,7	0,6

* Hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Það sem einkennir núverandi uppsveiflu efnahagslífisins á Norðurlöndum er kröftugur vöxtur framleiðni vinnuafis. Hins vegar virðist vera minni eftirspurn eftir vinnuafli og þar af leiðandi meiri tímatöf núna hvað snertir lækkan atvinnuleysis. Þetta fyrirbrigði hefur verið kallað "jobless growth" í alþjóðlegri umræðu um efnahagsmál. Aftur á móti hefur meðalvinnuleysi á Norðurlöndum verið nokkuð lægra í samanburði við Evru-svæðið og OECD og reiknað er með að svo verði áfram á þessu og næsta ári.

Í hagstjórn leggja öll Norðurlöndin ríka áherslu á stöðugleika í verðlagsmálum og aðhaldssemi í ríkisfjármálum. Verðbólga hefur verið undir 2% nema á Íslandi og Noregi á undanförunum árum. Reiknað er með að hún verði hvað lægst í Svíþjóð og Danmörk en hæst á Íslandi á næsta ári. Mikill framleiðnivöxtur á Norðurlöndum mun að líkindum leggja töluvert að mörkum við að halda aftur af verðbólgunni á næstu árum. Horfur í fjármálum hins opinbera benda til þess að afkoman verði jákvæð á öllum Norðurlöndum árið 2005.

Hækkandi framfærsluhlutfall í Evrópu krefst aðgerða

Samkvæmt nýjustu tölum frá evrópsku hagstofunni (Eurostat) mælist frjósemi í ESB ríkjunum nú um 1,5 barn á hverja konu og gert er ráð fyrir að hún verði áfram undir viðhaldsmörkum en þau eru 2,1 barn á konu. Lífslíkur hafa einnig aukist um þrjú mánuði á ári sem þýðir að þær verða komnar yfir 80 ár fyrir karlmenn og 85 ár fyrir konur árið 2050. Fjölgun innflytjenda mætir að einhverju þessari þróun en ljóst er að aldursræðing þjóðanna er samt sem áður að breytast töluvert.

Framreikningar Eurostat gera ráð fyrir því að íbúafjöldi í aðildarríkjunum 25 vaxi úr 452 milljónum árið 2000 í 470 milljónir árið 2025. Eftir það mun íbúum fækka og verður íbúafjöldinn kominn í 450 milljónir árið 2050. Mismunur milli landa er töluverður. Í Frakklandi, Írlandi og Stóra-Bretlandi mun fólki fjölga meðan fækka mun verulega í Þýskalandi, Ítalíu og Grikklandi.

Gert er ráð fyrir að fólki á vinnualdri taki að fækka frá og með árinu 2010 en áætlað er að fjöldi á þessum aldri (15-64) fækki um 18% frá 2010-2050. Á sama tíma mun fjöldi fólks eldra en 65 ára tvöfaldast. Þetta þýðir að framfærsluhlutfall, þ.e. hlutfall 65 ára og eldri á móti fólki á vinnualdri mun tvöfaldast, úr 25% í dag í yfir 50% árið 2050. Með öðrum orðum, í dag eru fjórir á vinnumarkaðsaldri fyrir hvern einn eldri en 65 ára en árið 2050 verða þeir einungis tveir.

Ólíklegt er að framleiðniaukning muni ná að mæta þessari fækkun fólks á vinnumarkaði að fullu og er því trúlegt að þetta muni hafa neikvæð áhrif á hagvöxt í framtíðinni. Að mati sérfræðinga ESB er ætlað að mannfjöldaprógunin muni minnka hagvöxt um allt að 1% á ári. Þessi þróun mun einnig leiða til aukinna útgjalda hins opinbera til lífeyris- og heilbrigðismála. Áætlanir ESB benda til þess að þessar breytingar á aldursræðing þjóðanna muni leiða til þess að ríkisútgjöld aukist á bilinu 3-7% af VLF fyrir árið 2050.

Þessar horfur um áhrif breyttrar aldursræðingar á hagvöxt og ríkisfjármál voru á dagskrá á fundi fjármálaráðherra EFTA- og ESB-ríkjanna sem haldinn var í Brussel 16. nóvember. Ráðherrarnir urðu sammála um að þessar spár kölluðu á umbætur og kerfisbreytingar í bæði lífeyris- og heilbrigðismálum. Víða þyrfti að hækka lífeyristökgæðing, auka sveigjanleika á vinnumarkaði og efla lífeyrissjóði.

Eins og oft hefur verið bent á er staða Íslands mjög frábrugðin þeirri mynd sem blasir við Evrópusambandinu. Íslendingum hefur fjölgað mun meira en Evrópuþjóðum á undanförunum árum. Frjósemi hefur lækkað nokkur en er þó sú næst hæsta af löndum ESB og EFTA. Einungis á Írlandi eiga konur fleiri börn en hér á landi. Þá breytir mikil atvinnuþátttaka í eldri árgöngum og uppbygging lífeyriskerfis miklu um álag á hið opinbera í framtíðinni.

Tekjur ríkissjóðs jan-september			Gjöld ríkissjóðs jan-september				Afkoma ríkissjóðs jan-september			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	M.kr.	2003	2004	12 mánaða breytingar, %	2003	2004	
Skatttekjur alls	6,5	15,4	Almenn mál	-0,7	9,2	Handbært fé frá rekstri	-21.312	-10.405	Verðbólga - nóvember	2,5	3,8	
Skattar á tekjur og hagnað	2,2	20,4	Félagsmál	11,7	10,0	Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1.110	-2.436	Kjarnaverðb.-1. nóvember	3,1	3,3	
Tryggingagjöld	10,1	10,1	Atvinnumál	5,2	12,4	Afborgun lána	-19.498	-30.843	Launavísitala - september	5,6	5,3	
Eignarskattar	-15,8	21,6	Vaxtagjöld	-24,1	-7,4	Br. lánsfjárfjöfnuður	-26.233	-38.904	Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6	
Veltuskattar	10,4	13,4	Önnur útgjöld	13,2	0,8	Lántökur	31.467	40.679	Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3	
Tekjur alls	11,5	7,4	Gjöld alls	6,2	8,7	Greiðsluafkoma	5.234	1.775	Atvinnuleysi - október	2,7	2,8	

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



25. nóvember 2004

Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi [frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja](#). En sama frumvarp var lagt fram til kynningar s.l. vor. Þá var frumvarpið sent ýmsum hagsmunaaðilum til umsagnar í sumar og hefur að nokkru leyti verið brugðist við athugasemdum þeirra í hinu nýja frumvarpi.

Frumvarpið tekur til fyrirtækja er stunda vinnslu, flutning, dreifingu, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni og er samið með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnis-sjónarmið. Með frumvarpinu eru undanþágur orkufyrirtækja frá tekjuskatti og eignarskatti felldar niður en gerð er tillaga um að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 2006 með álagningu árið 2007. Þannig gefst fyrirtækjunum svigrúm til að aðlaga fjárhæðir að skattalegum reglum við uppgjör skattstofna. Rétt er að geta þess að samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er gert ráð fyrir afhámi eignarskattlagningar frá og með álagningu 2006 vegna eigna í árslok 2005. Verði frumvarpið að lögum kemur því ekki til eignarskattlagningar á orkufyrirtæki.

Enda þótt fyrir því kunnir að hafa verið ákveðin rök á sínum tíma að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti og eignarskatti eru skilin milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru að fullu skattskyld, ekki lengur skýr. Orkufyrirtæki greiða t.d. tryggingagjald og virðisaukaskatt og ýmis önnur opinber gjöld. Auk þess þarf að hafa í huga að auk opinberra orkufyrirtækja standa einstaklingar að félögum um byggingu og rekstur orkuveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti.

Lækkun tekjuskatts og hækkun barnabóta

Þær breytingar á skattkerfinu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið og kynntar hafa verið að undanförmu hafa mjög mikil áhrif á ráðstöfunartekjur mikils fjölda fólks. Þó er ekki einfalt að einangra þátt skattkerfisbreytinganna í breyttum ráðstöfunartekjum vegna þess að laun munu efallítið hækka á þeim tíma sem skattalækkarnir ná til. Því er einfaldast að sýna áhrifin miðað við núverandi tekjur. Ef laun hækka á næstu 3 árum munu þó allir greiða lægri skatta til ríkisins en ef skattakerfinu væri ekki breytt. Sé tekið dæmi af barnlausum hjónum sem hafa 2 m.kr í tekjuskattstofn (laun gætu verið allt að 2.160 þ.kr. Þegar tekið hefur verið tillit til skattfjárlsra greiðslna í lífeyrissjóði) sjá þau fram á að ráðstöfunartekjur þeirra aukist um 112 þúsund krónur á ári eða tæp 6% sem er í formi niðurfellingar á skatti sem þau greiða nú en þau munu ekki greiða skatt árið 2007. Ef tekjur þeirra hækka munu ráðstöfunartekjur þeirra aukast enn meira. Barnlaust fólk sem er og verður innan skattleysismarka fær ekki auknar ráðstöfunartekjur við þessar breytingar.

Áhrif skattkerfisbreytinga

Hækkun ráðstöfunartekna 2004-2007 eftir hjúskaparstöðu og fjölda barna fyrir framteljanda með 2 m.kr. tekjuskattstofn

Hjón/sambýlis fólk	Yngri en 7 ára			Einstæðir foreldrar/Einstaklingar	Yngri en 7 ára			
	0	1	2		0	1	2	
Eldri en 7 ára	0	5,9	8,1	10,3	0	6,8	9,9	10,5
	1	7,3	9,6	11,0	1	10,1	11,3	12,8
	2	8,8	9,8	11,2	2	10,5	11,5	12,8

Í töflunum sem hér fylgja er að finna yfirlit yfir breytingu á ráðstöfunartekjum frá því í ár til ársins 2007 fyrir þá sem hafa 2 milljónir króna í tekjuskattstofni.

Tekjur ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	6,5	15,4
Skattar á tekjur og hagnað	2,2	20,4
Tryggingagjöld	10,1	10,1
Eignarskattar	-15,8	21,6
Veltuskattar	10,4	13,4
Tekjur alls	11,5	7,4

Gjöld ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	-0,7	9,2
Félagsmál	11,7	10,0
Atvinnumál	5,2	12,4
Vaxtagjöld	-24,1	-7,4
Önnur útgjöld	13,2	0,8
Gjöld alls	6,2	8,7


Önnur taflan sýnir breytinguna fyrir hjón eða sambýlisfólk og hin fyrir einstaklinga og einstæða foreldra. Lækkun tekjuskattsins ein og sér skilar hjónum og sambýlisfólki 5,9% aukningu ráðstöfunartekna og einstaklingum 6,8% aukningu miðað við 2 m. kr. tekjuskattstofn. Hækkun barnabóta, skerðingarmarka og -hlutfalls bætir síðan allt að því öðru eins við fyrir barnafólk.

Nánari upplýsingar um áhrif skattkerfisbreytinganna á einstaka hópa er að finna á [vefsíðu ráðuneytisins](#).

Niðurfelling eignarskatts kemur eldra fólki sérstaklega vel

Boðuð niðurfelling eignarskatta eykur ráðstöfunartekjur þeirra sem hafa greitt hann. En hverjir eru það? Það hefur löngum verið vitað að hlutfall þeirra sem greiða eignarskatt fer hækkandi með aldri, enda ekki óeðlilegt að eignir fólks fari smám saman vaxandi eftir því sem líður á ævina og skuldir minnka vegna þess að þær eru greiddar niður. Það sem kemur þó kannski sumum á óvart er hversu margir eignarskattsgreiðendur eru með lágur tekjur en það er jú af afsláð hvers árs sem greiða þarf skattinn. Tæpur þriðjungur framteljenda sem höfðu 1,5 m.kr. tekjur eða minna árið 2003 greiddu eignarskatt. Þetta hlutfall hækkar eftir því sem tekjur eru meiri en fer þó aldrei yfir 70%. Árið 2003 greiddu framteljendur með innan við 1,5 m.kr. tekjur 36% af öllum eignarskatti sem lagður var á.

Fjöldi greiðenda eignarskatts eftir aldri og tekjum 2003



Eignarskattur er afgerandi mismunandi eftir aldri. Á meðfylgjandi mynd má sjá hversu margir framteljendur greiddu eignarskatt fyrir árið 2003 eftir aldri framteljenda annars vegar og eftir því hvort tekjur þeirra eru yfir eða undir 1,5 m.kr. Um miðbik æviskeiðsins eru milli fjórðungur og fimmtungur eignarskattsgreiðenda með tekjur innan við þessi mörk. Þegar framteljendur eru orðnir yfir sjötugt er staðan allt önnur. Þá eru næstum tveir af hverjum þremur skattgreiðendum eignarskatts með tekjur undir 1,5 m.kr. Fyrir þann hóp nam eignarskatturinn 3,4% af tekjuskattstofni að meðaltali. Þessi hópur er líka afar fjölmennur því alls greiddu á sautjanda þúsund framteljenda yfir sjötugt eignarskatt og þar af voru 10 þúsund með tekjur undir 1,5 m.kr. Niðurfelling eignarskattsins er því mikilsverð kjarabót fyrir eldri borgara.

Tekjur ríkissjóðs jan-september			Gjöld ríkissjóðs jan-september			Afkoma ríkissjóðs jan-september			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	M.kr.	2003	2004	12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Skatttekjur alls	6,5	15,4	Almenn mál	-0,7	9,2	Handbært fé frá rekstri	-21.312	-10.405	Verðbólga - nóvember	2,5	3,8
Skattar á tekjur og hagnað	2,2	20,4	Félagsmál	11,7	10,0	Hr. lánsfjárföfnuður	-1.110	-2.436	Kjarnaverðb.1. - nóvember	3,1	3,3
Tryggingagjöld	10,1	10,1	Atvinnumál	5,2	12,4	Afborgun lána	-19.498	-30.843	Launavísitala - október	5,5	5,3
Eignarskattar	-15,8	21,6	Vaxtagjöld	-24,1	-7,4	Br. lánsfjárföfnuður	-26.233	-38.904	Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Veltuskattar	10,4	13,4	Önnur útgjöld	13,2	0,8	Lántökur	31.467	40.679	Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Tekjur alls	11,5	7,4	Gjöld alls	6,2	8,7	Greiðsluafkoma	5.234	1.775	Atvinnuleysi - október	2,7	2,8



2. desember 2004

Skatthlutfallið hækkar með hækkingu tekjum

Það fyrirkomulag sem er á álagningu tekjuskatts hér á landi byggir á því að veittur er persónuafsláttur af skatti áður en kemur til skattgreiðslu og leiðir það til þess að skatthlutfallið fer stöðugt vaxandi eftir því sem tekjur hækka. Þetta má sjá í meðfylgjandi töflu en hún sýnir tekjuskatt sem hlutfall af tekjum á mánuði eins og skattur verður lagður á í ár annars vegar og árið 2007 þegar allar breytingar á skattakerfinu sem nú eru áformaðar hafa komið til framkvæmda hins vegar sá sem hefur 100 þúsund krónur í laun á mánuði greiðir í dag 9,5% af tekjum í skatt þegar tekið hefur verið tillit til

Tekjuskattshlutfall eftir tekjum

Mánaðartekjur, þúsund	2004	2007
100	9,5%	3,5%
150	18,7%	13,4%
200	23,3%	18,4%
250	26,0%	21,3%
300	27,9%	23,3%
350	29,1%	24,7%
400	30,7%	25,8%
450	31,9%	26,6%
500	32,9%	27,3%

lágmarksframlags launamanns í lífeyrissjóð. Hlutfallið getur lækkað í 8% ef viðkomandi greiðir hámarks-hlutfall launa í séreignar-lífeyrissjóð. Eftir því sem mánaðartekjur hækka hækkar hlutfall tekjuskatts af launum og er komið í rétt tæpan þriðjung ef þær eru 500 þúsund á mánuði. Skattalækkningar sem nú eru áformaðar lækka það hlutfall af tekjum sem greiða þarf í skatta en þær breyta ekki megineðli skattkerfisins: eftir

því sem tekjur eru hærri þeim mun hærra hlutfall af tekjum greiðir viðkomandi í skatta. Skattkerfið er því í raun margþrepa kerfi með óendanlega mörgum þrepum, enda þótt skatthlutfallið sé einungis eitt.

Mikill innflutningur í nóvember

Innflutningur í nóvember samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts nam um 21 milljarði króna, án skipa og flugvéla. Ef þetta reynist rétt er nóvember með mestu innflutningsmánuðum ársins. Undanfarin ár hefur innflutningur í nóvember verið minni en í október en samkvæmt þessum tölum er um 5% aukningu að ræða milli mánaða og innflutningur er þriðjungur meiri nú en í nóvember í fyrra borið saman á raunverði. Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum má gera ráð fyrir að innflutningur til nóvemberloka hafi verið 17% meiri en á sama tíma í fyrra reiknað á föstu verði og án skipa og flugvéla.

Meginskýringar aukins verðmætis innflutnings er að finna í liðunum innflutt flutningatæki, innfluttar hrá- og rekstrarvörur og innflutt eldsneyti. Eldsneytis-verð hefur hækkað um fimmtung fyrstu tíu mánuði ársins sem skýrir hluta af verðmætaukningunni, en magnaukning þessa mánuði er um 10%. Ef neyslu-tengdar vörur eru skoðaðar sérstaklega virðast þær skýra um 10-12% af verðmætaukningu innflutnings til nóvemberloka. Innflutningur bifreiða hefur aukist um 30% að verðmæti og skýrir um 5% aukningarinnar. Aðrar neysluvörur eins og heimilistæki, fatnaður, lyf og tóbak skýra um 4% en einnig hefur innflutningur matvara aukist. Þetta er vísbending um að einkaneysla sé nokkru meiri en spáð var í síðustu þjóðhagsspá.


Þegar verið er að skoða bráðabirgðatölur um innflutning hér í vefritinu er yfirleitt verið að skoða og bera saman tölur án innflutnings skipa og flugvéla. Fyrirliggjandi tölur um innflutning til októberloka sýna 4 milljarða króna meiri innflutning flugvéla en á sama tímabili í fyrra en aftur á móti tæplega 2 milljarða króna minni innflutning skipa. Samkvæmt fréttum hafa nú tvö ný skip bæst í flota landsmanna, nýtt fjölveiðiskip kom til Húsavíkur í lok nóvember og nýtt uppsjávarveiðiskip kom til Grindavíkur í gær.

Vöruskiptajöfnuður fyrstu tíu mánuði ársins var neikvæður um 32 milljarða króna. Í síðustu þjóðhagsspá í september var gert ráð fyrir tæplega 40 milljarða króna halla á vöruskiptum árið 2004 og lítur út fyrir að sú spá muni ræstast. Útflutningur sjávarafurða í nóvember verður sennilega með meira móti en góð aflabroð hafa verið hjá frystiskipum t.d. hjá Granda og í nóvember eru síðustu forvöð að senda út saltfisk fyrir jólin. Ef gert er ráð fyrir nokkru meiri sjávarafurðaútflutningi í nóvember en október má leiða líkum að því að útflutningur í nóvember gæti orðið um 18 milljarðar króna. Vöruskiptahallinn í nóvember yrði þá um 3½ milljarðar króna, án skipa og flugvéla.

Stuðningur við landbúnaðarframleiðslu hefur aukist

Framlög ríkisins til landbúnaðarframleiðslu hafa aukist nokkuð að raungildi að undanfögnu og munu halda áfram að gera það í samræmi við samninga sem gerðir hafa verið við framleiðendur. Þróunin er þó mismunandi eftir greinum. Útgjöld til mjólkurframleiðslu hafa vaxið um 2,4% að jafnaði á ári á föstu verðlagi undanfarin tíu ár. Mjólkurbændum hefur fækkað að meðaltali um 5% á ári undanfarin ár. Útgjöld ríkisins eru 47,1% af grundvallarverði mjólkur sem endurspeglar á framleiðslukostnað hvers lítra. Heildarkostnaður miðast við greiðslumark á ári sem ræðst af neyslu innanlands. Greiðslumarkíð hefur aukist að meðaltali um 1% á ári sem er í samræmi við fólksfjölgun. Beinar greiðslur úr ríkissjóði til mjólkurbænda í frumvarpi til fjárlaga árið 2005 eru 4.152 m.kr. eða sem nemur um 4,5 m.kr. að meðaltali fyrir hvert mjólkurbú.

Niðurgreiðslur á búvörum á föstu verðlagi



Útgjöld til sauðfjárrframleiðslu hafa lækkað um 1,1% að jafnaði á ári á föstu verðlagi undanfarin tíu ár. Stærsti hluti niðurgreiðslu ríkisins eru beinar greiðslur til bænda sem miðast við ærgildi, er það samsvarandi 18,2 kg kjóts þegar vegið er inn í sláturhús. Beingreiðsluupphæðin miðast í dag við um 358.000 ærgildi eða um 6.500 tonn af kjóti þegar búið er að taka tillit til uppkaupa og byggðaverkefna. Framleiðslan er hins vegar meiri og fer það sem umfram er til útflutnings en hann nýtur ekki beins stuðnings ríkisins. Sauðfjárbúum hefur fækkað um fjórðung frá 1994 en þau framleiða 4 tonn af kjóti að meðaltali. Stuðningur ríkissjóðs á hvert kíló af kindakjóti sem selt er innanlands nam 454 kr. árið 2003 og hefur hækkað að raunverði um 14% á 10 árum. Árið 2005 eru útgjöld ríkissjóðs vegna sauðfjárræktar áætluð 2.390 m.kr. eða sem nemur 1,1 m.kr. fyrir hvert sauðfjárbú að meðaltali.

Stuðningur ríkissjóðs við grænmetisframleiðendur er áætlaður tæpar 300 m.kr. árið 2005 en hann var fyrst tekinn upp árið 2002.

Tekjur ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	6,5	15,4
Skattar á tekjur og hagnað	2,2	20,4
Tryggingagjöld	10,1	10,1
Eignarskattar	-15,8	21,6
Veltuskattar	10,4	13,4
Tekjur alls	11,5	7,4

Gjöld ríkissjóðs jan-september		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	-0,7	9,2
Félagsmál	11,7	10,0
Atvinnumál	5,2	12,4
Vaxtagjöld	-24,1	-7,4
Önnur útgjöld	13,2	0,8
Gjöld alls	6,2	8,7

Afkoma ríkissjóðs jan-september		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-21.312	-10.405
Hr. lánsfjárfjöfnuður	-1.110	-2.436
Afborgun lána	-19.498	-30.843
Br. lánsfjárfjöfnuður	-26.233	-38.904
Lántökur	31.467	40.679
Greiðsluafkoma	5.234	1.775

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - nóvember	2,5	3,8
Kjarnaverðb.Í - nóvember	3,1	3,3
Launavísitala - október	5,5	5,3
Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Atvinnuleysi - október	2,7	2,8



9. desember 2004

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - október 2004

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Við samanburð á afkomu ríkissjóðs fyrri ára verður að hafa í huga að mánaðaruppgjörð er nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomuýfirlits verið færð nær almennum sjóðstreymisýfirlitum. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærri og því ekki samanburðarhæf við fyrri ár. Skatttekjur ríkisins eru hins vegar gerðar upp með sambærilegum hætti og áður.

Samkvæmt októberuppgjöri reyndist handbært fé frá rekstri neikvætt um 2,8 milljarða króna sem er 16,3 milljörðum betri staða en á sama tíma í fyrra. Áætlun gerði ráð fyrir um 13,9 milljarða króna lakari stöðu. Skýringin er sú að tekjur hækka um 12,7 milljarða umfram hækkanum gjalda. Hreyfingar á viðskiptareikningum reyndust 1,1 milljarði hagstæðari en gert var ráð fyrir.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 228,7 milljörðum króna á fyrstu tíu mánuðum ársins og hækkuðu um 17,2 milljarða frá sama tíma í fyrra eða um 8,1%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs 212,7 milljörðum króna og aðrar rekstrartekjur 15,7 milljörðum króna. Hækkun skatttekna frá fyrra ári nam 14,9% sem jafngildir 11,6% raunhækkun. Skattar á tekjur og hagnað námu 66,9 milljörðum króna og hækkuðu um 11 milljarða frá sama tíma í fyrra. Þar af hækkaði tekjuskattur einstaklinga um 5,5 milljarða, tekjuskattur lögaðila um 4,2 milljarða og fjármagnstekjuskattur um 1,3 milljarða króna. Innheimta tryggingagjalda nam 22,7 milljörðum króna sem er 10,3% aukning frá sama tíma í fyrra. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,5% á þessu tímabili og almennt verðlag um 3%. Innheimta eignaskatta jókst einnig frá síðasta ári eða um 25,9% sem jafngildir 22,2% raunhækkun. Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti jukust um 8,8 milljarða króna frá sama tíma í fyrra sem jafngildir 9,7% raunhækkun. Innheimta annarra skatta á vöru og þjónustu jókst einnig eða um 8,6% að raungildi. Þetta endurspeglar áframhaldandi aukin umsvif í efnahagslífinu, einkum í neyslu-útgjöldum heimilanna.

Útgreiðslur fyrstu tíu mánuði ársins nema 233,3 milljörðum króna og hækka um 14,6 milljarða milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkunin um 9,6 milljörðum króna, eða rúmlega 4%. Hækkun milli ára kemur að langmestu leiti fram í félagsmálum, eða 11,6 milljarðar. Undir þann málaflokk falla nær 2/3 hlutar af öllum útgjöldum ríkisins. Þannig hækka greiðslur til heilbrigðismála um 4,1 milljarð, hækkan almenntrygginga nemur 2,7 milljörðum og 2,3 milljarðar eru vegna fræðslumála. Hækkun til atvinnumála, 2,5 milljarðar króna skýrist að mestu leiti af hækkanum framlaga til vegagerðar. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 1 milljarð milli ára. Í heild eru greiðslurnar 1,5 milljörðum umfram áætlun fjárlaga að viðbættum fluttum fjárheimildum frá árinu 2003. Þar vegur þýngst að greiðslur til almenntrygginga eru 3,4 milljörðum umfram áætlun. Greiðslur til heilbrigðismála eru 1,6 milljörðum umfram áætlun fjárlaga. Útgjöld til samgöngumála eru 2,1 milljarði innan áætlunar þegar ónýttum heimildum fyrra árs er bætt við fjárlagaáætlun. Önnur frávik eru minni.

Fjárlög fyrir árið 2005 afgreidd á Alþingi

Fjárlög fyrir árið 2005 voru afgreidd á Alþingi 4. desember sl. Er ástæða til að vekja athygli á að vinnubrögð Alþingis og fjárlaganefndar eru nú mun markvissari en var fyrir nokkrum árum. Áður voru fjárlög afgreidd mun seinna í desember, gjarnan rétt fyrir jól og undir miklum þrýstingi og tilheyrandi næturfundum í nefndum. Má segja að bylting hafi orðið í vinnu við frumvarpið þar sem allar nauðsynlegar breytingar á tekjum og gjöldum komu við 2. umr. og engar breytingar voru gerðar á frumvarpinu við 3. umr. Frumvarpið lá því fyrir Alþingi fyrir umræðuna eins og það varð að lögum. Er það annað árið í röð sem frumvarpið er afgreitt með þessum hætti og má þakka það öguðu starfi Alþingis og fjárlaganefndar þar sem allar tímaáætlanir stóðust. Samstarf fjárlaganefndar og fjármálaráðuneytisins hefur einnig verið með

ágætum sem fyrir. Þá hefur flýtt fyrir að nú eru þjóðhagsforsendur fjárlaga byggðar á spám fjármálaráðuneytisins. Þannig er ekki lengur gert ráð fyrir að þjóðhagsforsendur frumvarpsins verði endurskoðaðar, frá því að frumvarpið var lagt fram í október til afgreiðslunnar í desember, nema það miklar breytingar verði í efnahagsmálum að kalli sérstaklega á endurskoðun. Ávinningurinn af því að frumvarpið er afgreitt fyrir en áður og að ekki eru gerðar breytingar við 3. umr. er: Í fyrsta lagi hafa þingmenn frumvarpið fyrir sér í endanlegri mynd fyrir lokaumræðu og umfjöllun verður því um heildarniðstöðu, stefnumörkun og efnahagslega þýðingu ríkisfjármálastefnunnar. Í öðru lagi getur stjórnarsýslan fyrir brugðist við ákvörðunum í fjárlögum og hafist handa við að gera rekstraráætlanir tímanlega. Í þriðja lagi kemst meiri festa í stjórn ríkisfjármála þar sem útgjaldamarkmið áttu til að slakna á síðari stigum áður fyrir.

Fjárlög fyrir árið 2005 voru afgreidd með 10 milljarða króna tekjuafgangi og er lánsfjárafangur ríkissjóðs einnig áætlaður 10 milljarðar. Fyrirhugað er að ráðstafa honum til að bæta stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um 4 milljarða, greiða niður skuldir fyrir tæplega 4 milljarða og bæta stöðuna við Seðlabanka Íslands um rúmlega 2 milljarða króna.

Efnahagsspá OECD

Samkvæmt nýbirtri efnahagsspá OECD hefur hægt á hagvexti í heiminum að undanförunu, meðal annars vegna áhrifa herra olíuverðs. Hagvaxtarspá OECD er örlítið lægri en spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í september en mestur er munurinn á spám fyrir evrusvæðið og Japan en lítil breyting á spá fyrir Bandaríkin.

	Hagvöxtur			Verðbólga			Atvinnuleysi		
	2004	2005	2006	2004	2005	2006	2004	2005	2006
Evrusvæði	1,8	1,9	2,5	1,9	1,7	1,8	8,8	8,6	8,3
Bandaríkin	4,4	3,3	3,6	2,0	1,8	1,7	5,5	5,3	5,1
Japan	4,0	2,1	2,3	-2,3	-1,3	-0,3	4,8	4,5	4,2
Ísland	5,9	5,2	4,8	3,1	3,9	3,9	3,1	2,9	2,6

Í spá OECD kemur fram að hækkan olíuverðs hafi haft töluverð áhrif á væntingar neytenda og fyrirtækjastjórnenda enda mikið fjallað um þróun á olíumörkuðum í fjölmiðlum. Það hafi hins vegar sýnt sig að olíuverð hafi ekki nærri því eins mikil áhrif á hagvöxt og það gerði áður og að það hafi ekki haft áhrif á kjarnaverðbólgu.

Hagfræðingar OECD telja aðaláhættuþáttinn í spánni vera þróun olíuverðs en ef það helst hátt áfram eða hækkar enn frekar gæti það haft meiri áhrif á hagvöxt, verðbólgu og atvinnuleysi en spálögn OECD sýna. Meðal annarra áhættuþátta er halli á ríkisfjármálum víða og viðvarandi viðskiptahalli í Bandaríkjunum.

Efnahagsspá OECD fyrir Ísland hefur verið hækkuð og er nú gert ráð fyrir 5,9% hagvexti hér á landi í ár, 5,2% á næsta ári og 4,8% árið 2006. Þetta er meiri hagvöxtur en gert er ráð fyrir í síðustu spá fjármálaráðuneytisins sem hljóðar upp á 5½% hagvöxt í ár, 5% á næsta ári og 4½% árið 2006.

Hagfræðingar OECD áætla að verðbólga hér á landi verði 3,9% næstu tvö árin og að hún muni á einhverju tímabili fara yfir 4% þölmörk Seðlabankans. Einnig er gert ráð fyrir að viðskiptahalli geti nálgast 12% af VLF. Áréttað er að þörf sé á umtalsverðum vaxtahækkunum til að sporna við ofpenslu og að gæta þurfi aðhalds í ríkisfjármálum. Tímasetning skattalækkana er ekki góð að mati OECD og betra hefði verið að fresta þeim. Helstu áhættuþættir í spánni eru taldir ónógt aðhald í ríkisfjármálum og að verðbólga og launahækkunar fari úr böndunum.

Tekjur ríkissjóðs jan-október			Gjöld ríkissjóðs jan-október			Afkoma ríkissjóðs jan-október			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	M.kr.	2003	2004	12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Skatttekjur alls	6,3	14,9	Almenn mál	2,2	7,2	Handbært fé frá rekstri	-19.139	-2.848	Verðbólga - nóvember	2,5	3,8
Skattar á tekjur og hagnað	2,5	19,8	Félagsmál	12,7	8,3	Hr. lánsfjárfönuður	1.475	6.425	Kjarnaverðb. I - nóvember	3,1	3,3
Tryggingagjöld	10,4	10,3	Atvinnumál	10,1	7,4	Afborgun lána	-30.654	-30.856	Launavísitala - október	5,5	5,3
Eignarskattar	-15,9	25,9	Vaxtagjöld	-24,0	-8,0	Br. lánsfjárfönuður	-35.429	-30.680	Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Veltuskattar	9,8	12,6	Önnur útgjöld	15,6	-0,6	Lántökur	27.439	30.408	Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Tekjur alls	10,8	8,1	Gjöld alls	8,2	6,7	Greiðsluafkoma	-7.989	-272	Atvinnuleysi - október	2,7	2,8




16. desember 2004

Opinber útgjöld til þróunarmála

Veruleg aukning hefur orðið á opinberum framlögum til þróunarmála á síðustu árum. Framlög á verðlagi hvers árs hafa nær þrefaldast á fimm árum, eða úr 583 m.kr. árið 1999 í 1.644 m.kr. árið 2004. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 verða framlög til þróunarmála 2.029 m.kr. Framlög til þróunarsamvinnu eru reiknuð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF). Viðmið alþjóðasamfélagsins, sem samþykkt var af allsherjarþingi S.þ. árið 1970, gerir ráð fyrir að ríkar þjóðir leggi 0,7% af VLF til þróunarmála. Framlag Íslands, mælt sem hlutfall af VLF, hefur hækkað úr 0,09% árið 1999 í 0,19% árið 2004. Þetta hlutfall fer upp í 0,21% á næsta ári.

Opinber útgjöld til þróunarmála og hlutfall af vergri landsframleiðslu



Erfitt er að meta árangur einstakra framlaga til marghliða þróunarsamvinnu þar sem margar stofnanir og þjóðir vinna saman. Ein leið er þó að skoða þær upplýsingar sem alþjóðastofnanir hafa um efnahags- og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum.

Í einstökum löndum hefur náðst verulegur árangur. Úganda, sem er eitt af samstarfslöndum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, hefur náð góðum árangri í baráttunni við fátækt en samkvæmt rannsókn sem gerð var á fimm ára tímabili á tíunda áratug síðustu aldar lækkaði hlutfall fátækra í landinu um sem nemur 2,4% á ári. Er talið að um þriðjung þessa árangurs, eða 0,7% lækkuðu fátæktar á ári, megi þakka aðstoð þróunarstofnana.

Elsti skatturinn afnuminn

Í síðustu viku samþykkti Alþingi lög sem marka að mörgu leyti tímamót í skattasögu Íslendinga. Með lögum um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt var ákveðið að frá og með 31. desember 2005 falli eignarskattur bæði einstaklinga og lögaðila niður, þannig að síðasta álagning eignarskatts mun eiga sér stað á árinu 2005 vegna eigna í árslok 2004. Með þessu verður afnuminn sá skattur sem lengst hefur verið við lýði hér á landi, en eignarskattur var fyrst skatttegunda tekin upp árið 1096/97, þegar tíundarstatútata Gissurar biskups Ísleifssonar var lögfest. Undirstaða íslensku tíundarinnar var eignin. Sá, sem átti eitt hundrað (=120) sex álna aura, skyldi greiða 6 álnir, eða 1% á ári. Tíundarskyldir voru allir, konur jafnt sem karlar 16 ára og eldri, sem áttu skuldlaust tiltekna eign. Tíundin skiptist í fjóra hluta og var einn hluti ætlaður fátækingum, annar biskupi, þriðji kirkju og fjórði prestum. Árið 1556 yfirtók konungur biskupstíundina, en það var ekki fyrir en eftir að Íslendingar fengu stjórnarskrá 1874 og löggjafarvald í eigin fjár-

málum, að konungstíundin var afnumin með lögum frá árinu 1877. Það ár voru lögfest lög um húsaskatt, sem giltu fram til ársins 1921, þegar fyrstu almenn lög um tekjuskatt og eignarskatt voru lögfest sem allt fram til dagsins í dag hafa haft að geyma ákvæði um eignarskatt. Þess má geta að þeir hlutar tíundarinnar sem runnu til kirkjunnar og presta voru ekki afnumdir fyrir en árið 1909 og fátækra tíundin ekki fyrir en árið 1914. Með afnámi eignarskattsins er því ljóst að stigið verður merkilegt skref í sögu skatta hér á landi.

Frumvörp flutt af fjármálaráðherra og lögfest á haustþingi

Fjármálaráðherra flutti 12 frumvörp á haustþingi 2004 sem urðu að lögum fyrir júl. Auk fjárlaga 2005 og fjárukalaga 2004 eru þau sem hér segir:

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, nr. 26/1976, eru felld úr gildi. Um er að ræða lagahreinsun þar sem nýr samningur um Norræna fjárfestingabankann hefur verið gerður og fór fullgilding hans fram á grundvelli laga nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.

Breytingu á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda nr. 155/1998. Tilnefningu stjórnarmanna er breytt og innheimtuþóknun vegna ógreiddra iðgjalda sem sjóðurinn innheimtir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda er hækkuð úr 2% í 4%.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða. Lífeyrisjóðum verður heimilt að fjárfesta í tilteknum eignaflokkum, einkum í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, þótt þeir hafi ekki skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

Breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna skulu húseigendur áfram greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árunum 2005 og 2006. Skjal gjald þetta nema 0,1% (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar, eins og verið hefur.

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Tekjuskattur lækkaður um 1% á hvoru árinu 2005 og 2006 og um 2% 2007. Eignarskattur felldur niður frá 2006. Barnabætur hækkaðar svo og persónuafsláttur.

Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar, sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, er framlengd frá 31. desember 2004 til 30. júní 2005.

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Ýmis gjöld sem lögð eru á samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs eru hækkuð um 10%. Flest þessara gjalda hafa verið óbreytt á krónutölu frá 1997.

Lög nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna eru felld úr gildi frá n.k. áramótum. Sjóðurinn fellur framvegis undir lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Lög um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjaldið hækkar um 3,5%, en það hafði staðið óbreytt frá því í ársbyrjun 2002.

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af afengi og tóbaki. Áfengisgjald af sterku víni og tóbaksgjald hækkar um 7% til samræmis við almennar verðlagsbreytingar frá því gjöldin voru síðast hækkuð í nóvember 2002. Áfengisgjald af léttum vínunum og bjór helst hins vegar óbreytt.

Tekjur ríkissjóðs jan-október		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	6,3	14,9
Skattar á tekjur og hagnað	2,5	19,8
Tryggingagjöld	10,4	10,3
Eignarskattar	-15,9	25,9
Veltuskattar	9,8	12,6
Tekjur alls	10,8	8,1

Gjöld ríkissjóðs jan-október		
	2002-2003	2003-2004
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	2,2	7,2
Félagsmál	12,7	8,3
Atvinnumál	10,1	7,4
Vaxtagjöld	-24,0	-8,0
Önnur útgjöld	15,6	-0,6
Gjöld alls	8,2	6,7

Afkoma ríkissjóðs jan-október		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-19.139	-2.848
Hr. lánsfjárfjöfnuður	1.475	6.425
Afborgun lána	-30.654	-30.856
Br. lánsfjárfjöfnuður	-35.429	-30.680
Lántökur	27.439	30.408
Greiðsluafkoma	-7.989	-272

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - desember	2,7	3,9
Kjarnaverðb. I - desember	3,0	3,5
Launavísitala - október	5,5	5,3
Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Smá. velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Atvinnuleysi - nóvember	3,0	2,6




23. desember 2004

Verðbólga og vaxtahækkun

Meira en helming verðbólgu á þessu ári er hægt að skrifa á tvo höfuðþætti, hækkun húsnæðisverðs og olíuverðs. Til nóvemberloka hækkaði vísitala neysliverðs um 3,8%, en þar af skýrast 1,3% af húsnæði og 0,6% af hækkun bensins. Aðrar hækkanir hafa verið minni. Þjónusta á almennum markaði hækkaði um 2,3% yfir árið til nóvember en opinber þjónusta um 5%. Innflutt vara, fyrir utan bensin, áfengi og tóbak, hækkaði um 0,5-1% þrátt fyrir um 4% gengishækkun á þessu tímabili. Hækkun gengis skilar sér því ekki að fullu inn í vöruverð sem getur bent til þess að álagning innflytjenda hækki á gengishækkunartíma. Í gengislækkunarsveiflunni 2001 hækkaði innflutningsverðlag ekki í takt við lækkun krónunnar sem bendir til að seljendur erlendra vara taki á sig gengissveifluna að hluta. Aðstæður á markaði ráða ávallt miklu um verðmyndun.

Neysliverðsvísitala eftir eðli og uppruna



Stýrivaxtahækkun Seðlabankans á dögnum hefur í fyrstu valdið hækkandi gengi sem haldið getur aftur af verðlagi innfluttrar vöru. Þá hefur vaxtahækkunin haft skýr áhrif á óverðtrygðna vexti. Þrátt fyrir það er ólíklegt að vaxtahækkunin slái á útlánaþenslu þegar í stað, þótt reynslan úr fyrri vaxta- uppsveiflu bendi til að hún muni gera það síðar.

Stýrivextir hafa engin áhrif á erlent eldsneytisverð. Gera má ráð fyrir að húsnæðisverð haldi eitthvað áfram að hækka fram eftir næsta ári, meðan áhrif af markaðssetningu nýrra húsnæðislána eru að koma að fullu fram. Þá verður að telja líklegt að innlend eftirspurn kyndi undir hækkunum á innlendi þjónustu. Einnig er ástæða til að fylgjast vandlega með spurn eftir byggingarþjónustu, verktaðilboðum og skyldri starfsemi sem neysluvísitalan endurspeglar ekki vel. Spurn eftir þessari starfsemi sveiflast gjarna upp á við á tímum eftirspurnarþenslu og þar getur verið að finna ein fyrstu merki vaxandi verðbólgu. Aftur á móti ber að hafa í huga að við búum við sveigjanlegan vinnuþætti og horfur eru á vaxandi framleiðni sem hvort tveggja ætti að vinna gegn verðbólguþrýstingi.

Um afkomu ríkissjóðs 2004

Að undanförunu hefur verið unnið að undirbúningi á gerð ársfjórðungslegra uppgjöra á afkomu ríkissjóðs á rekstrargrunni. Í því skyni hefur Fjárfélag ríkisins tekið saman bráðabirgðauppgjör, sem Hagstofan notar til að birta upplýsingar um afkomu hins opinbera, í samræmi við alþjóðlega venju. Nú síðast var birt uppgjör vegna 3. ársfjórðungs 2004. Í þeim tölum kemur fram 5 milljarða króna halli á ríkissjóði sem hefur verið túlkaður á þann veg að áætlun ráðuneytis um tæplega 7 milljarða rekstrarafgang á árinu sé óraunhæf.

Bent skal á að einfaldur framreikningur á gjalda- og tekjutölum fyrstu 9 mánaða ársins gefur ekki rétta mynd af afkomu ársins í heild, heldur þarf að taka tillit til þess hvernig tekjur og gjöld falla til innan þess. Þannig vege tekjur síðasta ársfjórðungs hlutfallslega þyngra í heildartekjum ársins heldur en fyrri ársfjórðungar. Munar þar mestu um álagðan virðisaukaskatt í október og desember.

Þegar lítið er á gjöld ríkissjóðs þá falla þau til með öðrum hætti en tekjur. Þannig eru gjöldin hlutfallslega þyngrri um miðbik ársins heldur en bæði í upphafi og lok árs. Munar þar mestu um að framkvæmdir falla að stærstum hluta til á sumrin.

Upplýsingar í yfirliti Hagstofunnar gefa því ekki tilefni til þess að endurskoða áætlanir um afkomu ársins. Að sjálfsögðu geta orðið frávik bæði tekna og gjaldamegin enda er velta A- hluta ríkissjóðs að nálgast 300 milljarða króna þannig að ekki er óeðlilegt að einhver frávik verði í báðar áttir. Nefna má að eftir að fjármálaráðuneytið birti spá um afkomu ársins hafa verið gerðir kjarasamningar við kennara og áhrif þeirra á gjaldfærslu lífeyrisskuld-bindinga liggja ekki fyrir.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Ráðuneytið vill vekja athygli á því að þýðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla í tengslum við innleiðingu reglugerðar ESB nr. 1606/2002, er lokið. Um er að ræða viðamikil verk sem Reikningsskilaráð hefur haft yfirumsjón með í samstarfi við Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins og fjölda sérfræðinga. Um er að ræða 32 staðla og 28 tülkanir sem eiga að gilda frá og með 1. janúar 2005. Frumvarp um breytingar á ársreikningslögum sem innleiðir framangreinda reglugerð liggur fyrir og býður framlagnir á Alþingi. Unnt verður að nálgast [staðlana](#) á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.



Margt smátt gerir eitt stórt

Eitt af því sem einkennir jólasíði Íslendinga er að hér á landi fá börn gjafir í skóinn frá hverjum hinna 13 jólasveina sem við erum svo heppin að eiga. Sumir – í öllu falli þeir sem taka við gjöfum frá jólasveinum – velta því stundum fyrir sér hvaðan þessar gjafir koma og hverjir búa þær til. Ljóst er að umfangið er töluvert. Við gefum okkur að almennt fái börn á aldrinum til 14 ára heimsókn frá jólasveinum. Þau eru um 65.000. Ætla má að um 95% þessara barna fái í skóinn ef þeir einir fá sem halda jól. Fjármálaráðuneytið lætur öðrum eftir að reikna hversu mikinn tíma þarf til dreifingarinnar en hefur hins vegar velt verðmætunum fyrir sér. Gerð hefur verið athugun á áætluðu verðmæti skógjafanna sem bendir til þess að meðaltalið sé nálægt 250 krónum. Að visu þekktist það að Kertasníkir sé gjafmildari en aðrir jólasveinar og jafnvel að hann sinni stærri markaði en bræður hans. Þótt ekki sé tekið tillit til þess er áætlað verðmæti skógjafanna ríflega 15 m.kr. hjá hverjum jólasveinanna eða um 200 m. kr. samtals. Í þessu mati hefur ekki verið tekið tillit til þess hluta barna sem fær kartöflu í skóinn en þær eru að sjálfsögðu ódýrari en annað þangað fer. Ráðuneytið hefur ekki haft nein tók á því að kanna hvernig jólasveinarnir afla tekna til þeirra gjafa sem þeir ekki framleidda sjálfir. Vitað er að þeir hafa ekki gert yfirvöldum grein fyrir þeirri starfsemi sem þeir hafa undir höndum og ekki er vitað hvar hún er niður komin. Þeir hafa a.m.k ekki enn séð ástæðu til að koma rekstri sínum yfir á einkahlutafélagsform sem gæti gert upplýsingaöflun auðveldari. Þótt jólasveinarnir séu flakkarar eru þeir í öllu falli ekki kennitöluflakkarar.

Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Vefritið kemur næst út á þrettándanum.

Tekjur ríkissjóðs jan-október			Gjöld ríkissjóðs jan-október			Afkoma ríkissjóðs jan-október			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004	M.kr.	2003	2004	12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Skatttekjur alls	6,3	14,9	Almenn mál	2,2	7,2	Handbært fé frá rekstri	-19.139	-2.848	Verðbólga - desember	2,7	3,9
Skattar á tekjur og hagnað	2,5	19,8	Félagsmál	12,7	8,3	Hr. lánsfjárfjórðunur	1.475	6.425	Kjarnaverðb.1- desember	3,0	3,5
Tryggingagjöld	10,4	10,3	Atvinnumál	10,1	7,4	Afborgun lána	-30.654	-30.856	Launavísitala - nóvember	5,5	5,4
Eignarskattar	-15,9	25,9	Vaxtagjöld	-24,0	-8,0	Br. lánsfjárfjórðunur	-35.429	-30.680	Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Veltuskattar	9,8	12,6	Ónnur útgjöld	15,6	-0,6	Lántökur	27.439	30.408	Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Tekjur alls	10,8	8,1	Gjöld alls	8,2	6,7	Greiðsluafkoma	-7.989	-272	Atvinnuleysi - nóvember	3,0	2,6

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

